

FRÍVERSLUNARSAMNINGUR

MILLI

ÍSLANDS,
FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS OG
KONUNGRÍKISINS NOREGS

OG

SAMEINÆÐA KONUNGRÍKISINS STÓRA-
BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS

INNGANGSORÐ

Ísland, Furstadæmið Liechtenstein og Konungsríkið Noregur (EFTA-ríkin innan EES),

og

Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland (Bretland),

hér á eftir nefnd, hvert og eitt, „samningsaðili“ eða sameiginlega „samningsaðilar“,

SEM ÁRÉTTA sögulegt og náið samstarf milli samningsaðilanna og sameiginlega ósk um að vernda þessi tengsl,

SEM VILJA skapa hagstæð skilyrði fyrir þróun og fjölbreytni í viðskiptum sín á milli og aukna samvinnu, bæði viðskiptalega og efnahagslega, á sviðum þar sem þau eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, á grundvelli jafnréttis, gagnkvæms ávinnings, jafnræðis og þjóðaréttar,

SEM ERU STAÐRÁÐIN í að stuðla að og styrkja enn frekar marghliða viðskiptakerfi, á grundvelli réttinda og skyldna hvers þeirra um sig samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina) og öðrum samningum sem gerðir hafa verið á grundvelli hans og stuðla þar með að samstilltri þróun og eflingu heimsviðskipta,

SEM ÁRÉTTA þá skuldbindingu sína að styðja við lýðræði, réttarreglur, mannréttindi og mannfrelsi í samræmi við skuldbindingar sínar að þjóðarétti, m.a. eins og fram kemur í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindayfirlýsingunni,

SEM STEFNA AÐ ÞVÍ að stuðla að hagvexti fyrir alla, skapa ný atvinnutækifæri, bæta lífskjör, tryggja öllum jöfn tækifæri og tryggja öfluga lýðheilsu og vernd heilsu og öryggis og umhverfisvernd,

SEM ÁRÉTTA þá skuldbindingu sína að stefna að markmiðinu um sjálfbæra þróun og gera sér grein fyrir mikilvægi samræmdra stefna á sviði viðskipta, umhverfis og atvinnu sem styðja hver aðra með gagnkvæmum hætti í þessu tilliti,

SEM MINNAST virðingar sinnar fyrir grundvallarreglum og -réttindum við vinnu, m.a. grundvallarreglum sem settar eru fram í viðeigandi samþykktum Alþjóðavinnuárástofnunarinnar sem þau eiga aðild að,

SEM ERU STAÐRÁÐIN í að beita samningi þessum með það markmið að leiðarljósi að varðveita og vernda umhverfið og berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra, í samræmi við skuldbindingar hvers samningsaðila samkvæmt marghliða samningum um umhverfismál,

SEM GERA SÉR GREIN FYRIR mikilvægi þess að tryggja viðskiptasamfélögum samningsaðilanna fyrirsjáanleika með því að koma á

lagaramma til að styrkja viðskiptasamband þeirra,

SEM STAÐFESTA þá skuldbindingu sína að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu í alþjóðaviðskiptum og fjárfestingum og halda á lofti meginreglunum um gagnsæi og góða opinbera stjórnunarhætti,

SEM GERA SÉR GREIN FYRIR mikilvægi góðra stjórnunarháttanna fyrirtækja og ábyrgra viðskiptahátta að því er varðar sjálfbæra þróun og sem staðfesta það markmið sitt að hvetja fyrirtæki til að virða alþjóðlega viðurkenndar viðmiðunar- og meginreglur í þessu tilliti, t.d. viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) fyrir fjölþjóðafyrirtæki, meginreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar um stjórnunarhætti fyrirtækja og hnattrænt samkomulag SP um siðferði og ábyrgð í viðskiptum,

SEM VIÐURKENNA sjálfsstjórn samningsaðilanna og rétt þeirra til reglusetningar til að ná fram lögmætum markmiðum sínum á sviði opinberrar stefnu,

SEM TELJA að með því að skapa skýran og öruggan ramma um viðskipti og fjárfestingar með reglum um viðskipti og fjárfestingar milli samningsaðilanna, sem þeir hafa gagnkvæman hag af, megi auka samkeppnishæfni hagkerfa þeirra, gera markaði þeirra skilvirkari og öflugri og tryggja fyrirsjáanlegt viðskiptaumhverfi fyrir frekari aukningu viðskipta og fjárfestinga þeirra á milli,

HAFNA ÁKVEÐIÐ, í því skyni að fylgja framangreindu eftir, að gera með sér eftirfarandi fríverslunarsamning (samningurinn):

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

GR. 1.1

Markmið.

1. Samningsaðilarnir koma hér með á fót fríverslunarsvæði í samræmi við ákvæði þessa samnings, sem byggist á viðskiptatengslum milli markaðshagkerfa og virðingu fyrir meginreglum lýðræðis og réttarríkinu og virðingu fyrir mannréttindum, í því augnamiði að auka hagsæld og örva sjálfbæra þróun.
2. Markmiðin með samningi þessum eru:
 - (a) að greiða fyrir og koma á frelsi í vöruviðskiptum í samræmi við XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994,
 - (b) að koma á frelsi í þjónustuviðskiptum í samræmi við V. gr. hins almenna samnings um þjónustuviðskipti,
 - (c) að efla með gagnkvæmum hætti fjárfestingartækifæri,
 - (d) að koma í veg fyrir, afnema eða draga úr ónauðsynlegum tæknilegum viðskiptahindrunum,
 - (e) að vernda líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna ásamt því að greiða fyrir viðskiptum og tryggja að ráðstafanir samningsaðilanna á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna skapi ekki ónauðsynlegar viðskiptahindranir,
 - (f) að stuðla að opinni og sanngjarnri samkeppni í atvinnulífi, einkum þar sem hún varðar efnahagstengsl milli samningsaðilanna,
 - (g) að auka enn frekar gagnkvæmt frelsi á mörkuðum samningsaðilanna fyrir opinber innkaup,
 - (h) að tryggja fullnægjandi og árangursríka vernd hugverkaréttinda í samræmi við alþjóðlega staðla,
 - (i) að þróa alþjóðaviðskipti með þeim hætti að stuðlað verði að markmiði sjálfbærrar þróunar og tryggt að markmiðið verði fellt inn í viðskiptatengsl samningsaðilanna og endurspeglit í þeim og
 - (j) að stuðla að samstilltri þróun og fjölbreytni í heimsviðskiptum.

GR. 1.2

Svæðisbundið gildissvið.

1. Ef annað er ekki tilgreint gildir þessi samningur um:
 - (a) yferráðasvæði á landi, innsævi og landhelgi samningsaðila og loftrými yfir yferráðasvæði samningsaðila í samræmi við reglur þjóðaréttar,
 - (b) sérefnahagslögsögu og landgrunn samningsaðila, í samræmi við reglur þjóðaréttar, og
 - (c) fógetaumdæmin Guernsey og Jersey og Mön (þ.m.t. loftrými og landhelgi sem liggja næst þeim), yferráðasvæði sem Bretland fer með alþjóðasamskipti fyrir, að því er varðar:
 - (i) þátt 2.1 (Almenn ákvæði um vöruviðskipti),
 - (ii) I. viðauka (Upprunareglur),
 - (iii) þátt 2.2 (Tæknilegar viðskiptahindranir),
 - (iv) þátt 2.3 (Ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna) og
 - (v) þátt 2.4 (Tollamál og viðskiptalíprun).
2. Samningur þessi gildir ekki á norska yferráðasvæðinu Svalbarða nema að því er varðar viðskipti með vörur.

GR. 1.3

Stækkun yferráðasvæðis.

1. Rýmka má gildissvið þessa samnings eða sértæk ákvæði þessa samnings svo þau nái til yferráðasvæða sem Bretland fer með alþjóðasamskipti fyrir, eftir samkomulagi á milli Bretlands og annarra aðila að þessum samningi.
2. Hvenær sem er eftir að gildissvið þessa samnings hefur verið rýmkað til að ná yfir yferráðasvæði sem Bretland fer með alþjóðasamskipti fyrir í samræmi við 1. mgr. má Bretland skila skriflegri tilkynningu til vörsluaðilans um að þessi samningur skuli ekki lengur gilda um yferráðasvæði sem Bretland fer með alþjóðasamskipti fyrir. Tilkynningin tekur gildi 12 mánuðum eftir þann dag þegar vörsluaðilinn veitir tilkynningunni viðtöku nema samningsaðilarnir komi sér saman um annað.

GR. 1.4

Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir samning þennan.

1. Samningur þessi gildir um viðskipta- og efnahagstengsl milli einstakra EFTA-ríkja innan EES annars vegar og Bretlands hins vegar en ekki um viðskipta- og efnahagstengsl milli einstakra EFTA-ríkja innan EES nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.
2. Ákvæði þessa samnings, sem falla undir viðbótarsamninginn frá 11. febrúar 2019 milli Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, Svissneska ríkjasambandsins og Furstadæmisins Liechtensteins, sem rýmkar gildissvið samningsins svo að tiltekin ákvæði viðskiptasamningsins á milli Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og Svissneska ríkjasambandsins nái yfir Furstadæmið Liechtenstein, sáttmálans frá 29. mars 1923 milli Sviss og Liechtensteins um aðgang Furstadæmisins Liechtensteins að tollasvæði Sviss og sáttmálans frá 22. desember 1978 milli Svissneska ríkjasambandsins og Furstadæmisins Liechtensteins um einkaleyfisvernd skulu ekki gilda um Liechtenstein.
3. Ef fyrir hendi er ósamræmi milli þessa samnings og samnings sem um getur í 2. mgr. skal sá síðarnefndi ganga framár.

GR. 1.5

Tengsl við aðra alþjóðasamninga.

Samningsaðilarnir staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina og öðrum samningum sem gerðir hafa verið á grundvelli hans sem þeir eru aðilar að og samkvæmt öðrum alþjóðasamningum sem þeir eiga aðild að.

GR. 1.6

Efnidir skuldbindinga.

1. Sérhver samningsaðili skal gera almennar eða sértækar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að hann geti efnt skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.
2. Sérhver samningsaðili skal tryggja að miðlæg, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld hvers um sig gegni öllum skyldum sínum og efni allar skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum og að það sé gert af hálfu óopinberra stofnana þegar þær fara með opinbert vald sem miðlæg, svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld fela þeim.

GR. 1.7

Gagnsæi.

1. Samningsaðilarnir skulu birta eða veita almenningi aðgang með öðrum hætti að lögum sínum, reglum, ákvörðunum dómstóla, stjórnsluúrskurðum sem hafa almennt gildi og alþjóðasamningum hvers um sig sem geta haft áhrif á framkvæmd þessa samnings.
2. Samningsaðilarnir skulu svara án tafar sértækum spurningum og veita hver öðrum, að fenginni beiðni, upplýsingar um málefni sem um getur í 1. mgr.
3. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að stjórnslumeðferð hans, sem felur í sér beitingu á lögum hans, reglum, dómsniðurstöðum eða stjórnsluúrskurðum sem hafa almennt gildi gagnvart tilteknum aðila, vöru eða þjónustu annarra samningsaðila í tilteknu tilviki:
 - (a) miði að því að veita aðilum, sem verða fyrir beinum áhrifum af málsmeðferð, hæfilegan fyrirvara þegar málsmeðferð er hafin, í samræmi við innlendar málsmeðferðarreglur, þ.m.t. lýsing á eðli málsmeðferðarinnar, yfirlýsing um þá lagaheimild sem liggur að baki málsmeðferðinni og almenn lýsing á málum sem ágreiningur er um,
 - (b) sjái aðila, sem um getur í a-lið, fyrir sanngjörnu tækifæri til að leggja fram málavexti og röksemdir til stuðnings stöðu hans áður en gripið er til endanlegrar stjórnvaldsaðgerðar, þegar tími, eðli málsmeðferðarinnar og almannahagsmunir leyfa, og
 - (c) fari fram í samræmi við lög samningsaðilans.
4. Sérhver samningsaðili skal koma á fót eða sjá til þess að fyrir hendi séu dómstólar, úrskurðaraðilar eða stjórnsludómstólar eða málsmeðferð til að koma fram skjótri endurskoðun á endanlegum stjórnvaldsaðgerðum varðandi málefni sem falla undir þennan samning. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að dómstólar hans fylgi málsmeðferðarreglum varðandi málskot eða endurskoðun án mismununar og með óvilhölum hætti, að þeir séu óvilhallir og óháðir þeirri stofnun eða yfirvaldi sem annast framfylgd stjórnvaldsákvarðana og hafi enga efnislega hagsmuni af niðurstöðu málsins.
5. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að hjá dómstólum eða við málsmeðferð, sem um getur í 4. mgr., fái aðilar að málsmeðferð sanngjarnt tækifæri til að styðja eða verja afstöðu sína.
6. Ekkert í þessum samningi leggur samningsaðila þær skyldur á herðar að afhenda trúnaðarupplýsingar ef slíkt myndi hindra framkvæmd laga eða vera á annan hátt andstætt almannahagsmunum eða skaða lögmæta viðskiptahagsmuni atvinnurekanda.

7. Ef fyrir hendi er ósamræmi milli ákvæða þessarar greinar og ákvæða, sem varða gagnsæi í öðrum hlutum samnings þessa, skulu síðarnefndu ákvæðin gilda að því marki sem ósamræmis gætir.

2. KAFLI

VÖRUVIÐSKIPTI¹

ÞÁTTUR 2.1

ALMENN ÁKVÆÐI UM VÖRUVIÐSKIPTI²

GR. 2.1

Markmið.

Markmið þessa kafla er að greiða fyrir og koma á frelsi í vöruviðskiptum milli samningsaðilanna í samræmi við ákvæði þessa samnings og XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 (GATT-samningsins frá 1994), þ.m.t. athugasemdir um túlkun hans.

GR. 2.2

Gildissvið.

Þessi kafli gildir um vöruviðskipti milli samningsaðilanna.

GR. 2.3

Skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- (a) „þjónusta ræðismanns“: ferli sem felur það í sér að fá frá ræðismanni innflutningssamningsaðila, sem er hjá útflutningssamningsaðila eða hjá þriðja aðila, ræðismannsreikning eða áritun ræðismanns vegna viðskiptareiknings, upprunavottorðs, farmskrár, útflutningsskýrslu farmsendanda eða annars tollskjals í tengslum við innflutning vörunnar,
- (b) „tollyfirvöld“:
 - (i) þegar um er að ræða Bretland: Her Majesty's Revenue and Customs (skattstjóri og tollstjóri hennar hátignar) og hvert það yfirvald annað sem ber ábyrgð á tollamálum,

¹Samkvæmt gr. 1.4 (Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir samning þennan) 1. kafla (Almenn ákvæði) gildir þessi kafli, þ.m.t. viðaukar hans, ekki um Liechtenstein.

² Á það er minnt að vísanir samningsaðila, eins eða fleiri, í þáttum 2.1 (Almenn ákvæði um vöruviðskipti) til 2.4 (Tollamál og viðskiptalíprun) taka til c-liðar 1. mgr. í gr. 1.2. (Svæðisbundið gildissvið) 1. kafla (Almenn ákvæði).

- (ii) þegar um er að ræða fógetaumdæmið Jersey: Jersey Customs & Immigration Service (tolla- og innflytjendastofnun Jersey),
- (iii) þegar um er að ræða fógetaumdæmið Guernsey: Guernsey Customs & Excise (tolla- og vörugjaldastofnun Guernsey),
- (iv) þegar um er að ræða Mön: Customs and Excise Division, Isle of Man Treasury (tolla- og vörugjaldadeild ríkissjóðs Manar),
- (v) þegar um er að ræða Noreg: norsk tollyfirvöld og
- (vi) þegar um er að ræða Ísland: Skatturinn.

Framangreind tollyfirvöld skulu bera ábyrgð á beitingu og framkvæmd þessa þáttar og viðaukanna við hann, sem og þáttar 2.4 (Tollamál og viðskiptaliprun) og viðaukans við hann, að því marki sem þeir eiga við um þau, hvert á sínu yfirráðasvæði. Visanir til „tollyfirvalds“ í þessum ákvæðum ber að skilja í samræmi við þetta.

- (c) „tollur“: hvers konar tollar, skattar eða gjöld sem hafa sambærileg áhrif og eru lögð á innflutning eða útflutning vara, eða í tengslum við hann, einnig hvers konar aukaskattar eða aukagjöld í tengslum við slíkan innflutning eða útflutning, þó ekki:
 - (i) gjald sem jafngildir innlendum skatti sem lagður er á skv. 2. mgr. III. gr. GATT-samningsins frá 1994,
 - (ii) ráðstöfun sem er beitt í samræmi við ákvæði VI. eða XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994, samninginn um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 (samningurinn um undirboð), samninginn um styrki og jöfnunarráðstafanir eða samninginn um verndarráðstafanir (samningurinn um verndarráðstafanir) eða ráðstöfun sem er gerð í samræmi við 22. gr. samkomulagsins um lausn deilumála og
 - (iii) þóknun eða annað gjald sem er lagt á skv. VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994.
- (d) „málsmeðferð við veitingu útflutningsleyfa“: stjórnáslumeðferð, hverju nafni sem hún nefnist hjá hverjum samningsaðila eða hvernig sem tollyfirvald hvers samningsaðila vísar til hennar, þar sem það er gert að skilyrði fyrir útflutningi að umsókn eða önnur skjöl (önnur en almennt er krafist vegna tollafgreiðslu) séu lögð fram hjá hlutaðeigandi stjórnáslustofnun eða -stofnunum,

- (e) „vara samningsaðila“: innlend vara í skilningi GATT-samningsins frá 1994 eða þær vörur sem samningsaðilarnir kunna að ákveða, og tekur einnig til upprunavara,
- (f) „samræmda tollskráin“: samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskráin, þ.m.t. allar lögbindandi athugasemdir við hana og breytingar á henni sem þróaðar eru af Alþjóðatollastofnuninni (WCO),
- (g) „samningur um veitingu innflutningsleyfa“: samningurinn um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa sem settur er fram í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar,
- (h) „málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa“: stjórnslumeðferð, hverju nafni sem hún nefnist hjá hverjum samningsaðila eða hvernig sem tollyfirvald hvers samningsaðila vísar til hennar, þar sem það er gert að skilyrði fyrir innflutningi inn á yfirráðasvæði innflutningssamningsaðila að umsókn eða önnur skjöl (önnur en almennt er krafist vegna tollafgreiðslu) séu lögð fram hjá hlutaðeigandi stjórnslustofnun eða -stofnunum,
- (i) „upprunnið/uppruna-“: hefur þá merkingu sem fram kemur í I. viðauka um upprunareglur,
- (j) „endurframleidd vara“: vara sem:
 - (i) er alfarið eða að hluta til samsett úr hlutum sem fengnir eru úr vörum sem hafa verið notaðar,
 - (ii) hefur svipaðan áætlaðan endingartíma og nothæfi og sambærileg vara þegar hún er ný og
 - (iii) fær svipaðan ábyrgðartíma og sambærileg vara þegar hún er ný,
- (k) „viðgerð“: aðgerð sem framkvæmd er á vöru í því skyni að laga bilun eða bæta úr tjóni og færa vöruna í meginatriðum aftur í upprunalegt ástand eða tryggja að hún uppfylli tæknilegar kröfur um notkun. Viðgerð á vörum tekur til endurgerðar og viðhalds en ekki til aðgerðar eða ferlis sem:
 - (i) eyðileggur grundvallareiginleika vöru eða myndar nýja eða ólíka vöru í viðskiptalegu tilliti,
 - (ii) breytir ófullunninni vöru í fullunna vöru eða
 - (iii) er notað til að bæta eða uppfæra tæknilega frammistöðu vara,
- (l) „frammistöðukrafa“: krafa:

- (i) um að tiltekið magn, verðmæti eða hlutfall vara verði flutt út,
- (ii) um að vörur samningsaðilans sem veitir innflutningsleyfið komi í stað innfluttra vara,
- (iii) um að handhafi innflutningsleyfis kaupi aðrar vörur hjá viðkomandi samningsaðila, sem veitir innflutningsleyfið, eða veiti innlendum framleiðsluvörum forgang,
- (iv) um að handhafi innflutningsleyfis framleiði hjá viðkomandi samningsaðila, sem veitir innflutningsleyfið, vörur með tilteknu magni, verðmæti eða hlutfalli innlendra aðfanga eða
- (v) sem tengist með einhverjum hætti magni eða verðmæti innflutningsvara, magni eða verðmæti útflutningsvara eða fjárhæð gjaldeyrisstreymis.

GR. 2.4

Innlend meðferð að því er varðar skatta og reglur innanlands.

Sérhver samningsaðili skal veita vörum hins samningsaðilans innlenda meðferð í samræmi við III. gr. (Innlend meðferð að því er varðar skatta og reglur innanlands) GATT-samningsins frá 1994, þ.m.t. athugasemdir um túlkun hans, og í þessu skyni eru ákvæði III. gr. (Innlend meðferð að því er varðar skatta og reglur innanlands) GATT-samningsins frá 1994, þ.m.t. athugasemdir um túlkun hans, felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

GR. 2.5

Flokkun vara.

Að því er þennan samning varðar skal flokkun vara í viðskiptum milli samningsaðilanna falla undir viðeigandi tollnafnaskrá hvers samningsaðila í samræmi við samræmdu tollskrána.

GR. 2.6

Tollar.

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi skal sérhver samningsaðili afnema alla tolla á upprunavörur sérhvers annars samningsaðila sem flokkast í 25.–97. kafla samræmdu tollskrárinnar, að undanskildum þeim vörum („vörur á áætlun um afnám tolla úr köflum samræmdu tollskrárinnar á eftir 24. kafla“) sem taldar eru upp í áætlunum um afnám tolla í II., III.,

IV. eða V. viðauka sem eiga við um innflutning til þess samningsaðila á upprunavörum frá viðkomandi útflutningssamningsaðila.

2. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi skal sérhver samningsaðili lækka eða afnema, í samræmi við áætlanir um afnám tolla í II., III., IV. og V viðauka, tolla á upprunavörur sérhvers annars samningsaðila sem flokkast undir 1.–24. kafla samræmdu tollskrárinnar, og tolla á upprunavörur sérhvers annars samningsaðila sem eru vörur á áætlun um afnám tolla úr köflum samræmdu tollskrárinnar á eftir 24. kafla, eins og um getur í 1. mgr.
3. Þegar og svo lengi sem bestukjaratollur sem samningsaðili beitir er lægri en tilskilinn tollur skv. 1. eða 2. mgr. hér að framan skal tollurinn, sem beita á samkvæmt þessum samningi gagnvart upprunavörum annars samningsaðila, reiknast sem jafnhár þeim bestukjaratolli sem innflutningsaðilinn beitir.
4. Samningsaðili getur hvenær sem er flýtt einhliða afnámi tolla sem settir eru fram í áætlun eða áætlunum um afnám tolla í II., III., IV. og/eða V. viðauka þar sem fram koma skuldbindingar þess samningsaðila. Til að taka af vafa er samningsaðila heimilt, að því er varðar vörur innan gildissviðs 2. mgr., að hækka toll að því marki sem fastsett er fyrir tiltekið ár eins og fram kemur í áætlun eða áætlunum um afnám tolla í II., III., IV. og/eða V. viðauka, þar sem fram koma skuldbindingar samningsaðilans í kjölfar einhliða lækkunar eins og fram kemur í þessari málsgrein.

GR. 2.7

Útflutningsgjöld, skattar og önnur gjöld.

Enginn samningsaðili skal leggja á eða viðhalda tolli, skatti, þóknun eða öðrum gjöldum af neinu tagi vegna útflutnings vara til annars samningsaðila nema tollurinn, skatturinn, þóknunin eða önnur gjöld séu líka lögð á sambærilegar vörur sem eru ætlaðar til neyslu innanlands. Að því er þessa grein varðar skulu hvers kyns þóknanir og önnur gjöld ekki taka til þóknana eða annarra gjalda sem lögð eru á í samræmi við gr. 2.8 (Þóknanir og gjöld).

GR. 2.8

Þóknanir og gjöld.

1. Sérhver samningsaðili skal tryggja, í samræmi við VIII. gr. (Þóknanir og formsatriði í tengslum við innflutning og útflutning) GATT-samningsins frá 1994, ásamt athugasemdum um túlkun hans, að allar þóknanir og önnur gjöld innan gildissviðs a-liðar 1. mgr. VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994, sem sá samningsaðili leggur á inn- eða útflutning eða í tengslum við hann, þ.m.t. verkefni sem kveðið er á um í gr. 2.57 (Fyrirframúrskurðir) í þætti 2.4 (Tollamál og viðskiptaliprun), séu takmörkuð við áætlaðan kostnað af veittri þjónustu þess samningsaðila í þágu viðkomandi inn- eða

útflytjanda og standi ekki fyrir óbeina vernd innlendra vara eða fjáröflunarskatt á innflutning eða útflutning.

2. Þóknanirnar og gjöldin sem um getur í 1. mgr. skulu ekki reiknuð út á grundvelli verðs.
3. Sérhver samningsaðili skal birta upplýsingar um þóknanir og gjöld á netinu, á ensku eftir því sem unnt er. Í þessum upplýsingum skulu m.a. koma fram þjónustan sem veitt er, ábyrgt yfirvald, þóknanir og gjöld sem verður beitt og hvernig þau eru reiknuð út og hvenær og hvernig inna ber greiðslu af hendi.
4. Að fenginni beiðni skulu tolfyrirvöld eða önnur lögbær yfirvöld samningsaðila veita upplýsingar um þóknanir og gjöld sem eiga við um innflutning, útflutning eða umflutning á vörum og um reikniaðferðir.
5. Samningsaðili skal ekki gera kröfu um þjónustu ræðismanns, með tilheyrandi þóknunum og gjöldum, í tengslum við innflutning vöru frá öðrum samningsaðila.

GR. 2.9

Úthlutun og framkvæmd vegna tollkvóta.

1. Samningsaðilarnir eru einhuga um að úthlutun tollkvóta samkvæmt þessum samningi ætti að miða að því að stuðla að viðskiptum eins og hægt er og einkum ætti hún að greiða fyrir reglulegum innflutningi og gera það kleift að fylla kvótana eins og hægt er.
2. Samningsaðili sem hefur í hyggju að gera breytingar á kvótaúthlutunaraðferð sinni vegna tollkvóta sem öðrum samningsaðila hefur verið veittur samkvæmt þessum samningi skal tilkynna hinum samningsaðilunum um það a.m.k. 3 mánuðum fyrir gildistöku dag breytingarinnar.
3. Samningsaðilarnir skulu með reglubundnum hætti skiptast á upplýsingum um framleiðsluvörur sem viðskipti eru stunduð með, stýringu tollkvóta og verðskrár og á gagnlegum upplýsingum um innanlandsmarkaði hvers um sig og framkvæmd tollkvóta.
4. Halda skal samráðsfundi um álitaefni varðandi framkvæmd tollkvóta samkvæmt þessum samningi fari samningsaðili fram á það. Komi upp vandkvæði varðandi framkvæmd skal halda þessa samráðsfundi tafarlaust með það í huga að samþykkja viðeigandi ráðstafanir til úrbóta.

GR. 2.10

Tímabundinn aðgangur vara.

1. Sérhver samningsaðili skal heimila tímabundinn aðgang með algerri afléttingu innflutningstolla, að uppfylltum vissum skilyrðum, eins og kveðið er á um í lögum hans, fyrir eftirfarandi vörur, óháð uppruna þeirra:
 - (a) vörur sem fyrirhugað er að sýna eða nota á kaupstefnum, sýningum, fundum, kynningum eða álíka viðburðum,
 - (b) atvinnutæki, þ.m.t. búnaður fyrir fréttamiðla eða til hljóð- eða sjónvarpsútsendinga, hugbúnaður, kvikmyndabúnaður og hvers konar fylgihlutir eða aukabúnaður með áður nefndum búnaði sem nauðsynlegur er til að sinna atvinnustarfsemi, atvinnugrein eða starfsgrein þess sem kemur til samningsaðila til að framkvæma tiltekið verk,
 - (c) gáma, vörusýnishorn, auglýsingamyndir og -upptökur og aðrar vörur sem fluttar eru inn í tengslum við atvinnustarfsemi,
 - (d) vörur sem fluttar eru inn til nota í íþróttum,
 - (e) vörur sem ætlaðar eru til mannúðarmála og
 - (f) dýr sem nota á í sérstökum tilgangi.
2. Sérhver samningsaðili getur krafist eftirfarandi varðandi vörur, sem njóta tímabundins aðgangs í samræmi við 1. mgr.:
 - (a) að þær séu ætlaðar til endurútflyttings án þess að breytingar hafi verið gerðar á þeim, fyrir utan eðlilegar afskriftir í ljósi þess hvernig þær hafa verið nýttar,
 - (b) að þær séu einungis notaðar af ríkisborgara eða íbúa annars samningsaðila, eða undir persónulegu eftirliti hans, við ástundun atvinnustarfseminnar, atvinnugreinarinnar, starfsgreinarinnar eða íþróttar þess einstaklings frá öðrum samningsaðila,
 - (c) að þær séu ekki seldar eða leigðar meðan þær eru hjá viðkomandi samningsaðila,
 - (d) að lögð sé fram fyrir þeim trygging, sem fæst endurgreidd við útflutning varanna, sé þess krafist af innflutningsaðilanum, að fjárhæð sem ekki er hærrí en þau gjöld sem annars kæmu til greiðslu við komu eða endanlegan innflutning,
 - (e) að bera megi kennsl á þær þegar þær eru fluttar inn og út,

- (f) að þær séu fluttar út aftur innan tiltekins tíma sem er sanngjarn miðað við tilganginn með tímabundna aðganginum og
 - (g) að ekki sé tekið við meira magni af þeim en telja má hæfilegt vegna fyrirhugaðrar notkunar þeirra.
3. Sérhver samningsaðili skal heimila að flytja megi vörur, sem fá tímabundinn aðgang samkvæmt þessari grein, út aftur um aðra tollhöfn eða tollstöð en þær komu um.
 4. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að innflutningsaðilinn eða annar aðili, sem ber ábyrgð á vörunum sem fá aðgang samkvæmt þessari grein, beri ekki ábyrgð á því ef ekki er hægt að flytja þær út aftur innan þess tíma sem ákveðinn er fyrir tímabundna aðganginn, þ.m.t. hvers konar lögmæt framlenging, ef hann leggur fram fullnægjandi sönnun fyrir innflutningssamningsaðilann um að vörunum hafi verið eytt með öllu í samræmi við tollalög hvers samningsaðila.

GR. 2.11

Innri og ytri aðvinnsla.

1. Sérhver samningsaðili skal heimila tímabundinn inn- og útflutning vegna innri og ytri aðvinnslu í samræmi við alþjóðlega staðla.
2. Í þessari grein hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir:
 - (a) „innri aðvinnsla“ tollafgreiðsluferli þar sem koma má með tiltekna vörur inn á tollsvæði þar sem greiðsla tolla er létt af þeim, að uppfylltum vissum skilyrðum. Slíkar vörur skulu ætlaðar til endurútflutnings innan tiltekins tíma eftir að hafa gengist undir framleiðslu, vinnslu eða viðgerð og
 - (b) „ytri aðvinnsla“ tollafgreiðsluferli þar sem heimilt er að flytja tiltekna vörur, sem eru í frjálsri dreifingu á tollsvæði, út til bráðabirgða til framleiðslu, vinnslu eða viðgerðar erlendis og flytja þær síðan inn að nýju með undanþágu frá tollum, í heild eða að hluta.

GR. 2.12

Takmarkanir á innflutningi og útflutningi.

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi skal enginn samningsaðili samþykkja eða viðhalda neins konar banni eða höftum á innflutning vöru frá öðrum samningsaðila eða útflutning eða sölu til útflutnings á neinni vöru sem á að fara til yfirráðasvæðis annars samningsaðila nema í samræmi við XI. gr. (Almennt afnám magntakmarkana) GATT-samningsins frá 1994, ásamt athugasemdum um túlkun hans. Í þessu skyni er XI. gr. GATT-

samningsins frá 1994, þ.m.t. athugasemdir um túlkun hans, felld inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda. Til að taka af vafa nær gildissvið þessarar greinar yfir viðskipti með endurframbleiddar vörur.

2. Samningsaðili skal hvorki samþykkja né viðhalda verðkröfum vegna út- og innflutnings nema að því marki sem leyfilegt er við framkvæmd fyrirmæla um jöfnunar- og undirboðstolla og fullnustu skuldbindinga vegna jöfnunar og undirboða.
3. Samningsaðili skal hvorki samþykkja né viðhalda veitingu innflutningsleyfis sem er háð því skilyrði að tiltekin frammistöðukrafa sé uppfyllt nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

GR. 2.13

Veiting innflutningsleyfa.

1. Enginn samningsaðili skal samþykkja eða viðhalda málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa sem er í ósamræmi við samninginn um veitingu innflutningsleyfa (þ.m.t. athugasemdir um túlkun hans) og í þessu skyni eru 1.–3. gr. samningsins um veitingu innflutningsleyfa, þ.m.t. athugasemdir um túlkun hans sem varða þær greinar, felldar inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.
2. Samningsaðilarnir skulu hvorki samþykkja né viðhalda málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa í því skyni að koma til framkvæmda ráðstöfun sem er í ósamræmi við þennan samning.
3. Samningsaðili skal birta á opinberu vefsetri stjórnvalda nýja eða breytta málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa, þ.m.t. allar upplýsingar sem honum er skylt að birta skv. a-lið 4. mgr. 1. gr. samningsins um veitingu innflutningsleyfa. Þegar unnt er að koma því við skal samningsaðilinn gera slíkt a.m.k. 21 degi áður en nýja málsmeðferðin eða breytingin tekur gildi.
4. Samningsaðili skal teljast uppfylla 3. mgr. að því er varðar nýja eða breytta málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa ef hann tilkynnir um hana til nefndar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um veitingu innflutningsleyfa, sem kveðið er á um í 4. gr. samningsins um veitingu innflutningsleyfa, þ.m.t. upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 2. mgr. 5. gr. þess samnings.
5. Að beiðni annars samningsaðila skal samningsaðili tafarlaust láta í té allar viðeigandi upplýsingar, þ.m.t. upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 2. mgr. 5. gr. samningsins um veitingu innflutningsleyfa, varðandi málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa sem hann hyggst samþykkja, eða sem hann viðheldur, eða varðandi breytingar á gildandi málsmeðferð við leyfisveitingar.

6. Til að taka af vafa er ekkert í þessari grein sem skyldar samningsaðila til að veita innflutningsleyfi eða kemur í veg fyrir að samningsaðili gegni skyldum sínum eða efni skuldbindingar sínar samkvæmt ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, eða framfylgi marghliða kerfum til að hefta útbreiðslu gereyðingarvopna og fyrirkomulagi um innflutningseftirlit.

GR. 2.14

Veiting útflutningsleyfa.

1. Áður en samningsaðili leitast við að samþykkja eða viðhalda málsmeðferð við veitingu útflutningsleyfa skal hann íhuga hvort beita megi öðrum viðeigandi ráðstöfunum til að ná stjórnarsýslulegu markmiði.
2. Sérhver samningsaðili skal birta nýja málsmeðferð við veitingu útflutningsleyfa eða breytingu á gildandi málsmeðferð við veitingu útflutningsleyfa. Slík birting skal fara fram 45 dögum áður en málsmeðferðin eða breytingin tekur gildi, ef því verður við komið.
3. Innan 60 daga frá gildistöku þessa samnings, eða fyrri beitingu hans til bráðabirgða, skal sérhver samningsaðili tilkynna hinum samningsaðilunum um gildandi málsmeðferð sína við veitingu útflutningsleyfa. Sérhver samningsaðili skal tilkynna hinum samningsaðilunum um nýja málsmeðferð við veitingu útflutningsleyfa og breytingar á gildandi málsmeðferð við veitingu útflutningsleyfa innan 60 daga frá því að hún er birt. Í þessum tilkynningum skulu vera vísanir til heimildar (heimilda) þar sem upplýsingarnar, sem krafist er í 4. mgr., eru birtar.
4. Sérhver samningsaðili skal tryggja að í birtu upplýsingunum sem hann hefur tilkynnt skv. 3. mgr. sé að finna:
 - (a) texta málsmeðferðar hans við veitingu útflutningsleyfa eða breytingar sem hann gerir á henni,
 - (b) lýsingu á þeim vörum sem heyra undir málsmeðferðina við veitingu útflutningsleyfa,
 - (c) að því er varðar hverja málsmeðferð við veitingu útflutningsleyfa, lýsingu á:
 - (i) umsóknarferlinu um leyfi og
 - (ii) viðmiðunum sem umsækjandi þarf að uppfylla til að geta sótt um leyfi, s.s. að vera handhafi starfsleyfis, til að fjárfesta eða viðhalda fjárfestingu eða starfa á tilteknu rekstrarformi hjá viðkomandi samningsaðila,
 - (d) tengilið eða tengiliði sem geta veitt áhugasömum aðilum frekari upplýsingar um skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá útflutningsleyfi,

- (e) stjórnslustofnun eða -stofnanir þar sem leggja þarf fram umsókn um leyfi eða önnur viðeigandi gögn,
 - (f) lýsingu á eða vísun til birtingar þar sem sett er fram í heild hver sú ráðstöfun eða ráðstafanir sem málsmeðferðinni við veitingu útflutningsleyfis er ætlað að koma til framkvæmda,
 - (g) gildistíma hvernar málsmeðferðar við veitingu útflutningsleyfis nema hún eigi að gilda uns hún verður afturkölluð eða birt að nýju endurskoðuð,
 - (h) ef samningsaðili hefur í hyggju að nota málsmeðferð við veitingu útflutningsleyfis til að útdeila útflutningskvóta, heildarmagn og, ef mögulegt er, verðmæti kvótans og á hvaða tímabili hann gildir og
 - (i) hvers konar undanþágur eða undantekningar frá þeirri kröfu að afla útflutningsleyfis og hvernig eigi að sækja um eða nota slíkar undanþágur eða undantekningar.
5. Til að taka af vafa er ekkert í þessari grein sem skyldar samningsaðila til að veita útflutningsleyfi eða kemur í veg fyrir að samningsaðili samþykki, viðhaldi eða beiti fyrirkomulagi um útflutningseftirlit og fyrirkomulagi viðurlaga, eða að hann gegni skyldum sínum eða efni skuldbindingar sínar samkvæmt ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og vopnaviðskiptasamningnum, eða marghliða kerfum til að hefta útbreiðslu geryðingarvopna og fyrirkomulagi um útflutningseftirlit, s.s. Wassenaar-fyrirkomulaginu um útflutningseftirlit með hefðbundnum vopnum og vörum og tækni með tvíþætt notagildi, Ástralíuhópnum, kjarnbirgjahópnum (Nuclear Suppliers Group) og eftirlitakerfinu með flugskeytatækni (Missile Technology Control Regime).

GR. 2.15

Vörur til viðgerða eða breytinga.

1. Enginn samningsaðili skal leggja toll á vöru, óháð uppruna hennar, sem kemur aftur inn á svæði hans eftir að hafa verið flutt út frá honum tímabundið til viðgerða eða breytinga hjá öðrum samningsaðila, sem varan var flutt út frá, óháð því hvort viðgerðin eða breytingin hefur aukið verðmæti vörunnar eða gæti hafa farið fram hjá viðkomandi samningsaðila sem varan var flutt út frá til viðgerða eða breytinga.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um efni, sem notuð eru við viðgerðina eða breytinguna, hafi tollafgreiðslu þeirra verið frestað þegar viðgerðin eða breytingin átti sér stað nema greiðsla sem jafngildir tollinum, sem frestað var, hafi verið innt af hendi í kjölfarið.

3. Enginn samningsaðili skal leggja tolla á vöru, óháð uppruna hennar, sem flutt er tímabundið inn frá tollsvæði annars samningsaðila til viðgerðar eða breytingar.
4. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um vöru sem flutt er undir tollinnsigli inn á fríverslunarsvæði, eða í sambærilegri stöðu, sem síðan er flutt út til viðgerðar og er ekki flutt inn aftur undir tollinnsigli inn á fríverslunarsvæði, eða í sambærilegri stöðu.
5. Að því er þessa grein varðar tekur viðgerð eða breyting ekki til aðgerðar eða ferlis sem:
 - (a) eyðileggur grundvallareiginleika vöru eða skapar nýja eða ólíka vöru í viðskiptalegu tilliti,
 - (b) breytir ófullunninni vöru í fullunna vöru eða
 - (c) er notað til að bæta eða uppfæra tæknilega frammistöðu vörunnar eða breytir virkni hennar.
6. Þessi grein gildir ekki í þeim tilvikum þar sem varan, sem flutt er inn eða út til viðgerðar eða breytingar, fellur undir 1.–24. kafla samræmdu tollskrárinnar eða vörur á áætlun um afnám tolla úr köflum samræmdu tollskrárinnar á eftir 24. kafla, eins og um getur í 1. mgr. gr. 2.6 (Tollar).

GR. 2.16

Endurframleiddar vörur.

1. Enginn samningsaðili skal veita endurframleiddum vörum annars samningsaðila lakari meðferð en hann veitir sambærilegum vörum sem eru nýjar nema kveðið sé á um annað í þessum samningi. Sérhver samningsaðili getur krafist þess að endurframleiddar vörur séu auðkenndar sem slíkar við dreifingu eða sölu.
2. Samþykki samningsaðili eða viðhaldi innflutnings- og útflutningsbönnum og -höftum á notaðar vörur á þeim grundvelli að þær séu notaðar skal hann ekki beita þeim ráðstöfunum gagnvart endurframleiddum vörum.

GR. 2.17

Miðlun gagna um nýtingu ívilnana.

1. Til að hafa eftirlit með framkvæmd þessa samnings og reikna út nýtingu tollaívilnana skulu samningsaðilarnir skiptast á tölulegum upplýsingum um innflutning árlega og í fyrsta sinn þegar ár er liðið frá gildistöku þessa samnings.

2. Skipti á tölfraðilegum upplýsingum um innflutning skulu ná yfir nýjustu gögn sem fyrir liggja og ná yfir heilt ár, þ.m.t. verðmæti og, eftir atvikum, magn, á hverju tollskrársviði vegna innflutnings vara sérhvers annars samningsaðila sem nýtur góðs af ívilnandi meðferð samkvæmt þessum samningi og þeirra sem ekki fengu slíka meðferð.

GR. 2.18

Endurskoðunarákvæði.

1. Til stuðnings viðskiptum sínum með landbúnaðar- og sjávarafurðir skulu samningsaðilarnir leitast við að finna viðeigandi lausnir á hvers konar erfiðleikum í viðskiptum sínum með landbúnaðar- og sjávarafurðir.
2. Samningsaðilarnir eru sammála um að fari samningsaðili fram á það muni þeir hafa með sér samráð um að auka enn frekar frelsi í viðskiptum með landbúnaðar- og sjávarafurðir sín á milli, m.a. með því að endurskoða skilyrði varðandi viðskipti með landbúnaðar- og sjávarafurðir á fimm ára fresti.
3. Í ljósi þessara endurskoðana og landbúnaðar- og sjávarútvegsstefna samningsaðilanna munu samningsaðilarnir koma saman til að ræða hvernig draga megi úr hvers konar viðskiptahindrunum í landbúnaðar- og sjávarútvegsgeiranum, á grundvelli jafnvægis og gagnkvæms ávinnings.
4. Í þessari grein merkir „landbúnaðar- og sjávarafurðir“ allar vörur í 1.–24. kafla samræmdu tollskrárinnar og einnig vörur á áætlun um afnám tolla úr köflum samræmdu tollskrárinnar á eftir 24. kafla, eins og um getur í 1. mgr. gr. 2.6 (Tollar).

GR. 2.19

Undirnefnd um vöruviðskipti.

1. Samningsaðilarnir koma hér með á fót undirnefnd um vöruviðskipti (hér á eftir kölluð „undirnefndin“ í þessari grein).
2. Undirnefndin skal skipuð fulltrúum ríkisstjórnar hvers samningsaðila. Sérhver samningsaðili skal tryggja að fulltrúar hans í undirnefndinni búi yfir viðeigandi sérþekkingu á þeim málefnum sem eru til umræðu.
3. Fundir undirnefndarinnar skulu vera undir sameiginlegu forsæti annaðhvort Noregs eða Íslands annars vegar og Bretlands hins vegar og skulu ákvarðanir hennar og tilmæli samþykkt samhljóða.
4. Samningsaðilarnir skulu komast að samkomulagi um fundaáætlun og dagskrá funda. Fundir geta verið staðfundir eða farið fram eftir öðrum samskiptaleiðum sem samningsaðilarnir koma sér saman um.

5. Undirnefndin skal koma saman að beiðni samningsaðila og er henni heimilt að fjalla um hvert það mál er kann að rísa samkvæmt þessum þætti og skv. þætti 2.4 (Tollamál og viðskiptaliprun) og viðaukunum um upprunareglur og um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í tollamálum og undirþætti 7.2.4 (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti) í 7. kafla (Hugverkaréttindi). Hlutverk hennar skal m.a. vera:
- (a) að stuðla að auknum vöruviðskiptum milli samningsaðilanna og fjalla um vandamál sem upp kunna að koma í þeim,
 - (b) að fjalla um hindranir í vöruviðskiptum milli samningsaðilanna, m.a. með endurskoðunum samkvæmt gr. 2.18 (Endurskoðunarákvæði), og frekara samráði um virkni viðskiptafyrirkomulagsins að því er varðar unnar landbúnaðarafurðir og fjalla um hindranir tengdar beitingu annarra ráðstafana en tolla,
 - (c) að fylgjast með og endurskoða framkvæmd skuldbindinga og tryggja rétta framkvæmd þessa þáttar og þáttar 2.4 (Tollamál og viðskiptaliprun) og viðaukanna um upprunareglur og um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í tollamálum, m.a. greina þau svið sem þarfnast úrbóta,
 - (d) að sjá samningsaðilunum fyrir vettvangi til að skiptast á upplýsingum, ræða bestu starfsvenjur og miðla reynslu af framkvæmd,
 - (e) að taka til umfjöllunar beiðni samningsaðila um breytingar á XXII., XXIII. og XXIV. viðauka um landfræðilegar merkingar og leggja tilmæli fyrir sameiginlegu nefndina samkvæmt gr. 7.40 (Breytingar á viðaukum um landfræðilegar merkingar) og gr. 7.41 (Vinnsla tiltekinna landfræðilegra merkinga) í 7. kafla (Hugverkaréttindi),
 - (f) að efla alþjóðlegt samstarf og samræmingu á viðeigandi marghliða vettvangi um viðskiptaliprun og sameiginleg hagsmunamál, þ.m.t. tollflokkun, tollverðsákvörðun og uppruni, með það í huga að koma á sameiginlegri afstöðu, ef unnt er, og gera úttekt á viðeigandi alþjóðlegum framtaksverkefnum til að greina fleiri svið þar sem sameiginlegar aðgerðir kunna að stuðla að sameiginlegum markmiðum þeirra,
 - (g) að endurskoða og afgreiða öll mál sem upp koma við framkvæmd og rekstur samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um viðskiptaliprun,
 - (h) að endurskoða reglurnar sem settar eru fram í I. viðauka (Upprunareglur) og viðbætum við hann, m.a. í ljósi þróunar á alþjóðavettvangi, þ.m.t. síðari breytingar á samræmdu tollskránni til að tryggja að skuldbindingar samningsaðilanna verði ekki fyrir verulegum áhrifum,
 - (i) að setja fram ályktanir, tilmæli, skýringar eða álit varðandi aðgerðir eða ráðstafanir, sem hún álitur nauðsynlegar til að ná markmiðum og

skilvirkri framkvæmd þessa þáttar, þáttar 2.4 (Tollamál og viðskiptalíprun) og I. viðauka (Upprunareglur) og XV. viðauka (Gagnkvæm stjórnsýsluaðstoð í tollamálum),

- (j) eftir því sem við á, að vísa málum sem undirnefndin um vöruviðskipti hefur fjallað um til sameiginlegu nefndarinnar eða annarrar nefndar sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi,
- (k) að sinna öðrum störfum sem sameiginlega nefndin kann að fela henni og
- (l) að stofna og leysa upp eftir þörfum vinnuhópa um málefni tengd þessum þætti, þætti 2.4 (Tollamál og viðskiptalíprun) og I. viðauka (Upprunareglur).

GR. 2.20

Viðaukar.

1. Upprunareglurnar eru settar fram í I. viðauka og viðbættum við hann.
2. Í II. viðauka er að finna Skuldbindingaskrá varðandi tolla á vörur – Skuldbindingar Íslands varðandi vörur sem eru upprunnar í Bretlandi.
3. Í III. viðauka er að finna Skuldbindingaskrá varðandi tolla á vörur – Skuldbindingar Noregs varðandi vörur sem eru upprunnar í Bretlandi.
4. Í IV. viðauka er að finna Skuldbindingaskrá varðandi tolla á vörur – Skuldbindingar Bretlands varðandi vörur sem eru upprunnar á Íslandi.
5. Í V. viðauka er að finna Skuldbindingaskrá varðandi tolla á vörur – Skuldbindingar Bretlands varðandi vörur sem eru upprunnar í Noregi.
6. Í VI. viðauka er að finna sértækar reglur um útreikning á magni kvóta í kjölfar gildistöku.
7. Í VII. viðauka, sem er tvíhliða, er að finna umflutningsfyrirkomulag vegna umflutnings fisks og sjávarafurða breskra skipa.

ÞÁTTUR 2.2

TÆKNILEGAR VIÐSKIPTAHINDRANIR

GR. 2.21

Markmið.

Markmið þessa þáttar er að greiða fyrir vöruviðskiptum milli samningsaðilanna með því að koma í veg fyrir, greina og fella niður ónauðsynlegar tæknilegar viðskiptahindranir.

GR. 2.22

Gildissvið.

1. Ákvæði þessa þáttar gilda um undirbúning, samþykki og beitingu á öllum stöðlum, tæknireglugerðum og samræmismatsaðferðum sem kunna að hafa áhrif á vöruviðskipti milli samningsaðilanna.
2. Ákvæði þessa þáttar gilda ekki um:
 - (a) innkaupaupplýsingar sem opinberar stofnanir undirbúa vegna krafna slíkra stofnana viðvíkjandi framleiðslu eða notkun eða
 - (b) ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna sem falla undir gildissvið þáttar 2.3 (Ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna).
3. Viðaukarnir við þennan þátt gilda, að því er varðar vörur innan gildissviðs þeirra, til viðbótar við þennan þátt. Ákvæði í viðauka við þennan þátt um að líta skuli á alþjóðlegan staðal eða aðila eða stofnun sem viðurkennd eða eru viðurkennd sem slík koma ekki í veg fyrir að staðall, sem aðili eða stofnun þróar, verði talinn viðeigandi alþjóðlegur staðall skv. 4. og 5. mgr. í gr. 2.24 (Tæknireglugerðir).
4. Samningsaðilarnir hafa í huga að Ísland og Noregur taka tæknireglugerðir og samræmismatsaðferðir Evrópusambandsins (ESB) upp í innlenda löggjöf sína á grundvelli skuldbindinga sinna samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem var undirritaður 2. maí 1992 í Porto (EES-samningurinn). Vísað er til slíkra samþykktra ráðstafana ESB hér og í 5. mgr. sem samræmdra tæknireglugerða og samræmismatsaðferða. Enda þótt ósamræmdar tæknireglugerðir og samræmismatsaðferðir séu undirbúnar og endurskoðaðar á landsvísu annast ESB undirbúning og endurskoðun efnisatriða samræmdra tæknireglugerða og samræmismatsaðferða.

5. Að því er tekur til samræmdra tæknireglugerða og samræmismatsaðferða er litið svo á að þar sem við á séu Ísland og Noregur talin hafa uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt gr. 2.24 (Tæknireglugerðir), gr. 2.26 (Samræmismat) og gr. 2.27 (Gagnsæi) þegar Evrópusambandið hefur uppfyllt sams konar skuldbindingar sínar í samræmi við viðskipta- og samstarfssamning Evrópusambandsins og Kjarnorkubandalags Evrópu annars vegar og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands hins vegar, sem undirritaður var í London og Brussel 30. desember 2020 (UK-EU TCA), nema þar sem Ísland og Noregur hafa ákvörðunarrétt um hvernig þau taka tæknireglugerðir og samræmismatsaðferðir ESB upp í landslög sín.

GR. 2.23

Tengsl við samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir.

1. Ákvæði 2.–9. gr. og 1. og 3. viðauka við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir eru felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.
2. Hugtök sem um getur í þessum þætti og í viðaukum við þessa þætti skulu hafa sömu merkingu og þau hafa í samningnum um tæknilegar viðskiptahindranir.

GR. 2.24

Tæknireglugerðir.

1. Sérhver samningsaðili skal framkvæma mat á áhrifum fyrirhugaðra tæknireglugerða í samræmi við viðeigandi reglur sínar og málsmeðferðarreglur. Reglurnar og málsmeðferðarreglurnar, sem um getur í þessari málsgrein og í 8. mgr., geta kveðið á um undantekningar.
2. Sérhver samningsaðili skal meta tiltæka kosti, með eða án reglusetningar, í stað fyrirhugaðrar tæknireglugerða sem kunna að uppfylla lögmæt markmið samningsaðilans í samræmi við gr. 2.2 í samningnum um tæknilegar viðskiptahindranir.
3. Sérhver samningsaðili skal nota viðeigandi alþjóðlega staðla sem grunn að tæknireglugerðum sínum nema þegar hægt er að sýna fram á að slíkir alþjóðlegir staðlar séu ófullnægjandi eða óviðeigandi tæki til að ná þeim lögmætu markmiðum sem stefnt er að.
4. Alþjóðlegir staðlar sem þróaðir eru af Alþjóðlegu staðlasamtökunum (ISO), Alþjóðaraftækninefndinni (IEC), Alþjóðafjarskiptasambandinu (ITU) og Alþjóðamatvælasráðinu (Codex) skulu vera viðeigandi alþjóðlegir

staðlar í skilningi 2. og 5. gr. samningsins um tæknilegar viðskiptahindranir og 3. viðauka við samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir.

5. Staðal, sem önnur alþjóðastofnun þróar, má einnig telja viðeigandi alþjóðlegan staðal í skilningi 2. og 5. gr. samningsins um tæknilegar viðskiptahindranir og 3. viðauka við samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir, að því tilskildu að:
 - (a) hann hafi verið þróaður af staðlastofnun sem reynir að ná samstöðu, annaðhvort:
 - (i) meðal sendinefnda þjóða sem taka þátt sem aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og eru fulltrúar allra landsbundinna staðlastofnana á sínu yfirráðasvæði sem hafa samþykkt eða búast má við að samþykki staðla fyrir það viðfangsefni sem alþjóðlegt staðlastarf tengist eða
 - (ii) meðal opinberra stofnana aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og
 - (b) hann hafi verið þróaður í samræmi við ákvörðun nefndar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir að því er varðar meginreglur vegna þróunar alþjóðlegra staðla, leiðbeininga og tilmæla með tilliti til 2. og 5. gr. samningsins um tæknilegar viðskiptahindranir og 3. viðauka við samninginn um tæknilegar viðskiptahindranir.³
6. Ef samningsaðili notar ekki alþjóðlega staðla sem grunn fyrir tæknireglugerð skal hann, að beiðni annars samningsaðila, tilgreina hvers kyns meiriháttar frávík frá viðkomandi alþjóðlegum staðli, útskýra ástæður þess að slíkir staðlar þóttu óviðeigandi eða ófullnægjandi fyrir það markmið sem stefnt var að og láta í té vísindaleg eða tæknileg gögn að baki slíku mati.
7. Sérhver samningsaðili skal endurskoða tæknireglugerðir sínar í samræmi við viðeigandi reglur og málsmeðferðarreglur sínar til að auka samleitni þeirra tæknireglugerða og viðeigandi alþjóðlegra staðla, að teknu tilliti til m.a. nýrrar þróunar á viðeigandi alþjóðlegum stöðlum eða breytinga á aðstæðum sem hafa leitt til frávíks frá viðeigandi alþjóðlegum stöðlum.
8. Sérhver samningsaðili skal, í samræmi við viðeigandi reglur og málsmeðferðarreglur sínar og með fyrirvara um 11. kafla (Góðar reglusetningarvenjur og samstarf um reglusetningu), við þróun meiriháttar tæknireglugerðar, sem getur haft umtalsverð áhrif á viðskipti, tryggja að fyrir hendi sé málsmeðferð sem heimilar aðilum að láta skoðanir sínar í ljós í samráði við almenning nema í þeim tilvikum þegar upp koma vandamál sem brýnt er að leysa í öryggis-, heilbrigðis- eða umhverfismálum eða hætta

³ G/TBT/9, 13. nóvember 2000, 4. viðauki.

er á slíku. Sérhver samningsaðili skal heimila aðilum annars samningsaðila að taka þátt í slíku samráði með skilmálum sem eru ekki óhagstæðari en þeir sem gilda um hans eigin ríkisborgara og skal samningsaðilinn gera niðurstöður slíks samráðs opinberar.

GR. 2.25

Staðlar.

1. Sérhver samningsaðili skal hvetja staðlastofnanir með staðfestu hjá þeim samningsaðila og svæðisbundnar staðlastofnanir, sem samningsaðili eða staðlastofnanir með staðfestu hjá þeim samningsaðila eiga aðild að:
 - (a) til að taka þátt í undirbúningi viðeigandi alþjóðlegra staðlastofnana á viðkomandi alþjóðlegum stöðlum, eftir því sem aðstæður þeirra leyfa,
 - (b) til að nota viðeigandi alþjóðlega staðla sem grunn að stöðlum sem þær þróa nema í þeim tilvikum þar sem slíkir alþjóðlegir staðlar væru ófullnægjandi eða óviðeigandi, t.d. vegna ófullnægjandi verndar, veðurfarslegra eða landfræðilegra þátta sem hafa grundvallarþýðingu eða tæknilegra vandkvæða sem hafa grundvallarþýðingu,
 - (c) til að komast hjá tvíverknaði eða skörun við vinnu alþjóðlegra staðlastofnana,
 - (d) til að endurskoða með reglulegu millibili landsbundna og svæðisbundna staðla sem byggjast ekki á viðeigandi alþjóðlegum stöðlum með það fyrir augum að auka samleitni þeirra staðla og viðeigandi alþjóðlegra staðla,
 - (e) til að eiga samstarf við viðeigandi staðlastofnanir annars samningsaðila við gerð alþjóðlegra staðla, þ.m.t. með samstarfi innan alþjóðlegra staðlastofnana eða á svæðisbundnum vettvangi,
 - (f) til að stuðla að tvíhliða samstarfi við staðlastofnanir annars samningsaðila og
 - (g) til að skiptast á upplýsingum milli staðlastofnana.
2. Samningsaðilarnir skulu skiptast á upplýsingum um:
 - (a) notkun þeirra hvers um sig á stöðlum til stuðnings tæknireglugerðum og
 - (b) viðkomandi stöðlunarferla sína og að hvaða marki þeir nota alþjóðlega, svæðisbundna eða undirsvæðisbundna staðla sem grundvöll fyrir landsbundna staðla sína.

3. Ef staðlar eru gerðir skyldubundnir í drögum að tæknireglugerðum eða samræmismatsaðferðum, með innleiðingu eða tilvísun, gildir gagnsæisskyldan sem sett er fram í gr. 2.27 (Gagnsæi) þessa samnings og í 2. eða 5. gr. samningsins um tæknilegar viðskiptahindranir.

GR. 2.26

Samræmismat.

1. Ákvæði gr. 2.24 (Tæknireglugerðir) að því er varðar undirbúning, samþykkt og beitingu tæknireglugerða skulu einnig gilda um samræmismatsaðferðir, að breyttu breytanda.
2. Ef samningsaðili krefst samræmismats til að fá fulla vissu fyrir því að vara sé í samræmi við tæknireglugerðir skal hann:
 - (a) velja samræmismatsaðferðir sem hæfa þeirri áhættu sem um ræðir, eins og ákvarðað er á grundvelli áhættumats,
 - (b) líta á notkun samræmisfirlýsingar birgis sem sönnun fyrir því að farið sé að tæknireglugerðum, þ.e. samræmisfirlýsing sem framleiðandinn gefur út er einungis á ábyrgð framleiðandans án skyldubundins mats þriðja aðila, til að fá vissu fyrir samræmi meðal þeirra valkosta sem nota má til að sýna fram á samræmi við tæknireglugerðir og
 - (c) fari annar samningsaðili fram á það, veita upplýsingar um þau viðmið sem notuð eru til að velja samræmismatsaðferðir fyrir tilteknar vörur.
3. Ef samningsaðili þarf á samræmismati þriðja aðila að halda til að fá fulla vissu fyrir því að varan sé í samræmi við tæknireglugerðir og hann hefur ekki úthlutað þessu verkefni til opinbers yfirvalds eins og tilgreint er í 4. mgr. skal hann:
 - (a) nota faggildingu, eftir því sem við á, til að sýna fram á tæknilega færni til að veita samræmismatsstofu réttindi. Með fyrirvara um réttindi hans til að setja fram kröfur vegna samræmismatsstofa gerir sérhver samningsaðili sér grein fyrir hve þýðingarmikill þáttur faggilding, sem framkvæmd er með umboði stjórnvalda og á öðrum grundvelli en viðskiptalegum, er við að veita samræmismatsstofu réttindi,
 - (b) nota viðeigandi alþjóðlega staðla vegna faggildingar og samræmismats,
 - (c) hvetja faggildingaraðila og samræmismatsstofur sem staðsettar eru hjá þeim samningsaðila til að taka þátt í viðeigandi virkum alþjóðasamningum eða fyrirkomulagi vegna samræmingar eða til að auðvelda samþykki á niðurstöðum samræmismats,

- (d) tryggja, ef samningsaðili heimilar tveimur eða fleiri samræmismatsstofum að framkvæma samræmismatsferli sem krafist er til að setja vöru á markað, að rekstraraðilar geti valið úr þeim samræmismatsstofum sem yfirvöld samningsaðila tilnefna vegna tiltekinnar vöru eða vöruflokks,
 - (e) tryggja að samræmismatsstofur séu almennt sjálfstæðar gagnvart framleiðendum, innflytjendum og rekstraraðilum og að engir hagsmunaaðrir séu milli faggildingaraðila og samræmismatsstofa,
 - (f) heimila samræmismatsstofum að nota undirverktaka til að framkvæma prófanir eða skoðanir í tengslum við samræmismatið, þ.m.t. undirverktakar sem staðsettir eru hjá öðrum samningsaðila, og geta krafist þess að undirverktakar uppfylli sömu kröfur og samningsmatsstofurnar sjálfar verða að uppfylla til að framkvæma slíkar prófanir eða skoðanir og
 - (g) birta á einu vefsetri skrá yfir þá aðila sem hann hefur tilnefnt til að framkvæma slíkt samræmismat og viðeigandi upplýsingar um gildissvið tilnefningar hvers slíks aðila.
4. Ekkert í þessari grein skal koma í veg fyrir að samningsaðili geri kröfu um að tilnefnd opinber yfirvöld hans annist samræmismat í tengslum við tiltekna vöru. Ef samningsaðili gerir kröfu um að tilgreind opinber yfirvöld hans annist samræmismat skal hann:
- (a) takmarka gjöld vegna samræmismats við áætlaðan kostnað af þeirri þjónustu sem veitt er og, að fenginni beiðni frá þeim sem óskar eftir samræmismati, útskýra hvernig kostnaður sem það innheimtir fyrir samræmismatið er takmarkaður við áætlaðan kostnað af þeirri þjónustu sem veitt er og
 - (b) birta gjöld vegna samræmismatsins.
5. Þrátt fyrir 2.–4. mgr. skal sérhver samningsaðili samþykkja samræmisýfirlýsingu birgis sem sönnun fyrir því að farið sé að tæknireglugerðum á vörusviðum þar sem slíkt á við á gildistökudegi þessa samnings.
6. Sérhver samningsaðili skal í upplýsingaskyni birta og halda skrá yfir þau vörusvið, sem um getur í 5. mgr., og tilvísanir í gildandi tæknireglugerðir.
7. Þrátt fyrir 5. mgr. getur hver samningsaðili um sig innleitt kröfur um skyldubundna prófun eða útgáfu vottorða af hálfu þriðja aðila á þeim vörusviðum sem um getur í þeirri málsgrein, að því tilskildu að slíkar kröfur séu réttlætanager á grundvelli lögmætra markmiða og hæfi þeim tilgangi að veita innflutningsaðilanum fullnægjandi vissu fyrir því að vörur séu í samræmi við gildandi tæknireglugerðir eða staðla, með tilliti til þeirrar áhættu sem felst í því að uppfylla ekki skilyrði.

8. Samningsaðili sem leggur til að samræmismatsaðferðirnar, sem um getur í 7. mgr., verði teknar upp skal tilkynna hinum samningsaðilunum um slíkt snemma í ferlinu og taka tillit til athugasemda hinna samningsaðilanna þegar hann mótar slíkar samræmismatsaðferðir.

GR. 2.27

Gagnsæi.

1. Að undanskildum tilvikum þar sem aðkallandi vandamál varðandi öryggi, heilbrigði, umhverfi eða þjóðaröryggi koma upp eða hættu er á að slíkt komi upp skal sérhver samningsaðili heimila hinum samningsaðilunum að leggja fram skriflegar athugasemdir um tilkynntar fyrirhugaðar tæknireglugerðir og samræmismatsaðferðir innan a.m.k. 60 daga frá því að tilkynning um slíkar reglugerðir eða aðferðir er skráð hjá miðlægri tilkynningaskrá Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Samningsaðili skal taka sanngjarna beiðni um að framlengja athugasemdatímabilið til vinsamlegrar athugunar.
2. Sérhver samningsaðili skal leggja fram rafræna útgáfu af öllum textanum sem tilkynnt var um ásamt tilkynningunni. Ef tilkynnti textinn er ekki á einu af opinberum tungumálum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skal tilkynningaradilinn leggja fram ítarlega lýsingu á efni ráðstöfunarinnar á tilkynningareyðublaði Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
3. Ef samningsaðila berast skriflegar athugasemdir við tillögur sínar að tæknireglugerðum eða samræmismatsaðferðum frá öðrum samningsaðila skal hann:
 - (a) að ósk viðkomandi samningsaðila, fjalla um skriflegu athugasemdirnar með þátttöku lögbærs eftirlitsyfirvalds síns, þegar hægt er að taka tillit til þeirra, og
 - (b) svara athugasemdunum skriflega eigi síðar en á birtingardegi tæknireglugerðarinnar eða samræmismatsaðferðarinnar.
4. Sérhver samningsaðili skal leitast við að birta á vefsetri svör sín við athugasemdum sem hann fær í kjölfar tilkynningarinnar sem um getur í 1. mgr., eigi síðar en á birtingardegi samþykktu tæknireglugerðarinnar eða samræmismatsaðferðarinnar.
5. Sérhver samningsaðili skal, fari annar samningsaðili fram á það, veita upplýsingar varðandi markmið, lagagrundvöll og grunnforsendur fyrir öllum tæknireglugerðum eða samræmismatsaðferðum sem samningsaðilinn hefur samþykkt eða leggur til að verði samþykktar.
6. Sérhver samningsaðili skal tryggja að tæknireglugerðir og samræmismatsaðferðir sem hann hefur samþykkt séu birtar á vefsetri sem er aðgengilegt án endurgjalds.

7. Sérhver samningsaðili skal setja upplýsingar um samþykki og gildistöku tæknireglugerða eða samræmismatsaðferða og um samþykktar lokaútgáfur af textum fram í viðbót við upprunalega tilkynningu til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
8. Sérhver samningsaðili skal láta hæfilegan tíma líða milli birtinga á tæknireglugerðum og gildistöku þeirra til að gefa rekstraraðilum hinna samningsaðilanna tækifæri til aðlögunar.
9. Samningsaðili skal taka til vinsamlegrar athugunar beiðnir annars samningsaðila, sem berast fyrir lok athugasemdatímabilsins sem sett er fram í 1. mgr., um að framlengja tímabilið milli samþykktar tæknireglugerðanna og gildistöku þeirra nema í þeim tilvikum þar sem seinkunin myndi ekki nægja til að ná fram þeim lögmætu markmiðum sem stefnt er að.
10. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að upplýsingamiðstöðin, sem komið er á fót í samræmi við 10. gr. samningsins um tæknilegar viðskiptahindranir, veiti upplýsingar og svör á einu af opinberum tungumálum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar við réttmætum fyrirspurnum hinna samningsaðilanna eða frá hagsmunaaðilum hinna samningsaðilanna varðandi samþykktar tæknireglugerðir og samræmismatsaðferðir.

GR. 2.28

Merkingar og merkimiðar.

1. Tæknireglugerðir samningsaðila geta falið í sér eða eingöngu varðað lögboðnar kröfur um merkingar eða merkimiða. Í slíkum tilvikum gilda reglurnar í gr. 2.2 í samningnum um tæknilegar viðskiptahindranir um þessar tæknireglugerðir.
2. Ef samningsaðili krefst lögboðinna merkinga eða merkimiða á vörur skulu öll eftirfarandi skilyrði gilda:
 - (a) aðeins skal krefjast upplýsinga sem skipta máli fyrir neytendur eða notendur vörunnar eða upplýsinga sem gefa til kynna að varan sé í samræmi við lögboðnu tæknilegu kröfurnar,
 - (b) ekki skal krefjast fyrirframsamþykkis, skráningar eða vottorða vegna merkimiða eða merkinga á vörum né greiðslu gjalds sem skilyrði fyrir því að setja markaðsvörur á markað sem annars eru í samræmi við lögboðnar tæknilegar kröfur nema slíkt sé nauðsynlegt í ljósi lögmætra markmiða,
 - (c) ef samningsaðilinn krefst þess að rekstraraðilar noti einkvæmt auðkennisnúmer skal hann úthluta rekstraraðilum annars samningsaðila slíku númeri án ótilhlýðilegrar tafar og án mismununar,

- (d) svo fremi að upplýsingarnar, sem taldar eru upp í i., ii. eða iii. lið, séu ekki villandi, mótsagnarkenndar eða misvísandi með tilliti til upplýsinganna sem innflutningssamningsaðilinn þarf að því er varðar vörurnar skal innflutningssamningsaðilinn heimila:
 - (i) upplýsingar á öðrum tungumálum til viðbótar við það tungumál sem innflutningssamningsaðilinn gerir kröfu um vegna varanna,
 - (ii) alþjóðlega viðurkenndar nafnaskrár, skýringarmyndir, tákn eða myndrænar útfærslur og
 - (iii) viðbótarupplýsingar við þær sem innflutningssamningsaðili varanna krefst,
- (e) samningsaðilinn skal samþykkja að merkingar, þ.m.t. viðbótarmerkingar eða leiðréttingar á merkingum, fari fram í tollvörugeymslum eða á öðrum tilgreindum stöðum í innflutningslandinu í stað merkinga í upprunalandinu nema gerð sé krafa um slíka merkingu af ástæðum sem varða lýðheilsu eða öryggi eða þess sé krafist fyrir vörur, aðrar en matvörur, fóðurvörur og fræ, sem samanstanda af eða innihalda erfðabreyttar lífverur,
- (f) svo fremi að samningsaðilinn telji það ekki grafa undan lögmætum markmiðum skal hann kappkosta að samþykkja notkun vörumiða sem eru ekki varanlegir eða hægt er að taka af eða merkinga og merkimiða í fylgigögnum frekar en að krefjast þess að merkingar eða merkimiðar séu efnislega festir á vöruna og
- (g) ákvæði 2. mgr. eiga ekki við um tóbaksvörur, nikótínvörur og tengdar vörur.

GR. 2.29

Samstarf um markaðseftirlit og öryggi og reglufylgni vara annarra en matvæla.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi samstarfs um markaðseftirlit, reglufylgni og öryggi vara annarra en matvæla til að greiða fyrir viðskiptum og vernd til handa neytendum og öðrum notendum og mikilvægi þess að byggja gagnkvæmt traust á miðluðum upplýsingum.
2. Til að tryggja sjálfstæða og óhlutdræga starfsemi markaðseftirlits skulu samningsaðilarnir tryggja:
 - (a) aðskilnað milli starfsemi markaðseftirlits og starfsemi samræmismats og

- (b) að engir hagsmunir séu fyrir hendi sem hafa áhrif á óhlutdrægni markaðseftirlitsyfirvalda þegar þau sinna umsjón eða eftirliti sínu með rekstraraðilum.
3. Samningsaðilarnir skulu vinna saman og skiptast á upplýsingum á sviði öryggis og reglufylgni vara annarra en matvæla, sem getur m.a. náð yfir eftirfarandi:
 - (a) markaðseftirlit og framfylgd og ráðstafanir,
 - (b) áhættumatsaðferðir og vöruprófanir,
 - (c) samræmda innköllun á vörum eða aðrar sambærilegar aðgerðir,
 - (d) málefni á sviði vísinda, tækni og reglusetningar til að bæta öryggi og reglufylgni vara annarra en matvæla,
 - (e) nýtilkomin málefni sem skipta verulegu máli varðandi heilbrigði og öryggi,
 - (f) staðlatengda starfsemi,
 - (g) embættismannaskipti.
 4. Samningsaðilarnir geta komið á fyrirkomulagi um regluleg upplýsingaskipti, þ.m.t. upplýsingaskipti með rafrænum hætti, er varða ráðstafanir sem gerðar eru vegna þess að ekki er farið að skilyrðum varðandi vörur aðrar en matvæli.
 5. Sérhver samningsaðili skal nota upplýsingarnar sem fengnar eru skv. 3. og 4. mgr. í þeim eina tilgangi að vernda neytendur, heilbrigði, öryggi eða umhverfið.
 6. Sérhver samningsaðili skal gæta trúnaðar um upplýsingarnar sem fengnar eru skv. 3. og 4. mgr. Þetta ákvæði skal ekki koma í veg fyrir birtingu slíkra upplýsinga sem kann að vera krafist samkvæmt landslögum.
 7. Fyrirkomulagið sem um getur í 4. mgr. skal tilgreina tegund upplýsinga sem skipst verður á, leiðir til skiptanna og beiðnir um trúnað og reglur um vernd persónuupplýsinga.
 8. Í þessari grein merkir „markaðseftirlit“ starfsemi sem yfirvöld markaðseftirlits og framfylgdar annast og þær ráðstafanir sem þau gera, þ.m.t. starfsemi sem fram fer og ráðstafanir sem gerðar eru í samstarfi við rekstraraðila, á grundvelli verklagsreglna samningsaðila til að gera þeim samningsaðila kleift að hafa eftirlit með eða fjalla um öryggi vara og að farið sé að þeim kröfum sem settar eru fram í lögum þeirra og reglum.
 9. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að hver sú ráðstöfun, sem yfirvöld hans á sviði markaðseftirlits eða framfylgdar gera til að afturkalla eða

innkalla, banna eða hefta framboð vöru á markaði hans, sem flutt er inn frá öðrum samningsaðila, af ástæðum sem tengjast því að skilyrði gildandi löggjafar eru ekki uppfyllt, sé hófleg, að grundvöllur hennar sé nákvæmlega tilgreindur og hún tilkynnt viðkomandi rekstraraðila án tafar.

GR. 2.30

Tæknilegar umræður.

1. Ef samningsaðili telur að drög eða tillaga að tæknireglugerðum eða samræmismatsaðferðum annars samningsaðila geti haft umtalsverð áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna getur hann óskað eftir tæknilegum umræðum um málið. Beiðnin til viðkomandi samningsaðila skal vera skrifleg og í henni skal tilgreina:
 - (a) ráðstöfunina sem um ræðir,
 - (b) þau ákvæði þessa þáttar eða í viðauka við þennan þátt sem tengjast málefnum og
 - (c) ástæður þess að beiðnin er lögð fram, þ.m.t. skýringar á áhyggjum samningsaðilans, sem leggur fram beiðnina, varðandi ráðstöfunina.
2. Samningsaðili skal afhenda beiðni sína tengilið viðkomandi samningsaðila sem tilnefndur er samkvæmt gr. 2.32 (Tengiliðir).
3. Samningsaðilarnir skulu koma saman til að ræða þau málefni sem beiðnin varðar, á staðfundi eða á myndfundi eða símafundi, fari samningsaðili fram á það, innan 60 daga frá því að beiðnin er lögð fram og skulu þeir leitast við að leysa málið eins fljótt og auðið er. Telji samningsaðili sem leggur fram beiðnina að málið sé brýnt getur hann óskað eftir að fundurinn fari fram innan skemmri tíma. Í slíkum tilvikum skal samningsaðilinn sem svarar beiðninni taka hana til vinsamlegrar athugunar.

GR. 2.31

Samvinna.

1. Samningsaðilarnir skulu hafa með sér samvinnu á sviði tæknireglugerða, staðla og samræmismatsaðferða þegar það er í þágu hagsmuna beggja aðila og með fyrirvara um sjálfstæði þeirra að því er varðar ákvarðanatöku og réttarkerfi hvers um sig. Undirnefndin um tæknilegar viðskiptahindranir getur skipst á skoðunum að því er varðar samvinnu sem fram fer samkvæmt þessari grein eða viðaukum við þennan þátt.
2. Að því er varðar 1. mgr. skulu samningsaðilarnir leitast við að greina, þróa og stuðla að samvinnu sem þjónar hagsmunum beggja. Þessi samvinna getur einkum tengst því að:

- (a) skiptast á upplýsingum, reynslu og gögnum sem varða tæknireglugerðir, staðla og samræmismatsaðferðir,
- (b) tryggja skilvirk samskipti og samvinnu milli viðkomandi eftirlitsyfirvalda þeirra á alþjóðlegum, svæðisbundnum og landsbundnum vettvangi,
- (c) skiptast á upplýsingum, að því marki sem slíkt er mögulegt, um alþjóðlega samninga og fyrirkomulag sem varðar tæknilegar viðskiptahindranir sem einn eða allir samningsaðilarnir eiga aðild að og
- (d) koma á fót eða taka þátt í framtaksverkefnum sem greiða fyrir viðskiptum.

GR. 2.32

Tengiliðir.

1. Sérhver samningsaðili skal, við gildistöku þessa samnings, tilnefna tengilið vegna framkvæmdar þessa þáttar og tilkynna hinum samningsaðilunum um samskiptaupplýsingar tengiliðarins, þ.m.t. upplýsingar varðandi viðeigandi embættismenn. Samningsaðilarnir skulu þegar í stað tilkynna hver öðrum um breytingar á þessum upplýsingum um tengiliði.
2. Tengiliðurinn skal veita upplýsingar eða skýringar sem tengiliðir hinna samningsaðilanna óska eftir í tengslum við framkvæmd þessa þáttar, innan hæfilegs tíma og, ef mögulegt er, innan 60 daga frá því að tekið er á móti beiðni um slíkt.

GR. 2.33

Undirnefnd um tæknilegar viðskiptahindranir.

1. Samningsaðilarnir koma hér með á fót undirnefnd um tæknilegar viðskiptahindranir sem skal hafa umsjón með framkvæmd og rekstri þessa þáttar og viðauka við hann og skal tafarlaust skýra frá og, ef unnt er, bregðast við málum sem samningsaðili vekur máls á varðandi þróun, samþykkt eða beitingu tæknireglugerða, staðla og samræmismatsaðferða samkvæmt þessum þætti eða samningnum um tæknilegar viðskiptahindranir.
2. Undirnefndin um tæknilegar viðskiptahindranir skal án ótilhlýðilegrar tafar endurskoða þennan þátt og tengda viðauka í ljósi þróunar sem máli skiptir samkvæmt viðskipta- og samstarfssamningnum milli Evrópusambandsins og Bretlands (UK-EU TCA). Í slíkum endurskoðunum skulu samningsaðilarnir leitast við að ná samkomulagi um tilmæli vegna samræmingar þessa þáttar við kaflann um tæknilegar viðskiptahindranir og

tengda viðauka samkvæmt viðskipta- og samstarfssamningnum milli Evrópusambandsins og Bretlands. Senda skal sameiginlegu nefndinni slík tilmæli um breytingar.

3. Undirnefndin um tæknilegar viðskiptahindranir getur, ef þörf krefur til að ná fram markmiðum þessa þáttar, komið á fót sérskipuðum tæknilegum vinnuhópum til að takast á við tiltekin viðfangsefni eða svið.
4. Undirnefndin um tæknilegar viðskiptahindranir skal koma saman, að beiðni samningsaðila, eigi síðar en fimm árum eftir að samningur þessi öðlast gildi og eftir það að beiðni samningsaðila.

ÞÁTTUR 2.3

RÁÐSTAFANIR Á SVIÐI HOLLUSTUHÁTTA OG HEILBRIGÐIS DÝRA OG PLANTNA

GR. 2.34

Markmið.

Markmiðin með þessum þætti eru að:

- (a) vernda líf og heilbrigði manna, dýra og plantna og umhverfið og greiða um leið fyrir viðskiptum,
- (b) efla framkvæmd samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna,
- (c) tryggja að ráðstafanir samningsaðilanna á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna valdi ekki óréttmætum viðskiptahindrunum,
- (d) stuðla að auknu gagnsæi og skilningi á beitingu ráðstafana hvers samningsaðila á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna,
- (e) auka samstarf milli samningsaðilanna um velferð dýra, eflingu sjálfbærra matvæakerfa og í baráttunni gegn sýkingalyfjaónæmi,
- (f) efla samstarf innan alþjóðlegra aðila sem annast setningu staðla um þróun alþjóðlegra staðla, leiðbeininga og tilmæla um dýraheilbrigði, matvælaöryggi og plöntuheilbrigði, þ.m.t. alþjóðlegir staðlar um vörur úr plöntum, og
- (g) stuðla að framkvæmd hvers samningsaðila á alþjóðlegum stöðlum, leiðbeiningum og tilmælum.

GR. 2.35

Gildissvið.

1. Þessi þáttur gildir um ráðstafanir samningsaðila á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna sem kunna að hafa bein eða óbein áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.
2. Þessi þáttur gildir einnig um samstarf milli samningsaðilanna á sviði velferðar dýra, ónæmis gegn sýkingalyfjum og sjálfbærra matvæakerfa.

Skilgreiningar.

1. Í þessum þætti og XIII. viðauka (Ákvæði og fyrirkomulag varðandi hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna) gilda eftirfarandi skilgreiningar:
 - (a) skilgreiningarnar í viðauka A við samninginn um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna,
 - (b) skilgreiningarnar sem samþykktar voru undir forsjá Alþjóðamatvælasráðsins (Codex),
 - (c) skilgreiningarnar sem samþykktar voru undir forsjá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE) og
 - (d) skilgreiningarnar sem samþykktar voru undir forsjá alþjóðasamningsins um plöntuvernd (IPPC).

2. Í þessum þætti og XIII. viðauka (Ákvæði og fyrirkomulag varðandi hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna) er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - (a) „innflutningsskilyrði“: hvers kyns ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna sem þarf að uppfylla vegna innflutnings á vörum,
 - (b) „ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna“: hvers kyns ráðstafanir, sem skilgreindar eru í 1. lið í viðauka A við samninginn um beitingu ráðstafana á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna, sem falla undir gildissvið þessa samnings,
 - (c) „undirnefnd um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna“: undirnefndin um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna sem komið er á fót samkvæmt gr. 2.50 (Undirnefnd um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna) og
 - (d) „samningur um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna“: samningurinn um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna sem er að finna í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

3. Undirnefndin um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna getur lagt fyrir sameiginlegu nefndina, sem er komið á fót með gr. 15.1 (Sameiginlega nefndin) í 15. kafla (Stofnanaákvæði), tilmæli um að samþykkja aðrar skilgreiningar að því er þennan þátt varðar, að teknu tilliti til orðalista og skilgreininga viðeigandi alþjóðastofnana, s.s.

Alþjóðamatvælasráðsins, Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar og alþjóðasamningsins um plöntuvernd.

4. Að því marki sem ósamræmis gætir milli skilgreininganna, sem samþykktar eru samkvæmt samningi þessum eða sem samþykktar eru undir forsjá Alþjóðamatvælasráðsins, Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar eða alþjóðasamningsins um plöntuvernd, og skilgreininganna samkvæmt samningnum um beitingu ráðstafana á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna, gilda skilgreiningarnar samkvæmt samningnum um beitingu ráðstafana á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna. Ef fyrir hendi er ósamræmi milli skilgreininga, sem samþykktar eru samkvæmt þessum samningi, og skilgreininga, sem settar eru fram af Alþjóðamatvælasráðinu, Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni eða alþjóðasamningnum um plöntuvernd, skulu skilgreiningarnar, sem settar eru fram af Alþjóðamatvælasráðinu, Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni eða alþjóðasamningnum um plöntuvernd, gilda.

GR. 2.37

Réttindi og skyldur.

Samningsaðilarnir staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningnum um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna. Þar á meðal er rétturinn til að samþykkja ráðstafanir í samræmi við 7. mgr. 5. gr. samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

GR. 2.38

Almennar meginreglur.

1. Sérhver samningsaðili skal beita ráðstöfunum á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna til að ná hæfilegu verndarstigi sem byggist á áhættumati í samræmi við viðeigandi ákvæði, þ.m.t. 5. gr. samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.
2. Samningsaðili skal ekki nota ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna til að skapa óréttmætar viðskiptahindranir.
3. Að því er varðar málsmeðferðir og samþykki á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna sem tengjast viðskiptum, sem komið er á fót með þessum þætti, skal sérhver samningsaðili tryggja að þær og tengdar ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna:
 - (a) hefjist og þeim ljúki án ótilhlýðilegrar tafar,
 - (b) feli ekki í sér ónauðsynlegar, vísindalega og tæknilega óréttmætar eða óþarflega íþyngjandi beiðnir um upplýsingar sem gætu tafið aðgang að mörkuðum annars samningsaðila,

- (c) feli ekki í sér beitingu þeirra með þeim hætti að hefði í för með sér handahófskennda eða óréttlætlega mismunun gagnvart öðrum samningsaðila eða hlutum annars samningsaðila þar sem sömu eða sambærileg skilyrði á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna eru fyrir hendi og
 - (d) séu í réttu hlutfalli við greinda áhættu og takmarki viðskipti ekki meira en nauðsynlegt er til að ná fram viðeigandi verndarstigi hjá innflutningssamningsaðilanum.
4. Samningsaðili skal ekki nota málsmeðferðarreglurnar og samþykkin sem um getur í 3. mgr. eða beiðnir um viðbótarupplýsingar til að tefja fyrir aðgangi að mörkuðum hans nema fyrir liggja vísindalegur eða tæknilegur rökstuðningur.
 5. Sérhver samningsaðili skal tryggja að hver sú stjórnábyrgð sem hann fer fram á varðandi innflutningsskilyrði í tengslum við matvælaöryggi, dýraheilbrigði eða plöntuheilbrigði sé ekki meira íþyngjandi eða leiði til meiri viðskiptatakmarkana en nauðsynlegt er til að veita innflutningssamningsaðilanum næga vissu fyrir því að þessi skilyrði séu uppfyllt. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að neikvæðum áhrifum af hvers konar stjórnábyrgðum á viðskipti sé haldið í lágmarki og að afgreiðsluferli séu áfram einföld og hröð, jafnframt því sem skilyrði innflutningssamningsaðilans eru uppfyllt.
 6. Innflutningssamningsaðilinn skal ekki koma á fót neins konar viðbótarstjórnábyrgð eða -meðferð sem hamlar viðskiptum að nauðsynjalausu.

GR. 2.39

Sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

Í XIII. viðauka (Ákvæði og fyrirkomulag varðandi hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna) eru sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

GR. 2.40

Lágmarkskröfur um meðferð vegna ráðstafana á sviði hollustuhátta.

1. Þessi grein gildir um ráðstafanir sérhvers samningsaðila á sviði hollustuhátta ef Bretland og ESB gera með sér samning um ráðstafanir á sviði hollustuhátta sem er í gildi milli Bretlands og Evrópusambandsins 1. janúar 2021 eða síðar (Samningur Bretlands og ESB um hollustuhætti).

2. Að því er tekur til málefna er varða hollustuhætti, sem kveðið er á um í XIII. viðauka (Ákvæði og fyrirkomulag varðandi hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna), skal sérhver samningsaðili njóta meðferðar sem er ekki óhagstæðari en sú sem Bretland og Evrópusambandið njóta samkvæmt skilmálum hvers konar samnings Bretlands og ESB um hollustuhætti. Að beiðni samningsaðila skulu samningsaðilarnir efna til samráðs innan undirnefndarinnar um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna til að fjalla um hvort taka eigi viðeigandi ákvæði hvers konar samnings Bretlands og ESB um hollustuhætti upp í þennan samning í samræmi við a-lið 2. liðar í gr. 2.50 (Undirnefnd um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna). Samningsaðilarnir skulu koma sér saman um skilmála og grundvöll slíkrar upptöku, með fyrirvara um innlend lagaskilyrði hvers samningsaðila fyrir sig.
3. Þessi grein gildir ekki um Ísland að því er varðar ráðstafanir á sviði hollustuhátta í tengslum við viðskipti með lifandi dýr, önnur en fisk og lagareldisdýr, og afurðir sem dýr framleiða, s.s. eggfrumur, sæði og fósturvísa.

GR. 2.41

Samstarf um málefni á sviði hollustuhátta.

Með fyrirvara um gr. 2.40 (Lágmarkskröfur um meðferð vegna ráðstafana á sviði hollustuhátta) samþykkja samningsaðilarnir að hafa með sér samstarf um þau málefni er varða hollustuhætti sem setja á fram í XIV. viðauka (Samstarf um málefni á sviði hollustuhátta) í samræmi við b-lið 2. liðar í gr. 2.50 (Undirnefnd um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna). Að beiðni samningsaðila skulu samningsaðilarnir efna til samráðs innan undirnefndarinnar um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna um þau málefni á sviði hollustuhátta sem hafa á samstarf um og um eðli og umfang slíks samstarfs.

GR. 2.42

Gagnsæi og upplýsingaskipti.

1. Sérhver samningsaðili skal vinna að gagnsæi að því er varðar ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna sem eiga við um viðskipti og skal í því sambandi grípa til eftirfarandi aðgerða:
 - (a) tilkynna hinum samningsaðilunum án tafar um hvers kyns breytingar á ráðstöfunum sínum á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna og á málsmeðferð við samþykki, þ.m.t. breytingar sem kunna að hafa áhrif á getu hans til að uppfylla innflutningskröfur varðandi hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna sem samningsaðili setur vegna tiltekinna vara,

- (b) efla gagnkvæman skilning á ráðstöfunum hans á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna og beitingu þeirra,
 - (c) skiptast á upplýsingum við hina samningsaðilana um málefni sem tengjast þróun og beitingu ráðstafana á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna, þ.m.t. framfarir í nýrri fyrirbyggjandi vísindabekkingu, sem hafa áhrif eða kunna að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna, í því skyni að lágmarka neikvæð áhrif á viðskipti,
 - (d) tilkynna, að beiðni samningsaðila, án ótilhlýðilegrar tafar um þau skilyrði sem eiga við um innflutning tiltekinna vara,
 - (e) tilkynna, að beiðni samningsaðila, án ótilhlýðilegrar tafar um stöðu málsmeðferðar við veitingu leyfa vegna tiltekinna vara,
 - (f) tilkynna hinum samningsaðilunum um sérhverja verulega breytingu á fyrirkomulagi eða skipulagi lögbærs yfirvalds samningsaðila,
 - (g) tilkynna, að fenginni beiðni, um niðurstöður opinbers eftirlits samningsaðila og leggja fram skýrslu varðandi niðurstöður þess eftirlits sem fram fór,
 - (h) tilkynna, að fenginni beiðni, um niðurstöður innflutningseftirlits sem kveðið er á um ef sendingu er hafnað eða ef hún er ekki í samræmi við tilskilin ákvæði og
 - (i) tilkynna, að fenginni beiðni, án ótilhlýðilegrar tafar um áhættumat eða vísindalegt álit sem unnið er af samningsaðila sem þessi þáttur varðar.
2. Hafi samningsaðili gert upplýsingarnar í 1. mgr. aðgengilegar með tilkynningu til miðlægrar tilkynningaskrár Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO's Central Registry of Notifications) eða til viðeigandi alþjóðlegs aðila sem annast setningu staðla, í samræmi við viðeigandi reglur hans, teljast kröfur 1. mgr., eins og þær eiga við um þær upplýsingar, uppfylltar.

GR. 2.43

Viðurkenning á stöðu plöntuskaðvalda og svæðisbundnum skilyrðum.

1. Samningsaðilarnir skulu viðurkenna hugtökin „svæði sem eru laus við skaðvalda“, „framleiðslustaðir sem eru lausir við skaðvalda“ og „framleiðslustöðvar sem eru lausar við skaðvalda“ sem og „svæði þar sem lítið er um skaðvalda“ eins og tilgreint er í alþjóðlegum stöðlum um ráðstafanir á sviði plöntuheilbrigðis alþjóðasamningsins um plöntuvernd, sem samningsaðilarnir samþykkja að beita í viðskiptum sínum á milli, í samræmi við samninginn um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, þ.m.t. viðmiðunarreglurnar til að koma enn

frekar til hagnýtrar framkvæmdar 6. gr. samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (ákvörðun nefndar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna G/SPS/48) og viðeigandi alþjóðlegir staðlar um ráðstafanir á sviði plöntuheilbrigðis.

2. Þegar svæði sem eru laus við skaðvalda, framleiðslustaði sem eru lausir við skaðvalda, framleiðslustöðvar sem eru lausar við skaðvalda og svæði þar sem lítið er um skaðvalda eru ákvörðuð, hvort sem það er í fyrsta skipti eða í kjölfar uppkomu plöntuskaðvalds, skal innflutningssamningsaðilinn byggja ákvörðun sína varðandi stöðu plöntuheilbrigðis hjá útflutningssamningsaðilanum, eða hlutum hans, á þeim upplýsingum sem útflutningssamningsaðilinn veitir í samræmi við samninginn um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna og alþjóðlega staðla um ráðstafanir á sviði plöntuheilbrigðis og taka tillit til ákvörðunar útflutningssamningsaðilans.
3. Útflutningssamningsaðilinn skal tilkynna hinum samningsaðilunum um svæði sem eru laus við skaðvalda, framleiðslustaði sem eru lausir við skaðvalda, framleiðslustöðvar sem eru lausar við skaðvalda og svæði þar sem lítið er um skaðvalda og, að fenginni beiðni, láta í té skýringar og viðbótargögn, eins og kveðið er á um í viðkomandi alþjóðlegum stöðlum um ráðstafanir á sviði plöntuheilbrigðis eða sem eru annars talin eiga við.
4. Eftir móttöku upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. getur innflutningssamningsaðilinn, án ótilhlýðilegrar tafar, hreyft andmælum, óskað eftir viðbótarupplýsingum eða samráði eða krafist sannprófunar. Innflutningssamningsaðilinn skal meta allar viðbótarupplýsingar, án ótilhlýðilegrar tafar, eftir að honum berast þær.
5. Hreyfi innflutningssamningsaðilinn ekki andmælum, óski eftir viðbótarupplýsingum eða samráði eða krefjist sannprófunar án ótilhlýðilegrar tafar eftir móttöku upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. skal lítið svo á að hann hafi samþykkt viðurkenningu á ákvörðun útflutningssamningsaðilans varðandi svæði sem eru laus við skaðvalda, framleiðslustaði sem eru lausir við skaðvalda, framleiðslustöðvar sem eru lausar við skaðvalda og/eða svæði þar sem lítið er um skaðvalda.
6. Þegar málsmeðferðinni, sem komið er á með þessari grein, er lokið og ef innflutningssamningsaðilinn tekur ákvörðun um að samþykkja umbeðin svæði sem eru laus við skaðvalda, framleiðslustaði sem eru lausir við skaðvalda, framleiðslustöðvar sem eru lausar við skaðvalda og/eða svæði þar sem lítið er um skaðvalda, skal hann heimila viðskipti á þeim grunni, án ótilhlýðilegrar tafar.
7. Samþykki innflutningssamningsaðilinn ekki umbeðin svæði sem eru laus við skaðvalda, framleiðslustaði sem eru lausir við skaðvalda, framleiðslustöðvar sem eru lausar við skaðvalda og/eða svæði þar sem lítið er um skaðvalda skal hann tilkynna útflutningssamningsaðilanum um þá

ákvörðun sína og útskýra ástæðurnar fyrir synjuninni og, að fenginni beiðni, efna til samráðs.

8. Fari innflutnings- eða útflutningssamningsaðilinn fram á samráð skal það fara fram í samræmi við 2. mgr. í gr. 2.44 (Tilkynningar og samráð).
9. Hvers konar sannprófun sem innflutningssamningsaðilinn kann að fara fram á skal framkvæmd með hliðsjón af líffræðilegum staðreyndum um skaðvaldinn og uppskerunni sem um er að ræða.
10. Plöntuheilbrigðiskröfur innflutningssamningsaðilans skulu ákveðnar að teknu tilliti til stöðu plöntuheilbrigðis hjá útflutningssamningsaðilanum og, ef innflutningssamningsaðilinn krefst þess, niðurstöðu áhættugreiningar fyrir skaðvald. Áhættugreiningin fyrir skaðvald skal fara fram í samræmi við viðeigandi alþjóðlega staðla um ráðstafanir á sviði plöntuheilbrigðis. Við áhættugreininguna skal taka tillit til tiltækra vísinda- og tækniupplýsinga.
11. Þegar innflutningssamningsaðilinn innleiðir eða viðheldur ráðstöfunum á sviði plöntuheilbrigðis skal hann taka tillit til svæða sem eru laus við skaðvalda, framleiðslustaða sem eru lausir við skaðvalda, framleiðslustöðva sem eru lausar við skaðvalda og svæða þar sem lítið er um skaðvalda.
12. Undirnefndinni um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna er heimilt að skilgreina frekari atriði málsmeðferðarinnar sem sett er fram í þessari grein, að teknu tilliti til samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna og leiðbeininga, staðla og tilmæla alþjóðasamningsins um plöntuvernd.

GR. 2.44

Tilkynningar og samráð.

1. Samningsaðili skal tilkynna hinum samningsaðilunum án ótilhlýðilegrar tafar um eftirfarandi:
 - (a) verulega breytingu á stöðu skaðvalda eða sjúkdóma,
 - (b) uppkomu nýs dýrasjúkdóms,
 - (c) faraldsfræðilega mikilvæga niðurstöðu að því er varðar dýrasjúkdóm,
 - (d) mikilvægt matvælaöryggismál sem samningsaðili hefur greint,
 - (e) hvers konar viðbótarráðstafanir sem ganga lengra en grunnkröfur ráðstafana þeirra á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna sem gerðar eru til að verjast eða útrýma dýrasjúkdómi eða til að vernda heilbrigði manna og um hvers konar breytingar á forvarnarstefnum, þ.m.t. varðandi bólusetningar,

- (f) að fenginni beiðni, um niðurstöður opinbers eftirlits samningsaðila og skýrslu varðandi niðurstöður þess eftirlits sem fram fór og
 - (g) hvers konar verulegar breytingar á starfsemi kerfis eða gagnagrunns.
2. Hafi samningsaðili verulegar áhyggjur af matvælaöryggi, plöntuheilbrigði eða dýraheilbrigði eða af ráðstöfun á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna, sem annar samningsaðili hefur lagt til eða framkvæmt, getur hann farið fram á tæknilegt samráð við hinn samningsaðilann. Samningsaðilinn sem beiðni er beint til ætti að svara beiðninni án ótilhlýðilegrar tafar. Bæði samningsaðilinn sem leggur fram beiðnina og samningsaðilinn sem beiðni er beint til skulu leitast við að veita þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir röskun á viðskiptum og, eftir atvikum, finna lausn sem gagnkvæm sátt er um.
3. Samráðsfundirnir, sem vísað er til í 2. mgr., mega vera símafundir, myndfundir eða haldnir með öðrum þeim samskiptamáta sem hlutaðeigandi samningsaðilar koma sér saman um.

GR. 2.45

Marghliða alþjóðlegur vettvangur.

Samningsaðilarnir eru einhuga um að starfa saman á vettvangi Alþjóðamatvælasráðsins, Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar og alþjóðasamningsins um plöntuvernd að þróun alþjóðlegra staðla, leiðbeininga og tilmæla á þeim sviðum sem falla undir gildissvið þessa þáttar.

GR. 2.46

Framkvæmd og lögbær yfirvöld.

1. Við framkvæmd þessa þáttar skal sérhver samningsaðili taka tillit til allra eftirfarandi þátta:
- (a) ákvarðana nefndar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna,
 - (b) starfa Alþjóðamatvælasráðsins, Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar og alþjóðasamningsins um plöntuvernd,
 - (c) þekkingar og fyrri reynslu sinnar af viðskiptum við útflutningssamningsaðilann,
 - (d) upplýsinga sem hinir samningsaðilarnir veita.

2. Samningsaðilarnir skulu, án tafar, láta hver öðrum í té lýsingu á lögbærum yfirvöldum samningsaðilanna vegna framkvæmdar þessa þáttar. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hver öðrum um verulegar breytingar á þessum lögbæru yfirvöldum.
3. Sérhver samningsaðili skal tryggja að lögbær yfirvöld hans hafi nauðsynleg tilföng til að koma þessum þætti til framkvæmda með skilvirkum hætti.

GR. 2.47

Samstarf varðandi ónæmi gegn sýkingalyfjum.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að ónæmi gegn sýkingalyfjum er alvarleg ógn við heilbrigði manna og dýra.
2. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að eðli þessarar ógnar krefst nálgunar sem er fjölþjóðleg og byggist á „Einni áætlun um heilbrigði og hnattrænar aðgerðir“, þar sem víxltengsl dýraheilbrigðis, heilbrigðis manna, öryggis matvæla, fæðuöryggis og umhverfis eru viðurkennd.
3. Samningsaðilarnir skulu leita nýrra leiða til að stuðla að varfærinni og ábyrgri notkun sýkingalyfja í búfjárrækt og ræktun nytjaplantna og til að afnema í áföngum á alþjóðavísu notkun á sýkingalyfjum sem vaxtarhvata.
4. Samningsaðilarnir skulu hafa með sér samstarf um og fylgja gildandi og síðari reglum, leiðbeiningum, stöðlum, tilmælum og aðgerðum sem viðeigandi alþjóðastofnanir þróa, framtaksverkefnum og landsáætlunum sem miða að því að stuðla að varfærinni og ábyrgri notkun sýkingalyfja í búfjárrækt, dýralæknaþjónustu og við ræktun nytjaplantna og, eftir því sem við á, að samræmingu eftirlits og gagnaöflunar.
5. Samningsaðilarnir skulu stuðla að samstarfi hvarvetna á viðeigandi marghliða vettvangi, einkum innan Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðamatvælasáttáttarinnar.
6. Samningsaðilarnir skulu greiða fyrir skiptum á upplýsingum, sérfræðipækkingu, gögnum um eftirlit með ónæmi gegn sýkingalyfjum og reynslu af baráttunni gegn ónæmi gegn sýkingalyfjum og greina sameiginlegar skoðanir, hagsmuni, forgangsmál og stefnumál á þessu sviði með það að markmiði að koma þessari grein til framkvæmda. Í því skyni geta samningsaðilarnir komið á fót sameiginlegum vinnuhópi til að berjast gegn ónæmi gegn sýkingalyfjum sem skal, eins og við á, miðla upplýsingum til undirnefndarinnar um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna. Með samkomulagi samningsaðilanna er vinnuhópnum, sem stofnaður er, heimilt að bjóða til sín sérfræðingum þegar um er að ræða sértækar aðgerðir.

GR. 2.48

Samstarf um velferð dýra.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að dýr eru skyni gæddar skepnur. Þeir gera sér einnig grein fyrir að samband er milli bættrar velferðar dýra og sjálfbærra matvælaframleiðslukerfa.
2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að starfa saman á alþjóðavettvangi að því að stuðla að þróun bestu mögulegu starfsvenja varðandi velferð dýra og framkvæmd þeirra. Samningsaðilarnir skulu einkum starfa saman að því að styrkja og rýmka gildissvið staðla Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar varðandi velferð dýra sem og framkvæmd þeirra með áherslu á alidýr.
3. Samningsaðilarnir skulu efla samstarf sitt um rannsóknir á sviði velferðar dýra til að þróa fullnægjandi staðla varðandi velferð dýra, sem byggjast á vísindum, í tengslum við kynbætur og meðferð á dýrum á bæjum, við flutning og slátrun.
4. Samningsaðilarnir skulu greiða fyrir skiptum á upplýsingum, sérfræðiþekkingu og reynslu á sviði aukinnar velferðar dýra og greina sameiginlegar skoðanir, hagsmuni, forgangsmál og stefnumál á þessu sviði með það að markmiði að koma þessari grein til framkvæmda. Í því skyni geta samningsaðilarnir komið á fót sameiginlegum vinnuhópi um velferð dýra sem skal, eins og við á, miðla upplýsingum til undirnefndarinnar um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna. Með samkomulagi samningsaðilanna er vinnuhópnum, sem stofnaður er, heimilt að bjóða til sín sérfræðingum þegar um er að ræða sértækar aðgerðir.

GR. 2.49

Sjálfbær matvælakerfi.

Sérhver samningsaðili skal hvetja þá aðila sína sem vinna að matvælaöryggi, dýra- og plöntuheilbrigði til samstarfs við samsvarandi aðila hinna samningsaðilanna í því skyni að stuðla að sjálfbærum matvælaframleiðsluaðferðum og matvælakerfum.

GR. 2.50

Undirnefnd um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna.

1. Samningsaðilarnir koma hér með á fót undirnefnd um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna sem skipuð skal reglusetningar- og viðskiptafulltrúum hvers samningsaðila sem bera ábyrgð á ráðstöfunum á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna.

2. Hlutverk undirnefndarinnar um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna skal m.a. vera:
- (a) að tryggja með samráðinu sem um getur í gr. 2.40 (Lágmarkskröfur um meðferð vegna ráðstafana á sviði hollustuhátta) að XIII. viðauki (Ákvæði og fyrirkomulag varðandi hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna) veiti samningsaðilunum eigi lakari meðferð en þá sem Bretland og Evrópusambandið njóta samkvæmt hvers konar samningi Bretlands og ESB um hollustuhætti. Undirnefndin um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna getur, á grundvelli niðurstöðu slíks samráðs, lagt fyrir sameiginlegu nefndina, sem komið var á fót samkvæmt gr. 15.1 (Sameiginlega nefndin) í 15. kafla (Stofnanaákvæði), tilmæli um að samþykkja ákvörðun um breytingu á XIII. viðauka (Ákvæði og fyrirkomulag varðandi hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna),
 - (b) að greiða fyrir samráði um málefni á sviði hollustuhátta sem fyrirhugað er að hafa samstarf um samkvæmt gr. 2.41 (Samstarf um málefni á sviði hollustuhátta) og um eðli og umfang slíks samstarfs. Undirnefndin um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna getur, á grundvelli niðurstöðu slíks samráðs, lagt tilmæli fyrir sameiginlegu nefndina um að samþykkja ákvörðun um breytingu á XIV. viðauka (Samstarf um málefni á sviði hollustuhátta),
 - (c) að koma á fót viðeigandi tengiliðum að því er varðar gr. 2.42 (Gagnsæi og upplýsingaskipti) og gr. 2.44 (Tilkynningar og samráð),
 - (d) að hafa eftirlit með framkvæmd þessa þáttar, fjalla um mál sem tengjast þessum þætti og rannsaka öll þau mál sem kunna að koma upp í tengslum við framkvæmd hans,
 - (e) að veita leiðsögn við greiningu, forgangsröðun, stjórnun og úrlausn mála,
 - (f) að fjalla um sérhverja beiðni samningsaðila um breytingar á innflutningseftirliti,
 - (g) að endurskoða a.m.k. einu sinni á ári viðaukana við þennan þátt, sérstaklega í ljósi framfara sem orðið hafa vegna samráðsins sem kveðið er á um samkvæmt samningi þessum. Að lokinni endurskoðun sinni getur undirnefndin um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna lagt fyrir sameiginlegu nefndina tilmæli um að samþykkja ákvarðanir um breytingar á viðaukum við þennan þátt,
 - (h) að hafa eftirlit með framkvæmd ákvörðunar sem sameiginlega nefndin hefur samþykkt skv. g-lið og með framkvæmd ráðstafana sem komið er á með þeirri ákvörðun,

- (i) að bjóða upp á reglulegan vettvang fyrir skipti á upplýsingum sem tengjast reglukerfum hvers samningsaðila, þ.m.t. um vísinda- og áhættumatið sem liggur til grundvallar ráðstöfun á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna,
 - (j) að leggja fyrir sameiginlegu nefndina tilmæli um að samþykkja ákvarðanir um að bæta við skilgreiningar eins og um getur í 3. mgr. í gr. 2.36 (Skilgreiningar) og skilgreina frekari atriði málsmeðferðarinnar sem um getur í 12. mgr. í gr. 2.43 (Viðurkenning á stöðu plöntuskaðvalda og svæðisbundnum skilyrðum) og í 4. hluta XIII. viðauka (Ákvæði og fyrirkomulag varðandi hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna) og
 - (k) að koma á öðrum leiðum til að styðja við skýringarnar sem um getur í 4. hluta XIII. viðauka (Ákvæði og fyrirkomulag varðandi hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna).
3. Undirnefndinni um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna er m.a. heimilt:
- (a) að greina tækifæri til frekari tvíhliða þátttöku, þ.m.t. aukin tengsl sem gætu tekið til embættismannaskipta,
 - (b) að ræða, snemma í ferlinu, breytingu á eða tillögu að breytingu á ráðstöfun á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna sem kemur til álita,
 - (c) að greiða fyrir auknum skilningi samningsaðilanna á framkvæmd samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna og stuðla að samstarfi milli samningsaðilanna um málefni er varða ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna sem eru til umræðu á marghliða vettvangi, þ.m.t. innan nefndar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna og hjá alþjóðlegum aðilum sem annast setningu staðla, eins og við á, og
 - (d) að greina og ræða, snemma í ferlinu, framtaksverkefni sem búa yfir þætti sem varðar ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna og sem myndu njóta góðs af samstarfi.
4. Undirnefndinni um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna er heimilt að koma á fót vinnuhópum, sem skipaðir eru sérfræðingum sem eru fulltrúar samningsaðilanna, til að fjalla um tiltekin málefni sem varða ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna.
5. Samningsaðila er heimilt að vísa sérhverju málefni sem varðar ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna til undirnefndarinnar um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna.

Undirnefndin um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna ætti að fjalla um málið án ótilhlýðilegrar tafar.

6. Ef undirnefndin um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna getur ekki leyst mál með skjóttum hætti skal hún, að fenginni beiðni samningsaðila, tilkynna sameiginlegu nefndinni um það án tafar.
7. Svo fremi að samningsaðilarnir ákveði ekki annað skal undirnefndin um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna koma saman og fastsetja vinnuáætlun sína eigi síðar en 180 dögum eftir að þessi samningur tekur gildi og setja sér starfsreglur eigi síðar en einu ári eftir gildistöku þessa samnings.
8. Eftir fyrsta fund sinn skal undirnefndin um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna koma saman eins og þurfa þykir en þó a.m.k. árlega. Undirnefndin um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna getur ákveðið að hittast á myndfundi eða símafundi og hún getur einnig fjallað um mál utan funda með bréfaskiptum.
9. Undirnefndin um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna skal árlega gefa sameiginlegu nefndinni skýrslu um starfsemi sína og vinnuáætlun.
10. Við gildistöku þessa samnings skal sérhver samningsaðili tilnefna og upplýsa aðra samningsaðila skriflega um tengilið til að samræma dagskrá undirnefndarinnar um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna og til að auðvelda samskipti um málefni sem varða beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

ÞÁTTUR 2.4

TOLLAMÁL OG VIÐSKIPTALIPRUN

GR. 2.51

Markmið og meginreglur.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi tolls og viðskiptalíprunar í hinu vaxandi alþjóðlega viðskiptaumhverfi og munu koma á tollafgreiðslufyrirkomulagi sem nýtir allar tiltækar aðferðir og tækni til líprunar, þar sem því verður við komið.
2. Samningsaðilarnir staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um viðskiptalíprun.⁴
3. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að taka skuli, þar sem við á, tillit til gerninga og staðla um tolla og alþjóðleg viðskipti, sem eiga við á sviði tolla og viðskipta, s.s. efnislegra þátta endurskoðaða Kýótó-samningsins um einföldun og samræmingu tollmeðferðar⁵, alþjóðlega samningsins um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá⁶, tollasamningsins um ATA-ábyrgðarskjöl fyrir innflutning á vörum um stundarsakir⁷, SAFE-rammaregluverksins um staðla til að treysta og greiða fyrir alþjóðaviðskiptum (SAFE-rammaregluverkið)⁸, staðla og tilmæla sem sett eru fram af miðstöð Sameinuðu þjóðanna á sviði viðskiptaliðkunar og samræmdra rafrænna viðskipta (UN/CEFACT)⁹ og tollgagnalíkans Alþjóðatollastofnunarinnar¹⁰, í tengslum við kröfur og ferla varðandi innflutning þeirra, útflutning og umflutning.

⁴ Samningurinn um viðskiptalíprun sem fylgir í viðauka við bókun um breytingu á samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (ákvörðun frá 27. nóvember 2014).

⁵ Alþjóðasamningur um einföldun og samræmingu tollmeðferðar, sem gerður var í Kýótó 18. maí 1973, eins og honum var breytt 26. júní 1999 með bókun um breytingu á alþjóðasamningi um einföldun og samræmingu tollmeðferðar frá 18. maí 1973.

⁶ Alþjóðlegi samningurinn um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá, sem gerður var í Brussel 14. júní 1983, eins og honum var breytt 24. júní 1986 með bókun um breytingu á alþjóðlega samningnum um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá.

⁷ Tollasamningurinn um ATA-ábyrgðarskjöl fyrir innflutning á vörum um stundarsakir, sem gerður var í Brussel 6. desember 1961.

⁸ SAFE-rammaregluverkið um staðla til að treysta og greiða fyrir alþjóðaviðskiptum, sem samþykkt var á fundi Alþjóðatollastofnunarinnar í Brussel í júní 2005 og eins og það er uppfært öðru hverju.

⁹ Staðlarnir og tilmælin sem miðstöð Sameinuðu þjóðanna á sviði viðskiptaliðkunar og samræmdra rafrænna viðskipta setur fram.

¹⁰ Safn gagnabátta og rafrænna sniðmáta fyrir skipti á viðskiptagögnum og samantekt alþjóðlegra staðla um gögn og upplýsingar sem notuð eru þegar líprun og eftirliti á grundvelli reglusetningar er beitt í alþjóðaviðskiptum, birt öðru hverju af verkefnishópi Alþjóðatollastofnunarinnar um gagnalíkön (e. WCO Data Model Project Team).

4. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að löggjöf og önnur lög sem tengjast viðskiptum skulu vera án mismununar og tollafgreiðsluferli byggjast á notkun nútímalegra aðferða og skilvirks eftirlits til að ná fram vernd og liprun lögmætra viðskipta.
5. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að tollafgreiðsluferli þeirra skulu ekki fela í sér meiri stjórnsýslubyrði eða hamla viðskiptum umfram það sem nauðsynlegt er til að ná lögmætum markmiðum og að þeim skuli beita, þar sem við á, á fyrirsjáanlegan, samræmdan og gagnsæjan hátt.
6. Til að tryggja gagnsæi, skilvirkni, heilindi og ábyrgð í starfsemi skulu samningsaðilarnir:
 - (a) endurskoða og einfalda kröfur og formsatriði þar sem því verður við komið, í því skyni að greiða fyrir skjótri afhendingu og tollafgreiðslu á vörum,
 - (b) íhuga frekari einföldun og stöðlun gagna og upplýsinga, sem tollgæsla og aðrar stofnanir krefjast, til að draga úr tíma og kostnaði sem af slíku hlýst fyrir aðila sem stunda viðskipti eða rekstraraðila, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki,
 - (c) tryggja að heilindum sé viðhaldið á hæsta stigi með beitingu ráðstafana sem endurspegla meginreglur viðeigandi alþjóðasamninga og gerninga á þessu sviði,
 - (d) tryggja samvinnu innan hvers samningsaðila milli tollyfirvalda og annarra landamærayfirvalda og
 - (e) ákveða samráð milli samningsaðilanna og viðskiptasamfélaga þeirra.
7. Samningsaðilarnir skulu leitast við að styrkja samstarf sitt með það í huga að tryggja að viðeigandi löggjöf og málsmeðferðarreglur, sem og stjórnsýslugeta viðeigandi stjórnsýslustofnana, uppfylli markmiðin um að efla viðskiptaliprun jafnframt því að tryggja skilvirkt tolleftirlit.
8. Samningsaðili skal ekki gera það að skilyrði fyrir innflutningi að fá frumrit eða afrit af útflutningsskýrslum sem lagðar eru fram hjá tollayfirvöldum útflutningssamningsaðilans. Ekkert í þessari málsgrein kemur í veg fyrir að samningsaðili geti gert kröfu um gögn á borð við vottorð, leyfi eða heimildir við innflutning á eftirlitsskyldum vörum.

GR. 2.52

Gagnsæi, birting og samráð.

1. Sérhver samningsaðili skal, að því marki sem unnt er og á þann hátt að samrýmist landslögum hans og réttarkerfi, birta fyrir fram og á netinu öll

lagafrumvörp sem máli skipta fyrir alþjóðaviðskipti með vörur, með það í huga að veita hagsmunaaðilum tækifæri til að gera athugasemdir við þau.

2. Sérhver sammingsaðili skal, í samræmi við lög sín, tryggja að ný eða breytt lög sem hafa almennt gildi og varða málefni tengd tollum og viðskiptalíprun verði birt eða upplýsingar um þau gerð aðgengileg almenningi á annan hátt, eins fljótt og unnt er fyrir gildistöku þeirra til að gera aðilum sem stunda viðskipti og öðrum hagsmunaaðilum kleift að kynna sér þau.
3. Breytingar á gjöldum eða tollum, ráðstöfunum sem hafa mildandi áhrif, ráðstöfunum sem hefðu minni áhrif ef farið yrði að 1. og 2. mgr., ráðstöfunum sem er beitt við knýjandi aðstæður eða minniháttar breytingar á landslögum og réttarkerfi falla hver um sig utan 1. og 2. mgr.
4. Sérhver sammingsaðili skal hafa samráð við eigið viðskiptasamfélag varðandi þróun og framkvæmd ráðstafana til viðskiptalíprunar og beina sérstakri athygli að hagsmunum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
5. Sérhver sammingsaðili skal þegar í stað birta, án mismununar og með aðgengilegum hætti, þ.m.t. á netinu, lög sín og almenna stjórnslumeðferð og viðmiðunarreglur er varða málefni tengd tolli og viðskiptalíprun. Þetta felur í sér:
 - (a) verklagsreglur varðandi innflutning, útflutning og umflutning (m.a. reglur varðandi hafnir, flugvelli og aðra komustaði) og tilskilin eyðublöð og gögn,
 - (b) tolla og skatta af hvaða toga sem eru lagðir á við eða í tengslum við innflutning eða útflutning,
 - (c) þóknanir og gjöld sem opinberar stofnanir leggja á við eða í tengslum við innflutning, útflutning eða umflutning,
 - (d) reglur varðandi flokkun eða mat á virði vara með tilliti til tollmeðferðar,
 - (e) lög og stjórnsluúrskurði sem hafa almenna skírskotun í tengslum við upprunareglur,
 - (f) höft á eða bann við innflutningi, útflutningi eða umflutningi,
 - (g) ákvæði um viðurlög ef farið er í bága við formsatriði vegna innflutnings, útflutnings eða umflutnings,
 - (h) kærumeðferð,
 - (i) samninga eða hluta samninga við land eða lönd í tengslum við innflutning, útflutning eða umflutning,
 - (j) verklagsreglur varðandi stjórnun tollkvóta,

- (k) afgreiðslutíma og verklagsreglur fyrir tollstöðvar við hafnir og landamærastöðvar og
 - (l) tengiliði vegna upplýsingagjafar.
6. Sérhver samningsaðili skal koma á fót eða viðhalda rekstri einnar upplýsingamiðstöðvar eða fleiri sem sjá um að svara fyrirspurnum hagsmunaaðila varðandi tolla og önnur málefni er varða viðskiptalíprun og skal gera upplýsingar varðandi verklagsreglur fyrir slíkar fyrirspurnir aðgengilegar öllum á netinu.
 7. Samningsaðili skal ekki krefjast greiðslu þóknunar fyrir að svara fyrirspurnum eða útvega nauðsynleg eyðublöð og skjöl.
 8. Upplýsingamiðstöðvarnar skulu svara fyrirspurnum og útvega umbeðin eyðublöð og skjöl innan hæfilegs frests sem sérhver samningsaðili setur en hann getur verið misjafnlega langur eftir því hvers eðlis og hversu flókin fyrirspurnin er.
 9. Í upplýsingunum um þóknunir og gjöld, sem birta skal í samræmi við c-lið 5. liðar, skulu koma fram þóknunir og gjöld sem verður beitt, ástæða slíkra þóknana og gjalda, ábyrgt yfirvald og hvenær og hvernig inna ber greiðslu af hendi. Ekki skal beita slíkum þóknunum og gjöldum fyrr en upplýsingar um þau hafa verið birtar.

GR. 2.53

Gögn, skjöl og sjálfvirkni.

1. Með það í huga að einfalda og draga úr flækjustigi formsatriða við innflutning, útflutning og umflutning og kröfum varðandi gögn og skjöl skal sérhver samningsaðili tryggja, eins og við á, að kröfur varðandi slík formsatriði, gögn og skjöl:
 - (a) séu samþykkt eða þeim beitt með það að markmiði að leyfa skjóta afhendingu vara, í því skyni að greiða fyrir viðskiptum milli samningsaðilanna og
 - (b) séu samþykkt eða þeim beitt á þann hátt að miði að því að draga úr tíma og kostnaði við reglufylgni aðila sem stunda viðskipti og rekstraraðila.
2. Sérhver samningsaðili skal stuðla að þróun og notkun háþróaðra kerfa, þ.m.t. kerfi sem byggjast á upplýsinga- og fjarskiptatækni, til að greiða fyrir skiptum á rafrænum gögnum milli aðila sem stunda viðskipti eða rekstraraðila og tollyfirvalda hans og annarra stofnana sem tengjast viðskiptum. Í þessu felst:

- (a) að gera rafræn kerfi aðgengileg notendum tollþjónustu,
 - (b) að heimila að tollskýrsla sé lögð fram á rafrænu formi,
 - (c) að nota rafræn eða sjálfvirk áhættustýringarkerfi og
 - (d) að leyfa eða krefjast rafrænnar greiðslu tolla, skatta, þóknana og gjalda sem tollyfirvöld hvers samningsaðila innheimta og leggja á við innflutning og útflutning.
3. Sérhver samningsaðili skal leitast við að gera stjórnsýsluskjöl á sviði viðskipta aðgengileg öllum í rafrænum útgáfum.
4. Sérhver samningsaðili skal samþykkja rafrænar útgáfur stjórnsýsluskjala á sviði viðskipta sem lögleg jafngildi skjala í pappírútgáfu nema þegar:
- (a) kveðið er á um annað í innlendum eða alþjóðlegum lagaskilyrðum eða
 - (b) slíkt myndi draga úr skilvirkni stjórnsýslumeðferðar á sviði viðskipta.
5. Samningsaðilarnir skulu leitast við að hafa með sér samstarf um þróun samvirkandi rafrænna kerfa til að greiða fyrir viðskiptum milli samningsaðilanna.
6. Sérhver samningsaðili skal vinna að frekari einföldun gagna og skjala sem tollyfirvöld hans og aðrar tengdar stofnanir krefjast.

GR. 2.54

Einfaldað tollafgreiðsluferli.

1. Sérhver samningsaðili skal samþykkja eða viðhalda ráðstöfunum sem gera aðilum sem stunda viðskipti eða rekstraraðilum, sem uppfylla viðmið sem tilgreind eru í lögum hans, kleift að njóta ávinnings af frekari einföldun tollafgreiðsluferlis. Samningsaðili getur boðið slíkar ráðstafanir varðandi viðskiptalíprun á grundvelli málsmeðferðar sem er almennt aðgengileg öllum rekstraraðilum og þess er ekki krafist að hann komi á sérstöku kerfi.
2. Sérhver samningsaðili skal leitast við að tryggja að þessi einfaldaða málsmeðferð feli í sér:
- (a) tollskýrslur sem innihalda minna magn gagna eða færri fylgiskjöl, þ.m.t. vegna flutnings verðlítilla sendinga,
 - (b) greiðslufrest á tollum og sköttum þar til innfluttu vörurnar hafa verið afhentar,

- (c) samanteknar tollskýrslur vegna greiðslu á tollum og sköttum sem geta náð yfir fleiri en eitt tilvik innflutnings og gert mánaðarlegar eða ársfjórðungslegar greiðslur mögulegar og
 - (d) notkun tryggingar fyrir lækkaðri upphæð eða undanþágu frá notkun tryggingar.
3. Samningsaðilarnir samþykkja að starfa saman og íhuga frekari ráðstafanir til að draga úr stjórnsýsluálagi á rekstraraðila í tengslum við innflutning og útflutning.

GR. 2.55

Afhending vara.

1. Sérhver samningsaðili skal samþykkja eða viðhalda einfaldaðri tollmeðferð vegna skilvirkrar afhendingar á vörum til að auðvelda viðskipti milli samningsaðilanna og draga úr kostnaði fyrir innflytjendur og útflytjendur.
2. Sérhver samningsaðili skal samþykkja eða viðhalda málsmeðferðarreglum sem:
 - (a) kveða á um skjóta afhendingu vara, innan tímabils sem er ekki lengra en nauðsynlegt er til að tryggja að öllum gildandi kröfum og málsmeðferðarreglum sé fylgt og að hámarki innan 48 klukkustunda¹¹ frá því að vörurnar og viðkomandi skjöl eru lögð fram hjá tollyfirvöldum, í báðum tilvikum að því tilskildu að:
 - (i) samningsaðilinn hafi fengið allar nauðsynlegar upplýsingar til að tryggja að öllum gildandi kröfum og málsmeðferðarreglum sé fylgt og
 - (ii) ekki þurfi að skoða vörurnar,
 - (b) að því marki sem mögulegt er og, ef við á, kveða á um rafræna fyrirframframlagningu og -vinnslu innflutningsskýrslna og annarra upplýsinga, m.a. farmskráa, og áður en vörurnar sjálfar koma, til að gera það kleift að afhenda þær strax við komu hafi engin áhætta komið í ljós, eða ef ekki á að framkvæma aðrar skoðanir,
 - (c) heimila afhendingu á vörum á komustað án tímabundins flutnings í vöruheimsu eða aðra aðstöðu, að undanskildum vörum sem samningsaðili skilgreinir sem eftirlitsskyldar vörur í samræmi við lög sín,
 - (d) heimila afhendingu á vörum, sem samningsaðili skilgreinir sem eftirlitsskyldar vörur, á komustað ef því verður við komið, með

¹¹ Á Íslandi og í Noregi eru helgar og lögboðnir frídagar undanskilin þessu tímabili.

fyrirvara um aðskildar málsmeðferðarreglur sem gilda um þær vörur samkvæmt lögum samningsaðilans,

- (e) heimila afhendingu vara áður en til endanlegrar ákvörðunar tolla, skatta, þóknana og gjalda kemur ef slík ákvörðun er ekki tekin fyrir eða strax við komu og að því tilskildu að allar aðrar kröfur samkvæmt reglum hafi verið uppfylltar. Samningsaðili getur krafist fullnægjandi tryggingar frá innflytjanda í formi sjálfskuldarábyrgðar, tryggingarfjár eða annars viðeigandi gernings áður en vörur eru afhentar og
 - (f) kveða á um heimild, að því marki sem mögulegt er og ef við á, til að tollafgreiða vissar vörur með lágmarksgögnum í samræmi við lög hans.
3. Sérhver samningsaðili skal samþykkja eða viðhalda tollmeðferð sem gerir það kleift að afhenda strax vörur sem liggur á að tollafgreiða, þ.m.t. dagvörur.
4. Til að komast hjá því að dagvara skemmist skal sérhver samningsaðili:
- (a) annaðhvort annast eða heimila innflytjanda að annast viðeigandi geymslu dagvöru á meðan afhendingar er beðið. Samningsaðilinn getur gert þá kröfu að viðkomandi yfirvöld hafi samþykkt eða tiltekið þá geymsluaðstöðu sem innflytjandinn hefur gert ráðstafanir um. Flutningur varanna í þessa geymsluaðstöðu, þ.m.t. leyfi fyrir rekstraraðila til að flytja vöruna, kann að vera háður samþykki viðkomandi yfirvalda, ef þess er krafist. Samningsaðilinn skal, þar sem því verður við komið og í samræmi við landslög sín og alþjóðlegar skuldbindingar, að beiðni innflytjanda, setja fram hvers kyns nauðsynlegar málsmeðferðarreglur vegna afhendingar frá slíkri geymsluaðstöðu og
 - (b) ef tafir verða á afhendingu dagvöru skal innflutningssamningsaðilinn gefa, að fenginni beiðni og að því marki sem unnt er, útskýringu um ástæðu eða ástæður tafarinnar.
5. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að yfirvöld hans og stofnanir, sem koma að landamæraeftirliti og öðru inn- og útflutningseftirliti, hafi með sér samstarf um og samhæfi viðskiptalíprun, m.a. með því að tryggja hæfilega hátt þjónustustig fyrir aðila sem stunda viðskipti á landamærum.

GR. 2.56

Áhættustjórnun.

1. Sérhver samningsaðili skal viðhalda áhættustjórnunarkerfi sem notar rafræna gagnavinnslutækni við tolleftirlit, sem gerir tollyfirvöldum hans

kleift að beina skoðunarstarfsemi sinni að sendingum sem mikil áhætta fylgir og flýta afhendingu sendinga sem lítil áhætta fylgir.

2. Sérhver samningsaðili skal móta og beita eigin áhættustjórnun þannig að komist verði hjá handahófskenndri eða óréttlætanlegri mismunun eða duldum höftum í alþjóðaviðskiptum.
3. Sérhver samningsaðili skal byggja eigin áhættustjórnun á áhættumati á grundvelli viðeigandi valviðmiðana.
4. Sérhver samningsaðili getur einnig valið af handahófi sendingar til skoðunar, sem um getur í 1. mgr., sem hluta af áhættustjórnun sinni.
5. Til að auðvelda viðskipti skal sérhver samningsaðili endurskoða reglubundið og uppfæra, eins og við á, áhættustjórnunarkerfið sem tilgreint er í 1. mgr.

GR. 2.57

Fyrirframúrskurðir.

1. Sérhver samningsaðili skal kveða upp fyrirframúrskurð í gegnum tolyfirvöld sín þar sem fram kemur sú meðferð sem viðkomandi vörur eiga að fá. Þann úrskurð skal kveða upp innan hæfilegs tímafrests og ávallt innan 90 daga frá því að tolyfirvöldin taka við skriflegri beiðni (sem getur verið rafræn) frá umsækjanda, að því tilskildu að hún innihaldi allar nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við lög samningsaðilans sem kveður upp úrskurðinn. Samningsaðili getur farið fram á sýnishorn af vörunni sem umsækjandi er að sækja um fyrirframúrskurð fyrir.
2. Fyrirframúrskurður skal taka til tollflokunar varanna, uppruna vara, m.a. hvort þær uppfylli skilyrði sem upprunavörur samkvæmt þætti 2.1 (Almenn ákvæði um vöruviðskipti) og annarra málefna sem samningsaðilarnir koma sér saman um.
3. Fyrirframúrskurður skal gilda í a.m.k. þrjú ár eftir að hann er kveðinn upp nema lög, málavextir eða þær aðstæður, sem upprunalegi fyrirframúrskurðurinn styðst við, hafi breyst.
4. Samningsaðili getur hafnað því að kveða upp fyrirframúrskurð ef málavextir og aðstæður sem liggja til grundvallar úrskurðinum eru háð stjórnisýslulegri endurskoðun eða endurskoðunarvaldi dómstóla eða þegar umsókn er ekki byggð á staðreyndum eða tengist ekki fyrirhugaðri notkun fyrirframúrskurðarins. Samningsaðili sem hafnar því að kveða upp fyrirframúrskurð skal tilkynna umsækjanda það skriflega þegar í stað þar sem fram koma viðkomandi málavextir og grundvöllur ákvörðunar hans.
5. Sérhver samningsaðili skal birta á netinu a.m.k.:

- (a) skilyrði varðandi umsókn um fyrirframúrskurð, m.a. upplýsingar sem ber að láta í té og snið þeirra,
 - (b) frest samningsaðila til að kveða upp fyrirframúrskurð og
 - (c) gildistíma fyrirframúrskurðar.
6. Ef samningsaðili afturkallar fyrirframúrskurð, breytir honum eða ógildir skal hann láta umsækjanda í té skriflega tilkynningu þar sem fram koma viðkomandi málavextir og grundvöllur ákvörðunar hans. Samningsaðila er því aðeins heimilt að afturkalla fyrirframúrskurð, breyta honum eða ógilda með afturvirkum hætti að hann sé byggður á ófullnægjandi, röngum, ónákvæmum, fölsuðum eða villandi upplýsingum frá umsækjanda.
7. Fyrirframúrskurður, sem samningsaðili kveður upp, skal vera bindandi fyrir hann hvað varðar þann umsækjanda sem sóttist eftir honum og fyrir umsækjandann.
8. Sérhver samningsaðili skal, að fenginni skriflegri beiðni umsækjanda, endurskoða fyrirframúrskurðinn eða ákvörðunina um að afturkalla hann, breyta honum eða ógilda.
9. Sérhver samningsaðili skal gera hvers kyns upplýsingar um fyrirframúrskurði, sem hann telur skipta aðra hagsmunaaðila máli, öllum aðgengilegar og hafa við það hliðsjón af því að nauðsynlegt er að vernda trúnaðarupplýsingar sem eru viðskiptalegs eðlis.

GR. 2.58

Tollverðsákvörðun.

Að því er varðar ákvörðun tollverðs vara, sem viðskipti eru með milli samningsaðila, skulu ákvæði I. hluta samningsins um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 í I. viðauka A við Marakessamninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar gilda, að breyttu breytanda.

GR. 2.59

Viðurkenndur rekstraraðili.

1. Sérhver samningsaðili skal koma á eða fylgja samstarfsáætlun um viðskiptalíprun að því er varðar rekstraraðila sem uppfylla sértækar viðmiðanir, hér á eftir nefnd áætlunin fyrir viðurkennda rekstraraðila (AEO), í samræmi við SAFE-rammaregluverkið.

2. Birta skal sértækar viðmiðanir, sem uppfylla þarf til að teljast viðurkenndur rekstraraðili, og tengjast því að uppfylla eða hættu á því að uppfylla ekki kröfur sem eru tilgreindar í lögum eða málsmeðferðarreglum sammingsaðilanna. Samningsaðilarnir geta notað viðmiðanirnar sem settar eru fram í a-lið mgr. 7.2 í 7. gr. sammings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um viðskiptalíprun.
3. Sértækar viðmiðanir, sem uppfylla þarf til að teljast viðurkenndur rekstraraðili, skulu ekki til þess gerðar eða beitt með þeim hætti að fram komi eða skapist handahófskennd eða óréttlæt看leg mismunun milli rekstraraðila þar sem sömu skilyrði eiga við og skulu heimila þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
4. Áætlunin fyrir viðurkennda rekstraraðila skal fela í sér sérstakan ávinning fyrir slíka rekstraraðila, að teknu tilliti til skuldbindinga sammingsaðilanna skv. mgr. 7.3. í 7. gr. sammings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um viðskiptalíprun.
5. Samningsaðilarnir geta starfað saman að því að koma á, eftir því sem við á og rétt þykir, gagnkvæmri viðurkenningu á áætlunum sínum fyrir viðurkennda rekstraraðila, að því tilskildu að áætlanirnar séu sambærilegar og byggist á jafngildum viðmiðunum og ávinningi.
6. Þessi grein á ekki við um fógetaumdæmið Jersey eða fógetaumdæmið Guernsey.

GR. 2.60

Endurskoðun og kærumeðferð.

1. Sérhver sammingsaðili skal setja fram málsmeðferðarreglur, sem eru skilvirkar, hraðvirkar, án mismununar og auðveldlega aðgengilegar, til að tryggja réttinn til kærumeðferðar á stjórnsluákvörðun um tollamál.
2. Sérhver sammingsaðili skal tryggja að hver sá sem fær útgefna stjórnsluákvörðun um tollamál hafi aðgang að:
 - (a) málskoti til eða endurskoðun af hálfu stjórnslustigs sem er æðra eða óháð þeim embættismanni eða skrifstofu sem gaf ákvörðunina út og
 - (b) því að skjóti málinu til eða fara fram á endurskoðun dómstóls á ákvörðuninni.
3. Sérhver sammingsaðili skal kveða á um að hver sá sem sótt hefur um ákvörðun tollyfirvalda og hefur ekki fengið stjórnsluákvörðun varðandi þá umsókn innan viðeigandi tímamarka skuli einnig eiga rétt á að nýta sér réttinn til málskots.

4. Sérhver sammingsaðili skal veita aðila, sem fær útgefna stjórnsluákvörðun, rökstuðning fyrir stjórnsluákvörðuninni til þess að hann geti nýtt sér kærumeðferð ef nauðsyn krefur.

GR. 2.61

Viðurlög.

1. Sérhver sammingsaðili skal kveða á um viðurlög við því að fara ekki að lögum eða kröfum um málsmeðferð í tengslum við tollmeðferð.
2. Sérhver sammingsaðili skal tryggja að lög hans kveði á um að gætt sé meðalhófs í öllum viðurlögum, sem beitt er vegna brota á lögum eða kröfum um málsmeðferð, og að þau séu án mismununar. Viðurlög við minni háttar brotum, s.s. óviljandi skorti á upplýsingum eða mistökum, þ.m.t. mistök við túlkun á lögum eða kröfum um málsmeðferð á sviði tollamála í tengslum við alþjóðaviðskipti með vörur, sem gerð eru án sviksamlegs ásetnings eða vítaverðs gáleysis, skulu ekki vera strangari en nauðsyn krefur til að koma í veg fyrir slíkar yfirsjónir.
3. Sérhver sammingsaðili skal sjá til þess að viðurlögum, sem tollyfirvöld hans beita vegna brota á lögum hans eða kröfum um málsmeðferð, sé einungis beitt gagnvart þeim sem ber/bera lagalega ábyrgð á brotinu.
4. Sérhver sammingsaðili skal tryggja að viðurlög sem beitt er séu byggð á málavöxtum og kringumstæðum máls og samsvari umfangi og alvarleika brotsins.
5. Sérhver sammingsaðili skal forðast hvata eða hagsmunaárekstra við mat og innheimtu sekta og gjalda.
6. Sérhver sammingsaðili skal krefjast þess að tollyfirvöld hans taki tillit til þess, sem mögulega mildandi þáttar, ef upplýsingar um brotið hafa verið birtar af eigin hvötum áður en tollyfirvöld komast á snoðir um það, við beitingu viðurlaga vegna brots á lögum sammingsaðila eða kröfum um málsmeðferð.
7. Sérhver sammingsaðili skal sjá til þess að ef viðurlögum er beitt vegna brota á lögum eða kröfum um málsmeðferð á sviði tollamála sé þeim sem fær eða fá á sig viðurlög lätin í té skrifleg skýring á eðli brotsins og á grundvelli hvaða laga eða málsmeðferðar fjárhæð eða umfang viðurlaga vegna brotsins eru ákveðin.
8. Sérhver sammingsaðili skal í lögum sínum eða málsmeðferðarreglum kveða á um, eða sjá til þess á annan hátt, að tollyfirvöld hans hafi fastan og endanlegan frest til að hefja málsmeðferð til beitingar á viðurlögum í tengslum við brot á lögum eða málsmeðferðarreglum á sviði tollamála.

GR. 2.62

Samstarf tollyfirvalda og gagnkvæm stjórnsýsluaðstoð.

1. Með fyrirvara um samstarf á öðru formi, sem þessi samningur kveður á um, skulu tollyfirvöld samningsaðilanna starfa saman, m.a. með því að skiptast á upplýsingum og veita gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í málum sem um getur í þessum þætti, í samræmi við ákvæði XV. viðauka (Gagnkvæm stjórnsýsluaðstoð í tollamálum).
2. Tollyfirvöld samningsaðilanna skulu efla samstarf í þeim málum, sem um getur í þessum þætti, með það fyrir augum að þróa viðskiptalíprun enn frekar, ásamt því að tryggja að farið sé að kröfum þeirra í lögum og málsmeðferðarreglum á sviði tollamála, og að bæta öryggi aðfangakeðja, á eftirfarandi sviðum sem varða:
 - (a) samstarf um samræmingu á kröfum varðandi gögn í tollamálum, í samræmi við gildandi alþjóðlega staðla, s.s. staðla Alþjóðatollastofnunarinnar,
 - (b) samstarf um frekari þróun þátta á sviði tollamála til að treysta og greiða fyrir aðfangakeðjunni í alþjóðaviðskiptum í samræmi við SAFE-rammaregluverkið og
 - (c) samstarf um að bæta áhættustýringaraðferðir sínar, þ.m.t. deila bestu starfsvenjum og, ef við á, upplýsingum um áhættu og niðurstöðum úr eftirliti.
3. Tollyfirvöld samningsaðilanna skulu tryggja nauðsynleg upplýsingaskipti að því er varðar 2. mgr.

GR. 2.63

Ein gátt.

Sérhver samningsaðili skal leitast við að þróa eða viðhalda einnar gáttar kerfum til að greiða fyrir einni rafrænni framlagningu á öllum upplýsingum sem tollalög og önnur löggjöf krefst varðandi útflutning, innflutning og umflutning vara.

GR. 2.64

Umflutningur og umskipun.

Sérhver samningsaðili skal:

- (a) tryggja líprun og skilvirkt eftirlit með aðgerðum við umskipun og umflutning um svæði hans,

- (b) leitast við að stuðla að og taka upp svæðisbundið fyrirkomulag við umflutning, með það í huga að greiða fyrir viðskiptum,
- (c) tryggja samstarf og samræmingu milli allra viðkomandi yfirvalda og stofnana á svæði hans til að greiða fyrir umflutningi og
- (d) heimila flutning vöru, sem er ætluð til innflutnings, innan svæðis síns undir tolleftirliti frá einni aðflutningstollstöð til annarrar tollstöðvar á yferráðasvæði hans, þaðan sem vörurnar yrðu afhentar eða tollafgreiddar.

GR. 2.65

Endurskoðun í kjölfar tollafgreiðslu.

1. Með hraðari afhendingu vara í huga skal sérhver samningsaðili:
 - (a) samþykkja eða viðhalda endurskoðun í kjölfar tollafgreiðslu til að tryggja að farið sé að lögum um tollamál og öðrum tengdum lögum,
 - (b) annast endurskoðun í kjölfar tollafgreiðslu á grundvelli áhættu sem kann að fela í sér viðeigandi valviðmiðanir,
 - (c) annast endurskoðun í kjölfar tollafgreiðslu með gagnsæjum hætti. Þegar endurskoðun hefur farið fram og niðurstöður eru afgerandi skal samningsaðilinn þegar í stað tilkynna þeim aðila, sem sætti endurskoðuninni um niðurstöðurnar, ástæður niðurstöðanna og réttindi og skyldur aðilans sem sætti endurskoðun og
 - (d) þegar slíkt er unnt, nota niðurstöður endurskoðana í kjölfar tollafgreiðslu við áhættustjórnun.
2. Samningsaðilarnir staðfesta að þær upplýsingar sem fást við endurskoðun í kjölfar tollafgreiðslu má nota við frekari málsmeðferð á sviði stjórnsýslu eða dómsmeðferðar.

GR. 2.66

Tollmiðlarar.

Samningsaðilarnir:

- (a) samþykkja að ekki skuli krefjast þess í tollákvæðum og málsmeðferðarreglum þeirra að tollmiðlarar séu notaðir,
- (b) skulu birta ráðstafanir varðandi notkun tollmiðlara og

- (c) skulu beita reglum sem eru gagnsæjar, án mismununar og innan marka meðalhófs, ef og þegar tollmiðlurum er veitt leyfi.

GR. 2.67

Þar til bærar tollstöðvar.

1. Sérhver samningsaðili skal ákvarða staðsetningu og valdheimildir tollstöðva sinna.
2. Sérhver samningsaðili skal tryggja að eðlilegur og viðeigandi opinber afgreiðslutími sé ákveðinn fyrir þessar stöðvar, að teknu tilliti til eðlis umferðar og vara og þess tollafgreiðsluferlis sem um þær vörur gilda, þannig að flæði umferðar sé hvorki hindrað né því raskað.

GR. 2.68

Samstarf milli landamæraastofnana.

Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að yfirvöld hans og stofnanir, sem koma að landamæraeftirliti og öðru eftirliti með innflutningi og útflutningi, starfi saman og samræmi málsmeðferðarreglur sínar til að auðvelda viðskipti.

GR. 2.69

Trúnaðarkvaðir.

1. Sérhver samningsaðili skal, í samræmi við lög sín, viðhafa leynd á þeim upplýsingum sem aflað hefur verið við tollafgreiðsluferli hans og koma í veg fyrir að þær upplýsingar verði notaðar eða opinberaðar sem gætu skaðað samkeppnisstöðu þess aðila sem stundar viðskipti og þessar trúnaðarupplýsingar varða. Ef lög samningsaðilans krefjast þess að samningsaðili opinberi þær upplýsingar sem hann fær eða aflar skal hann tilkynna það aðilanum eða samningsaðilanum sem veitti þær upplýsingar.
2. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að trúnaðarupplýsingar, sem aflað er við tollafgreiðsluferli hans, verði ekki notaðar eða opinberaðar í öðrum tilgangi en vegna stjórnunar og framkvæmdar tollamála, eða eins og kveðið er á um að öðru leyti í lögum samningsaðilans, nema með leyfi aðilans eða samningsaðilans sem veitti trúnaðarupplýsingarnar.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. getur samningsaðili heimilað notkun og opinberun upplýsinga, sem aflað hefur verið við tollafgreiðsluferli hans, við málsmeðferð hjá stjórnarsýslustofnun, dómsaðila eða úrskurðaraðila sem stofnað hefur verið til vegna þess að ekki hefur verið farið að lögum á sviði tollamála. Samningsaðili skal tilkynna aðilanum eða samningsaðilanum, sem veitti upplýsingarnar, fyrir fram um slíka notkun.

4. Ef trúnaðarupplýsingar eru notaðar eða opinberaðar á annan hátt en í samræmi við þessa grein skal hlutaðeigandi samningsaðili bregðast við atvikinu í samræmi við lög sín eða málsmeðferðarreglur og endurskoða eða uppfæra ferla sína og verndarráðstafanir, eftir því sem við á, til að koma í veg fyrir að slíkt eigi sér stað aftur.
5. Samningsaðilarnir skulu skiptast á upplýsingum um lög sín í þeim tilgangi að einfalda framkvæmd og beitingu 2. mgr.

ÞÁTTUR 2.5

VIÐSKIPTALEG ÚRRÆÐI

ALMENN ÁKVÆÐI

GR. 2.70

Lausn deilumála.

Ákvæði 16. kafla (Lausn deilumála) gilda ekki um þennan þátt nema 1. mgr. í gr. 2.73 (Reglan um lægri toll og almannahagsmunir).

UNDIRBOÐ OG JÖFNUNARRÁÐSTAFANIR

GR. 2.71

Almenn ákvæði.

1. Samningsaðilarnir skulu leitast við að komast hjá því að hefja ráðstafanir gegn undirboðum hver gegn öðrum.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar áréttu samningsaðilarnir réttindi sín og skyldur skv. VI. gr. GATT-samningsins frá 1994, samningnum um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 (samningurinn um undirboð) og samningnum um styrki og jöfnunarráðstafanir.

GR. 2.72

Rannsóknir.

1. Eftir að rannsóknaryfirvald samningsaðila hefur móttengið tilhlýðilega skjalfesta beiðni annars samningsaðila um rannsókn á undirboðum eða jöfnunarráðstöfunum að því er varðar innflutning, og áður en rannsókn hefst, skal hann tilkynna viðkomandi samningsaðila skriflega um móttöku beiðninnar.
2. Áður en rannsókn á jöfnunarráðstöfunum hefst skal samningsaðilinn einnig gefa viðkomandi samningsaðila færi á fundi með rannsóknaryfirvaldi hans til að hafa samráð varðandi beiðnina.

3. Að því tilskildu að það valdi ekki ónaðsynlegum töfum á framkvæmd rannsóknarinnar skal sérhver hagsmunaaðili að rannsókn á undirboðum eða jöfnunarráðstöfunum¹² fá fullt tækifæri til að verja hagsmuni sína.
4. Sérhver samningsaðili skal tryggja, áður en hann tekur endanlega ákvörðun, að veittar verði heildstæðar upplýsingar um helstu staðreyndir sem liggja til grundvallar ákvörðuninni um það hvort beita skuli endanlegum ráðstöfunum. Veiting heildstæðra upplýsinga um helstu staðreyndir hefur ekki áhrif á kröfnar um trúnað sem um getur í gr. 6.5 í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um undirboð og gr. 12.4 í samningnum um styrki og jöfnunarráðstafanir. Slík upplýsingagjöf skal vera skrifleg og ætti að eiga sér stað með nægum fyrirvara til þess að hagsmunaaðilar geti varið hagsmuni sína.
5. Samningsaðili sem leggur til að gripið verði til jöfnunarráðstafana skal, að fenginni beiðni, hafa samráð við viðkomandi samningsaðila, með eins miklum fyrirvara og unnt er áður en ráðstöfun er beitt, með það í huga fara yfir þær upplýsingar sem fram koma í rannsókninni og skiptast á skoðunum um fyrirhugaða ráðstöfun.
6. Upplýsingagjöf um helstu staðreyndir, sem fram fer í samræmi við 3. mgr., skal einkum fela í sér:
 - (a) ef um er að ræða rannsókn á undirboðum, upplýsingar um þau undirboðsfrávik sem ákveðin eru, nægilega ítarlega útskýringu á þeim grundvelli og aðferðafræði sem eðlisverð og útflutningsverð voru ákvörðuð út frá og þá aðferðafræði sem notuð var til að bera saman eðlisverð og útflutningsverð, að meðtöldum hvers kyns breytingum,
 - (b) ef um er að ræða rannsókn á jöfnunartollum, upplýsingar um ákvörðun styrkja til jöfnunar, þ.m.t. nægilega ítarleg gögn um útreikning fjárhæðarinnar og þá aðferðafræði sem fylgt er við ákvörðun styrkja,
 - (c) ef um er að ræða rannsókn á undirboðum, upplýsingar um ákvörðun tjóns, þ.m.t. upplýsingar um umfang innfluttu undirboðsvaranna og áhrif þeirra á verð á samsvarandi vörum á innanlandsmarkaði, um ítarlega aðferðafræði sem notuð er til að reikna út undirverð, um afleidd áhrif innfluttra undirboðsvara á viðkomandi innlenda atvinnugrein og um það hvernig sýnt er fram á orsakasamhengi, m.a. með athugun á öðrum þáttum en innfluttu undirboðsvörum, eins og um getur í gr. 3.5 í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um undirboð og
 - (d) ef um er að ræða rannsókn á jöfnunartollum, upplýsingar um ákvörðun tjóns, þ.m.t. upplýsingar um umfang innflutnings sem nýtur

¹² Að því er þessa grein varðar skal skilgreina hagsmunaaðila samkvæmt gr. 6.11 í samningnum um undirboð og gr. 12.9 í samningnum um styrki og jöfnunarráðstafanir.

styrkja og áhrif hans á verð á samsvarandi vörum á innanlandsmarkaði, um afleiðingar innflutnings sem nýtur styrkja á viðkomandi innlenda atvinnugrein og um það hvernig sýnt er fram á orsakasamhengi, m.a. með athugun á öðrum þáttum en styrkta innflutningnum, eins og um getur í gr. 15.5 í samningnum um styrki og jöfnunarráðstafanir.

7. Í þeim tilvikum þar sem rannsóknaryfirvald samningsaðila hyggst nýta fyrirbyggjandi staðreyndir samkvæmt gr. 6.8 í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um undirboð eða gr. 12.7 í samningnum um styrki og jöfnunarráðstafanir skal rannsóknaryfirvaldið tilkynna viðkomandi hagsmunaaðila um fyrirætlanir sínar og gefa skýrt til kynna hvaða ástæður gætu leitt til notkunar á fyrirbyggjandi staðreyndum. Ef rannsóknaryfirvaldið telur að þær skýringar sem viðkomandi hagsmunaaðili hefur látið í té, eftir að hann hefur fengið tækifæri til að setja fram frekari útskýringar innan hæfilegs frests, séu ekki fullnægjandi skulu fram koma með skýrum hætti, þegar veittar eru upplýsingar um helstu staðreyndir, þær fyrirbyggjandi staðreyndir sem rannsóknaryfirvaldið hefur notað í staðinn.

GR. 2.73

Reglan um lægri toll og almannahagsmunir.

1. Ákveði samningsaðili að leggja á undirboðs- eða jöfnunartoll skal hann beita reglunni um „lægri toll“ með því að ákvarða toll sem er undir undirboðsfrávikum eða fjárhæð styrks ef slíkur lægri tollur myndi nægja til að jafna út það tjón sem viðkomandi innlend atvinnugrein verður fyrir.
2. Rannsóknaryfirvald hvers samningsaðila skal hafa í huga, með tilliti til upplýsinga sem veittar eru í samræmi við lög samningsaðilans, hvort álagning undirboðs- eða jöfnunartolla væri ekki í þágu almannahagsmuna.

VERNDARRÁÐSTAFANIR

GR. 2.74

Almenn ákvæði og gagnsæi.

1. Samningsaðilarnir áréttta réttindi sín og skyldur varðandi viðtækar verndarráðstafanir skv. XIX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samningnum um verndarráðstafanir.
2. Að fenginni beiðni viðkomandi samningsaðila skal samningsaðilinn, sem hyggst grípa til verndarráðstafana, framvísa án tafar sérstakri skriflegri tilkynningu þar sem fram koma allar viðeigandi upplýsingar um upphaf rannsókna á verndarráðstöfunum, bráðabirgðaniðurstöður og lokaniðurstöður rannsóknarinnar.

3. Við beitingu verndarráðstafana skulu samningsaðilarnir leitast við að beita þeim á þann hátt sem hefur minnst áhrif á tvíhliða viðskipti.

3. KAFLI

ÞJÓNUSTA OG FJÁRFESTINGAR

ÞÁTTUR 3.1

ALMENN ÁKVÆÐI UM ÞJÓNUSTU OG FJÁRFESTINGAR

GR. 3.1

Gildissvið.

1. Ákvæði þessa kafla gilda ekki um:
 - (a) starfsemi stjórnvalda og
 - (b) hljóð- og myndmiðlunarþjónustu.
2. Þessi kafli gildir ekki um ráðstafanir samningsaðila með tilliti til innkaupa hans.
3. Ef frá er talin gr. 3.10 (Frammistöðukröfur) gildir þessi kafli ekki um niðurgreiðslur eða styrki sem samningsaðili veitir, þ.m.t. lán, ábyrgðir og tryggingar með stuðningi ríkisins.
4. Þessi kafli gildir hvorki um ráðstafanir sem hafa áhrif á einstaklinga frá samningsaðila sem leita eftir aðgangi að vinnumarkaði annars samningsaðila né heldur gildir hann um ráðstafanir varðandi ríkisfang, búsetu eða fasta atvinnu.
5. Þessi kafli skal ekki koma í veg fyrir að samningsaðili geti beitt ráðstöfunum til að stýra komu einstaklinga inn á yfirráðasvæði sitt eða tímabundinni dvöl þeirra þar, m.a. ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að vernda friðhelgi landamæra þeirra og tryggja skipulag á för einstaklinga yfir þau, að því tilskildu að slíkum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim hætti að það geri að engu eða skerði þann ávinning sem annar samningsaðili hefur samkvæmt skilmálum þessa kafla.¹³
6. Þessi kafli gildir ekki um flugþjónustu, þ.m.t. flutningaþjónusta í lofti innanlands og milli landa, jafnt áætlunarflug sem annað flug, eða tengda þjónustu til stuðnings flugþjónustu, aðra en eftirfarandi:

¹³ Ekki skal litið svo á að það eitt að krefjast vegabréfsáritunar fyrir einstaklinga frá samningsaðila geri að engu eða skerði ávinning samkvæmt þessum kafla.

- (a) viðgerðar- eða viðhaldsþjónustu vegna loftfars eða hluta þess þar sem loftfarið eða hluti þess er tekinn úr umferð, að undanskildu svonefndu leiðarviðhaldi,
 - (b) sölu og markaðssetningu á flutningaþjónustu í lofti,
 - (c) þjónustu tölvufarskráningarkerfis,
 - (d) sérhæfða flugþjónustu,¹⁴
 - (e) rekstur flugvalla og
 - (f) flugafgreiðslu.
7. Ef ósamræmis gætir milli þessa kafla og tvíhliða, fjölhliða eða marghliða samnings um flugþjónustu, sem Bretland og eitt eða fleiri EFTA-ríki innan EES eru aðilar að, skal samningurinn um flugþjónustu ganga framur við ákvörðun um réttindi og skyldur þeirra samningsaðila sem aðild eiga að þeim samningi um flugþjónustu.
8. Hafi Bretland og eitt eða fleiri EFTA-ríki innan EES sömu skyldum að gegna samkvæmt þessum samningi og þau hafa samkvæmt tvíhliða, fjölhliða eða marghliða samningi um flugþjónustu geta þeir samningsaðilar aðeins beitt málsmeðferð þessa samnings við lausn deilumála eftir að málsmeðferð hins samningsins við lausn deilumála hefur verið fullreynd.

GR. 3.2

Skilgreiningar.

1. Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- (a) „starfsemi stjórnvalda“: starfsemi, þ.m.t. veitt þjónusta, sem er hvorki framkvæmd á viðskiptalegum forsendum né í samkeppni við einn eða fleiri rekstraraðila,
 - (b) „rekstur flugvalla“: rekstur eða stjórn á flugvallargrunnvirki, gegn þóknun eða samkvæmt samningi, þ.m.t. flugvallarbyggingar, flugbrautir, akbrautir loftför og hlöð, stæði og samgöngukerfi innan flugvalla. Til að taka af vafa tekur rekstur flugvalla ekki til eignarhalds á eða fjárfestingar í flugvöllum eða landsvæðum flugvalla eða neinna þeirra starfsþátta sem eru í höndum stjórnar. Rekstur flugvalla felur ekki í sér flugleiðsöguþjónustu,
 - (c) „þjónusta tölvufarskráningarkerfis“: veiting þjónustu með tölvukerfum sem innihalda upplýsingar um áætlanir flugrekenda, laus

¹⁴ Ákvæði d-liðar skal vera með fyrirvara um lög og reglur samningsaðilanna hvers um sig um aðgang loftfars að, brottför frá og starfsemi innan samningsaðilans.

sæti, fargjöld og reglur þeirra þar sem hægt er að gera farpöntun eða gefa út farmiða,

- (d) „stofnsett fyrirtæki“: fyrirtæki sem fjárfestir annars samningsaðila kemur á fót, beint eða óbeint, hjá samningsaðila í samræmi við viðeigandi lög, sem er í rekstri á gildistökudegi þessa samnings eða er komið á fót eftir það,
- (e) „þjónustuviðskipti yfir landamæri“ eða „veiting þjónustu yfir landamæri“: veiting þjónustu:
 - (i) frá samningsaðila til annars samningsaðila eða
 - (ii) hjá samningsaðila til þjónustuneytanda annars samningsaðila,
- (f) „atvinnustarfsemi“: starfsemi sem er iðnaðar-, viðskipta- eða faglegs eðlis eða starfsemi handverksmanna, þ.m.t. veiting þjónustu, önnur en starfsemi stjórnvalda,
- (g) „fyrirtæki“: lögaðili eða útibú eða umboðsskrifstofa lögaðila,
- (h) „stofnsetning“: stofnun, yfirtaka eða stækkun fyrirtækis,
- (i) „flugafgreiðsla“: veiting þjónustu gegn þóknun eða samkvæmt samningi fyrir: fulltrúa flugrekanda, stjórn og eftirlit, umsýslu og yfirumsjón með flugafgreiðslu, þ.m.t. álagsstýring og samskipti, farþegaafgreiðsla, farangursafgreiðsla, hlaðþjónusta, farm- og póstaafgreiðsla, afgreiðsla eldsneytis og olíu, leiðarviðhald loftfars, flugrekstur, umsýsla vegna flugáhafna og gerð flugáætlana, viðhald og hreinsun loftfara, flutningur á jörðu niðri og veitingaþjónusta. Flugafgreiðsla tekur ekki til: eigin afgreiðslu, öryggisþjónustu, fastra flutningakerfa innan flugvalla, viðgerða og viðhalds loftfara eða reksturs eða stjórnunar á miðlægum grunnvirkjum flugvalla, s.s. kerfa til meðhöndlunar farangurs, aðstöðu til afþinga eða eldsneytisdreifikerfa,
- (j) „fjárfestir annars samningsaðila“:
 - (i) einstaklingur frá samningsaðila,
 - (ii) lögaðili frá samningsaðila eða
 - (iii) samningsaðili

sem hefur hug á að stofnsetja, er að stofnsetja eða hefur stofnsett fyrirtæki,
- (k) „lögaðili“: lögaðili sem er á tilhlýðilegan hátt stofnaður eða skipulagður með öðrum hætti samkvæmt gildandi lögum, í hagnaðarskygni eða í öðrum tilgangi, hvort sem hann er í einkaeign

eða í eigu hins opinbera, þ.m.t. fyrirtæki, sjóðir, sameignarfélag, fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, einstaklingsfyrirtæki eða samtök,

- (l) „lögaðili samningsaðila“: lögaðili sem er stofnaður eða skipulagður samkvæmt lögum samningsaðila og stundar umtalsverða atvinnustarfsemi hjá þeim samningsaðila,¹⁵

Að því er varðar þátt 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri) og undirþátt 3.5.5 (Alþjóðleg sjóflutningaþjónusta) nær „lögaðili frá samningsaðila“ yfir lögaðila frá aðila utan samnings sem er í eigu eða undir stjórn lögaðila frá samningsaðila ef eitthvert skipa hans er skráð í samræmi við lög þess samningsaðila og siglir undir fána þess samningsaðila þegar það veitir þjónustu með því að nota þessi skip.

- (m) „ráðstöfun“: sérhver ráðstöfun samningsaðila, hvort sem um er að ræða lög, reglugerð, reglu, málsmeðferð, ákvörðun, stjórnarsýsluaðgerð, kröfu, framkvæmd eða annað,¹⁶
- (n) „ráðstafanir samningsaðila“: ráðstafanir sem samþykktar eru eða er viðhaldið af:
- (i) miðlægum, svæðisbundnum eða staðbundnum stjórnvöldum eða yfirvöldum og
 - (ii) óopinberum stofnunum sem fara með vald í umboði miðlægra, svæðisbundinna eða staðbundinna stjórnvalda eða yfirvalda,
- (o) „einstaklingur frá samningsaðila“:
- (i) að því er varðar Bretland, breskur ríkisborgari í samræmi við gildandi lög og reglur í Bretlandi,
 - (ii) að því er varðar EFTA-ríki innan EES, einstaklingur sem hefur ríkisfang í EFTA-ríki innan EES í samræmi við gildandi lög þess ríkis,
- (p) „rekstur“: framkvæmd, stjórnun, viðhald, notkun, nýting og sala eða önnur ráðstöfun á fyrirtæki,
- (q) „aðili“: einstaklingur eða lögaðili,

¹⁵ Lögaðili telst stunda umtalsverða atvinnustarfsemi hjá samningsaðila ef hann er raunverulega tengdur hagkerfi þess samningsaðila. Það hvort lögaðili sé raunverulega tengdur hagkerfi samningsaðila ætti að vera hægt að staðfesta með heildarathugun, í hverju tilviki fyrir sig, á viðkomandi aðstæðum. Þessar aðstæður geta tekið til þess hvort lögaðilinn a) hafi samfellda raunverulega viðveru, þ.m.t. með eignarhaldi eða leigu á athafnasvæði, hjá þeim samningsaðila, b) hafi yfirstjórn sína hjá þeim samningsaðila, c) ráði til sín starfsfólk hjá þeim samningsaðila og d) myndi veltu og greiði skatta hjá þeim samningsaðila.

¹⁶ Til að taka af vafa tekur „ráðstöfun“ til athafnaleysis.

- (r) „aðili frá samningsaðila“: einstaklingur frá samningsaðila eða lögaðili frá samningsaðila,
- (s) „sala og markaðssetning á flutningaþjónustu í lofti“: tækifæri fyrir viðkomandi flugrekanda til að selja eða markaðssetja óhindrað flugþjónustu sína í lofti, þ.m.t. allir þættir markaðssetningar eins og markaðsrannsóknir, auglýsingar og dreifing, en felur ekki í sér verðlagningu á flutningaþjónustu í lofti eða viðeigandi skilyrði,
- (t) „þjónustuveitandi frá samningsaðila“: aðili frá samningsaðila sem veitir eða hefur hug á að veita þjónustu og
- (u) „sérhæfð flugþjónusta“: sérstakur atvinnurekstur þar sem notað er loftfar sem er fyrst og fremst ætlað til annars en að flytja vörur eða farþega, s.s. við slökkvistörf úr lofti, auglýsingaflug, flugþjálfun, útsýnisflug, úðun, eftirlit, kortlagningu, ljósmyndun, fallhlífartökk, drátt á svifflugum og lyftingar fyrir skógarhögg og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð með þyrlum, og önnur landbúnaðar-, iðnaðar- og skoðunarþjónusta í lofti.

GR. 3.3

Undirnefnd um þjónustu og fjárfestingar.

1. Samningsaðilarnir koma hér með á fót undirnefnd um þjónustu og fjárfestingar sem skal bera ábyrgð á skilvirkri framkvæmd og rekstri þessa kafla.
2. Undirnefndin um þjónustu og fjárfestingar skal hafa eftirfarandi verkefni með höndum:
 - (a) endurskoða og hafa eftirlit með framkvæmd og rekstri þessa kafla og með skráum hvers samningsaðila í XVI.–XIX. viðauka,
 - (b) skiptast á upplýsingum og fjalla um málefni tengd reglusetningu eða öðru í tengslum við framboð á sjóflutningaþjónustu, þ.m.t. með tilliti til viðeigandi laga og reglna, fyrirliggjandi eða fyrirhugaðra, og framkvæmdar þeirra,
 - (c) skiptast á upplýsingum og fjalla um málefni tengd reglusetningu eða öðru í tengslum við framboð á afhendingarþjónustu, þ.m.t. með tilliti til viðeigandi laga og reglna, fyrirliggjandi eða fyrirhugaðra, og framkvæmdar þeirra,
 - (d) sinna þeim skyldum sem kveðið er á um í gr. 3.69 (Alþjóðleg reikiþjónusta),
 - (e) halda samráð sem um getur í 2. mgr. í gr. 5.3 (Fjármagnsflutningar) og 6. mgr. í gr. 5.5 (Takmarkanir ef um er að ræða erfiðleika vegna

greiðslujöfnuðar og ytri fjárhagsskilyrða), í 5. kafla (Fjármagnsflutningar, greiðslur og millifærslur),

- (f) skiptast á upplýsingum um hver þau málefni önnur sem tengjast þessum kafla,
 - (g) kanna hugsanlegar endurbætur á þessum kafla,
 - (h) fjalla um hver þau málefni sem tengjast þessum kafla eða 5. kafla (Fjármagnsflutningar, greiðslur og millifærslur) sem fulltrúar samningsaðilanna kunna að koma sér saman um og
 - (i) sinna öðrum störfum sem sameiginlega nefndin felur henni skv. e-lið 2. liðar í gr. 15.1 (Sameiginlega nefndin) í 15. kafla (Stofnanaákvæði).
3. Undirnefndin um þjónustu og fjárfestingar skal skipuð fulltrúum samningsaðilanna, þ.m.t. embættismenn frá viðkomandi ráðuneytum eða stofnunum sem eru í forsvari fyrir þau mál sem taka á fyrir. Undirnefndin um þjónustu og fjárfestingar getur boðið fulltrúum viðkomandi aðila, öðrum en ríkisstjórnnum samningsaðilanna, sem búa yfir nauðsynlegri sérþekkingu sem tengist þeim málum sem taka á fyrir.

GR. 3.4

Neitað um ávinning.

Samningsaðila er heimilt að neita fjárfesti eða þjónustuveitanda frá öðrum samningsaðila, sem er lögaðili hjá þeim samningsaðila, eða stofnsettu fyrirtæki þess lögaðila um ávinning sem hlýst af þessum kafla og 5. kafla (Fjármagnsflutningar, greiðslur og millifærslur) ef:

- (a) aðili utan samnings eða aðili frá aðila utan samnings á eða fer með yfirráð yfir lögaðilanum og
- (b) samningsaðilinn, sem neitar um ávinning, samþykkir eða viðheldur ráðstöfun með tilliti til aðila utan samnings eða aðila frá aðila utan samnings, sem tengist því að viðhalda friði og öryggi á alþjóðavettvangi, þ.m.t. vernd mannréttinda, og bannar viðskipti við þann lögaðila eða stofnsett fyrirtæki, eða sem væri farið í bága við eða hún sniðgengin ef ávinningurinn af þessum kafla eða 5. kafla (Fjármagnsflutningar, greiðslur og millifærslur) væri veittur lögaðila eða stofnsettu fyrirtæki hans.

ÞÁTTUR 3.2

AUKIÐ FRELSI Í FJÁRFESTINGUM

GR. 3.5

Gildissvið.

Þessi þáttur gildir um ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á stofnsetningu fyrirtækis í þeim tilgangi að stunda atvinnustarfsemi og rekstur slíks fyrirtækis af hálfu:

- (a) fjárfesta annars samningsaðila,
- (b) stofnsettra fyrirtækja og
- (c) að því er varðar gr. 3.10 (Frammistöðukröfur), allra fyrirtækja hjá viðkomandi samningsaðila sem samþykkir eða viðheldur ráðstöfuninni.

GR. 3.6

Markaðsaðgangur.

Samningsaðili skal ekki samþykkja eða viðhalda ráðstöfun, að því er varðar það að koma á fót fyrirtæki af hálfu fjárfestis annars samningsaðila eða af hálfu stofnsetts fyrirtækis, eða rekstur stofnsetts fyrirtækis, hvort sem það á við um samningsaðilann í heild eða að hluta, sem:

- (a) setur takmarkanir varðandi:¹⁷
 - (i) fjölda fyrirtækja sem er heimilt að stunda tiltekna atvinnustarfsemi, hvort sem um er að ræða tölulega kvóta, einkasölu, birgja með einkarétt eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum,
 - (ii) heildarverðmæti viðskipta eða eigna í formi tölulegra kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum,
 - (iii) heildarfjöldi aðgerða eða heildarmagn afurða, táknað með úthlutuðum tölueiningum, í formi kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum,
 - (iv) hlutdeild erlends fjármagns sett fram sem hámarkshundraðshluti sem má vera í eigu erlendra hluthafa

¹⁷ Ákvæði i., ii. og iii. liðar a-liðar gilda ekki um ráðstafanir sem gripið hefur verið til í því skyni að takmarka framleiðslu landbúnaðarafurðar.

eða heildarverðmæti einstakra eða samanlagðra erlendra fjárfestinga eða

- (v) heildarfjöldi einstaklinga sem heimilt er að ráða í tilteknum geira eða sem fyrirtæki er heimilt að ráða og sem eru nauðsynlegir og beinlínis tengdir því að sinna atvinnustarfsemi, í formi tölulegra kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum eða
- (b) takmarkar eða útheimtir að fjárfestir annars samningsaðila hafi á sínum vegum sérstaka tegund lögaðila eða sameiginlegt fyrirtæki sem getur sinnt atvinnustarfsemi fyrir hann.

GR. 3.7

Innlend meðferð.

Sérhver samningsaðili skal veita fjárfestum annars samningsaðila og stofnsettum fyrirtækjum meðferð sem er eigi lakari en sú sem hann veitir eigin fjárfestum og fyrirtækjum þeirra í sambærilegum aðstæðum að því er varðar stofnsetningu eða rekstur hjá honum.

GR. 3.8

Bestukjaraméðferð.

1. Sérhver samningsaðili skal veita fjárfestum annars samningsaðila og stofnsettum fyrirtækjum meðferð sem er eigi lakari en sú sem hann veitir eigin fjárfestum og fyrirtækjum þeirra í sambærilegum aðstæðum að því er varðar stofnsetningu eða rekstur hjá honum.¹⁸
2. Ekki skal líta svo á að 1. mgr. leggi þá skyldu á herðar samningsaðila að hann veiti fjárfestum annars samningsaðila eða stofnsettum fyrirtækjum ávinning af meðferð sem leiðir af ráðstöfunum sem kveða á um viðurkenningu, þ.m.t. viðurkenning staðla eða viðmiðana varðandi heimildir, leyfi eða skírteini einstaklings eða fyrirtækis til að sinna efnahagslegri starfsemi, eða viðurkenningu á varfærnisráðstöfunum eins og um getur í 3. lið í viðauka GATS-samningsins um fjármálaþjónustu.
3. Til að taka af vafa tekur „meðferð“ sem um getur í 1. mgr. ekki til málsmeðferðar til lausnar deilumálum milli fjárfesta og ríkis sem kveðið er á um í öðrum alþjóðasamningum.
4. Til að taka af vafa telst tilvist efnislegra ákvæða í öðrum alþjóðasamningum, sem samningsaðili gerir við aðila utan samnings, eða

¹⁸ Til að taka af vafa tekur þessi málsgrein ekki til meðferðar sem Bretland býður fjárfestum (og fyrirtækjum þeirra) á þeim yfirráðasvæðum sem Bretland annast alþjóðatengsl fyrir.

aðeins það að innleiða þessi ákvæði formlega í landslög, að því marki sem nauðsynlegt er til að fella þau inn í innlent réttarkerfi, ekki vera „meðferðin“ sem um getur í 1. mgr. Ráðstafanir samningsaðila samkvæmt þessum ákvæðum geta talist til slíkrar meðferðar og þannig fallið undir brot á þessari grein.

GR. 3.9

Framkvæmdastjórn og stjórn.

Samningsaðili skal ekki krefjast þess að stofnsett fyrirtæki skipi í framkvæmdastjórn eða stjórn einstaklinga með tiltekið ríkisfang eða sem eru búsettir hjá viðkomandi samningsaðila.

GR. 3.10

Frammistöðukröfur.

1. Samningsaðili skal ekki, í tengslum við stofnsetningu eða rekstur fyrirtækis hjá honum, gera eða framfylgja kröfu af neinum toga eða framfylgja skuldbindingu eða loforði af neinum toga um:¹⁹
 - (a) að flytja út tiltekið magn eða hlutfall af vörum eða þjónustu,
 - (b) að ná tilteknu magni eða hlutfalli innlendra aðfanga,
 - (c) að kaupa, nota eða veita forgang vörum sem eru framleiddar eða þjónustu sem er veitt hjá honum eða að kaupa vörur eða þjónustu af aðila hjá honum,
 - (d) að tengja á einn eða annan hátt magn eða verðmæti innflutningsvara magni eða verðmæti útflutningsvara eða fjárhæð gjaldeyrisinnstreymis sem tengist því fyrirtæki,
 - (e) að takmarka sölu hjá honum á vörum eða þjónustu sem fyrirtækið framleiðir eða afhendir með því að tengja þessa sölu á einn eða annan hátt magni eða verðmæti útflutningsvara þess eða gjaldeyrisinnstreymi,
 - (f) að takmarka útflutning eða sölu til útflutnings,
 - (g) að yfirfæra tækni, framleiðsluferli eða aðra þekkingu sem nýtur einkaleyfisverndar til aðila hjá honum,

¹⁹ Til að taka af vafa telst skilyrði fyrir því að fá eða halda áfram að njóta þess ávinnings sem um getur í 2. mgr. ekki vera krafa, skuldbinding eða loforð að því er 1. mgr. varðar.

- (h) að staðsetja svæðisbundnar eða alþjóðlegar höfuðstöðvar fyrirtækis hjá honum,
- (i) að ráða tiltekinn fjölda eða hlutfall einstaklinga frá þeim samningsaðila,
- (j) að ná tilteknu stigi eða virði rannsókna og þróunar hjá honum,
- (k) að afhenda eina eða fleiri af þeim vörum sem slíkt fyrirtæki framleiðir eða þjónustu sem það veitir á tiltekið svæði eða heimsmarkað eingöngu frá þeim samningsaðila eða
- (l) að samþykka:
 - (i) hlutfall eða fjárhæð rétthafagreiddslu undir tilteknu stigi eða
 - (ii) tiltekna lengd gildistíma leyfissamnings²⁰,

að því er varðar hvers konar leyfissamning sem er til staðar þegar krafan er gerð eða henni er framfylgt, eða skuldbindingu eða loforði er framfylgt, eða að því er varðar hvers konar leyfissamning í framtíðinni sem gerður er af fúsum og frjálsum vilja milli fyrirtækisins og einstaklings eða lögaðila eða sérhvers annars aðila hjá honum, ef krafan er gerð eða henni framfylgt, eða skuldbindingunni eða loforðinu framfylgt, með þeim hætti að það feli í sér beina truflun á þeim leyfissamningi með beitingu opinbers valds samningsaðila utan dómstóla.²¹

2. Samningsaðili skal ekki, í tengslum við stofnsetningu eða rekstur fyrirtækis hjá honum, binda það að fá eða halda áfram að fá ávinning því skilyrði að farið sé að sérhverri kröfu um:
- (a) að ná tilteknu magni eða hlutfalli innlendra aðfanga,
 - (b) að kaupa, nota eða veita forgang vörum sem eru framleiddar eða þjónustu sem er veitt hjá þeim samningsaðila eða að kaupa vörur eða þjónustu af aðila á yfirráðasvæði hans,
 - (c) að tengja á einn eða annan hátt magn eða verðmæti innflutningsvara magni eða verðmæti útflutningsvara eða fjárhæð gjaldeyrisinnstreymis sem tengist því fyrirtæki,
 - (d) að takmarka sölu hjá honum á vörum eða þjónustu sem fyrirtækið framleiðir eða afhendir með því að tengja þessa sölu á einn eða annan

²⁰ „Leyfissamningur“ sem um getur í þessum lið merkir hvers konar samningur um leyfi fyrir tækni, framleiðsluferli eða annarri þekkingu sem nýtur einkaleyfisverndar.

²¹ Til að taka af vafa gilda ákvæði 1-liðar ekki þegar leyfissamningurinn er gerður á milli fyrirtækis og samningsaðila.

hátt magni eða verðmæti útflutningsvara þess eða gjaldeyrisinnstreymi eða

- (e) að takmarka útflutning eða sölu til útflutnings.
3. Til að taka af vafa skal ekkert í 1. mgr. túlkað á þann hátt að það komi í veg fyrir að samningsaðili framfylgi loforði sem aðili gefur af fúsum og frjálsum vilja²² í tengslum við yfirtöku eða samruna.
 4. Ekkert í 2. mgr. skal túlkað á þann hátt að það komi í veg fyrir að samningsaðili bindi, í tengslum við stofnsetningu eða rekstur fyrirtækis hjá þeim samningsaðila, það að fá eða halda áfram að fá ávinning því skilyrði að farið sé að kröfu um að staðsetja framleiðslu, veita þjónustu, þjálfa eða ráða launafólk, byggja eða stækka tiltekna aðstöðu eða vinna að rannsóknum og þróun hjá þeim samningsaðila.
 5. Ákvæði a- til c-liðar 1. liðar og a- og b-liðar 2. liðar gilda ekki um kröfur um að uppfylla skilyrði að því er varðar vörur eða þjónustu með tilliti til eflingar útflutnings og áætlana um erlenda aðstoð.
 6. Ákvæði g- og l-liðar 1. liðar gilda ekki þegar:
 - (a) krafan er gerð eða henni framfylgt, eða skuldbindingunni eða loforðinu er framfylgt, af dómstól eða stjórnarsýsludómstól eða af samkeppnisyfirvaldi samkvæmt samkeppnislögum samningsaðila eða
 - (b) samningsaðili heimilar notkun hugverkaréttar í samræmi við 31. gr. eða 31. gr. a í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS-samningurinn) eða samþykkir eða viðheldur ráðstöfunum sem krefjast birtingar gagna eða upplýsinga um trúnaðarmál sem falla undir gildissvið og eru í samræmi við 3. mgr. 39. gr. TRIPS-samningsins.
 7. Ákvæði l-liðar 1. liðar gilda ekki ef krafan er gerð eða henni er framfylgt, eða skuldbindingunni eða loforðinu er framfylgt, af dómstól sem sanngjarnri þóknun samkvæmt höfundaréttarlögum samningsaðilans.
 8. Ákvæði a- og b- liðar 2. liðar gilda ekki um kröfur sem innflutningssamningsaðili gerir eða framfylgir varðandi efni í vörum sem nauðsynlegt er til að þær teljist uppfylla skilyrði með tilliti til ívilnandi tolla eða kvóta.
 9. Þessi grein er með fyrirvara um skyldur samningsaðila samkvæmt samningnum um fjárfestingarráðstafanir í viðskiptum sem settur er fram í 1. viðauka A við Marakess-samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

²² „Loforð gefið af fúsum og frjálsum vilja“ merkir að samningsaðili krefst þess ekki sem skilyrðis fyrir samþykki um yfirtöku eða samruna.

10. Til að taka af vafa kemur þessi grein ekki í veg fyrir framfylgd kröfu, skuldbindingar eða loforðs af neinum toga milli einkaaðila hafi samningsaðili ekki gert þá kröfu eða kröfu um skuldbindingu eða loforð.

GR. 3.11

Fjárfesting og sjálfbær þróun.

1. Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi umhverfisverndar í tengslum við stofnsetningu og rekstur fyrirtækja og árétta réttindi og skyldur samningsaðilanna varðandi umhverfisvernd, þ.m.t. loftslagsbreytingar, sem kveðið er á um í þessum samningi.
2. Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi þess að hvetja til þess að stofnsett fyrirtæki fylgi ábyrgum viðskiptaháttum og árétta skyldur samningsaðilanna að þessu leyti, eins og þær eru settar fram í gr. 13.11 (Ábyrgir viðskiptahættir) í 13. kafla (Viðskipti og sjálfbær þróun).

GR. 3.12

Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði.

1. Ákvæði gr. 3.6 (Markaðsaðgangur), gr. 3.7 (Innlend meðferð), gr. 3.8 (Bestukjarameðferð), gr. 3.9 (Framkvæmdastjórn og stjórn) og gr. 3.10 (Frammistöðukröfur) gilda ekki um:
 - (a) fyrirliggjandi ráðstöfun, sem er ekki í samræmi við skilyrði, sem samningsaðili viðheldur á vettvangi:
 - (i) miðlægra stjórnvalda, eins og sá samningsaðili setur fram í skrá sinni við XVI. viðauka (Gildandi ráðstafanir),
 - (ii) svæðisstjórnar, eins og sá samningsaðili setur fram í skrá sinni við XVI. viðauka (Gildandi ráðstafanir) eða
 - (iii) staðbundinna stjórnvalda,
 - (b) framhald eða tafarlausa endurnýjun ráðstöfunar, sem er ekki í samræmi við skilyrði, sem um getur í a-lið eða
 - (c) breytingu á ráðstöfun, sem er ekki í samræmi við skilyrði og um getur í a-lið, að því marki sem breytingin dregur ekki úr samræmi ráðstöfunarinnar, eins og hún var næst fyrir breytinguna, við ákvæði gr. 3.6 (Markaðsaðgangur), gr. 3.7 (Innlend meðferð), gr. 3.8 (Bestukjarameðferð), gr. 3.9 (Framkvæmdastjórn og stjórn) eða gr. 3.10 (Frammistöðukröfur).

2. Ákvæði gr. 3.6 (Markaðsaðgangur), gr. 3.7 (Innlend meðferð), gr. 3.8 (Bestukjaraméðferð), gr. 3.9 (Framkvæmdastjórn og stjórn) og gr. 3.10 (Frammistöðukröfur) gilda ekki um ráðstöfun samningsaðila sem er í samræmi við fyrirvara, skilyrði eða forsendur sem tilgreindar eru að því er varðar geira, undirgeira eða starfsemi, eins og samningsaðilinn setur þær fram í skrá sinni við XVII. viðauka (Síðari ráðstafanir).
3. Að því er varðar hugverkarétt er samningsaðila heimilt að víkja frá g-lið 1. liðar í gr. 3.10 (Frammistöðukröfur) og gr. 3.7 (Innlend meðferð) og gr. 3.8 (Bestukjaraméðferð) leyfi TRIPS-samningurinn það, þ.m.t. hvers kyns breytingar á TRIPS-samningnum sem eru í gildi fyrir alla samningsaðila og undanþágur frá TRIPS-samningnum sem eru samþykktar skv. IX. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
4. Þrátt fyrir gr. 3.7 (Innlend meðferð) og gr. 3.8 (Bestukjaraméðferð) getur samningsaðili krafist þess að fjárfestir annars samningsaðila eða stofnsett fyrirtæki hans veiti upplýsingar varðandi það fyrirtæki í upplýsingaskyni eða vegna hagskýrslugerðar, að því tilskildu að þessar beiðnir séu réttmætar og ekki óþarflega íþyngjandi. Samningsaðilinn skal koma í veg fyrir að viðskiptaupplýsingar sem eru trúnaðarmál verði opinberaðar sem myndi skaða samkeppnisstöðu fjárfestisins eða stofnsetta fyrirtækisins. Þessi málsgrein kemur ekki í veg fyrir að samningsaðili fái eða birti upplýsingar með öðrum hætti í tengslum við sanngjarna beitingu laga hans og í góðri trú.

ÞÁTTUR 3.3

ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI YFIR LANDAMÆRI

GR. 3.13

Gildissvið.

Þessi þáttur gildir um ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti þjónustuveitenda annars samningsaðila yfir landamæri. Í þessum ráðstöfunum felst:

- (a) framleiðsla, dreifing, markaðssetning, sala eða afhending þjónustu,
- (b) kaup á eða afnot af eða greiðsla fyrir þjónustu,
- (c) aðgangur að og afnot af þjónustu, í tengslum við veitingu þjónustu sem samningsaðili krefst að almenningi standi almennt til boða og
- (d) útgáfa skuldabréfs eða annarrar fjárhagslegrar tryggingar sem skilyrði fyrir veitingu þjónustu.

GR. 3.14

Markaðsaðgangur.

Samningsaðili skal ekki samþykkja eða viðhalda ráðstöfun, hvort sem það á við um samningsaðilann í heild eða að hluta, sem:

- (a) setur takmarkanir á:
 - (i) fjölda þjónustuveitenda, hvort sem um er að ræða tölulega kvóta, einkasölu, þjónustuveitendur með einkarétt eða kröfur um könnun á efnahagslegum þörfum,
 - (ii) heildarverðmæti þjónustuviðskipta eða eigna í formi tölulegra kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum,
 - (iii) samanlagðan fjölda tilvika veittrar þjónustu eða á heildarmagn veittrar þjónustu, táknað með úthlutuðum tölueiningum, í formi kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum²³ eða

²³ Ákvæði iii. liðar a-liðar taka ekki til ráðstafana, sem samningsaðili samþykkir eða viðheldur, sem takmarka aðföng sem eru notuð við veitingu þjónustu.

- (b) takmarkar eða útheimtir að þjónustuveitandinn hafi á sínum vegum sérstaka lögaðila eða sameiginlegt fyrirtæki sem getur veitt þjónustu fyrir hann.

GR. 3.15

Staðbundin nærvera.

Samningsaðili skal ekki krefja þjónustuveitanda frá öðrum samningsaðila um að koma á fót eða viðhalda fyrirtæki eða vera búsettur innan hans sem skilyrði fyrir því að veita þjónustu yfir landamæri.

GR. 3.16

Innlend meðferð.

1. Sérhver samningsaðili skal veita þjónustu og þjónustuveitendum annarra samningsaðila eigi óhagstæðari meðferð en hann veitir þegar um er að ræða sambærilega þjónustu og þjónustuveitendur hans sjálfs.
2. Samningsaðili getur uppfyllt kröfur skv. 1. mgr. með því að veita að því er varðar þjónustu og þjónustuveitendur annars samningsaðila meðferð sem er að formi til sams konar eða ólík þeirri sem hann veitir þegar um er að ræða sambærilega þjónustu og þjónustuveitendur hans sjálfs.
3. Meðferð, sem er að formi til sams konar eða ólík, skal talin óhagstæðari ef hún breytir samkeppnis skilyrðum til hagsbóta fyrir þjónustu eða þjónustuveitendur samningsaðilans miðað við sambærilega þjónustu eða þjónustuveitendur annars samningsaðila.
4. Ekkert í þessari grein skal túlkað þannig að þess verði krafist af samningsaðila að hann bæti upp verri samkeppnisstöðu sem stafar af því að um erlenda þjónustu eða þjónustuveitendur er að ræða.

GR. 3.17

Bestukjaramedferð.

1. Samningsaðili skal veita þjónustu og þjónustuveitendum annarra samningsaðila eigi óhagstæðari meðferð en hann veitir þegar um er að ræða sambærilega þjónustu og þjónustuveitendur aðila utan samningsins.²⁴

²⁴ Til að taka af vafa tekur þessi málsgrein ekki til meðferðar sem Bretland býður vegna þjónustu og þjónustuveitendum á þeim yferráðasvæðum sem Bretland annast alþjóðatengsl fyrir.

2. Ekki skal líta svo á að 1. mgr. leggi þá skyldu á herðar samningsaðila að hann veiti, vegna þjónustu og þjónustuveitendum annars samningsaðila, ávinning af meðferð sem leiðir af ráðstöfunum sem kveða á um viðurkenningu, þ.m.t. viðurkenning staðla eða viðmiðana varðandi heimildir, leyfi eða skírteini einstaklings eða fyrirtækis til að sinna efnahagslegri starfsemi, eða viðurkenningu á varfærnisráðstöfunum eins og um getur í 3. mgr. í viðauka GATS-samningsins um fjármálaþjónustu.
3. Til að taka af vafa telst tilvist efnislegra ákvæða í öðrum alþjóðasamningum, sem samningsaðili gerir við aðila utan samnings, eða aðeins það að innleiða þessi ákvæði formlega í landslög, að því marki sem nauðsynlegt er til að fella þau inn í innlent réttarkerfi, ekki vera „meðferðin“ sem um getur í 1. mgr. Ráðstafanir samningsaðila samkvæmt þessum ákvæðum geta talist til slíkrar meðferðar og þannig fallið undir brot á þessari grein.

GR. 3.18

Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði.

1. Ákvæði gr. 3.14 (Markaðsaðgangur), gr. 3.15 (Staðbundin nærvera), gr. 3.16 (Innlend meðferð) og gr. 3.17 (Bestukjaramedferð) gilda ekki um:
 - (a) fyrirbyggjandi ráðstöfun, sem uppfyllir ekki skilyrði, sem samningsaðili viðheldur á vettvangi:
 - (i) miðlægra stjórnvalda, eins og sá samningsaðili setur fram í skrá sinni við XVI. viðauka (Gildandi ráðstafanir),
 - (ii) svæðisbundinna stjórnvalda, eins og sá samningsaðili setur fram í skrá sinni við XVI. viðauka (Gildandi ráðstafanir) eða
 - (iii) staðbundinna stjórnvalda,
 - (b) framhald eða tafarlausa endurnýjun ráðstöfunar, sem er ekki í samræmi við skilyrði, sem um getur í a-lið eða
 - (c) breytingar á ráðstöfun, sem er ekki í samræmi við skilyrði og um getur í a-lið, að því marki sem breytingin dregur ekki úr samræmi ráðstöfunarinnar, eins og hún var næst fyrir breytinguna, við gr. 3.14 (Markaðsaðgangur), gr. 3.15 (Staðbundin nærvera), gr. 3.16 (Innlend meðferð) eða gr. 3.17 (Bestukjaramedferð).
2. Ákvæði gr. 3.14 (Markaðsaðgangur), gr. 3.15 (Staðbundin nærvera), gr. 3.16 (Innlend meðferð) og gr. 3.17 (Bestukjaramedferð) gilda ekki um ráðstöfun samningsaðila sem er í samræmi við fyrirvara, skilyrði eða forsendur sem tilgreindar eru að því er varðar geira, undirgeira eða starfsemi eins og samningsaðilinn setur þær fram í skrá sinni við XVII. viðauka (Síðari ráðstafanir).

ÞÁTTUR 3.4

KOMA OG TÍMABUNDIN DVÖL EINSTAKLINGA

GR. 3.19

Almenn ákvæði og gildissvið.

1. Þessi þáttur endurspeglar tengsl samningsaðilanna á sviði fríðindaviðskipta og þá ósk þeirra að greiða fyrir komu og tímabundinni dvöl einstaklinga í viðskiptalegum tilgangi með gagnkvæmum hætti og tryggja gagnsæi ferlisins.
2. Þessi þáttur gildir um ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á komu einstaklinga frá öðrum samningsaðila til hans, þ.e. einstaklinga sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu, einstaklinga sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu, samningsbundinna þjónustuveitenda, sjálfstætt starfandi fagaðila og einstaklinga sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma, og um ráðstafanir sem hafa áhrif á starfsemi þeirra meðan á tímabundinni dvöl þeirra stendur hjá fyrrgreinda samningsaðilanum.
3. Ef ekki er gengist undir skuldbindingar samkvæmt þessum þætti skulu allar kröfur laga samningsaðila varðandi komu og tímabundna dvöl gilda áfram, þ.m.t. reglur um lengd dvalar.
4. Þrátt fyrir ákvæði þessa þáttar skulu allar kröfur, sem kveðið er á um í lögum samningsaðila varðandi atvinnu- og almannatryggingaráðstafanir, gilda áfram, þ.m.t. reglur um lágmarkslaun og kjarasamninga.
5. Skuldbindingar varðandi komu og tímabundna dvöl einstaklinga í viðskiptalegum tilgangi gilda ekki í tilvikum þar sem markmið eða áhrif komu og tímabundinnar dvalar er að hafa afskipti af eða á annan hátt áhrif á niðurstöðu vinnudeilna eða kjaraviðræðna aðila vinnumarkaðarins eða á atvinnu einstaklings sem er aðili að slíkri deilu eða viðræðum.
6. Þessi þáttur gildir ekki um ráðstafanir:
 - (a) sem hafa áhrif á einstaklinga hjá samningsaðila sem leita eftir aðgangi að vinnumarkaði annars samningsaðila eða
 - (b) varðandi þjóðerni eða ríkisfang, búsetu eða fasta atvinnu.
7. Þessi þáttur skal ekki koma í veg fyrir að samningsaðili geti beitt ráðstöfunum til að stýra komu einstaklinga inn á yfirráðasvæði sitt eða tímabundinni dvöl þeirra þar, m.a. þeim ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að vernda friðhelgi landamæra sinna og tryggja skipulag á för einstaklinga yfir þau, að því tilskildu að slíkum ráðstöfunum sé ekki beitt

með þeim hætti að það geri að engu eða skerði þann ávinning sem annar samningsaðili hefur samkvæmt skilmálum þessa þáttar.²⁵

8. Þessi þáttur, XVIII. viðauki (Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu, Einstaklingar sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu og Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma) og XIX. viðauki (Samningsbundnir þjónustuveitendur og sjálfstætt starfandi fagaðilar) gilda einungis á yferráðasvæði samningsaðila sem lýst er í a-lið 1. liðar í gr. 1.2 (Svæðisbundið gildissvið) í 1. kafla (Almenn ákvæði).

GR. 3.20

Skilgreiningar.

Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- (a) „einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu“: einstaklingar í yfirmannsstöðum innan lögaðila hjá samningsaðila sem:
- (i) eru ábyrgir fyrir því að setja á fót fyrirtæki innan sömu samstæðu á yferráðasvæði samningsaðilans sem heimilar komu,
 - (ii) bjóða hvorki eða veita þjónustu né stunda aðra atvinnustarfsemi en þá sem þarf vegna stofnunar fyrirtækisins og
 - (iii) fá engar launagreiðslur sem eru upprunnar hjá þeim samningsaðila sem heimilar komu,
- (b) „samningsbundnir þjónustuveitendur“: einstaklingar sem starfa innan lögaðila hjá samningsaðila sem:
- (i) er sjálfur ekki vinnumiðlun sem annast útvegum starfsfólks og starfar ekki fyrir milligöngu slíkrar miðlunar,
 - (ii) hefur ekki staðfestu hjá viðkomandi samningsaðila sem heimilar komu og
 - (iii) hefur gert samning í góðri trú um að veita lokaneytanda hjá öðrum samningsaðila þjónustu sem krefst tímabundinnar

²⁵ Ekki skal litið svo á að það eitt að krefjast vegabréfsáritunar fyrir einstaklinga frá tilteknu landi, en ekki frá öðrum, geri að engu eða skerði ávinning samkvæmt þessum þætti.

nærveru starfsmanna hans hjá þeim samningsaðila til að uppfylla samninginn um að veita viðkomandi þjónustu,²⁶

- (c) „sjálfstætt starfandi fagaðilar“: einstaklingar sem veita þjónustu og hafa staðfestu sem sjálfstætt starfandi einstaklingar hjá samningsaðila sem:
- (i) hafa ekki staðfestu hjá viðkomandi samningsaðila sem heimilar komu og
 - (ii) hafa gert samning í góðri trú (ekki þó í gegnum vinnumiðlun sem annast útvegum starfsfólks) um að veita lokaneytanda hjá viðkomandi samningsaðila, sem heimilar komu, þjónustu, sem krefst tímabundinnar nærveru hjá fyrrnefndum samningsaðila til að uppfylla samninginn um að veita viðkomandi þjónustu,²⁷
- (d) „einstaklingar sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu“: einstaklingar sem hafa verið starfsmenn lögaðila hjá samningsaðila eða meðeigendur í því í a.m.k. eitt ár fram að dagsetningu umsóknar þeirra um komu og tímabundna dvöl og sem fluttir eru tímabundið til lögaðila hjá öðrum samningsaðila, sem er hluti af sömu samstæðu og fyrrnefnt fyrirtæki, þ.m.t. umboðsskrifstofa þess, dótturfélag, útibú eða aðalfélag, þó með því skilyrði að viðkomandi einstaklingur falli undir einn af eftirfarandi flokkum:
- (i) „stjórnendur“: einstaklingar í yfirmannsstöðum sem stýra fyrst og fremst rekstri fyrirtækisins og eru undir almennri umsjón eða leiðsögn einkum stjórnar fyrirtækisins eða hluthafa í því eða sambærilegra aðila og gegna a.m.k. eftirfarandi skyldum:
 - (aa) stýra fyrirtækinu eða deild eða undirdeild þess,
 - (ab) hafa umsjón með og stjórna störfum annars starfsfólks sem annast eftirlit, er sérmenntað eða í stjórnunarstöðum eða
 - (ac) hafa heimild til að ráða starfsfólk og segja því upp eða mæla með ráðningu, uppsögn eða öðrum aðgerðum varðandi starfsfólk eða
 - (ii) „sérfræðingar“: einstaklingar sem hafa:

²⁶ Samningurinn um að veita þjónustu, sem um getur í iii. lið b-liðar, skal vera í samræmi við kröfur laga sem gilda á þeim stað þar sem samningurinn er framkvæmdur.

²⁷ Samningurinn um að veita þjónustu, sem um getur í ii. lið c-liðar, skal vera í samræmi við kröfur laga sem gilda á þeim stað þar sem samningurinn er framkvæmdur.

- (aa) þýðingarmikla sérþekkingu á vörum eða þjónustu fyrirtækisins og beitingu hennar á alþjóðamörkuðum eða
 - (ab) mikla sérfræðiþekkingu eða kunnáttu er varðar ferla og verklagsreglur fyrirtækisins, s.s. framleiðslu, rannsóknarbúnað, tækni eða rekstur þess,²⁸ eða
- (iii) „brautskráðir starfsnemar“: einstaklingar sem eru:
- (aa) með háskólagráðu a.m.k á bakkalárstigi og
 - (ab) fluttir tímabundið til fyrirtækis hjá viðkomandi samningsaðila sem heimilar komu í starfsþróunarskygni eða til að fá þjálfun í viðskiptatækni eða -aðferðum og eru á launum á flutningstímabilinu.

GR. 3.21

Almennar skuldbindingar.

1. Samningsaðili skal heimila einstaklingum frá öðrum samningsaðila komu og tímabundna dvöl í viðskiptalegum tilgangi í samræmi við þennan þátt og XVIII. viðauka (Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu, Einstaklingar sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu og Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma) og XIX. viðauka (Samningsbundnir þjónustuveitendur og sjálfstætt starfandi fagaðilar), að því tilskildu að þessir einstaklingar fari að innflytjendalögum fyrirnefnda samningsaðilans sem gilda um komu og tímabundna dvöl.
2. Sérhver samningsaðili skal beita ráðstöfunum sínum, sem tengjast ákvæðum þessa þátts, í samræmi við þá ósk samningsaðilanna, sem sett er fram í 1. mgr. gr. 3.19 (Almenn ákvæði og gildissvið), og einkum beita þessum ráðstöfunum þannig að komast megi hjá því að skaða vöru- eða þjónustuviðskipti eða seinka þeim eða staðfestu eða rekstri samkvæmt þessum samningi.

²⁸ Við mat á slíkri sérfræðiþekkingu eða kunnáttu munu samningsaðilarnir líta til getu sem er óvenjuleg og frábrugðin því sem almennt er að finna innan tiltekinnar atvinnugreinar og sem ekki er auðveldlega hægt að miðla til annars einstaklings á stuttum tíma. Slík geta væri fengin með sértækri háskólamenntun eða jafngildri menntun eða með víðtækri reynslu innan fyrirtækisins.

Málsmeðferð við umsókn.

1. Þær ráðstafanir sem sérhver samningsaðili gerir til að auðvelda og flýta fyrir málsmeðferð í tengslum við komu og tímabundna dvöl einstaklinga frá öðrum samningsaðila í viðskiptalegum tilgangi skulu vera í samræmi við XVIII. viðauka (Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu, Einstaklingar sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu og Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma), XIX. viðauka (Samningsbundnir þjónustuveitendur og sjálfstætt starfandi fagaðilar) og þessa grein.
2. Samningsaðilarnir ættu að tryggja að góðum stjórnsýsluvenjum sé fylgt við meðferð umsókna vegna komu og tímabundinnar dvalar samkvæmt skuldbindingum þeirra í þessum samningi. Í því skyni:
 - (a) skulu samningsaðilarnir sjá til þess að gjöld sem lögbær yfirvöld taka fyrir meðferð umsókna um komu og tímabundna dvöl skaði hvorki né seinki með óréttmætum hætti vöru- eða þjónustuviðskiptum, eða staðfestu eða rekstri samkvæmt þessum samningi,
 - (b) með fyrirvara um ákvörðun lögbærra yfirvalda skulu skjöl, sem krafist er af umsækjanda vegna umsókna um komu eða tímabundna dvöl einstaklinga í viðskiptaerindum í skamman tíma, vera í réttu hlutfalli við tilganginn með öflun þeirra,
 - (c) skulu lögbær yfirvöld samningsaðila, þurfi þau viðbótarupplýsingar frá umsækjanda vegna meðferðar umsókna, kappkosta að láta umsækjandann vita, án ótilhlýðilegrar tafar, um viðbótarupplýsingarnar sem þörf er á,
 - (d) skulu lögbær yfirvöld samningsaðila tilkynna umsækjanda um niðurstöðu umsókna tafarlaust eftir að ákvörðun hefur verið tekin; ef umsóknin er samþykkt skulu lögbær yfirvöld samningsaðila tilkynna umsækjandanum um dvalartímabil og aðra viðeigandi skilmála og skilyrði; ef umsókninni er hafnað skulu lögbær yfirvöld samningsaðila, að fenginni beiðni eða að eigin frumkvæði, gera upplýsingar um kæru- eða áfrýjunarleiðir sem kunna að vera fyrir hendi aðgengilegar umsækjanda,
 - (e) skal sérhver samningsaðili leitast við að taka við umsóknum og vinna þær rafrænt og
 - (f) skal sérhver samningsaðili, að því marki sem unnt er, sjá til þess að viðeigandi umsóknareyðublöð, leiðbeiningar, hæfiskröfur, kostnaður og afgreiðslutími séu aðgengileg um eina vefgátt.

3. Að því marki sem unnt er skulu lögbær yfirvöld samningsaðila taka ákvörðun varðandi umsókn um komu og tímabundna dvöl einstaklings sem tilheyrir einum þeirra flokka sem lýst er í 2. mgr. í gr. 3.19 (Almenn ákvæði og gildissvið), eða endurnýjun hennar, og skulu tilkynna umsækjandanum um ákvörðun sína skriflega í samræmi við tilkynningaradferðir samkvæmt lögum viðkomandi samningsaðila eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 90 dögum eftir þann dag þegar fullgerð umsókn var lögð fram. Ef ekki er hægt að taka ákvörðun innan 90 daga skulu þau kappkosta að taka ákvörðun innan hæfilegs tíma eftir það.
4. Ef upplýsingar eða gögn vantar vegna umsóknarinnar og þörf er á viðbótarupplýsingum til að afgreiða umsóknina skulu lögbær yfirvöld leitast við að láta umsækjandann vita án ótilhlýðilegrar tafar hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og veita hæfilegan frest til að útvega þær. Fresta skal tímabilinu sem um getur í 3. mgr. þar til lögbærum yfirvöldum berast tilskildar viðbótarupplýsingar.

GR. 3.23

Samstarf um endursendingu og endurviðtöku.

Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að sá aukni þungi í ferðum einstaklinga sem leiðir af gr. 3.22 (Málsmeðferð við umsókn) kallar á fullt samstarf viðkomandi samningsaðila um stuðning við endursendingu og endurviðtöku einstaklinga sem dvelja hjá samningsaðila í trássi við lög hans um komu og tímabundna dvöl.

GR. 3.24

Gagnsæi.

1. Samningsaðili skal gera upplýsingar varðandi komu og tímabundna dvöl einstaklinga frá öðrum samningsaðila sem um getur í 2. mgr. í gr. 3.19 (Almenn ákvæði og gildissvið) öllum aðgengilegar.
2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu, eftir atvikum, innihalda eftirfarandi upplýsingar:
 - (a) flokka vegabréfsáritana, leyfa eða annarra sambærilegra heimilda vegna komu og tímabundinnar dvalar,
 - (b) gögn sem krafist er og skilyrði sem þarf að uppfylla,
 - (c) aðferð við að leggja fram umsókn og hvar hægt er að leggja hana fram, s.s. á ræðisskrifstofum eða á netinu,
 - (d) umsóknargjöld og áætlaðan tímaramma fyrir meðferð umsóknar,

- (e) hámarks lengd dvalar samkvæmt hverri tegund leyfis sem lýst er í a-lið,
 - (f) skilyrði fyrir hvers konar framlengingu eða endurnýjun sem fyrir hendi er,
 - (g) reglur varðandi einstaklinga á framfæri viðkomandi sem fylgja honum,
 - (h) kæru- eða áfrýjunarleiðir sem fyrir hendi eru og
 - (i) viðeigandi lög sem hafa almennt gildi og varða komu og tímabundna dvöl einstaklinga í viðskiptalegum tilgangi.
3. Að því er varðar upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. skal sérhver samningsaðili leitast við að upplýsa hina samningsaðilana um hvers konar breytingar á kröfum og málsmeðferðarreglum sem myndu hafa áhrif á það að umsækjendur um komu og tímabundna dvöl geti notið ávinnings af þessum þætti.

GR. 3.25

Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu og einstaklingar sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu.

1. Sérhver samningsaðili skal veita einstaklingum sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu og einstaklingum sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu heimild til komu og tímabundinnar dvalar í samræmi við XVIII. viðauka (Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu, Einstaklingar sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu og Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma).
2. Sérhver samningsaðili skal heimila einstaklingum, sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu, komu og tímabundna dvöl án atvinnuleysis eða annars sambærilegs fyrirframsamþykkis.
3. Samningsaðili skal ekki samþykkja eða viðhalda takmörkunum á heildarfjölda einstaklinga sem heimiluð er koma, í samræmi við 1. mgr., innan tiltekins geira eða undirgeira, í formi tölulegra kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum, hvort sem þær eiga við um samningsaðilann í heild eða að hluta.
4. Samningsaðili skal ekki veita einstaklingum frá öðrum samningsaðila, sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu eða flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu, lakari meðferð við tímabundna dvöl hjá þeim samningsaðila, við sambærilegar aðstæður, en hann veitir innlendum einstaklingum.

5. Ísland, Liechtenstein og Noregur skulu veita mökum²⁹ og börnum á framfæri³⁰ einstaklinga sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu, sem koma frá Bretlandi og flokkast undir stjórnendur og sérfræðinga, heimild til komu og tímabundinnar dvalar til jafnlangs tíma og tímabundin dvöl einstaklinganna, sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu, varir.
6. Bretland skal veita mökum³¹ og börnum á framfæri³² einstaklinga sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu, sem koma frá Íslandi, Liechtenstein eða Noregi, eftir því sem við á, og flokkast undir stjórnendur og sérfræðinga, heimild til komu og tímabundinnar dvalar til jafnlangs tíma og tímabundin dvöl einstaklingsins, sem flyst til innan fyrirtækjasamstæðu, varir.
7. Ef ekki er kveðið á um annað í XVIII. viðauka (Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu, Einstaklingar sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu og Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma) skal sérhver samningsaðili heimila mökum og börnum á framfæri einstaklinga, sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu, sem um getur í i. og ii. lið d-liðar í gr. 3.20 (Skilgreiningar), að starfa sem launþegar eða sjálfstætt starfandi meðan á heimilli dvöl þeirra stendur og ekki krefjast þess að þau afli sér sérstaks atvinnuleysis.
8. Til að taka af vafa að því er varðar maka og börn á framfæri einstaklinga sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu gilda 5.–7. mgr. með fyrirvara um lög hvers samningsaðila sem gilda um komu og tímabundna dvöl.

²⁹ „Maki“ merkir í þessari málsgrein maki eða sambúðarmaki einstaklings frá Bretlandi sem flyst til innan fyrirtækjasamstæðu, þ.e. í hjónabandi, skráðri sambúð eða sambærilegu sambandi sem viðurkennt er sem slíkt í samræmi við lög Íslands, Liechtensteins eða Noregs, eftir því sem við á.

Til að taka af vafa tekur þetta einnig til ógiftra maka eða maka af sama kyni sem heimila má tímabundna komu og dvöl samkvæmt viðeigandi lögum Íslands, Liechtensteins eða Noregs, eftir því sem við á, þegar viðkomandi fylgir einstaklingi frá samningsaðila sem flyst til innan fyrirtækjasamstæðu.

³¹ „Maki“ merkir í þessari málsgrein maki eða sambúðarmaki einstaklings frá Íslandi, Liechtenstein eða Noregi, eftir því sem við á, sem flyst til innan fyrirtækjasamstæðu, þ.e. í hjónabandi, skráðri sambúð eða sambærilegu sambandi sem viðurkennt er sem slíkt í samræmi við lög Bretlands. Til að taka af vafa tekur þetta einnig til ógiftra maka eða maka af sama kyni sem heimila má tímabundna komu og dvöl samkvæmt viðeigandi lögum Bretlands þegar viðkomandi fylgir einstaklingi frá Íslandi, Liechtenstein eða Noregi, eftir því sem við á, sem flyst til innan fyrirtækjasamstæðu.

GR. 3.26

Samningsbundnir þjónustuveitendur og sjálfstætt starfandi fagaðilar.

1. Sérhver samningsaðili skal veita samningsbundnum þjónustuveitendum og sjálfstætt starfandi fagaðilum annars samningsaðila heimild til komu og tímabundinnar dvalar í samræmi við XIX. viðauka (Samningsbundnir þjónustuveitendur og sjálfstætt starfandi fagaðilar).
2. Ef ekki er kveðið á um annað í XIX. viðauka (Samningsbundnir þjónustuveitendur og sjálfstætt starfandi fagaðilar) skal samningsaðili ekki samþykkja eða viðhalda takmörkunum á heildarfjölda samningsbundinna þjónustuveitenda og sjálfstætt starfandi fagaðila frá öðrum samningsaðila sem heimiluð er koma og tímabundin dvöl, í formi tölulegra kvóta eða kröfu um könnun á efnahagslegum þörfum.
3. Samningsaðili skal ekki veita samningsbundnum þjónustuveitendum og sjálfstætt starfandi fagaðilum lakari meðferð, að því er varðar veitingu þjónustu þeirra hjá þeim samningsaðila, en hann veitir innlendum þjónustuveitendum við sambærilegar aðstæður.

GR. 3.27

Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma.

1. Sérhver samningsaðili skal veita einstaklingum frá öðrum samningsaðila, sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma, heimild til komu og tímabundinnar dvalar í samræmi við XVIII. viðauka (Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu, Einstaklingar sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu og Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma), að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
 - (a) einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma selja ekki vörur sínar eða veita þjónustu sína almenningi,
 - (b) einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma fá ekki laun í eigin nafni innan samningsaðilans þar sem þeir dvelja tímabundið og
 - (c) einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma veita ekki þjónustu innan ramma samnings, sem gerður er milli lögaðila sem hefur ekki staðfestu hjá viðkomandi samningsaðila þar sem þeir dvelja tímabundið og neytanda þar, nema eins og kveðið er á um í XVIII. viðauka (Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu, Einstaklingar sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu og Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma).

2. Ef ekki er kveðið á um annað í XVIII. viðauka (Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu, Einstaklingar sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu og Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma) skal sérhver samningsaðili heimila einstaklingum sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma komu og tímabundna dvöl án atvinnuleyfis, könnunar á efnahagslegum þörfum eða annars sambærilegs fyrirframsamþykkis.
3. Ef einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma veita neytanda þjónustu hjá viðkomandi samningsaðila þar sem þeir dvelja tímabundið í samræmi við XVIII. viðauka (Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu, Einstaklingar sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu og Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma) skal sá samningsaðili ekki veita þeim lakari meðferð, að því er varðar veitingu þeirrar þjónustu, en hann veitir innlendum þjónustuveitendum við sambærilegar aðstæður.

GR. 3.28

Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði.

Að því marki sem viðkomandi ráðstöfun hefur áhrif á tímabundna dvöl einstaklinga sem koma í viðskiptalegum tilgangi gilda 3. og 4. mgr. í gr. 3.25 (Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu og einstaklingar sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu), 2. og 3. mgr. í gr. 3.26 (Samningsbundnir þjónustuveitendur og sjálfstætt starfandi fagaðilar) og 3. mgr. í gr. 3.27 (Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma) ekki um:

- (a) ráðstöfun, sem er í ósamræmi við skilyrði, sem er í gildi hjá samningsaðila á vettvangi:
 - (i) miðlægra stjórnvalda, eins og sá samningsaðili setur fram í skrá sinni við XVI. viðauka (Gildandi ráðstafanir),
 - (ii) svæðisbundinna stjórnvalda, eins og sá samningsaðili setur fram í skrá sinni við XVI. viðauka (Gildandi ráðstafanir) eða
 - (iii) staðbundinna stjórnvalda,
- (b) framhald eða tafarlausa endurnýjun ráðstöfunar, sem er ekki í samræmi við skilyrði, sem um getur í a-lið,
- (c) breytingu ráðstöfunar, sem er í ósamræmi við skilyrði, sem um getur í a- og b-lið, að því marki sem hún dregur ekki úr samræmi ráðstöfunarinnar, eins og hún gildi fram að því að henni var breytt, við 3. og 4. mgr. í gr. 3.25 (Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu og einstaklingar sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu), 2. og 3. mgr. í gr. 3.26 (Samningsbundnir

þjónustuveitendur og sjálfstætt starfandi fagaðilar) og 3. mgr. í gr. 3.27 (Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma), eða

- (d) ráðstöfun sammingsaðila sem er í samræmi við tilgreind skilyrði eða forsendur XVII. viðauka (Síðari ráðstafanir).

GR. 3.29

Tengiliðir.

Sérhver sammingsaðili skal, við gildistöku þessa sammings, tilnefna tengilið í þágu skilvirkrar framkvæmdar og reksturs þessa þáttar og tilkynna hinum sammingsaðilunum um samskiptaupplýsingar hans. Sammingsaðilarnir skulu þegar í stað tilkynna hver öðrum um breytingar á þessum upplýsingum um tengilið.

ÞÁTTUR 3.5

REGLURAMMI

UNDIRÞÁTTUR 3.5.1

INNLENDAR REGLUR

GR. 3.30

Gildissvið.

1. Með fyrirvara um 2. mgr. gildir þessi undirþáttur um ráðstafanir samningsaðila er varða kröfur og málsmeðferðarreglur vegna leyfisveitinga, kröfur og málsmeðferðarreglur vegna menntunar og hæfis, og formsatriði og tæknistaðla sem hafa áhrif á:
 - (a) þjónustuviðskipti yfir landamæri,
 - (b) staðfestu eða rekstur eða
 - (c) það þegar einstaklingur frá samningsaðila, í flokkum einstaklinga sem skilgreindir eru í gr. 3.19 (Almenn ákvæði og gildissvið) og gr. 3.20 (Skilgreiningar) í þætti 3.4 (Koma og tímabundin dvöl einstaklinga), veitir með nærveru sinni þjónustu hjá öðrum samningsaðila.

Að því er varðar ráðstafanir sem tengjast tæknistöðlum gildir þessi undirþáttur aðeins um ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustuviðskipti. Að því er þennan undirþátt varðar felur hugtakið „tæknistaðlar“ ekki í sér tæknilega eftirlits- eða framkvæmdastaðla fyrir fjármálaþjónustu.
2. Þessi undirþáttur á ekki við um kröfur og málsmeðferðarreglur vegna leyfisveitinga, kröfur og málsmeðferðarreglur vegna menntunar og hæfis, tæknistaðla og formsatriði samkvæmt ráðstöfun:
 - (a) sem er ekki í samræmi við gr. 3.6 (Markaðsaðgangur) eða gr. 3.7 (Innlend meðferð) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum) og um getur í a- til c-lið 1. liðar í gr. 3.12 (Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum) eða sem er ekki í samræmi við gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) eða gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) eða gr. 3.16 (Innlend meðferð) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri) og um getur í a- til c-lið 1. liðar í gr. 3.18 (Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri) eða við gr. 3.25 (Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum vegna staðfestu og einstaklingar sem flytjast til innan fyrirtækjasamstæðu) eða gr. 3.26 (Samningsbundnir þjónustuveitendur og sjálfstætt starfandi fagaðilar) eða gr. 3.27 (Einstaklingar sem koma í viðskiptaerindum í skamman tíma) og um

getur í gr. 3.28 (Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði) í þætti 3.4 (Koma og tímabundin dvöl einstaklinga) eða

- (b) sem um getur í 2. mgr. í gr. 3.12 (Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði) í þætti 3.2. (Aukið frelsi í fjárfestingum) eða 2. mgr. í gr. 3.18 (Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri).

GR. 3.31

Skilgreiningar.

Að því er þennan undirþátt varðar er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- (a) „leyfi“: heimild til að stunda þá starfsemi sem sett er fram í a- til c-lið 1. liðar í gr. 3.30 (Gildissvið) sem leiðir af málsmeðferð sem einstaklingur eða lögaðili þarf að fylgja til að sýna fram á að farið sé að kröfum vegna leyfisveitinga, kröfum vegna menntunar og hæfis, tæknistöðlum eða formsatriðum, í þeim tilgangi að afla leyfis, viðhalda því eða endurnýja það og
- (b) „lögbært yfirvald“: miðlægt, svæðisbundið eða staðbundið stjórnvald eða yfirvald eða óopinber stofnun sem fer með völd í umboði miðlægra, svæðisbundinna eða staðbundinna stjórnvalda eða yfirvalda og hefur heimild til að taka ákvörðun varðandi leyfið sem um getur í a-lið.

GR. 3.32

Framlagning umsókna.

Sérhver samningsaðili skal, að því marki sem unnt er, reyna að komast hjá því að krefjast þess að umsækjandi leiti til fleiri en eins lögbærs yfirvalds vegna hvarrar leyfisumsóknar. Ef starfsemi sem leyfis er óskað fyrir fellur innan valdsviðs margra lögbærra yfirvalda kann að vera þörf á mörgum leyfisumsóknum.

GR. 3.33

Tímamörk umsóknar.

Ef samningsaðili gerir kröfu um leyfi skal hann tryggja að lögbær yfirvöld hans heimili, að því marki sem unnt er, framlagningu leyfisumsóknar hvenær sem er á árinu. Ef tiltekið umsóknartímabil er fyrir hendi skal samningsaðilinn sjá til þess að lögbær yfirvöld hans veiti hæfilegan frest til að leggja fram umsókn.

GR. 3.34

Rafrænar umsóknir og samþykki afrita.

1. Ef samningsaðili gerir kröfu um leyfi skal hann sjá til þess að lögbær yfirvöld hans:
 - (a) kveði á um, að því marki sem unnt er, að hægt sé að fylla út umsóknir með rafrænum hætti, þ.m.t. af svæði annars samningsaðila, og
 - (b) samþykki afrit af skjölum sem eru staðfest í samræmi við lög samningsaðilans í stað upprunalegu skjalanna nema lögbæru yfirvöldin geri kröfu um upprunalegu skjölin til að vernda heilleika leyfisveitingarferlisins.

GR. 3.35

Meðferð umsókna.

1. Ef samningsaðili gerir kröfu um leyfi skal hann sjá til þess að lögbær yfirvöld hans:
 - (a) taki umsóknir til meðferðar hvenær sem er á árinu. Ef það er ekki mögulegt skulu upplýsingar þess efnis birtar fyrir fram, að því marki sem slíkt er gerlegt,
 - (b) staðfesti, að beiðni umsækjanda, móttöku umsóknar með skriflegum hætti,³³
 - (c) að því marki sem slíkt er gerlegt, setji fram föst eða leiðbeinandi tímamörk vegna meðferðar umsókna. Þau tímamörk skulu vera hæfileg, að því marki sem unnt er,
 - (d) ef föst tímamörk hafa verið sett samkvæmt c-lið, upplýsi umsækjendur um framlengingu á þeim tímamörkum,
 - (e) veiti, að beiðni umsækjanda, upplýsingar um stöðu umsóknar án ótilhlýðilegrar tafar,
 - (f) gangi úr skugga um, að því marki sem unnt er og án ótilhlýðilegrar tafar, heilleika umsóknar sem er til meðferðar samkvæmt lögum og reglum samningsaðilans,
 - (g) tryggi, ef þau telja umsókn tilbúna til meðferðar samkvæmt lögum og reglum samningsaðilans, innan hæfilegs tíma eftir að umsókn hefur verið lögð fram, að:

³³ Orðalagið „með skriflegum hætti“ getur tekið til rafræns sniðs.

- (i) meðferð umsóknarinnar verði, eftir atvikum, lokið innan tilgreindra tímamarka og
 - (ii) umsækjandi verði, að því marki sem unnt er, upplýstur skriflega um ákvörðun varðandi umsóknina³⁴,
- (h) tryggi, ef þau telja umsókn ekki tilbúna til meðferðar samkvæmt lögum og reglum samningsaðilans, að þau, að því marki sem unnt er:
- (i) upplýsi umsækjanda um að umsóknin sé ófullnægjandi,
 - (ii) tilgreini, að beiðni umsækjanda, þær viðbótarupplýsingar sem vantar til að ljúka við umsóknina eða veiti með öðrum hætti leiðsögn um hvers vegna umsóknin telst ófullnægjandi og
 - (iii) veiti umsækjanda tækifæri³⁵ til að leiðrétta hvers kyns annmarka.

Ef það er hins vegar réttmætt að hafna umsókninni vegna þess að hún telst ófullnægjandi skulu lögbær yfirvöld tryggja að þau upplýsi umsækjandann um slíkt innan hæfilegs frests og

- (i) ef umsókn er synjað, annaðhvort að þeirra eigin frumkvæði eða að beiðni umsækjanda, upplýsa umsækjandann um ástæður synjunarinnar og tímamörk kæru vegna þeirrar ákvörðunar og, ef við á, um málsmeðferðarreglur vegna endurframlagningar umsóknar. Ekki skal koma í veg fyrir að samningsaðili leggi fram aðra umsókn³⁶ eingöngu á þeim grundvelli að umsókn hafi áður verið hafnað.
2. Samningsaðilarnir skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld þeirra veiti leyfi um leið og gengið hefur verið úr skugga um, með viðeigandi athugun, að umsækjandinn hafi uppfyllt skilyrði fyrir því að fá leyfið.
 3. Samningsaðilarnir skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld þeirra tryggi að leyfi taki gildi, þegar það hefur verið veitt, án ótilhlýðilegrar tafar, með fyrirvara um viðeigandi skilmála og skilyrði.³⁷

³⁴ Lögbæru yfirvöldin geta uppfyllt þessar kröfur með því að upplýsa umsækjanda skriflega um það fyrir fram, þ.m.t. með birtri ráðstöfun, að ef svör berast ekki innan tiltekins tíma frá því að umsóknin er lögð fram sé það til marks um að umsóknin hafi verið samþykkt.

³⁵ Lögbært yfirvald þarf ekki að framlengja fresti vegna slíkra tækifæra.

³⁶ Lögbær yfirvöld geta gert þá kröfu að efni slíkrar umsóknar hafi verið endurskoðað.

³⁷ Lögbær yfirvöld bera ekki ábyrgð á töfum af ástæðum sem eru ekki á þeirra valdi.

GR. 3.36

Gjöld.

1. Að því er varðar hverja þá starfsemi sem talin er upp í a- til c-lið 1. liðar í gr. 3.30 (Gildissvið) skal sérhver samningsaðili sjá til þess að leyfisgjöld³⁸ sem lögbær yfirvöld þeirra innheimta séu sanngjörn og gagnsæ og takmarki í sjálfu sér ekki rekstur þeirrar starfsemi og að þau megi greiða með rafrænum hætti, að því marki sem unnt er.
2. Að því er fjármálaþjónustu varðar skal sérhver samningsaðili sjá til þess að lögbær yfirvöld hans láti umsækjendum í té, að því er varðar leyfisgjöld sem þau innheimta, gjaldskrár eða upplýsingar um hvernig gjöld eru ákveðin og noti ekki gjöldin til að víkjast undan skuldbindingum sínum eða skyldum.

GR. 3.37

Mat á menntun og hæfi.

Geri samningsaðili kröfu um að fram fari próf til að meta menntun og hæfi umsækjanda um leyfi skal hann sjá til þess að lögbær yfirvöld hans skipuleggi slík próf nokkuð reglulega og veiti umsækjendum hæfilegan tíma til að fara fram á að fá að þreyta prófið. Sérhver samningsaðili skal, að því marki sem unnt er, sjá til þess að lögbær yfirvöld hans taki við beiðnum á rafrænu formi um að fá að þreyta prófin og skulu skoða notkun rafrænna leiða varðandi aðra þætti prófferlisins.

GR. 3.38

Birting og aðgengilegar upplýsingar.

1. Geri samningsaðili kröfu um leyfi skal hann þegar í stað birta³⁹ nauðsynlegar upplýsingar fyrir aðila, sem stunda eða sækjast eftir því að stunda þá starfsemi sem um getur í a- til c-lið 1. liðar í gr. 3.30 (Gildissvið) sem krafist er leyfis fyrir, til að fullnægja kröfum, formsatriðum, tæknistöðlum og málsmeðferðarreglum varðandi öflun, viðhald, breytingu á og endurnýjun leyfisins. Þessar upplýsingar skulu vera, að svo miklu leyti sem slíkt er fyrir hendi:
 - (a) kröfur, málsmeðferðarreglur og formsatriði vegna leyfisveitinga og menntunar og hæfis,

³⁸ Leyfisgjöld fela ekki í sér gjöld fyrir notkun á náttúruauðlindum, greiðslur fyrir uppboð, útboð eða aðra meðferð án mismununar við að veita sérleyfi eða skylduframlög vegna veitingar alþjónustu.

³⁹ Að því er þessa grein varðar merkir „birting“ opinber birting, s.s. í stjórnartíðindum eða á opinberu vefsetri.

- (b) samskiptaupplýsingar viðkomandi lögbærra yfirvalda,
 - (c) leyfisgjöld,
 - (d) gildandi tæknistaðlar,
 - (e) málsmeðferðarreglur varðandi kæru eða endurskoðun ákvarðana sem varða umsóknir,
 - (f) málsmeðferðarreglur til að vakta eða fylgja því eftir að farið sé að skilmálum og skilyrðum varðandi leyfi eða menntun og hæfi,
 - (g) tækifæri almennings til þátttöku, t.d. með áheyrnarfundum eða athugasemdum,
 - (h) föst eða leiðbeinandi tímamörk vegna meðferðar umsóknar og
 - (i) leiðbeiningar um aðgang að opinberum skráum og gagnagrunnum um þjónustuveitendur og þjónustu.
2. Samningsaðilarnir skulu sameina rafrænar birtingar um eina vefgátt eða tryggja með öðrum hætti að lögbær yfirvöld auðveldi aðgengi að þeim eftir öðrum rafrænum leiðum.
 3. Sérhver samningsaðili skal krefjast þess að sérhver lögbær yfirvöld hans svari hvers kyns beiðnum um upplýsingar eða aðstoð.

GR. 3.39

Tæknistaðlar.

Við samþykkt tæknistaðla skal sérhver samningsaðili hvetja lögbær yfirvöld sín til að samþykkja tæknistaðla sem þróaðir eru í opnu og gagnsæju ferli og hvetja aðila, þ.m.t. viðkomandi alþjóðastofnanir⁴⁰, sem tilnefndar eru til að þróa tæknistaðla, til að nota opin og gagnsæ ferli.

GR. 3.40

Skilyrði fyrir leyfi.

1. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að ráðstafanir sem varða leyfi byggist á viðmiðunum sem koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld geti beitt matsvaldi sínu handahófskennt.

⁴⁰ Hugtakið „viðkomandi alþjóðastofnanir“ vísar til alþjóðastofnana sem viðkomandi stofnunum samningsaðilanna er frjálst að gerast aðilar að.

2. Viðmiðanirnar⁴¹, sem um getur í 1. mgr., skulu vera:
- (a) hlutlægar,
 - (b) gagnsæjar,
 - (c) skýrar,
 - (d) óhlutdrægar,
 - (e) birtar fyrir fram, að því marki sem unnt er, og
 - (f) auðveldlega aðgengilegar.
3. Samþykki samningsaðili eða viðhaldi ráðstöfun sem varðar leyfi skal hann sjá til þess:
- (a) að hlutaðeigandi lögbært yfirvald afgreiði umsóknir og taki ákvarðanir sínar og framfylgi þeim á hlutlægan og óhlutdrægan hátt og þannig að slíkt sé óháð ótilhlýðilegum áhrifum aðila sem stundar þá atvinnustarfsemi sem leyfis er krafist fyrir,
 - (b) að málsmeðferðin sjálf komi ekki í veg fyrir að kröfurnar séu uppfylltar og
 - (c) að þessar ráðstafanir mismuni ekki kynjunum⁴².

⁴¹ Slíkar viðmiðanir geta falið í sér, en takmarkast þó ekki við, hæfni og getu til þess að veita þjónustu eða stunda atvinnustarfsemi, þ.m.t. í samræmi við kröfur samkvæmt reglum samningsaðilans, s.s. heilbrigðiskröfur og umhverfiskröfur. Lögbær yfirvöld geta metið það vægi sem gefa skal hverri viðmiðun.

⁴² Aðgreind meðferð, sem er sanngjörn og hlutlæg og miðar að því að ná lögmætum tilgangi, og samþykkt samningsaðilans á tímabundnum sérstökum ráðstöfunum, sem miða að því að flýta í reynd fyrir jafnrétti kynjanna, skulu ekki talin mismunun að því er þetta ákvæði varðar.

UNDIRÞÁTTUR 3.5.2

ÁKVÆÐI SEM HAFA ALMENNT GILDI

GR. 3.41

Endurskoðun stjórnvaldsákvæðana.

Sérhver samningsaðili skal hafa dómstóla, gerðardóma eða stjórnsludómstóla eða málsmeðferð sem gerir ráð fyrir, að beiðni fjárfestis eða þjónustuveitanda annars samningsaðila, tafarlausri endurskoðun stjórnvaldsákvæðana⁴³ sem hafa áhrif á rekstur starfsemi sem um getur í a- til c-lið 1. liðar í gr. 3.30 (Gildissvið), og, þar sem það er réttlætanlegt, að gripið verði til viðeigandi úrræða vegna slíkra ákvæðana. Ef málsmeðferðin er ekki óháð því lögbæra yfirvaldi sem tekur viðkomandi stjórnvaldsákvörðun skal samningsaðilinn sjá til þess að málsmeðferðin geri í reynd ráð fyrir hlutlægni og óhlutdrægri endurskoðun.

GR. 3.42

Tækifæri til athugasemda áður en til gildistöku kemur.

1. Sérhver samningsaðili⁴⁴ skal, að því marki sem unnt er og á þann hátt að samrýmist réttarkerfi hans að því er varðar samþykkt nýrra ráðstafana, birta fyrir fram:
 - (a) almenn lög eða reglur sem hann hyggst samþykkja eða
 - (b) skjöl sem veita nægilegar upplýsingar um þau mögulegu lög og reglur til að gefa öðrum samningsaðila færi á að meta hvort og hvernig hagsmunir hans gætu orðið fyrir verulegum áhrifum.
2. Að því marki sem unnt er og á þann hátt að samrýmist réttarkerfi samningsaðilans við samþykkt ráðstafana er hver samningsaðili hvattur til að beita 1. mgr. gagnvart almennri málsmeðferð og stjórnsluúrskurðum sem hann hyggst samþykkja.
3. Að því marki sem unnt er og á þann hátt að samrýmist réttarkerfi samningsaðilans við samþykkt ráðstafana skal hver samningsaðili veita

⁴³ Að því er þessa grein varðar merkir „stjórnvaldsákvörðun“ ákvörðun eða aðgerð sem hefur réttaráhrif og nær yfir það að vanrækja að taka stjórnvaldsákvörðun eða grípa til slíkra aðgerða þegar slíks er krafist samkvæmt lögum samningsaðila.

⁴⁴ Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að í 1.–4. mgr. er viðurkennt að hver samningsaðili kunnir að vera með mismunandi kerfi til að hafa samráð við hagsmunaaðila um tilteknar ráðstafanir áður en þær eru samþykktar og að aðrir valkostir sem settir eru fram í a- og b-lið 1. liðar endurspeglir mismunandi réttarkerfi.

hinum samningsaðilunum nægilegt tækifæri til að setja fram athugasemdir við fyrirhugaðar ráðstafanir eða skjöl sem birt eru skv. 1. eða 2. mgr.

4. Að því marki sem unnt er og á þann hátt að samrýmist réttarkerfi samningsaðilans skal hver samningsaðili taka tillit til athugasemda sem tekið er við skv. 3. mgr.⁴⁵
5. Við útgáfu laga eða reglna sem um getur í a-lið 1. liðar eða áður en til slíkrar útgáfu kemur er samningsaðili hvattur, að því marki sem unnt er og á þann hátt að samrýmist réttarkerfi hans við samþykkt ráðstafana, til að útskýra tilgang og forsendur fyrir þessum lögum eða reglum.
6. Sérhver samningsaðili skal, að því marki sem unnt er, leitast við að láta hæfilegan tíma líða milli útgáfu þeirra laga eða reglna sem um getur í a-lið 1. liðar og þess dags sem markar hvenær þjónustuveitendur verða að hafa uppfyllt lögin eða reglurnar.

GR. 3.43

Samstarf um reglusetningu.

1. Til að stuðla að auknu frelsi að því er þjónustu varðar skulu samningsaðilarnir:
 - (a) íhuga samstarf um málefni á sviði reglusetningar sem varða sameiginlega hagsmuni með því að:
 - (i) fjalla um nálganir við reglusetningu sem renna stoðum undir forsendur þeirra fyrir leyfisveitingum,
 - (ii) miðla bestu starfsvenjum og sérfræðipækkingu,
 - (iii) taka þátt í alþjóðlegum skoðanaskiptum og
 - (iv) deila viðskiptatengdum upplýsingum,
 - (b) kappkosta að hvetja lögbær yfirvöld sín til að íhuga samstarf við lögbær yfirvöld annars samningsaðila um reglusetningarmál sem varða sameiginlega hagsmuni eftir sömu leiðum og kveðið er á um í i.-iv. lið a-liðar.
2. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki að því er varðar fjármálaþjónustu.

⁴⁵ Ákvæði þetta er með fyrirvara um endanlega ákvörðun samningsaðila sem samþykkir eða viðheldur ráðstöfun vegna leyfis fyrir veitingu þjónustu.

UNDIRÞÁTTUR 3.5.3

FJÁRMÁLAPJÓNUSTA

GR. 3.44

Gildissvið.

1. Þessi undirþáttur gildir um ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á framboð fjármálaþjónustu til viðbótar við þætti 3.1–3.4 (Almenn ákvæði, Aukið frelsi í fjárfestingum, Þjónustuviðskipti yfir landamæri, Koma og tímabundin dvöl einstaklinga í viðskiptalegum tilgangi) í þessum kafla og undirþátt 3.5.1 (Innlendar reglur) og undirþátt 3.5.2 (Ákvæði sem hafa almennt gildi) í þessum þætti.
2. Að því er varðar beitingu gr. 3.1 (Gildissvið) í þætti 3.1 (Almenn ákvæði) gagnvart þessum undirþætti er merking hugtaksins „starfsemi stjórnvalda“ sem hér segir:
 - (a) starfsemi seðlabanka eða yfirvalda peningamála eða annarrar opinberrar stofnunar sem framfylgir peningamála- og gengisstefnu,
 - (b) starfsemi sem er hluti lögboðins almannatryggingakerfis eða opinberra eftirlaunakerfa og
 - (c) önnur starfsemi sem opinber stofnun stundar fyrir reikning eða á ábyrgð eða með fjármagni samningsaðila eða opinberra stofnana hans.
3. Að því er varðar beitingu gr. 3.1 (Gildissvið) í þætti 3.1 (Almenn ákvæði) gagnvart þessum undirþætti, ef samningsaðili leyfir fjármálaþjónustuveitendum sínum að stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í b- eða c-lið 2. liðar, í samkeppni við opinberan aðila eða fjármálaþjónustuveitanda, nær „starfsemi stjórnvalda“ ekki yfir slíka starfsemi.
4. Skilgreiningin á „starfsemi stjórnvalda“ í þætti 3.1 (Almenn ákvæði) gildir ekki um þjónustu sem fellur undir þennan undirþátt.
5. Ákvæði gr. 3.9 (Framkvæmdastjórn og stjórn) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum) gildir ekki um ráðstafanir sem heyra undir þennan undirþátt.

GR. 3.45

Skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- (a) „fjármálaþjónusta“: þjónusta af fjármálalegum toga sem fjármálaþjónustuveitandi samningsaðila veitir. Til fjármálaþjónustu telst eftirtalin starfsemi:

Vátryggingar og þjónusta tengd vátryggingum

- (i) Frumtryggingar (þar á meðal samtrygging):
 - (aa) líftryggingar,
 - (ab) skaðatryggingar,
- (ii) endurtryggingar,
- (iii) milliganga um tryggingar, t.d. miðlun og umboðsstörf, og
- (iv) stoðþjónusta við vátryggingar, t.d. ráðgjöf, þjónusta varðandi tryggingafræðileg atriði, áhættumat og tjónauppgjör,

Bankastarfsemi og önnur fjármálaþjónusta (önnur en vátryggingastarfsemi)

- (v) móttaka innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi,
- (vi) allar tegundir útlána, þar á meðal neytendalán, veðlán, kröfukaup og rekstrarlán,
- (vii) fjármögnunarleiga,
- (viii) öll þjónusta á sviði millifærslu greiðslna og peninga, þ.m.t. kredit-, gjaldfærslu- og debetkort, ferðaávísanir, rafrænar greiðslur og bankaávísanir,
- (ix) ábyrgðir og skuldbindingar,
- (x) viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir reikning viðskiptavina, hvort sem er á viðskiptavettvangi, utan viðskiptavettvangs (OTC) eða með öðrum hætti, með eftirfarandi:
 - (aa) peningamarkaðsgerninga (þar á meðal ávísanir, víxla, innlánskírteini),
 - (ab) erlendan gjaldeyri,
 - (ac) afleiðuafurðir, þar á meðal framtíðarsamninga og valréttarsamninga,
 - (ad) gengis- og vaxtasamninga, þar á meðal skiptasamninga og framvirka samninga,
 - (ae) framseljanleg verðbréf og

- (af) önnur viðskiptabréf og fjáreignir, þar á meðal silfur og gull í stöngum,
 - (xi) þátttaka í útgáfu hvers konar verðbréfa, þar á meðal sölutrygging og milliganga um markaðssetningu (hvort sem um er að ræða almennt útboð eða lokað útboð) og þjónusta sem er veitt í tengslum við slíka útgáfu,
 - (xii) peningamiðlun,
 - (xiii) eignastýring, s.s. stýring reiðufjár eða verðbréfasafns, stýring sameiginlegrar fjárfestingar, stýring lífeyrissjóðs og vörslu-, innlána- og fjárhaldsþjónusta í hvaða mynd sem er,
 - (xiv) uppgjörs- og greiðslujöfnunarþjónusta vegna fjáreigna, þ.m.t. verðbréf, afleiðuafurðir og önnur viðskiptabréf,
 - (xv) veiting og miðlun fjárhagsupplýsinga og fjárhagsleg gagnavinnsla og hugbúnaður er þessu tengist frá þeim sem veita aðra fjármálaþjónustu og
 - (xvi) ráðgjafarþjónusta, milliganga og önnur stoðþjónusta á sviði fjármála vegna allrar þeirrar starfsemi sem er talin upp í v.-xv. lið, þar á meðal upplýsingar um lánstraust og lánsmat, rannsókn og ráðgjöf varðandi fjárfestingu og verðbréfasöfn, ráðgjöf varðandi yfirtöku og endurskipulagningu fyrirtækja og stefnumörkun þeirra,
- (b) „fjármálaþjónustuveitandi“: aðili hjá samningsaðila sem hefur hug á að veita eða veitir fjármálaþjónustu, en hugtakið nær ekki yfir opinberar stofnanir,
 - (c) „ný fjármálaþjónusta“: fjármálaþjónusta sem er ekki veitt hjá viðkomandi samningsaðila en er veitt hjá öðrum samningsaðila og tekur til hvers konar nýs afhendingarmáta fjármálaþjónustu eða sölu á fjármálaafurð sem er ekki seld hjá viðkomandi samningsaðila,
 - (d) „opinber stofnun“:
 - (i) stjórnvöld, seðlabanki eða yfirvöld peningamála hjá samningsaðila eða stofnun sem er í eigu eða er stjórnað af samningsaðila og sér aðallega um að framkvæma stjórnvaldsaðgerðir eða hefur með höndum starfsemi á sviði stjórnsýslu, að frátöldum stofnunum sem veita aðallega fjármálaþjónustu á viðskiptagrundvelli, eða
 - (ii) einkaaðili, sem hefur með höndum starfsemi sem venjulega er í höndum seðlabanka eða yfirvalda peningamála og

- (e) „sjálfseftirlitsstofnanir“: óopinberar stofnanir, þ.m.t. kauphöll eða markaður fyrir verðbréf eða framtíðarsamninga, uppgjörsaðili eða annar aðili eða félag sem fer með reglusetningar- eða eftirlitsvald yfir fjármálaþjónustuveitendum samkvæmt lögum eða umboði miðlægra eða svæðisbundinna stjórnvalda.

GR. 3.46

Ný fjármálaþjónusta.

1. Sérhver samningsaðili skal, í samræmi við lög sín, heimila fjármálaþjónustuveitanda annars samningsaðila að veita nýja fjármálaþjónustu sem hann myndi heimila innlendum fjármálaþjónustuveitendum að veita án þess að setja lög eða breyta gildandi lögum, við áþekkar aðstæður.
2. Samningsaðila er heimilt að ákvarða undir hvaða stofnanaumgjörð og á hvaða lagalega formi⁴⁶ nýja fjármálaþjónustan skuli veitt og getur krafist leyfis eða endurnýjunar leyfis frá viðeigandi reglusetningaryfirvaldi til að veita megi þjónustuna. Sé slíks leyfis krafist skal taka ákvörðun innan hæfilegs frests og einungis má synja um leyfið eða endurnýjun þess af varfærnisástæðum, s.s. ef slíkar varfærnisástæður eru til komnar vegna alþjóðlegra skuldbindinga samningsaðilans.
3. Sérhver samningsaðili skal leitast við að eiga samstarf um og miðla þekkingu varðandi þróun í fjármálaþjónustu, m.a. fjármálaleg heilindi, velferð og vernd neytenda, fjárhagslega þátttöku, fjármálagögn, samkeppni og fjármálastöðugleika með nýsköpun í fjármálaþjónustu, með því að skiptast á bestu starfsvenjum og greiða fyrir þróun yfir landamæri á nýrri fjármálaþjónustu.
4. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að ekkert í þessari grein kemur í veg fyrir að fjármálaþjónustuveitandi hjá samningsaðila sækji um það hjá öðrum samningsaðila að hann heimili veitingu fjármálaþjónustu sem ekki er veitt hjá neinum samningsaðila. Slík umsókn skal heyra undir lög samningsaðilans sem við henni tekur og, til að taka af vafa, skal hún ekki heyra undir 1.–2. mgr.

GR. 3.47

Fjárhagsupplýsingar og fjármálagögn.

1. Enginn samningsaðili skal leggja hömlur á miðlun eða vinnslu upplýsinga af hálfu fjármálaþjónustuveitanda annars samningsaðila, einnig með rafrænum hætti, eða flutning á tæknibúnaði í samræmi við þennan samning

⁴⁶ Til að taka af vafa er samningsaðila heimilt að ákvarða að einungis fjármálaþjónustuveitandi með staðfestu geti veitt þjónustuna.

og hvers konar gildandi landslög og reglur ef slík miðlun eða vinnsla er nauðsynlegur þáttur í starfsemi fjármálaþjónustuveitandans.

2. Samningsaðilarnir staðfesta að 1. mgr. í gr. 4.11 (Gagnaflæði yfir landamæri) í 4. kafla (Stafræn viðskipti) gildir um gagnaflutninga fjármálaþjónustuveitenda yfir landamæri.
3. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar og 1. mgr. í gr. 4.11 (Gagnaflæði yfir landamæri) í 4. kafla (Stafræn viðskipti) á sérhver samningsaðili rétt á að krefjast þess að upplýsingar fjármálaþjónustuveitanda séu notaðar, geymdar eða unnar hjá þeim samningsaðila geti hann ekki tryggt aðgang að tilskildum gögnum vegna reglusetningar og eftirlits á sviði fjármála. Áður en slíkar kröfur varðandi notkun, geymslu eða vinnslu fjárhagsupplýsinga hjá þeim samningsaðila eru gerðar gagnvart fjármálaþjónustuveitanda annars samningsaðila skal samningsaðilinn eða reglusetningaryfirvöld hans á sviði fjármála leitast við að hafa samráð við hinn samningsaðilann eða reglusetningaryfirvöld hans á sviði fjármála og veita, eins og framast er kostur, fjármálaþjónustuveitandanum sanngjarnt tækifæri til að bæta aðgang að upplýsingum.
4. Til að taka af vafa skal ekkert í þessari grein koma í veg fyrir að samningsaðili samþykki eða viðhaldi ráðstöfunum í samræmi við 2. mgr. í gr. 4.12 (Vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs) í 4. kafla (Stafræn viðskipti).

GR. 3.48

Greiðslur og greiðslujöfnun.

Samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem fylgja innlendri meðferð samkvæmt gr. 3.7 (Innlend meðferð) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum) og gr. 3.16 (Innlend meðferð) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri) skal sérhver samningsaðili veita þjónustuveitendum annars samningsaðila, sem hafa staðfestu hjá honum, aðgang að greiðslu- og greiðslujöfnunarkerfum sem opinberar stofnanir reka og að opinberum fjármögnunar- og skuldbreytingarkostum sem eru fyrir hendi í almennum viðskiptum. Þessi grein skal ekki veita aðgang að lánveitanda samningsaðila til þrautavara.

GR. 3.49

Framkvæmdastjórn og stjórn.

1. Enginn samningsaðili skal krefjast þess að fjármálaþjónustuveitendur annars samningsaðila með staðfestu hjá honum hafi einstaklinga með tiltekið ríkisfang í stjórn sinni, framkvæmdastjórn eða öðrum mikilvægum stöðum.

2. Enginn samningsaðili skal krefjast þess að fleiri stjórnarmenn en sem nemur minnihluta stjórnar fjármálaþjónustuveitenda með staðfestu hjá öðrum samningsaðila séu búsettir hjá þeim samningsaðila.
3. Þessi grein er háð fyrirvörum hvers samningsaðila sem settir eru fram í XVI. viðauka (Gildandi ráðstafanir) og XVII. viðauka (Síðari ráðstafanir).

GR. 3.50

Sjálfsseftirlitsstofnanir.

Krefjast samningsaðili þess að fjármálaþjónustuveitandi frá öðrum samningsaðila sé aðili að, taki þátt í eða hafi aðgang að sjálfsseftirlitsstofnun til að mega veita fjármálaþjónustu hjá viðkomandi samningsaðila eða inn á svæði hans, eða bjóði hann þeim sem veita fjármálaþjónustu í gegnum sjálfsseftirlitsstofnun sérréttindi eða ávinning, skal hann tryggja að sjálfsseftirlitsstofnunin virði þær skyldur sem er að finna í gr. 3.6 (Markaðsaðgangur), gr. 3.7 (Innlend meðferð) og gr. 3.8 (Bestukjaraméðferð) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum) og gr. 3.14 (Markaðsaðgangur), gr. 3.16 (Innlend meðferð) og gr. 3.17 (Bestukjaraméðferð) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri).

GR. 3.51

Ákvæði um varfærnisráðstafanir.

1. Ekkert í þessum samningi kemur í veg fyrir að samningsaðili samþykki eða viðhaldi varfærnisráðstöfunum⁴⁷, þ.m.t.:
 - (a) vernda fjárfesta, innstæðueigendur, skírteinishafa eða aðila sem hafa sett fjármuni í vörslu þeirra sem veita fjármálaþjónustu,
 - (b) viðhalda öryggi, traustleika, heilleika eða fjárhagslegri ábyrgð fjármálaþjónustuveitenda eða
 - (c) tryggja heilleika og stöðugleika fjármálakerfis samningsaðilans.
2. Þegar slíkar ráðstafanir samrýmast ekki ákvæðum þessa samnings skal ekki nota þær til að víkjast undan skuldbindingum eða skyldum samningsaðila samkvæmt þessum samningi.

⁴⁷ Til að taka af vafa skal þetta ekki koma í veg fyrir að samningsaðili samþykki eða viðhaldi ráðstöfunum af varfærnisástæðum í tengslum við útibú sem lögaðilar annars samningsaðila stofna hjá honum.

GR. 3.52

Trúnaðarupplýsingar.

Ekkert í þessum samningi skal túlka þannig að þess sé krafist að samningsaðili láti í té upplýsingar sem varða málefni og reikninga einstakra viðskiptamanna eða upplýsingar um trúnaðarmál eða eignarhluta sem opinberar stofnanir hafa vitneskju um.

GR. 3.53

Alþjóðlegir staðlar.

Sérhver samningsaðili skal gera sitt ýtrasta til að tryggja að alþjóðlega viðurkenndum stöðlum um reglusetningu og eftirlit í fjármálageiranum og um baráttuna gegn skattsvikum og skattundanskotum sé komið til framkvæmda og þeim beitt hjá honum. Slíkir alþjóðlega viðurkenndir staðlar eru m.a. „Grundvallarreglurnar um skilvirkt bankaeftirlit“ sem Basel-nefndin tók saman, staðlar og meginreglur Alþjóðasambands tryggingaeftirlita, „Markmið og meginreglur reglugerðar um verðbréf“, sem Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði tóku saman, „tilmæli fjármálaaðgerðahópsins (FATF)“ og staðlar hnattræns samstarfsvettvangs Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir gagnsæi og upplýsingaskipti um skattamál.

GR. 3.54

Viðurkenning varfærnisráðstafana.

1. Samningsaðila er heimilt að viðurkenna varfærnisráðstafanir aðila, sem ekki á aðild að samningnum, við beitingu ráðstafana sem heyra undir þennan undirþátt⁴⁸. Sú viðurkenning getur verið:
 - (a) veitt einhliða,
 - (b) fengin með samræmingu eða öðrum hætti eða
 - (c) byggð á samningi eða samkomulagi við aðila sem ekki á aðild að samningnum.
2. Samningsaðili sem viðurkennir varfærnisráðstafanir skv. 1. mgr. skal veita öðrum samningsaðila nægilegt tækifæri til að sýna fram á að aðstæður séu fyrir hendi þar sem fyrir liggja, eða myndu liggja fyrir, sambærilegar reglur,

⁴⁸ Til að taka af vafa skal ekki túlka neitt í gr. 3.8 (Bestukjarameðferð) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum) og gr. 3.17 (Bestukjarameðferð) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri) með þeim hætti að þess sé krafist að samningsaðili viðurkenni varfærnisráðstafanir annars samningsaðila.

umsjón, framkvæmd reglna og, ef við á, reglur um upplýsingaskipti viðeigandi samningsaðila.

3. Viðurkenni samningsaðili varfærnisráðstafanir skv. c-lið 1. liðar og aðstæðurnar sem settar eru fram í 2. mgr. eru fyrir hendi skal sá samningsaðili veita öðrum samningsaðila fullnægjandi tækifæri til að semja um aðild að slíkum samningi eða samkomulagi eða til að gera sambærilegan samning eða samkomulag.

UNDIRÞÁTTUR 3.5.4

FJARSKIPTAÞJÓNUSTA

GR. 3.55

Gildissvið.

1. Þessi undirþáttur gildir um ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á framboð fjarskiptaþjónustu til viðbótar við þætti 3.1–3.4 (Almenn ákvæði, aukið frelsi í fjárfestingum, þjónustuviðskipti yfir landamæri, koma og tímabundin dvöl einstaklinga í viðskiptalegum tilgangi) þessa kafla og undirþátt 3.5.1 (Innlendar reglur) og undirþátt 3.5.2 (Ákvæði sem hafa almennt gildi) þessa þáttar.
2. Þessi undirþáttur gildir ekki um:
 - (a) ráðstafanir sem hafa áhrif á þjónustu þar sem efni, sem sent er með fjarskiptanetum eða fjarskiptaþjónustu, er boðið fram eða því ritstýrt eða
 - (b) ráðstafanir í tengslum við útsendingu eða dreifingu um kapal á útvarps- eða sjónvarpsefni nema til að tryggja að þjónustuveitandi sem rekur útvarpsstöð eða kapalkerfi hafi áframhaldandi aðgang að og geti nýtt sér almenn fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu.

GR. 3.56

Skilgreiningar.

Að því er þennan undirþátt varðar er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- (a) „tilheyrandi aðstaða“: þjónusta, efnisleg grunnvirki og önnur aðstaða sem tengist fjarskiptaneti eða fjarskiptaþjónustu sem gerir það kleift að veita, eða styður veitingu, þjónustu um það net eða þjónustu eða hafa möguleika á að gera það,
- (b) „endanlegur notandi“: lokaneytandi eða áskrifandi að almennri fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. þjónustuveitandi annar en veitandi almennrar fjarskiptaþjónustu,
- (c) „nauðsynlegur búnaður“: búnaður til almennra fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu:
 - (i) sem er eingöngu eða aðallega látinn í té af einum eða takmörkuðum fjölda veitenda og

- (ii) sem annað getur ekki komið í staðinn fyrir, hvorki efnahagslega né tæknilega, til að veita megi þjónustu,
- (d) „samtenging“: tenging almennra fjarskiptaneta sem einn eða fleiri veitendur fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu nota til að gera notendum eins veitanda kleift að hafa samskipti við notendur sama eða annars veitanda eða nýta sér þjónustu sem annar veitandi lætur í té. Þjónustuna geta hlutaðeigandi veitendur látið í té eða annar veitandi sem hefur aðgang að netinu,
- (e) „alþjóðleg reikiþjónusta“: farstöðvaþjónusta sem veitt er samkvæmt samningi sem veitendur almennrar fjarskiptaþjónustu gera sín á milli og gerir endanlegum notanda farstöðvabúnaðar eða annars búnaðar, sem tengist venjulega um almenna fjarskiptaþjónustu hjá samningsaðila, kleift að nota farstöðvabúnaðinn eða annan búnað fyrir radd-, gagna- eða skilaboðaþjónustu hjá öðrum samningsaðila,
- (f) „leigurás“: fjarskiptaþjónusta eða búnaður, þ.m.t. sýndarbúnaður eða óefnislegur búnaður, milli tveggja eða fleiri tiltekinna punkta sem teknir eru frá fyrir sérstaka notkun eða til að vera tiltækir notanda,
- (g) „stór veitandi“: veitandi fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu sem getur haft umtalsverð áhrif á þátttöku, með hliðsjón af verði og framboði, á viðkomandi markaði fyrir almenn fjarskiptanet eða þjónustu sem leiðir af umráðum yfir nauðsynlegum búnaði eða því hvernig hann nýtir sér stöðu sína á þeim markaði,
- (h) „netþættir“: búnaður eða tæki sem notað er til að veita fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. eiginleikar, virkni og geta þess búnaðar eða tækis,
- (i) „án mismununar“: meðferð sem er ekki óhagstæðari en sú sem veitt er öðrum þjónustuveitendum og notendum sambærilegra almennra fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu í sambærilegum aðstæðum,
- (j) „númeraflutningur“: sá möguleiki sem endanlegur notandi hefur til að halda sömu símanúmerum, óski hann eftir því, á sama stað þegar um er að ræða fastlínu, þegar hann skiptir um veitanda almennrar fjarskiptaþjónustu í sama flokki,
- (k) „almennt fjarskiptanet“: hvers kyns fjarskiptanet sem notað er til að veita fjarskiptaþjónustu milli nettengipunkta,
- (l) „almenn fjarskiptaþjónusta“: hvers kyns fjarskiptaþjónusta sem stendur almenningi almennt til boða,
- (m) „viðmiðunartilboð um samtengingu“: tilboð um samtengingu frá stórum veitanda sem gert er aðgengilegt almenningi svo að veitandi

almennrar fjarskiptaþjónustu, sem er tilbúinn að taka því, geti fengið samtengingu við stóra veitandann á grundvelli þess,

- (n) „fjarskipti“: sending og móttaka merkja með hvaða rafsegulaðferð sem er,
- (o) „fjarskiptanet“: sendikerfi og, ef við á, skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði, þ.m.t. óvirkir netþættir, sem gera sendingu og móttöku merkja eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum eða með öðrum rafsegulaðferðum mögulega,
- (p) „eftirlitsyfirvald á sviði fjarskipta“: stofnun eða stofnanir sem bera ábyrgð á eftirliti með fjarskiptanetum og fjarskiptaþjónustu sem þessi undirþáttur tekur til,
- (q) „fjarskiptaþjónusta“: þjónusta sem samanstendur að hluta eða í heild af sendingu og móttöku merkja um fjarskiptanet, þ.m.t. um net sem notuð eru til útsendingar, en felur ekki í sér veitingu þjónustu þar sem efni, sem sent er um fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu, er boðið fram eða því ritstýrt,
- (r) „alþjónusta“: lágmarksþjónusta sem gera verður aðgengilega öllum notendum hjá samningsaðila og
- (s) „notandi“: þjónustuneytandi eða þjónustuveitandi sem notar almenn fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu.

GR. 3.57

Aðgengi og notkun.

1. Sérhver samningsaðili skal tryggja að stofnsettu fyrirtæki eða þjónustuveitanda annars samningsaðila sé heimilaður aðgangur að og notkun á almennum fjarskiptanetum eða fjarskiptaþjónustu sem er í boði hjá honum eða yfir landamæri hans, þ.m.t. leigurásir einkaaðila, með sanngjörnum skilmálum og skilyrðum án mismununar. Þessi kvöð skal m.a. gilda um 2.–6. mgr.
2. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að stofnsett fyrirtæki eða þjónustuveitendur annars samningsaðila, hafi heimild til að:
 - (a) kaupa eða taka á leigu og tengja endabúnað eða annan búnað sem er með skilfleti við netið og er nauðsynlegur til að hann geti sinnt starfsemi sinni,
 - (b) tengja leigurásir einkaaðila eða rásir í einkaeign við almenn fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu, eða við leigurásir eða rásir í eigu annars stofnsetts fyrirtækis eða þjónustuveitanda og

- (c) nota samskiptareglur að eigin vali í starfsemi sinni, með þeim undantekningum sem eru nauðsynlegar til að tryggja aðgengi að almennri fjarskiptaþjónustu.
3. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að stofnsett fyrirtæki eða þjónustuveitendur annars samningsaðila, geti notað almenn fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu til að flytja upplýsingar innan hans eða yfir landamæri hans, þ.m.t. samskipti milli þessara fyrirtækja eða þjónustuveitenda, og til að fá aðgang að upplýsingum sem geymdar eru í gagnagrunnum eða á annan hátt á tölvulesanlegu formi hjá viðkomandi samningsaðila.
4. Þrátt fyrir 3. mgr. er samningsaðila heimilt að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi og leynd fjarskipta, með fyrirvara um að slíkum ráðstöfunum verði ekki beitt þannig að þær feli í sér handahófskennda eða óréttlætánlega mismunun eða duldar hömlur á þjónustuviðskipti.
5. Sérhver aðili skal tryggja að ekki verði sett nein skilyrði um aðgang að eða notkun almennra fjarskiptaneta og -þjónustu nema það sé nauðsynlegt:
- (a) til að tryggja að þeir sem starfrækja almennu fjarskiptanetin og veita þjónustu geti rækt skyldur sínar á sviði almennrar þjónustu, einkum að því er varðar möguleika þeirra á því að veita aðgang að þjónustu eða
- (b) til að standa vörð um tæknilegan heilleika almennra fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu.
6. Skilyrði fyrir aðgangi að og notkun almennra fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu getur falið í sér eftirfarandi, að því tilskildu að viðmiðunum í 5. mgr. sé fullnægt:
- (a) takmarkanir á endursölu eða sameiginlegum notum slíkrar þjónustu,
- (b) kröfu um að notaðir verði tilteknir tæknilegir skilfletir, þar á meðal samskiptareglur um skilfleti fyrir samtengingu við slík net og þjónustu,
- (c) kröfu, ef þörf er á, um samvirkni slíkrar þjónustu,
- (d) gerðarviðurkenningu notendabúnaðar eða annars búnaðar sem tengist netinu og tæknikröfur varðandi tengingu þessa búnaðar við slík net,
- (e) takmarkanir á samtengingu leigurása einkaaðila eða rása í einkaeign við slík net eða þjónustu eða við rásir sem annar þjónustuveitandi leigir eða á
- eða

- (f) tilkynningu, skráningu og leyfisveitingu.

GR. 3.58

Aðgengi að nauðsynlegum búnaði stórra veitenda.

Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að stór veitandi hjá honum bjóði veitendum fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu aðgang að nauðsynlegum búnaði hans, með sanngjörnum og gagnsæjum skilmálum og skilyrðum án mismununar, í þeim tilgangi að veita almenna fjarskiptaþjónustu nema þegar þess gerist ekki þörf til að ná fram skilvirkri samkeppni á grundvelli þeirra staðreynda sem aflað hefur verið og mats á markaðsskilyrðum sem eftirlitsyfirvald samningsaðilans á sviði fjarskipta hefur framkvæmt. Í nauðsynlegum búnaði stórra veitenda geta m.a. falist netþættir, þjónusta fyrir leigurásir og tilheyrandi aðstaða.

GR. 3.59

Samtenging.

Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að veitandi almennra fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu eigi rétt á og, þegar annar veitandi almennra fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu fer fram á það, að honum beri skylda til að semja um samtengingu vegna veitingar þjónustu almennra fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu.

GR. 3.60

Samtenging við stóra veitendur.

1. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að stór veitandi almennra fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu hjá honum veiti aðgang að samtengingu:
 - (a) um hvaða punkt sem er, sem telst tæknilega mögulegur, í neti stóra veitandans,
 - (b) samkvæmt skilmálum og skilyrðum án mismununar (þ.m.t. að því er varðar gjöld, tæknistaðla, forskriftir, gæði og viðhald) og sem er ekki af minni gæðum en samtenging sem stórum veitendum í sambærilegri þjónustu eða sambærilegri þjónustu dótturfyrirtækja eða annarra eignatengdra fyrirtækja stendur til boða,
 - (c) tímanlega og með skilmálum, skilyrðum (þ.m.t. tæknistaðlar og forskriftir) og gjöldum sem eru gagnsæ, sanngjörn með tilliti til þess sem er efnahagslega mögulegt og nægilega sundurgreind til þess að veitandi þurfi ekki að greiða fyrir hluta nets eða búnaðar sem hann þarf ekki á að halda til þeirrar þjónustu sem veitt er og

- (d) sé þess óskað, um punkta til viðbótar við þá nettengipunkta sem bjóðast flestum notendum, gegn gjaldi sem endurspeglar kostnað við gerð nauðsynlegs viðbótarbúnaðar.
2. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að stórir veitendur hjá honum bjóði almennan aðgang að, eftir því sem við á:
- (a) viðmiðunartilboði um samtengingu eða öðru stöðluðu tilboði um samtengingu sem inniheldur gjöld, skilmála og skilyrði sem stóri veitandinn býður veitendum almennrar fjarskiptabjónustu almennt aðgang að eða
- (b) skilmálum og skilyrðum gildandi samtengingarsamnings.
3. Sérhver samningsaðili skal veita almennan aðgang að gildandi málsmeðferð vegna samningaviðræðna um samtengingu við stóran veitanda hjá honum.

GR. 3.61

Númeraflutningur.

Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að veitandi almennrar fjarskiptabjónustu bjóði tímanlega upp á númeraflutning án þess að skerða gæði, áreiðanleika eða þægindi og með skilmálum og skilyrðum sem eru sanngjörn og án mismununar.

GR. 3.62

Takmarkaðar auðlindir.

1. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að úthlutun og veiting réttinda til nýtingar á takmörkuðum auðlindum, þ.m.t. fjarskiptatíðnirófi, fjölda og línuleiðum (e. rights of way), fari fram tímanlega á opinn, hlutlausan og gagnsæjan hátt, án mismununar og innan marka meðalhófs og að leitast verði við að ná markmiðum er varða almannahagsmuni, þ.m.t. efling samkeppni. Málsmeðferð og skilyrði og skyldur sem fylgja réttindum til nýtingar skulu byggjast á hlutlausum og gagnsægjum viðmiðunum, sem eru án mismununar og innan marka meðalhófs.
2. Sérhver samningsaðili skal gera upplýsingar um núverandi notkun úthlutaðra tíðnisviða aðgengilegar öllum en þess er ekki krafist að gefið verði upp fjarskiptatíðniróf sem úthlutað er til sérstakra nota stjórnvalda.
3. Sérhver samningsaðili getur nýtt sér markaðsaðferðir, s.s. útboðsferli, til að úthluta tíðnirófi vegna notkunar í viðskiptalegum tilgangi.
4. Ráðstöfun samningsaðila, sem úthlutar og veitir aðgang að tíðnirófi og stjórnar tíðni, er í sjálfu sér ekki í ósamræmi við gr. 3.6 (Markaðsaðgangur)

í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum) og gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri). Til samræmis við það áskilur sérhver sammingsaðili sér rétt til að koma á og beita ráðstöfunum varðandi stjórnun á tíðnirófum og tíðni sem geta haft þau áhrif að takmarka þann fjölda veitenda sem bjóða fjarskiptaþjónustu, að því tilskildu að hann geri það í samræmi við þennan samning. Þetta felur í sér getu til að úthluta tíðnisviðum með hliðsjón af núverandi þörfum og framtíðarþörfum og tiltækileika tíðnirófa.

GR. 3.63

Verndarráðstafanir á sviði samkeppni gagnvart stórum veitendum.

1. Sérhver sammingsaðili skal samþykkja eða gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að veitendur almennra fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu, einir eða ásamt öðrum, sem eru stórir veitendur, taki upp eða viðhaldi samkeppnishamlandi starfsháttum.
2. Þeir samkeppnishamlandi starfshættir, sem um getur í 1. mgr., eru:
 - (a) að eiga þátt í samkeppnishamlandi víxlنيðurgreiðslum,
 - (b) að nota upplýsingar sem fengnar eru hjá samkeppnisaðilum og hafa samkeppnishamlandi afleiðingar og
 - (c) að láta ekki uppi við aðra þjónustuveitendur í tæka tíð tæknilegar upplýsingar um nauðsynlegan búnað eða viðskiptaupplýsingar sem þörf er á til að veita þjónustuna.

GR. 3.64

Meðferð af hálfu stórra veitenda.

Sérhver sammingsaðili skal veita eftirlitsyfirvaldi sínu á sviði fjarskipta vald til að krefjast þess, ef við á, að stór veitandi hjá honum bjóði veitendum almennra fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu hjá öðrum sammingsaðila ekki lakari meðferð en hann býður dótturfyrirtækjum sínum eða öðrum eignatengdum fyrirtækjum við sambærilegar aðstæður að því er varðar:

- (a) aðgengi, veitingu, gjöld eða gæði sambærilegrar fjarskiptaþjónustu og
- (b) aðgengi að nauðsynlegum tæknilegum skilflötum vegna samtengingar.

Eftirlitsyfirvald á sviði fjarskipta.

1. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að eftirlitsyfirvald hans á sviði fjarskipta sé lagalega aðgreint frá og óháð öllum veitendum fjarskiptaneta, fjarskiptabúnaðar og fjarskiptaþjónustu. Með það í huga að tryggja sjálfstæði og óhlutdrægni eftirlitsaðila á sviði fjarskipta skal sérhver samningsaðili sjá til þess að eftirlitsyfirvald hans á sviði fjarskipta eigi ekki neinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta og gegni ekki hlutverki við rekstur eða stjórnun hjá veitendum almennrar fjarskiptaþjónustu, fjarskiptaneta eða fjarskiptabúnaðar. Samningsaðili sem viðheldur eignarhaldi eða yfirráðum yfir veitendum fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu skal sjá til þess að í skipulagi sé eftirlitsstarfsemin algerlega aðskilin frá starfsemi sem tengist eignarhaldi eða yfirráðum.
2. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að eftirlitsákvörðanir og málsmeðferð eftirlitsyfirvalda hans á sviði fjarskipta eða annarra lögbærra yfirvalda séu óhlutdrægar að því er varðar alla þátttakendur á markaði.
3. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að eftirlitsyfirvald hans á sviði fjarskipta starfi sjálfstætt og leiti ekki eftir eða taki við leiðbeiningum frá öðrum aðila í tengslum við framkvæmd þeirra verkefna, sem það hefur með höndum samkvæmt lögum samningsaðilans, þegar það framfylgir þeim skyldum sem settar eru fram í þessum undirþætti sem varðar skyldur sem tengjast veitendum fjarskiptaþjónustu hjá þeim samningsaðila.⁴⁹
4. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að eftirlitsyfirvaldið á sviði fjarskipta hafi eftirlitsvald, sem og viðeigandi fjármagn og mannauð, til að inna af hendi þau verkefni sem það hefur með höndum til að framfylgja þeim skyldum sem settar eru fram í þessum undirþætti. Beita skal slíku valdi á gagnsæjan hátt og tímanlega.
5. Sérhver samningsaðili skal veita eftirlitsyfirvaldi sínu á sviði fjarskipta vald til að tryggja að veitendur fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu afhendi því, um leið og það fer fram á það, allar upplýsingar, þ.m.t. fjárhagslegar upplýsingar, sem eru nauðsynlegar til að gera því kleift að sinna verkefnum sínum í samræmi við þennan undirþátt. Fara skal með umbeðnar upplýsingar í samræmi við kröfur samningsaðilans um trúnað.
6. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að notandi eða veitandi fjarskiptanets eða fjarskiptaþjónustu, sem tiltekin ákvörðun eftirlitsyfirvalds samningsaðilans á sviði fjarskipta hefur áhrif á, eigi rétt á að skjóta málum til æðra stjórnvalds sem er óháð eftirlitsyfirvaldinu á sviði fjarskipta og notandanum eða veitandanum sem ákvörðunin hefur áhrif á. Þar til

⁴⁹ Til að taka af vafa gildir þessi málsgrein ekki um ráðstafanir samningsaðila varðandi úthlutun og veitingu tíðnirófa og stjórnun á tíðni sem um getur í 4. mgr. í gr. 3.62 (Takmarkaðar auðlindir).

niðurstaða hefur fengist úr málskotinu skal ákvörðun eftirlitsyfirvaldsins á sviði fjarskipta standa nema tímabundnar ráðstafanir séu heimilaðar í samræmi við lög samningsaðilans.

7. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess:
 - (a) að eftirlitsyfirvald hans á sviði fjarskipta setji árlega fram skýrslu, m.a. um stöðuna á markaði rafrænna fjarskipta, um þær ákvarðanir sem það gefur út, um mannauð sinn og fjármagn og hvernig þeim er úthlutað, ásamt framtíðaráætlunum, og
 - (b) að skýrslan sem um getur í a-lið sé öllum aðgengileg.

GR. 3.66

Leyfi til að bjóða fram fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu.

1. Sérhver samningsaðili skal heimila að boðin séu fram fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónusta án formlegs fyrirframleyfis.
2. Sérhver samningsaðili skal gera almennt aðgengilegar allar viðmiðanir, viðeigandi málsmeðferðarreglur og skilmála og skilyrði fyrir því að veitanda sé heimilt að bjóða fram fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu.
3. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess:
 - (a) að viðmiðanir varðandi leyfisveitingar og viðeigandi málsmeðferðarreglur séu eins einfaldar og unnt er, hlutlausar, gagnsæjar, án mismununar og innan marka meðalhófs og
 - (b) að allar skyldur og skilyrði, sem sett eru fram eða tengjast leyfisveitingu, séu án mismununar, gagnsæ, innan marka meðalhófs og tengd þeirri þjónustu eða neti sem er boðin eða boðið fram.
4. Sérhver samningsaðili skal tryggja að umsækjandi um leyfi fái skriflega ástæður fyrir synjun eða afturköllun leyfisins eða að komið verði á sérstökum skilyrðum fyrir viðkomandi veitanda. Í slíkum tilvikum skal umsækjandi eiga rétt á að skjóta málinu til æðra stjórnvalds.
5. Sérhver samningsaðili skal tryggja að umsýslugjöld sem lögð eru á veitendur séu hlutlæg, gagnsæ, án mismununar og í samræmi við eðlilegan stjórnsýslukostnað sem stofnað er til við stjórnun, eftirlit og framfylgd skyldna sem settar eru fram í þessum undirþætti. Umsýslugjöld fela ekki í sér greiðslur fyrir réttindi til að nota takmarkaðar auðlindir og skylduframlög vegna veitingar alþjónustu.

GR. 3.67

Gagnsæi.

Að því marki sem ekki er þegar kveðið á um slíkt í samningi þessum skal sérhver samningsaðili gera hvert eftirfarandi atriða, að svo miklu leyti sem það er fyrir hendi, aðgengilegt öllum:

- (a) verkefni eftirlitsyfirvalds hans á sviði fjarskipta, á aðgengilegu og skýru formi,
- (b) þær ráðstafanir sem hann gerir eða viðheldur í tengslum við almenn fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu, þ.m.t.:
 - (i) reglur eftirlitsyfirvalds hans á sviði fjarskipta, ásamt þeim grundvelli sem þær byggjast á,
 - (ii) gjaldskrár og aðra þjónustuskilmála og -skilyrði nema í aðstæðum þar sem kveðið er á um annað í lögum hans, reglum og ákvörðunum eftirlitsyfirvalds hans á sviði fjarskipta,
 - (iii) skilgreiningar á tæknilegum skilflötum,
 - (iv) skilyrði fyrir tengingu endabúnaðar eða annars búnaðar inn á almennu fjarskiptanetin og
 - (v) tilkynningar, leyfi, skráningar eða leyfiskröfur og
- (c) upplýsingar um aðila sem bera ábyrgð á undirbúningi, breytingum og samþykki ráðstafana sem tengjast stöðlum.

GR. 3.68

Skuldbinding um alþjónustu.

1. Sérhver samningsaðili hefur rétt til að skilgreina þá tegund alþjónustuskyldu sem hann vill viðhalda.
2. Sérhver samningsaðili skal leggja á alþjónustukvaðir, sem hann viðheldur, á gagnsæjan hátt, án mismununar og hlutlaust með tilliti til samkeppni. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að alþjónustuskylda hans sé ekki meira íþyngjandi en nauðsynlegt er fyrir þá tegund alþjónustu sem hann hefur skilgreint. Alþjónustuskylda, sem skilgreind er samkvæmt þessum meginreglum, skal ekki teljast samkeppnishamlandi sem slík.
3. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að sú málsmeðferð sem beitt er við tilnefningu veitanda alþjónustu sé opin öllum veitendum almennra

fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu. Fyrirkomulag tilnefningarinnar skal vera skilvirkt og gagnsætt og án mismununar.

4. Ef samningsaðili ákveður að greiða veitanda fyrir alþjónustu skal hann tryggja að slík greiðsla sé ekki umfram það sem þörf er á vegna alþjónustuskyldunnar, eins og ákvarðað er á grundvelli samkeppnisferlis eða ákvörðunar um hreinan kostnað.

GR. 3.69

Alþjóðleg reikiþjónusta.⁵⁰

1. Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi alþjóðlegrar reikiþjónustu til að efla velferð neytenda og ýta undir aukin viðskipti milli samningsaðila.
2. Með það að markmiði að auðvelda alþjóðlega reikiþjónustu án viðbótargjalds fyrir endanlega notendur sérhvers samningsaðila skulu hámarksgjöld, sem veitandi almennrar fjarskiptaþjónustu samningsaðila getur lagt á veitanda almennrar fjarskiptaþjónustu hjá öðrum samningsaðila fyrir veitingu alþjóðlegrar reikiþjónustu í heildsölu, vera þau gjöld fyrir alþjóðlega reikiþjónustu sem tilgreind eru í XX. viðauka.
3. Undirnefndin um þjónustu og fjárfestingar skal, innan hæfilegs tíma, leggja tilmæli fyrir sameiginlegu nefndina um samþykkt, með breytingu á XX. viðauka, gjalda fyrir alþjóðlega reikiþjónustu sem undirnefndin um þjónustu og fjárfestingar telur viðeigandi og að því tilskildu að þessi gjöld:
 - (a) séu réttmæt og gagnkvæm og
 - (b) byggist á kostnaði veitenda samningsaðila við veitingu alþjóðlegrar reikiþjónustu í heildsölu til veitenda hinna samningsaðilanna, sem getur falið í sér hæfilegan hagnað.
4. Þegar undirnefndin um þjónustu og fjárfestingar leggur fram tilmæli sín:
 - (a) skal hún taka tillit til viðeigandi alþjóðlegra viðmiða,
 - (b) getur hún haft samráð við eftirlitsyfirvald hvers samningsaðila á sviði fjarskipta á hvern þann hátt sem hún telur viðeigandi og
 - (c) getur hún sett sér starfsreglur til að ákvarða gjöld fyrir alþjóðlega reikiþjónustu.
5. Undirnefndin um þjónustu og fjárfestingar skal endurskoða gjöldin fyrir alþjóðlega reikiþjónustu í XX. viðauka annað hvert ár nema hún ákveði annað, með það að markmiði að ákvarða hvort þessi gjöld séu enn viðeigandi. Endurskoðunin skal m.a. taka tillit til framkvæmdar og áhrifa

⁵⁰ Þessi grein gildir ekki um Liechtenstein.

gjaldanna fyrir alþjóðlega reikiþjónustu, einkum fyrir neytendur og veitendur almennrar fjarskiptaþjónustu hjá hverjum samningsaðila, og til sjónarmiða eftirlitsyfirvalds hvers samningsaðila á sviði fjarskipta. Í kjölfar endurskoðunar getur undirnefndin um þjónustu og fjárfestingar lagt fyrir sameiginlegu nefndina, í samræmi við 3. og 4. mgr., tilmæli um að gjöldunum fyrir alþjóðlega reikiþjónustu verði breytt.

6. Sérhver samningsaðili skal fylgjast með gjöldum fyrir alþjóðlega reikiþjónustu í smásölu, sem veitendur almennrar fjarskiptaþjónustu hjá honum bjóða, og getur gripið til þeirra ráðstafana sem hann álitur nauðsynlegar til að auðvelda alþjóðlegt reiki án aukagjalda fyrir endanlega notendur samningsaðilans, þegar þeir nýta sér reikiþjónustu hjá öðrum samningsaðila.
7. Til að taka af vafa kemur þessi grein ekki í veg fyrir:
 - (a) að veitandi almennrar fjarskiptaþjónustu hjá samningsaðila beiti viðmiðunarreglum um „eðlilega notkun“ við veitingu alþjóðlegrar reikiþjónustu í smásölu eða
 - (b) að samningsaðili samþykki eða viðhaldi ráðstöfunum til að banna varanlega alþjóðlega reikiþjónustu.
8. Undirnefndin um þjónustu og fjárfestingar skal endurskoða framkvæmd og virkni þessarar greinar innan þriggja ára frá gildistöku samnings þessa.

GR. 3.70

Lausn deilumála.

1. Ef upp kemur ágreiningur milli veitenda fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu í tengslum við réttindin og skyldurnar sem af þessum undirþætti leiðir og að beiðni annars hvors veitandans sem er aðili að deilunni skal sérhver samningsaðili sjá til þess að eftirlitsyfirvald hans á sviði fjarskipta gefi út bindandi ákvörðun innan þess tímaramma sem mælt er fyrir um í lögum samningsaðilans til að leysa deiluna.
2. Sérhver samningsaðili skal tryggja að neiti eftirlitsyfirvald hans á sviði fjarskipta að setja í gang vinnu vegna beiðni um að leysa deilu skuli það, sé þess óskað, leggja fram skriflega skýringu á ákvörðun sinni innan hæfilegs tíma.
3. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að ákvörðun sem eftirlitsyfirvald hans á sviði fjarskipta gefur út sé gerð aðgengileg öllum, með hliðsjón af kröfunum um viðskiptaleynd.
4. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að veitendur sem eru aðilar að deilunni:

- (a) fái ítarlega greinargerð um rökin sem ákvörðunin byggist á og
 - (b) geti áfrýjað ákvörðuninni í samræmi við 6. mgr. í gr. 3.65 (Eftirlitsfirvald á sviði fjarskipta).
5. Til að taka af vafa skal málsmeðferðin sem um getur í 1. og 2. mgr. ekki útiloka að veitandi fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu, sem er aðili að deilu, geti höfðað mál fyrir dómseyfirvaldi.

GR. 3.71

Trúnaðarkvaðir.

1. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að veitendur, sem fá upplýsingar frá öðrum veitanda meðan samið er um fyrirkomulag skv. gr. 3.57 (Aðgengi og notkun), gr. 3.58 (Aðgengi að nauðsynlegum búnaði stórra veitenda), gr. 3.59 (Samtenging) og gr. 3.60 (Samtenging við stóra veitendur), noti þessar upplýsingar einungis í þeim tilgangi sem lá að baki veitingu þeirra og virði undantekningarlaust leynd þeirra upplýsinga sem eru sendar eða geymdar.
2. Sérhver samningsaðili skal, í samræmi við lög sín, tryggja fjarskiptaleynd og leynd tengdra umferðargagna, sem send eru um almenn fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu, með fyrirvara um þær kröfur að ráðstafanir sem beitt er í þeim tilgangi feli ekki í sér handahófskennda eða óréttlætanlega mismunun eða duldar hömlur á þjónustuviðskipti.

UNDIRÞÁTTUR 3.5.5

ALÞJÓÐLEG SJÓFLUTNINGAÞJÓNUSTA

GR. 3.72

Gildissvið og skilgreiningar.

1. Þessi undirþáttur gildir um ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á framboð alþjóðlegrar sjóflutningaþjónustu til viðbótar við þætti 3.1–3.4 (Almenn ákvæði, Aukið frelsi í fjárfestingum, Þjónustuviðskipti yfir landamæri, Koma og tímabundin dvöl einstaklinga í viðskiptalegum tilgangi) í þessum kafla og undirþátt 3.5.1 (Innlendar reglur) og undirþátt 3.5.2 (Ákvæði sem hafa almennt gildi) í þessum þætti.
2. Að því er varðar þennan undirþátt, undirþátt 3.5.1 (Innlendar reglur) í þessum þætti og þætti 3.1–3.4 (Almenn ákvæði, aukið frelsi í fjárfestingum, þjónustuviðskipti yfir landamæri, koma og tímabundin dvöl einstaklinga í viðskiptalegum tilgangi) í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - (a) „gáma- og geymslustöðvaþjónusta“: starfsemi sem felst í geymslu, hleðslu, tæmingu eða viðgerð gáma og að hafa gáma tiltæka til sendingar, hvort sem það er á hafnarvæði eða inni í landi,
 - (b) „tollafgreiðsluþjónusta“: starfsemi sem felst í því að annast fyrir hönd annars aðila formkröfur við tollmeðferð varðandi innflutning, útflutning eða umflutning farms, án tillits til þess hvort þessi þjónusta er aðalstarfsemi þjónustuveitandans eða venjuleg viðbót við aðalstarfsemi hans,
 - (c) „flutningar að húsdrym eða fjölþætt flutningastarfsemi“: flutningur farms þar sem fleiri en einn flutningsmáti er notaður, sem felur í sér alþjóðlega vegalengd farna á sjó, á einu flutningsskjali,
 - (d) „tengiflutningar“: fyrri og frekari flutningar alþjóðlegs farms sjóleiðis, þ.m.t. farms í gámum, búlkafarms og fasts eða fljótandi búlkafarms, milli hafna hjá samningsaðila, að því tilskildu að slíkur alþjóðlegur farmur sé „á leiðinni“, þ.e. sé beint til viðtökustaðar eða komi frá útflutningshöfn utan þess samningsaðila,
 - (e) „alþjóðlegur farmur“: farmur sem er fluttur á milli hafnar eins samningsaðila og hafnar annars samningsaðila eða aðila sem ekki á aðild að samningnum,
 - (f) „alþjóðleg sjóflutningaþjónusta“: farþega- eða farmflutningar með hafskipum milli hafnar eins samningsaðila og hafnar annars samningsaðila eða aðila sem ekki á aðild að samningnum, þ.m.t. beinir samningar við veitendur annarrar flutningaþjónustu, í því skyni

að ná yfir flutninga að húsdýrum eða fjölþætta flutningastarfsemi á einu flutningsskjali, en fela ekki í sér rétt til að veita fyrrnefnda aðra flutningaþjónustu,

- (g) „þjónusta umboðsskrifstofa á sviði siglinga“: starfsemi sem felst í því að koma fram, innan tiltekins landsvæðis, sem fulltrúi í fyrirsvari fyrir viðskiptahagsmuni eins eða fleiri skipafélaga, í eftirfarandi tilgangi:
 - (i) að setja á markað og selja flutninga á sjó og tengda þjónustu, frá verðtilboðum til vörureikninga, að gefa út farmbréf fyrir hönd skipafélaganna, afla og endurselja nauðsynlega tengda þjónustu, undirbúa gögn og veitingu viðskiptaupplýsinga og
 - (ii) að koma fram fyrir hönd skipafélaganna við að skipuleggja viðkomu skips í höfnum eða taka við farmi ef þess er krafist,
- (h) „stoðþjónusta á sviði siglinga“: vöruafgreiðsluþjónusta á sviði siglinga, tollafgreiðsluþjónusta, gáma- og geymslustöðvaþjónusta, þjónusta umboðsskrifstofa á sviði siglinga, flutningsmiðlunarþjónusta á sviði siglinga og vöru- og birgðageymsluþjónusta,
- (i) „vöruafgreiðsluþjónusta á sviði siglinga“: starfsemi sem lestunar- og losunarfyrirtæki stunda, þ.m.t. rekstraraðilar búlkastöðva en ekki bein starfsemi hafnarverkamanna ef vinnuaflið er skipulagt óháð lestunar- og losunarfyrirtækjunum eða rekstraraðilum búlkastöðvanna. Starfsemin sem fellur undir þetta felur í sér skipulagningu og eftirlit með:
 - (i) lestun eða losun farms í eða úr skipi,
 - (ii) festingu eða losun festinga farms og
 - (iii) viðtöku eða afhendingu og vörslu farms fyrir sendingu eða eftir losun farms,
- (j) „flutningsmiðlunarþjónusta á sviði siglinga“: starfsemi sem felur í sér skipulagningu og vöktun sendingaraðgerða fyrir hönd farmsendenda, með fyrirkomulagi flutninga og tengdrar þjónustu, undirbúningi gagna og miðlun viðskiptaupplýsinga,
- (k) „hafnarþjónusta“: þjónusta sem hafnarstjórn, undirverktakar hennar eða aðrir þjónustuveitendur veita innan hafnarsvæðis við sjó eða á siglingaleið að slíku svæði til að styðja við farm- eða farþegaflutninga og
- (l) „vöru- og birgðageymsluþjónusta“: geymsla á frystum vörum eða kælivörum, búlkageymsla á vökvum eða lofttegundum og önnur vöru- eða birgðageymsluþjónusta.

Skuldbindingar.

1. Með fyrirvara um ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði eða aðrar ráðstafanir sem um getur í gr. 3.12 (Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum) og gr. 3.18 (Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri) skal sérhver samningsaðili innleiða meginregluna um óhindraðan aðgang að alþjóðlegum mörkuðum og viðskiptum á sviði siglinga á viðskiptagrundvelli og án mismununar með því að:
 - (a) veita skipum sem sigla undir fána annars samningsaðila, eða eru starfrækt af veitendum alþjóðlegrar sjóflutningaþjónustu hjá öðrum samningsaðila, ekki óhagstæðari meðferð en hans eigin skipum eða skipum aðila, sem ekki á aðild að samningnum, er veitt að því er varðar m.a.:
 - (i) aðgang að höfnum,
 - (ii) notkun grunnvirkja í höfnum,
 - (iii) notkun stoðþjónustu á sviði siglinga og
 - (iv) aðstöðu til tollafgreiðslu og úthlutun legurúma og aðstöðu til lestunar og losunar,

þ.m.t. tengdar þóknanir og gjöld,
 - (b) gera eftirfarandi hafnarþjónustu aðgengilega veitendum alþjóðlegrar sjóflutningaþjónustu hjá öðrum samningsaðila með skilmálum og skilyrðum sem eru bæði sanngjörn og ekki óhagstæðari en þau sem gilda um hans eigin veitendur eða skip eða um skip eða veitendur aðila sem ekki á aðild að samningnum (þ.m.t. þóknanir og gjöld, nákvæm skilgreining og gæði þjónustunnar sem veita skal): hafnsöguþjónustu, dráttar- og togaðstoð, birgða-, eldsneytis- og vatnsáfyllingu, sorphirðu og förgun kjölfestuúrgangs, þjónustu hafnarstjóra, leiðsöguvirki, aðstöðu til neyðarviðgerða, akkerislægi, legurúm, þjónustu við að leggja að og frá bryggju og rekstrarþjónustu í landi sem nauðsynleg er fyrir starfsemi skips, þ.m.t. fjarskipti, vatns- og rafmagnsveitu,
 - (c) heimila veitendum alþjóðlegrar sjóflutningaþjónustu hjá öðrum samningsaðila að færa tóma gáma sem þeir eiga eða leigja, sem ekki er verið að flytja sem farm gegn greiðslu, milli hafna þess samningsaðila og
 - (d) heimila veitendum alþjóðlegrar sjóflutningaþjónustu hjá öðrum samningsaðila að láta í té tengiflutninga milli innlendra hafna sinna.

2. Við beitingu meginreglunnar sem um getur í 1. mgr. skal samningsaðili ekki:
- (a) innleiða fyrirkomulag um farmskipti í framtíðarsamningum við aðila, sem ekki eiga aðild að samningnum, að því er varðar sjóflutningaþjónustu, þ.m.t. fastur og fljótandi búlkafarmur og flutningur með skipum í áætlunarsiglingum, og skal innan hæfilegs tíma fella slíkt fyrirkomulag um farmskipti úr gildi ef það er fyrir hendi í fyrri samningum,
 - (b) samþykkja eða viðhalda ráðstöfun sem gerir kröfu um að allur eða hluti af hverjum alþjóðlegum farmi sé fluttur eingöngu með skipum sem skráð eru hjá þeim samningsaðila eða sem eru í eigu eða undir stjórn einstaklinga frá þeim samningsaðila,
 - (c) innleiða einhliða ráðstafanir eða stjórnsýslulegar, tæknilegar og aðrar hindranir sem gætu falið í sér duldar hömlur eða haft áhrif sem hafa mismunun í för með sér á frjálst framboð alþjóðlegrar sjóflutningaþjónustu og skal sá samningsaðili fjarlægja allar slíkar ráðstafanir eða stjórnsýslulegar, tæknilegar og aðrar hindranir séu þær þegar fyrir hendi eða
 - (d) koma í veg fyrir að veitendur alþjóðlegrar sjóflutningaþjónustu hjá öðrum samningsaðila semji beint við aðra veitendur flutningaþjónustu um flutninga að húsdryrum eða fjölþætta flutningastarfsemi.

UNDIRÞÁTTUR 3.5.6

LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA

GR. 3.74

Gildissvið.

1. Þessi undirþáttur gildir um ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á það að lögmaður hins samningsaðilans bjóði fram tiltekna lögfræðiþjónustu til viðbótar við þætti 3.1–3.4 (Almenn ákvæði, Aukið frelsi í fjárfestingum, Þjónustuviðskipti yfir landamæri, Koma og tímabundin dvöl einstaklinga) í þessum kafla og undirþætti 3.5.1 (Innlendar reglur) og 3.5.2 (Ákvæði sem hafa almennt gildi) í þessum þætti.
2. Þessi undirþáttur gildir án þess að hafa áhrif á önnur réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt þessum samningi, þ.m.t. að því er varðar ráðstafanir sem uppfylla ekki skilyrði.⁵¹

GR. 3.75

Skilgreiningar.

1. Að því er þennan undirþátt varðar er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - (a) „CPC“: bráðabirgðaútgáfa aðalvöruflokkunar (Statistical Papers Series M No. 77, Department of International Economic and Social Affairs, Statistical Office of the United Nations, New York, 1991),
 - (b) „tilnefnd lögfræðiþjónusta“: lögfræðiþjónusta með tilliti til laga í heimalögsögu og alþjóðalaga,
 - (c) „heimalögsaga“: lögsaga (eða hluti lögsögu) samningsaðila þar sem lögmaður fékk starfsheiti í heimalögsögu,
 - (d) „lög í heimalögsögu“: lög í heimalögsögu lögmannsins,
 - (e) „starfsheiti heimalögsögu“: starfsheitið sem skráð er í öðrum dálki eftirfarandi töflu sem lögmaður fær innan lögsögu (eða hluta hennar) samsvarandi samningsaðila í fyrsta dálki töflunnar og sem heimilar veitingu lögfræðiþjónustu innan þeirrar lögsögu (eða hluta hennar):

⁵¹ Til að taka af vafa gildir þessi undirþáttur með fyrirvara um réttindi og skyldur samningsaðilanna hvað varðar fólk með starfsheitin Lögmaður, Rechtsanwalt, Advokat eða Advocate, Barrister eða Solicitor skv. 12. kafla (Viðurkenning á faglegrri menntun og hæfi).

Samningsaðili (heimalögsaga)	Starfsheiti heimalögsögu
Ísland	Lögmaður
Liechtenstein	Rechtsanwalt
Noregur	Advokat
Bretland	Advocate/Barrister/Solicitor

- (f) „lögmaður“: einstaklingur hjá samningsaðila sem hefur heimild til að veita lögfræðiþjónustu undir starfsheiti heimalögsögu,
- (g) „lögmaður hjá hinum samningsaðilanum“:
- (i) ef „hinn samningsaðilinn“ er Ísland, Liechtenstein eða Noregur, lögmaður sem fékk starfsheiti heimalögsögu á Íslandi, í Liechtenstein eða í Noregi,
 - (ii) ef „hinn samningsaðilinn“ er Bretland, lögmaður sem fékk starfsheiti heimalögsögu í einhverjum hluta lögsögu Bretlands,
- (h) „lögfræðiþjónusta“: sama merking og í CPC 861, að undanskildu:
- (i) lagalegu fyrirsvári fyrir stjórnarsýslustofnunum, dómi og öðrum opinberum dómstólum sem samningsaðili stofnar lögformlega með tilhlýðilegum hætti og
 - (ii) lögfræðiráðgjöf og þjónusta tengd lagalegum skjölum og vottun sem aðeins lögfræðingar, sem falin hafa verið opinber störf, s.s. lögbókendur, mega veita hjá samningsaðila og þjónusta sem fógetafulltrúar veita.

GR. 3.76

Skuldbindingar.

1. Samningsaðili skal heimila lögmanni hjá öðrum samningsaðila að veita tilnefnda lögfræðiþjónustu undir starfsheiti heimalögsögu og skal ekki setja óhóflega flókin eða íþyngjandi stjórnarsýsluskilyrði eða eftirlitsskilyrði fyrir veitingu slíkrar þjónustu.
2. Ákvæði 3. mgr. eiga við um veitingu tilnefndrar lögfræðiþjónustu skv. 1. mgr. með:
 - (a) þjónustuviðskiptum yfir landamæri eða

- (b) komu og tímabundinni dvöl einstaklinga frá samningsaðila hjá hinum samningsaðilanum.
3. Samningsaðili (lögsaga gistiríkis) skal ekki samþykkja eða viðhalda ráðstöfunum þar sem þess er krafist að lögmaður hjá hinum samningsaðilanum verði, sem skilyrði fyrir veitingu tiltekinnar lögfræðipjónustu:
- (a) að skrá sig hjá viðkomandi lögbæru yfirvaldi eða fagfélagi sem ber ábyrgð á skipulagi lögfræðipjónustu innan lögsögu gistiríkisins eða
 - (b) að vera félagi í fagfélagi innan lögsögu gistiríkisins.
4. Ef samningsaðili (lögsaga gistiríkis) gerir þá kröfu að lögmaður hins samningsaðilans skrái sig hjá lögbæru yfirvaldi eða fagfélagi sem ber ábyrgð á eftirliti með lögfræðipjónustu innan lögsögu gistiríkisins sem skilyrði fyrir því að lögmaðurinn veiti tilnefnda lögræðipjónustu innan lögsögu gistiríkisins, við aðrar aðstæður en þær sem settar eru fram í 2. mgr., skulu kröfurnar eða ferli fyrir slíka skráningu:
- (a) mæla fyrir um meðferð sem er ekki óhagstæðari en sú sem á við um einstakling sem veitir lögfræðipjónustu, í tengslum við lög aðila utan samningsins eða alþjóðalög, undir starfsheiti sínu hjá aðila utan samningsins í lögsögu gistiríkisins og
 - (b) ekki teljast vera eða jafngilda kröfum um að uppfylla að nýju skilyrði um menntun og hæfi til að fá aðgang að starfsgrein lögmanna innan lögsögu gistiríkis.
5. Samningsaðili (lögsaga gistiríkis) skal heimila lögaðila annars samningsaðila að stofna útibú innan lögsögu gistiríkisins sem hann notar til að veita tilgreinda lögfræðipjónustu skv. 1. mgr. í samræmi við og með fyrirvara um þau skilyrði sem eru sett fram í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum) í þessum kafla.

GR. 3.77

Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði.

1. Ákvæði þessa undirþáttar gilda ekki um:
- (a) fyrirliggjandi ráðstöfun, sem uppfyllir ekki skilyrði, sem samningsaðili viðheldur hjá:
 - (i) miðlægu stjórnvaldi, eins og sá samningsaðili setur fram í skrá sinni við XVI. viðauka (Gildandi ráðstafanir),
 - (ii) svæðisbundnu stjórnvaldi, eins og sá samningsaðili setur fram í skrá sinni við XVI. viðauka (Gildandi ráðstafanir) eða

- (iii) staðbundnu stjórnvaldi,
 - (b) framhald eða tafarlausa endurnýjun ráðstöfunar, sem er ekki í samræmi við skilyrði, sem um getur í a-lið eða
 - (c) breytingu á ráðstöfun sem er ekki í samræmi við skilyrði sem um getur í a-lið, að því marki sem breytingin dregur ekki úr samræmi ráðstöfunarinnar, eins og hún var strax fyrir breytinguna, við ákvæði þessa undirþáttar.
2. Ákvæði þessa undirþáttar gilda ekki um ráðstöfun samningsaðila sem er í samræmi við fyrirvara, skilyrði eða forsendur sem tilgreindar eru að því er varðar geira, undirgeira eða starfsemi, eins og samningsaðilinn setur þær fram í skrá sinni við XVII. viðauka (Síðari ráðstafanir).
 3. Þessi undirþáttur gildir með fyrirvara um XIX. viðauka (Samningsbundnir þjónustuveitendur og sjálfstætt starfandi fagaðilar).

4. KAFLI

STAFRÆN VIÐSKIPTI

GR. 4.1

Markmið.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að stafræn viðskipti bjóða upp á hagvöxt og tækifæri og fyrir mikilvægi þess að samþykkja eða viðhalda römmum sem stuðla að tiltrú neytenda á stafræn viðskipti og að forðast ónaúðsynlegar hindranir varðandi notkun þeirra og þróun.
2. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi meginreglunnar um tæknilegt hlutleysi í stafrænum viðskiptum.

GR. 4.2

Skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- (a) „tölvubúnaður“: netþjónn eða geymslubúnaður vegna vinnslu eða geymslu upplýsinga í viðskiptalegum tilgangi,
- (b) „rafræn sannvottun“: rafrænt ferli sem gerir það mögulegt að staðfesta:
 - (i) rafræna auðkenningu aðila eða
 - (ii) uppruna og heilleika gagna á rafrænu formi,
- (c) „rekjanleg rafræn afhendingarþjónusta“: þjónusta sem gerir það mögulegt að flytja gögn á milli aðila með rafrænum hætti og færir sönnur á meðhöndlun gagnanna sem eru flutt, þ.m.t. sönnun fyrir sendingu og móttöku gagnanna, og verndar gögn í flutningi gegn hættu á tapi, þjófnaði, skemmdum eða hvers konar óheimilum breytingum,
- (d) „rafrænt innsigli“: gögn á rafrænu formi, notuð af lögaðila, sem eru tengd við eða rökrænt vensluð við önnur gögn á rafrænu formi til að tryggja uppruna og heilleika hinna síðarnefndu,
- (e) „rafræn undirskrift“: gögn á rafrænu formi sem eru tengd við eða rökrænt vensluð við önnur gögn á rafrænu formi sem:

- (i) einstaklingur notar til að samþykkja gögn á rafrænu formi sem þau vísa til og
 - (ii) eru tengd gögnum á rafrænu formi sem þau vísa til með þeim hætti að unnt er að greina síðari breytingar á þeim,
- (f) „rafrænn tímastimpill“: gögn á rafrænu formi sem binda önnur gögn á rafrænu formi við tiltekinn tíma til að sanna að síðarnefndu gögnin voru til á þeim tíma,
- (g) „rafræn traustþjónusta“: rafræn þjónusta sem samanstendur af:
- (i) myndun, sannprófun og staðfestingu rafrænna undirskrifa, rafrænna innsigla, rafrænna tímastimpla, rekjanlegrar rafrænnar afhendingarþjónustu og vottorða sem tengjast þessum þjónustum,
 - (ii) myndun, sannprófun og staðfestingu vottorða fyrir sannvottun vefsetra eða
 - (iii) varðveislu rafrænna undirskrifa, innsigla eða vottorða sem tengjast þessum þjónustum,
- (h) „ný tækni“: stuðnings- og nýsköpunartækni sem hefur mögulega umtalsvert notagildi í fjölda núverandi og síðari tíma atvinnugreina, þ.m.t.:
- (i) gervigreind,
 - (ii) dreifð færsluskráartækni,
 - (iii) skammtatækni,
 - (iv) gagntekningartækni og
 - (v) Net hlutanna,
- (i) „endanlegur notandi“: einstaklingur eða lögaðili að því marki sem kveðið er á um í lögum samningsaðila sem notar eða óskar eftir almennri fjarskiptaþjónustu, annaðhvort sem neytandi eða vegna verslunar, viðskipta eða í atvinnuskyni,
- (j) „ríkisgögn“: gögn í eigu eða vörslu stjórnvalda á hvaða stjórnarsýslustigi sem er og óopinberra stofnana við beitingu heimilda sem stjórnvöld á hvaða stjórnarsýslustigi sem er fela þeim,
- (k) „lögaðili“: lögaðili sem er á tilhlýðilegan hátt stofnaður eða skipulagður með öðrum hætti samkvæmt gildandi lögum, í hagnaðarskyni eða í öðrum tilgangi, hvort sem hann er í einkaeign

eða í eigu hins opinbera, þ.m.t. fyrirtæki, sjóðir, sameignarfélög, fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, einstaklingsfyrirtæki eða samtök,

- (l) „ráðstafanir samningsaðila“: ráðstafanir sem samþykktar eru eða er viðhaldið af:
 - (i) miðlægum, svæðisbundnum eða staðbundnum stjórnvöldum og yfirvöldum og
 - (ii) óopinberum stofnunum sem fara með vald í umboði miðlægra, svæðisbundinna eða staðbundinna stjórnvalda eða yfirvalda,
- (m) „aðili“: einstaklingur eða lögaðili,
- (n) „persónuupplýsingar“: upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling,
- (o) „almenn fjarskiptaþjónusta“: hvers kyns fjarskiptaþjónusta sem stendur almenningi almennt til boða og
- (p) „óumbeðnar rafrænar viðskiptaorðsendingar“: rafræn boð⁵² sem eru send í viðskiptalegum tilgangi eða vegna markaðssetningar, án samþykkis eða þrátt fyrir afdráttarlausu synjun viðtakanda, beint til endanlegs notanda fyrir milligöngu almennrar fjarskiptaþjónustu.

GR. 4.3

Gildissvið.

1. Þessi kafli gildir um ráðstafanir samningsaðila sem hafa áhrif á viðskipti sem fram fara með rafrænum hætti.
2. Ákvæði þessa kafla gilda ekki um:
 - (a) hljóð- og myndmiðlunarþjónustu,
 - (b) þjónustu tengda fjárhættustarfsemi,
 - (c) opinber innkaup nema vegna gr. 4.5 (Rafrænir samningar) og gr. 4.6 (Rafræn sannvottun og rafræn traustþjónusta) og
 - (d) ef frá er talin gr. 4.14 (Opin ríkisgögn), upplýsingar sem eru í vörslu eða unnar af eða fyrir hönd samningsaðila eða ráðstafanir samningsaðila sem tengjast þeim upplýsingum, þ.m.t. ráðstafanir sem tengjast söfnun þeirra.

⁵² Til að taka af vafa innihalda rafræn boð tölvupóst og texta- (smáskilaboð) og margmiðlunarboð (myndskilaboð).

GR. 4.4⁵³

Tollar.

1. Samningsaðili skal ekki leggja tolla á rafrænar sendingar, þ.m.t. efni sem sent er með rafrænum hætti, milli aðila hjá samningsaðila og aðila hjá öðrum samningsaðila.
2. Til að taka af vafa kemur 1. mgr. ekki í veg fyrir að samningsaðili leggi á skatta, gjöld eða aðrar álögur á rafrænar sendingar innanlands, að því tilskildu að þessir skattar, gjöld eða álögur séu lögð á í samræmi við þennan samning.

GR. 4.5

Rafrænir samningar.

Ef ekki er kveðið á um annað í lögum samningsaðila skal hann ekki samþykkja eða viðhalda ráðstöfunum sem:

- (a) leiða til þess að rafrænn samningur tapi réttaráhrifum sínum, fullnustuhæfi eða gildi eingöngu á þeim grundvelli að samningurinn hafi verið gerður með rafrænum hætti eða
- (b) torveldi notkun rafrænna samninga.

GR. 4.6

Rafræn sannvottun og rafræn traustþjónusta.

1. Samningsaðili skal ekki hafna því að rafrænt skjal, rafræn undirskrift, rafrænt innsigli, rafrænn tímastimpill, sannvottunargögn sem leiða af rafrænni sannvottun eða gögn sem send eru og móttækin með rekjanlegri rafrænni afhendingarþjónustu fái réttaráhrif og séu viðurkennd sem sönnunargögn í málarekstri einungis af þeirri ástæðu að þjónustan er á rafrænu formi.
2. Samningsaðili skal ekki samþykkja eða viðhalda ráðstöfunum sem myndu:
 - (a) banna aðilum að rafrænum viðskiptum að ákvarða með gagnkvæmum hætti viðeigandi aðferðir við rafræna sannvottun viðskipta þeirra eða
 - (b) koma í veg fyrir að aðilar að rafrænum viðskiptum geti sannað fyrir dómsyfirvöldum og stjórnvöldum að notkun rafrænnar sannvottunar

⁵³ Samkvæmt gr. 1.4 (Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir samning þennan) í 1. kafla (Almenn ákvæði) gildir þessi grein ekki um Liechtenstein.

eða rafrænnar traustþjónustu í þeim viðskiptum sé í samræmi við viðeigandi lagaskilyrði.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. getur samningsaðili farið fram á að fyrir tiltekinn flokk viðskipta sé aðferð við rafræna sannvottun eða rafræn traustþjónusta vottuð af yfirvaldi, sem er viðurkennt í samræmi við lög hans, eða uppfyllir tilteknar kröfur um nothæfi sem skulu vera hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar og aðeins tengjast sértækum einkennum viðkomandi flokks viðskipta.
4. Í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar hvers aðila skulu samningsaðilarnir hvetja til notkunar samvirkandi rafrænnar traustþjónustu og rafrænnar sannvottunar og gagnkvæmrar viðurkenningar á rafrænni traustþjónustu og rafrænni sannvottun sem gefin er út af viðurkenndum veitanda rafrænnar traustþjónustu.

GR. 4.7⁵⁴

Pappírslaus viðskipti.

1. Samningsaðilarnir staðfesta skuldbindingar sínar samkvæmt gr. 2.53 (Gögn, skjöl og sjálfvirkni) í þætti 2.4 (Tollamál og viðskiptalíprun).
2. Samningsaðilarnir skulu hvetja lögbær yfirvöld sín og aðra viðkomandi aðila til að starfa saman að málum sem tengjast pappírslausum viðskiptum, s.s. stöðlun stjórnsýsluskjala á sviði viðskipta.
3. Við þróun framtaksverkefna varðandi notkun pappírslausra viðskipta skulu samningsaðilarnir leitast við að taka tillit til meginreglna og leiðbeininga frá viðeigandi alþjóðastofnunum.

GR. 4.8

Neytendavernd á netinu.

1. Sérhver samningsaðili skal samþykkja eða viðhalda ráðstöfunum sem stuðla að trausti neytenda á netinu, þ.m.t. lög og reglur sem banna óheiðarlega, villandi, sviksamlega og blekkjandi viðskiptahætti sem valda neytendum skaða eða mögulegum skaða.
2. Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi samstarfs milli viðkomandi innlendra neytendaverndarstofa eða annarra viðeigandi aðila varðandi aðgerðir sem tengjast stafrænum viðskiptum milli samningsaðilanna til að bæta velferð neytenda.

⁵⁴ Samkvæmt gr. 1.4 (Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir samning þennan) í 1. kafla (Almenn ákvæði) gildir þessi grein ekki um Liechtenstein.

GR. 4.9

Óumbeðnar rafrænar viðskiptaorðsendingar.

1. Sérhver samningsaðili skal samþykkja eða viðhalda ráðstöfunum varðandi óumbeðnar rafrænar viðskiptaorðsendingar sem:
 - (a) krefjast þess að sendendur óumbeðinna rafrænna viðskiptaorðsendinga geri viðtakendum kleift að koma í veg fyrir áframhaldandi viðtöku þessara boða eða
 - (b) krefjast samþykkis viðtakenda, eins og tilgreint er samkvæmt lögum hans, fyrir því að taka við rafrænum viðskiptaorðsendingum.
2. Sérhver samningsaðili skal krefjast þess að sendendur óumbeðinna rafrænna viðskiptaorðsendinga tryggji að þessar orðsendingar séu auðþekkjanlegar sem slíkar, greini skýrt frá því fyrir hvern þær eru sendar og innihaldi nauðsynlegar upplýsingar til að gera endanlegum notendum kleift að óska eftir því að þær hætti án endurgjalds og hvenær sem er.
3. Sérhver samningsaðili skal sjá fyrir leiðum til að viðkomandi geti leitað réttar síns gagnvart sendendum óumbeðinna rafrænna viðskiptaorðsendinga sem fylgja ekki þeim ráðstöfunum sem samþykktar eru eða viðhaldið er skv. 1. og 2. mgr.

GR. 4.10

Frumkóði.

1. Samningsaðili skal ekki setja flutning á eða aðgang að frumkóða hugbúnaðar í eigu aðila hjá öðrum samningsaðila sem skilyrði fyrir innflutningi til hans eða dreifingu, sölu eða notkun þess hugbúnaðar hjá honum, eða vöru sem inniheldur þann hugbúnað.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um valfrjálсан flutning eða veitingu aðgangs að frumkóða hugbúnaðar aðila hjá öðrum samningsaðila:
 - (a) samkvæmt opnu hugbúnaðarleyfi, s.s. í tengslum við opinn frumkóða, eða
 - (b) á viðskiptagrundvelli, s.s. í tengslum við frjálсан samning.
3. Ekkert í þessari grein skal banna eftirlitsstofnunum eða dómsyfirvöldum samningsaðila, eða samningsaðila með hliðsjón af samræmismatsstofu, að krefjast þess að aðili hjá öðrum samningsaðila:

- (a) varðveiti og veiti aðgang⁵⁵ að frumkóða hugbúnaðar vegna rannsóknar, skoðunar, athugunar, fullnustuaðferðar eða dómsmeðferðar, eða eftirlits með því að farið sé að háttænisreglum og öðrum stöðlum, með fyrirvara um verndarráðstafanir gegn óheimilum uppljóstrunum og
- (b) flytji eða veiti aðgang að frumkóða hugbúnaðar í þeim tilgangi að taka upp og framfylgja úrræði í samræmi við lög samningsaðilans í kjölfar rannsóknar, skoðunar, athugunar, fullnustuaðgerðar eða dómsmeðferðar.

GR. 4.11

Gagnaflæði yfir landamæri.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að tryggja gagnaflæði yfir landamæri til að liðka fyrir viðskiptum í stafræna hagkerfinu. Í því skyni skal ekki takmarka gagnaflæði yfir landamæri milli samningsaðilanna með því að samningsaðili:
 - (a) krefjist notkunar á tölvubúnaði eða netþáttum hjá þeim samningsaðila við vinnslu, þ.m.t. með því að krefjast notkunar á tölvubúnaði eða netþáttum sem eru vottuð eða samþykkt hjá þeim samningsaðila,
 - (b) krefjist staðsetningar gagna hjá viðkomandi samningsaðila vegna geymslu eða vinnslu,
 - (c) banni geymslu eða vinnslu gagna hjá öðrum samningsaðila eða
 - (d) geri flutning gagna yfir landamæri háðan notkun á tölvubúnaði eða netþáttum hjá viðkomandi samningsaðilum eða staðsetningarkröfum hjá viðkomandi samningsaðilum.
2. Samningsaðilarnir skulu fylgjast með framkvæmd þessa ákvæðis og meta virkni þess innan þriggja ára frá gildistöku þessa samnings. Samningsaðili getur hvenær sem er lagt það til að samningsaðilarnir endurskoði listann yfir takmarkanir í 1. mgr. Slíka beiðni skal taka til vinsamlegrar athugunar.

⁵⁵ Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að það að veita aðgang með þessum hætti skal ekki túlka svo að það hafi neikvæð áhrif á stöðu frumkóða hugbúnaðarins sem viðskiptaleyndarmáls.

GR. 4.12

Vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs.

1. Samningsaðilarnir viðurkenna að einstaklingar eiga rétt á vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs og að strangar kröfur á þessu sviði stuðla að trausti á stafræna hagkerfinu og þróun viðskipta.
2. Ekkert í þessum samningi skal koma í veg fyrir að samningsaðili samþykki eða viðhaldi ráðstöfunum vegna verndar persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs, þ.m.t. að því er varðar gagnaflutninga yfir landamæri, að því tilskildu að lög samningsaðilans kveði á um gerninga sem gera það kleift að flytja gögn samkvæmt almennum skilyrðum⁵⁶ um vernd fluttra gagna.
3. Sérhver samningsaðili skal upplýsa aðra samningsaðila um ráðstafanir sem um getur í 2. mgr. sem hann samþykkir eða viðheldur.

GR. 4.13

Opinn aðgangur að netinu.

Með fyrirvara um gildandi stefnur, lög og reglur ætti sérhver samningsaðili að samþykkja eða viðhalda viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja að endanlegir notendur þess samningsaðila geti:

- (a) fengið aðgang að, dreift og notað þjónustu og hugbúnað að eigin vali sem er tiltækur á netinu, með fyrirvara um réttmæta og gagnsæja netumsjón án mismununar,
- (b) tengt búnað að eigin vali við netið, að því tilskildu að þessi búnaður skaði ekki netkerfið, og
- (c) fengið aðgang að upplýsingum um netumsjónarvenjur netaðgangspjónustuveitenda sinna.

GR. 4.14

Opin ríkisgögn.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að með því að greiða fyrir aðgangi almennings að ríkisgögnum er stutt við efnahagslega og félagslega þróun, samkeppnishæfni og nýsköpun.

⁵⁶ Til að taka af vafa vísa „almenn skilyrði“ til skilyrða sem eru sett saman með hlutlægum viðmiðunum sem gilda þverlægt um ótilgreindan fjölda rekstraraðila og ná þannig yfir margs konar aðstæður og tilvik.

2. Að því marki sem samningsaðili kýs að gera ríkisgögn aðgengileg almenningi skal hann leitast við að tryggja að gögnin séu á tölvulesanlegu og opnu sniði og að hægt sé að leita í þeim, sækja þau, nota þau, endurnota þau og endurdreifa þeim.
3. Samningsaðilarnir skulu leitast við að starfa saman að því að auðkenna leiðir fyrir sérhvern samningsaðila til að útvíkka aðgang að og notkun á ríkisögnum sem samningsaðilinn hefur gert aðgengileg almenningi, í því skyni að efla og skapa viðskiptatækifæri, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

GR. 4.15

Netöryggi.

1. Samningsaðilarnir viðurkenna að ógnir við netöryggi grafa undan trausti á stafrænum viðskiptum.
Til samræmis við það skulu samningsaðilarnir leitast við að:
 - (a) byggja upp getu viðkomandi innlendra aðila sem eru ábyrgir fyrir viðbrögðum við netöryggisatvikum, að teknu tilliti til þess að ógnir við netöryggi eru breytilegar,
 - (b) koma á fót eða styrkja núverandi samstarfsfyrirkomulag til að vinna saman að því að sjá fyrir, greina og milda skaðlegar árásir eða dreifingu spillikóða sem hefur áhrif á rafræn net og nota þetta fyrirkomulag til að taka skjótt á netöryggisatvikum og
 - (c) halda áfram viðræðum um málefni sem tengjast netöryggi, þ.m.t. um miðlun upplýsinga og reynslu til að auka vitund um og iðka bestu starfsvenjur með tilliti til áhættumiðaðrar nálgunar til að taka á netöryggisögnum.
2. Í ljósi þess að ógnir við netöryggi eru breytilegar viðurkenna samningsaðilarnir að áhættumiðuð nálgun getur verið áhrifaríkari en nálgun sem byggist á forskriftum til að fást við þessar ógnir. Til samræmis við það skal sérhver samningsaðili leitast við að hvetja lögaðila innan lögsögu sinnar til að nota áhættumiðaða nálgun til að verjast netöryggisáhættu.

GR. 4.16

Samvinna um eftirlitsmál að því er varðar stafræn viðskipti.

1. Samningsaðilarnir skulu, eftir því sem við á, starfa saman og taka virkan þátt á marghliða vettvöngum, þ.m.t. Alþjóðaviðskiptastofnuninni, til að stuðla að þróun alþjóðlegs ramma um stafræn viðskipti.

2. Samningsaðilarnir skulu leitast við að starfa saman að eftirlitsmálum varðandi gagnkvæma hagsmuni í tengslum við stafræn viðskipti, þ.m.t.:
 - (a) viðurkenning og auðveldun samvirkandi rafrænnar sannvottunar og rafrænnar traustþjónustu,
 - (b) meðhöndlun óumbeðinna rafrænna viðskiptaorðsendinga,
 - (c) gerð og notkun rafrænna samninga og
 - (d) vernd neytenda.

GR. 4.17

Viðræður um nýja tækni.

1. Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi:
 - (a) nýrrar tækni sem framlags til hagvaxtar og lífsgæða,
 - (b) þróunar staðla sem varða nýja tækni,
 - (c) þess að efla traust almennings á þróun og notkun nýrrar tækni,
 - (d) þess að liðka fyrir og hvetja til fjárfestingar í rannsóknum og þróun á nýrri tækni,
 - (e) þess að þjálfa vinnuafli í notkun á nýrri tækni og
 - (f) þess að opinberir og óopinberir aðilar starfi saman í tengslum við þróun, notkun og eftirlit með nýrri tækni.
2. Samningsaðilarnir skulu koma á fót stefnumarkandi viðræðum um nýja tækni (Viðræður) sem skulu fara fram samkvæmt ákvörðun samningsaðilanna. Samningsaðilarnir skulu, í þessum viðræðum, leitast við að:
 - (a) eiga samvinnu um málefni og þróun varðandi nýja tækni, eins og siðferðislega rétta notkun, mannlega fjölbreytni og óviljandi hlutdrægni, tæknistaðla og gagnsæi algríma,
 - (b) skiptast á upplýsingum og miðla reynslu og bestu starfsvenjum um lög, reglur, stefnumál, framfylgd og reglufylgni í tengslum við nýja tækni,
 - (c) stuðla að samstarfi milli opinberra og óopinberra aðila hjá viðkomandi samningsaðilum í tengslum við tækifæri til fjárfestinga, rannsókna og þróunar á nýrri tækni,
 - (d) stuðla að þátttöku óopinberra aðila eða hópa í viðræðunum og

(e) ræða önnur mál í tengslum við þessa grein sem þeir telja viðeigandi.

5. KAFLI

FJÁRMAGNSFLUTNINGAR, GREIÐSLUR OG MILLIFÆRSLUR⁵⁷

GR. 5.1

Markmið.

Markmið þessa kafla er að auðvelda frjálsa fjármagnsflutninga og greiðslur í tengslum við viðskipti sem hafa verið gefin frjáls samkvæmt þessum samningi.

GR. 5.2

Viðskiptareikningur.

Sérhver samningsaðili skal heimila, í auðskiptanlegum gjaldmiðli og í samræmi við samkomulagið um samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, allar greiðslur og millifærslur að því er varðar færslur á viðskiptareikningi greiðslujöfnuðar sem falla undir gildissvið þessa samnings.

GR. 5.3

Fjármagnsflutningar.

1. Sérhver samningsaðili skal heimila, að því er varðar færslur á fjármagns- og fjárhagsreikningum greiðslujöfnuðar, frjálsa fjármagnsflutninga í þeim tilgangi að auka frelsi í fjárfestingum og öðrum viðskiptum eins og kveðið er á um í 3. kafla (Þjónusta og fjárfestingar).
2. Samningsaðilarnir skulu hafa samráð sín á milli í undirnefndinni um þjónustu og fjárfestingar til að greiða fyrir fjármagnsflutningum milli þeirra í því skyni að stuðla að viðskiptum og fjárfestingu.

GR. 5.4

Ráðstafanir sem hafa áhrif á fjármagnsflutninga, greiðslur eða millifærslur.

1. Ekki skal líta svo á að gr. 5.2 (Viðskiptareikningur) og gr. 5.3 (Fjármagnsflutningar) komi í veg fyrir að samningsaðili geti beitt lögum sínum að því er varðar:

⁵⁷ Ákvæði þessa kafla gilda um Liechtenstein að sama marki og valdheimildir þess samkvæmt gjaldmiðlasamningi Furstadæmisins Liechtensteins og Svissneska ríkjasambandsins sem var gerður í Bern 19. júní 1980.

- (a) gjaldþrot, ógjaldfærni eða vernd réttinda kröfuhafa,
 - (b) útgáfu, viðskipti með eða miðlun verðbréfa eða framvirkra samninga, valréttar og annarra fjármálagerninga,
 - (c) reikningskil eða skráningu fjármagnsflutninga, greiðslna eða millifærslna ef nauðsyn krefur til að aðstoða yfirvöld sem framfylgja lögum eða yfirvöld á sviði fjármálaeftirlits,
 - (d) refsilagabrot, villandi eða sviksamlegar viðskiptavenjur,
 - (e) það að tryggja að farið sé að ákvörðunum eða dómum í málsmeðferð fyrir dómstóli eða stjórnvaldi eða
 - (f) almannatryggingakerfi, opinber eftirlaunakerfi eða skyldubundna lífeyrissjóði.
2. Ekki skal beita lögnum sem um getur í 1. mgr. handahófskennt eða á þann hátt að það feli í sér mismunun eða teljist með öðrum hætti duldar hömlur á fjármagnsflutninga, greiðslur eða millifærslur.

GR. 5.5

Takmarkanir ef um er að ræða erfiðleika vegna greiðslujöfnuðar og ytri fjárhagsskilyrða.

1. Eigi samningsaðili í verulegum erfiðleikum vegna greiðslujöfnuðar eða ytri fjárhagsskilyrða, eða ef hætta er á að slíkir erfiðleikar skapist, er honum heimilt að samþykkja eða viðhalda takmarkandi ráðstöfunum að því er varðar fjármagnsflutninga, greiðslur eða millifærslur.⁵⁸
2. Ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu:
- (a) vera í samræmi við samkomulagið um samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins,
 - (b) ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ráða við þær aðstæður sem lýst er í 1. mgr.,
 - (c) vera til bráðabirgða og falla úr gildi í áföngum eftir því sem aðstæðurnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. batna,
 - (d) forðast að skaða viðskiptahagsmuni, efnahagslega og fjárhagslega hagsmuni hinna samningsaðilanna að óþörfu og

⁵⁸ Til að taka af vafa geta m.a. verulegir erfiðleikar í tengslum við peningamála- eða gengisstefnu, eða hætta á slíkum erfiðleikum, valdið verulegum erfiðleikum vegna greiðslujöfnuðar eða ytri fjárhagsskilyrða, eða hættu á að slíkir erfiðleikar skapist.

- (e) vera án mismununar samanborið við þriðju lönd í sambærilegum aðstæðum.
3. Ef um er að ræða vöruviðskipti er hverjum samningsaðila heimilt að samþykkja eða viðhalda takmarkandi ráðstöfunum í því skyni að standa vörð um ytri fjárhagsstöðu sína eða greiðslujöfnuð. Þessar ráðstafanir skulu vera í samræmi við GATT-samninginn frá 1994 og samkomulagið um greiðslujöfnuðarákvæði í GATT-samningnum frá 1994.
 4. Ef um er að ræða þjónustuviðskipti er hverjum samningsaðila heimilt að samþykkja eða viðhalda takmarkandi ráðstöfunum í því skyni að standa vörð um ytri fjárhagsstöðu sína eða greiðslujöfnuð. Þessar ráðstafanir skulu vera í samræmi við XII. gr. hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (GATS-samningsins).
 5. Samningsaðili sem viðheldur eða hefur samþykkt ráðstafanir sem um getur í 1. og 2. mgr. skal tilkynna hinum samningsaðilunum um það skriflega umsvifalaust, ásamt rökum fyrir beitingu þeirra, innan 30 daga frá því að þær eru samþykktar eða þeim viðhaldið.
 6. Samþykki samningsaðili eða viðhaldi takmörkunum samkvæmt þessari grein skulu samningsaðilarnir efna til samráðs þegar í stað í undirnefndinni um þjónustu og fjárfestingar nema samráð fari fram á öðrum vettvangi. Þessi undirnefnd skal leggja mat á þá erfiðleika vegna greiðslujöfnuðar eða ytri fjárhagsskilyrða sem leiddu til ráðstafana hvers um sig, að teknu tilliti til þátta eins og:
 - (a) eðlis og umfangs erfiðleikanna,
 - (b) ytra efnahags- og viðskiptaumhverfis og
 - (c) annarra ráðstafana til úrbóta sem geta verið tiltækar.
 7. Samráð skv. 6. mgr. skal fjalla um samræmi hvers kyns takmarkandi ráðstafana við 1. og 2. mgr. Viðurkenna skal allar viðeigandi niðurstöður, sem eru tölfræðilegs eðlis eða byggðar á staðreyndum, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggur fram, ef þær liggja fyrir, og í ályktunum skal taka tillit til mats Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á greiðslujöfnuði og ytri fjárhagsstöðu viðkomandi samningsaðila.

6. KAFLI

OPINBER INNKAUP

GR. 6.1

Gildissvið og umfang.

1. Ákvæði endurskoðaðs samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup (2012) (samningurinn um opinber innkaup), sem tilgreind eru í 1. viðbæti við XXI. viðauka (Opinber innkaup) við þennan samning, þ.m.t. viðaukar hvers samningsaðila við 1. viðbæti við samninginn um opinber innkaup, eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.
2. Í þessum kafla merkir „tilgreind innkaup“ innkaup sem heyra undir II. gr. samningsins um opinber innkaup og auk þess innkaup sem talin eru upp í 1. viðbæti við XXI. viðauka (Opinber innkaup) við samning þennan.
3. Að því er varðar tilgreind innkaup skal sérhver samningsaðili beita, að breyttu breytanda, ákvæðum samningsins um opinber innkaup sem nefnd eru í 1. viðbæti við XXI. viðauka (Opinber innkaup) við samning þennan, á tvíhliða grundvelli, gagnvart birgjum, vörum eða þjónustu annars samningsaðila. Sérhver samningsaðili skal beita, með tilliti til tilgreindra innkaupa, ákvæðum um virði viðmiðunarmarka í 5. viðbæti við XXI. viðauka (Opinber innkaup).

GR. 6.2

Viðbótarverklagsreglur.

Auk ákvæðanna sem um getur í gr. 6.1 (Gildissvið og umfang) skulu samningsaðilarnir beita ákvæðunum í gr. 6.3 (Notkun rafrænna aðferða), gr. 6.4 (Rafræn birting auglýsinga um opinber innkaup), gr. 6.5 (Sönnunargögn), gr. 6.6 (Skilyrði fyrir þátttöku), gr. 6.7 (Skráningarkerfi og verklag við hæfismat), gr. 6.8 (Útboð með forvali), gr. 6.9 (Óeðlilega lágt verð), gr. 6.10 (Litlum og meðalstórum fyrirtækjum auðvelduð þátttaka), gr. 6.11 (Umhverfissjónarmið, félagsleg og atvinnutengd sjónarmið), gr. 6.12 (Breytingar og leiðréttingar á skuldbindingum varðandi markaðsaðgang), gr. 6.13 (Breytingar), gr. 6.14 (Leiðréttingar) og gr. 6.15 (Frekari samningaviðræður).

GR. 6.3

Notkun rafrænna aðferða.

1. Sérhver samningsaðili skal tryggja að kaupendur hans beiti, eftir því sem frekast er unnt, rafrænum aðferðum við tilgreind innkaup.
2. Kaupandi telst beita rafrænum aðferðum við tilgreind innkaup ef hann notar rafrænar upplýsinga- og samskiptaaðferðir við:
 - (a) birtingu auglýsinga og útboðsgagna í innkaupaferlum og
 - (b) framlagningu þátttökubeiðna og tilboða.
3. Slíkar rafrænar upplýsinga- og samskiptaaðferðir skulu, nema við sérstakar aðstæður, vera án mismununar, almennt aðgengilegar og samvirkandi við upplýsinga- og fjarskiptatæknivörur í almennri notkun og skulu ekki takmarka aðgang að innkaupaferlinu.
4. Sérhver samningsaðili skal tryggja að kaupendur hans taki á móti og vinni rafræna reikninga í samræmi við lög hans.

GR. 6.4

Rafræn birting auglýsinga um opinber innkaup.

1. Að því er tilgreind innkaup varðar skulu allar auglýsingar um opinber innkaup, þ.m.t. auglýsingar um fyrirhuguð innkaup, auglýsingar um samantekt, auglýsingar um áætluð innkaup og tilkynningar um samningagerð, vera aðgengilegar beint með rafrænum hætti og án endurgjalds um einn aðgangsstað á netinu.
2. Sérhver samningsaðili skal birta auglýsingar í samræmi við 3. viðbæti við XXI. viðauka (Opinber innkaup).

GR. 6.5

Sönnunargögn.

Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að við framlagningu þátttökubeiðna eða tilboða krefjist kaupendur þess ekki af birgjum að þeir leggi fram öll eða hluta sönnunargagna um að þeir séu ekki í einhverjum þeim aðstæðum þar sem útiloka má birgi frá þátttöku og að þeir uppfylli skilyrðin fyrir þátttöku nema það sé nauðsynlegt til að tryggja tilhlýðilegan framgang ferlisins.

GR. 6.6

Skilyrði fyrir þátttöku.

Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að þegar kaupendur hans gera það að skilyrði fyrir þátttöku birgis í tilgreindum innkaupum að hann sýni fram á fyrri reynslu verði þess ekki krafist að sú reynsla birgisins hafi fengist hjá þeim samningsaðila.

GR. 6.7

Skráningarkerfi og verklag við hæfismat.

Samningsaðili sem heldur úti skráningarkerfi fyrir birgja skal sjá til þess að áhugasamir birgjar geti óskað eftir skráningu hvenær sem er. Áhugasömum birgi sem lagt hefur fram slíka ósk skal tilkynnt innan hæfilegs tíma um það hvort ákveðið hefur verið að verða við ósk hans eða hvort henni hefur verið hafnað.

GR. 6.8

Útboð með forvali.

Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að þegar kaupandi notar útboðsferli með forvali bjóði hann nægilega mörgum birgjum að leggja fram tilboð til að tryggja megi raunverulega samkeppni án þess að það hafi áhrif á rekstrarskilvirkni innkaupafyrirkomulagsins.

GR. 6.9

Óeðlilega lág tilboð.

Til viðbótar við 6. mgr. XV. gr. samningsins um opinber innkaup getur kaupandi, hafi honum borist tilboð sem er óeðlilega lágt miðað við önnur tilboð sem borist hafa, gert fyrirspurn til birgisins um það hvort verðið miðast við styrki.

GR. 6.10

Litlum og meðalstórum fyrirtækjum auðvelduð þátttaka.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir þýðingu framlags lítilla og meðalstórra fyrirtækja til hagvaxtar og atvinnu og mikilvægi þess að auðvelða þeim þátttöku í opinberum innkaupum.
2. Ef ráðstöfun er fyrir hendi hjá samningsaðila, sem veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum ívilnandi meðferð, skal samningsaðilinn sjá til

Þess að ráðstöfunin, þ.m.t. hæfisviðmiðanir, séu gagnsæjar og mismuni ekki birgjum frá hinum samningsaðilunum.

3. Samningsaðili skal, að beiðni annars samningsaðila, veita upplýsingar um ráðstafanir sínar sem miða að því að stuðla að, hvetja til og auðvelda þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í opinberum innkaupum, séu þær fyrir hendi. Tengiliðir samningsaðilanna eru skráðir í 4. viðbæti við XXI. viðauka (Opinber innkaup).
4. Í því skyni að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum þátttöku í opinberum innkaupum skal sérhver samningsaðili, eftir því sem kostur er og ef við á:
 - (a) veita ítarlegar upplýsingar í tengslum við opinber innkaup um eina rafræna gátt,
 - (b) leitast við að hafa öll útboðsgögn endurgjaldslaus,
 - (c) hafa innkaup með rafrænum hætti eða annarri nýrri upplýsinga- og fjarskiptatækni og
 - (d) ígrunda stærð, gerð og skipulag innkaupanna.

GR. 6.11

Umhverfissjónarmið, félagsleg og atvinnutengd sjónarmið.

Sérhver samningsaðili skal:

- (a) heimila kaupendum að taka tillit til umhverfissjónarmiða, vinnutengdra og félagslegra sjónarmiða í öllu innkaupaferlinu, að því tilskildu að þau séu án mismununar og þeim sé ekki beitt þannig að þau leiði til mismununar og
- (b) gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að skuldbindingar hans á sviði umhverfislöggjafar, félagsmálaréttar og vinnulöggjafar séu virtar, þ.m.t. þær sem komið er á skv. 13. kafla (Viðskipti og sjálfbær þróun).

GR. 6.12

Breytingar og leiðréttingar á skuldbindingum varðandi markaðsaðgang.

Sérhverjum samningsaðila er heimilt að breyta eða leiðrétta skuldbindingar sínar varðandi markaðsaðgang í 2. viðbæti við XXI. viðauka (Opinber innkaup) í samræmi við það verklag sem sett er fram í gr. 6.13 (Breytingar) og gr. 6.14 (Leiðréttingar).

GR. 6.13

Breytingar.

1. Samningsaðili sem hyggst breyta 2. viðbæti við XXI. viðauka (Opinber innkaup) skal:
 - (a) tilkynna hinum samningsaðilunum það skriflega og
 - (b) setja í tilkynninguna tillögu að viðeigandi lagfæringum til jöfnunar til hina samningsaðilanna til þess að viðhalda skuldbindingum varðandi markaðsaðgang sem eru sambærilegar þeim sem voru í gildi fyrir breytinguna.
2. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. þarf samningsaðili ekki að sjá fyrir lagfæringum til jöfnunar fyrir hina samningsaðilana ef fyrirhuguð breyting á við um kaupanda sem samningsaðili hefur í reynd ekki lengur yfirráð yfir eða áhrif á að því er varðar tilgreind innkaup.
3. Litið er svo á að samningsaðili hafi í reynd ekki lengur yfirráð yfir eða áhrif á kaupanda að því er varðar tilgreind innkaup ef kaupandinn á í samkeppni á mörkuðum sem sæta ekki aðgangstakmörkunum.
4. Annar samningsaðili getur andmælt breytingunni sem um getur í a-lið 1. mgr. ef hann telur ekki að:
 - (a) lagfæring til jöfnunar, sem lögð er til skv. b-lið 1. mgr., nægi til að viðhalda sambærilegum skuldbindingum varðandi markaðsaðgang og þeim sem gagnkvæm sátt er um,
 - (b) fyrirhuguð breyting taki til kaupanda sem samningsaðili hefur í reynd ekki lengur yfirráð yfir eða áhrif á, eins og kveðið er á um í 2. mgr.
5. Samningsaðili skal leggja fram skrifleg andmæli innan 45 daga frá móttöku tilkynningarinnar, sem um getur í a-lið 1. mgr., eða telst ella hafa samþykkt lagfæringuna til jöfnunar eða breytinguna, einnig að því er varðar 16. kafla (Lausn deilumála).

GR. 6.14

Leiðréttingar.

1. Samningsaðili sem hyggst leiðrétta 2. viðbæti við XXI. viðauka (Opinber innkaup) skal tilkynna hinum samningsaðilunum um það skriflega.
2. Eftirfarandi breytingar á viðbæti við XXI. viðauka (Opinber innkaup) skulu teljast leiðrétting, svo fremi sem þær hafa ekki áhrif á skuldbindingar varðandi markaðsaðgang sem gagnkvæm sátt er um og kveðið er á um í þessum kafla:

- (a) breyting á heiti kaupanda,
 - (b) sameining tveggja eða fleiri kaupenda sem skráðir eru í þeim undirþætti og
 - (c) skipting kaupanda, sem skráður er í þeim undirþætti, upp í tvær eða fleiri undirstofnanir sem bætast við kaupendur sem skráðar eru í sama undirþætti.
3. Samningsaðila er heimilt að tilkynna hinum samningsaðilunum um andmæli gegn fyrirhugaðri leiðréttingu innan 45 daga frá móttöku tilkynningarinnar. Samningsaðili sem leggur fram andmæli skal setja fram ástæður þess að hann telur að fyrirhuguð leiðrétting sé ekki breyting eins og kveðið er á um í 1. mgr. og lýsa áhrifum fyrirhugaðrar leiðréttingar á þær skuldbindingar varðandi markaðsaðgang sem gagnkvæm sátt er um og kveðið er á um í þessum kafla. Berist engin andmæli skriflega innan 45 daga frá móttöku tilkynningarinnar teljast hinir samningsaðilarnir hafa samþykkt fyrirhugaða leiðréttingu.

GR. 6.15

Frekari samningaviðræður.

Þjóði samningsaðili aðila utan samningsins síðar meir aukinn ávinning að því er varðar umfang aðgangs að markaði hans fyrir opinber innkaup, sem samkomulag er um samkvæmt þessum kafla, skal hann fallast á, að beiðni annars samningsaðila, að hefja samningaviðræður í því skyni að víkka út umfangið samkvæmt þessum kafla á grundvelli gagnkvæmni.

7. KAFLI

HUGVERKARÉTTINDI ⁵⁹

ÞÁTTUR 7.1

ALMENN ÁKVÆÐI

GR. 7.1

Markmið.

Markmiðin með þessum kafla eru:

- (a) að liðka fyrir framleiðslu, veitingu og markaðssetningu á nýsköpunarvörum og -þjónustu og skapandi vörum og þjónustu milli samningsaðilanna með því að draga úr röskun á og hindrunum í vegi slíkra viðskipta og stuðla þannig að sjálfbærara hagkerfi fyrir alla og
- (b) að tryggja fullnægjandi og árangursríka vernd og framfylgd hugverkaréttinda án mismununar.

GR. 7.2

Gildissvið.

1. Þessi kafli skal koma til viðbótar réttindum og skyldum sérhvers samningsaðila samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS-samningnum) og öðrum alþjóðasamningum á sviði hugverkaréttinda sem þeir eru aðilar að.
2. Þessi kafli kemur ekki í veg fyrir að samningsaðili geti tekið upp víðtækari vernd og framfylgd hugverkaréttinda en krafist er samkvæmt þessum kafla, að því tilskildu að slík vernd og framfylgd brjóti ekki í bága við hann.

⁵⁹ Samkvæmt gr. 1.4 (Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir samning þennan) í 1. kafla (Almenn ákvæði) gildir ekkert málefni sem lýtur að: i. landfræðilegum merkingum, þ.m.t. undirþáttur 7.2.4 (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti), ii. einkaleyfum, þ.m.t. undirþáttur 7.2.5 (Einkaleyfi) og iii. framfylgd, þ.m.t. þáttur 7.3 (Framfylgd hugverkaréttinda) um Liechtenstein.

GR. 7.3

Skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- (a) „Parísarsamningurinn“: Parísarsamningurinn um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar frá 20. mars 1883, eins og hann var síðast endurskoðaður í Stokkhólmi 14. júlí 1967,
- (b) „Bernarsáttmálinn“: Bernarsáttmálinn til verndar bókmenntum og listaverkum frá 9. september 1886, endurskoðaður í París 24. júlí 1971 og breytt 28. september 1979,
- (c) „Rómarsamningurinn“: Rómarsamningurinn um vernd listfytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana, sem gerður var í Róm 26. október 1961,
- (d) „Alþjóðahugverkastofnunin“: WIPO, Alþjóðahugverkastofnunin,
- (e) „hugverkaréttindi“: höfundarréttur, þ.m.t. vernd tölvuforrita og safna gagna, sem og skyld réttindi, vörumerki fyrir vörur og þjónustu, landfræðilegar merkingar vara og vísbendingar um upptök vara og þjónustu, iðnhönnun, einkaleyfi, plöntuyrki, svæðislýsingar samrása og óbirtar upplýsingar og
- (f) „ríkisborgari“: að því er varðar viðkomandi hugverkarétt, aðili hjá samningsaðila sem myndi uppfylla viðmiðanir um rétt til verndar sem kveðið er á um í TRIPS-samningnum og marghliða samningum sem gerðir eru á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar og sem samningsaðili er aðili að.

GR. 7.4

Alþjóðasamningar.

1. Með fyrirvara um 2. mgr. staðfesta samningsaðilarnir þá skuldbindingu sína að fara að þeim alþjóðasamningum sem þeir eru aðilar að:
 - (a) TRIPS-samningnum,
 - (b) Rómarsamningnum,
 - (c) Bernarsáttmálanum,
 - (d) Parísarsamningnum,
 - (e) samningi Alþjóðahugverkastofnunarinnar um höfundarrétt sem samþykktur var í Genf 20. desember 1996,

- (f) samningi Alþjóðahugverkastofnunarinnar um flutning og hljóðrit sem samþykktur var í Genf 20. desember 1996,
 - (g) Búdapestsamningnum um alþjóðlega viðurkenningu á innlagningu örvera til varðveislu vegna meðferðar einkaleyfamála, sem gerður var í Búdapest 28. apríl 1977,
 - (h) bókuninni við Madrídarsamninginn um alþjóðlega skráningu merkja sem samþykkt var í Madríd 27. júní 1989, eins og henni var síðast breytt 12. nóvember 2007,
 - (i) Marakess-sáttmálanum um að greiða fyrir aðgengi þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða glíma við aðra prentleturshömlun að útgefnum verkum, sem samþykktur var í Marakess 27. júní 2013,
 - (j) Genfargerð Haag-samningsins um alþjóðlega skráningu hönnunar á sviði iðnaðar, sem samþykkt var í Genf 2. júlí 1999,
 - (k) alþjóðasamningnum um vernd nýrra yrkja, sem gerður var í París 2. desember 1978 eða 1991,⁶⁰ og
 - (l) samningnum um veitingu evrópskra einkaleyfa frá 5. október 1973, eins og hann var endurskoðaður með gerningnum um endurskoðun 63. gr. samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa frá 17. desember 1991 og gerningnum um endurskoðun samningsins um veitingu evrópskra einkaleyfa frá 29. nóvember 2000.
2. Ef samningsaðili að þessum samningi er ekki aðili að einum eða fleiri af þeim marghliða samningum sem taldir eru upp í 1. mgr. skal sá samningsaðili staðfesta efnisreglur sérhvers samnings eða samninga sem hann er ekki aðili að.
 3. Sérhver samningsaðili skal gera sitt ýrasta til að fullgilda eða gerast aðili að eftirtöldum alþjóðasamningum ef hann er ekki þegar aðili að þeim:
 - (a) Beijing-samningnum um hljóð- og myndrænan listflutning, sem samþykktur var í Beijing 24. júní 2012, og
 - (b) Singapúr-samningnum um vörumerkjarétt, sem samþykktur var í Singapúr 27. mars 2006.

⁶⁰ Liechtenstein er enn ekki aðili að alþjóðasamningnum um vernd nýrra yrkja. Skuldbindingin varðandi k-lið 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar skal gilda um Liechtenstein þegar það hefur gerst aðili að samningnum.

GR. 7.5

Tæming réttar.

Þessi kafli hefur ekki áhrif á frelsi samningsaðila til að ákvarða hvort og við hvaða skilyrði tæming hugverkaréttar á við.

GR. 7.6

Innlend meðferð.

1. Að því er varðar alla flokka hugverkaréttar sem heyra undir þennan kafla skal sérhver samningsaðili veita ríkisborgurum sérhvers annars samningsaðila ekki óhagstæðari meðferð en hann veitir eigin ríkisborgurum vegna verndar hugverkaréttar, með fyrirvara um, ef við á, undantekningarnar sem þegar er kveðið á um í Parísarsamningnum, Bernarsáttmálanum, Rómarsamningnum og sáttmálanum um hugverk er varða smárásir, sem gerður var í Washington 26. maí 1989. Að því er varðar listflytjendur, framleiðendur hljóðrita og útvarpsfyrirtæki á þessi skuldbinding einungis við að því er varðar réttindi sem kveðið er á um samkvæmt þessum samningi.
2. Að því er varðar 1. mgr. skal hugtakið „vernd“ ná yfir atriði sem hafa áhrif á framboð, öflun, gildissvið, viðhald og framfylgd hugverkaréttinda, svo og atriði er varða nýtingu hugverkaréttinda sem er sérstaklega fjallað um í þessum kafla, þ.m.t. ráðstafanir gegn því að skilvirkar, tæknilegar ráðstafanir séu sniðgengnar, eins og um getur í gr. 7.16 (Vernd tæknilegra ráðstafana) og ráðstafanir varðandi upplýsingar um réttindaumsýslu eins og um getur í gr. 7.17 (Skyldur varðandi upplýsingar um réttindaumsýslu).
3. Samningsaðili getur nýtt sér þær undantekningar sem heimilaðar eru skv. 1. mgr. í tengslum við dóms- og stjórnarsýslumeðferðir sínar, þ.m.t. að krefjast þess af ríkisborgara annars samningsaðila að hann tilgreini afgreiðslustað á yfirráðasvæði sínu eða umboðsaðila á yfirráðasvæði sínu, ef:
 - (a) slíkar undantekningar eru nauðsynlegar til að tryggja að farið sé að lögum eða reglum samningsaðilans sem ekki brjóta í bága við þennan kafla eða
 - (b) slíkum undantekningum er ekki beitt á þann hátt að feli í sér duldar hömlur á viðskipti.
4. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um málsmeðferðir sem kveðið er á um í marghliða samningum sem gerðir eru á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar í tengslum við öflun eða viðhald hugverkaréttar.

ÞÁTTUR 7.2

REGLUR VARÐANDI HUGVERKARÉTTINDI

UNDIRÞÁTTUR 7.2.1

HÖFUNDARRÉTTUR OG SKYLD RÉTTINDI

GR. 7.7

Höfundar.

Sérhver samningsaðili skal kveða á um einkarétt til handa höfundum til að heimila eða banna:

- (a) með beinum eða óbeinum hætti, tímabundna eða varanlega eftirgerð með hvaða hætti sem er og í hvaða formi sem er, í heild eða að hluta, á verkum sínum,
- (b) hvers konar dreifingu á frumritum verka sinna eða afritum af þeim til almennings, með sölu eða á annan hátt,
- (c) hvers konar miðlun verka sinna til almennings, um þráð eða þráðlaust, þ.m.t. að gera verk sín aðgengileg almenningsi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kys og
- (d) nema að því er varðar byggingar eða nytjalist, leigu til almennings í ábataskyni á frumritum eða afritum verka sinna.

GR. 7.8

Listflytjendur.

Sérhver samningsaðili skal kveða á um einkarétt til handa listflytjendum til að heimila eða banna:

- (a) upptökur á listflutningi sínum,
- (b) með beinum eða óbeinum hætti, tímabundna eða varanlega eftirgerð með hvaða hætti sem er og í hvaða formi sem er, í heild eða að hluta, á upptökum á listflutningi sínum,
- (c) hvers konar dreifingu á upptökum á listflutningi sínum til almennings, með sölu eða á annan hátt,
- (d) að upptökur á listflutningi þeirra verði gerðar aðgengilegar almenningsi, um þráð eða þráðlaust, með þeim hætti að hver og einn

geti fengið aðgang að þeim á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kýs,

- (e) þráðlausa útsendingu og miðlun á flutningi sínum til almennings, nema þegar viðkomandi flutningur fer fram í útvarps- eða sjónvarpsútsendingu eða er upptaka, og
- (f) leigu til almennings í ábataskyni á upptökum á listflutningi sínum.

GR. 7.9

Framleiðendur hljóðrita.

Sérhver samningsaðili skal kveða á um einkarétt til handa framleiðendum hljóðrita til að heimila eða banna:

- (a) með beinum eða óbeinum hætti, tímabundna eða varanlega eftirgerð með hvaða hætti sem er og í hvaða formi sem er, í heild eða að hluta, á hljóðritum sínum,
- (b) hvers konar dreifingu á hljóðritum sínum til almennings, þ.m.t. afritum af þeim, með sölu eða á annan hátt,
- (c) að hljóðrit þeirra verði gerð aðgengileg almenningi, um þráð eða þráðlaust, með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að þeim á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kýs og
- (d) leigu til almennings í ábataskyni á hljóðritum sínum.

GR. 7.10

Útvarpsfyrirtæki.

Sérhver samningsaðili skal kveða á um einkarétt til handa útvarpsfyrirtækjum til að heimila eða banna:

- (a) upptökur á útsendingum sínum, hvort sem útsendingar eru um þráð eða þráðlaust, þ.m.t. útsendingar um kapal eða gervihnött,
- (b) með beinum eða óbeinum hætti, tímabundna eða varanlega eftirgerð með hvaða hætti sem er og í hvaða formi sem er, í heild eða að hluta, á upptökum á útsendingum sínum, hvort sem útsendingar eru um þráð eða þráðlaust, þ.m.t. útsendingar um kapal eða gervihnött,
- (c) að upptökur á útsendingum þeirra verði gerðar aðgengilegar almenningi, um þráð eða þráðlaust, þ.m.t. útsendingar um kapal eða gervihnött, með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að þeim á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kýs,

- (d) dreifingu á upptökum á útsendingum þeirra til almennings, þ.m.t. afrit af þeim, með sölu eða á annan hátt, hvort sem útsendingar eru um þráð eða þráðlaust, þ.m.t. útsendingar um kapal eða gervihnött, og
- (e) þráðlaust endurvarp á útsendingum þeirra, sem og miðlun útsendinga þeirra til almennings, fari slíkt fram á stöðum sem almenningur hefur aðgang að gegn greiðslu aðgangseyris.

GR. 7.11

Útsendingar og miðlun til almennings á hljóðritum sem gefin eru út í ábataskyni.

1. Sérhver samningsaðili skal kveða á um rétt þannig að tryggja megi að notandi greiði sanngjarna þóknun í formi eingreiðslu til listflytjenda og framleiðenda hljóðrita ef hljóðrit, sem gefið hefur verið út í ábataskyni, eða afrit af slíku hljóðriti, er notað til útsendingar eða miðlunar með öðrum hætti til almennings.
2. Sérhver samningsaðili skal tryggja að þessi sanngjarna þóknun í formi eingreiðslu skiptist á milli viðkomandi listflytjenda og framleiðenda hljóðrita. Hverjum samningsaðila er heimilt að setja innlend lög sem mæla fyrir um með hvaða hætti listflytjendur og framleiðendur hljóðrita skuli skipta þessari sanngjörnu þóknun í formi eingreiðslu á milli sín ef enginn samningur er í gildi milli þeirra.
3. Hverjum samningsaðila er heimilt að veita listflytjendum og framleiðendum hljóðrita meiri rétt að því er varðar útsendingu og miðlun til almennings á hljóðritum sem gefin eru út í ábataskyni.

GR. 7.12

Gildistími verndar.

1. Réttindi höfundar verks skulu gilda meðan höfundurinn er á lífi og í 70 ár frá dauða hans, án tillits til þess hvenær almenningur fær aðgang að verkinu samkvæmt lögum.
2. Að því er varðar 1. mgr. er hverjum samningsaðila heimilt að kveða á um sérstakar reglur varðandi útreikning á gildistíma verndar tónsmíða með texta, þegar höfundar hafa unnið saman að sköpun verks, sem og kvikmyndaverka og hljóð- og myndmiðlaverka. Hverjum samningsaðila er heimilt að kveða á um sérstakar reglur varðandi útreikning á gildistíma verndar verka undir nafnleynd eða dulnefni.
3. Réttindi útvarpsfyrirtækja skulu renna út 50 árum eftir fyrstu útsendingu, án tillits til þess hvort sent er út um þráð eða þráðlaust, þ.m.t. útsendingar um kapal eða gervihnött.

4. Réttur listflytjenda vegna listflutnings síns, öðruvísi en í hljóðriti, skal renna út 50 árum eftir upptöku flutningsins eða, sé hann gefinn út á löglegan hátt eða honum miðlað til almennings á löglegan hátt á þessu tímabili renna réttindin þó út 50 árum eftir fyrsta útgáfudag eða fyrsta dag miðlunar til almennings, eftir því hvorn daginn ber fyrir að.
5. Réttur listflytjenda vegna listflutnings síns sem geymdur er í hljóðriti skal renna út 50 árum eftir upptöku flutningsins eða, sé hann gefinn út á löglegan hátt eða honum miðlað til almennings á löglegan hátt á þessu tímabili, 70 árum eftir að það er gert, eftir því hvorn daginn ber fyrir að.
6. Réttindi framleiðenda hljóðrita skulu falla niður 50 árum eftir að upptaka fer fram eða, ef hljóðrit er gefið út á löglegan hátt á þessu tímabili, falla réttindin þó niður 70 árum eftir slíka útgáfu. Ef ekki um að ræða löglega upptöku og ef hljóðritinu hefur verið miðlað til almennings á löglegan hátt á þessu tímabili skal gildistími verndar vera 70 ár frá slíkri miðlun. Hverjum samningsaðila er heimilt að kveða á um skilvirkar ráðstafanir til að tryggja að þeim hagnaði sem til verður á þeim 20 verndarárum sem eru umfram árin 50, sé deilt með sanngjörnum hætti milli listflytjenda og framleiðenda hljóðrita.
7. Verndartíminn sem mælt er fyrir um í þessari grein skal reiknaður frá 1. janúar ársins eftir að sá atburður á sér stað sem markar upphaf hans.
8. Hverjum samningsaðila er heimilt að kveða á um lengri verndartíma en þann sem kveðið er á um í þessari grein.

GR. 7.13

Réttur til þóknunar við endursölu (fylgiréttur).

1. Sérhver samningsaðili skal, í þágu höfundar frumgerðar listaverks, kveða á um rétt til þóknunar (fylgirétt) sem skilgreina skal á þann veg að hann sé óafsalanlegur réttur, sem ekki verður fallið frá, jafnvel ekki fyrir fram, til fylgiréttargjalda sem eru ákvörðuð út frá söluverðinu sem fæst við hverja endursölu verksins eftir að höfundur lætur það af hendi við nýjan eiganda í fyrsta sinn.
2. Réttur sá sem um getur í 1. mgr. skal gilda um hverja endursölu þar sem í hlut eiga seljendur, kaupendur eða milliliðir, þeir aðilar sem fást við sölu listaverka í atvinnuskyni, s.s. uppboðshaldarar, listhús og yfirleitt hvers kyns listaverkasalar.
3. Sérhver samningsaðili getur kveðið á um að rétturinn, sem um getur í 1. mgr., gildi ekki við endursölu þegar seljandi hefur fengið verkið beint frá höfundi þess innan við þremur árum áður og þar sem söluverðið er ekki hærra en tiltekin lágmarksfjárhæð.

4. Fara skal að landslögum hvers samningsaðila varðandi þá aðferð sem notuð er við að innheimta þóknunina og fjárhæð hennar.

GR. 7.14

Sameiginleg umsýsla réttinda.

1. Samningsaðilarnir skulu hvetja til samstarfs milli sameiginlegra umsýslustofnana sinna í þeim tilgangi að ýta undir að verk og annað verndað efni sé aðgengilegt hjá viðkomandi samningsaðilum og millifærslu tekna af réttindum milli sameiginlegra umsýslustofnana hvers um sig vegna notkunar á slíkum verkum og öðru vernduðu efni.
2. Samningsaðilarnir skulu stuðla að gagnsæi sameiginlegra umsýslustofnana, einkum að því er varðar tekjur af réttindum sem þær innheimta, frádrátt frá slíkum tekjum, notkun slíkra tekna, úthlutunarstefnu og verkaskrá þeirra.
3. Samningsaðilarnir skulu leitast við að greiða fyrir samkomulagi milli sameiginlegra umsýslustofnana sinna um meðferð án mismununar fyrir þá rétthafa sem þessar stofnanir fara með umsýslu réttinda fyrir samkvæmt fyrirvarssamningi.
4. Samningsaðilarnir skulu hafa með sér samstarf um að styðja við þær sameiginlegu umsýslustofnanir sem hafa staðfestu hjá viðkomandi samningsaðilum og fara með fyrirvar fyrir aðra sameiginlega umsýslustofnun með staðfestu hjá öðrum samningsaðila með fyrirvarssamningi, með það fyrir augum að tryggja að þær greiði sameiginlegu umsýslustofnununum, sem þær fara með fyrirvar fyrir, reglulega, af kostgæfni og nákvæmni, þær fjárhæðir sem þeim ber og láti sameiginlegu umsýslustofnuninni sem þær fara með fyrirvar fyrir í té upplýsingar um fjárhæð tekna af réttindum, sem innheimt hefur verið fyrir hennar hönd, og um hvers konar frádrátt frá þeim réttindatekjum.

GR. 7.15

Undantekningar og takmarkanir.

Sérhver samningsaðili skal einskorða takmarkanir á eða undantekningar frá réttindunum, sem sett eru fram í gr. 7.7 (Höfundar) til gr. 7.11 (Útsendingar og miðlun til almennings á hljóðritum sem gefin eru út í ábataskyni) við sérstök tilvik sem stríða ekki gegn eðlilegri hagnýtingu verks eða annars efnis og skerða ekki með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni rétthafanna.

Vernd tæknilegra ráðstafana.

1. Sérhver samningsaðili skal sjá um að fyrir hendi sé fullnægjandi lögvernd gegn því að farið sé fram hjá hvers konar skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum enda viti viðkomandi aðili eða hafi gilda ástæðu til að ætla að hann stefni að því marki. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að kveða á um sérstakt kerfi fyrir lögverndun tæknilegra ráðstafana sem notaðar eru til að vernda tölvuforrit.
2. Aðildarríkin skulu kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn framleiðslu, innflutningi, dreifingu, sölu, leigu, auglýsingum um sölu eða leigu eða eign, í viðskiptaskyni, tækja, vara eða íhluta eða veitingu þjónustu:
 - (a) sem eru kynnt eða auglýst sem leið til að fara fram hjá hvers konar skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum,
 - (b) sem hafa aðeins takmarkað viðskiptalegt gildi eða notkunarmöguleika nema sem leið til að fara fram hjá hvers konar skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum eða
 - (c) sem eru fyrst og fremst hönnuð, framleidd, aðlöguð eða veitt í því skyni að gera það kleift eða auðveldara að fara fram hjá hvers konar skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum.
3. Í þessum undirþætti merkir „tæknilegar ráðstafanir“ hvers konar tækni, tæki eða íhlutur sem er hannaður með það fyrir augum að koma, við eðlilega notkun, í veg fyrir eða takmarka aðgerðir sem varða verk eða annað efni og hafa ekki fengið samþykki réttthafa höfundarréttar eða skyldra réttinda sem heyra undir þennan undirþátt. Tæknilegar ráðstafanir skulu teljast „skilvirkar“ ef rétthöfum tekst að ná verndarmarkmiðinu með því að stýra notkun verndaðs verks eða annars efnis með aðgangsstjórn, verndaraðgerð, s.s. dulkóðun, brenglun eða annarri breytingu á verkinu eða öðru efni, eða með afritunarstjórn.
4. Þrátt fyrir lögverndina, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal sérhver samningsaðili gera nauðsynlegar ráðstafanir, eftir þörfum, til að tryggja að fullnægjandi lögvernd gegn því að farið sé fram hjá skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum, sem kveðið er á um í samræmi við þessa grein, komi ekki í veg fyrir að þeir sem njóta góðs af undantekningunum eða takmörkununum, sem kveðið er á um í samræmi við gr. 7.15 (Undantekningar og takmarkanir), geti nýtt sér slíkar undantekningar eða takmarkanir.

Skyldur varðandi upplýsingar vegna réttindaumsýslu.

1. Sérhver samningsaðili skal kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn hverjum þeim sem vitandi vits og án heimildar grípur til eftirfarandi aðgerða:
 - (a) fjarlægir eða breytir rafrænum upplýsingum um réttindaumsýslu og
 - (b) dreifir, flytur inn til dreifingar, útvarpar, miðlar eða gerir aðgengilegt almenningi verk eða annað efni sem nýtur verndar samkvæmt þessum undirþætti þar sem rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu hafa verið fjarlægðar eða þeim breytt án heimildar.
2. Ef viðkomandi veit eða hefur gilda ástæðu til að ætla að með þessum aðgerðum hvetji hann til brota á höfundarrétti eða hvers konar skyldum réttindum samkvæmt lögum samningsaðila, eða gerir brotin möguleg, auðveldar þau eða leynir þeim.
3. Í þessari grein merkir „upplýsingar um réttindaumsýslu“ upplýsingar sem rétthafar veita og sem auðkenna verkið eða annað efni sem um getur í þessari grein og sem auðkenna höfundinn eða aðra rétthafa, eða upplýsingar um skilyrði og skilmála fyrir notkun verkanna eða annars efnis og um hvers kyns tölur og kóða sem tákna slíkar upplýsingar.
4. Ákvæði 2. mgr. gildir ef eitthvert þessara upplýsingaatriða tengist afriti af verkinu eða efninu eða birtist í tengslum við miðlun til almennings á verkinu eða öðru efni sem um getur í þessari grein.

UNDIRÞÁTTUR 7.2.2

VÖRUMERKI

GR. 7.18

Flokkun vörumerkja.

Sérhver samningsaðili skal halda úti flokkunarkerfi vörumerkja er samrýmist Nice-samningnum um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja frá 15. júní 1957, eins og honum var breytt og hann endurskoðaður.

GR. 7.19

Tákn sem nota má í skráð vörumerki.

Vörumerki getur verið hvers konar tákn, m.a. orð, þ.m.t. mannanöfn, mynstur, bók- eða tölustafir, litir, lögun vöru eða vöruumbúða, eða hljóð, eða hvers konar samsetning slíkra tákna, svo fremi sem þau eru til þess fallin að:

- (a) greina vörur eða þjónustu fyrirtækis frá vörum eða þjónustu annarra fyrirtækja og
- (b) koma fram í skrá hvers samningsaðila yfir skráð vörumerki á þann hátt að lögbær yfirvöld og almenningur geti gert sér grein fyrir skýru og nákvæmu efni þeirrar verndar sem eigandinn nýtur.

GR. 7.20

Réttindi sem skráð vörumerki veita.

1. Sérhver samningsaðili skal kveða á um að skráning vörumerkis veiti eigandanum einkarétt á notkun þess. Eigandinn skal hafa rétt til að banna öllum þriðju aðilum að nota í atvinnuskyni án hans leyfis, í tengslum við vörur eða þjónustu:
 - (a) tákn sem er eins og skráða vörumerkið í tengslum við vörur eða þjónustu sem eru eins og þær sem vörumerkið er skráð fyrir,
 - (b) tákn þar sem hætta er á, vegna þess að það er eins og skráða vörumerkið eða líkt því, og vörur eða þjónusta, sem vörumerkinu er ætlað að auðkenna, eru eins eða lík, að almenningur ruglist á merkjunum eða telji að tengsl séu milli táknsins og skráða vörumerkisins eða

- (c) tákn sem er eins og vörumerkið eða líkt því (óháð því hvort það er notað í tengslum við vöru eða þjónustu sem er eins og, lík eða ekki lík þeim sem vörumerkið er skráð fyrir), ef vörumerkið er þekkt af orðspori hjá viðkomandi samningsaðila og notkun þess án sérstakrar ástæðu hefði í för með sér óréttmæta nýtingu eða skaðleg áhrif á sérkenni eða orðspor vörumerkisins.
2. Réttindin, sem er lýst hér að framan, skulu ekki hafa áhrif á fyrirliggjandi réttindi né á möguleika samningsaðila til að veita réttindi á grundvelli notkunar.
 3. Ef eftirgerð vörumerkis í orðabók, alfræðiriti eða álíka uppsláttarverki, á prenti eða á rafrænu formi, gefur til kynna að það sé almennt heiti þeirrar vöru eða þjónustu sem vörumerkið er skráð fyrir skal útgefandi verksins, að fenginni skriflegri beiðni eiganda vörumerkisins, tryggja án tafar að eftirgerð vörumerkisins fylgi ábending um að um skráð vörumerki sé að ræða og, þegar um er að ræða verk á prentuðu formi, eigi síðar en í næstu útgáfu ritsins.

GR. 7.21

Málsmeðferð við skráningu.

1. Sérhver samningsaðili skal halda úti skráningarkerfi fyrir vörumerki þar sem sérhver endanleg neikvæð ákvörðun sem viðkomandi vörumerkjafirvald tekur skal send skriflega til viðkomandi aðila með tilhlýðilegum rökstuðningi og skal vera unnt að kæra hana.
2. Sérhver samningsaðili skal kveða á um þann möguleika að þriðju aðilar geti andmælt vörumerkjaumsóknnum eða, eftir því sem við á, skráningum vörumerkja.
3. Sérhver samningsaðili skal kveða á um þann möguleika að þriðju aðilar geti sótt um ógildingu eða afturköllun á skráningum vörumerkja. Hægt skal vera að andmæla slíkri ógildingu eða afturköllun.
4. Sérhver samningsaðili skal viðhalda rafrænu gagnasafni, aðgengilegu öllum, fyrir vörumerkjaumsóknir og vörumerkjaskráningar.
5. Kerfi sérhvers samningsaðila fyrir umsóknir um vörumerki, vinnslu, skráningu og viðhald, mega vera rafræn.

GR. 7.22

Þekkt vörumerki.

1. Til að koma í framkvæmd vernd þekktra vörumerkja, eins og um getur í 6. gr. a í Parísarsamningnum og 2. og 3. mgr. 16. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum, skal sérhver samningsaðili áréttta mikilvægi og fara að sameiginlegum tilmælum varðandi ákvæði um vernd þekktra merkja, sem samþykkt voru af þingi Parísarsambandsins um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og allsherjarþingi Alþjóðahugverkastofnunarinnar í þrítugustu og fjórðu fundaröð þinga aðildarríkja Alþjóðahugverkastofnunarinnar frá 20.–29. september 1999.
2. Enginn samningsaðili getur krafist þess, sem skilyrðis fyrir því að vörumerki geti talist þekkt, að það hafi verið skráð hjá þeim samningsaðila eða í annarri lögsögu, þ.m.t. á skrá yfir þekkt vörumerki eða að það hafi verið viðurkennt áður sem þekkt vörumerki.

GR. 7.23

Undantekningar frá þeim réttindum sem vörumerki veitir.

1. Sérhver samningsaðili getur kveðið á um takmarkaðar undantekningar frá þeim réttindum sem vörumerki veitir, s.s. sanngjarna notkun lýsandi hugtaka, þ.m.t. landfræðilegra merkinga, og getur kveðið á um aðrar takmarkaðar undantekningar, að því tilskildu að slíkar undantekningar taki mið af lögmætum hagsmunum eiganda vörumerkisins og þriðju aðilum.
2. Skráning vörumerkis veitir eiganda þess ekki heimild til að banna þriðja aðila að nota í viðskiptum:
 - (a) nafn eða heimilisfang þriðja aðilans þegar um einstakling er að ræða,
 - (b) tákn eða upplýsingar um gerð, gæði, fjölda, áætlaða notkun, virði, landfræðilegan uppruna, framleiðslutíma vöru eða hvenær þjónusta var innt af hendi eða aðra eiginleika vöru eða þjónustu eða
 - (c) vörumerkið í þeim tilgangi að auðkenna eða vísa til þess að um sé að ræða vöru eða þjónustu eiganda viðkomandi vörumerkis, einkum ef notkun þess vörumerkis er nauðsynleg til að segja til um ætlaða notkun vöru eða þjónustu, einkum þegar um fylgi- eða varahluti er að ræða, svo fremi að þriðji aðilinn noti þær í samræmi við góða atvinnu- eða viðskiptahætti.
3. Vörumerkið veitir eiganda ekki heimild til að banna þriðja aðila að nota í viðskiptum eldri vörumerkjarétt sem gildir einungis á takmörkuðu svæði, sé

réttur þessi viðurkenndur í lögum viðkomandi samningsaðila og hann notaður innan marka þess yferráðasvæðis þar sem hann gildir.

GR. 7.24

Ástæður afturköllunar.

1. Sérhver samningsaðili skal kveða á um að heimilt sé að afturkalla skráningu vörumerkis hafi það ekki verið notað í reynd í fimm ár samfleytt hjá viðkomandi samningsaðila í tengslum við vörur eða þjónustu sem skráning þess tekur til og engin góð og gild rök eru fyrir því að vörumerkið hafi ekki verið notað.
2. Sérhver samningsaðili skal einnig kveða á um að heimilt sé að afturkalla skráningu vörumerkis hafi það ekki verið notað í reynd af eiganda eða með samþykki eiganda hjá viðkomandi samningsaðila innan fimm ára frá skráningu þess, í tengslum við þær vörur eða þjónustu sem skráning þess tekur til og engin góð og gild rök eru fyrir því að vörumerkið hafi ekki verið notað.
3. Þó er óheimilt að krefjast þess að skráning vörumerkis verði afturkölluð hafi eigandi sannanlega byrjað að nota vörumerkið eða tekið notkun þess upp á ný á tímanum milli þess að fimm ára tímabil án notkunar telst liðið og áður en krafa um afturköllun vörumerkis er lögð fram. Hefjist notkun eða endurnotkun vörumerkis einhvern tíma á þriggja mánaða tímabili áður en krafa um afturköllun vörumerkis var lögð fram, sem hófst í fyrsta lagi eftir að fimm ára tímabil án notkunar var liðið, skal slík notkun hins vegar ekki tekin til greina stafi hún eingöngu af því að eigandi hafi fengið vitneskju um að fyrirhugað sé að krefjast afturköllunar vörumerkisins.
4. Einnig er heimilt að afturkalla skráningu vörumerkis hafi það, eftir skráningu:
 - (a) orðið algengt viðskiptaheiti þeirrar vöru eða þjónustu sem skráning þess kveður á um vegna aðgerða eiganda eða aðgerðaleysis eða
 - (b) í för með sér hættu á að almenningur verði blekkur, einkum að því er varðar eðli, gæði eða landfræðilegan uppruna hlutaðeigandi vöru eða þjónustu, vegna notkunar eiganda vörumerkisins á vörumerkinu eða þess sem hefur leyfi hans til þess að nota það í tengslum við vöru eða þjónustu, sem skráning þess tekur til.

GR. 7.25

Réttur til að banna undirbúningsaðgerðir í tengslum við notkun umbúða eða annarra aðferða.

Ef hætta er á að hægt væri að nota umbúðir, merkimiða, límmiða, þætti eða búnað til að tryggja öryggi og sannprófa ósvikni, eða annað sem vörumerkið er fest á, í tengslum við vörur eða þjónustu og ef sú notkun myndi teljast brot á rétti eiganda vörumerkis skal eigandinn hafa rétt til að banna eftirfarandi aðgerðir ef þær eru gerðar í tengslum við viðskipti:

- (a) að tákni, sem er eins og vörumerkið eða líkt því, verði fest á umbúðir, merkimiða, límmiða, þætti eða búnað til að tryggja öryggi og sannprófa ósvikni, eða annað sem hægt er að festa vörumerkið á eða
- (b) að bjóða eða setja á markað, eða birgja sig upp í þeim tilgangi eða flytja inn eða út, umbúðir, merkimiða, límmiða, þætti eða búnað til að tryggja öryggi og sannprófa ósvikni eða annað sem vörumerkið er fest á.

GR. 7.26

Sótt um gegn betri vitund.

Ógilda má vörumerki ef umsókn um skráningu hefur verið lögð fram gegn betri vitund umsækjanda. Sérhver samningsaðili getur kveðið á um að slíkt vörumerki skuli ekki skráð.

UNDIRÞÁTTUR 7.2.3

HÖNNUN

GR. 7.27

Vernd skráðrar hönnunar.

1. Sérhver samningsaðili skal kveða á um vernd hönnunar sem er ný og sérstæð. Þessi vernd skal fást með skráningu og með því að veita handhöfum hennar einkarétt í samræmi við þennan undirþátt.
2. Réttthafi skráðrar hönnunar skal hafa rétt til að banna þriðju aðilum, sem ekki hafa samþykki réttthafa, a.m.k. að framleiða, nota, bjóða til sölu, selja, flytja inn eða út eða að safna birgðum af vörum sem hönnunin er hluti af eða er notuð á þegar slíkt er gert í ábataskyni.
3. Hönnun, sem er notuð á eða er hluti af framleiðsluvöru sem myndar íhlut samsettrar framleiðsluvöru, skal einungis teljast ný og sérstæð:
 - (a) ef íhluturinn er, eftir að honum hefur verið komið fyrir í samsettu framleiðsluvörunni, sýnilegur á meðan á venjulegri notkun vörunnar stendur og
 - (b) að því marki sem þessi sýnilegu einkenni íhlutarins uppfylla sjálf kröfur er varða nýnæmi og sérstæði.
4. Að því er varðar a-lið 3. liðar telst „venjuleg notkun“ notkun endanlegs notanda, að undanskildu viðhaldi, þjónustu eða viðgerð.

GR. 7.28

Tímalengd verndar.

Tímalengd verndar sem býðst fyrir skráða hönnun, þ.m.t. endurnýjun á skráðri hönnun, skal vera 25 ár alls frá innlagningardegi umsóknar að telja⁶¹. Samningsaðila er heimilt að kveða á um styttra verndartímabil vegna hönnunar íhluta sem nota á til viðgerða á vöru.

⁶¹ Sérhver samningsaðili getur ákveðið viðeigandi innlagningardeg umsóknar í samræmi við eigin lög.

GR. 7.29

Undantekningar og útilokanir.

1. Sérhver samningsaðili getur kveðið á um takmarkaðar undantekningar á vernd hönnunar, að því tilskildu að slíkar undantekningar stríði ekki með ósanngjörnum hætti gegn eðlilegri hagnýtingu hönnunar og skerði ekki með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni réttthafa hönnunarinnar, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna þriðju aðila.
2. Vernd skal ekki taka til hönnunar sem ræðst eingöngu af tæknilegum eða starfrænum þáttum. Hönnun skal ekki felast í útlitseiginleikum framleiðsluvöru sem verður að framleiða aftur með nákvæmlega sama sniði og máli til að hægt sé að tengja framleiðsluvöruna, sem hönnunin er notuð á eða er hluti af, með vélrænum hætti við aðra framleiðsluvöru, eða setja hana í, á, um eða við aðra framleiðsluvöru, þannig að báðar vörurnar geti gegnt hlutverki sínu.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. skal hönnun, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. í gr. 7.27 (Vernd skráðrar hönnunar), felast í hönnun sem gefur færi á margs konar samsetningu eða samtengingu jafngildra vara í kerfi fyrir útskiptanlegar einingar.

GR. 7.30

Tengsl við höfundarrétt.

Sérhver samningsaðili skal tryggja að hönnun uppfylli einnig skilyrði um vernd samkvæmt lögum þess samningsaðila um höfundarrétt frá og með þeim degi sem hönnunin var búin til eða fastmótuð á einhvern hátt. Sérhver samningsaðili skal ákvarða að hve miklu leyti og með hvaða skilyrðum slík vernd er veitt, þ.m.t. hversu mikils frumleika er krafist.

UNDIRPÁTTUR 7.2.4

LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR OG HEFÐBUNDIN HEITI

GR. 7.31

Áhrif þessa undirpáttar.

Ákvæði þessa undirpáttar skulu taka við af 46. og 47. gr. samningsins um fyrirkomulag milli Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins, Konungsríkisins Noregs og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands í kjölfar útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og úrsagnar þess úr EES-samningnum og öðrum samningum sem gilda milli Bretlands og EFTA-ríkjanna innan EES í krafti aðildar Bretlands að Evrópusambandinu frá 28. janúar 2020 („samningurinn um aðskilnað“), í heild sinni.

GR. 7.32

Gildissvið.

1. Þessi undirpáttur gildir um viðurkenningu og vernd landfræðilegra merkinga fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli sem eru upprunnin á yfirráðasvæðum Bretlands og Íslands og fyrir léttvín, kryddvín og brennda drykki sem eru upprunnin á yfirráðasvæðum samningsaðilanna⁶² og hefðbundinna heita sem eru upprunnin í Bretlandi⁶³.
2. Þessi undirpáttur gildir ekki um viðurkenningu og vernd Noregs á landfræðilegum merkingum fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli sem eru upprunnin á yfirráðasvæði Bretlands.

GR. 7.33

Kerfi fyrir skráningar og vernd landfræðilegra merkinga.

1. Samningsaðilarnir skulu áfram starfrækja kerfi fyrir skráningar og vernd landfræðilegra merkinga á yfirráðasvæðum sínum sem ná a.m.k. til eftirfarandi þátta:⁶⁴

⁶² Þessi undirpáttur gildir ekki um landfræðilegar merkingar sem njóta verndar samningsaðilanna samkvæmt alþjóðasamningum sem samningsaðilarnir eru aðilar að.

⁶³ Með fyrirvara um þessa málsgrein geta landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti Bretlands sem skráð eru í XXIV. viðauka (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti Bretlands) falið í sér landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti fyrir fógetaumdæmin Guernsey og Jersey og Mön.

⁶⁴ Bretland viðurkennir að kerfin fyrir skráningar og vernd landfræðilegra merkinga eins og þau eiga við um yfirráðasvæði hvors um sig, Íslands og Noregs, á gildistökudegi þessa samnings uppfylla þá þætti sem mælt er fyrir um í þessari grein.

- (a) skráar yfir landfræðilegar merkingar sem njóta verndar á yferráðasvæðum hvers þeirra um sig,
- (b) stjórnsýslumeðferðar þar sem staðfest er að landfræðilegar merkingar eru upprunnar á yferráðasvæði, svæði eða stað þar sem rekja má tiltekin gæði, orðspor eða aðra eiginleika vörunnar í meginatriðum til landfræðilegs uppruna hennar,
- (c) kröfu um að landfræðilegar merkingar skuli samsvara tiltekinni framleiðsluvöru eða -vörum sem lúta tiltekinni forskrift sem má aðeins breyta með tilhlýðilegri stjórnsýslumeðferð,
- (d) eftirlitsákvæða sem gilda um framleiðslu,
- (e) lagaákvæða sem tilgreina að hver sá rekstraraðili sem setur vöru, sem er í samræmi við samsvarandi forskrift, á markað megi nota þá landfræðilegu merkingu og
- (f) andmælameðferðar sem heimilar að tekið sé tillit til lögmætra hagsmuna fyrri notenda heita, hvort sem þau heiti njóta verndar sem hugverk eða ekki.

GR. 7.34

Viðurkenning á tilteknum landfræðilegum merkingum.

1. Á Íslandi skulu landfræðilegar merkingar Bretlands, sem skráðar eru í A-, B- og D-hluta XXIV. viðauka (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti Bretlands), njóta verndar fyrir þær vörur sem nota þessar landfræðilegu merkingar samkvæmt því verndarstigi sem mælt er fyrir um í þessum undirþætti.
2. Í Noregi skulu landfræðilegar merkingar Bretlands, sem skráðar eru í B- og D-hluta XXIV. viðauka (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti Bretlands), njóta verndar fyrir þær vörur sem nota þessar landfræðilegu merkingar samkvæmt því verndarstigi sem mælt er fyrir um í þessum undirþætti.
3. Í Bretlandi skulu landfræðilegar merkingar Noregs, sem skráðar eru í XXIII. viðauka (Landfræðilegar merkingar Noregs), njóta verndar fyrir þær vörur sem nota þessar landfræðilegu merkingar samkvæmt því verndarstigi sem mælt er fyrir um í þessum undirþætti.
4. Í Bretlandi skulu landfræðilegar merkingar Íslands, sem skráðar eru í A-hluta XXII. viðauka (Landfræðilegar merkingar Íslands), njóta verndar fyrir þær vörur sem nota þessar landfræðilegu merkingar samkvæmt því verndarstigi sem mælt er fyrir um í þessum undirþætti.

GR. 7.35

Vernd hefðbundinna heita.

Á Íslandi og í Noregi skulu hefðbundin heiti Bretlands sem skráð eru í C-hluta XXIV. viðauka (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti Bretlands) njóta verndar gegn:

- (a) hvers kyns misnotkun, þ.m.t. þegar því fylgir orðalag eins og „áþekkur“, „tegund“, „aðferð“, „eins og það er framleitt í“, „eftirlíking“, „bragð“, „gerð“ eða sambærilegt orðalag,
- (b) hvers kyns annarri rangri eða blekkjandi vísun til eðlis, einkenna eða grundvallareiginleika við markaðssetningu á vöru og
- (c) hvers kyns öðrum athöfnum sem eru líklegar til að villa um fyrir neytendum.

GR. 7.36

Afnotaréttur.

Rekstraraðilar sem setja á markað landbúnaðarvörur, matvæli, léttvín, kryddvín eða brennda drykki, sem eru í samræmi við samsvarandi forskrift, mega nota landfræðilegar merkingar sem njóta verndar samkvæmt þessum undirþætti.

GR. 7.37

Umfang verndar.

1. Landfræðilegu merkingarnar, sem um getur í gr. 7.34 (Viðurkenning á tilteknum landfræðilegum merkingum), þ.m.t. þær sem bætt er við samkvæmt gr. 7.40 (Breytingar á viðaukum um landfræðilegar merkingar) og gr. 7.41 (Vinnsla tiltekinna landfræðilegra merkinga), skulu njóta verndar gegn:
 - (a) beinni eða óbeinni notkun í viðskiptalegum tilgangi af hverju því tagi við merkingar eða kynningar á vöru sem gefur til kynna eða í skyn að viðkomandi vara sé upprunnin á landsvæði sem er annað en raunverulegur upprunastaður, með þeim hætti sem gefur almenningi villandi hugmynd um landfræðilegan uppruna vörunnar,
 - (b) hvers kyns misnotkun, eftirlíkingu eða sköpun hugrenningatengsla, jafnvel þó að hinn rétti uppruni vörunnar sé tilgreindur eða

landfræðilega merkingin sé notuð⁶⁵ við þýðingu eða umritun eða því fylgi orðalag á borð við „áþekkur“, „tegund“, „aðferð“, „eins og það er framleitt í“, „eftirlíking“, „bragð“, „gerð“ eða sambærilegt orðalag,

- (c) hvers kyns annarri rangri eða villandi vísun til uppruna, eðlis eða grundvallareiginleika við markaðssetningu á vöru, sem líklegt er að skapi villandi hugmynd um uppruna hennar og
 - (d) hvers kyns annarri notkun sem telst óheiðarleg samkeppni í skilningi 10. gr. a í Parísarsamningnum.
2. Þessi undirþáttur skal ekki með neinum hætti hafa áhrif á réttindi aðila til að nota í viðskiptum heiti þess aðila eða heiti fyrirrennara hans í viðskiptum nema þar sem slíkt heiti er notað þannig að villi um fyrir neytendum.
 3. Ef landfræðilegar merkingar samningsaðilanna eru að öllu leyti eða að hluta til einsheita skal veita hverri vísun vernd að því tilskildu að hún hafi verið notuð í góðri trú. Sérhver samningsaðili skal ákveða hvaða raunhæfu skilyrði skulu liggja því að baki að aðgreina landfræðilegar merkingar, sem eru að öllu leyti eða að hluta til einsheita, hverja frá annarri þannig að tryggja megi að hlutaðeigandi framleiðendur njóti jafngildrar meðferðar og að ekki sé villt um fyrir neytendum.
 4. Ekkert í þessum undirþætti skal skuldbinda samningsaðila til að veita landfræðilegri merkingu vernd sem nýtur ekki verndar eða hættir að njóta verndar í upprunalandinu eða er ekki lengur í notkun í því landi. Sérhver samningsaðili skal tilkynna hinum samningsaðilunum um það ef landfræðileg merking hættir að njóta verndar á yferráðasvæði upprunasamningsaðilans. Slík tilkynning skal vera í samræmi við 4. mgr. í gr. 7.40 (Breytingar á viðaukum um landfræðilegar merkingar).
 5. Vernd landfræðilegrar merkingar samkvæmt þessari grein er með fyrirvara um áframhaldandi notkun vörumerkis sem sótt hefur verið um, skráð eða fest í sessi með notkun á yferráðasvæði samningsaðilans, ef kveðið er á um þann möguleika í viðkomandi löggjöf, fyrir innlagningardag umsóknar um vernd landfræðilegu merkingarinnar. Slík vörumerki má halda áfram að nota og endurnýja þrátt fyrir vernd landfræðilegu merkingarinnar, að því tilskildu að ekki séu fyrir hendi forsendur fyrir ógildingu eða afturköllun vörumerkisins í löggjöf viðkomandi samningsaðila. Dagsetning umsóknar um vernd landfræðilegrar merkingar er ákvörðuð í samræmi við 2. mgr. í gr. 7.39 (Tengsl við vörumerki).
 6. Heiti má ekki skrá sem landfræðilega merkingu ef það stangast á við heiti yrkis, þ.m.t. þrúguyrkis, eða dýrategund og getur af þeim sökum gefið neytendum villandi hugmynd um það hver raunverulegur uppruni vörunnar er.

⁶⁵ Til að taka af vafa ríkir sá skilningur að þetta sé metið í hverju tilviki fyrir sig. Þetta ákvæði á ekki við ef hægt er að sýna fram að engin tengsl eru fyrir hendi á milli verndaða heitisins og þýdda eða umritaða hugtaksins.

7. Ekki skal krefjast þess að samningsaðili verndi heiti sem landfræðilega merkingu samkvæmt þessum undirþætti ef heitið er venjubundið hugtak í almennu máli sem almennt heiti yfir þá vöru sem um er að ræða á yferráðasvæði þess samningsaðila.
8. Ekki skal krefjast þess að samningsaðili verndi heiti sem landfræðilega merkingu samkvæmt þessum undirþætti ef heitið er líklegt til að gefa neytendum villandi hugmynd um raunverulegan uppruna vörunnar, í ljósi orðspors og orðstírs vörumerkis og þess hversu lengi það hefur verið í notkun.

GR. 7.38

Framfylgd verndar.

Sérhver samningsaðili skal heimila lögbærum yfirvöldum sínum að gera viðeigandi ráðstafanir, að eigin frumkvæði eða að beiðni hagsmunaaðila, í samræmi við lög hans, til að venda landfræðilegar merkingar annars samningsaðila sem njóta verndar samkvæmt þessum undirþætti.

GR. 7.39

Tengsl við vörumerki.

1. Samningsaðilarnir skulu ekki heimila eða ógilda skráningu vörumerkis sem svara til einhverra þeirra aðstæðna sem um getur í 1. mgr. í gr. 7.37 (Umfang verndar) með tilliti til landfræðilegrar merkingar sem nýtur verndar samkvæmt gr. 7.34 (Viðurkenning á tilteknum landfræðilegum merkingum) fyrir samsvarandi vörur, þ.m.t. þær sem bætt er við samkvæmt gr. 7.40 (Breytingar á viðaukum um landfræðilegar merkingar) og gr. 7.41 (Vinnsla tiltekinna landfræðilegra merkinga), svo fremi að umsókn um skráningu á vörumerki sé lögð fram eftir innlagningardag umsóknar um vernd landfræðilegu merkingarinnar á hlutaðeigandi yferráðasvæði.
2. Að því er 1. mgr. varðar:
 - (a) skal innlagningardagur umsóknar um vernd fyrir landfræðilegar merkingar, sem um getur í 1. mgr. í gr. 7.34 (Viðurkenning á tilteknum landfræðilegum merkingum) og eru skráðar í A-hluta XXIV. viðauka (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti Bretlands), eins og þær standa á gildistökudegi þessa samnings, vera 1. maí 2018,
 - (b) skal innlagningardagur umsóknar um vernd fyrir landfræðilegar merkingar, sem um getur í gr. 7.34 (Viðurkenning á tilteknum landfræðilegum merkingum) og eru skráðar í B- og D-hluta XXIV. viðauka (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti Bretlands) og

XXIII. viðauka (Landfræðilegar merkingar Noregs), eins og þær standa á gildistökudegi þessa samnings, vera innlagningardagur umsóknar hjá Evrópusambandinu sem leiddi til fyrstu skráningar landfræðilegu merkingarinnar í Sambandinu,

- (c) skal innlagningardagur umsóknar um vernd fyrir landfræðilegar merkingar, sem um getur í gr. 7.40 (Breytingar á viðaukum um landfræðilegar merkingar) og bætt er við viðauka sem um getur í 1. mgr. í gr. 7.40 (Breytingar á viðaukum um landfræðilegar merkingar) eftir gildistökudag þessa samnings, vera sá dagur þegar samningsaðilinn tók við beiðni frá hinum samningsaðilanum um vernd landfræðilegrar merkingar og
- (d) skal innlagningardagur umsóknar um vernd fyrir landfræðilegar merkingar, sem um getur í gr. 7.41 (Vinnsla tiltekinna landfræðilegra merkinga) og bætt er við A-hluta XXIV. viðauka (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti Bretlands) eða A-hluta XXII. viðauka (Landfræðilegar merkingar Íslands) eftir gildistökudag þessa samnings, vera undirritunardagur þessa samnings.

GR. 7.40

Breytingar á viðaukum um landfræðilegar merkingar.

1. Samningsaðilarnir eru sammála um að mögulegt sé að bæta landfræðilegum merkingum við A-, B- og D-hluta XXIV. viðauka (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti Bretlands), XXIII. viðauka (Landfræðilegar merkingar Noregs) og A-hluta XXII. viðauka (Landfræðilegar merkingar Íslands) í samræmi við þá málsmeðferð sem sett er fram í þessari grein eftir að hafa lokið andmælameðferð og rannsakað landfræðilegar merkingar með fullnægjandi hætti fyrir viðkomandi samningsaðila.
2. Til að hægt sé að bæta landfræðilegri merkingu við í viðauka sem um getur í 1. mgr. skal hver eftirfarandi atburða eiga sér stað:
 - (a) samningsaðilinn sem viðkomandi landfræðileg merking kemur frá („samningsaðilinn sem leggur fram beiðnina“) skal senda öðrum samningsaðila („viðtökusamningsaðilinn“) beiðni um að hefja rannsóknar- og andmælameðferð í því skyni að bæta við viðkomandi viðauka,
 - (b) samningsaðilinn sem leggur fram beiðnina skal senda afrit af henni til undirnefndarinnar um vöruviðskipti sem komið er á fót samkvæmt gr. 2.19 (Undirnefnd um vöruviðskipti) í þætti 2.1 (Almenn ákvæði um vöruviðskipti),

- (c) Þegar viðtökusamningsaðilinn tekur við beiðni skal hann hefja nauðsynlega rannsóknar- og andmælameðferð án ótilhlýðilegrar tafar og
 - (d) eftir lok þessarar málsmeðferðar skal viðtökusamningsaðilinn, eins fljótt og framast er unnt, tilkynna samningsaðilanum sem leggur fram beiðnina og undirnefndinni um vöruviðskipti um niðurstöðu í tengslum við landfræðilegu merkinguna sem hún hefur tekið til umfjöllunar.
3. Undirnefndin um vöruviðskipti skal, á fyrsta fundi sínum eftir að hafa tekið við tilkynningunni sem um getur í d-lið 2. liðar um staðfestingu á því að landfræðileg merking uppfylli skilyrði fyrir vernd á yfirráðasvæði viðtökusamningsaðilans, taka beiðni samningsaðilans sem leggur fram beiðnina til skoðunar með það í huga að leggja tillögu fyrir sameiginlegu nefndina skv. 5. mgr. í gr. 2.19 (Undirnefnd um vöruviðskipti) í þætti 2.1 (Almenn ákvæði um vöruviðskipti) um að bæta landfræðilegu merkingunni við í viðkomandi viðauka.
 4. Ef landfræðileg merking hættir að njóta verndar í upprunalandi sínu eða er ekki lengur í notkun í því landi, skv. 4. mgr. í gr. 7.37 (Umfang verndar), skal samningsaðilinn, sem landfræðilega merkingin kemur frá, tilkynna hinum samningsaðilunum og undirnefndinni um vöruviðskipti um það. Undirnefndin um vöruviðskipti skal á fyrsta fundi sínum eftir að hafa tekið við tilkynningunni sem um getur í þessari málsgrein leggja það til við sameiginlegu nefndina að landfræðilega merkingin verði fjarlægð úr viðkomandi viðauka.

GR. 7.41

Vinnsla tiltekinna landfræðilegra merkinga.

1. Þrátt fyrir gr. 7.40 (Breytingar á viðaukum um landfræðilegar merkingar) skal Ísland annast rannsóknar- og andmælameðferð vegna landfræðilegra merkinga Bretlands sem skráðar eru í E-hluta XXIV. viðauka (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti Bretlands) eins fljótt og mögulegt er eftir móttöku á samsvarandi forskriftum.
2. Þrátt fyrir gr. 7.40 (Breytingar á viðaukum um landfræðilegar merkingar) skal Bretland annast rannsóknar- og andmælameðferð vegna landfræðilegrar merkingar Íslands sem skráð er í B-hluta XXII. viðauka (Landfræðilegar merkingar Íslands) eins fljótt og mögulegt er eftir móttöku á samsvarandi forskrift.
3. Eftir að hafa lokið við þá málsmeðferð sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu Ísland og Bretland, eins fljótt og framast er unnt, tilkynna undirnefndinni um vöruviðskipti um niðurstöðu í tengslum við landfræðilegar merkingar sem þau hafa tekið til umfjöllunar.

4. Undirnefndin um vöruviðskipti skal leggja tilmæli fyrir sameiginlegu nefndina skv. 5. mgr. í gr. 2.19 (Undirnefnd um vöruviðskipti) í þætti 2.1 (Almenn ákvæði um vöruviðskipti) um að bæta landfræðilegum merkingum sem staðfest er að uppfylli skilyrði fyrir vernd í A-hluta XXIV. viðauka (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti Bretlands) eða í A-hluta XXII. viðauka (Landfræðilegrar merkingar Íslands).

GR. 7.42

Stakar umsóknir um vernd landfræðilegra merkinga og hefðbundinna heita.

Ákvæði þessa undirþáttar eru með fyrirvara um réttinn til að leita viðurkenningar og verndar fyrir landfræðilegar merkingar samkvæmt viðeigandi löggjöf samningsaðila.

GR. 7.43

Vísbindingar um uppruna og heiti landa.

1. Sérhver samningsaðili skal kveða á um lagaleg úrræði til að hindra að vörumerki sé skráð sem felur í sér vísbindingar um uppruna eða heiti lands í tengslum við vöru eða þjónustu með þeim hætti að það gefi neytendum villandi hugmynd um þá vöru eða þjónustu. Þetta ákvæði gildir jafnvel þótt landfræðilega heitið sé þýtt eða notað í breyttu formi ef slík notkun gefur almenningi villandi hugmynd um réttan upprunastað þeirrar vöru eða þjónustu.
- Sérhver samningsaðili skal, í samræmi við skuldbindingar sínar skv. 6. gr. b í Parísarsamningnum, kveða á um að ekki megi nota, eða skrá sem vörumerki eða hönnun, skjaldarmerki, fána og önnur ríkistákn annars samningsaðila án heimildar viðkomandi lögbærra yfirvalda þessa annars samningsaðila þar sem krafist er slíkrar heimildar í lögum viðkomandi samningsaðila. Þessi málsgrein gildir einnig um tákn sem kann að verða ruglað saman við skjaldarmerki, fána eða önnur ríkistákn samningsaðila.

UNDIRÞÁTTUR 7.2.5

EINKALEYFI

GR. 7.44

Einkaleyfi og lýðheilsa.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi yfirlýsingarinnar um samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS-samningurinn) og lýðheilsu sem var samþykkt á ráðherraráðstefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Dóha 14. nóvember 2001 („Dóhayfirlýsingin“). Sérhver samningsaðili skal, við túlkun og framkvæmd réttinda og skyldna samkvæmt þessum undirþætti, tryggja samræmi við Dóhayfirlýsinguna.
2. Sérhver samningsaðili skal koma til framkvæmda 31. gr. a í TRIPS-samningnum, sem og viðaukanum við TRIPS-samninginn og viðbætinum við viðaukann við TRIPS-samninginn.

GR. 7.45

Framlenging verndartímabila sem felast í einkaleyfi fyrir lyf og plöntuverndarvörur.⁶⁶

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að lyf og plöntuverndarvörur⁶⁷, sem njóta einkaleyfisverndar hjá viðkomandi samningsaðila, kunni að vera háð málsmeðferð við leyfisveitingu áður en þau verða sett á viðkomandi markaði. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að tíminn sem líður frá því að umsókn um einkaleyfi er lögð fram þar til fyrsta leyfi fæst til að setja vöruna á markað, eins og það er skilgreint í þeim tilgangi með viðeigandi löggjöf, getur stýtt tímabil haldgóðrar verndar samkvæmt einkaleyfinu.
2. Sérhver samningsaðili skal, í samræmi við lög sín, veita frekari vernd vöru sem nýtur einkaleyfisverndar og hefur farið í gegnum málsmeðferð við leyfisveitingu sem um getur í 1. mgr. til að bæta handhafa einkaleyfis upp skerðingu á skilvirkri einkaleyfisvernd. Ákvarða skal skilyrði og skilmála varðandi veitingu slíkrar frekari verndar, þ.m.t. lengd hennar, í samræmi við lög sérhvers samningsaðila.
3. Í þessum kafla merkir „lyf“:

⁶⁶ Liechtenstein veitir ekki markaðsleyfi til að koma plöntuverndarvörum eða lyfjum á markað í Liechtenstein. Þess í stað veita viðeigandi svissnesk eða austurrísk yfirvöld markaðsleyfi í Liechtenstein, í samræmi við gildandi löggjöf í Sviss og á Evrópska efnahagssvæðinu.

⁶⁷ Að því er þennan kafla varðar skal hugtakið „plöntuverndarvara“ skilgreint fyrir sérhvern samningsaðila í löggjöf viðkomandi samningsaðila.

- (a) hvers kyns efni eða efnasamsetningar sem sögð eru búa yfir eiginleikum sem koma að gagni við meðferð sjúkdóma hjá mönnum eða dýrum eða
- (b) hvers kyns efni eða efnasamsetningar sem nota má fyrir eða gefa mönnum eða dýrum, annaðhvort í því skyni að endurheimta, lagfæra eða breyta lífeðlisfræðilegri starfsemi fyrir tilstilli lyfjafræðilegrar eða ónæmisfræðilegrar verkunar eða verkunar á efnaskipti eða til þess að staðfesta sjúkdómsgreiningu.

UNDIRÞÁTTUR 7.2.6

VERND TRÚNAÐARUPPLÝSINGA

GR. 7.46

Vernd viðskiptaleyndarmála.

1. Sérhver samningsaðili skal kveða á um viðeigandi málsmeðferð fyrir almennum dómstólum og réttarúrræði fyrir handhafa viðskiptaleyndarmáls til að koma í veg fyrir öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmála og rétta hlut sinn varðandi það þegar slíkt er á þann hátt að brýtur í bága við heiðarlega viðskiptahætti.
2. Að því er þennan undirþátt varðar er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - (a) „viðskiptaleyndarmál“: upplýsingar sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - (i) er leyndarmál í þeim skilningi að það er ekki, sem heild eða í skýrri samskipan og samsetningu einstakra hluta þess, almennt þekkt eða auðvelt að nálgast meðal aðila í hópum sem fjalla venjulega um þá tegund upplýsinga sem um er að ræða,
 - (ii) í því felst viðskiptalegt gildi vegna þess að það er leyndarmál og
 - (iii) sá aðili sem ræður löglega yfir upplýsingunum hefur gert eðlilegar ráðstafanir eftir aðstæðum til að halda þeim leyndum og
 - (b) „handhafi viðskiptaleyndarmáls“: einstaklingur eða lögaðili sem ræður yfir viðskiptaleyndarmáli með lögmætum hætti.
3. Að því er þennan undirþátt varðar skal a.m.k. eftirfarandi teljast vera í andstöðu við heiðarlega viðskiptahætti:
 - (a) öflun viðskiptaleyndarmáls án samþykkis handhafa leyndarmálsins þegar slíks er aflað með óheimilum aðgangi að eða með töku eða afritun á skjölum, hlutum, efni eða rafrænum skráum sem handhafi viðskiptaleyndarmálsins ræður löglega yfir og sem fela í sér viðskiptaleyndarmálið eða hægt er að draga ályktanir um leyndarmálið af,
 - (b) notkun eða birting viðskiptaleyndarmáls þegar aðili sem telst uppfylla eitthvert eftirfarandi skilyrða framfylgir henni án samþykkis handhafa viðskiptaleyndarmálsins:

- (i) hann hefur komist yfir viðskiptaleyndarmálið með þeim hætti sem um getur í a-lið,
 - (ii) hann brýtur gegn trúnaðarsamkomulagi eða öðrum skyldum um að birta ekki viðskiptaleyndarmálið eða
 - (iii) hann brýtur gegn samningi eða öðrum skyldum um að takmarka notkun viðskiptaleyndarmálsins,
- (c) öflun, notkun eða birting viðskiptaleyndarmáls þegar aðili vissi eða hefði, eftir aðstæðum, átt að vita á þeim tíma þegar hann aflaði, notaði eða birti leyndarmálið að viðskiptaleyndarmálið var fengið beint eða óbeint frá öðrum aðila sem notaði eða birti það með ólögmetum hætti í skilningi b-liðar.
4. Ekkert í þessum undirþætti skal skilja sem svo að gerð sé krafa um að samningsaðili telji eftirfarandi háttsemi brjóta í bága við heiðarlega viðskiptahætti:
- (a) sjálfstæða uppgötvun eða sköpun,
 - (b) athugun, rannsókn, sundurhlutun eða prófun vöru, sem hefur verið gerð aðgengileg almenningi eða er lögmæt eign þess sem fær upplýsingarnar, þar sem sá sem fær upplýsingarnar er ekki lagalega skuldbundinn til að takmarka öflun viðskiptaleyndarmálsins,
 - (c) öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmáls samkvæmt kröfu eða heimild laga hvers samningsaðila eða
 - (d) nýtingu réttar launafólks eða fulltrúa þess til upplýsinga og samráðs í samræmi við lög viðkomandi samningsaðila.
5. Ekkert í þessum undirþætti skal skilja sem svo að það hafi áhrif á tjáningarfrelsi og upplýsingafrelsi, þ.m.t. frelsi og fjölhyggju fjölmiðla, sem njóta verndar hjá hverjum samningsaðila, takmörkun á hreyfanleika starfsmanna eða áhrif á sjálfræði aðila vinnumarkaðarins og rétt þeirra til að gera kjarasamninga, í samræmi við lög viðkomandi samningsaðila.

GR. 7.47

Vernd gagna sem lögð eru fram til að afla leyfis til að markaðssetja lyf.⁶⁸

1. Sérhver samningsaðili skal vernda trúnaðarupplýsingar sem eru viðskiptalegs eðlis og lagðar eru fram til að afla leyfis til að markaðssetja

⁶⁸ Samkvæmt „Notenaustausch vom 11. Dezember 2001 zwischen der Schweiz und Liechtenstein betreffend die Geltung der schweizerischen Heilmittelgesetzgebung in Liechtenstein“ beittir Liechtenstein svissneskri löggjöf varðandi lækningavörur (Lyf og lækningatæki). Ef fyrir hendi er ósamræmi milli þessarar greinar og svissneskrar löggjafar um lækningavörur skal hin síðarnefnda ganga framur.

lyf („markaðsleyfi“) gegn uppljóstrun þriðju aðila nema ef gerðar eru ráðstafanir til að tryggja að gögnin njóti verndar gegn óréttmætri viðskiptanotkun eða ef birting upplýsinganna er nauðsynleg af brýnum ástæðum sem varða almannahagsmuni.

2. Sérhver samningsaðili skal tryggja að í takmarkaðan tíma, sem ákvarðaður er í landslögum hans og í samræmi við skilyrði sem sett eru fram í landslögum hans, samþykki yfirvaldið, sem ber ábyrgð á veitingu markaðsleyfa, ekki síðari umsókn um markaðsleyfi sem reiðir sig á niðurstöður forklínískra eða klínískra prófana sem lagðar eru fram í umsókninni til þess yfirvalds um fyrsta markaðsleyfi, án afdráttarlaus samþykkis handhafa fyrsta markaðsleyfisins nema alþjóðasamningar sem samningsaðilarnir eru aðilar að kveði á um annað.
3. Sérhver samningsaðili skal einnig tryggja að í takmarkaðan tíma, sem ákvarðaður er í landslögum hans og í samræmi við skilyrði sem sett eru fram í landslögum hans, séu lyf, sem þau yfirvöld veita leyfi fyrir síðar á grundvelli niðurstaðna forklínískra og klínískra prófana sem um getur í 2. mgr., ekki sett á markað án afdráttarlaus samþykkis handhafa fyrsta markaðsleyfisins nema alþjóðasamningar sem samningsaðilarnir eru aðilar að kveði á um annað.
4. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um viðbótarverndartímabil sem sérhver samningsaðili hefur heimild til að veita samkvæmt lögum viðkomandi samningsaðila.

GR. 7.48

Vernd gagna sem lögð eru fram til að afla markaðsleyfis fyrir plöntuverndarvörur eða sæfivörur.⁶⁹

1. Sérhver samningsaðili skal viðurkenna tímabundinn rétt eiganda prófunar- eða rannsóknarskýrslu sem lögð er fram í fyrsta sinn til að afla markaðsleyfis varðandi öryggi og verkun virks efnis, plöntuverndarvöru eða sæfivöru. Á viðkomandi tímabili skal prófunar- eða rannsóknarskýrslan ekki notuð í þágu annars aðila sem hyggst afla sér markaðsleyfis fyrir virkt efni, plöntuverndarvöru eða sæfivöru nema sýnt hafi verið fram á afdráttarlaust samþykki fyrsta eiganda. Að því er þessa grein varðar er sá réttur nefndur „gagnavernd“.
2. Prófunar- eða rannsóknarskýrslan sem lögð er fram til að afla markaðsleyfis fyrir virkt efni eða plöntuverndarvöru ætti að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - (a) vera nauðsynleg vegna veitingar leyfisins eða breytingar á því til að unnt sé að heimila notkun annarra nytjaplantna og

⁶⁹ Samkvæmt samningnum um tollabandalag beitir Liechtenstein svissneskri löggjöf varðandi plöntuverndarvörur. Ef fyrir hendi er ósamræmi milli þessarar greinar og svissneskrar löggjafar um plöntuverndarvörur skal hin síðarnefnda ganga framár.

- (b) hafa fengið vottun um að hún sé í samræmi við meginreglur um góðar starfsvenjur við rannsóknir eða tilraunir.
- 3. Tímabil gagnaverndar skal vera a.m.k. 10 ár frá því að viðkomandi yfirvald hjá samningsaðila veitir fyrsta leyfið.
- 4. Sérhver samningsaðili skal tryggja að opinberir aðilar, sem bera ábyrgð á veitingu markaðsleyfa, noti ekki upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. í þágu seinni umsækjanda um síðari markaðsleyfi, óháð því hvort þær hafi verið gerðar aðgengilegar almenningi eða ekki.
- 5. Sérhver samningsaðili skal setja reglur til að komast megi hjá endurtekningu tilrauna á hryggdýrum.

ÞÁTTUR 7.3

FRAMFYLGD HUGVERKARÉTTINDA

UNDIRÞÁTTUR 7.3.1

ALMENN ÁKVÆÐI

GR. 7.49

Almennar skuldbindingar.

1. Sérhver samningsaðili skal kveða á um, í samræmi við viðeigandi lög sín, nauðsynlegar ráðstafanir, málsmeðferð og úrræði til að tryggja framfylgd hugverkaréttinda.
2. Að því er undirþætti 7.3.1 (Almenn ákvæði), 7.3.2 (Framfylgd dóma í einkamálum og stjórnvaldsákvarðana) og 7.3.4 (Málsmeðferð einkamála fyrir almennum dómstólum og réttarúrræði vegna viðskiptaleyndarmála) varðar felur hugtakið „hugverkaréttindi“ ekki í sér þau réttindi sem falla undir undirþátt 7.2.6 (Vernd trúnaðarupplýsinga).
3. Ráðstafanir, málsmeðferð og úrræði sem um getur í 1. mgr. skulu:
 - (a) vera sanngjörn og réttmæt,
 - (b) ekki vera óþarflega flókin eða kostnaðarsöm, hafa í för með sér óhóflega fresti eða óréttmætar tafir,
 - (c) vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif og
 - (d) framkvæmd með þeim hætti að reynt sé að komast hjá hindrunum í löglegum viðskiptum og ákvarða verndarráðstafanir gegn misnotkun þeirra.

GR. 7.50

Aðilar sem hafa rétt til að óska eftir beitingu ráðstafana, málsmeðferðar og úrræða.

Sérhver samningsaðili skal viðurkenna eftirfarandi aðila sem þá aðila er hafa rétt til að óska eftir beitingu ráðstafana, málsmeðferðar og úrræða sem um getur í undirþáttum 7.3.2 og 7.3.4 í þessum þætti:

- (a) handhafa hugverkaréttinda í samræmi við lög samningsaðila,

- (b) aðra aðila sem hafa heimild til að nýta þessi réttindi, einkum leyfishafa, að því marki sem heimilt er samkvæmt og í samræmi við lög samningsaðila og
- (c) sambönd og samtök⁷⁰, að því marki sem heimilt er samkvæmt og í samræmi við lög samningsaðila.

⁷⁰ Til að taka af vafa og að því marki sem lög samningsaðila heimila tekur hugtakið „sambönd og samtök“ til a.m.k. aðila sem hafa með höndum stjórnun sameiginlegra réttinda og faglegra verjenda sem eru viðurkenndir sem réttmætir fyrirsvarsaðilar handhafa hugverkaréttinda.

UNDIRÞÁTTUR 7.3.2
FRAMFYLGD DÓMA Í EINKAMÁLUM OG
STJÓRNVALDSÁKVARÐANA

GR. 7.51

Ráðstafanir til varðveislu sönnunargagna.

1. Sérhver samningsaðili skal tryggja, jafnvel áður en málsmeðferð um efnishlið máls hefst, að lögbær dómsmálayfirvöld geti, að beiðni aðila sem hefur lagt fram sönnunargögn, sem hægt er að nálgast, til að styðja fullyrðingar sínar um að brotið hafi verið á hugverkaréttindum hans eða að brot sé við það að eiga sér stað, gefið fyrirmæli um tafarlaugar og skilvirkar bráðabirgðaráðstafanir til að varðveita viðkomandi sönnunargögn er varða meint brot, með fyrirvara um viðeigandi verndarráðstafanir og vernd trúnaðarupplýsinga.
2. Meðal slíkra ráðstafana getur verið ítarleg lýsing á hinum meintu brotlegu vörum, með eða án töku sýnishorna, eða bein upptaka þeirra og, í viðeigandi málum, mikilvægustu efna og áhalda sem voru notuð við framleiðslu og/eða dreifingu þessara vara, og tilheyrandi gagna.
3. Dómsmálayfirvöld samningsaðila skulu hafa heimild til að samþykkja bráðabirgðaráðstafanir án þess að hinn málsaðilinn hafi fengið að flytja mál sitt, einkum ef líkur eru á að tafir muni valda rétthafanum óbætanlegu tjóni eða hægt er að sýna fram á að hætta sé á að sönnunargögn eyðileggist.

GR. 7.52

Sönnunargögn.

1. Sérhver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera lögbærum dómsmálayfirvöldum kleift að gefa fyrirmæli, að beiðni aðila sem hefur lagt fram sönnunargögn fyrir fullyrðingum sínum sem hægt er að nálgast og hefur í röksemdum fyrir þessum fullyrðingum vísað til sértækra sönnunargagna í vörslu aðilans sem andmælir, um að aðilinn sem andmælir leggi fram þessi sönnunargögn, með fyrirvara um vernd trúnaðarupplýsinga.
2. Einnig skal sérhver samningsaðili, samkvæmt sömu skilyrðum og í 1. mgr., gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera lögbærum dómsmálayfirvöldum kleift, eftir því sem við á, þegar um er að ræða brot sem framin voru í ábataskyni, að fá aðgang að banka-, fjármála- og viðskiptagögnum sem aðilinn sem andmælir hefur umráð yfir, með fyrirvara um vernd trúnaðarupplýsinga.

Réttur til upplýsinga.

1. Sérhver samningsaðili skal tryggja, í tengslum við málsmeðferð einkamáls um brot á hugverkaréttindum og sem svar við sanngjarnri og hóflegri beiðni krefjanda, að lögbær dómsmálayfirvöld geti gefið fyrirmæli um að brotamaðurinn eða annar aðili veiti upplýsingar um uppruna og dreifingarkerfi vöru eða þjónustu sem eru brot á hugverkaréttindum.
2. Að því er 1. mgr. varðar er „annar aðili“ aðili sem:
 - (a) reyndist hafa í vörslu sinni brotlegar vörur í ábataskyni,
 - (b) reyndist nota brotlega þjónustu í ábataskyni,
 - (c) reyndist veita þjónustu við brotlegt athæfi í ábataskyni eða
 - (d) aðilinn sem um getur í a-, b- eða c-lið vísaði til að hefði tekið þátt í framleiðslu, vinnslu eða dreifingu á vörum eða þjónustustarfsemi.
3. Upplýsingar sem um getur í 1. mgr. skulu, eftir því sem við á, ná til:
 - (a) nafna og heimilisfanga framleiðenda, dreifingaraðila, birgja og annarra sem áður höfðu umsjón með umræddri vöru eða þjónustu, og einnig ætlaðra heildsala og smásala, og
 - (b) upplýsinga um framleitt, unnið, afhent, mótttekið eða pantað magn, og einnig hvaða verð fékkst fyrir umrædda vöru eða þjónustu.
4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda með fyrirvara um lög samningsaðila sem:
 - (a) veita rétthafa réttindi til að fá ítarlegri upplýsingar,
 - (b) gilda um notkun upplýsinga sem veittar eru samkvæmt grein þessari við meðferð einkamála,
 - (c) gilda um ábyrgð á misnotkun á rétti til upplýsinga,
 - (d) veita möguleika á því að synja afhendingu upplýsinga er gætu þvingað aðilann sem um getur í 1. mgr. til að játa þátttöku sína eða nákominna ættingja í broti á hugverkaréttindum,
 - (e) gilda um vernd á trúnaði við heimildarmenn eða vinnslu persónuupplýsinga.

GR. 7.54

Bráðabirgða- og varúðarráðstafanir.

1. Sérhver samningsaðili skal tryggja að dómsmálayfirvöld hans geti, að beiðni kæranda, gefið út tímabundið lögbann gegn hinum meinta brotamanni, sem ætlað er að koma í veg fyrir öll yfirvofandi brot á hugverkaréttindum, eða bannað, til bráðabirgða og, eftir því sem við á, að viðlögðum endurteknum sektum ef kveðið er á um slíkt í lögum viðkomandi samningsaðila, framhald á meintu broti á þeim rétti, eða leyft slíkt framhald ef lagðar eru fram ábyrgðir sem eiga að tryggja handhafa réttindanna bætur. Samkvæmt sömu skilyrðum er einnig heimilt að gefa út tímabundið lögbann gegn millilið ef þriðji aðili notar þjónustu hans til að brjóta a.m.k. gegn höfundarrétti eða skyldum réttindum.
2. Sérhver samningsaðili skal tryggja að dómsmálayfirvöld hans geti, að beiðni kæranda, gefið fyrirmæli um upptöku eða afhendingu vara, sem grunur leikur á að brjóti í bága við hugverkarétt, í því skyni að koma í veg fyrir að þær fari á markað eða fari þar í umferð.
3. Ef meint brot er framið í ábataskyni skal sérhver samningsaðili tryggja að dómsmálayfirvöld geti, ef kærandi sýnir fram á aðstæður sem gætu stefnt endurheimt skaðabóta í hættu, gefið fyrirmæli um upptöku á lausafjármunum eða fastafjármunum meints brotamanns í varúðarskyni, þ.m.t. hindra aðgang að bankareikningum og öðrum eignum hans. Í þessu skyni geta lögbær yfirvöld gefið fyrirmæli um að veita aðgang að banka-, fjármála- og viðskiptagögnum eða fullnægjandi aðgang að viðeigandi upplýsingum.
4. Sérhver samningsaðili skal tryggja að dómsmálayfirvöld hans hafi, að því er varðar þær ráðstafanir sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., vald til að krefjast þess að kærandi leggi fram öll sönnunargögn, sem hægt er að nálgast, til að þau geti með fullnægjandi hætti gengið úr skugga um að kærandinn sé rétt hafinn og að brotið hafi verið á rétti hans eða að slíkt brot sé yfirvofandi.

GR. 7.55

Ráðstafanir til úrbóta.

1. Sérhver samningsaðili skal tryggja að dómsmálayfirvöld hans geti, að beiðni kæranda, með fyrirvara um skaðabætur sem greiða ber rétthafa vegna brota, og án bóta af neinum toga, gefið fyrirmæli um að vörum, sem þau hafa komist að raun um að brjóti í bága við hugverkaréttindi, verði eytt eða a.m.k. um að þær verði teknar af markaði til frambúðar. Dómsmálayfirvöld geta einnig, ef við á, gefið fyrirmæli samkvæmt sömu skilyrðum um að efnum og áhöldum, sem eru einkum notuð við sköpun og framleiðslu á þessum vörum, verði eytt.

2. Dómsmálayfirvöld sérhvers sammingsaðila skulu hafa heimild til að gefa fyrirmæli um að ráðstafanir þessar skuli framkvæmdar á kostnað brotamannsins nema skírskotað verði til tiltekinna ástæðna fyrir því að gera það ekki.
3. Þegar fjallað er um beiðni um beitingu ráðstafana til úrbóta skal taka tillit til þess að gæta verður meðalhófs í því að úrræðin, sem fyrirmæli er gefin um, séu í samræmi við alvarleika brotanna, svo og til hagsmuna þriðju aðila.

GR. 7.56

Lögbann.

1. Sérhver sammingsaðili skal tryggja, þegar hugverkaréttindi hafa verið brotin samkvæmt dómsúrskurði, að dómsmálayfirvöld geti gefið út lögbann gegn brotamanninum sem miðar að því að koma í veg fyrir að brotin haldi áfram.
2. Sérhver sammingsaðili skal einnig tryggja að dómsmálayfirvöld gefi gefið út lögbann gegn milliliðum ef þriðji aðili notar þjónustu þeirra til að brjóta gegn a.m.k. höfundarrétti og skyldum réttindum.

GR. 7.57

Aðrar ráðstafanir.

Sérhver sammingsaðili getur kveðið á um, í viðeigandi málum og að beiðni þess aðila sem kann að sæta þeim ráðstöfunum sem mælt er fyrir um í gr. 7.55 (Ráðstafanir til úrbóta) eða gr. 7.56 (Lögbann), að dómsmálayfirvöld geti gefið fyrirmæli um að greiða tjónþola fébætur, í stað þess að beita ráðstöfunum sem mælt er fyrir um í þessum tveimur greinum, ef viðkomandi aðili framdi verknaðinn hvorki af ásetningi né gáleysi, ef framkvæmd viðkomandi ráðstafana myndi valda þeim aðila óhóflegum skaða og ef fébætur til tjónþolans virðast nokkuð viðunandi.

GR. 7.58

Skaðabætur.

1. Sérhver sammingsaðili skal tryggja að dómsmálayfirvöld hans gefi, að beiðni brotaþola, fyrirmæli um að brotamaðurinn sem tók af ásettu ráði, eða hefði mátt ætla að svo hafi verið, þátt í brotlegu athæfi greiði rétthafanum skaðabætur sem hæfa því raunverulega tjóni sem rétthafinn varð fyrir vegna brotsins.
2. Við þær aðstæður sem fram koma í 1. mgr. skal sérhver sammingsaðili tryggja að þegar dómsmálayfirvöld hans taka ákvörðun um skaðabætur:

- (a) taki þau tillit til allra viðeigandi þátta, s.s. neikvæðra efnahagslegra afleiðinga, þ.m.t. tapaðs hagnaðar, sem tjónþoli hefur orðið fyrir, ósanngjarns hagnaðar sem hinn brotlegi hefur aflað sér og, í viðeigandi málum, annarra atriða en efnahagslegra þátta, s.s. siðferðilegs tjóns, sem rétt hafi hefur orðið fyrir vegna brotsins, eða
 - (b) í stað a-liðar geti þau, í viðeigandi málum, ákveðið eingreiðslu skaðabóta á grundvelli þátta á borð við a.m.k. fjárhæð höfundarlauna eða gjalda sem komið hefðu til greiðslu fyrir notkun á viðkomandi hugverkaréttindum.
3. Ef brotamaðurinn tók ekki þátt í brotlegu athæfi af ásettu ráði, eða hafði ekki gilda ástæðu til að ætla að svo væri, getur sérhver sammingsaðili kveðið á um að dómsmálayfirvöld geti gefið fyrirsmæli um endurheimt hagnaðar eða greiðslu skaðabóta, sem hægt er að ákveða fyrir fram.

GR. 7.59

Lögfræðikostnaður.

Sérhver sammingsaðili skal tryggja að jafnan skuli sá málsaðili sem tapaði bera réttmætan og hóflegan lögfræðikostnað þess málsaðila sem vann nema eiginfjárstaða leyfi það ekki.

GR. 7.60

Birting dómsniðurstaðna.

Sérhver sammingsaðili skal tryggja, í dómsmálum sem koma til vegna brota á hugverkaréttindum, að dómsmálayfirvöld geti gefið fyrirsmæli um viðeigandi ráðstafanir, að beiðni kæranda og á kostnað hins brotlega, til að miðla upplýsingum um dómsniðurstöðuna, þ.m.t. gera hana sýnilega eða birta hana í heild eða að hluta.

GR. 7.61

Gengið út frá höfundi eða eignarhaldi.

Við beitingu ráðstafana, málsmeðferðar og úrræða sem kveðið er á um í þætti 7.3 (Framfylgd hugverkaréttinda):

- (a) skal nægja að nafn höfundar komi fram á verkinu með venjulegum hætti til að höfundur bókmennta- eða listaverks verði talinn slíkur þegar sönnun fyrir hinu gagnstæða liggur ekki fyrir og geti því höfðað mál vegna brota og
- (b) gildir a-liður að breyttu breytanda að því er varðar handhafa réttinda er tengjast höfundarrétti með tilliti til hins verndaða efnis þeirra.

UNDIRÞÁTTUR 7.3.3

MÁLSMEDFERÐ EINKAMÁLA FYRIR ALMENNUM DÓMSTÓLUM OG RÉTTARÚRRÆÐI VEGNA VIÐSKIPTALEYNDARMÁLA

GR. 7.62

Málsmeðferð einkamála fyrir almennum dómstólum og réttarúrræði vegna viðskiptaleyndarmála.

1. Sérhver samningsaðili skal tryggja að aðili, sem kemur að málsmeðferð einkamála fyrir almennum dómstólum, sem um getur í 1. mgr. í gr. 7.46 (Vernd viðskiptaleyndarmála), eða hefur aðgang að skjölum sem eru hluti af viðkomandi dómsmáli, hafi ekki heimild til að nota eða birta viðskiptaleyndarmál eða meint viðskiptaleyndarmál sem lögbær dómsyfirvöld hafa, á grundvelli tilhlýðilega rökstuddrar kæru hagsmunaaðila, auðkennt sem trúnaðarmál og þessir aðilar hafa fengið að vita um vegna slíkrar þátttöku eða slíks aðgangs.
2. Sérhver samningsaðili skal tryggja að skyldan sem um getur í 1. mgr. gildi áfram eftir að málsmeðferð einkamála fyrir almennum dómstólum lýkur, eins lengi og við á.
3. Við málsmeðferð einkamála fyrir almennum dómstólum, sem um getur í 1. mgr. í gr. 7.46 (Vernd viðskiptaleyndarmála), skal sérhver samningsaðili sjá til þess að dómsmálafyrirvöld hans hafi a.m.k. heimild til að:
 - (a) gefa fyrirmæli um bráðabirgðaráðstafanir, í samræmi við þau lög sem þau starfa eftir, til að stöðva og banna notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmálsins á hvern þann hátt sem brýtur í bága við heiðarlega viðskiptahætti,
 - (b) gefa fyrirmæli um ráðstafanir, í samræmi við þau lög sem þau starfa eftir, sem mæla fyrir um stöðvun eða, eftir atvikum, bann við notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmálsins á þann hátt að það brjóti í bága við heiðarlega viðskiptahætti,
 - (c) gefa fyrirmæli, í samræmi við þau lög sem þau starfa eftir, um að aðili sem hefur aflað, notað eða birt viðskiptaleyndarmál á þann hátt að brjóti í bága við heiðarlega viðskiptahætti og sem vissi, eða hefði mátt vita, að hann var að afla, nota eða birta viðskiptaleyndarmál á þann hátt að bryti í bága við heiðarlega viðskiptahætti, skuli greiða handhafa viðskiptaleyndarmálsins viðeigandi skaðabætur miðað við það raunverulega tjón sem hlaust af slíkri öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmálsins,
 - (d) grípa til sértækra ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að vernda viðskiptaleyndarmál eða meint viðskiptaleyndarmál sem notuð eru

eða sem vísað er til í málsmeðferðinni eins og um getur í 1. mgr. í gr. 7.46 (Vernd viðskiptaleyndarmála). Slíkar sértækar ráðstafanir geta falið í sér, í samræmi við lög hvers sammingsaðila, réttinn til varnar, möguleikann á að takmarka aðgengi að ákveðnum skjölum í heild eða að hluta, takmarka aðgengi að dómpingi og viðeigandi skráum eða umritun þeirra og að gera útgáfu dómsniðurstöðu, sem er ekki háð trúnaðarkvöð og þar sem kaflar með viðskiptaleyndarmálum hafa verið fjarlægðir eða þeim ritstýrt, aðgengilega og

- (e) beita viðurlögum gagnvart hverjum þeim aðila, sem kemur að málarekstrinum, sem hlítir ekki, eða neitar að hlíta, dómsúrskurðum varðandi vernd viðskiptaleyndarmáls eða meints viðskiptaleyndarmáls.
4. Sérhver sammingsaðili skal tryggja að beiðni um beitingu ráðstöfunar, málsmeðferðar eða úrræða, sem kveðið er á um í þessari grein, verði vísað frá þegar meint öflun, notkun eða birting viðskiptaleyndarmáls, sem brýtur í bága við heiðarlega viðskiptahætti, átti sér stað, í samræmi við lög hans:
- (a) til að sýna fram á misferli, brot eða ólöglega starfsemi í því skyni að vernda almannahagsmuni,
 - (b) þegar starfsmenn afhenda fulltrúum sínum viðskiptaleyndarmál sem er liður í því og er nauðsynlegt til að viðkomandi fulltrúar geti innt störf sín af hendi með lögmætum hætti,
 - (c) til að vernda lögmæta hagsmuni sem eru viðurkenndir í lögum viðkomandi sammingsaðila.

UNDIRÞÁTTUR 7.3.4
FRAMFYLGD Á LANDAMÆRUM

GR. 7.63

Ráðstafanir á landamærum.

1. Að því er varðar vörur undir tolleftirliti skal sérhver samningsaðili samþykkja eða viðhalda málsmeðferð sem heimilar rétthafa að leggja beiðnir fram hjá lögbæru yfirvaldi um að fresta afhendingu eða leggja hald á grunsamlegar vörur. Að því er þennan þátt varðar er með „grunsamlegum vörum“ átt við vörur sem grunur leikur á að brjóti gegn vörumerkjarétti, höfundarréttindum og skyldum réttindum, landfræðilegum merkingum, einkaleyfum, smáeinkaleyfum, iðnhönnun, svæðislýsingum samrása og yrkisrétti.
2. Sérhver samningsaðili skal gera sitt ýtrasta til að hafa til reiðu rafræn kerfi fyrir tollafgreiðslu vegna umsjónar með beiðnum sem hafa verið samþykktar eða skráðar.
3. Ef samningsaðili setur á eða áætla, í tengslum við málsmeðferðina sem lýst er í þessari grein, beiðnargjald, geymslugjald eða gjald fyrir eyðingu skal gjaldið ekki vera svo hátt að það aftri því með ósanngjörnum hætti að hægt sé að grípa til málsmeðferðarinnar.
4. Sérhver samningsaðili skal tryggja að lögbær yfirvöld hans ákveði samþykkt eða skráningu beiðna innan hæfilegs tíma.
5. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að beiðnirnar sem um getur í 1. mgr. geti gilt um margfaldar sendingar.
6. Að því er varðar vörur undir tolleftirliti skal sérhver samningsaðili tryggja að tollyfirvöld hans geti, að eigin frumkvæði, frestað afhendingu eða lagt hald á grunsamlegar vörur.
7. Sérhver samningsaðili getur hvatt tollyfirvöld sín til að nota áhættugreiningu til að bera kennsl á grunsamlegar vörur.
8. Sérhver samningsaðili getur heimilað tollyfirvöldum sínum að veita rétthafa, að fenginni beiðni, upplýsingar um vörur, þ.m.t. lýsingu og raunverulegt eða áætlað magn þeirra og, ef það er þekkt, nafn og heimilisfang sendanda, innflytjanda, útflytjanda eða viðtakanda og upprunaland eða uppruna varanna sem frestað hefur verið að afgreiða eða hald hefur verið lagt á.
9. Sérhver samningsaðili skal hafa til reiðu málsmeðferð sem heimilar eyðingu grunsamlegra vara, án þess að þörf sé á fyrri stjórnsýslu- eða dómsmeðferð til formlegrar ákvörðunar á brotunum, ef hlutaðeigandi aðilar samþykkja

eða mótmæla ekki eyðingunni. Í þeim tilvikum þar sem grunsamlegu vörum er ekki eytt skal sérhver samningsaðili tryggja, nema í undantekningartilvikum, að slíkum vörum sé fargað utan markaðar á þann hátt að rétt hafinn verði ekki fyrir neinu tjóni.

10. Sérhver samningsaðili skal hafa til reiðu málsmeðferð sem heimilar skjóta eyðingu á vörum með fölsuðum vörumerkjum og sjóræningjavörum sem sendar eru með pósti eða hraðsendingum.
11. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess, ef tolyfirvöld fara fram á það, að handhafa samþykkrar eða skráðrar beiðni beri skylda til að endurgreiða kostnað sem tolyfirvöld, eða aðrir aðilar sem koma fram fyrir hönd tolyfirvalda, hafa stofnað til frá upphafi haldlagningar eða frestunar á afgreiðslu varanna, þ.m.t. geymsla, meðhöndlun og annar kostnaður í tengslum við eyðingu eða förgun varanna.
12. Sérhver samningsaðili getur ákveðið að beita ekki þessari grein við innflutning á vörum sem rétt hafar setja á markað í öðru landi eða aðrir með þeirra samþykki. Samningsaðili getur undanskilið beitingu þessarar greinar vörur sem eru ekki viðskiptalegs eðlis og eru hluti af einkafarangri ferðamanna.
13. Sérhver samningsaðili skal heimila tolyfirvöldum sínum að halda uppi reglubundnum samræðum og stuðla að samstarfi við viðeigandi hagsmunaaðila og önnur yfirvöld sem koma að framfylgd hugverkaréttinda.
14. Samningsaðilarnir skulu starfa saman að því er varðar alþjóðaviðskipti með grunsamlegar vörur. Einkum skulu samningsaðilarnir, eftir því sem unnt er, deila mikilvægum upplýsingum um viðskipti með grunsamlegar vörur sem hafa áhrif á sérhvern annan samningsaðila.

GR. 7.64

***Samræmi við GATT-samninginn frá 1994 og samning
Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum.***

Við framkvæmd ráðstafana á landamærum varðandi framfylgd tolyfirvalda á hugverkaréttindum, hvort sem þær falla undir þennan undirþátt eða ekki, skulu samningsaðilarnir tryggja að farið sé að skuldbindingum þeirra samkvæmt GATT-samningnum frá 1994 og samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum og einkum V. gr. GATT-samningsins frá 1994 og 41. gr. og 4. þætti III. hluta samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum.

ÞÁTTUR 7.4
ÖNNUR ÁKVÆÐI

GR. 7.65

Samvinna.

Samvinna, sem fram fer samkvæmt þessum kafla og að fenginni beiðni, er með fyrirvara um tiltæk úrræði og skilmála og skilyrði sem samningsaðilarnir koma sér saman um. Samningsaðilarnir staðfesta að samstarf samkvæmt þessum kafla kemur til viðbótar við og hefur ekki áhrif á fyrra samstarf, núverandi samstarf og framtíðarsamstarf, jafnt tvíhliða og marghliða, milli samningsaðilanna, þ.m.t. milli hugverkastofa þeirra.

8. KAFLI

STEFNA Í SAMKEPPNISMÁLUM

GR. 8.1

Skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- (a) „samkeppnishamlandi viðskiptahættir“:
 - (i) samningar milli fyrirtækja, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir samtaka fyrirtækja sem miða að því eða verða þess valdandi að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni,
 - (ii) misnotkun eins eða fleiri markaðsráðandi fyrirtækja og
 - (iii) samruni fyrirtækja sem hefur veruleg samkeppnishamlandi áhrif,
- (b) „fyrirtæki“: aðili sem er stofnaður eða skipulagður samkvæmt gildandi lögum, í hagnaðarskyni eður ei, hvort sem hann er í eigu eða undir yfirráðum einkaaðila eða hins opinbera, þ.m.t. hlutafélög, sjóðir, sameignarfélög, einstaklingsfyrirtæki, fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða önnur samtök og
- (c) „lögbært yfirvald“: yfirvald sem ber ábyrgð á framfylgd samkeppnislaga.

GR. 8.2

Samkeppnislög.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að samkeppni sé frjálst og raskist ekki í viðskiptatengslum þeirra á milli. Samningsaðilarnir hafa í huga að samkeppnishamlandi viðskiptahættir geta leitt til röskunar á eðlilegri virkni markaða og grafið undan ávinningi af viðskiptafrelsi.
2. Samningsaðilarnir skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að banna samkeppnishamlandi viðskiptahætti enda gera þeir sér grein fyrir því að slíkar ráðstafanir munu stuðla að markmiðum þessa samnings.
3. Ráðstafanirnar sem um getur í 2. mgr. skulu vera í samræmi við meginreglurnar um gagnsæi, bann við mismunun og sanngjarna málsmeðferð.

4. Sérhver samningsaðili getur kveðið á um tiltekna undanþágur frá beitingu eigin samkeppnislaga, að því tilskildu að undanþágurnar séu gagnsæjar og byggist á opinberri stefnu eða almannahagsmunum. Samningsaðili skal veita öðrum samningsaðila aðgang að opinberum upplýsingum varðandi slíkar undanþágur sem kveðið er á um í samkeppnislögum hans.

GR. 8.3

Beiting samkeppnislaga gagnvart opinberum fyrirtækjum.

Sérhver samningsaðili skal tryggja að þeim ráðstöfunum sem um getur í 2. mgr. í gr. 8.2 (Samkeppnislög) sé beitt gagnvart fyrirtækjum sem eru í eigu eða undir yfirráðum hins opinbera, að því marki sem krafist er í lögum hans.

GR. 8.4

Samvinna.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi samvinnu og samræmingar til að efla skilvirka framfylgd samkeppnislaga.
2. Lögbær yfirvöld hvers samningsaðila skulu leitast við að samræma og eiga samstarf um framfylgd samkeppnislaga sinna til að uppfylla markmið þessa samnings. Samningsaðilarnir skulu gera þær ráðstafanir sem þeir telja viðeigandi til að draga svo sem kostur er úr beinum eða óbeinum hindrunum eða takmörkunum á skilvirkri samvinnu um framfylgd milli lögbærra yfirvalda sinna.
3. Samningsaðilar sem þess óska geta gert með sér sérstakan samning um samvinnu og samræmingu milli lögbærra yfirvalda sinna, sem getur falið í sér skilyrði varðandi skipti á og notkun trúnaðarupplýsinga.
4. Ekkert í þessari grein skal setja þá kröfu á samningsaðila eða lögbær yfirvöld hans að grípa til aðgerða sem væru andstæðar opinberri stefnu eða mikilvægum hagsmunum hans.

GR. 8.5

Lausn deilumála.

Lausn deilumála skv. 16. kafla (Lausn deilumála) á ekki við um þennan kafla.

9. KAFLI

STYRKIR⁷¹

GR. 9.1

Meginreglur.

Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir því að samningsaðila er heimilt að veita styrki þegar þeir eru nauðsynlegir til að ná markmiðum hans á sviði opinberrar stefnu. Þó geta tilteknir styrkir leitt til röskunar á eðlilegri virkni markaða og grafið undan ávinningi af viðskiptafrelsi. Að meginreglu til ætti samningsaðili ekki að veita styrki ef hann telur að þeir hafi eða geti haft veruleg, neikvæð áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.

GR. 9.2

Tengsl við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Ekkert í þessum kafla skal hafa áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna skv. VI. gr. GATT-samningsins frá 1994, XV. gr. hins almenna samnings um þjónustuviðskipti og samningnum um styrki og jöfnunarráðstafanir.

GR. 9.3

Skilgreiningar og gildissvið.

1. Í þessum kafla merkir „styrkur“ ráðstöfun sem tengist viðskiptum og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í gr. 1.1 í samningnum um styrki og jöfnunarráðstafanir, óháð því hvort viðtakendur styrksins stunda viðskipti með vörur eða þjónustu.
2. Styrkur heyrir einungis undir þennan kafla ef hann er sértækur í skilningi 2. gr. samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir.
3. Þessi kafla gildir ekki um styrki til fyrirtækja sem stjórnvöld hafa falið veitingu þjónustu til almennings í þágu opinberra stefnumiða. Slíkar undantekningar frá reglunum um styrki skulu vera gagnsæjar og ekki ganga lengra en viðeigandi markmið þeirra á sviði opinberrar stefnu.

⁷¹ Samkvæmt gr. 1.4 (Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir samning þennan) í 1. kafla (Almenn ákvæði) gildir þessi kafla, þ.m.t. viðaukar hans, ekki um Liechtenstein með tilliti til styrkja í tengslum við vöruviðskipti.

4. Þessi kafli gildir ekki um styrki sem veittir eru til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara eða annarra óvenjulegra atburða sem ekki eru af efnahagslegum toga.
5. Þessi kafli gildir ekki um styrki sem veittir eru tímabundið til að bregðast við innlendu eða alþjóðlegu efnahagslegu neyðarástandi.⁷² Slíkir styrkir skulu vera markvissir, hagkvæmir, árangursríkir og skilvirkir til að bæta úr því tímabundna innlenda eða alþjóðlega efnahagslega neyðarástandi sem um ræðir.
6. Þessi kafli gildir aðeins um sérstaka styrki þar sem fjárhæð á hvern styrkþega á þriggja ára tímabili er yfir 450.000 sérstakra dráttarréttinda (SDR).
7. Þessi kafli gildir ekki um styrki tengda vörum sem falla undir 1. viðauka við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað og aðra styrki sem heyra undir þann samning.
8. Þessi kafli gildir ekki um styrki í sjávarútvegi. Samningsaðilarnir deila því markmiði að vinna saman að því að þróa alþjóðlega, marghliða nálgun varðandi styrki til sjávarútvegsgeirans, sem miðar að því að banna tilteknar tegundir styrkja í sjávarútvegi sem stuðla að umframveiði og umframgetu, og afnema styrki sem stuðla að ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlásum fiskveiðum.
9. Þessi kafli gildir ekki um styrki sem tengjast hljóð- og myndmiðlageiranum.

GR. 9.4

Gagnsæi.

1. Á tveggja ára fresti skal sérhver samningsaðili tilkynna hinum samningsaðilunum um eftirfarandi að því er varðar hvers konar styrki sem hann veitir eða viðheldur:
 - (a) hver lagagrundvöllur styrksins er,
 - (b) í hvaða formi styrkurinn er og
 - (c) fjárhæð styrksins eða fjárhæð á fjárhagsáætlun vegna styrksins.
2. Ef samningsaðili gerir upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 1. mgr., öllum aðgengilegar á opinberu vefsetri skal tilkynningin skv. 1. mgr. teljast hafa farið fram. Tilkynningar til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar samkvæmt gr. 25.1 í samningnum um styrki og jöfnunarráðstafanir teljast uppfylla kröfur 1. mgr.

⁷² Til að taka af vafa skal neyðarástand teljast vera ástand sem hefur áhrif á hagkerfi samningsaðila í heild.

GR. 9.5

Samráð.

1. Telji samningsaðili að styrkur, sem annar samningsaðili veitir, hafi eða geti haft neikvæð áhrif á viðskiptahagsmuni hans getur hann tjáð viðkomandi samningsaðila (samningsaðilinn sem svarar beiðninni) áhyggjur sínar skriflega og farið fram á samráð um málið. Samningsaðilinn sem svarar beiðninni skal taka hana til gagn Gerrar og vinsamlegrar athugunar.
2. Meðan á samráðinu stendur getur samningsaðili beðið um viðbótarupplýsingar, er varða styrk, frá samningsaðilanum sem svarar beiðninni, þ.m.t. um:
 - (a) stefnumið sem liggur honum til grundvallar,
 - (b) fjárhæð hans og
 - (c) hvers konar ráðstafanir sem gerðar eru til að takmarka hugsanleg áhrif til röskunar á viðskiptum.
3. Samningsaðilinn sem svarar beiðninni skal veita umbeðnar upplýsingar skriflega eigi síðar en 60 dögum eftir móttöku beiðninnar. Ef ekki reynist unnt að veita einhverjar af umbeðnu upplýsingunum skal viðkomandi samningsaðili gera grein fyrir því af hverju þær vantar í skriflegu svari hans.
4. Á grundvelli samráðsins skal samningsaðilinn sem svarar beiðninni leitast við að útiloka eða lágmarka, eftir því sem við á, neikvæð áhrif styrksins á hagsmuni samningsaðilans sem lagði fram beiðnina.

GR. 9.6

Notkun styrkja.

Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að fyrirtæki noti styrki einungis í þeim sértæka tilgangi sem liggur að baki veitingu þeirra.

GR. 9.7

Trúnaðarkvaðir.

Samningsaðila er ekki skylt að veita upplýsingar sem eru bundnar trúnaði þegar hann veitir upplýsingar í samræmi við þennan kafla.

GR. 9.8

Lausn deilumála.

Ákvæði gr. 9.5 (Samráð) í þessum kafla fellur ekki undir lausn deilumála skv. 16. kafla (Lausn deilumála).

10. KAFLI

LÍTIL OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

GR. 10.1

Almennar meginreglur.

Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi ákvæða þessa kafla, auk annarra ákvæða þessa samnings, þar sem leitast er við að efla getu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þ.m.t. örfyrirtækja, (lítilla og meðalstórra fyrirtækja), til að nýta sér þennan samning.

GR. 10.2

Upplýsingamiðlun.

1. Sérhver samningsaðili skal gera upplýsingar varðandi þennan samning öllum greiðlega aðgengilegar á netinu, þ.m.t.:
 - (a) texta þessa samnings,
 - (b) samantekt þessa samnings og
 - (c) upplýsingar sem hann telur gagnlegar litlum og meðalstórum fyrirtækjum samningsaðilanna.
2. Sérhver samningsaðili skal hafa í þeim upplýsingum sem um getur í 1. mgr. hlekki á:
 - (a) viðeigandi vefsetur hinna samningsaðilanna og
 - (b) vefsetur eigin opinberra stofnana eða yfirvalda og/eða annarra viðeigandi aðila sem veita upplýsingar sem samningsaðilinn telur gagnlegar litlum og meðalstórum fyrirtækjum hinna samningsaðilanna.

GR. 10.3

Tengiliðir fyrir málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

1. Sérhver samningsaðili skal við gildistöku þessa samnings útnefna þegar í stað tengilið fyrir málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja og tilkynna hinum samningsaðilunum um samskiptaupplýsingar hans.

2. Sérhver samningsaðili skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum um hvers kyns breytingar á tengilið sínum fyrir málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
3. Með hliðsjón af þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja við framkvæmd þessa samnings skulu tengiliðirnir fyrir málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja, hver og einn eða í sameiningu, leitast við að:
 - (a) skiptast á upplýsingum varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki, þ.m.t. hver þau málefni sem slík fyrirtæki hafa vakið athygli þeirra á í viðskiptum sínum og fjárfestingarstarfsemi hjá öðrum samningsaðila,
 - (b) íhuga leiðir til að auka viðskipta- og fjárfestingartækifæri lítilla og meðalstórra fyrirtækja hjá öllum samningsaðilunum, óháð stærð þeirra og að meðtöldum litlum og meðalstórum fyrirtækjum í eigu hópa sem eiga sér fáa málsvara,
 - (c) tryggja að upplýsingarnar sem um getur í gr. 10.2 (Upplýsingamiðlun) séu uppfærðar og að þær varði lítil og meðalstór fyrirtæki og benda á hvers kyns viðbótarupplýsingar sem tengiliðir fyrir málefni slíkra fyrirtækja hjá hinum samningsaðilunum geta birt,
 - (d) hvetja, eftir því sem við á, aðra aðila, sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi, til að beita sér fyrir því að fella atriði er varða lítil og meðalstór fyrirtæki inn í starf sitt og
 - (e) hafa í huga hvers kyns önnur málefni er varða hagsmuni lítilla og meðalstórra fyrirtækja, eftir því sem við á.
4. Tengiliðirnir fyrir málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja geta, hver um sig eða sameiginlega, tekið upp í sameiginlegu nefndinni hvert það mál sem upp kemur í störfum þeirra.
5. Tengiliðirnir fyrir málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja geta við störf sín átt samstarf við sérfræðinga, utanaðkomandi stofnanir og hagsmunaaðila lítilla og meðalstórra fyrirtækja, eftir því sem við á.

GR. 10.4

Lausn deilumála.

Ákvæði þessa kafla skulu ekki falla undir lausn deilumála skv. 16. kafla (Lausn deilumála).

11. KAFLI

GÓÐAR REGLUSETNINGARVENJUR OG SAMSTARF UM

REGLUSETNINGU

ÞÁTTUR 11.1

ALMENN ÁKVÆÐI

GR. 11.1

Markmið og almennar meginreglur.

1. Markmið þessa kafla eru að stuðla að góðum reglusetningarvenjum og samstarfi um reglusetningu milli sammingsaðilanna með það að markmiði að efla viðskipti og fjárfestingu þeirra á milli með því að:
 - (a) stuðla að skilvirku, gagnsæju og fyrirsjáanlegu regluhverfi og
 - (b) ræða um reglusetningarráðstafanir, -venjur eða -nálganir þeirra sammingsaðila sem þess óska, m.a. hvernig hægt er að efla skilvirka beitingu þeirra.
2. Ekkert í þessum kafla skal hafa áhrif á rétt sammingsaðila til reglusetningar til að vinna að eða styðja við sín eigin markmið á sviði opinberrar stefnu.
3. Ekkert í þessum kafla skal túlkað á þann hátt að það komi í veg fyrir að sammingsaðili geti samþykkt, viðhaldið og beitt reglusetningarráðstöfunum í samræmi við eigin lagaramma, meginreglur og tímafresti til þess að ná fram markmiðum sínum á sviði opinberrar stefnu.
4. Ekkert í þessum kafla skal túlkað á þann hátt að sammingsaðila sé gert skylt að ná fram tiltekinni niðurstöðu með reglusetningu.

GR. 11.2

Skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir nema annað sé tekið fram:

- (a) „reglusetningaryfirvald“:
 - (i) þegar um er að ræða Ísland, Liechtenstein og Noreg, ríkisstjórn viðkomandi sammingsaðila og

- (ii) þegar um er að ræða Bretland, ríkisstjórn hennar hátignar Sameinaðs konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og undirstjórnir Bretlands og
- (b) „reglusetningarráðstafanir“: löggjöf sem fram kemur í XXV. viðauka (Viðbótarákvæði varðandi gildissvið „reglusetningarráðstafana“). Að því er Ísland, Liechtenstein og Noreg varðar taka reglusetningarráðstafanir samkvæmt þessum kafla ekki til ráðstafana sem leiðir af skyldum samkvæmt EES-samningnum.

GR. 11.3

Gildissvið.

1. Þáttur 11.2 (Góðar reglusetningarvenjur) á við um allar reglusetningarráðstafanir sem reglusetningaryfirvald samningsaðila gefur út að því er varðar málefni sem fjallað er um í þessum samningi.
2. Þáttur 11.3 (Samstarf um reglusetningu) og 11.4 (Stofnanaákvæði) eiga við um aðrar almennar ráðstafanir sem reglusetningaryfirvald samningsaðila gefur út og varða samstarf um reglusetningu, s.s. leiðbeiningar, stefnumótandi skjöl eða tilmæli, auk þeirra reglusetningarráðstafana sem um getur í 1. mgr.
3. Sértek ákvæði annarra kafla þessa samnings skulu ganga framar ákvæðum þessa kafla að því marki sem nauðsynlegt er vegna beitingar sértæku ákvæðanna.

ÞÁTTUR 11.2

GÓÐAR REGLUSETNINGARVENJUR

GR. 11.4

Innri samræming.

Sérhver samningsaðili skal leitast við að hafa til staðar innri ferla eða verklag sem styður við góðar reglusetningarvenjur, m.a. þau sem kveðið er á um í þessum þætti.

GR. 11.5

Ferlar og verklag við reglusetningu.

Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að reglusetningaryfirvald hans veiti almennan aðgang að lýsingum á þeim ferlum og verklagi sem liggja að baki undirbúningi, mati og endurskoðun á reglusetningarráðstöfunum. Þar sem því verður við komið ætti að gera þessar upplýsingar aðgengilegar á netinu. Í þessum lýsingum ættu að vera tilvísanir til viðeigandi leiðbeininga, reglna eða málsmeðferðarreglna.

GR. 11.6

Samráð við almenning.

1. Við undirbúning mikilvægra⁷³ reglusetningarráðstafana ætti reglusetningaryfirvald hvers samningsaðila, að því marki sem unnt er og í samræmi við réttarkerfi hans til samþykktar nýjum ráðstöfunum, að:
 - (a) birta annaðhvort drög að reglusetningarráðstöfunum eða umsagnarskjöl sem setja fram nægilegar upplýsingar um reglusetningarráðstafanir sem eru í undirbúningi til að hvaða aðili sem er geti lagt mat á það hvort hagsmunir hans gætu orðið fyrir verulegum áhrifum og þá með hvaða hætti,
 - (b) veita hverjum sem er sanngjarnt tækifæri, án mismununar, til að koma á framfæri athugasemdum⁷⁴ og
 - (c) taka til umfjöllunar þær athugasemdir sem berast.
2. Reglusetningaryfirvald hvers samningsaðila ætti að nýta rafrænar samskiptaleiðir og leitast við að halda úti þjónustu á netinu sem öllum er opin aðgangur að til að veita upplýsingar og taka við athugasemdum í tengslum við samráð við almenning.
3. Reglusetningaryfirvald hvers samningsaðila skal gera öllum aðgengilegar þær athugasemdir sem berast eða samantekt niðurstaðna úr samráðinu. Þessi skylda á ekki við, að því marki sem nauðsyn krefur til að vernda trúnaðarupplýsingar og viðkvæmar upplýsingar, um það að gefa ekki upp persónuupplýsingar eða birta óviðeigandi efni eða af öðrum réttlætanagerum ástæðum, s.s. hættu á að hagsmunir þriðja aðila verði fyrir skaða.

⁷³ Reglusetningaryfirvald hvers samningsaðila getur ákveðið hvað skuli teljast „mikilvægar“ reglusetningarráðstafanir að því er varðar skuldbindingar hans samkvæmt þessum þætti.

⁷⁴ Fyrir skýrleika sakir þá felur þetta ekki í sér neina skyldu til að leggja fram umsagnarskjöl á öðrum tungumálum en þeim sem samningsaðilinn almennt notar.

GR. 11.7

Hlutfallslegar greiningar.

1. Reglusetningaryfirvald hvers samningsaðila skal leitast við að framkvæma hlutfallslega greiningu á mikilvægum reglusetningarráðstöfunum sem eru á undirbúningsstigi, í samræmi við viðeigandi reglur og málsmeðferðarreglur.
2. Við framkvæmd hlutfallslegrar greiningar skal reglusetningaryfirvald hvers samningsaðila koma á fót og viðhalda ferlum og verklagi sem hafa verður hliðsjón af að því er eftirfarandi þætti varðar:
 - (a) þörf fyrir reglusetningarráðstöfun, þ.m.t. eðli og mikilvægi þess málefnis sem reglusetningarráðstöfuninni er ætlað að taka á og
 - (b) aðra fýsilega og viðeigandi kosti, með eða án reglusetningar, þ.m.t. að grípa ekki til reglusetningar, ef þeir eru fyrir hendi, sem myndu ná markmiðum samningsaðilans á sviði opinberrar stefnu.
3. Reglusetningaryfirvald hvers samningsaðila skal veita almennan aðgang að niðurstöðum hlutfallslegra greininga sinna í samræmi við reglur hans og málsmeðferðarreglur. Gera ætti þessar upplýsingar aðgengilegar á netinu og tímanlega, eftir því sem unnt er.

GR. 11.8

Afturvirk mat.

Reglusetningaryfirvald hvers samningsaðila ætti að hafa til staðar ferli eða verklag í þeim tilgangi að framkvæma afturvirk mat á gildandi reglusetningarráðstöfunum, eftir því sem við á.

GR. 11.9

Upplýsingaskipti um góðar reglusetningarvenjur.

Reglusetningaryfirvöld geta skipst á upplýsingum um góðar reglusetningarvenjur sínar eins og um getur í þessum þætti, s.s. venjur varðandi hlutfallslegar greiningar eða afturvirk mat.

ÞÁTTUR 11.3

SAMSTARF UM REGLUSETNINGU

GR. 11.10

Samstarf um regluasetningu.

1. Samningsaðili getur lagt það til við annan samningsaðila að þeir taki upp samstarf um regluasetningu. Hann skal leggja tillöguna fram fyrir milligöngu tengiliðarins sem er tilnefndur í samræmi við gr. 11.11 (Tengiliðir).
2. Hinn samningsaðilinn skal fara yfir tillöguna þegar þar að kemur og upplýsa samningsaðilann sem lagði hana fram um það hvort hann telji að sú starfsemi, sem tillaga er gerð um, henti til samstarfs um regluasetningu.
3. Ef hlutaðeigandi samningsaðilar ákveða að taka þátt í samstarfi um regluasetningu skal regluasetningaryfirvald hvors samningsaðila:
 - (a) upplýsa regluasetningaryfirvald hins samningsaðilans um þróun nýrra ráðstafana eða endurskoðun fyrirbyggjandi ráðstafana sem máli skipta fyrir regluasetningarsamstarfið,
 - (b) komi fram beiðni um það, veita upplýsingar og ræða ráðstafanir sem máli skipta fyrir regluasetningarsamstarfið og
 - (c) þegar þróaðar eru nýjar ráðstafanir eða fyrirbyggjandi ráðstafanir endurskoðaðar, skoða, að því marki sem fýsilegt er, regluasetningarnálgun hins samningsaðilans varðandi sama eða skylt málefni.
4. Samningsaðilarnir geta valið að taka þátt í samstarfi um regluasetningu. Samningsaðili getur hafnað þátttöku í eða dregið sig út úr samstarfi um regluasetningu. Samningsaðili sem hafnar þátttöku eða dregur sig út úr samstarfi um regluasetningu ætti að gefa hinum samningsaðilanum upp ástæður fyrir ákvörðun sinni.
5. Eftir því sem við á geta regluasetningaryfirvöld, með gagnkvæmu samþykki, falið viðeigandi stofnunum hjá viðkomandi samningsaðilum framkvæmd samstarfs um regluasetningu.

ÞÁTTUR 11.4

STOFNANAÁKVÆÐI

GR. 11.11

Tengiliðir.

Sérhver samningsaðili skal, við gildistöku þessa samnings, tilnefna tengilið vegna framkvæmdar þessa þáttar og upplýsingaskipta í samræmi við gr. 11.12 (Upplýsingaskipti um fyrirhugaðar eða fyrirliggjandi reglusetningarráðstafanir) og tilkynna hinum samningsaðilunum um tengiliðinn. Samningsaðilarnir skulu þegar í stað tilkynna hver öðrum um breytingar á þessum upplýsingum um tengiliði.

GR. 11.12

Upplýsingaskipti um fyrirhugaðar eða fyrirliggjandi reglusetningarráðstafanir.

1. Samningsaðili getur lagt fyrir annan samningsaðila beiðni um upplýsingar og útskýringar varðandi fyrirhugaðar eða fyrirliggjandi reglusetningarráðstafanir hins samningsaðilans. Samningsaðilinn sem beiðninni er beint til skal leitast við að svara án tafar.
2. Þess skal ekki krafist af samningsaðilunum að þeir láti í té trúnaðarupplýsingar eða viðkvæmar upplýsingar eða gögn.

GR. 11.13

Lausn deilumála.

Ákvæði þessa kafla skulu ekki falla undir lausn deilumála skv. 16. kafla (Lausn deilumála).

12. KAFLI

VIÐURKENNING Á FAGLEGRI MENNTUN OG HÆFI

GR. 12.1

Skilgreiningar.

1. Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - (a) „aðlögunartími“: starfstími í lögverndaðri starfsgrein undir eftirliti í lögsögu gistirákisins, háð mati og hugsanlega með frekari þjálfun, á ábyrgð aðila sem viðurkenndur er hæfur í þeirri starfsgrein,
 - (b) „hæfnispróf“: prófun á fagþekkingu sérfræðinga, lagt fyrir af viðkomandi yfirvaldi í lögsögu gistirákisins með það fyrir augum að meta hæfni fagaðilans til að leggja stund á lögverndaða starfsgrein í þeirri lögsögu,
 - (c) „uppbótarráðstafanir“: aðlögunartími eða hæfnispróf,
 - (d) „vitnisburður um formlega menntun og hæfi“: prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður sem yfirvöld í lögsögu eins samningsaðilanna gefa út og sýna fram á að faglegu námi, sem viðkomandi hefur lokið að mestu í þeirri lögsögu, hafi verið lokið á fullnægjandi hátt,
 - (e) „heimalögsaga“: lögsaga samningsaðilans þar sem faglegrar menntunar og hæfis var aflað,
 - (f) „lögsaga gistirákis“: lögsaga samningsaðila sem fagaðili vill fá aðgang að og þar sem hann vill leggja stund á lögverndaða starfsgrein,
 - (g) „ráðstöfun“: sérhver ráðstöfun samningsaðila, hvort sem um er að ræða lög, reglugerð, reglu, málsmeðferð, ákvörðun, stjórnsýsluaðgerð, kröfu, framkvæmd eða annað⁷⁵,
 - (h) „ráðstafanir samningsaðila“: ráðstafanir sem samþykktar eru eða er viðhaldið af:
 - (i) miðlægum, svæðisbundnum eða staðbundnum stjórnvöldum eða yfirvöldum og
 - (ii) óopinberum aðilum sem fara með vald í umboði miðlægra, svæðisbundinna eða staðbundinna stjórnvalda eða yfirvalda,

⁷⁵ Til að taka af vafa tekur „ráðstöfun“ einnig til athafnaleysis.

- (i) „starfsgrein“: atvinna eða atvinnugrein eða hvers konar undirflokkur eða skýr sérhæfing innan starfsgreinar,
- (j) „fagaðili“: einstaklingur sem hefur aflað sér faglegrar menntunar og hæfis hjá einum samningsaðila og óskar eftir að fá aðgang að og leggja stund á lögverndaða starfsgrein í lögsögu gistiríkis,
- (k) „atvinnustarfsemi“: starfsemi sem er hluti af lögverndaðri starfsgrein,
- (l) „starfsreynsla“: þegar lögð er stund á viðkomandi starfsgrein með lögmatum hætti og í reynd,
- (m) „fagleg menntun og hæfi“: menntun og hæfi staðfest með vitnisburði um formlega menntun og hæfi eða starfsreynslu,
- (n) „lögvernduð starfsgrein“: starfsgrein þegar ástundun hennar, þ.m.t. notkun titils eða starfsheitis, er háð sérstakri faglegri menntun og hæfi samkvæmt ráðstöfun samningsaðila og
- (o) „viðkomandi yfirvald“: yfirvald eða aðili sem tilnefndur er samkvæmt ráðstöfun samningsaðila til að viðurkenna menntun og hæfi og heimila ástundun lögverndaðrar starfsgreinar innan lögsögu.

GR. 12.2

Markmið og gildissvið.

1. Í þessum kafla er settur fram rammi til að greiða fyrir gagnsæju og samræmdu fyrirkomulagi samningsaðilanna að því er varðar viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi. Þessi kafli á við þegar:
 - (a) fagaðili með faglega menntun og hæfi sem hann hefur öðlast í Bretlandi sækir um leyfi til viðkomandi yfirvalda á Íslandi, í Liechtenstein eða í Noregi til að fá aðgang að eða leggja stund á lögverndaða starfsgrein eða
 - (b) fagaðili með faglega menntun og hæfi sem hann hefur öðlast á Íslandi, í Liechtenstein eða í Noregi sækir um leyfi til viðkomandi yfirvalda í Bretlandi fyrir aðgangi að og til að leggja stund á lögverndaða starfsgrein.
2. Til að taka af vafa á þessi kafla við þegar starfsgrein er lögvernduð bæði í lögsögu heima- og gistiríkis og jafnframt þegar starfsgreinin er einungis lögvernduð í lögsögu gistiríkisins.

GR. 12.3

Innlendar reglur.

Sértæk ákvæði í þessum kafla skulu ganga framur ákvæðum undirþátta 3.5.1 (Innlendar reglur) og 3.5.2 (Ákvæði sem hafa almennt gildi) í 3. kafla (Þjónusta og fjárfestingar) eftir því sem þurfa þykir til að koma sértæka ákvæðinu til framkvæmda.

GR. 12.4

Viðurkenning á faglegri menntun og hæfi.

1. Með fyrirvara um gr. 12.5 (Skilyrði fyrir viðurkenningu) skal viðurkenning gistiríkis á faglegri menntun og hæfi fagaðilans innan lögsögunnar veita þeim fagaðila heimild til aðgangs að lögvernduðu starfsgreininni innan þeirrar lögsögu og til að leggja stund á þá starfsgrein⁷⁶.
2. Við viðurkenningu skal gistiríkið veita viðkomandi fagaðila meðferð innan lögsögu sinnar sem er ekki lakari að því er varðar aðgengi að lögvernduðu starfsgreininni eða ástundun hennar en hún veitir einstaklingum, sem öðlast hafa menntun og hæfi í lögsögu gistiríkisins, í sambærilegum aðstæðum.
3. Sérhver samningsaðili skal samþykkja og, eftir atvikum, viðhalda nauðsynlegum ráðstöfunum sem krefjast þess að viðkomandi yfirvöld komi á fót eða starfræki kerfi til viðurkenningar sem uppfyllir kröfurnar í gr. 12.5 (Skilyrði fyrir viðurkenningu) til gr. 12.11 (Gjöld).
4. Ráðstafanirnar sem um getur í 3. mgr. skulu öðlast gildi gagnvart hverjum samningsaðila um leið og hinum samningsaðilunum er tilkynnt að innri skilyrði til þess að koma þeim til framkvæmda séu til staðar. Sérhver samningsaðili skal gera sitt ýtrasta til að koma ráðstöfununum sem um getur í 3. mgr. til framkvæmda innan 24 mánaða frá gildistöku degi samningsins og leggja fram tilkynningu um slíkt innan sama tímabils. Samningsaðili sem getur ekki lagt fram slíka tilkynningu innan þessa tímabils skal skýra undirnefndinni um þjónustu og fjárfestingar frá því.

⁷⁶ Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að ákvæði þessa kafla eru með fyrirvara um hvers kyns ákvæði um markaðsaðgang eða tilflutning einstaklinga og setja einungis reglur um atriði sem varða viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi. Samningsaðilarnir gera sér einnig grein fyrir að þessi kafla gildir þrátt fyrir lagalegan grundvöll réttarins til aðgangs að lögvernduðu starfsgreininni innan gistiríkisins og til að leggja stund á þá starfsgrein.

Skilyrði fyrir viðurkenningu.

1. Ef aðgangur að lögverndaðri starfsgrein eða ástundun hennar innan lögsögu gistiríkis er háð skilyrðum um sérstaka faglega menntun og hæfi skal viðkomandi yfirvald viðurkenna faglega menntun og hæfi fagaðilans sem sækir um viðurkenningu í lögsögu gistiríkisins og býr yfir sambærilegri faglegri menntun og hæfi hvað varðar sömu starfsgrein í lögsögu heimaríkisins.⁷⁷
2. Viðkomandi yfirvald má einungis neita að viðurkenna faglega menntun og hæfi hvað varðar sömu starfsgrein ef skilyrði 1, 2, 3 eða 4 er fyrir hendi.
3. Skilyrði 1 telst vera fyrir hendi þegar:
 - (a) verulegur munur er á faglegri menntun og hæfi fagaðilans og nauðsynlegri þekkingu eða hæfi sem krafist er til að leggja stund á starfsgreinina í lögsögu gistiríkisins og
 - (b) fagaðilinn stenst ekki eða neitar að gangast undir hæfnispróf eða ljúka aðlögunartímabili samkvæmt gr. 12.6 (Uppbótarráðstafanir).
4. Skilyrði 2 telst vera fyrir hendi þegar:
 - (a) lögverndaða starfsgreinin í lögsögu gistiríkisins nær yfir faglega starfsemi sem tekur til eins eða fleiri þátta sem eru verulega frábrugðnir þeim sem fagleg menntun og hæfi fagaðilans taka til og
 - (b) fagaðilinn stenst ekki eða neitar að gangast undir hæfnispróf eða ljúka aðlögunartímabili samkvæmt gr. 12.6 (Uppbótarráðstafanir).
5. Skilyrði 3 telst vera fyrir hendi þegar það að krefjast þess að fagaðilinn gangist undir hæfnispróf eða ljúki aðlögunartímabili samkvæmt gr. 12.6 (Uppbótarráðstafanir) myndi jafngilda því að krefjast þess að fagaðilinn afli sér þeirrar faglegu menntunar og hæfis sem krafist er til að leggja stund á lögvernduðu starfsgreinina innan lögsögu gistiríkisins.
6. Skilyrði 4 telst vera fyrir hendi þegar aðgangur einstaklings, sem öðlaðist faglega menntun sína og hæfi innan lögsögu gistiríkisins, að lögverndaðri starfsgrein og ástundun starfsgreinar eru háð skilyrðum öðrum en þeim að búa yfir faglegri menntun og hæfi og fagaðilinn uppfyllir ekki þau skilyrði.

⁷⁷ Ísland, Liechtenstein og Noregur taka fram að samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið beri þeim að virða lágmarkskröfur um menntun í sumum starfsgreinum sem samræmdar eru í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Að því er þessar starfsgreinar og þessa grein varðar viðurkenna Ísland, Liechtenstein og Noregur einungis menntun og hæfi fagaðila ef hann uppfyllir þessar lágmarkskröfur um menntun þegar hann sækir um eða með því að ljúka, samkvæmt gr. 12.6 (Uppbótarráðstafanir), uppbótarráðstöfunum með fullnægjandi hætti.

GR. 12.6

Uppbótarráðstafanir.

1. Viðkomandi yfirvald getur farið fram á að fagaðili gangist undir staðlað hæfnispróf eða annars konar hæfnispróf eða ljúki aðlögunartímabili þegar:
 - (a) til staðar er verulegur munur á faglegri menntun og hæfi fagaðilans og nauðsynlegri þekkingu eða hæfi sem krafist er til að leggja stund á lögvernduðu starfsgreinina í lögsögu gistiríkisins eða
 - (b) lögverndaða starfsgreinin í lögsögu gistiríkisins nær yfir faglega starfsemi sem tekur til eins eða fleiri þátta sem eru verulega frábrugðnir þeim sem fagleg menntun og hæfi fagaðilans taka til.
2. Viðkomandi yfirvald getur ákveðið að velja annaðhvort aðlögunartímabil eða hæfnispróf.
3. Viðkomandi yfirvöld eru hvött til að beita uppbótarráðstöfunum sem hæfa þeim mismun sem er fyrir hendi og verið er að ráða bót á.
4. Viðkomandi yfirvöld skulu, að því marki sem unnt er og að beiðni fagaðilans, gefa skriflega upp ástæður sínar fyrir því að fara fram á að fagaðilinn sæti uppbótarráðstöfunum.
5. Þegar viðkomandi yfirvald krefst þess að fagaðilinn gangist undir hæfnispróf skal sérhver samningsaðili sjá til þess að viðkomandi yfirvald skipuleggi hæfnispróf með viðunandi tíðni og a.m.k. einu sinni á ári, ef við á.

GR. 12.7

Málsmeðferð varðandi umsóknir.

1. Viðkomandi yfirvald skal:
 - (a) staðfesta móttöku umsóknar fagaðilans innan eins mánaðar frá móttöku og láta hann vita ef skjöl vantar,
 - (b) veita fagaðilanum nægan tíma til uppfylla kröfur og málsmeðferð umsóknarferlisins,
 - (c) fjalla tafarlaust um umsókn fagaðilans og
 - (d) gefa út ákvörðun eigi síðar en fjórum mánuðum eftir framlagningardag fullgerðrar umsóknar.
2. Viðkomandi yfirvald getur krafist þess að fagaðilinn leggi fram sönnunargögn um faglega menntun og hæfi. Þau sönnunargögn sem farið er

fram á skulu ekki vera umfram það sem nauðsynlegt er til að sýna fram á að fagaðilinn hafi sambærilega faglega menntun og hæfi.

3. Þegar aðgengi og iðkun einstaklings sem öðlaðist faglega menntun og hæfi sitt í lögverndaðri starfsgrein í lögsögu gistiríkisins fellur undir önnur skilyrði en sérstaka faglega menntun og hæfi getur viðkomandi yfirvald farið fram á að fagaðilinn leggi fram sönnunargögn um að hann fullnægi þeim skilyrðum. Þau sönnunargögn sem farið er fram á skulu ekki vera umfram það sem nauðsynlegt er til að sýna fram á að fagaðilinn fullnægi þessum skilyrðum.
4. Viðkomandi yfirvald skal samþykkja afrit af skjölum sem eru staðfest í samræmi við innlend lög samningsaðilans í stað upprunalegu skjalanna nema viðkomandi yfirvald geri kröfu um upprunalegu skjölin til að vernda trúverðugleika viðurkenningarferlisins.
5. Viðkomandi yfirvöld⁷⁸ í lögsögu gistiríkisins og í heimalögsögunni skulu hafa náíð samráð og skiptast á upplýsingum til að liðka fyrir umsókn fagaðilans, eftir atvikum.
6. Viðkomandi yfirvald⁷⁹ í lögsögu gistiríkisins og í heimalögsögunni skulu, eftir atvikum og með fyrirvara um trúnaðarkvaðir, skiptast á upplýsingum að því er varðar viðurlög eða refsiaðgerðir sem beitt er eða aðrar alvarlegar, sérstakar aðstæður sem eru líklegar til að hafa áhrif á ástundun lögvernduðu starfsgreinarinnar af hálfu fagaðilans. Samningsaðilarnir viðurkenna að þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir eftirfarandi fagaðila:
 - (a) fagaðilar í heilbrigðisþjónustu í störfum sem hafa áhrif á öryggi sjúklinga og
 - (b) fagaðilar í störfum sem varða menntun ólögráða barna, þ.m.t. umönnun barna og menntun ungra barna, þegar fagaðilinn stundar starf sem er lögverndað hjá þeim samningsaðila.

⁷⁸ Að því er þessa málsgrein varðar geta Ísland, Liechtenstein og Noregur, önnur yfirvöld en þau sem falla innan skilgreiningarinnar „viðkomandi yfirvald“ skv. o-lið 1. liðar í gr. 12.1 (Skilgreiningar) komið að stjórnun lögverndaðra starfsgreina. Ef um slíka aðkomu annarra yfirvalda á Íslandi, í Liechtenstein eða í Noregi er að ræða samþykkja samningsaðilarnir að þessi yfirvöld skuli skiptast á upplýsingum við viðkomandi yfirvöld annars samningsaðila, eftir atvikum, til að fara að þessari málsgrein.

⁷⁹ Að því er þessa málsgrein varðar geta Ísland, Liechtenstein og Noregur, önnur yfirvöld en þau sem falla innan skilgreiningarinnar „viðkomandi yfirvald“ skv. o-lið 1. liðar í gr. 12.1 (Skilgreiningar) komið að stjórnun lögverndaðra starfsgreina. Ef um slíka aðkomu annarra yfirvalda á Íslandi, í Liechtenstein eða í Noregi er að ræða samþykkja samningsaðilarnir að þessi yfirvöld skuli skiptast á upplýsingum við viðkomandi yfirvöld annars samningsaðila, eftir atvikum, til að fara að þessari málsgrein.

7. Öll skipti á upplýsingum milli viðkomandi yfirvalda samkvæmt þessari grein skulu vera með fyrirvara um lög um gagnavernd hjá hverjum sammingsaðila.⁸⁰

GR. 12.8

Leyfisveiting og önnur ákvæði.

1. Viðkomandi yfirvald skal gera aðgengilegar fagfólki upplýsingar um þá faglegu menntun og hæfi sem krafist er til að leggja stund á lögvernduðu starfsgreinina.
2. Viðkomandi yfirvald skal gera aðgengilegar fagfólki upplýsingar sem útskýra hvers kyns önnur skilyrði sem gilda um ástundun lögvernduðu starfsgreinarinnar, þ.m.t.:
 - (a) þegar leyfis til ástundunar er krafist, þau skilyrði sem gilda um öflun leyfis í kjölfar ákvörðunar um hæfi og hvað felst í því leyfi,
 - (b) aðild að fagfélagi,
 - (c) notkun starfsheita eða námstítla,
 - (d) að viðkomandi hafi skrifstofu, hafi starfsstöð eða sé heimilisfastur einstaklingur,
 - (e) tungumálakunnátta,
 - (f) vottorð um óflekkað mannorð,
 - (g) starfsábyrgðartrygging,
 - (h) að viðkomandi uppfylli kröfur sem gistiríkið gerir í lögsögu sinni varðandi notkun á vöruheitum eða fyrirtækjanöfnum og
 - (i) að viðkomandi fari að siðareglum sem gistiríkið setur í lögsögu sinni, t.d. varðandi sjálfstæði og góða starfshætti.
3. Viðkomandi yfirvald skal gera eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar fagfólki:
 - (a) viðeigandi lög sem beita skal m.a. varðandi viðurlög, fjárhagslega ábyrgð eða bótaábyrgð,
 - (b) meginreglur um agareglur og framkvæmd faglegra gæða, þ.m.t. refsivald og hvers kyns afleidd áhrif á ástundun atvinnustarfsemi,

⁸⁰ Sammingsaðilarnir gera sér grein fyrir að skuldbindingin sem sett er fram í þessari málsgrein nær yfir öll yfirvöld sem hafa samráð eða skiptast á upplýsingum að því er 5. og 6. mgr. varðar.

- (c) ferli og málsmeðferð varðandi áframhaldandi sannprófun á hæfni og
 - (d) viðmiðanir varðandi afturköllun á skráningu og málsmeðferð í tengslum við það.
4. Viðkomandi yfirvald skal gera eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar fagfólki:
- (a) kröfur um þau gögn sem fagfólk þarf að leggja fram og á hvaða sniði þau þurfa að vera og
 - (b) viðurkenningu á gögnum og vottorðum sem eru gefin út í tengslum við faglega menntun og hæfi og önnur skilyrði sem gilda um ástundun lögverndaðrar starfsgreinar.
5. Viðkomandi yfirvald skal fjalla tafarlaust um fyrirspurnir frá fagfólki um þá faglegu menntun og hæfi sem krafist er til að leggja stund á lögvernduðu starfsgreinina og hvers kyns önnur skilyrði sem eiga við um ástundun lögvernduðu starfsgreinarinnar.

GR. 12.9

Tungumálakunnátta.

Viðkomandi yfirvöld geta krafist þess að fagfólk sýni fram á að það hafi þá tungumálakunnátta sem nauðsynleg er vegna ástundunar viðkomandi starfsgreinar. Hafa má eftirlit með tungumálakunnátta ef lögverndaða starfsgreinin hefur áhrif á öryggi sjúklinga. Próf í tungumálakunnátta skulu hæfa þeirri starfsemi sem stunduð verður.

GR. 12.10

Málskot.

Sérhver sammingsaðili skal samþykkja ráðstafanir sem veita fagfólki rétt til málskots:

- (a) vegna ákvörðunar viðkomandi yfirvalds um að neita fagaðila um aðgengi að og ástundun lögvernduðu starfsgreinarinnar og
- (b) þegar viðkomandi yfirvald hefur vanrækt að taka ákvörðun um aðgengi fagaðilans að og ástundun lögvernduðu starfsgreinarinnar.

GR. 12.11

Gjöld.

Sérhver samningsaðili skal tryggja að gjöld, í tengslum við ráðstafanir skv. 3. mgr. í gr. 12.4 (Viðurkenning á faglegri menntun og hæfi), sem viðkomandi yfirvöld hans taka, séu:

- (a) sanngjörn og í réttu hlutfalli við kostnað við umsókn fagaðilans,
- (b) gagnsæ, þ.m.t. með tilliti til uppbyggingar þeirra, og birt fyrir fram og
- (c) þannig að hægt sé að greiða þau á rafrænan hátt og í gegnum eigið vefsetur viðkomandi yfirvalds.

GR. 12.12

Framkvæmd undirnefndarinnar um þjónustu og fjárfestingar á þessum kafla.

1. Undirnefnd um þjónustu og fjárfestingar, sem komið er á fót samkvæmt gr. 3.3 (Undirnefnd um þjónustu og fjárfestingar) í 3. kafla (Þjónusta og fjárfestingar), skal bera ábyrgð á skilvirkri framkvæmd og rekstri þessa kafla.
2. Samningsaðilarnir geta ákveðið að bjóða fulltrúum viðkomandi aðila annarra en samningsaðila, þ.m.t. fulltrúum viðkomandi yfirvalda með nauðsynlega og viðeigandi sérþekkingu á þeim málefnum sem fjalla skal um, að sitja fundi undirnefndarinnar um þjónustu og fjárfestingar.
3. Undirnefndin um þjónustu og fjárfestingar skal hafa eftirfarandi verkefni með höndum:
 - (a) að gefa skýrslu til sameiginlegu nefndarinnar sem komið er á fót samkvæmt gr. 15.1 (Sameiginlega nefndin) í 15. kafla (Stofnanaákvæði), eftir því sem þörf krefur,
 - (b) að endurskoða og hafa eftirlit með framkvæmd og rekstri þessa kafla, þ.m.t. með hliðsjón af því hvernig viðkomandi yfirvöld beita þeim ráðstöfunum sem samþykktar eru samkvæmt þessum kafla,
 - (c) að greina svið sem þarfnast úrbóta við framkvæmd og rekstur þessa kafla,
 - (d) að skiptast á upplýsingum um hver þau málefni önnur sem tengjast þessum kafla, þ.m.t. greiða fyrir miðlun góðra starfsvenja milli samningsaðila varðandi framkvæmd og rekstur þessa kafla,
 - (e) að gefa út leiðbeiningar til samningsaðilanna um bestu starfsvenjur í tengslum við framkvæmd og rekstur þessa kafla,

- (f) að setja fram tilmæli sem hún álítur nauðsynleg fyrir skilvirka framkvæmd og rekstur þessa kafla. Leggja skal þessi tilmæli fyrir sameiginlegu nefndina sem getur síðan ákveðið að samþykkja þau,
 - (g) að þróa leiðbeiningar varðandi þróun á fyrirkomulagi gagnkvæmrar viðurkenningar, sem um getur í gr. 12.13 (Fyrirkomulagi gagnkvæmrar viðurkenningar komið á),
 - (h) að fjalla um málefni sem tengjast þessum kafla og önnur málefni sem skipta máli fyrir viðurkenningu faglegrar menntunar og hæfis og
 - (i) að sinna öðrum störfum sem sameiginlega nefndin felur henni.
4. Samningsaðilarnir skulu taka tillit til hvers kyns leiðbeininga sem undirnefndin um þjónustu og fjárfestingar hefur gefið út í samræmi við 3. mgr.

GR. 12.13

Fyrirkomulagi gagnkvæmrar viðurkenningar komið á.

1. Bretlandi, annars vegar, og Íslandi, Liechtenstein og Noregi hins vegar,⁸¹ er heimilt, í sameiningu eða hverju um sig, að koma á fyrirkomulagi gagnkvæmrar viðurkenningar til að auðvelda viðurkenningu á faglegrri menntun og hæfi.
2. Byggja má fyrirkomulag gagnkvæmrar viðurkenningar á ákvæðum þessa kafla. Fyrirkomulag gagnkvæmrar viðurkenningar getur veitt takmarkaðan aðgang að starfsgrein og viðurkenning getur verið háð því að lokið hafi verið hvers kyns uppbótarráðstöfunum.
3. Samningsaðilarnir geta sammælt um að nota undirnefndina um þjónustu og fjárfestingar til að greiða fyrir umfjöllun um fyrirkomulag gagnkvæmrar viðurkenningar.
4. Samningsaðilarnir geta komið sér saman um, með samhljóða samþykki, að líta svo á að fyrirkomulag gagnkvæmrar viðurkenningar, sem komið er á samkvæmt þessari grein, sé óaðskiljanlegur hluti þessa samnings⁸², hvort sem það er sett fram í viðauka eða á annan hátt.

⁸¹ Að því er þessa grein varðar er heimilt að koma á fyrirkomulagi gagnkvæmrar viðurkenningar milli samningsaðilanna eða viðkomandi yfirvalda þeirra í samræmi við landslög hvers samningsaðila.

⁸² Til að taka af vafa skulu aðilar að fyrirkomulaginu um gagnkvæma viðurkenningu einungis bundnir af því, þrátt fyrir samninginn.

13. KAFLI

VIÐSKIPTI OG SJÁLFBÆR ÞRÓUN

ÞÁTTUR 13.1

ALMENN ÁKVÆÐI

GR. 13.1

Samhengi og markmið.

1. Samningsaðilarnir minnst Ríóyfirlýsingarinnar um umhverfi og þróun frá 1992, framkvæmdaáætlunar 21 um umhverfi og þróun frá 1992, Jóhannesarborgaryfirlýsingarinnar um sjálfbæra þróun frá 2002 og áætlunarinnar um framkvæmd leiðtogafundarins um sjálfbæra þróun frá 2002, yfirlýsingar Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar um grundvallarreglur og -réttindi við vinnu, ásamt eftirfylgni hennar frá 1998, ráðherryfirlýsingar efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna um að skapa umhverfi jafnt innanlands sem á alþjóðavísu sem stuðlar að því að skapa arðbæra atvinnu og mannsæmandi störf fyrir alla og áhrifa hennar á sjálfbæra þróun frá 2006, yfirlýsingar Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnrar alþjóðavæðingar frá 2008, aldarafmælisyfirlýsingar Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar vegna framtíðar starfa frá 2019, niðurstöðuskýrslu Ríó+20 ráðstefnunnar „Sú framtíð sem við óskum okkur“ frá 2012, samningsins um afnám allrar mismununar gagnvart konum og áætlunar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030 frá 2015.
2. Samningsaðilarnir skulu stuðla að sjálfbærri þróun sem nær til efnahagsþróunar, félagslegrar þróunar og umhverfisverndar, þar sem allir þrír þættirnir eru háðir hver öðrum og styrkja hver annan á gagnkvæman hátt. Samningsaðilarnir leggja áherslu á þann ávinning, sem felst í samstarfi um viðskipta- og fjárfestingatengda þætti vinnu- og umhverfismála, sem liðar í heildrænni aðkomu að viðskiptum og sjálfbærri þróun.
3. Samningsaðilarnir áréttu þær skuldbindingar sínar að stuðla að þróun alþjóðaviðskipta og fjárfestinga sem og skuldbinda sig til að stuðla að ívilnandi efnahagstengslum sín á milli þannig að allir hafi ávinning af því og að það stuðli að sjálfbærri þróun. Samningsaðilarnir eru því staðráðnir í að viðhalda og bæta strangar kröfur sínar á þeim sviðum sem þessi kafli nær til.

GR. 13.2

Skilgreiningar.

1. Í þessum kafla merkir „vinnulöggjöf og -staðlar“ lög og staðlar samningsaðila eða önnur lagalega bindandi ráðstöfun samningsaðila sem tengjast beint eftirfarandi réttindum, meginreglum og verndarþáttum:
 - (a) grundvallarreglum og réttindum við vinnu eins og um getur í 2. mgr. í gr. 13.13 (Alþjóðlegar reglur og samningar á sviði vinnumála) og
 - (b) vernd réttinda á vinnumarkaði að því er varðar laun, reglur á sviði atvinnumála, réttindi til upplýsinga og samráðs innan fyrirtækis, vinnutíma og heilbrigði og öryggi á vinnustað sem er í samræmi við áætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um mannsæmandi störf, eins og sett er fram í yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnrar alþjóðavæðingar.
2. Í þessum kafla merkir „umhverfislöggjöf“ lög eða önnur lagalega bindandi ráðstöfun samningsaðila, sem hefur þann tilgang að vernda umhverfið (sem gert er ráð fyrir að feli í sér mildun loftslagsbreytinga), þ.m.t. að koma í veg fyrir að lífi fólks eða heilbrigði stafi hættu af umhverfisáhrifum, s.s. þau sem miða að:
 - (a) því að koma í veg fyrir, draga úr eða stýra losun, sleppingu eða útblæstri mengunarvalda eða aðskotaefna í umhverfinu, þ.m.t. gróðurhúsalofttegunda,
 - (b) stjórnun efna og úrgangs eða miðlun upplýsinga sem því tengjast eða
 - (c) varðveislu og vernd villtra plantna eða dýra, þ.m.t. tegunda í hættu og búsvæða þeirra, sem og verndarsvæða,en fela ekki í sér ráðstöfun samningsaðila sem eingöngu tengist heilbrigði og öryggi launþega.

GR. 13.3

Réttur til reglusetningar og verndarstig.

1. Samningsaðilarnir staðfesta rétt hvers samningsaðila til að ákvarða eigin stefnumál og forgangsmál á þeim sviðum sem þessi kafla nær til, að koma á eigin verndarstigi að því er varðar atvinnumál og umhverfið (þ.m.t. auðlindanýtni, mildun og aðlögun að loftslagsbreytingum) og að samþykkja eða breyta lögum sínum og stefnumálum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar og þennan samning.
2. Sérhver samningsaðili skal leitast við að tryggja að í þessum lögum og stefnumálum sé kveðið á um og hvatt til öflugrar vinnu- og

umhverfisverndar og skal hann kappkosta að halda áfram að efla þessi lög og stefnumál og undirliggjandi verndarstig þeirra í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar, með það að markmiði að veita öfluga vinnu- og umhverfisvernd.

GR. 13.4

Viðhald verndarstigs.

1. Samningsaðilarnir skulu ekki hvetja til viðskipta eða fjárfestinga milli samningsaðilanna með því að draga úr eða minnka þá vernd sem kveðið er á um í umhverfislöggjöf eða vinnulöggjöf og stöðlum hvers þeirra um sig.
2. Samningsaðili skal ekki fella úr gildi eða víkja frá með öðrum hætti eða bjóðast til að fella úr gildi eða víkja frá með öðrum hætti umhverfislöggjöf sinni eða vinnulöggjöf sinni eða stöðlum í því skyni að hvetja til viðskipta eða fjárfestinga milli samningsaðilanna.
3. Samningsaðili skal ekki láta það bregðast, með viðvarandi eða endurteknum aðgerðum eða aðgerðaleyfi, að framfylgja með virkum hætti lögum sínum á sviði umhverfismála eða vinnulöggjöf sinni eða stöðlum til að hvetja til viðskipta eða fjárfestinga milli samningsaðilanna.

GR. 13.5

Gagnsæi.

Samningsaðilarnir leggja áherslu á mikilvægi þess að tryggja gagnsæi sem nauðsynlegan þátt í því að stuðla að þátttöku almennings og gera upplýsingar opinberar í tengslum við þennan kafla og í samræmi við lög þeirra og starfshætti.

GR. 13.6

Upplýsingar til almennings og almenningsvitund.

1. Til viðbótar við gr. 13.5 (Gagnsæi) skal sérhver samningsaðili hvetja til opinberrar umræðu við og meðal aðila, sem eru ekki ríki, að því er varðar þróun laga og stefnumála sem þessi kafli nær til.
2. Sérhver samningsaðili skal efla almenningsvitund um lög hans og staðla sem þessi kafli nær til, sem og málsmeðferðarreglur vegna framfylgdar og reglufylgni, með því að tryggja hagsmunaaðilum aðgengi að upplýsingum og gera ráðstafanir til að efla þekkingu og skilning launafólks, vinnuveitenda og fulltrúa þeirra.
3. Sérhver samningsaðili skal tryggja að almenningi sé veittur aðgangur að viðeigandi upplýsingum um umhverfismál í vörslu opinberra yfirvalda, eða

sem geymdar eru fyrir þau, sé þess óskað og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að miðla slíkum upplýsingum á virkan hátt rafrænt til almennings.

4. Sérhver samningsaðili skal taka við og taka tilhlýðilegt tillit til athugasemda frá almenningi um málefni sem tengjast þessum kafla, þ.m.t. tilkynningar um álitamál varðandi framkvæmd. Sérhver samningsaðili skal upplýsa viðkomandi borgaraleg samtök hjá sér, í samræmi við lög sín og starfshætti, um þær athugasemdir sem hann telur máli skipta í gegnum samráðsfyrirkomulagið sem um getur í gr. 13.31 (Undirnefnd um viðskipti og sjálfbæra þróun).

GR. 13.7

Vísindalegar og tæknilegar upplýsingar.

1. Við undirbúning og framkvæmd ráðstafana sem tengjast umhverfis- eða vinnuskilyrðum sem hafa áhrif á viðskipti eða fjárfestingar milli samningsaðila skulu þeir hafa hliðsjón af viðeigandi og fyrirliggjandi vísindalegum, tæknilegum og öðrum upplýsingum, s.s. hefðbundinni þekkingu og viðeigandi alþjóðlegum stöðlum, leiðbeiningum og tilmælum.
2. Samningsaðilarnir hafa í huga að ef hættu er á alvarlegum eða varanlegum skaða skal ekki vísa til skorts á fullri vísindalegri vissu sem ástæðu fyrir því að fresta kostnaðarhagkvæmum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir hnignun umhverfisins.

GR. 13.8

Samvinna.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi samstarfs um viðskipta- og fjárfestingatengda þætti vinnu- og umhverfismála til að ná fram markmiðum þessa kafla. Samningsaðilarnir eru því einhuga um að hafa skoðanaskipti og samráð sín á milli að því er varðar viðskiptatengd málefni sjálfbærrar þróunar sem varða gagnkvæma hagsmuni. Sérhverjum samningsaðila er heimilt, eftir því sem við á, að bjóða aðilum vinnumarkaðarins eða öðrum viðeigandi hagsmunaaðilum til þátttöku í viðeigandi samstarfsverkefnum og við að greina möguleg samstarfsvið.
2. Til samræmis við það geta samningsaðilarnir unnið saman að málum sem varða gagnkvæma hagsmuni á sviðum, sem eru t.d.:
 - (a) aukinn skilningur á áhrifum atvinnustarfsemi og markaðsafla á umhverfis- og vinnuskilyrði,
 - (b) alþjóðleg efling og skilvirk beiting grundvallarreglna og réttinda við vinnu sem um getur í gr. 13.13 (Alþjóðlegar reglur og samningar á sviði vinnumála) og áætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um

mannsæmandi störf, þ.m.t. um innri tengsl milli viðskipta og arðbærrar atvinnu fyrir alla, grunnstaðla á sviði vinnumála, mannsæmandi starfa í hnattrænum aðfangakeðjum, félagslegrar verndar, skoðanaskipta aðila vinnumarkaðarins og jafnrétti kynjanna,

- (c) skoðana- og upplýsingaskipti um ákvæði varðandi atvinnumál, jafnrétti kynjanna og umhverfismál í viðskiptasamningum hvers þeirra um sig og framkvæmd þeirra og
 - (d) vöktun og endurskoðun áhrifa af framkvæmd þessa samnings á sjálfbæra þróun og efnahagslega valdeflingu kvenna.
3. Samningsaðilarnir skulu kappkosta að efla samstarf sín á milli um viðskipta- og fjárfestingatengd atvinnu- og umhverfismál sem varða gagnkvæma hagsmuni á viðeigandi tvíhliða og marghliða vettvangi þar sem þeir eru þátttakendur, s.s. á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna og vettvangi sem er komið á fót innan ramma samninga um umhverfismál. Þeir geta, eftir því sem við á, komið á fyrirkomulagi samstarfs við slíkar stofnanir til að nýta sér sérfræðiþekkingu þeirra og tilföng.

GR. 13.9

Leiðir til samvinnu.

1. Samningsaðilarnir skulu kappkosta að vinna saman að málum sem varða gagnkvæma hagsmuni til að stuðla að markmiðum þessa kafla með aðgerðum eins og:
- (a) upplýsingaskiptum um bestu starfsvenjur, atburði, starfsemi og framtaksverkefni,
 - (b) könnun á samstarfi í framtaksverkefnum sem varða þriðju aðila,
 - (c) tæknilegum samskiptum, rannsóknarverkefnum, rannsóknum, skýrslum, ráðstefnum og vinnufundum og
 - (d) sérhverju öðru fyrirkomulagi samvinnu sem telst viðeigandi.
2. Samstarf samkvæmt þessum kafla skal vera með fyrirvara um að hver þátttökusamningsaðili ráði yfir fjármagni og tilföngum. Viðkomandi samningsaðilar skulu bera kostnað af samstarfi samkvæmt þessum kafla á þann hátt sem þeir koma sér saman um.

Efling viðskipta og fjárfestinga sem stuðla að sjálfbærri þróun.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir því mikilvæga hlutverki sem viðskipti og fjárfestingar gegna við að efla sjálfbæra þróun í öllum sínum myndum.
2. Samkvæmt 1. mgr. skuldbinda samningsaðilarnir sig til þess að halda áfram að:
 - (a) ýta undir og greiða fyrir erlendum fjárfestingum og viðskiptum með og útbreiðslu á vörum og þjónustu sem stuðla að sjálfbærri þróun, m.a. þeim sem falla undir áætlanir um vistfræðileg, sanngjörn eða siðleg viðskipti,
 - (b) stuðla að og hvetja til þróunar og notkunar á vottunarkerfum um sjálfbærni sem auka gagnsæi og rekjanleika í gegnum alla aðfangakeðjuna í samræmi við innlend forgangsmál,
 - (c) efla viðskipta- og fjárfestingastefnur sem styðja við markmið varðandi atvinnu, skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins og réttindi við vinnu,
 - (d) ýta undir viðskipti með og fjárfestingu í vörum og þjónustu sem stuðla að sjálfbærri þróun, s.s. endurnýjanlegri orku og orkunýtnum vörum og þjónustu, þ.m.t. með því að taka til athugunar tengdar hindranir aðrar en tolla eða með samþykkt stefnuramma sem munu styðja við notkun bestu umhverfislegu kostanna sem verður við komið, eftir því sem við á,
 - (e) viðurkenna mikilvægi viðskipta og fjárfestinga fyrir auðlindanýtnara hringrásarhagkerfi, stuðla að stjórnun á vistferli vara og eflingu sjálfbærra virðis_keðja vara, þ.m.t. með kolefnisbókhaldi og meðhöndlun úr sér genginna vara, rýmkaðri ábyrgð framleiðenda, endurvinnslu og minnkun úrgangs,
 - (f) stuðla að sjálfbærum starfsvenjum við innkaup,
 - (g) hvetja til samstarfs milli fyrirtækja með tilliti til vöru, þjónustu og tækni sem ýta undir sjálfbæra þróun,
 - (h) hvetja til þess að þættir varðandi sjálfbærni verði felldir inn í ákvarðanir einkaaðila og opinberra aðila um notkun og
 - (i) stuðla að þróun, stofnun, viðhaldi eða umbótum á markmiðum og stöðlum í umhverfismálum.

GR. 13.11

Ábyrgir viðskiptahættir.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að stuðla að ábyrgum viðskiptaháttum, m.a. með því að hvetja til viðeigandi starfshátta eins og ábyrgrar stjórnunar fyrirtækja á aðfangakeðjum, sem og að leggja fram styðjandi stefnuramma til að hvetja til þess að fyrirtæki innleiði viðeigandi starfshætti. Í þessu tilliti hafa samningsaðilarnir í huga mikilvægi miðlunar, fylgni, framkvæmdar og eftirfylgni með alþjóðlega viðurkenndum meginreglum og leiðbeiningum, eins og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki, þríhliða yfirlýsingu Alþjóðavinnuáráðs um fjölþjóðafyrirtæki og félagsmálafundum, hnattrænu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og leiðbeinandi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi.

GR. 13.12

Barátta gegn spillingu.

Samningsaðilarnir, sem viðurkenna þörfina á að efla ábyrgð, gagnsæi og heilindi innan bæði opinbera geirans og einkageirans og að hvor geirinn um sig beri skyldur í þessum efnum sem koma hver annarri til fyllingar, staðfesta þann ásetning sinn að uppræta mútupægni og spillingu í alþjóðaviðskiptum og fjárfestingum og skuldbindingu sína um að koma til framkvæmda skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, ásamt viðauka hans, sem gerður var í París 17. desember 1997 og samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu sem gerður var í New York 31. október 2003. Samningsaðilarnir skulu hafa með sér samráð í því skyni að greina og samþykkja ráðstafanir eða samstarfssvið til að koma í veg fyrir og berjast gegn mútupægni og spillingu í málaflokkum sem tengjast alþjóðaviðskiptum og fjárfestingum.

ÞÁTTUR 13.2

VIÐSKIPTI OG ATVINNUMÁL

GR. 13.13

Alþjóðlegar reglur og samningar á sviði vinnumála.

1. Samningsaðilarnir skulu halda áfram að stuðla að þróun alþjóðaviðskipta og fjárfestinga með þeim hætti að það stuðli að arðbærri atvinnu og mannsæmandi störfum fyrir alla.
2. Sérhver samningsaðili skal tryggja að vinnulöggjöf hans og starfshættir feli í sér og veiti vernd að því varðar grundvallarreglur og réttindi við vinnu. Í þessu tilliti vísa samningsaðilarnir til þeirra skyldna sem leiðir af aðild að Alþjóðavinnnumálastofnuninni og staðfesta þær skuldbindingar sínar að virða, halda fram og framkvæma meginreglur um grundvallarréttindi eins og fram kemur í yfirlýsingu Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar um grundvallarreglur og -réttindi við vinnu, ásamt eftirfylgni hennar frá 1998, nánar tiltekið um:
 - (a) félagafrelsi og viðurkenningu í reynd á réttinum til að gera kjarasamninga,
 - (b) að útrýma nauðungarvinnu í hvaða mynd sem er,
 - (c) að afnema barnavinnu með virkum hætti og
 - (d) að útrýma mismunun með tilliti til atvinnu og starfa.
3. Sérhver samningsaðili sem er aðili að Alþjóðavinnnumálastofnuninni:
 - (a) skal vinna staðfastlega áfram að því að fullgilda grunnsamþykktir Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar (sem stjórn Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar tilgreinir) og tengdar bókanir,
 - (b) áréttar þær skuldbindingar sínar skv. c-lið 1. mgr. 5. gr. 144. samþykktar Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar að endurskoða með viðeigandi millibili samþykktir sem hafa ekki verið fullgiltar og tilmæli sem hefur ekki enn verið veitt gildi,
 - (c) skal miðla upplýsingum um stöðu sína og framfarir að því er varðar fullgildingu grunnsamþykktar sem og samþykktar í forgangi og annarra samþykktar Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar sem hún hefur flokkað sem uppfærðar.
4. Sérhver samningsaðili áréttar þær skuldbindingar sínar að innleiða með skilvirkum hætti í lög sín og starfshætti þær samþykktir Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar sem sérhver samningsaðili hefur fullgilt.

5. Sérhver samningsaðili áréttar þær skuldbindingar sínar að innleiða með skilvirkum hætti í lög sín og starfshætti þau mismunandi ákvæði félagsmálasáttmála⁸³ Evrópu sem samningsaðilarnir hafa samþykkt hver fyrir sig sem aðilar að Evrópuráðinu.
6. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi skipulagsmarkmiða áætlunar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um mannsæmandi störf, eins og þau endurspeglast í yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnrar alþjóðavæðingar frá 2008.
7. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að:
 - (a) stuðla að þróun og eflingu ráðstafana vegna mannsæmandi starfsskilyrða fyrir alla og skyldra starfstengdra réttinda, þ.m.t. að því er varðar laun og tekjur, vinnustundir, heilbrigði og öryggi á vinnustað og önnur vinnuskilyrði,
 - (b) stuðla að skoðanaskiptum milli aðila vinnumarkaðarins um málefni á sviði vinnumála á milli launafólks og vinnuveitenda og viðkomandi samtaka þeirra og ríkisstjórna,
 - (c) viðhalda vel starfhæfu kerfi um framfylgd á sviði vinnumála og
 - (d) tryggja að engin mismunun sé fyrir hendi að því er varðar vinnuskilyrði,og sérhver samningsaðili sem er aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni skal gera slíkt í samræmi við yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnrar alþjóðavæðingar frá 2008.
8. Samningsaðilarnir taka mið af, eins og kemur fram í yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnrar alþjóðavæðingar, að ekki skuli skírskota til brota á grundvallarreglum og -réttindum við vinnu eða notfæra sér slík brot með öðrum hætti sem réttmæta hlutfallslega yfirburði og að ekki skuli nota reglur á sviði vinnumála sem verndarstefnu í viðskiptum.
9. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir gildi alþjóðlegrar samvinnu og samninga á sviði atvinnumála sem viðbragði alþjóðasamfélagsins til að takast á við efnahagslegar, atvinnutengdar og félagslegar áskoranir og tækifæri sem leiðir af alþjóðavæðingu.
10. Samningsaðilarnir, sem staðfesta gildi samfellu í stefnum með tilliti til mannsæmandi starfa, þ.m.t. í grunnstöðlum á sviði atvinnumála, og öflugrar verndar réttinda á vinnumarkaði, ásamt skilvirkri framfylgd, gera sér grein

⁸³ Evrópuráðið, sem stofnað var 1949, samþykkti félagsmálasáttmála Evrópu 1961 sem var endurskoðaður 1996. Þegar um er að ræða Bretland vísar tilvísunin í félagsmálasáttmála Evrópu í 5. mgr. til upprunalegu útgáfunnar frá 1961.

fyrir því gagnlega hlutverki sem þessi svið geta gegnt varðandi efnahagslega skilvirkni, nýsköpun og framleiðni, þ.m.t. útflutningsmagn.

GR. 13.14

Jafnrétti á vinnustað og bann við mismunun.

1. Samningsaðilarnir styðja við markmiðin um að útrýma mismunun með tilliti til atvinnu og starfa og að efla jafnrétti kynjanna í tengslum við viðskipti og vinnustað.
2. Sérhver samningsaðili staðfestir þær skuldbindingar sínar að innleiða með skilvirkum hætti í lög sín, stefnur og starfshætti þá alþjóðasamninga, sem þeir eru aðilar að, sem lúta að efnahagsþróun fyrir alla, jafnrétti kynjanna eða banni við mismunun.
3. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að:
 - (a) efla stefnur sem miða að því að tryggja vinnumarkað fyrir alla, jöfn réttindi og tækifæri og takast á við ólögmæta mismunun í tengslum við viðskipti og vinnustað,
 - (b) framkvæma stefnur og ráðstafanir til að vernda launafólk gegn mismunun í atvinnu á grundvelli kyns, kynvitundar, þungunar eða kynhneigðar,
 - (c) kveða á um starfsverndað orlof fyrir foreldra eftir fæðingu eða ættleiðingu barns,
 - (d) vinna að útrýmingu kynbundins launamunar með því að efla lög og stefnur um sömu laun með það að markmiði að ná fram sömu launum og
 - (e) efla stefnur sem miða að því að uppræta allt kynbundið ofbeldi og kynferðislega áreitni á vinnustað.

GR. 13.15

Aðgangur að úrræðum og réttur til málsmeðferðar.

Samkvæmt gr. 13.4 (Viðhald verndarstigs) skal sérhver samningsaðili stuðla að reglufylgni við og framfylgja með virkum hætti vinnulöggjöf sinni, m.a. með því að:

- (a) viðhalda kerfi um framfylgd á sviði vinnumála í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar sem miða að því að tryggja framfylgd lagaákvæða sem varða vinnuskilyrði og vernd launafólks og

- (b) tryggja að stjórnslu- og dómsmeðferðir séu tiltækar aðilum með löglega viðurkennda hagsmuni af tilteknu málefni sem halda því fram að réttur sé brotinn samkvæmt lögum hans, í því skyni að leyfa skilvirka aðgerð gegn brotum á vinnulöggjöf sinni, þ.m.t. viðeigandi úrræði vegna brota á slíkum lögum.

ÞÁTTUR 13.3

EFNAHAGSLEG VALDEFLING KVENNA OG VIÐSKIPTI

GR. 13.16

Markmið.

1. Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi þess að fella inn kynjasjónarmið við eflingu efnahagsþróunar fyrir alla og að stefnur sem taka tillit til kynjasjónarmiða gegni lykilhlutverki við að tryggja jafnari þátttöku allra í innlendu, svæðisbundnu og hnattrænu hagkerfi og alþjóðaviðskiptum, í því skyni að ná fram sjálfbærum hagvexti.
2. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að þátttaka kvenna í alþjóðaviðskiptum getur stuðlað að framgangi efnahagslegrar valdeflingar og efnahagslegs sjálfstæðis kvenna. Sem slíkir eru samningsaðilarnir einhuga um að stuðla að efnahagslegri valdeflingu kvenna með þessum samningi og fella kynjasjónarmið inn í viðskipta- og fjárfestingasamband sitt.
3. Samningsaðilarnir gera sér enn fremur grein fyrir mikilvægi þess að fjölga tækifærum fyrir konur, þ.m.t. í hlutverkum þeirra sem launþegar, eigendur fyrirtækja og atvinnurekendur, og meta ávinninginn af því að deila mismunandi reynslu sinni og bestu starfsvenjum við að takast á við þær kerfislægu hindranir sem geta verið til staðar fyrir konur í alþjóðaviðskiptum.

GR. 13.17

Alþjóðlegar skuldbindingar.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi alþjóðasamninga að því er varðar hagþróun fyrir alla, jafnrétti kynjanna og efnahagslega valdeflingu kvenna.
2. Sérhver samningsaðili staðfestir þær skuldbindingar sínar að innleiða með skilvirkum hætti í lög sín, stefnur og starfshætti þá alþjóðasamninga, sem hann er aðili að, sem lúta að efnahagsþróun fyrir alla, jafnrétti kynjanna og efnahagslegri valdeflingu kvenna.
3. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir þeim skuldbindingum sem gengist er undir í sameiginlegu yfirlýsingunni um viðskipti og efnahagslega valdeflingu kvenna í tilefni ráðherraráðstefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Buenos Aires í desember 2017, þ.m.t. viðurkenningu á nauðsyn þess að þróa gagnreyndar íhlutanir til að takast á við þær hindranir sem takmarka tækifæri kvenna í efnahagslífinu.

Samstarf.

Samningsaðilunum er heimilt að starfa saman að því að ná markmiðum gr. 13.16 (Markmið) um mál sem varða gagnkvæma hagsmuni. Samstarf skal fara fram með virkri þátttöku kvenna. Samstarfssvið geta falið það í sér að deila reynslu og bestu starfsvenjum sem varða:

- (a) betri aðgang kvenna að viðskiptum, þ.m.t. í hlutverkum þeirra sem launþegar, eigendur fyrirtækja og atvinnurekendur, með því að taka til athugunar sérstakar hindranir, m.a. aðgengi að færni, tækni og leiðtoga- eða viðskiptatengslanetum, og taka á mismunun,
- (b) eflingu starfshátta á sviði vinnumála sem greiða fyrir aðlögun, viðhaldi og framgangi kvenna á vinnumarkaðnum, sem og uppbyggingu á getu og færni,
- (c) framgang og framkvæmd stefna og áætlana sem tryggja sömu laun fyrir jafnverðmæt störf,
- (d) viðurkenningu ólaunaðra umönnunarstarfa, þ.m.t. foreldrahlutverks og annarrar sameiginlegrar fjölskylduábyrgðar, og gera aðgengi að jafnvægi milli vinnu og einkalífs og sveigjanlegt vinnufyrirkomulag, orlof og dagvistun barna á viðráðanlegu verði aðgengilegt,
- (e) eflingu fjárhagslegrar þátttöku, sem og aðgengis að lánum, fjármögnun og fjárhagsaðstoð,
- (f) aukið aðgengi kvenna að, þátttöku og forystu í vísindum, tækni og nýsköpun, þ.m.t. menntun í vísindum, tækni, verkfræði, stærðfræði og viðskiptafræði, að því marki sem tengist viðskiptum,
- (g) framkvæmd kynbundinnar greiningar, bæði meginlegrar og eigindlegrar, á viðskiptastefnum og eftirlit með áhrifum þeirra á konur sem launþega, atvinnurekendur og eigendur fyrirtækja,
- (h) betri aðferðir og verklag við þróun kyngreindra gagna, notkun mælikvarða, vöktunar- og matsaðferða og greiningu kyngreindra tölfræðilegra upplýsinga sem tengjast viðskiptum og
- (i) það að stuðla að jöfnu hlutfalli kynjanna í viðskiptasendinefndum og þróun áætlana sem styðja við aðgang kvenkyns atvinnurekenda að mörkuðum.

GR. 13.19

Lausn deilumála.

Enginn samningsaðili skal grípa til málsmeðferðar við lausn deilumála samkvæmt gr. 13.32 (Framkvæmd og lausn deilumála), gr. 13.33 (Samráð) og gr. 13.34 (Sérfræðinganefnd) í þessum kafla eða 16. kafla (Lausn deilumála) vegna mála sem rísa samkvæmt þessum þætti.

ÞÁTTUR 13.4

VIÐSKIPTI OG UMHVERFISMÁL

GR. 13.20

Marghliða samningar og meginreglur um umhverfismál.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi alþjóðlegra stjórnunarháttanna í umhverfismálum og samninga á því sviði sem viðbragði alþjóðasamfélagsins til að takast á við hnattrænar eða svæðisbundnar áskoranir í umhverfismálum og leggja áherslu á að nauðsynlegt er að efla gagnkvæman stuðning milli stefna á sviði viðskipta og umhverfismála.
2. Sérhver samningsaðili áréttar þá skuldbindingu sína að innleiða með skilvirkum hætti í lög sín, stefnur og starfshætti þá marghliða samninga um umhverfismál sem þeir eru aðilar að og að þeir fari að meginreglum um umhverfismál sem felast í þeim alþjóðlegu gerningum sem um getur í gr. 13.1 (Samhengi og markmið).
3. Aðgerðir samningsaðilanna sem varða umhverfið skulu byggjast á eftirfarandi meginreglum, eins og þær eru settar fram í samningunum sem um getur í 2. mgr., þ.e. að umhverfisvernd eigi að fella inn í stefnumótun, meginreglunum um að grípa skuli til varúðarráðstafana og forvarnaraðgerða, að gera eigi að forgangsatríði að leiðrétta umhverfistjón þar sem það á upptök sín og að leggja eigi greiðsluskyldu á mengunarvaldinn.
4. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að hafa samráð og vinna saman eins og við á að því er tekur til umhverfismála sem varða gagnkvæma hagsmuni í tengslum við marghliða samninga um umhverfismál og einkum viðskiptatengd málefni. Þetta felur í sér skipti á upplýsingum um:
 - (a) framkvæmd marghliða samninga um umhverfismál sem samningsaðili er aðili að,
 - (b) yfirstandandi samningaviðræður um nýja marghliða samninga um umhverfismál og
 - (c) afstöðu hvers samningsaðila um sig til þess að verða aðili að marghliða viðbótarsamningum um umhverfismál.

GR. 13.21

Aðgangur að úrræðum og réttur til málsmeðferðar.

Samkvæmt skyldunum í gr. 13.4 (Viðhald verndarstigs) skal sérhver samningsaðili stuðla að því að umhverfislöggjöf hans sé fylgt, m.a. með því að tryggja að:

- (a) yfirvöld hans, sem eru til þess bær að framfylgja umhverfislöggjöf, taki í samræmi við lög hans tilhlýðilegt tillit til meintra brota á umhverfislöggjöf sem athygli þeirra er vakin á og
- (b) stjórnslu- eða dómsmeðferðir séu tiltækar aðilum sem hafa löglega viðurkennda hagsmuni af tilteknu málefni eða sem halda því fram að réttur hafi verið brotinn samkvæmt lögum hans, í því skyni að leyfa skilvirka aðgerð gegn brotum á umhverfislöggjöf hans, þ.m.t. viðeigandi úrræði vegna brota á slíkum lögum.

GR. 13.22

Viðskipti og loftslagsbreytingar.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að ná lokamarkmiði rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem gerður var í New York 9. maí 1992 („rammasamningur SP um loftslagsbreytingar“) og Parísarsamningsins sem gerður var í París 12. desember 2015 („Parísarsamningurinn“) í því skyni að takast á við bráða ógn af loftslagsbreytingum, og hlutverki viðskipta og fjárfestinga við að ná þessu markmiði. Samningsaðilarnir staðfesta þann skilning sinn að aðgerðir sem gripið er til í því skyni að uppfylla þetta lokamarkmið eru í samræmi við þennan samning og skuldbinda sig til að vinna saman að því að grípa til aðgerða til að takast á við loftslagsbreytingar.
2. Samkvæmt 1. mgr.:
 - (a) staðfesta samningsaðilarnir þá skuldbindingu sína að koma Parísarsamningnum til framkvæmda með skilvirkum hætti og að grípa til aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með það að markmiði að styrkja hnattræn viðbrögð við loftslagsbreytingum og halda hækkun á meðalhitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum frá því fyrir iðnvæðingu og fylgja eftir viðleitni til að halda hækkun hitastigs við 1,5 °C yfir gildum frá því fyrir iðnvæðingu og
 - (b) skulu samningsaðilarnir ýta undir og liðka fyrir framlagi viðskipta með og fjárfestinga í vörum og þjónustu sem hafa sérstaka þýðingu fyrir mildun loftslagsbreytinga og aðlögun að þeim og umskipti yfir í lágkolefnishagkerfi og

- (c) áréttta samningsaðilarnir skuldbindingar sínar varðandi loftslagsbreytingar samkvæmt Parísarsamningnum og þau langtímamarkmið sín í loftslagsmálum að ná kolefnishlutleysi eða að verða samfélag lítillar losunar í samræmi við lög sín.
3. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að aukin samvinna er mikilvægur þáttur í því að stuðla að markmiðum þessarar greinar og skulu vinna saman að málum sem varða gagnkvæma hagsmuni, þ.m.t. á vettvangi rammisamnings SP um loftslagsbreytingar og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á sviðum sem varða t.d.:
- (a) viðskipta- og loftslagsstefnur, -reglur og -ráðstafanir sem stuðla að tilgangi og markmiðum Parísarsamningsins og umskiptum yfir í litla losun gróðurhúsalofttegunda og viðnámsþrótt gegn loftslagsbreytingum,
- (b) viðskiptatengda þætti núverandi alþjóðlegs fyrirkomulags og framtíðarfyrirkomulags í tengslum við loftslagsbreytingar, sem og landsbundnar loftslagsstefnur og -áætlanir er varða mildun og aðlögun, þ.m.t. málefni sem varða kolefnismarkaði, leiðir til að takast á við skaðleg áhrif viðskipta á loftslag, sem og aðferðir til að stuðla að orkunýtni og þróun og nýtingu lágkolefnistækni og annarrar loftslagsvænnar tækni,
- (c) viðskipti með og fjárfestingu í tækni á sviði endurnýjanlegrar orku og orkunýtnum vörum og þjónustu,
- (d) kostnaðarhagkvæma nýtingu endurnýjanlegrar orku, þ.m.t. orku á hafi úti og einkum framleiðslu á hafi úti með vindorku í Norðursjó,
- (e) þróun afkolunartækni, s.s. fyrir vetni, þ.m.t. markaðir fyrir vetni og þróun og efling kolefnisföngunar, -nýtingar og -geymslu, þ.m.t. í en ekki takmarkað við Norðursjó,
- (f) stuðning við þróun og samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar á metnaðarfullum og skilvirkum ráðstöfunum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem koma á til framkvæmda hjá skipum sem taka þátt í alþjóðaviðskiptum,
- (g) stuðning við þróun og samþykkt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á metnaðarfullum og skilvirkum ráðstöfunum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og
- (h) það að hætta í áföngum á heimsvísu óhagkvæmum styrkjum vegna jarðefnaeldsneytis.
4. Samningsaðilarnir skulu hvetja til samstarfs milli viðkomandi eftirlitsyfirvalda sinna og annarra lögbærra yfirvalda um mál sem varða gagnkvæma hagsmuni í tengslum við þau málefni sem um getur í d- og e-lið

3. mgr., þ.m.t. upplýsingaskipti, að skiptast á sérfræðipekkingu og aðrar slíkar ráðstafanir.

GR. 13.23

Loftgæði.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir því að loftmengun er alvarleg ógn við lýðheilsu, heilleika vistkerfa og sjálfbæra þróun og taka mið af því að með því að draga úr loftmengun er hægt að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bregðast við loftslagsbreytingum og öðrum umhverfisvandamálum. Til samræmis við það gera samningsaðilarnir sér grein fyrir gildi samþættrar stefnu til að bregðast við loftmengun og loftslagslagsbreytingum.
2. Samningsaðilarnir, sem veita því athygli að framleiðsla, neysla og flutningar geta valdið loftmengun og að loftmengun getur farið langar leiðir, viðurkenna mikilvægi þess að draga úr innlendri mengun og mengun sem berst yfir landamæri og að samvinna geti komið að gagni við að ná þessum markmiðum. Í því skyni skulu samningsaðilarnir leitast við að draga úr loftmengun.
3. Samningsaðilarnir gera sér enn fremur grein fyrir mikilvægi þátttöku almennings og samráðs í samræmi við viðkomandi lög eða stefnur við þróun og framkvæmd ráðstafana til að draga úr loftmengun og við að tryggja aðgang að gögnum um loftgæði. Til samræmis við það skal sérhver samningsaðili gera gögn um loftgæði og upplýsingar um tengdar áætlanir og aðgerðir aðgengilegar öllum og leitast við að tryggja gott aðgengi almennings að auðskiljanlegum gögnum og upplýsingum.
4. Samningsaðilarnir geta unnið saman að málefnum sem varða sameiginlega hagsmuni að því er varðar loftgæði, sem geta falið í sér:
 - (a) áætlanagerð varðandi gæði andrúmslofts,
 - (b) líkanagerð og vöktun, þ.m.t. á svæðisdreifingu helstu upptaka loftmengunar og losun hennar,
 - (c) aðferðafræði fyrir mælingar og skrá yfir loftgæði og mælingar á losun og
 - (d) tækni og aðferðir við samdrátt, eftirlit og forvarnir.

GR. 13.24

Ósoneyðandi efni og staðgöngukostir þeirra.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir að losun tiltekinna efna geti valdið umtalsverðri rýrnun og öðrum breytingum á ósonlaginu á þann veg að

líklegt sé að það hafi skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið. Samningsaðilarnir gera sér enn fremur grein fyrir því að áframhaldandi notkun og losun tiltekinna efna geti grafið undan viðleitni til að taka á hnattrænum áskorunum í umhverfismálum, þ.m.t. loftslagsbreytingum. Til samræmis við það skal sérhver samningsaðili gera ráðstafanir til að stjórna framleiðslu og notkun á, og viðskiptum með, efni sem Montreal-bókunin⁸⁴ nær yfir og styðja við metnaðarfullan samdrátt í notkun vetnisflúorókölefnar samkvæmt Kigali-breytingunum, þar á meðal með því að draga úr notkun fyrirframáfyllts búnaðar sem inniheldur vetnisflúorókölefnar.

2. Samningsaðilarnir gera sér einnig grein fyrir mikilvægi þátttöku almennings og samráðs, í samræmi við viðkomandi lög þeirra eða stefnur, við þróun og framkvæmd ráðstafana er varða verndun ósonlagsins. Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi upplýsingar um áætlanir og aðgerðir, þ.m.t. samstarfsverkefni, sem tengjast ósoneyðandi efnum og staðgöngukostum þeirra aðgengilegar öllum.
3. Samningsaðilarnir geta unnið saman að málefnum sem varða sameiginlega hagsmuni sem tengjast ósoneyðandi efnum og staðgöngukostum þeirra, þ.m.t.:
 - (a) að stuðla að framleiðslu og viðskiptum með umhverfisvæna staðgöngukosti fyrir ósoneyðandi efni og vetnisflúorókölefnar,
 - (b) að venjum, stefnum og áætlunum vegna meðhöndlunar kælimiðla, þ.m.t. stjórnun á vistferlum kælivökva og kælimiðla,
 - (c) að aðferðafræði vegna mælinga á ósoni í heiðhvolfinu,
 - (d) að baráttunni gegn ólöglegum viðskiptum með ósoneyðandi efni og vetnisflúorókölefnar,
 - (e) að nýrri tækni fyrir sjálfbæra, loftslagsvæna kælingu og varmadælur og
 - (f) hindrunum gegn verslun með og upptöku á sjálfbærri, loftslagsvænni kæli- og varmadælutækni.

⁸⁴ Til að taka af vafa vísar þetta ákvæði til efna sem heyra undir Montreal-bókunina um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, sem var gerð í Montreal 16. september 1987 (Montreal-bókunin), og allar núverandi breytingar eða aðlaganir á Montreal-bókuninni (þ.m.t. Kigali-breytingunni, sem var gerð í Kigali 15. október 2016) og allar síðari breytingar eða aðlaganir sem samningsaðilinn er aðili að.

Viðskipti og líffræðileg fjölbreytni.⁸⁵

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að varðveita og nýta líffræðilega fjölbreytni með sjálfbærum hætti og fyrir hlutverki viðskipta við að ná þessum markmiðum, m.a. með því að stuðla að sjálfbærri verslun eða stjórna eða takmarka verslun með tegundir í hættu, í samræmi við viðkomandi marghliða samninga um umhverfismál sem þeir eru aðilar að og ákvarðanir sem eru samþykktar samkvæmt þeim, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, sem var gerður í Rio de Janeiro 5. júní 1992 („samningurinn um líffræðilega fjölbreytni“), og bókanir við hann og samninginn um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, sem var gerður í Washington 3. mars 1973. Samningsaðilarnir gera sér einnig grein fyrir mikilvægi náttúrutengdra lausna og vistkerfisþjónustu sem líffræðileg fjölbreytni veitir, að loftslagsbreytingar geti stuðlað að tapi líffræðilegrar fjölbreytni og að vistkerfi sem búa að líffræðilegri fjölbreytni geta betur aðlagast áhrifum loftslagsbreytinga og stuðlað að mildun loftslagsbreytinga með kolefnisbindingu og -geymslu.
2. Samningsaðilarnir skulu skv. 1. mgr.:
 - (a) koma til framkvæmda árangursríkum ráðstöfunum, þ.m.t., eftir því sem við á, íhuga refsiviðurlög til að berjast gegn ólöglegri verslun með villtar lífverur, veiðiþjófnadi og ólögmætum viðskiptum með villtar lífverur og afurðir villtra lífvera (þ.m.t. timbur), eftir því sem við á,
 - (b) halda áfram þeirri viðleitni að berjast gegn ólögmætri verslun með fílabein, þ.m.t. á grundvelli innlendra takmarkana á viðskiptastarfsemi þar sem verslað er með fílabein og vörur sem innihalda fílabein,
 - (c) stuðla að því að dýra- og plöntutegundir verði felldar inn í viðaukana við samninginn um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES) þegar tegund er eða getur staðið frammi fyrir útrýmingarhættu vegna alþjóðaviðskipta,
 - (d) hvetja til viðskipta með framleiðsluvörur sem verða til með sjálfbærri nýtingu á líffræðilegum auðlindum og stuðla að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og
 - (e) halda áfram að grípa til ráðstafana til að varðveita líffræðilega fjölbreytni þegar hún verður fyrir þrýstingi sem tengist verslun og

⁸⁵ Þessi grein gildir um Liechtenstein að sama marki og valdheimildir þess samkvæmt tollasamningnum.

fjárfestingum, einkum með ráðstöfunum til að hindra eða stjórna aðflutningi og útbreiðslu ágengra, framandi tegunda.

3. Samningsaðilarnir skulu vinna saman að viðskiptatengdum málum sem varða sameiginlega hagsmuni sem eiga við þessa grein, þ.m.t. á marghliða vettvöngum eins og samningnum um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES), samningnum um líffræðilega fjölbreytni og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, eftir því sem við á. Slíkt samstarf getur meðal annars náð yfir:
 - (a) baráttu gegn ólögmætum viðskiptum með villtar lífverur, þ.m.t. framtaksverkefni til að draga úr eftirspurn eftir ólögmætum afurðum villtra lífvera og framtaksverkefni til að efla upplýsingaskipti og samstarf,
 - (b) stuðning við viðleitni þriðju landa til að loka innlendum mörkuðum með fílabein,
 - (c) viðskipti með afurðir úr náttúruauðlindum,
 - (d) mat og úttekt á vistkerfum og tengdri þjónustu og
 - (e) aðgang að erfðaaúðlindum og sanngjarna og réttláta skiptingu hagnaðar af nýtingu þeirra í samræmi við Nagoya-bókunina um aðgang að erfðaaúðlindum og sanngjarna og réttláta skiptingu hagnaðar af nýtingu þeirra við samninginn um líffræðilega fjölbreytni, sem var samþykkt í Nagoya 29. október 2010.

GR. 13.26

Varðveisla vistkerfa sjávar og sjávartegunda.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægu hlutverki vistkerfa sjávar í náttúrulegri bindingu og geymslu kolefna og skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga á þessi vistkerfi.
2. Samningsaðilarnir skulu stuðla að varðveislu og sjálfbærri nýtingu vistkerfa sjávar og sjávartegunda, þ.m.t. á svæðum utan lögsögu ríkja.
3. Samningsaðilarnir geta unnið saman að málefnum sem varða sameiginlega hagsmuni að því er varðar varðveislu vistkerfa sjávar og sjávartegunda.

Sjálfbær skógarstjórnun og tengd viðskipti.⁸⁶

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að tryggja varðveislu og sjálfbæra stjórnun skóga og tengdra vistkerfa og sjálfbæra framleiðslu skógarafurða og vara sem ógna skógum þegar núlifandi og komandi kynslóðum er gert kleift að njóta umhverfistengds, efnahagslegs og félagslegs ávinnings, m.a. með því að takast á við loftslagsbreytingar og draga úr tapi á líffræðilegri fjölbreytni sem rekja má til skógeyðingar og hnignunar skóga, s.s. vegna landnotkunar og breyttrar landnotkunar í þágu landbúnaðar og námuvinnslu.

2. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir því að þeir eru í hlutverki stórnotenda, -framleiðenda og -seljenda skógarafurða og vara sem ógna skógum. Samningsaðilarnir viðurkenna mikilvægi sjálfbærra aðfangakeðja þegar bregðast þarf við losun gróðurhúsalofttegunda, loftslagsbreytingum og tapi á líffræðilegri fjölbreytni og draga úr hættunni á því að nýir sjúkdómar komi fram. Samningsaðilarnir gera sér enn fremur grein fyrir því að skógar gegna mikilvægu hlutverki við að veita margs konar vistkerfisþjónustu, m.a. geyma kolefni, viðhalda vatnsmagni og vatnsgæðum, binda jarðveg og sjá fyrir búsvæðum fyrir villt dýr og plöntur. Til samræmis við það og skv. 1. mgr. skal sérhver samningsaðili:
 - (a) styðja við skilvirka löggæslu og stjórnunarhætti á skógræktarsvæðum, m.a. með því að viðhalda eða efla getu stjórnvalda og stofnanaramma til að stuðla að sjálfbærri skógarstjórnun og sjálfbærri framleiðslu á skógarafurðum og vörum sem ógna skógum,
 - (b) gera ráðstafanir til að styðja umbreytingu yfir í sjálfbæra framleiðslu á skógarafurðum og vörum sem ógna skógum,
 - (c) stuðla að viðskiptum með skógarafurðir sem hafa verið löglega höggna og viðskiptum með vörur sem ógna skógum sem hafa verið framleiddar á landi í lögmætri eigu og notkun, m.a. stuðla að slíkum viðskiptum að því er varðar þriðju lönd, eftir því sem við á,
 - (d) koma til framkvæmda ráðstöfunum til að koma í veg fyrir og berjast gegn ólögmætu skógarhöggi, ólögmætri skógeyðingu og hnignun skóga og tengdum viðskiptum, í allri virðiskeðjunni,
 - (e) stuðla að þróun og notkun stjórnækja til að tryggja lögmæti timburs, einnig í þriðju löndum, eftir því sem við á, til að tryggja að eingöngu séu höfð viðskipti milli samningsaðilanna með timbur og afurðir úr því sem fengin eru með lögmætum hætti,

⁸⁶ Þessi grein gildir um Liechtenstein að sama marki og valdheimildir þess samkvæmt tollasamningnum.

- (f) stuðla að eða styðja við framtaksverkefni til að draga úr eftirspurn eftir afurðum sem fengnar eru með ólögmætu skógarhöggi, ólögmætri skógeyðingu og hnignun skóga og tengdum viðskiptum, ásamt upplýsingaskiptum og samstarfi yfir landamæri,
 - (g) stuðla að skilvirkri notkun sammingsins um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, einkum með tilliti til trjátegunda, og
 - (h) starfa saman að málefnum er lúta að varðveislu og sjálfbærri stjórnun skóga, fenjaviðar og mómýra gegnum fyrirbyggjandi tvíhliða fyrirkomulag, ef við á, og á viðeigandi marghliða vettvangi sem þeir taka þátt í, einkum samstarfsverkefni Sameinuðu þjóðanna um að draga úr losun vegna skógeyðingar og hnignunar skóga (Reducing Emissions from Deforestation and Forest Degradation (REDD+)), eins og hvatt er til í Parísarsamningnum.
3. Samningsaðilarnir skulu hafa með sér samstarf og skiptast á upplýsingum um málefni sem varða sameiginlega hagsmuni, s.s. leiðir til að stuðla að sjálfbærri skógarstjórnun og aðferðir til landnotkunar sem styðja við heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun, m.a. með:
- (a) framtaksverkefnum sem er ætlað að berjast gegn ólögmætu skógarhöggi, ólögmætri eyðingu og hnignun skóga, þ.m.t. tryggingakerfi þriðju landa,
 - (b) því að hvetja til sjálfbærra aðfangakeðja með skógarafurðir og vörur sem ógna skógum,
 - (c) aðferðafræði við mat og vöktun á aðfangakeðjum fyrir skógarafurðir og vörur sem ógna skógum og
 - (d) samfellu í stefnum um sjálfbærar aðfangakeðjur. Þetta felur í sér þróun, innleiðingu og framkvæmd samræmdra laga og reglna, þ.m.t. krafna um áreiðanleikakönnun vegna skógarafurða og vara sem ógna skógum og með skiptum á upplýsingum og þátttöku á alþjóðlegum vettvöngum, eftir því sem við á.

GR. 13.28

Viðskipti og sjálfbær stjórnun fiskveiða og lagareldis.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að tryggja varðveislu og sjálfbæra stjórnun lifandi sjávarauðlinda og vistkerfa sjávar og hlutverki viðskipta við að ná þessum markmiðum.
2. Samkvæmt 1. mgr. skuldbinda samningsaðilarnir sig til að:

- (a) koma til framkvæmda heildstæðum, skilvirkum og gagnsæjum stefnum og ráðstöfunum til að berjast gegn ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum og stefna að því að útiloka afurðir úr slíkum veiðum úr viðskiptaflæði,
- (b) innleiða í lög sín og stefnur skuldbindingar sínar samkvæmt þeim alþjóðasamningum sem þeir eru aðilar að,
- (c) stuðla að notkun á viðkomandi alþjóðlegum viðmiðunarreglum, þ.m.t. valfrjálsum viðmiðunarreglum matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um veiðivottorð,
- (d) starfa saman á tvíhliða grunni og á viðeigandi alþjóðavettvangi að baráttu gegn ólöglegum, ótilkynntum og stjórnlausum fiskveiðum, m.a. með því að greiða fyrir upplýsingaskiptum um ólöglegar, ótilkynntar og stjórnlausar fiskveiðar,
- (e) halda áfram að vinna að markmiðum áætlunar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030 varðandi styrki í sjávarútvegi og
- (f) stuðla að þróun sjálfbærs og ábyrgs lagareldis.

GR. 13.29

Viðskipti með úrgang og efni og forvarnir gegn mengun.

Samningsaðilarnir skulu starfa saman á tvíhliða, svæðisbundnum og alþjóðlegum vettvangi að málefnum sem varða sameiginlega hagsmuni varðandi viðskiptatengda þætti í stefnum og ráðstöfunum vegna auðlindanýtingar, úrgangs, efna og mengunar, eftir því sem við á, og styðja umskipti yfir í hringrásarhagkerfi. Slíkt samstarf getur meðal annars náð yfir:

- (a) hvatningu til umhverfisvænnar stjórnunar á öllum tegundum úrgangs,
- (b) samdrátt í myndun úrgangs, til dæmis með endurnotkun, viðgerðum, endurframleiðslu og endurvinnslu og hvatningu til að nota úrgang sem auðlind og minnka þannig sjávarrusl og örplastefni sem eiga uppruna í sjó og á landi,
- (c) hvatningu til traustrar meðferðar efna,
- (d) baráttu gegn ólögmætum viðskiptum með úrgang og efni, einkum ólögmæta verslun með rafeinda- og plastúrgang í samræmi við Basel-samninginn um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra, sem var gerður í Basel 22. mars 1989,
- (e) baráttu gegn ólögmætum flutningi á öllum tegundum úrgangs og

- (f) forvarnir gegn og stjórnun á mengun, þ.m.t. mengun sem nær yfir landamæri.

GR. 13.30

Viðskipti og sjálfbær landbúnaðar og matvællakerfi.

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi sjálfbærs landbúnaðar og matvællakerfa og hlutverki viðskipta við að ná þessum markmiðum. Samningsaðilarnir ítreka sameiginlega skuldbindingu sína um að ná fram áætlun Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030 og heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.
2. Samkvæmt 1. mgr. skuldbinda samningsaðilarnir sig til að:
 - (a) stuðla að sjálfbærum landbúnaði og tengdum viðskiptum,
 - (b) stuðla að sjálfbærum matvællakerfum og
 - (c) starfa saman, eftir því sem við á, að málefnum varðandi viðskipti og sjálfbæran landbúnað og matvællakerfi, þ.m.t. með skiptum á upplýsingum, reynslu og góðum starfsvenjum, viðræðum um forgangsmál hvers um sig og skýrslugjöf um framgang við að ná fram sjálfbærum landbúnaði og matvællakerfum.

ÞÁTTUR 13.5

FYRIRKOMULAG STOFNANA

GR. 13.31

Undirnefnd um viðskipti og sjálfbæra þróun.

1. Samningsaðilarnir koma hér með á fót undirnefnd um viðskipti og sjálfbæra þróun („undirnefnd“) sem samanstendur af fulltrúum ríkisstjórna samningsaðilanna. Sérhver samningsaðili skal tryggja að fulltrúar hans í undirnefndinni búi yfir viðeigandi sérþekkingu á þeim málefnum sem eru til umræðu.
2. Fundir undirnefndarinnar skulu vera undir sameiginlegu forsæti eins af EFTA-ríkjunum innan EES og Bretlands.
3. Undirnefndin skal koma saman innan eins árs frá gildistöku samnings þessa. Eftir það skal undirnefndin koma saman strax fyrir eða eftir fundi sameiginlegu nefndarinnar nema samningsaðilarnir ákveði annað. Fundir geta verið staðfundir eða farið fram eftir öðrum samskiptaleiðum sem samningsaðilarnir koma sér saman um.
4. Sérhver samningsaðili skal koma á fót nýjum innlendum hópum hagsmunaaðila eða kalla saman núverandi hópa til að kalla eftir skoðunum og ráðgjöf um málefni er varða þennan kafla. Þessir hópar skulu taka til viðkomandi sjálfstæðra stofnana sem fara með fyrirsvaer í borgaralegu samfélagi. Með slíku samráðsfyrirkomulagi geta hagsmunaaðilar lagt fram álit og gefið ráðleggingar um málefni sem varða þennan kafla að eigin frumkvæði.
5. Undirnefndin getur tekið öll mál, sem kunna að rísa samkvæmt þessum kafla, til skoðunar. Störf hennar skulu fela í sér:
 - (a) eftirlit með framkvæmd þessa kafla, þ.m.t. samstarf,
 - (b) að gera úttekt á árangri sem næst samkvæmt þessum kafla, þ.m.t. rekstur hans og skilvirkni,
 - (c) að takast með samþættum hætti á við hvers kyns sameiginlega hagsmuni sem varða mörkin milli efnahagsþróunar, félagslegrar þróunar, þ.m.t. kynjajafnrétti, og umhverfisverndar,
 - (d) að skiptast á upplýsingum, umræðu um bestu starfsvenjur og miðlun reynslu af framkvæmd og
 - (e) að ákveða og endurskoða forgangsmál varðandi samstarf sem ráðist er í samkvæmt þessum kafla.

6. Samningsaðilarnir skulu taka tillit til aðgerða viðkomandi alþjóðastofnana eða aðila til að stuðla að auknu samstarfi og samræmi á milli starfa samningsaðilanna og þessara stofnana eða aðila og vinna með öðrum undirnefndum eða aðilum, sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi, að öllum málum sem tengjast þessum kafla.
7. Undirnefndin skal taka saman skýrslu um niðurstöður hvers fundar. Skýrslur undirnefndarinnar skal birta almenningi nema samningsaðilarnir ákveði annað.
8. Reglulegir fundir eða sérstakir fundir undirnefndarinnar geta falið í sér fundi með almenningi til að ræða málefni sem tengjast framkvæmd þessa kafla.

GR. 13.32

Framkvæmd og lausn deilumála.

1. Samningsaðilarnir skulu tilnefna tengiliði að því er varðar framkvæmd þessa kafla. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hver öðrum um tengiliði sína skriflega. Tengiliðirnir bera ábyrgð á samskiptum á milli Bretlands og sérhvers EFTA-ríkis innan EES að því er varðar áætlunargerð og skipulag funda undirnefndarinnar sem lýst er í gr. 13.31 (Undirnefnd um viðskipti og sjálfbæra þróun), og samstarf samkvæmt þessum kafla.
2. Samningsaðilarnir skulu tilnefna tengiliði fyrir efnahagslega valdeflingu kvenna og viðskipti. Tengiliðir fyrir efnahagslega valdeflingu kvenna og viðskipti skulu bera ábyrgð á samskiptum milli sérhvers EFTA-ríkis innan EES og Bretlands um málefni varðandi markmið þáttar 13.3 (Efnahagsleg valdefling kvenna og viðskipti). Samningsaðilarnir skulu tilkynna hver öðrum skriflega um viðkomandi tengiliði þeirra fyrir efnahagslega valdeflingu kvenna og viðskipti.
3. Samningsaðilarnir skulu ætíð leitast við að vera sammála um túlkun og beitingu þessa kafla. Ef upp koma deilur eða önnur mál samkvæmt þessum kafla skulu viðkomandi samningsaðilar gera sitt ytrasta til að ná lausn í málinu sem allir aðilar geta sætt sig við.
4. Varðandi deilur og önnur mál sem koma upp samkvæmt þessum kafla skulu samningsaðilarnir eingöngu skírskota til reglna og málsmeðferðarreglna sem kveðið er á um í þessum kafla. Viðkomandi samningsaðilar geta engu að síður, ef þeir eru sammála um það, haft aðgang að málsmeðferð sem felst í sáttumleitunum. Slík málsmeðferð má hefjast og henni ljúka hvenær sem er og skal vera unnin í trúnaði og með fyrirvara um réttindi viðkomandi samningsaðila í annarri málsmeðferð. Henni má halda áfram meðan á málsmeðferð stendur á vegum sérfræðinganeftdar sem stofnuð er í samræmi við þennan kafla.

5. Samningsaðilarnir skulu gefa hagsmunaaðilum tækifæri til að deila athugasemdum og veita ráðleggingar varðandi framkvæmd þessa kafla.

GR. 13.33

Samráð.

1. Með milligöngu tengiliðanna, sem um getur í gr. 13.32 (Framkvæmd og lausn deilumála) geta samningsaðilarnir farið fram á samráð við annan samningsaðila að því er varðar mál sem upp koma samkvæmt þessum kafla með því að afhenda tengilið hins samningsaðilans skriflega beiðni. Samningsaðilinn, sem fer fram á samráð, skal jafnframt tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega um þá beiðni.
2. Sá samningsaðili sem beiðninni er beint til skal svara henni innan 10 daga frá því að beiðnin berst. Samráð skal fara fram í undirnefndinni um viðskipti og sjálfbæra þróun nema þeir samningsaðilar, sem leggja fram beiðni um samráð eða slíkri beiðni er beint til, komi sér saman um annað.
3. Í beiðninni skal samningsaðilinn kynna málið með skýrum hætti, tilgreina spurninguna eða þá sértæku ráðstöfun sem um ræðir og leggja fram stutta samantekt um þann lagagrundvöll og staðreyndir sem kvörtunin byggist á.
4. Viðkomandi samningsaðilar skulu veita nægilegar upplýsingar til að unnt sé að kanna til fulls hvort viðkomandi ráðstöfun samrýmist þessum samningi eða ekki og fara með hvers kyns trúnaðarupplýsingar, sem skipst er á meðan samráðið varir, á sama hátt og samningsaðilinn sem veitir upplýsingarnar.
5. Ef samningsaðilinn sem leggur fram beiðni og samningsaðilinn sem svarar beiðninni samþykkja það báðir mega samningsaðilarnir leita ráðgjafar frá viðkomandi alþjóðlegum stofnunum, aðilum eða sérfræðingum.
6. Ef það á við mega viðkomandi samningsaðilar leita ráðgjafar hjá hagsmunaaðilum sínum.
7. Viðkomandi samningsaðilar skulu ganga til samráðs eigi síðar en 30 dögum eftir að beiðnin berst. Samráði skal teljast lokið eigi síðar en 60 dögum eftir að beiðnin berst nema viðkomandi samningsaðilar komi sér saman um annað.
8. Samráð fer ýmist fram á staðfundum eða eftir öðrum samskiptaleiðum sem viðkomandi samningsaðilar koma sér saman um.
9. Viðkomandi samningsaðilar skulu tilkynna hinum samningsaðilunum um gagnkvæmt samkomulag um lausn málsins.
10. Lausn eða ákvörðun sem viðkomandi samningsaðilar koma sér saman um skal gerð aðgengileg öllum.

Sérfræðinganefnd.

1. Ef viðkomandi samningsaðilar koma sér ekki saman um lausn sem gagnkvæm sátt ríkir um í málum sem koma upp samkvæmt gr. 13.33 (Samráð) má viðkomandi samningsaðili óska eftir því, 90 dögum eftir móttöku beiðni um samráð samkvæmt gr. 13.33 (Samráð), að sérfræðinganefnd verði kölluð saman til að rannsaka málið með því að afhenda tengilið hins samningsaðilans skriflega beiðni. Ákvæði gr. 16.6 (Stofnun gerðardóms), gr. 16.7 (Skipan gerðardóms), gr. 16.11 (Málsmeðferð gerðardóms)⁸⁷, gr. 16.21 (Lausn sem gagnkvæm sátt ríkir um), 16.23 (Tímamörk) og gr. 16.24 (Kostnaður) í 16. kafla (Lausn deilumála) skulu gilda að breyttu breytanda nema kveðið sé á um annað í þessari grein.
2. Með fyrirvara um ákvæði þessa kafla skulu samningsaðilarnir beita starfsreglum og háttænisreglum sem settar eru fram í gr. 16.25 (Starfsreglur og háttænisreglur) í 16. kafla (Lausn deilumála) nema samningsaðilarnir ákveði annað.
3. Nefndarmennirnir skulu hafa viðeigandi sérfræðipækkingu, þ.m.t. í alþjóðlegum verslunarrétti og alþjóðlegri vinnulöggjöf eða alþjóðlegri umhverfislöggjöf. Þeir skulu vera óháðir, starfa sem sjálfstæðir einstaklingar og skulu ekki taka við fyriræmum frá stofnun eða ríkisstjórn að því er varðar málefni sem tengjast deilunum, eða vera í tengslum við ríkisstjórn samningsaðila. Þeir skulu fara að starfsreglunum og háttænisreglunum sem um getur í 2. mgr.
4. Nema samningsaðilarnir ákveði annað innan tíu daga frá dagsetningu á vali nefndarmanna eru starfsskilmálar sérfræðinganefndarinnar: að rannsaka, í ljósi viðeigandi ákvæða þessa kafla, málið eða málin sem um getur í beiðninni um stofnun sérfræðinganefndarinnar, að komast að niðurstöðu um það hvort ráðstöfunin samrýmist viðkomandi ákvæði, ásamt ástæðum, auk tilmæla ef einhver eru, um úrlausn málsins og að gefa út skýrslu í samræmi við þessa grein.
5. Sérfræðinganefndin skal leita eftir upplýsingum eða ráðgjöf frá viðkomandi alþjóðlegum stofnunum eða aðilum, þ.m.t. allar viðeigandi gildandi leiðbeiningar til túlkunar, niðurstöður eða ákvarðanir sem samþykktar eru af þessum alþjóðlegu stofnunum eða aðilum. Senda skal þær upplýsingar sem aflað hefur verið til viðkomandi samningsaðila til umsagnar.
6. Nefndin getur farið fram á skrifleg gögn eða aðrar upplýsingar frá aðilum með sérfræðipækkingu á málinu. Senda skal þær upplýsingar sem aflað hefur verið til viðkomandi samningsaðila til umsagnar.

⁸⁷ Til að taka af vafa gildir 9. mgr. í gr. 16.11 (Málsmeðferð gerðardóms) í 16. kafla (Lausn deilumála) ekki um skýrslu sérfræðinganefndarinnar, þ.m.t. tilmæli í skýrslunni.

7. Sérfræðinganefndin skal leggja bráðabirgðaskýrslu með niðurstöðum sínum og tilmælum fyrir viðkomandi samningsaðila innan 90 daga frá stofndegri sérfræðinganevndarinnar. Viðkomandi samningsaðila er heimilt að senda sérfræðinganevndinni skriflegar athugasemdir um bráðabirgðaskýrslu nefndarinnar innan 45 daga frá birtingu hennar. Að teknu tilliti til slíkra skriflegra athugasemda getur sérfræðinganevndin breytt bráðabirgðaskýrslunni og gert frekari rannsóknir sem hún telur við hæfi. Sérfræðinganevndin skal afhenda viðkomandi samningsaðilum lokaskýrslu innan 60 daga frá birtingu bráðabirgðaskýrslunnar. Viðkomandi samningsaðilar skulu gera lokaskýrsluna aðgengilega öllum innan 30 daga frá afhendingu hennar.
8. Ef lokaskýrsla sérfræðinganevndarinnar sýnir fram á að samningsaðili hafi ekki farið að skuldbindingum sínum samkvæmt þessum kafla skulu viðkomandi samningsaðilar ræða viðeigandi ráðstafanir eða, ef við á, ákveða aðgerðaáætlun, sem gagnkvæm sátt ríkir um, um framkvæmd lokaskýrslu sérfræðinganevndarinnar. Tilkynna skal slíkar ráðstafanir öðrum samningsaðilum innan þriggja daga frá birtingu lokaskýrslunnar og skal unDIRnefndin um viðskipti og sjálfbæra þróun hafa eftirlit með þeim.
9. Samningsaðilinn sem svarar beiðninni skal tilkynna samningsaðilanum sem leggur fram beiðni tímanlega um ákvörðun sína um þær aðgerðir eða ráðstafanir sem gripið verður til. Enn fremur skal samningsaðilinn sem leggur fram beiðnina tilkynna samningsaðilanum sem svarar beiðninni tímanlega um aðrar aðgerðir eða ráðstafanir sem hann kann að ákveða að grípa til, eins og eftirfylgni með lokaskýrslunni, til að hvetja til úrlausnar á málinu í samræmi við þennan samning.
10. Sérhver viðkomandi samningsaðili skal upplýsa hagsmunaaðila sem hann telur koma að máli tímanlega um ákvörðun sína um aðgerðir eða ráðstafanir sem gripið verður til. Þetta skal gera í samræmi við núverandi fyrirkomulag eða annað fyrirkomulag sem sérhver samningsaðili telur viðeigandi.
11. Ef upp koma vafaatriði varðandi málsmeðferð getur sérfræðinganevndin, að höfðu samráði við viðkomandi samningsaðila, samþykkt viðeigandi málsmeðferð.

14. KAFLI

UNDANTEKNINGAR

GR. 14.1

Almennar undantekningar

1. Að því er varðar þátt 2.1 (Almenn ákvæði um vöruviðskipti), I. viðauka (Upprunareglur), þátt 2.2 (Tæknilegar viðskiptahindranir), þátt 2.3 (Ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna), þátt 2.4 (Tollamál og viðskiptalíprun) og þátt 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum) gildir XX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og er hún hér með felld inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda.
2. Að því er varðar 3. kafla (Þjónusta og fjárfestingar), 4. kafla (Stafræn viðskipti), 5. kafla (Fjármagnsflutningar, greiðslur og millifærslur) og 12. kafla (Viðurkenning á faglegru menntun og hæfi) gilda a-, b- og c-liður XIV. gr. GATS-samningsins og eru þeir hér með felldir inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.
3. Til að taka af vafa gera samningsaðilarnir sér grein fyrir því, að því marki sem slíkar ráðstafanir eru að öðru leyti ekki í samræmi við ákvæðin sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, að:
 - (a) ráðstafanirnar sem um getur í b-lið XX. gr. GATT-samningsins frá 1994 og í b-lið XIV. gr. GATS-samningsins fela í sér ráðstafanir á sviði umhverfismála sem eru nauðsynlegar til að vernda líf og heilbrigði manna, dýra eða plantna,
 - (b) ráðstafanir á sviði umhverfismála fela m.a. í sér ráðstafanir varðandi mildun loftslagsbreytinga,
 - (c) g-liður XX. gr. GATT-samningsins frá 1994 gildir um ráðstafanir sem varða varðveislu þverranlegra lífrænna og ólífrænna náttúruauðlinda⁸⁸ og
 - (d) ráðstafanir, sem eru gerðar til að koma marghliða umhverfissamningum til framkvæmda, geta fallið undir b- eða g-lið XX. gr. GATT-samningsins frá 1994 eða b-lið XIV. gr. GATS-samningsins.

⁸⁸ „Þverranlegar ólífrænar náttúruauðlindir“ felur í sér hreint loft og andrúmsloft á hnattræna vísu með öruggu magni gróðurhúsalofttegunda.

GR. 14.2

Undantekningar af öryggisástæðum.

1. Ekkert í þessum samningi ber að túlka á þann hátt:
 - (a) að þess sé krafist af samningsaðila að hann láti í té upplýsingar ef hann telur það andstætt grundvallaröryggishagsmunum sínum að láta þær af hendi,
 - (b) að komið sé í veg fyrir að samningsaðili grípi til aðgerða sem hann telur nauðsynlegar til að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína, þ.m.t. aðgerðir:
 - (i) varðandi kjarnakleyf efni og kjarnasamrunaefni eða efni sem þau eru unnin úr,
 - (ii) varðandi framleiðslu eða viðskipti með vopn, skotfæri og hergögn sem og framleiðslu eða viðskipti með aðrar vörur og efni sem á sér stað, beint eða óbeint, í þeim tilgangi að birgja upp heri og aðrar öryggisstofnanir,
 - (iii) varðandi þjónustu sem er veitt, beint eða óbeint, í þeim tilgangi að birgja upp heri og aðrar öryggisstofnanir eða
 - (iv) á stríðstímum eða þegar neyðarástand ríkir í alþjóðasamskiptum eða
 - (c) að komið sé í veg fyrir að samningsaðili grípi til ráðstafana í samræmi við skyldur sínar samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna í þeim tilgangi að viðhalda friði og öryggi á alþjóðavettvangi.

GR. 14.3

Skattlagning.

1. Að því er varðar þessa grein:
 - (a) „beinir skattar“ merkir skattar af tekjum eða fjármagni, þ.m.t. skattar á hagnað vegna sölu eignar, fasteignaskattar, skattar á arf og gjafir, af launum, sem fyrirtæki greiða, og af verðmætisaukningu fjármagns,
 - (b) „samningur um skattamál“ merkir samningur um leiðir til að komast hjá tvísköttun eða aðrir alþjóðasamningar eða fyrirkomulag sem tengjast aðallega eða eingöngu skattlagningu og

- (c) „skattar“ og „ráðstafanir í skattamálum“ taka til vörugjalda⁸⁹ en ekki:
- (i) „tolla“ eins og þeir eru skilgreindir í b-lið í gr. 2.3 (Skilgreiningar) í þætti 2.1 (Almenn ákvæði um vöruviðskipti) eða
 - (ii) ráðstafana sem skráðar eru í ii. eða iii. lið þeirrar skilgreiningar.
2. Ekkert í samningi þessum gildir um ráðstafanir í skattamálum nema kveðið sé á um það í þessari grein.⁹⁰
3. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt skattasamningi. Ef samningur þessi stangast á við samning um skattamál ganga ákvæði hins síðarnefnda fram, að því marki sem ósamræmis gætir.
4. Komi upp álitamál varðandi það hvort ósamræmis gæti milli þessa samnings og skattasamnings milli tveggja eða fleiri samningsaðila skulu viðkomandi samningsaðilar vísa málinu til lögbærra yfirvalda samkvæmt þeim samningi um skattamál eða að því er hann varðar. Þessi lögbæru yfirvöld skulu hafa 12 mánuði frá og með dagsetningu málskotsins til að ákvarða hvort ósamræmi er til staðar og hvert umfang þess er. Ef þessi lögbæru yfirvöld samþykkja má framlengja tímamörkin um allt að 6 mánuði. Aðeins eftir að 12 mánuðir, eða önnur samþykkt tímamörk, eru liðnir (eða ef lögbær yfirvöld ákvarða að ekkert ósamræmi sé til staðar) er hægt að koma á fót kærunefnd samkvæmt þessum samningi til að taka deilur í tengslum við ráðstöfunina til meðferðar. Kærunefnd sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi skal samþykkja ákvarðanir þessara lögbæru yfirvalda samkvæmt þessari málsgrein.
5. Þrátt fyrir 3. mgr.:
- (a) gildir gr. 2.4 (Innlend meðferð að því er varðar skatta og reglur innanlands) í þætti 2.1 (Almenn ákvæði um vöruviðskipti) og aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að koma þeirri grein til framkvæmda, um ráðstafanir í skattamálum að sama marki og III. gr. GATT-samningsins frá 1994, að meðtöldum athugasemdum við hann um túlkun, og
 - (b) gilda gr. 2.7 (Útflutningsgjöld, skattar og önnur gjöld) og gr. 2.8 (Þóknanir og gjöld) í þætti 2.1 (Almenn ákvæði um vöruviðskipti) um ráðstafanir í skattamálum.

⁸⁹ Samkvæmt gr. 1.4 (Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir samning þennan) í 1. kafla (Almenn ákvæði) gildir þessi grein ekki um Liechtenstein að því er varðar vörugjöld.

⁹⁰ Til að taka af vafa kemur þessi grein ekki í veg fyrir að samningsaðili samþykki eða framfylgi ráðstöfunum í skattamálum samkvæmt gr. 14.1 (Almennar undantekningar) og gr. 14.2 (Undantekningar af öryggisástandum).

6. Með fyrirvara um 3. mgr. gilda eftirtalin ákvæði um ráðstafanir í skattamálum:
- (a) gr. 3.7 (Innlend meðferð) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum),
 - (b) gr. 3.8 (Bestukjaramedferð) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum),
 - (c) gr. 3.16 (Innlend meðferð) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri),
 - (d) gr. 3.17 (Bestukjaramedferð) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri) og
 - (e) með fyrirvara um réttindi og skyldur samningsaðila skv. 5. mgr. í gr. 3.10 (Frammistöðukröfur) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum).
7. Ekkert í greinunum sem um getur í 6. mgr. gildir um:
- (a) bestukjaraskuldbindingu að því er varðar ávinning sem samningsaðili veitir samkvæmt samningi um skattamál,
 - (b) samþykkt, viðhald eða framfylgd ráðstöfunar í skattamálum sem miðar að því að tryggja sanngjarnar eða skilvirkar⁹¹ álögur eða innheimtu beinna skatta, með fyrirvara um að ráðstöfuninni verði ekki beitt með þeim hætti að það feli í sér handahófskennda eða óréttlætanlega mismunun á milli landa þar sem sambærileg skilyrði eru í gildi, eða duldar hömlur á viðskipti og fjárfestingu, eða
 - (c) samþykkt, viðhald eða framfylgd ráðstöfunar í skattamálum sem gerir greinarmun á aðilum á grundvelli búsetustaðar þeirra með tilliti til skattlagningar, að því tilskildu að ráðstöfunin feli ekki í sér handahófskennda mismunun milli aðila, vara eða þjónustu samningsaðila.

⁹¹ Neðanmálgrein við d-lið XIV. gr. GATS-samningsins skal gilda og er hér með felld inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda.

15. KAFLI

STOFNANAÁKVÆÐI

GR. 15.1

Sameiginlega nefndin.

1. Samningsaðilarnir setja hér með á fót sameiginlega nefnd („sameiginlega nefndin“) sem samanstendur af háttsettum fulltrúum frá hverjum samningsaðila.
2. Sameiginlega nefndin skal:
 - (a) hafa yfirumsjón með og endurskoða framkvæmd og rekstur samnings þessa,
 - (b) kanna stöðugt þann kost að afnema enn frekar viðskiptahindranir og aðrar takmarkandi ráðstafanir sem varða viðskipti milli samningsaðilanna,
 - (c) hafa umsjón og eftirlit með framkvæmd markmiða sem varða framgang efnahagslegrar valdeflingar kvenna í samræmi við samning þennan,
 - (d) hafa umsjón með frekari þróun samnings þessa,
 - (e) hafa yfirumsjón með starfi allra undirnefnda og vinnuhópa sem komið er á fót samkvæmt samningi þessum. Undirnefndir og vinnuhópar skulu starfa í umboði sameiginlegu nefndarinnar nema kveðið sé á um annað í samningi þessum,
 - (f) leitast við að leysa vandamál og deilur sem kunna að rísa um túlkun eða beitingu samnings þessa og
 - (g) fjalla um hvert það mál annað sem kann að hafa áhrif á rekstur samnings þessa.
3. Sameiginlega nefndin getur:
 - (a) fjallað um breytingar á samningi þessum ef tengsl EFTA-ríkjanna innan EES og Bretlands þróast sem og tengsl milli sérhvers þeirra og þriðju aðila sem eru viðkomandi samningi þessum, til að laga hann að viðeigandi þróun, eftir því sem við á,
 - (b) ákveðið að koma á fót undirnefndum og vinnuhópum sér til aðstoðar við störf sín og sameina eða leysa upp slíkar undirnefndir eða vinnuhópa,

- (c) mæltst til þess við samningsaðilana að gerðar verði breytingar á samningi þessum eða samþykkt ákvarðanir um breytingar á samningi þessum, eins og kveðið er á um í samningi þessum, og
 - (d) samþykkt tülkanir varðandi ákvæði samnings þessa sem skulu vera bindandi fyrir samningsaðilana og allar undirnefndir sem sameiginlega nefndin kemur á fót, þ.m.t. gerðardómar sem komið er á fót skv. 16. kafla (Lausn deilumála).
4. Sameiginlega nefndin getur tekið ákvarðanir eins og kveðið er á um í samningi þessum. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að senda frá sér tilmæli. Ákvarðanir sem teknar eru skulu vera bindandi fyrir samningsaðilana. Sérhver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma ákvörðuninum til framkvæmda.
 5. Sameiginlega nefndin skal taka ákvarðanir og leggja fram tilmæli með samhljóða samþykki og hún getur samþykkt þau annaðhvort á staðfundi eða skriflega. Sameiginlega nefndin getur samþykkt ákvarðanir og lagt fram tilmæli varðandi málefni sem tengjast aðeins einu eða nokkrum EFTA-ríkjanna innan EES og Bretlandi. Í því tilviki skulu samhljóða samþykki, ákvörðunin og tilmælin einungis ná til þessara samningsaðila.
 6. Sameiginlega nefndin skal koma saman innan eins árs frá gildistöku samnings þessa. Eftir það skal hún koma saman þegar nauðsyn krefur en allajafna einu sinni á ári. Fundir sameiginlegu nefndarinnar skulu vera undir sameiginlegu forsæti eins EFTA-ríkjanna innan EES og Bretlands. Sameiginlega nefndin getur komið saman til staðfundar eða fundað með öðrum hætti, eftir því sem samningsaðilarnir koma sér saman um.
 7. Sérhver samningsaðili getur hvenær sem er farið fram á sérstakan fund í sameiginlegu nefndinni með skriflegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna. Slíkur fundur skal haldinn innan 30 daga frá því að beiðni berst nema samningsaðilarnir komi sér saman um annað.
 8. Hafi fulltrúi samningsaðila í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að innlend lagaskilyrði verði uppfyllt skal ákvörðunin öðlast gildi daginn sem síðasti samningsaðilinn tilkynnir að innlendum skilyrðum hans hafi verið fullnægt nema þeir komi sér saman um annað. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að ákvörðunin öðlist gildi að því er varðar þá samningsaðila sem hafa uppfyllt innlend skilyrði sín, að því tilskildu að Bretland sé á meðal þessara samningsaðila.
 9. Sameiginlega nefndin skal setja sér starfsreglur.
 10. Eftirfarandi undirnefndum er komið á fót samkvæmt samningi þessum:
 - (a) undirnefnd um vöruviðskipti,
 - (b) undirnefnd um tæknilegar viðskiptahindranir,

- (c) undirnefnd um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna,
- (d) undirnefnd um þjónustu og fjárfestingar og
- (e) undirnefnd um viðskipti og sjálfbæra þróun.

Ákvarðanir þeirra skulu teknar með samhljóða samþykki.

16. KAFLI

LAUSN DEILUMÁLA

GR. 16.1

Markmið.

Markmið þessa kafla er að koma á fót árangursríku og skilvirku kerfi til að leysa deilumál milli samningsaðila⁹² varðandi túlkun og beitingu ákvæða þessa samnings í þeim tilgangi að ná saman um lausn sem gagnkvæm sátt ríkir um.

GR. 16.2

Gildissvið.

Nema kveðið sé á um annað í þessum samningi gildir þessi kafli um lausn hvers kyns deilumála milli samningsaðilanna varðandi túlkun og beitingu ákvæða þessa samnings.

GR. 16.3

Beiðni um upplýsingar.

Áður en beiðni um samráð eða sáttumleitanir er lögð fram samkvæmt gr. 16.4 (Samráð) eða gr. 16.5 (Sáttumleitanir), eftir því sem við á, getur samningsaðili sett fram skriflega beiðni um viðeigandi upplýsingar sem varða viðkomandi ráðstöfun. Samningsaðilinn, sem beiðninni er beint til, skal gera sitt ýtrasta til að veita umbeðnar upplýsingar í skriflegu svari sem skal leggja fram eigi síðar en 20 dögum eftir að beiðnin berst.

GR. 16.4

Samráð.

1. Samningsaðilarnir skulu ætíð leitast við að ná samkomulagi um túlkun og beitingu samnings þessa og gera sitt ýtrasta með samvinnu og samráði til að finna lausn sem gagnkvæm sátt ríkir um í hverju því máli sem rís á grundvelli þessarar greinar.
2. Samningsaðili getur farið skriflega fram á samráð við annan samningsaðila ef hann telur að ráðstöfun samrýmist ekki þessum samningi.

⁹² Að því er þennan kafla varðar geta hugtökin „samningsaðili“, „deiluaðili“, „umkvörtunaraðili“ og „samningsaðili sem kvörtun beinist gegn“ átt við um einn eða fleiri samningsaðila.

Samningsaðilinn, sem fer fram á samráð, skal jafnframt tilkynna hinum samningsaðilunum skriflega um þá beiðni. Sá samningsaðili sem beiðninni er beint til skal svara henni innan 10 daga frá því að beiðnin berst. Samráð skal fara fram innan sameiginlegu nefndarinnar nema þeir samningsaðilar, sem leggja fram beiðni um samráð eða slíkri beiðni er beint til, komi sér saman um annað.

3. Deiluaðilarnir skulu veita nægilegar upplýsingar til að unnt sé að kanna til fulls hvort viðkomandi ráðstöfun samrýmist þessum samningi eða ekki og fara með hvers kyns trúnaðarupplýsingar, sem skipst er á meðan samráðið varir, á sama hátt og samningsaðilinn sem veitir upplýsingarnar.
4. Deiluaðilarnir skulu ganga til samráðs eigi síðar en 30 dögum eftir að beiðnin berst og innan 15 daga þegar um brýn málefni er að ræða. Samráði skal teljast lokið eigi síðar en 45 dögum eftir að beiðnin berst nema viðkomandi deiluaðilar komi sér saman um annað. Ef báðir deiluaðilar telja að um brýn málefni sé að ræða skal líta svo á að samráði sé lokið eigi síðar en 25 dögum eftir að beiðnin berst nema deiluaðilar komi sér saman um annað.
5. Samráð fer ýmist fram á staðfundum eða eftir öðrum samskiptaleiðum sem viðkomandi deiluaðilar koma sér saman um.
6. Trúnaður skal vera um samráðið og það hefur ekki áhrif á rétt deiluaðilanna við aðra málsmeðferð.
7. Deiluaðilarnir skulu tilkynna hinum samningsaðilunum um gagnkvæmt samkomulag um lausn málsins.

GR. 16.5

Sáttaumleitanir.

1. Deiluaðilum er frjálst að nýta sér málsmeðferð sem felst í sáttaumleitunum ef þeir koma sér saman um það. Þær má hefja og þeim má ljúka hvenær sem er. Þær geta haldið áfram meðan á málsmeðferð stendur á vegum gerðardóms sem stofnaður er í samræmi við þennan kafla.
2. Málsmeðferð, sem felst í sáttaumleitunum, skal vera trúnaðarmál og hefur ekki áhrif á rétt deiluaðila við aðra málsmeðferð.

GR. 16.6

Stofnun gerðardóms.

1. Samningsaðilinn sem leitaði eftir samráði samkvæmt gr. 16.4 (Samráð) getur farið fram á að gerðardómur verði stofnaður ef:

- (a) hinn samningsaðilinn svarar ekki beiðni um samráð innan 10 daga frá því að beiðnin berst eða gengur ekki til samráðs innan 30 daga frá því að beiðnin berst,
 - (b) deiluaðilarnir hafa komið sér saman um að ganga ekki til samráðs eða
 - (c) deiluaðilarnir ná ekki að leysa deiluna með samráði innan 45 daga, eða innan 25 daga í brýnum tilvikum, frá því að beiðni berst um samráð nema deiluaðilarnir hafi komið sér saman um annað.
2. Senda skal skriflega beiðni um stofnun gerðardóms skv. 1. mgr. til þess samningsaðila sem kvörtunin beinist gegn. Í kvörtun sinni skal umkvörtunaraðilinn tilgreina á skýran hátt þá tilteknu ráðstöfun sem um ræðir og leggja fram stutta samantekt um þann lagagrundvöll og staðreyndir sem kvörtunin byggist á.
 3. Senda skal hinum samningsaðilunum afrit af öllum beiðnum um stofnun gerðardóms sem lagðar eru fram skv. 1. mgr.
 4. Ef fleiri en einn samningsaðili leggur fram beiðni um stofnun gerðardóms í tengslum við sama málið eða ef beiðnin tekur til fleiri en eins samningsaðila sem kvörtunin beinist gegn, og ávallt þegar það er framkvæmanlegt, ætti að stofna einn gerðardóm til að rannsaka umkvörtunarefni sem tengjast sama málinu.

Gr. 16.7

Skipan gerðardóms.

1. Þrír gerðardómsmenn skulu skipa gerðardóminn. Einn gerðardómsmannanna skal vera formaður dómsins. Formaður gerðardómsins skal hvorki vera ríkisborgari né hafa fasta búsetu hjá deiluaðila.
2. Þegar samningsaðili sem kvörtun beinist gegn hefur móttengið beiðni um stofnun gerðardóms skulu deiluaðilarnir hafa samráð í því augnamiði að koma sér saman um skipan dómsins.
3. Komist deiluaðilarnir ekki að samkomulagi um gerðardómsmennina, aðra en formann gerðardómsins, innan 10 daga frá því að beiðni berst um stofnun gerðardóms eða ekki hefur náðst skriflegt samkomulag um framlengingu skal hver deiluaðili skipa gerðardómsmann í dóminn. Skipa skal gerðardómsmennina innan 10 daga frá því að fyrstu tímamörk, sem getið er í þessari málsgrein, renna út (eftir framlengingu, hafi hún verið samþykkt).
4. Ef umkvörtunaraðilinn skipar ekki gerðardómsmann sinn í samræmi við 3. mgr. skal málsmeðferðin til lausnar deilumálinu falla niður.

5. Ef sammingsaðili sem kvörtun beinist gegn skipar ekki gerðardómsmann sinn í samræmi við 3. mgr. skal umkvörtunaraðilinn hafa rétt til að fara fram á það, innan 10 daga frá því að önnur tímamörkin sem tilgreind eru í þeirri málsgrein renna út, að tilnefningaryfirvaldið skipi gerðardómsmann innan 15 daga frá viðtöku beiðinnar. Ef umkvörtunaraðilinn leggur ekki fram slíka beiðni skal málsmeðferðin til lausnar deilumálinu falla niður.
6. Ef deiluaðilarnir koma sér ekki saman um formann gerðardómsins innan 50 daga frá því að beiðni berst um að stofna gerðardóm eða ef framlenging hefur ekki verið samþykkt skriflega skulu gerðardómsmennirnir tveir, sem skipaðir eru í samræmi við 2.–5. mgr., skipa þriðja gerðardómsmanninn innan 10 daga frá því að sá síðari af þeim er skipaður og skal sá vera formaður gerðardómsins.
7. Hafi formaðurinn ekki verið skipaður innan seinni tímamarkanna, sem tilgreind eru í 6. mgr., hafa báðir deiluaðilar rétt til að fara fram á það, innan 10 daga, að tilnefningaryfirvaldið skipi þann gerðardómsmann, sem skal vera formaður gerðardómsins, innan 15 daga frá því að beiðnin berst. Ef slík beiðni er ekki lögð fram skal málsmeðferðin til lausnar deilumálinu falla niður.
8. Einstaklingur sem leitað er til í tengslum við mögulega skipun sem gerðardómsmaður skal skýra frá öllum aðstæðum sem eru líklegar til að vekja réttmætar efasemdir um óhlutdrægni eða sjálfstæði hans eða hennar. Gerðardómsmaður skal, allt frá skipun og meðan á málsmeðferð gerðardómsins stendur, skýra deiluaðilunum og hinum gerðardómsmönnum tafarlaust frá slíkum aðstæðum nema þeim hafi þegar verið tilkynnt um þær.
9. Gera má kröfu um að hvaða gerðardómsmaður sem er víki ef deiluaðili telur að aðstæður gefi tilefni til réttmætra efasemda um sjálfstæði eða óhlutdrægni hans eða um að gerðardómsmaðurinn hafi brotið háttarnisreglur á annan hátt. Taki deiluaðili ekki undir kröfuna eða dragi viðkomandi gerðardómsmaður sig ekki í hlé getur sá sem setur kröfuna fram farið þess á leit við tilnefningaryfirvaldið að það skeri úr um hana. Ef fallist er á kröfuna skal varamaður taka sæti viðkomandi gerðardómsmanns.
10. Ef gerðardómsmaður er ekki viðlátinn, dregur sig í hlé eða þarf að víkja skal varamaður valinn í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í þessari grein.
11. Stofndagur gerðardómsins telst vera sá dagur þegar síðasti gerðardómsmaðurinn er skipaður.
12. Aðalframkvæmdastjóri Alþjóðagerðardómsins í Haag skal gegna hlutverki tilnefningaryfirvalds.

Gr. 16.8

Menntun og hæfi gerðardósmanna.

Allir gerðardósmenn skulu:

- (a) vera sérfróðir í alþjóðalögum, alþjóðaviðskiptum, öðrum málefnum sem þessi samningur tekur til eða í úrlausn deilumála sem rísa vegna alþjóðlegra viðskiptasamninga,
- (b) vera óháðir og ekki í tengslum við eða taka við fyrirmælum frá neinum samningsaðila eða hafa fengist við málið á nokkurn hátt,
- (c) starfa á einstaklingsgrundvelli og ekki taka við fyrirmælum frá neinni stofnun eða ríkisstjórn að því er varðar mál sem tengjast deilunni og
- (d) fara að öllum háttænisreglum.

GR. 16.9

Erindisbréf.

1. Erindisbréf gerðardómsins er sem hér segir nema deiluaðilar komi sér saman um annað eigi síðar en 10 dögum eftir að beiðni berst um stofnun gerðardómsins:
 - (a) að rannsaka, í ljósi viðeigandi ákvæða samnings þessa, það eða þau mál sem um getur í beiðninni um stofnun gerðardómsins,
 - (b) að komast að niðurstöðu á grundvelli laga og málsatvika og taka ákvarðanir, settar fram með rökstuðningi, um það hvort viðkomandi ráðstafanir samrýmist viðeigandi ákvæðum samnings þessa. Gerðardómurinn getur lagt fram tillögur um það hvernig samningsaðili sem kvörtun beinist gegn getur komið ákvörðunum til framkvæmda og
 - (c) að leggja fram skriflega skýrslu í samræmi við gr. 16.14 (Skýrslur gerðardóms).
2. Komi deiluaðilar sér saman um annað erindisbréf en það sem um getur í 1. mgr. skulu þeir tilkynna gerðardóminum um samþykkt þess eigi síðar en þremur dögum eftir að þeir hafa gengið frá samkomulagi sínu.

GR. 16.10

Brýn tilvik.

Í brýnum tilvikum, þ.m.t. í tengslum við dagvöru, skulu gerðardómurinn og deiluaðilarnir gera sitt ýtrasta til að hraða málsmeðferðinni eftir því sem framast er unnt. Ef deiluaðili fer fram á það skal gerðardómurinn ákveða, eigi síðar en 10 dögum eftir að hann er stofnaður, hvort deilan varði brýn málefni.

GR. 16.11

Málsmeðferð gerðardóms.

1. Gerðardómurinn skal reglubundið hafa samráð við deiluaðila og veita þeim næg tækifæri til að ná lausn sem gagnkvæm sátt ríkir um. Í þessu sambandi ætti gerðardómurinn alltaf að tryggja að hann deili upplýsingum eða sendi beiðnir til allra deiluaðila á sama tíma.
2. Öll skýrslugjöf til gerðardómsins skal opin almenningi nema deiluaðilarnir komi sér saman um annað eða gerðardómurinn ákveði að skýrslugjöf skuli vera lokuð á meðan fjallað er um trúnaðarupplýsingar. Skýrslugjöf sem fram fer á lokuðum fundi skal háð trúnaðarkvöð.
3. Deiluaðilarnir skulu ákveða í sameiningu hvar skýrslugjöf fer fram. Ef deiluaðilarnir geta ekki komið sér saman um skýrslugjöfina skal hún fara fram í Genf í Sviss.
4. Gerðardómurinn og deiluaðilarnir skulu gæta trúnaðar um hverjar þær upplýsingar sem samningsaðili sendir til dómsins enda hafi sá samningsaðili auðkennt þær sem trúnaðarmál. Þegar sá samningsaðili leggur skriflegar greinargerðir sínar fyrir gerðardóminn í útgáfu sem háð er trúnaðarkvöð skal hann einnig, að beiðni annars samningsaðila, leggja fram samantekt af þeim upplýsingum, sem fram koma í greinargerðum hans, sem er ekki bundin trúnaði og mætti birta almenningi, ásamt útskýringu á því hvers vegna óbirtu upplýsingarnar eru trúnaðarmál.
5. Trúnaður skal ríkja um umfjöllun gerðardómsins.
6. Deiluaðilarnir skulu fá tækifæri til að vera viðstaddir hvers kyns munnlegar greinargerðir, yfirlýsingar, rökstuðning eða framlagningu gagnraka í málsmeðferðinni. Samningsaðili skal senda hinum deiluaðilanum samhliða öll skjöl eða upplýsingar sem hann leggur fyrir gerðardóminn. Skrifleg greinargerð, beiðni, tilkynning eða annað skjal telst mótttekið þegar það hefur verið afhent viðtakanda eftir diplómátskum leiðum.
7. Drög að bráðabirgðaskýrslu og lokaskýrslu skulu gerð að samningsaðilum fjarstöddum og á grundvelli þeirra upplýsinga og yfirlýsinga sem gefnar

hafa verið. Gerðardómsmenn skulu bera fulla ábyrgð á drögum skýrslanna og skulu ekki framselja þá ábyrgð til annars aðila.

8. Gerðardómurinn skal leitast við að taka ákvarðanir sínar, þ.m.t. lokaskýrslu, með samhljóða samþykki. Einnig getur hann tekið ákvarðanir sínar, þ.m.t. lokaskýrslu, með meirihluta atkvæða ef ákvörðun næst ekki með samhljóða samþykki. Ekki skal birta sératkvæði gerðardómsmanna.
9. Ákvarðanir gerðardómsins eru endanlegar og bindandi fyrir deiluaðila. Deiluaðilarnir skulu samþykkja þær án skilyrða. Þær skulu ekki auka við eða draga úr réttindum og skyldum samningsaðila samkvæmt þessum samningi.
10. Samningsaðili, sem er ekki aðili að deilunni, á, eftir að hafa afhent deiluaðilunum skriflega beiðni, rétt á að leggja skriflegar greinargerðir fyrir gerðardóminn, fá skriflegar greinargerðir, þ.m.t. viðauka, frá deiluaðilunum, vera viðstaddur skýrslugjöf og gera munnlegar athugasemdir.

GR. 16.12

Reglur um túlkun.

Gerðardómurinn skal túlka viðeigandi ákvæði samnings þessa í samræmi við hefðbundnar reglur um túlkun þjóðaréttar, þ.m.t. þær sem skráðar eru í Vínarsamningnum um alþjóðasamningarétt. Gerðardómurinn skal einnig taka tillit til viðeigandi túlkana á skýrslum gerðardóms og áfrýjunarnefndar sem samþykktar hafa verið af nefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um lausn ágreiningsmála.

GR. 16.13

Móttaka upplýsinga.

1. Gerðardómurinn getur, að beiðni deiluaðila eða að eigin frumkvæði, leitað eftir viðeigandi upplýsingum frá deiluaðilum sem hann telur nauðsynlegar og við hæfi. Deiluaðilarnir skulu bregðast skjótt og á fullnægjandi hátt við beiðnum um upplýsingar sem gerðardómurinn fer fram á.
2. Gerðardómurinn getur, að beiðni deiluaðila eða að eigin frumkvæði, leitað eftir hverjum þeim upplýsingum sem hann telur viðeigandi, þ.m.t. trúnaðarupplýsingum, frá hvaða heimild sem er. Gerðardómurinn hefur einnig rétt til að leita álits sérfræðinga eftir því sem hann telur viðeigandi.
3. Einstaklingar frá samningsaðila eða lögaðilar með staðfestu hjá samningsaðila geta lagt sérfræðiálit fyrir gerðardóminn.
4. Hverjar þær upplýsingar sem gerðardómurinn aflar samkvæmt þessari grein skulu gerðar aðgengilegar deiluaðilum og þeir geta lagt fyrir dóminn athugasemdir varðandi þær upplýsingar.

GR. 16.14

Skýrslur gerðardóms.

1. Gerðardómurinn skal leggja fyrir deiluaðilanna bráðabirgðaskýrslu þar sem fram koma niðurstöður hans og ákvarðanir, sett fram með rökstuðningi, eigi síðar en 100 dögum eftir að hann er stofnaður.
2. Sérhver deiluaðili getur, eigi síðar en 15 dögum eftir útgáfudag bráðabirgðaskýrslunnar, lagt fyrir gerðardóminn skriflegar athugasemdir og farið fram á að dómurinn endurskoði ákveðna þætti í bráðabirgðaskýrslunni, Eftir umfjöllun um skriflegar athugasemdir og beiðnir frá hverjum deiluaðila varðandi bráðabirgðaskýrsluna er gerðardóminum heimilt að breyta skýrslunni og rannsaka málið frekar ef hann telur slíkt viðeigandi.
3. Í brýnum tilvikum:
 - (a) skal gerðardómurinn gera sitt ýtrasta til að leggja fram bráðabirgðaskýrslu sína eigi síðar en 60 dögum eftir að hann er stofnaður og
 - (b) skal hver deiluaðili gera sitt ýtrasta til að leggja fyrir gerðardóminn, eigi síðar en tíu dögum eftir útgáfudag bráðabirgðaskýrslunnar, skriflegar athugasemdir eða beiðnir um endurskoðun ákveðinna þátta í bráðabirgðaskýrslunni.
4. Gerðardómurinn skal leggja fyrir deiluaðilana lokaskýrslu sína eigi síðar en 30 dögum eftir útgáfudag bráðabirgðaskýrslunnar.
5. Í brýnum tilvikum skal gerðardómurinn gera sitt ýtrasta til að leggja lokaskýrslu sína fram eigi síðar en 15 dögum eftir útgáfudag bráðabirgðaskýrslunnar.
6. Í lokaskýrslunni skal fjalla um þær skriflegu athugasemdir og beiðnir sem deiluaðilarnir hafa lagt fram varðandi bráðabirgðaskýrsluna.
7. Deiluaðilarnir skulu gera lokaskýrsluna aðgengilega öllum í heild sinni eigi síðar en 10 dögum eftir útgáfudag hennar, með fyrirvara um vernd trúnaðarupplýsinga.

GR. 16.15

Farið að tilmælum lokaskýrslunnar.

1. Sá samningsaðili sem kvörtunin beinist gegn skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fara þegar í stað og í góðri trú að tilmælum lokaskýrslunnar sem lögð er fram samkvæmt gr. 16.14 (Skýrslur gerðardóms).

2. Ef ekki reynist framkvæmanlegt að fara að tilmælunum án tafar skal samningsaðilinn, sem kvörtunin beinist gegn, tilkynna umkvörtunaraðilanum, eigi síðar en 30 dögum eftir útgáfudag lokaskýrslunnar, um hæfilegan frest til að fara að tilmælum lokaskýrslunnar og deiluaðilarnir skulu leitast við að ná samkomulagi um hæfilegan frest til að fara að þeim. Ef deiluaðilarnir koma sér ekki saman um hæfilegan frest er umkvörtunaraðilanum heimilt, eigi síðar en 20 dögum eftir viðtökudag tilkynningar samningsaðilans, sem kvörtunin beinist gegn, í samræmi við fyrsta málslið þessarar málsgreinar, að fara þess skriflega á leit við upphaflega gerðardóminn⁹³ að hann ákveði hæfilegan frest. Tilkynna skal þeim samningsaðila sem kvörtunin beinist gegn um slíka beiðni á sama tíma. Upphaflegi gerðardómurinn skal tilkynna deiluaðilunum um ákvörðun sína eigi síðar en 30 dögum eftir framlagningardag beiðninnar.

GR. 16.16

Skoðun á því hvort tilmælum hafi verið fylgt.

1. Samningsaðilinn, sem kvörtunin beinist gegn, skal tilkynna umkvörtunaraðilanum, eigi síðar en daginn sem hæfilegi fresturinn til að fara að tilmælum lokaskýrslunnar rennur út, um hvers kyns ráðstafanir sem gripið hefur verið til í því skyni að fara að tilmælum lokaskýrslunnar.
2. Ef upp kemur ósamkomulag um það hvort fyrir liggi ráðstafanir til að fara að tilmælum lokaskýrslunnar eða hvort þær samrýmist tilmælum lokaskýrslunnar getur umkvörtunaraðilinn farið þess skriflega á leit við upphaflega gerðardóminn að taki málið til skoðunar. Á sama tíma skal tilkynna samningsaðilanum, sem kvörtunin beinist gegn, um beiðnina.
3. Í beiðninni sem um getur í 2. mgr. skal setja fram þann lagagrundvöll og staðreyndir sem kvörtunin byggist á, þ.m.t. þær sértæku ráðstafanir sem um ræðir, þannig að það komi skýrt fram hvernig slíkar ráðstafanir samrýmast ekki tilmælum lokaskýrslunnar.
4. Gerðardómurinn skal tilkynna deiluaðilunum um ákvörðun sína eigi síðar en 90 dögum eftir að málinu, sem um getur í 2. mgr., er vísað til hans.

GR. 16.17

Tímabundin úrræði ef ekki er farið að tilmælum.

1. Sá samningsaðili sem kvörtunin beinist gegn skal, að beiðni umkvörtunaraðilans, ganga til samráðs í því augnamiði að ná samkomulagi um bætur sem gagnkvæm sátt ríkir um eða annað fyrirkomulag ef:

⁹³ Til að taka af vafa skulu tilvísanir í upphaflega gerðardóminn í þessum kafla einnig eiga við um varamenn sem hafa verið tilnefndir skv. 10. mgr. í gr. 16.7 (Skipan gerðardóms).

- (a) upphaflegi gerðardómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að samningsaðilinn sem kvörtun beinist gegn hafi ekki farið að tilmælum lokaskýrslunnar, í samræmi við gr. 16.16 (Skoðun á því hvort tilmælum hafi verið fylgt),
 - (b) samningsaðilinn sem kvörtunin beinist gegn tilkynnir ekki um neina ráðstöfun sem gerð hefur verið til að fara að tilmælum lokaskýrslunnar, áður en hæfilegi fresturinn rennur út, eða
 - (c) samningsaðilinn sem kvörtunin beinist gegn tilkynnir umkvörtunaraðilanum um að hann ætli ekki, eða að ekki verði gerlegt að fara að tilmælum lokaskýrslunnar innan hæfilega frestsins sem ákveðinn var í samræmi við 2. mgr. í gr. 16.15 (Farið að tilmælum lokaskýrslunnar).
2. Þegar umkvörtunaraðilinn ákveður að leggja ekki fram beiðni í samræmi við 1. mgr. í tilvikum þar sem eitthvert skilyrðanna í a- til c-lið 1.mgr. er uppfyllt eða ef beiðni er lögð fram og ekki hefur verið samið um bætur sem gagnkvæm sátt ríkir um eða annað fyrirkomulag innan 20 daga frá því að beiðnin, sem gerð var í samræmi við 1. mgr., berst getur umkvörtunaraðilinn tilkynnt þeim samningsaðila, sem kvörtunin beinist gegn, skriflega um þau áform sín að fresta gagnvart þeim sama samningsaðila ívilnunum eða öðrum skuldbindingum sem felast í þessum samningi. Í tilkynningunni skal tilgreina umfang fyrirhugaðrar frestunar ívilnana eða annarra skuldbindinga.
 3. Umkvörtunaraðilinn skal eiga rétt á að hrinda í framkvæmd þessari frestun ívilnana eða annarra skuldbindinga 15 dögum eftir að samningsaðilinn, sem kvörtunin beinist gegn, tók við tilkynningunni nema samningsaðilinn sem kvörtunin beinist gegn hafi farið fram á gerðardóm í samræmi við 6. mgr.
 4. Þegar umkvörtunaraðilinn íhugar hvaða ívilnunum eða öðrum skuldbindingum skal fresta skal hann beita eftirfarandi meginreglum og aðferðum:
 - (a) almenna meginreglan er sú að umkvörtunaraðilinn eigi fyrst að leitast við að fresta ívilnunum eða öðrum skuldbindingum á því sviði eða sviðum sem gerðardómurinn hefur úrskurðað að samrýmist ekki þessum samningi,
 - (b) ef hann álitur að ekki sé framkvæmanlegt eða skilvirkt að fresta ívilnunum eða öðrum skuldbindingum á því eða þeim sviðum getur hann leitast við að fresta ívilnunum eða öðrum skuldbindingum á öðru sviði eða sviðum sem falla undir lausn deilumála í samræmi við gr. 16.2 (Gildissvið) og
 - (c) ekki er heimilt að fresta ívilnunum eða öðrum skuldbindingum skv. 3. kafla (Þjónusta og fjárfestingar) á sviði fjármálaþjónustu samkvæmt þessari grein nema lokaskýrslan, sem um getur í gr. 16.14 (Skýrslur

gerðardóms), fjalli um túlkun og beitingu ívilnana eða annarra skuldbindinga skv. 3. kafla (Þjónusta og fjárfestingar) á sviði fjármálaþjónustu.

5. Frestun ívilnana eða annarra skuldbindinga eða bóta eða annars fyrirkomulags skal vera tímabundin og einungis gilda þar til ráðstöfunin, sem er samkvæmt lokaskýrslunni ekki í samræmi við þennan samning, hefur verið fjarlægð eða deiluaðilar hafa leyst deiluna á annan hátt.
6. Ef sá samningsaðili, sem kvörtunin beinist gegn, telur að frestun ívilnana eða annarra skuldbindinga sé ekki í samræmi við 4. mgr. getur hann, eigi síðar en 15 dögum eftir viðtökudag tilkynningarinnar sem um getur í 2. mgr., farið þess skriflega á leit við upprunalega gerðardóminn að hann skoði málið. Tilkynna skal umkvörtunaraðilanum um slíka beiðni á sama tíma. Upphaflegi gerðardómurinn skal tilkynna deiluaðilum um ákvörðun sína eigi síðar en 30 dögum eftir framlagningardag beiðninnar. Ekki skal fresta ívilnunum eða öðrum skuldbindingum fyrr en upphaflegi gerðardómurinn hefur tilkynnt um ákvörðun sína. Frestun ívilnana eða annarra skuldbindinga skal vera í samræmi við ákvörðunina.

GR. 16.18

Skoðun á því hvort reglum sé fylgt eftir samþykkt tímabundinna úrræða.

Upphaflegi gerðardómurinn skal, að beiðni deiluaðila, fella úrskurð um það hvort ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í því skyni að fara að tilmælum lokaskýrslunnar, sem samþykkt var eftir frestun ívilnana eða annarra skuldbindinga, eða bóta eða annars fyrirkomulags, séu í samræmi við lokaskýrsluna og hvort rétt sé, í ljósi fyrrnefnds úrskurðar, að aflétta eða breyta frestun ívilnana eða annarra skuldbindinga eða bóta eða annars fyrirkomulags. Gerðardómurinn ætti að fella úrskurð sinn innan 30 daga frá viðtöku fyrrnefndrar beiðni.

GR. 16.19

Frestun og lok málsmeðferðar.

1. Ef deiluaðilarnir eru einhuga um það getur gerðardómur hvenær sem er gert hlé á starfi sínu, þó ekki lengur en í 12 mánuði. Gerðardómurinn skal halda málsmeðferð áfram hvenær sem er að framkominni sameiginlegri beiðni deiluaðila eða við lok þess frests sem samþykktur var að skriflegri beiðni eins þeirra. Hafi hlé á störfum gerðardóms varað lengur en í 12 mánuði fellur umboð gerðardómsins til að fjalla um deiluna úr gildi nema deiluaðilar hafi komið sér saman um annað.

2. Deiluaðilarnir geta hvenær sem er samþykkt að meðferð gerðardómsins verði hætt. Deiluaðilarnir skulu tilkynna formanni gerðardómsins sameiginlega um slíkt samkomulag.

GR. 16.20

Stjórnsýsla vegna málsmeðferðar við lausn deilumáls.

Deiluaðilarnir geta komið sér saman um að fela í sameiningu utanaðkomandi aðila að styðja við ákveðin stjórnsýsluverkefni í málsmeðferðinni við lausn deilumáls samkvæmt þessum kafla.

GR. 16.21

Lausn sem gagnkvæm sátt ríkir um.

1. Deiluaðilarnir geta hvenær sem er komið sér saman um lausn sem gagnkvæm sátt ríkir um að því er varðar hver þau deilumál sem um getur í gr. 16.2 (Gildissvið).
2. Ef lausn sem gagnkvæm sátt ríkir um næst meðan á málsmeðferð gerðardóms eða sáttameðferð stendur skulu deiluaðilarnir tilkynna í sameiningu þá lausn sem sátt ríkir um til formanns gerðardómsins eða sáttamiðlarans og hinna samningsaðilanna. Þegar slík tilkynning berst skal málsmeðferð gerðardómsins eða sáttameðferðinni hætt.

GR. 16.22

Val varnarþings.

1. Ef deila vegna sama máls rís bæði samkvæmt þessum samningi og samkvæmt öðrum alþjóðlegum viðskiptasamningi sem deiluaðilar eru aðilar að, þ.m.t. samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina, er umkvörtunaraðilanum heimilt að velja á hvaða vettvangi deilan verður leyst.
2. Þegar samningsaðili hefur valið vettvang og hafið málsmeðferð til lausnar deilumálinu skal samningsaðilinn ekki hefja málsmeðferð til lausnar deilumálinu samkvæmt þessum kafla eða öðrum alþjóðasamningi sem um getur í 1. mgr. nema niðurstaða náist ekki á þeim vettvangi sem fyrst var valinn vegna lögsögu eða málsmeðferðar.
3. Að því er 2. mgr. varðar:
 - (a) telst málsmeðferð til lausnar deilumáli samkvæmt þessum kafla hafin þegar samningsaðili fer fram á stofnun gerðardóms í samræmi við 1. mgr. í gr. 16.6 (Stofnun gerðardóms),

- (b) telst málsmeðferð til lausnar deilumáli samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hafin þegar samningsaðili fer fram á stofnun gerðardóms í samræmi við 6. gr. samkomulagsins um lausn deilumála og
- (c) telst málsmeðferð til lausnar deilumáli samkvæmt öðrum viðskiptasamningum hafin þegar samningsaðili fer fram á stofnun sáttanefndar í samræmi við viðeigandi ákvæði þess samnings.

GR. 16.23

Tímamörk.

1. Öll tímamörk sem mælt er fyrir um í þessum kafla, þ.m.t. tímamörk sem gerðardómar fá til að tilkynna úrskurði sína, skulu talin í almanaksdögum og telst fyrsti dagur vera næsti dagur á eftir þeirri aðgerð eða staðreynd sem þeir vísa til.
2. Heimilt er að breyta tímamörkum, sem um getur í þessum kafla, vegna tiltekinnar deilu með samkomulagi deiluaðila. Gerðardómurinn getur hvenær sem er lagt það til við deiluaðila að þeir breyti tímamörkum sem um getur í þessum kafla og sett fram ástæður fyrir þeirri tillögu.
3. Telji gerðardómur að hann geti ekki haldið sig innan þeirra tímamarka sem honum ber að virða samkvæmt þessum kafla skal hann upplýsa deiluaðilana skriflega um það og meta hversu langur viðbótartími er nauðsynlegur. Nauðsynlegur viðbótartími ætti ekki að vera lengri en 30 dagar.

GR. 16.24

Kostnaður.

Deiluaðilarnir skulu skipta kostnaði gerðardómsins, þ.m.t. þóknun til gerðardómsmanna, jafnt á milli sín nema þeir komi sér saman um annað.

GR. 16.25

Starfsreglur og háttænisreglur.

Málsmeðferð gerðardómsins, sem kveðið er á um í þessum kafla, skal fara fram í samræmi við starfsreglur gerðardóms og háttænisreglur fyrir gerðardómsmenn sem sameiginlega nefndin skal samþykkja á fyrsta fundi sínum.

17. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

GR. 17.1

Viðaukar og viðbætar.

Viðaukarnir og viðbæturnir við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans.

GR. 17.2

Breytingar.

1. Samningsaðilarnir geta gert með sér skriflegt samkomulag um breytingar á samningi þessum.
2. Ef ekki er gert samkomulag um annað skulu breytingar öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir þann dag þegar minnst eitt EFTA-ríki innan EES og Bretland hafa sent vörsluaðila tilkynningu þar sem staðfest er að þau hafi uppfyllt innlend skilyrði sín og lokið málsmeðferð.
3. Í tengslum við það þegar EFTA-ríki innan EES sendir vörsluaðila tilkynningu þar sem staðfest er að það hafi uppfyllt innlend skilyrði sín og lokið málsmeðferð eftir þann dag þegar a.m.k. eitt EFTA-ríki innan EES og Bretland hafa sent vörsluaðilanum tilkynningu skal breytingin öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir tilkynninguna um að innlend skilyrði hafi verið uppfyllt og málsmeðferð sé lokið.
4. Þrátt fyrir 1.–3. mgr. getur sameiginlega nefndin ákveðið að gera breytingar á viðaukunum og viðbætunum við þennan samning. Ákvörðunin skal öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir þann dag þegar a.m.k. eitt EFTA-ríki innan EES og Bretland hafa sent vörsluaðilanum tilkynningu þar sem staðfest er að þau hafi uppfyllt innlend skilyrði sín og lokið málsmeðferð nema annað sé tekið fram í ákvörðuninni. Í tengslum við það að EFTA-ríki innan EES tilkynni vörsluaðila um slíka uppfyllingu og lok eftir þann dag þegar a.m.k. eitt EFTA-ríki innan EES og Bretland hafa sent vörsluaðilanum tilkynningu skal ákvörðunin öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir tilkynninguna.

5. Breytingar, sem varða málefni sem tengjast aðeins einu eða nokkrum EFTA-ríkjum innan EES og Bretlandi, skulu samþykktar af hálfu hlutaðeigandi samningsaðila.
6. Textar breytinganna og tilkynningarnar um að innlend skilyrði séu uppfyllt og málsmeðferð lokið skulu afhentar vörsluaðila til vörslu.
7. Samningsaðili getur beitt breytingu til bráðabirgða með fyrirvara um innlend skilyrði vegna bráðabirgðabeitingar. Tilkynna skal vörsluaðilanum um beitingu breytinga til bráðabirgða. Slík bráðabirgðabeiting skal taka gildi milli Bretlands og EFTA-ríkis innan EES á þeim degi þegar þau hafa bæði afhent vörsluaðilanum tilkynningar sínar.
8. Sérhver samningsaðili getur hætt bráðabirgðabeitingu breytingar á þessum samningi með skriflegri tilkynningu til vörsluaðilans. Slík lok skulu taka gildi:
 - (a) milli Bretlands og EFTA-ríkis innan EES á fyrsta degi annars mánaðar eftir dagsetningu slíkrar tilkynningar EFTA-ríkis innan EES eða
 - (b) milli allra samningsaðila sem hafa beitt breytingunni til bráðabirgða á fyrsta degi annars mánaðar eftir slíka tilkynningu Bretlands.

GR. 17.3

Úrsögn og gildislok.

1. Sérhver samningsaðili getur sagt sig frá samningi þessum með skriflegri tilkynningu til vörsluaðilans. Úrsögnin tekur gildi 12 mánuðum eftir þann dag þegar vörsluaðilinn veitir tilkynningunni viðtöku nema samningsaðilarnir komi sér saman um annað.
2. Segi Bretland sig frá samningi þessum skal hann falla úr gildi þegar úrsögn þess tekur gildi.

GR. 17.4

Endurskoðun.

1. Samningsaðilarnir skulu framkvæma almenna endurskoðun á framkvæmd og rekstri þessa samnings á tíunda ári eftir gildistöku þessa samnings eða þegar samningsaðilarnir koma sér saman um slíka endurskoðun.

2. Þessi grein skal vera með fyrirvara um önnur endurskoðunarákvæði þessa samnings.

GR. 17.5

Gildistaka.

1. Þessi samningur skal öðlast gildi gagnvart þeim samningsaðilum sem þá hafa sent vörsluaðilanum tilkynningu þar sem staðfest er að þeir hafi uppfyllt innlend skilyrði sín og lokið málsmeðferð og að því tilskildu að a.m.k. eitt EFTA-ríki innan EES og Bretland séu meðal þeirra ríkja sem sent hafa vörsluaðilanum tilkynningu þar sem staðfest er að þau hafi uppfyllt innlend skilyrði sín og lokið málsmeðferð, á fyrsta degi næsta mánaðar eftir þann dag þegar samningsaðilarnir hafa afhent vörsluaðilanum skriflegar tilkynningar sínar.
2. Í tengslum við að EFTA-ríki innan EES sendi vörsluaðila tilkynningu þar sem staðfest er að það hafi uppfyllt innlend skilyrði sín og lokið málsmeðferð vegna gildistöku þessa samnings eftir þann dag þegar a.m.k. eitt EFTA-ríki innan EES og Bretland hafa sent vörsluaðilanum tilkynningu skal samningur þessi öðlast gildi í tengslum við slíkt EFTA-ríki innan EES á fyrsta degi næsta mánaðar eftir þann dag sem vörsluaðilinn veitti tilkynningunni viðtöku.
3. Samningsaðili getur samþykkt bráðabirgðabeitingu þessa samnings með fyrirvara um innlend skilyrði og málsmeðferð vegna bráðabirgðabeitingar. Tilkynna skal vörsluaðilanum um beitingu þessa samnings til bráðabirgða. Slík bráðabirgðabeiting skal taka gildi milli Bretlands og EFTA-ríkis innan EES á þeim degi þegar þau hafa bæði afhent vörsluaðilanum tilkynningar sínar.
4. Samningsaðili getur hætt bráðabirgðabeitingu sinni á þessum samningi með skriflegri tilkynningu til vörsluaðilans. Slík lok skulu taka gildi:
 - (a) milli Bretlands og EFTA-ríkis innan EES á fyrsta degi annars mánaðar eftir dagsetningu slíkrar tilkynningar EFTA-ríkis innan EES eða
 - (b) milli allra samningsaðila sem hafa beitt samningnum til bráðabirgða á fyrsta degi annars mánaðar eftir slíka tilkynningu Bretlands.

GR. 17.6

Vörsluaðili.

Ríkisstjórn Noregs skal vera vörsluaðili.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Lundúnum 8. júlí 2021 í einu frumriti á ensku sem skal afhent vörsluaðilanum til vörslu sem sendir öllum samningsaðilunum staðfest endurrit.

Fyrir hönd Íslands

Fyrir hönd Sameinaða
konungsríkisins Stóra-Bretlands og
Norður-Írlands

.....

.....

Fyrir hönd Furstadæmisins Liechtensteins

.....

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

.....

I. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 1. MGR. Í GR. 2.20 (VIÐAUKAR) Í ÞÆTTI 2.1
(ALMENN ÁKVÆÐI UM VÖRUVIÐSKIPTI) Í 2. KAFLA
(VÖRUVIÐSKIPTI)

- APPENDIX 1: ENDURSKOÐAÐAR REGLUR UM SKRÁNA Í
SAMNINGI EVRÓPU OG MIÐJARÐARHAFSLANDA
(PEM), 1 af 2
- APPENDIX 2: ENDURSKOÐAÐAR REGLUR UM SKRÁNA Í
SAMNINGI EVRÓPU OG MIÐJARÐARHAFSLANDA
(PEM), 2 af 2
- APPENDIX 3: SKRÁ SEM UM GETUR Í 8. GR.
- APPENDIX 4: UPPRUNAYFIRLÝSING
- APPENDIX 5: YFIRLÝSING BIRGIS
- APPENDIX 6: LANGTÍMAYFIRLÝSING BIRGIS

I. VIÐAUKI

UM UPPRUNAREGLUR

SEM UM GETUR Í 1. MGR. Í GR. 2.20 (VIÐAUKAR) Í ÞÆTTI 2.1 (ALMENN ÁKVÆÐI UM VÖRUVIÐSKIPTI) Í 2. KAFLA (VÖRUVIÐSKIPTI)

I. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. GR.

Skilgreiningar

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- (a) „kaflar“, „vöruliðir“ og „undirliðir“: kaflar, vöruliðir og undirliðir (tveggja, fjögurra eða sex tölustafa númer) sem notaðir eru í samræmdu tollskránni,
- (b) „flokkað“: flokkun vöru undir tilteknum vörulið eða undirlið í samræmdu tollskránni,
- (c) „vörusending“: framleiðsluvörur sem eru annaðhvort:
 - (i) sendar samtímis frá einum útflytjanda til eins viðtakanda eða
 - (ii) vörur sem hafðar eru á sama flutningsskjali vegna flutnings frá útflytjanda til viðtakanda eða á sama vöruheitningi ef flutningsskjal er ekki fyrir hendi,
- (d) „tollverð“: verð sem ákveðið er í samræmi við samninginn um framkvæmd VII. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 (samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tollverðsákvörðun),
- (e) „verksmiðjuverð“: verð sem framleiðanda hjá samningsaðila er greitt fyrir framleiðsluvöruna frá verksmiðju hafi lokaadvinnsla vörunnar farið fram í fyrirtæki hans, að því tilskildu að í verðinu sé innifalið verðmæti alls efnis sem notað er og allur annar kostnaður við framleiðslu hennar, að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má þegar varan, sem er fengin, er flutt út. Ef gerður hefur verið undirverktakasamningur um lokaadvinnsluna vísar hugtakið „framleiðandi“ til fyrirtækisins sem ræður undirverktakann. Ef raunverulegt verð sem greitt er endurspeglar ekki

allan þann kostnað við framleiðslu vörunnar sem stofnað er til í reynd hjá samningsaðila merkir „verksmiðjuverð“ summu alls þessa kostnaðar, að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má þegar varan, sem er fengin, er flutt út,

- (f) „jafngeng efni“ eða „jafngeng framleiðsluvara“: efni eða framleiðsluvara sem eru sams konar og af sömu gæðum í viðskiptalegu tilliti, með sömu tæknilegu og efnislegu eiginleikana, og verða ekki greind sundur,
- (g) „vara“: bæði efni og framleiðsluvara,
- (h) „framleiðsla“: hvers konar aðvinnsla, þ.m.t. samsetning,
- (i) „efni“: hvers konar efnispáttur, hráefni, íhluti eða hluti o.s.frv. sem notað er við framleiðslu vörunnar,
- (j) „hámarksinnihald efna sem ekki eru upprunaefni“: hámarksinnihald efna sem ekki eru upprunaefni sem leyfilegt er svo hægt sé að líta á framleiðslu sem fullnægjandi aðvinnslu til að veita framleiðsluvörunni upprunaréttindi. Það má setja fram sem hundraðshluta af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar eða hundraðshluta af nettóþyngd efnanna sem falla undir tiltekinn flokk af köflum, kafla, vörulið eða undirlið,
- (k) „framleiðsluvara“: vara sem er framleidd, jafnvel þótt fyrirhugað sé að nota hana við annars konar framleiðslu síðar,
- (l) „virðisauki“: verksmiðjuverð framleiðsluvörunnar að frádregnu tollverði hvers efnis sem er notað og upprunnið er hjá hinum samningsaðilunum þar sem uppsöfnun á við eða, ef tollverð er ekki þekkt eða ekki verður sýnt fram á hvert það er, fyrsta verði sem sýnt er fram á að greitt hafi verið fyrir efnin hjá útflutningssamningsaðilanum og
- (m) „verðmæti efna sem eru ekki upprunaefni“: tollverð við innflutning á efnum sem eru notuð en eru ekki upprunaefni eða, ef það er ekki þekkt og ekki verður sýnt fram á hvert það er, fyrsta verð sem sýnt er fram á að greitt hafi verið fyrir efnið sem er ekki upprunaefni hjá útflutningssamningsaðilanum. Ef ákvarða þarf verðmæti upprunaefna sem notuð eru skal þessi liður gilda að breyttu breytanda.

II. BÁLKUR

SKILGREINING HUGTAKSINS „UPPRUNAVÖRUR“

2. GR.

Almennar kröfur

Eftirtaldar framleiðsluvörur skulu, við framkvæmd þessa samnings, teljast upprunnar hjá samningsaðila:

- (a) framleiðsluvörur að öllu leyti fengnar hjá samningsaðila í skilningi 3. gr. (Að öllu leyti heimaefngnar framleiðsluvörur),
- (b) framleiðsluvörur fengnar hjá þeim samningsaðila sem í eru notuð efni sem eru ekki upprunaefni, að því tilskildu að slík efni hafi fengið fullnægjandi aðvinnslu hjá samningsaðilanum í skilningi 5. gr. (Fullnægjandi aðvinnsla) og
- (c) framleiðsluvörur sem eingöngu eru framleiddar úr upprunaefnum.

3. GR.

Að öllu leyti heimaefngnar framleiðsluvörur

- 1. Eftirfarandi skal talið að öllu leyti fengið hjá samningsaðila:
 - (a) jarðefni og náttúrulegt vatn, unnið úr jörðu eða hafsbotni þar,
 - (b) plöntur, þ.m.t. vatnaplöntur, og vörur úr jurtaríkinu sem þar eru ræktaðar eða skornar upp,
 - (c) lifandi dýr sem þar eru borin og alin,
 - (d) afurðir lifandi dýra sem þar eru alin,
 - (e) afurðir aflífaðra dýra sem þar eru borin og alin,
 - (f) veiðibráð og fiskafurðir sem aflað er með veiðum þar,
 - (g) afurðir sem fengnar eru úr lagareldi þar¹,

1 Ákvæði g-liðar á við ef vatnalífverur, þ.m.t. fiskur, lindýr, krabbadýr, aðrir vatnahryggleysingjar og vatnaplöntur, eru klakin eða áframalin, s.s. úr eggjum, hrognum og frá seiðum, smáfiski, lirfum, smáseiðum eða gönguseiðum með íhlutun í eldis- eða vaxtarferlinu til að auka framleiðslu t.d. með reglulegri endurnýjun stofns, fóðrun eða vernd gegn rándýrum.

- (h) sjávarafurðir og aðrar afurðir sem skip hans draga úr sjó utan landhelgi,
 - (i) vörur framleiddar um borð í verksmiðjuskipum hans, eingöngu úr afurðum sem um getur í h-lið,
 - (j) úrgangur og rusl sem til fellur vegna framleiðslustarfsemi þar,
 - (k) notaðar framleiðsluvörur sem þar er safnað og eingöngu er unnt að nota til að vinna hráefni úr,
 - (l) framleiðsluvörur unnar úr yfirborðslögum eða undirlögum hafsbotsins utan landhelgi þess en þar sem fyrir hendi er einkaréttur til nýtingar og
 - (m) vörur sem þar eru framleiddar eingöngu úr þeim framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í a- til l-lið.
2. Orðin „skip hans“ og „verksmiðjuskip hans“ í h- og i-lið 1. mgr., eftir því sem við á, eiga aðeins við um skip og verksmiðjuskip sem uppfylla sérhverja eftirfarandi kröfu:
- (a) sem eru skráð hjá útflutnings- eða innflutningssamningsaðilanum og
 - (b) sem sigla undir fána útflutnings- eða innflutningssamningsaðilans.

4. GR.

Endurheimt efni og endurframleiddar vörur

1. Endurheimt efni er skilgreint sem efni sem er endurheimt úr notuðum vörum hjá einum eða fleiri samningsaðilum, að því tilskildu að slíkar vörur sé eingöngu unnt að nota í slíka endurheimt.
2. Sérhver samningsaðili skal kveða á um að:
 - (a) litið skuli á endurheimt efni sem upprunaefni þegar það er notað í framleiðslu á og bætt í endurframleidda vöru,
 - (b) einungis skuli litið á endurframleidda vöru sem upprunavöru ef hún uppfyllir viðeigandi upprunareglu fyrir sambærilega vöru þegar hún er ný og
 - (c) einungis skuli litið á endurheimt efni, sem ekki er bætt í endurframleidda vöru hjá einum af samningsaðilunum, sem upprunaefni ef það uppfyllir viðeigandi upprunareglu fyrir sambærilega vöru þegar hún er ný.

Fullnægjandi aðvinnsla

1. Með fyrirvara um 3. mgr. og 7. gr. (Ófullnægjandi aðvinnsla) skulu framleiðsluvörur, sem eru ekki að öllu leyti fengnar hjá samningsaðila, teljast hafa hlotið fullnægjandi aðvinnslu hafi skilyrðunum sem mælt er fyrir um í skránni í 2. viðbæti við þennan viðauka verið fullnægt að því er viðkomandi vörur varðar.
2. Ef framleiðsluvara sem öðlast hefur upprunaréttindi hjá samningsaðila í samræmi við 1. mgr. er notuð sem efni í framleiðslu á annarri framleiðsluvöru skal ekki taka tillit til efna sem kunna að hafa verið notuð við framleiðslu hennar og eru ekki upprunaefni.
3. Taka skal ákvörðun um hvort kröfur 1. mgr. hafi verið uppfylltar fyrir hverja framleiðsluvöru.
4. Ef viðkomandi regla er hins vegar byggð á því að farið sé að skilyrðum um hámarksinnihald efna sem ekki eru upprunaefni geta töllyfirvöld samningsaðilanna heimilað útflytjendum að reikna út verksmiðjuverð framleiðsluvaranna og verðmæti efna sem ekki eru upprunaefni á grundvelli meðaltals, eins og fram kemur í 4. mgr., til þess að taka tillit til sveiflna í kostnaði og í gengi gjaldmiðla.
5. Þegar annar málsliður 3. mgr. á við skal reikna út meðaltal verksmiðjuverðs framleiðsluvörunnar og meðalverðmæti efna sem eru notuð en eru ekki upprunaefni, eftir því sem við á, á grundvelli summu verksmiðjuverðs fyrir alla sölu á framleiðsluvörunum á fyrra reikningsári og summu verðmætis alls efnis, sem ekki er upprunaefni og notað er í framleiðslu framleiðsluvaranna á fyrra reikningsári, eins og það er skilgreint hjá útflutningssamningsaðilanum eða, ef tölur fyrir heilt reikningsár liggja ekki fyrir, á styttra tímabili sem skal vera a.m.k. þrjú mánuðir.
6. Útflytjendur, sem hafa valið að nota útreikning á meðaltalsgrunni, skulu gæta þess að beita slíkri aðferð með samræmdum hætti á næsta ári á eftir viðmiðunarreikningsárinu eða, eftir því sem við á, næsta ári á eftir styttra tímabili sem er notað sem viðmiðun. Þeir geta hætt að beita þeirri aðferð ef þeir skrá, á tilteknu reikningsári eða styttra viðmiðunartímabili sem er a.m.k. þrjú mánuðir, að sveiflur í kostnaði eða gengi gjaldmiðla, sem réttlættu notkun slíkrar aðferðar, séu ekki lengur fyrir hendi.
7. Nota skal meðaltölin sem um getur í 4. mgr. sem verksmiðjuverð og verðmæti efna sem ekki eru upprunaefni, eftir því sem við á, í þeim tilgangi að koma á samræmi við skilyrðið um hámarksinnihald efna sem ekki eru upprunaefni.

6. GR.

Regla um vikmörk

1. Þrátt fyrir 5. gr. og með fyrirvara um 2. og 3. mgr. þessarar greinar má engu að síður nota efni sem ekki eru upprunaefni, sem samkvæmt skilyrðunum í skránni í 2. viðbæti við þennan viðauka er óheimilt að nota við framleiðslu tiltekinnar framleiðsluvöru, að því tilskildu að samanlögð nettóþyngd þeirra eða metið verðmæti af framleiðsluvörunni fari ekki yfir:
 - (a) 15% af nettóþyngd framleiðsluvöru sem fellur undir 2. kafla og 4.–24. kafla, þó ekki unnar fiskafurðir í 16. kafla,
 - (b) 15% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar að því er varðar aðrar framleiðsluvörur en þær sem falla undir a-lið.
2. Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um framleiðsluvörur sem falla undir 50.–63. kafla en þau vikmörk sem getið er í skýringum 6 og 7 í 1. viðbæti við þennan viðauka skulu gilda um þær.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki heimila að farið sé yfir þær hundraðshlutatölur hámarksinnihalds efna sem eru ekki upprunaefni sem tilgreindar eru í reglunum sem mælt er fyrir um í skránni í 2. viðbæti við þennan viðauka.
4. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um framleiðsluvörur sem eru að öllu leyti fengnar hjá samningsaðila í skilningi 3. gr. (Að öllu leyti heimaþengnar framleiðsluvörur). Með fyrirvara um 7. gr. (Ófullnægjandi aðvinnsla) og 9. gr. (Skilgreiningareining) skulu vikmörkin sem kveðið er á um í þessum ákvæðum þó engu að síður gilda um framleiðsluvöru ef reglan, sem mælt er fyrir um í skránni í 2. viðbæti við þennan viðauka, krefst þess að efnin, sem notuð eru við framleiðslu vörunnar, séu að öllu leyti heimaþengin.

7. GR.

Ófullnægjandi aðvinnsla

1. Með fyrirvara um 2. mgr. teljast eftirfarandi aðgerðir vera ófullnægjandi aðvinnsla sem ekki veitir upprunaréttindi óháð því hvort kröfum 5. gr. (Fullnægjandi aðvinnsla) hafi verið fullnægt:
 - (a) aðgerðir til að tryggja að framleiðsluvörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur,
 - (b) uppskipting og sameining pakkninga,
 - (c) þvottur, hreinsun; ryk, ryð, olía, málning og annað yfirborðsefni fjarlægt,

- (d) straujun eða pressun spunaefna,
 - (e) einfaldar aðgerðir til að mála og fægja,
 - (f) afhýðing og slípun (milling) hrísgrjóna, að hluta eða að öllu leyti; fæging og gljáhúðun korns og hrísgrjóna,
 - (g) aðgerðir til að lita eða bragðbæta sykur eða búa til sykursmola; mölun kristalsykurs í heild eða að hluta,
 - (h) aðgerðir til að afhýða, taka steina úr og skurn af ávöxtum, hnetum og grænmeti,
 - (i) skerping, einföld slípun eða einfaldur skurður,
 - (j) sigtun, sáldun, sundurgreining, flokkun, velja saman (þar á meðal að setja hluti í samstæður),
 - (k) einföld setning á flöskur, í dósir, brúsa, poka, öskjur, kassa, á spjöld eða töflur og allar aðrar einfaldar pökkunaraðgerðir,
 - (l) festing eða prentun merkja, miða, kennimerkja og annarra slíkra auðkenna á framleiðsluvörur eða umbúðir þeirra,
 - (m) einföld blöndun framleiðsluvara, hvort sem um er að ræða ólíkar vörur eða ekki,
 - (n) blöndun sykurs við hvers kyns efni,
 - (o) að því er varðar 27.–40. kafla í samræmdu tollskránni; einföld viðbót vatns eða þynning með vatni eða öðru efni sem ekki breytir eiginleikum vörunnar efnislega,
 - (p) einföld samsetning vöruhluta þannig að úr verði fullgerð framleiðsluvara eða sundurhlutun framleiðsluvara í vöruhluta,
 - (q) slátrun dýra og
 - (r) sambland tveggja eða fleiri aðgerða sem tilgreindar eru í a- til q-lið.
2. Taka skal tillit til allra aðgerða, sem fara fram hjá útflutningssamningsaðilanum á tiltekinni framleiðsluvöru, þegar ákvarðað er hvort aðvinnsla hennar teljist ófullnægjandi í skilningi 1. mgr.
 3. Að því er 1. mgr. varðar skulu aðgerðir teljast einfaldar ef ekki er þörf á sérstakri færni, sérstökum vélum, tækjum eða sérstökum búnaði sem er framleitt eða sett upp sérstaklega vegna þeirra aðgerða.

Uppsöfnun

1. Með fyrirvara um ákvæði 2. gr. (Almennar kröfur) skulu framleiðsluvörur taldar upprunnar hjá útflutningssamningsaðilanum þegar þær eru fluttar út til annars samningsaðila, ef slíkar vörur eru fengnar hjá útflutningssamningsaðila og innihalda efni sem eru upprunnin hjá samningsaðila eða landi sem skráð er í 3. viðbæti við þennan viðauka og að því tilskildu að skilyrðin sem sett eru í 6. mgr. hér á eftir séu uppfyllt. Slík efni þurfa ekki að hafa fengið fullnægjandi aðvinnslu.
2. Með fyrirvara um ákvæði 2. gr. (Almennar kröfur) skal líta á aðvinnslu sem fram fer í Bretlandi, á Íslandi, í Noregi eða Evrópusambandinu sem aðvinnslu hjá útflutningssamningsaðilanum, sbr. þó skilyrðin sem sett eru fram í a- og c-lið 6. mgr.
3. Að því er varðar uppsöfnun sem kveðið er á um í 1. mgr., ef aðvinnslan sem fram fer hjá útflutningssamningsaðilanum er ekki umfram þær aðgerðir sem um getur í 7. gr. (Ófullnægjandi aðvinnsla), skal framleiðsluvaran einungis talin upprunnin hjá samningsaðila ef virðisaukinn þar er meiri en verðmæti þeirra efna sem notuð voru og upprunnin eru í sérhverju þeirra landa sem tilgreind eru í 1. mgr. Að öðrum kosti skal framleiðsluvaran talin upprunnin í því landi þar sem verðmæti upprunaefna, sem notuð voru við framleiðslu hjá samningsaðila, var mest.
4. Að því er varðar uppsöfnun sem kveðið er á um í 2. mgr., þegar aðvinnsla sem fram fer hjá útflutningssamningsaðilanum er ekki umfram þær aðgerðir sem um getur í 7. gr. (Ófullnægjandi aðvinnsla), skal framleiðsluvaran einungis talin upprunnin hjá útflutningssamningsaðilanum ef virðisaukinn þar er meiri en virðisaukinn í sérhverju hinna landanna sem tilgreind eru í 2. mgr.
5. Framleiðsluvörur, sem upprunnar eru í einu hinna landanna sem um getur í 1. og 2. mgr. og fá ekki neina aðvinnslu hjá útflutningssamningsaðilanum, skulu halda uppruna sínum við útflutning til einhvers þessara landa.
6. Skilyrðin sem sett eru fram í þessari málsgrein eru:
 - (a) að fríðindasamningar í samræmi við XXIV. gr. GATT-samningsins frá 1994 séu í gildi milli útflutningssamningsaðilans og viðkomandi aðila utan samnings og milli innflutningssamningsaðilans og þess sama aðila utan samnings, sem mæla fyrir um málsmeðferðarreglur til að sanna uppruna og samvinnuferli á sviði stjórnsýslu, þ.m.t. málsmeðferðarreglur til að sannreyna að um sé að ræða upprunavörur,
 - (b) að því er varðar uppsöfnun á efni, að þessi efni uppfylli viðeigandi reglur samkvæmt þessum samningi (*að breyttu breytanda*) til að geta talist upprunnin hjá viðkomandi aðila utan samnings og

- (c) að aðvinnslan sem fram fer hjá útflutningssamningsaðilanum sé umfram þá sem um getur í 1. mgr. 7. gr. (Ófullnægjandi aðvinnsla), sbr. þó 3. og 4. mgr. þessarar greinar. Slík efni þurfa ekki að hafa fengið fullnægjandi aðvinnslu.
7. Ef fríðindasamningar eru í gildi milli útflutningssamningsaðilans og aðila utan samnings sem ekki er skráður í 3. viðbæti við þennan viðauka og milli innflutningssamningsaðila og sama aðila utan samnings gildir eftirfarandi:
- (a) lítið skal á framleiðsluvörur, sem fluttar eru inn frá þessum aðila utan samnings og notaðar sem efni við framleiðslu vöru hjá samningsaðila sem svo er flutt út til annars samningsaðila, sem upprunnar hjá þeim samningsaðila þar sem síðasta aðgerð var framkvæmd, þegar ákvörðun um það hefur verið samþykkt af sameiginlegu nefndinni, sbr. þó skilmála þeirrar ákvörðunar,
 - (b) ef ekki er kveðið á um annað í þeirri ákvörðun skulu skilmálar hennar, þegar hún hefur verið samþykkt, teljast ná yfir skilyrðin sem sett eru fram í 6. mgr.,
 - (c) sameiginlega nefndin skal taka tillit til sérstakrar stöðu efna sem flokkast undir 1.–24. kafla, 35. og 38. kafla samræmdu tollskrárinnar, að því marki sem viðkvæmir geirar kunna að verða fyrir áhrifum og
 - (d) samningsaðilarnir skulu gera sitt besta til að sjá til þess að sameiginlega nefndin taki tafarlaust viðeigandi ákvörðun eftir að beiðni berst frá samningsaðila og ef frekari skilyrði eru sett í þeirri ákvörðun skulu þau vera þannig að þau hamli viðskiptum eins lítið og sanngjarnt er miðað við aðstæður.

9. GR.

Skilgreiningareining

1. Skilgreiningareining vegna beitingar þessa samnings skal vera sú framleiðsluvara sem telst grunneining þegar flokkun er ákvörðuð samkvæmt nafnaskrá samræmdu tollskrárinnar.
2. Af þessu leiðir að:
 - (a) þegar framleiðsluvara sem er sett saman úr mörgum hlutum er flokkuð í samræmdu tollskránni í einn og sama vörulið telst heildin vera ein skilgreiningareining og
 - (b) þegar vörusending samanstendur af mörgum framleiðsluvörum af sama tagi sem flokkaðar eru í sama vörulið skal taka tillit til hvers einstaks hlutar þegar þessum viðauka er beitt.

10. GR.

Umbúðafni og ílát til sendingar

Líta skal framhjá umbúðafni og ílátum til sendingar, sem notað er til að vernda framleiðsluvöru meðan á flutningi stendur, þegar skilgreina á hvort framleiðsluvörur séu upprunavörur.

11. GR.

Umbúðafni og ílát fyrir smásölu

Ef umbúðafni og ílát sem framleiðsluvara er sett í fyrir smásölu er flokkað með vörunni skal líta framhjá því þegar skilgreina á uppruna vörunnar, nema í þeim tilgangi að reikna út hámarksverðmæti efna sem ekki eru upprunafni þegar framleiðsluvara fellur undir skilyrði um hámarksverðmæti efna sem ekki eru upprunafni í samræmi við 2. viðbæti við þennan viðauka.

12. GR.

Fylgihlutir, varahlutir og verkfæri

1. Líta skal á fylgihluti, varahluti, verkfæri og leiðbeiningar eða annað upplýsingaefni sem eina framleiðsluvöru ásamt búnaðinum, vélinni, tækinu eða ökutækinu sem um er að ræða ef:
 - (a) það er flokkað með vörunni og afhent með henni, en er ekki á sérstökum vörureikningi og
 - (b) tegund, magn og verðmæti er eins og venja er til fyrir framleiðsluvöruna.
2. Ef framleiðsluvara fellur undir skilyrði um hámarksverðmæti efna sem ekki eru upprunafni, sem sett eru fram í 2. viðbæti við þennan viðauka, skal líta framhjá fylgihlutum, varahlutum, verkfærum og leiðbeiningum eða öðru upplýsingaefni sem um getur í 1. mgr. þegar skilgreina á uppruna vörunnar, nema í þeim tilgangi að reikna út hámarksverðmæti efna sem ekki eru upprunafni.

13. GR.

Samstæður

1. Samstæður, sem skilgreindar eru í 3. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar, skulu skoðast sem upprunavörur þegar allir vöruhlutar eru upprunavörur.

2. Þegar samstæða er samsett bæði af upprunavörum og vörum sem eru ekki upprunavörur skal hún engu að síður öll teljast upprunavara, að því tilskildu að verðmæti þeirra vara, sem eru ekki upprunavörur, sé ekki meira en 15% af verksmiðjuverði samstæðunnar.

14. GR.

Atriði sem hafa ekki áhrif

Þegar ákvarða skal hvort framleiðsluvara telst vera upprunavara skal ekki taka tillit til uppruna eftirfarandi, þótt notað hafi verið við framleiðslu vörunnar:

- (a) orku og eldsneytis,
- (b) verksmiðju og búnaðar,
- (c) véla og verkfæra og
- (d) allra annarra vara sem ekki mynda og ekki var ætlað að mynda efnispátt í framleiðsluvörunni fullgerðri.

15. GR.

Aðskilið bókhald

1. Ef jafngeng efni, sem eru upprunaefni og sem ekki eru upprunaefni eru notuð í aðvinnslu framleiðsluvöru, geta atvinnurekendur tryggt stjórnun efna með aðskildu bókhaldi, án þess að hafa efnin í aðgreindum vörubirgðum.
2. Ef jafngengar framleiðsluvörur, sem eru upprunavörur og sem eru ekki upprunavörur, í vörulið 17.01, í 27., 28. og 29. kafla og í vöruliðum 32.01–32.07 og 39.01–39.14 í samræmdu tollskránni eru fluttar út frá einum samningsaðila til annars, geta atvinnurekendur tryggt stjórnun þessara vara með því að nota aðskilið bókhald, án þess að hafa vörunar í aðgreindum vörubirgðum.
3. Samningsaðili getur krafist þess að beiting aðskilins bókhalds skuli háð fyrirframleyfi tollyfirvalds hans. Tollyfirvaldið getur veitt leyfið með hverjum þeim skilyrðum sem það telur viðeigandi og það skal hafa eftirlit með notkun leyfisins. Tollyfirvaldi er heimilt að afturkalla leyfið ef handhafi þess nýtir það með óviðeigandi hætti eða fullnægir ekki einhverju þeirra skilyrða sem mælt er fyrir um í þessum viðauka.
4. Með notkun aðskilins bókhalds verður að vera tryggt að aldrei teljist fleiri framleiðsluvörur „upprunnar hjá útflutningssamningsaðilanum“ en hefði verið ef notuð hefði verið sú aðferð að aðskilja vörubirgðir í reynd.

5. Þessari aðferð skal beita og beiting hennar skal skráð á grundvelli almennra bókhaldsreglna sem gilda hjá útflutningssamningsaðilanum.
6. Sá sem nýtur góðs af aðferðinni sem um getur í 1. og 2. mgr. skal útbúa eða sækja um sönnun á uppruna fyrir því magni framleiðsluvara sem getur talist upprunnið hjá útflutningssamningsaðilanum. Hann skal leggja fram, að beiðni tollýfirvalds innflutningssamningsaðilans, yfirlýsingu þar sem fram kemur með hvaða hætti magninu hefur verið stýrt.

III. BÁLKUR

SKILYRÐI VARÐANDI YFIRRÁÐASVÆÐI

16. GR.

Meginreglan um yfirráðasvæði

1. Fullnægja skal skilyrðunum sem sett eru fram í II. bálki óslitið hjá viðkomandi samningsaðila, nema að því leyti sem kveðið er á um í 8. gr. (Uppsöfnun) og í 3. mgr. þessarar greinar.
2. Ef upprunavörur sem eru fluttar út frá samningsaðila til annars lands eru fluttar inn aftur skulu þær ekki teljast vera upprunavörur nema hægt sé að sýna fram á það með fullnægjandi hætti að mati tolfyrivalda að:
 - (a) framleiðsluvörurnar sem eru fluttar inn aftur séu þær sömu og voru fluttar út og
 - (b) ekki hafi verið gerðar á þeim neinar aðgerðir umfram það sem nauðsynlegt má teljast til að varðveita gæði þeirra í því landi eða á meðan á útflutningi stóð.
3. Aðvinnsla utan útflutningssamningsaðilans á efnunum sem flutt eru út frá þeim samningsaðila og síðan aftur flutt þangað inn hefur engin áhrif á öflun upprunaréttinda í samræmi við þau skilyrði sem sett eru fram í II. bálki, að því tilskildu að:
 - (a) efnin hafi verið fengin að öllu leyti hjá útflutningssamningsaðilanum eða hlotið þar aðvinnslu umfram þær aðgerðir sem um getur í 7. gr. (Ófullnægjandi aðvinnsla) áður en þau voru flutt út og
 - (b) hægt sé að sýna fram á það með fullnægjandi hætti að mati tolfyrivalda að:
 - (i) endurinnfluttu framleiðsluvörurnar hafi orðið til við aðvinnslu hinna útfluttu efna og
 - (ii) heildarupphæð virðisauka sem er áunninn utan útflutningssamningsaðilans og fæst með beitingu þessarar greinar sé ekki meiri en 10% af verksmiðjuverði þeirrar fullnunnar framleiðsluvöru sem upprunaréttinda er krafist fyrir.
4. Að því er varðar 3. mgr., skulu skilyrði í II. bálki um öflun upprunaréttinda ekki gilda um aðvinnslu utan útflutningssamningsaðilans. Ef reglu í skrá í 2. viðbæti við þennan viðauka um hámarksverð fyrir öll efni, sem eru notuð en eru ekki upprunaeefni, er hins vegar beitt til að ákvarða uppruna fullunninnar framleiðsluvöru skal heildarverðmæti efna, sem eru notuð hjá

útflutningssamningsaðilanum en eru ekki upprunaefni, ásamt heildarvirðisauka sem fæst utan þess samningsaðila með beitingu þessarar greinar, ekki vera hærra en uppgefinn hundraðshluti.

5. Að því er 3. og 4. mgr. varðar skal „heildarvirðisauki“ merkja allan þann kostnað sem safnast hefur saman utan útflutningssamningsaðilans, að meðtöldu verðmæti efnanna sem bætast við þar.
6. Ákvæði 3. og 4. mgr. gilda ekki um framleiðsluvörur sem fullnægja ekki skilyrðum sem sett eru fram í skránni í 2. viðbæti við þennan viðauka eða geta einungis talist hafa hlotið fullnægjandi aðvinnslu þegar beitt er almennum vikmörkum sem eru fastsett í 6. gr. (Regla um vikmörk).
7. Hvers konar aðvinnsla utan útflutningssamningsaðilans, sem fellur undir þessa grein, skal fara fram á grundvelli fyrirkomulags um ytri aðvinnslu eða sambærilegs fyrirkomulags.

17. GR.

Óbreytt ástand

1. Ívilnandi meðferðin sem kveðið er á um samkvæmt þessum samningi skal aðeins gilda um framleiðsluvörur sem uppfylla kröfur þessa samnings og gefnar eru upp til innflutnings hjá samningsaðila, að því tilskildu að þessar framleiðsluvörur séu þær sömu og voru fluttar út frá útflutningssamningsaðilanum. Engar breytingar mega hafa verið gerðar á þeim eða þeim umbreytt á nokkurn hátt eða á þeim gerðar aðrar aðgerðir en til að varðveita þær í góðu ástandi eða bæta við eða festa á merki, miða, innsigli eða önnur skjöl til að tryggja að farið sé að sértækum innlendum kröfum innflutningssamningsaðilans, sem gerðar eru undir eftirliti tollyfirvalda í umflutningslandi eða -löndum, eða skipta þeim upp, eins og heimilað er í 2. og 3. mgr., áður en því hefur verið lýst yfir að varan sé til notkunar innanlands.
2. Heimilt er að geyma framleiðsluvörur eða vörusendingar að því tilskildu að þær séu undir eftirliti tollyfirvalda í þriðja umflutningslandi eða -löndum.
3. Með fyrirvara um V. bálk þessa viðauka er heimilt að skipta upp vörusendingum að því tilskildu að þær séu undir eftirliti tollyfirvalda í því þriðja landi eða löndum þar sem þeim er skipt.
4. Ef upp kemur efi getur innflutningssamningsaðilinn farið fram á það við innflytjandann eða fulltrúa hans að hann leggi fram, hvenær sem er, öll viðeigandi gögn til að sanna að farið hafi verið að þessari grein, sem geta verið hvers kyns skjalfestar sannanir, einkum:
 - (a) samningsbundin flutningsskjöl, s.s. farmbréf,

- (b) staðreyndir eða öruggar vísbendingar byggðar á merkingu eða númeraröð umbúða,
- (c) vottorð um að ekki hafi verið átt við vöruna frá tollyfirvöldum í landi eða löndum umflutnings eða skiptingar eða önnur skjöl sem sýna fram á að vörurnar hafi verið undir eftirliti tollyfirvalds í landi eða löndum umflutnings eða skiptingar eða
- (d) sannanir sem tengjast vörunum sjálfum.

18. GR.

Sýningar

1. Upprunavörur, sem sendar eru á vörusýningu í öðru landi en þar sem uppsöfnun á við í samræmi við 8. gr. og seldar eru eftir sýninguna til innflutnings hjá samningsaðila, skulu við innflutninginn njóta hags af þessum samningi, að því tilskildu að sýnt sé fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda að:
 - (a) útflytjandi hafi sent þessar framleiðsluvörur frá samningsaðila til landsins þar sem sýningin er haldin og sýnt þær þar,
 - (b) sá útflytjandi hafi selt framleiðsluvörurnar eða ráðstafað þeim með öðrum hætti til viðtakanda hjá öðrum samningsaðila,
 - (c) framleiðsluvörurnar hafi verið sendar á meðan á sýningunni stóð eða strax eftir hana í því ástandi sem þær voru í þegar þær voru sendar til sýningar og
 - (d) framleiðsluvörurnar hafi ekki, frá því að þær voru sendar til sýningar, verið notaðar í öðru skyni en til viðkomandi sýningar.
2. Sönnun á uppruna skal gefin út eða útbúin í samræmi við IV. bálk þessa viðauka og lögð fram með venjulegum hætti hjá tollyfirvöldum innflutningssamningsaðilans. Þar skal tilgreint nafn sýningarinnar og sýningarstaður. Ef nauðsyn ber til má krefjast skjalfestra viðbótarsönnunargagna um við hvaða aðstæður vörurnar hafa verið sýndar.
3. Ákvæði 1. mgr. skulu taka til allra vöru-, iðn-, landbúnaðar- eða handverkssýninga, kaupstefna eða áþekkra opinberra sýninga sem eru ekki skipulagðar í eiginhagsmunaskyni í sölubúðum eða verslunarhúsnæði með það fyrir augum að selja erlendar framleiðsluvörur, enda séu þær undir tolf eftirliti meðan á sýningu stendur.

IV. BÁLKUR

SÖNNUN Á UPPRUNA

19. GR.

Upprunayfirlýsing

1. Í þeim tilgangi að afla sér ívilnandi tollmeðferðar hjá innflutningssamningsaðila verður útflytjandi hjá samningsaðila að ganga frá sönnun á uppruna í formi upprunayfirlýsingar, í samræmi við 4. viðbæti við þennan viðauka, fyrir vörur sem eru upprunnar hjá hvaða samningsaðila sem er og sem að öðru leyti uppfylla kröfur þessa viðauka.
2. Upprunayfirlýsingin skal útbúin með þeim hætti að nota skal eina af tungumálaútgáfum textans, sem um getur í 4. viðbæti við þennan viðauka, á vörureikning eða hvert annað viðskiptaskjal sem lýsir upprunavörinni nægilega vel til að hægt sé að bera kennsl á hana. Innflutningssamningsaðilinn skal ekki krefja innflytjandann um að hann leggi fram þýðingu á upprunayfirlýsingunni.
3. Upprunayfirlýsingin skal vera undirrituð af útflytjanda eigin hendi eða af viðurkenndum fulltrúa hans á ábyrgð útflytjandans.
4. Þrátt fyrir 3. mgr. skulu samningsaðilarnir heimila:
 - (a) notkun rafrænna undirskrifa eða auðkenniskóða skv. 5. mgr. fyrir útflytjendur í Bretlandi og
 - (b) leyfisnúmer skv. 20. gr. (Viðurkenndur útflytjandi) fyrir útflytjendur á Íslandi eða í Noregi.
5. Sérhver samningsaðili skal heimila að upprunayfirlýsing sé send rafrænt og beint frá útflytjanda hjá einum samningsaðila til innflytjanda hjá öðrum samningsaðila. Slík nálgun mun heimila notkun rafrænna undirskrifa eða auðkenniskóða.
6. Ganga má frá upprunayfirlýsingu þegar framleiðsluvörurnar, sem hún tekur til, eru fluttar út eða síðar. Upprunayfirlýsing skal gilda í eitt ár frá því gengið er frá henni eða í lengri tíma sem innflutningssamningsaðili kann að tilgreina.
7. Upprunayfirlýsing getur gilt um margar sendingar sams konar vara sem fluttar eru inn til samningsaðila innan þess tímabils sem tiltekið er í upprunayfirlýsingunni, sem skal ekki vera lengri en tólf mánuðir.
8. Þrátt fyrir 1. mgr. geta samningsaðilarnir heimilað flutningsmiðlurum, tollmiðlurum og öðrum aðilum að ganga frá upprunayfirlýsingu. Í slíkum tilvikum þurfa slíkir aðilar hafa skriflega heimild frá útflytjanda

framleiðsluvörunnar til að ganga frá upprunayfirlýsingum. Þeir skulu leggja fyrrnefnda heimild fyrir lögbær yfirvöld, að beiðni þeirra.

9. Útflytjandi sem hefur gengið frá upprunayfirlýsingu skal varðveita afrit af henni ásamt öllum skjölum sem styðja við upprunaréttindi framleiðsluvörunnar, á pappír eða á rafrænu formi, í a.m.k. þrjú ár frá því að gengið er frá upprunayfirlýsingunni.
10. Hafi útflytjandi gengið frá upprunayfirlýsingu fyrir framleiðsluvöru sem um getur í 2. mgr. 8. gr. (Uppsöfnun) verður útflytjandinn að hafa í vörslu sinni útfyllta og undirritaða yfirlýsingu birgis í samræmi við 5. viðbæti við þennan viðauka eða 6. viðbæti við þennan viðauka frá birgi efnanna sem ekki eru upprunaefni og notuð eru við framleiðslu vörunnar. Tollyfirvald útflutningssamningsaðila getur, með fyrirvara um innlendar kröfur sínar, heimilað að gengið sé frá yfirlýsingu birgis án undirritunar.

20. GR.

Viðurkenndur útflytjandi

1. Tollyfirvöld á Íslandi eða í Noregi geta, með fyrirvara um innlendar kröfur, heimilað útflytjanda þess samningsaðila (hér á eftir nefndur „viðurkenndur útflytjandi“) að ganga frá upprunayfirlýsingum án undirritunar.
2. Útflytjandi sem fer fram á slíka heimild verður að láta í té, svo fullnægjandi sé að mati tollyfirvalda á Íslandi eða í Noregi, allar nauðsynlegar tryggingar fyrir því að vörunar séu upprunavörur og að öðrum kröfum þessa viðauka hafi verið fullnægt.
3. Tollyfirvöld á Íslandi eða í Noregi skulu láta viðurkennda útflytjandanum í té leyfisnúmer sem koma skal í stað undirritunarinnar á upprunayfirlýsingunni.
4. Tollyfirvöld á Íslandi eða í Noregi skulu hafa eftirlit með rétttri notkun leyfis og geta afturkallað það ef útflytjandinn uppfyllir ekki lengur skilyrðin eða nýtir það á annan hátt með óviðeigandi hætti.

V. BÁLKUR

ÍVILNANDI MEÐFERÐ

21. GR.

Kröfur varðandi innflutning

1. Sérhver samningsaðili skal veita upprunavörum samningsaðila, sem fluttar eru inn frá samningsaðila, ívilnandi tollmeðferð í samræmi við þennan samning, á grundvelli kröfu um ívilnandi tollmeðferð sem innflytjandinn gerir og byggir á upprunayfirlýsingu sem um getur í 19. gr. (Upprunayfirlýsing).
2. Leggja skal fram upprunayfirlýsingu hjá tolyfirvaldi innflutningssamningsaðilans innan eins árs frá því að gengið er frá henni eða innan gildistímans sem innflutningssamningsaðilinn veitir ef hann er lengri. Gildislokum þessa tímabils má fresta svo lengi sem þær framleiðsluvörur sem falla undir þessa upprunayfirlýsingu eru áfram undir toleftirliti innflutningssamningsaðilans. Að því tímabili loknu er aðeins hægt að taka við upprunayfirlýsingu í undantekningartilvikum.
3. Þrátt fyrir 1. mgr. getur samningsaðili, í samræmi við landslög sín, fallið frá kröfunni um framvísun upprunayfirlýsingar.
4. Innflytjandi, sem veitt hefur verið ívilnandi tollmeðferð, verður að varðveita upprunayfirlýsinguna og önnur viðeigandi skjöl í þrjú ár eftir að ívilnandi tollmeðferðin var veitt eða lengur ef lög innflutningssamningsaðilans krefjast þess.

22. GR.

Síðbúnar kröfur um ívilnandi meðferð

Hefði framleiðsluvara uppfyllt kröfur um ívilnandi meðferð þegar hún var flutt inn hjá samningsaðila en innflytjandinn hafði ekki upprunayfirlýsingu undir höndum þegar innflutningurinn fór fram, er innflytjanda vöru sem hefur undir höndum gilda upprunayfirlýsingu heimilt að sækja um í samræmi við landslög, innan tímabils sem er eigi skemmra en tvö ár frá því að innflutningurinn fór fram, endurgreiðslu á gjöldum sem greidd voru vegna þess að varan naut ekki ívilnandi tollmeðferðar.

23. GR.

Innflutningur í áföngum

Þegar sundurtekin eða ósamsett framleiðsluvara, í skilningi a-liðar 2. almennu reglu til túlkunar á samræmdu tollskránni, er flutt inn í áföngum að beiðni innflytjanda og í samræmi við landslög, reglugerðir eða birtar kröfur innflutningssamningsaðilans, skal leggja fram eina upprunayfirlýsingu fyrir þá vöru hjá tollyfirvöldum þegar fyrsti hlutinn er fluttur inn. Að öðrum kosti má leggja fram upprunayfirlýsingu fyrir hvern hluta sem fluttur er inn.

24. GR.

Undanþágur frá kröfum um upprunayfirlýsingar

1. Sérhver samningsaðili getur, í samræmi við landslög sín, fallið frá kröfunni um framvísun upprunayfirlýsingar fyrir verðlítinn innflutning á upprunavörum frá öðrum samningsaðila.
2. Samningsaðila er heimilt að undanskilja hvaða innflutning sem er ákvæðum 1. mgr. þegar innflutningur er hluti af innflutningi sem fram fer í nokkrum áföngum og sem af sanngirni má telja að ráðist hafi verið í eða skipulagður í því skyni að sniðganga kröfur þessa viðauka í tengslum við upprunayfirlýsingar.
3. Sérhver samningsaðili getur sett verðmætamörk fyrir framleiðsluvörur sem um getur í 1. mgr. og skal hann skiptast á upplýsingum um þau við hina samningsaðilana.

25. GR.

Kröfur um skráahald

1. Útflutningssamningsaðili skal krefjast þess af útflytjanda, sem gengið hefur frá upprunayfirlýsingu, að hann varðveiti og láti í té ef farið er fram á það:
 - (a) afrit af upprunayfirlýsingunni ásamt öllum fylgiskjölum og
 - (b) skriflegar yfirlýsingar frá framleiðendum eða birgjum sem styðja við fullyrðingar upprunayfirlýsingarinnar um uppruna vörunnar,
2. Í þrjú ár eftir að gengið var frá upprunayfirlýsingunni eða í lengri tíma sem útflutningssamningsaðilinn kann að tilgreina.
3. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að ef útflytjandi hefur byggt upprunayfirlýsingu á skriflegri yfirlýsingu frá framleiðanda eða birgi, skuli þeim framleiðanda eða birgi skylt að halda skrár í samræmi við 1. mgr.

4. Innflutningssamningsaðilinn getur krafist þess að innflytjandi, sem veitt hefur verið ívilnandi meðferð, varðveiti gögn sem varða innflutning á vörum, þ.m.t. afrit af upprunayfirlýsingunni, í þrjú ár eftir þann dag sem innflutningurinn fór fram eða í eins langan tíma og sá samningsaðili kann að tilgreina.
5. Sérhver samningsaðili skal heimila, í samræmi við lög sín, innflytjendum, útflytjendum, framleiðendum og birgjum hjá þeim samningsaðila að halda skjöl eða skrár á hvaða miðli sem er, að því tilskildu að hægt sé að sækja og prenta út skjölin eða skrárnar.
6. Samningsaðili getur neitað vöru, sem er verið að sannprófa uppruna á, um ívilnandi meðferð ef innflytjandi, útflytjandi, framleiðandi eða birgir vörunnar, sem skylt er að halda skrár eða skjöl samkvæmt þessar grein:
 - (a) heldur ekki skrár eða skjöl í samræmi við þennan viðauka eða
 - (b) neitar að veita aðgang að þessum skrár eða skjölum.

26. GR.

Samvinna útflytjenda og innflytjenda við tollyfirvaldið

1. Sérhver samningsaðili skal tryggja að útflytjendur og innflytjendur sem njóta góðs af þessum samningi skuli, innan ramma samningsins og samkvæmt lögum þess samningsaðila, vinna með tollyfirvaldi þess samningsaðila og leggja, að beiðni þess, fram fylgiskjöl sem varða uppfyllingu krafna þessa viðauka.
2. Útflutningssamningsaðili skal tryggja að útflytjandi sem gengið hefur frá upprunayfirlýsingu skuli:
 - (a) að beiðni tollyfirvalds þess samningsaðila, leggja skjölin sem um getur í 9. mgr. 19. gr. (Upprunayfirlýsing) fyrir það yfirvald, sem getur athugað og sannreynt bókhald útflytjandans eða framleiðandans og gripið til annarra viðeigandi ráðstafana, og
 - (b) ef hann kemst að því eða hefur ástæðu til að ætla að upprunayfirlýsing innihaldi rangar upplýsingar, þegar í stað tilkynna innflytjandanum og tollyfirvaldi útflutningssamningsaðilans um hverjar þær breytingar sem hafa áhrif á upprunaréttindi hvernar framleiðsluvöru sem yfirlýsingin tekur til.
3. Innflutningssamningsaðilinn skal tryggja að innflytjandi sem óskað hefur eftir eða sem veitt hefur verið ívilnandi tollmeðferð skuli:
 - (a) að beiðni tollyfirvalds þess samningsaðila, leggja skjölin sem um getur í 4. mgr. 17. gr. (Óbreytt ástand) fyrir það yfirvald og

- (b) ef hann kemst að því eða hefur ástæðu til að ætla að upprunayfirlýsing innihaldi rangar upplýsingar, þegar í stað að tilkynna tollyfirvaldi samningsaðilans um hverjar þær breytingar sem hafa áhrif á upprunaréttindi hvernar framleiðsluvöru sem yfirlýsingin tekur til.

27. GR.

Ósamræmi

Tollyfirvald innflutningssamningsaðilans skal ekki hafna kröfu um ívilnandi tollmeðferð vegna minniháttar villna eða ósamræmis í upprunayfirlýsingunni eða af þeirri ástæðu einni að vörureikningur var útgefinn í þriðja landi.

VI. BÁLKUR

SAMVINNA STJÓRNVALDA

28. GR.

Sannprófun á uppruna

1. Að fenginni beiðni innflutningssamningsaðila skal tollyfirvald útflutningssamningsaðilans láta fara fram sannprófanir á upprunayfirlýsingum.
2. Beiðnin um sannprófun getur dregið í efa áreiðanleika upprunayfirlýsinga, upprunaréttindi viðkomandi framleiðsluvöru eða að öðrum kröfum þessa viðauka hafi verið fullnægt. Í henni skal tilgreina ástæður fyrirspurnarinnar og hún skal hafa að geyma afrit af upprunayfirlýsingunni og, ef við á, öðrum skjölum eða upplýsingum sem gefa ástæðu til að ætla að upprunayfirlýsingin fái ekki staðist.
3. Innflutningssamningsaðilinn skal leggja beiðni um sannprófun fyrir útflutningssamningsaðila innan 34 mánaða frá því að gengið var frá upprunayfirlýsingu. Útflutningssamningsaðilanum ber ekki skylda til að láta fara fram sannprófun á grundvelli beiðni um sannprófun sem berst eftir þann frest.
4. Tollyfirvald innflutningssamningsaðilans getur, með fyrirvara um landslög sín, frestað ívilnandi tollmeðferð framleiðsluvöru sem fellur undir upprunayfirlýsingu þar til sannprófunarferlinu lýkur.
5. Tollyfirvald útflutningssamningsaðilans getur farið fram á sönnunargögn, framkvæmt skoðanir á athafnasvæði útflytjandans eða framleiðandans, skoðað bókhald útflytjandans og framleiðandans og gert aðrar viðeigandi ráðstafanir til að sannreyna að farið sé að ákvæðum þessa viðauka.
6. Samningsaðilinn sem leggur fram beiðnina skal upplýstur um útkomu og niðurstöður sannprófunarinnar innan 10 mánaða frá dagsetningu beiðninnar um sannprófun. Fái samningsaðilinn sem leggur fram beiðnina ekki svar innan þess tímafrests eða ef í svarinu kemur ekki skýrt fram hvort framleiðsluvara sé upprunavara eða hvort upprunayfirlýsingin sé gild, getur samningsaðilinn sem leggur fram beiðnina neitað vörusendingunni, sem fellur undir viðkomandi upprunayfirlýsingu, um ívilnandi tollmeðferð.
7. Geti samningsaðilinn, sem beiðninni er beint til, ekki staðið við frestinn sem um getur í 6. mgr. skal honum, að framlagðri beiðni innan þess frests, veitt framlenging á frestinum.

8. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að ef upp kemur ágreiningur varðandi sannprófunarferlið í þessari grein eða um túlkun upprunareglna við ákvörðun á því hvort framleiðsluvara telst upprunavara, og ekki er hægt að leysa úr þessum ágreiningi með samráði milli tollyfirvaldsins sem bað um sannprófunina og tollyfirvaldsins sem ber ábyrgð á að framkvæma hana, og ef tollyfirvald innflutningssamningsaðilans hyggst ákvarða uppruna sem er í ósamræmi við útkomu og niðurstöður sannprófunarinnar sem tollyfirvald útflutningssamningsaðilans lagði fram, skuli tollyfirvald innflutningssamningsaðilans tilkynna tollyfirvaldi útflutningssamningsaðilans um það innan 60 daga frá því að því berst útkoman og niðurstöðurnar úr sannprófuninni.
9. Að beiðni annars samningsaðilanna skulu samningsaðilarnir efna til og ljúka samráði til að leysa úr þessum ágreiningi innan 90 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar sem um getur í 8. mgr. Framlengja má tímabilið til að ljúka samráði í hverju tilviki fyrir sig með gagnkvæmu skriflegu samþykki samningsaðilanna. Ef ekki tekst að leysa úr ágreiningnum með samráði samningsaðilanna getur hvor samningsaðili um sig leitast við að leysa úr honum innan sameiginlegu nefndarinnar.

29. GR.

Neitað um ívilnandi tollmeðferð

1. Innflutningssamningsaðila er heimilt að neita um ívilnandi tollmeðferð eða endurheimta ógreidda tolla í samræmi við landslög sín ef framleiðsluvara uppfyllir ekki kröfur þessa viðauka eða ef innflytjandinn eða útflytjandinn getur ekki sýnt fram á að farið sé að viðeigandi kröfum.
2. Lítils háttar ósamræmi milli staðhæfinga sem fram koma í upprunayfirlýsingunni og þeirra sem fram kom í öðrum skjölum sem afhent eru tollyfirvöldum vegna tollafgreiðslu eða augljósar villur í framsetningu, eins og vélritunarvillur í upprunayfirlýsingu, skulu ekki sem slíkt verða til þess að upprunayfirlýsingin teljist ógild.
3. Lausn ágreinings milli innflytjanda og tollyfirvalda innflutningssamningsaðilans skal í öllum tilvikum heyra undir lög innflutningssamningsaðilans.

30. GR.

Tilkynningar og samvinna

1. Samningsaðilar skulu skiptast á:

- (a) heimilisföngum tollyfirvalda sinna sem bera ábyrgð á sannprófununum sem um getur í 28. gr. (Sannprófun á uppruna) og öðrum málum sem tengjast framkvæmd eða beitingu þessa viðauka,
 - (b) upplýsingum um notkun rafrænna undirskrifta og auðkenniskóða sem um getur í 19. gr. (Upprunayfirlýsing) og leyfisnúmer sem um getur í 20. gr. (Viðurkenndur útflytjandi) og
 - (c) upplýsingum um túlkun, beitingu og stjórnun þessa viðauka.
2. Samningsaðilarnir skulu leitast við að leysa tæknileg atriði sem tengjast framkvæmd eða beitingu þessa viðauka, að því marki sem unnt er, með beinu samráði milli tollyfirvaldanna sem um getur í a-lið 1. mgr. eða innan undirnefndarinnar um vöruviðskipti. Deilumálum, sem ekki er unnt að leysa með slíku samráði, skal vísa til sameiginlegu nefndarinnar.
 3. Samningsaðilarnir skulu skiptast á upplýsingum um samkomulag eða samninga, þ.m.t. gildistökuþingdag þeirra, og samsvarandi upprunareglur sem gilda gagnvart hinum löndunum sem um getur í 1., 2. og 7. mgr. 8. gr. (Uppsöfnun).

31. GR.

Trúnaðarkvaðir

1. Ekkert í þessum viðauka leggur samningsaðila þær skyldur á herðar að láta í té eða heimila aðgang að upplýsingum ef slíkt myndi hindra framkvæmd laga eða vera andstætt lögum samningsaðilans um vernd viðskiptaupplýsinga.
2. Sérhver samningsaðili skal, í samræmi við lög sín, viðhafa leynd á þeim upplýsingum sem aflað er samkvæmt þessum viðauka og koma í veg fyrir að opinberaðar verði upplýsingar sem gætu skaðað samkeppnisstöðu þess aðila sem veitir upplýsingarnar. Ef lög samningsaðilans krefjast þess að hann opinberi þær upplýsingar sem hann fær eða aflar skal hann tilkynna það aðilanum eða samningsaðilanum sem veitti þær upplýsingar.
3. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að trúnaðarupplýsingar, sem aflað er samkvæmt þessum viðauka, verði ekki notaðar í öðrum tilgangi en vegna stjórnunar og framkvæmdar við að ákvarða uppruna og vegna tollamála, nema með leyfi aðilans eða samningsaðilans sem veitti trúnaðarupplýsingarnar.
4. Þegar persónuupplýsingum er miðlað samkvæmt þessum viðauka skal slík miðlun fara fram í samræmi við reglur samningsaðilans sem miðlar þeim um alþjóðlega miðlun persónuupplýsinga. Þegar þörf er á skal hver samningsaðili leggja sig fram um að koma á fót þeim verndarráðstöfunum sem eru nauðsynlegar vegna miðlunar á persónuupplýsingum og virða um leið eigin reglur um alþjóðlega miðlun persónuupplýsinga.

5. Þrátt fyrir 3. mgr. getur samningsaðili heimilað notkun upplýsinga, sem aflað hefur verið samkvæmt þessum viðauka, við málsmeðferð hjá stjórnslustofnun, dómsaðila eða úrskurðaraðila sem stofnað hefur verið til vegna þess að ekki hefur verið farið að lögum á sviði tollamála um framkvæmd þessa viðauka. Samningsaðili skal tilkynna aðilanum eða samningsaðilanum, sem veitti upplýsingarnar, fyrir fram um slíka notkun.
6. Samningsaðilarnir skulu skiptast á upplýsingum um lög sín í þeim tilgangi að einfalda framkvæmd og beitingu 2. mgr.

VII. BÁLKUR

LOKAÁKVÆÐI

32. GR.

Viðurlög

Sérhver samningsaðili skal setja fram refsiviðurlög, viðurlög samkvæmt einkarétti og stjórnsýsluviðurlög í landslögum sínum sem tengjast þessum viðauka.

33. GR.

Vörur í umflutningi eða geymslu

Heimilt er að beita ákvæðum þessa viðauka gagnvart framleiðsluvörum sem eru, á þeim degi sem samningur þessi gengur í gildi, annaðhvort í umflutningi eða bráðabirgðageymslu í tollvörugeymslu eða á frísvæði undir tollefirliti. Að því er slíkar vörur varðar má ganga frá upprunayfirlýsingu afturvirkir í allt að sex mánuði frá gildistöku þessa samnings, að því tilskildu að ákvæði þessa viðauka og einkum 17. gr. (Óbreytt ástand) hafi verið uppfyllt.

VIII. BÁLKUR

BEITING VIÐAUKANS

34. GR.

Liechtenstein

Með fyrirvara um 2. gr. (Almennar kröfur) skal framleiðsluvara sem er upprunnin í Liechtenstein teljast upprunnin í Sviss sökum tollasamningsins milli Liechtenstein og Sviss.

35. GR.

Frísvæði

1. Sérhver samningsaðili skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að í stað framleiðsluvara, sem stunduð eru viðskipti með í skjóli sönnunar á uppruna og fluttar eru um frísvæði hjá þeim samningsaðila, komi ekki aðrar vörur og að þær hljóti ekki aðra meðferð en þá sem eðlileg telst til að verja þær skemmdum.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt, þegar framleiðsluvörur sem eru upprunnar hjá samningsaðila eru fluttar inn á frísvæði í skjóli sönnunar á uppruna og fá meðferð eða vinnslu, að gefa út eða útbúa nýja sönnun á uppruna ef meðferðin eða vinnslan er í samræmi við þennan viðauka.

36. GR.

Lýðveldið San Marínó

Með fyrirvara um 2. gr. (Almennar kröfur) skal framleiðsluvara sem er upprunnin í Lýðveldinu San Marínó teljast upprunnin í Evrópusambandinu sökum tollabandalagsins milli Evrópusambandsins og Lýðveldisins San Marínó.

37. GR.

Furstadæmið Andorra

Með fyrirvara um 2. gr. (Almennar kröfur) skal framleiðsluvara, sem er upprunnin í Furstadæminu Andorra og flokkast undir 25.–97. kafla, teljast upprunnin í Evrópusambandinu sökum tollabandalagsins milli Evrópusambandsins og Furstadæmisins Andorra.

38. GR.

Ceuta og Melilla

Hugtakið „Evrópusambandið“ sem notað er í þessum viðauka nær ekki til Ceuta og Melilla. Framleiðsluvörur sem upprunnar eru í Ceuta og Melilla skulu ekki teljast upprunnar í Evrópusambandinu.

1. VIÐBÆTIR

VIÐ I. VIÐAUKA (UPPRUNAREGLUR)

SKÝRINGAR VIÐ SKRÁNA Í 2. VIÐBÆTI VIÐ I. VIÐAUKA (UPPRUNAREGLUR)

Skýring 1 – Almennur inngangur

Í skránni koma fram þau skilyrði sem allar framleiðsluvörur þurfa að uppfylla til þess að þær teljist hafa hlotið fullnægjandi aðvinnslu í skilningi 5. gr. (Fullnægjandi aðvinnsla) I. viðauka (Upprunareglur). Til eru fjórar mismunandi tegundir reglna sem eru ólíkar eftir framleiðsluvörum:

- (a) við aðvinnsluna er ekki farið yfir hámarksinnihald efna sem ekki eru upprunaefni,
- (b) við aðvinnsluna verður 4 tölustafa vöruliður samræmdu tollskrárinnar eða 6 tölustafa undirliður samræmdu tollskrárinnar fyrir framleiðsluvörurnar frábrugðinn 4 tölustafa vörulið samræmdu tollskrárinnar eða 6 tölustafa undirliðnum eftir því hvaða efni eru notuð,
- (c) sérstök aðvinnsla fer fram og
- (d) aðvinnsla fer fram á tilteknum efnum sem eru að öllu leyti heimaefnin.

Skýring 2 – Uppbygging skrárinnar

- 2.1. Í fyrstu tveimur dálkum skrárinnar er framleiðsluvörurni sem fengin er lýst. Í 1. dálki er númer vöruliðar eða númer kafla samræmdu tollskrárinnar og í 2. dálki er vörulýsing, sem notuð er í þeirri tollskrá, fyrir þann vörulið eða kafla. Fyrir hvert atriði í fyrstu tveimur dálkunum er tilgreind regla í 3. dálki. Þegar orðið „úr“ fer á undan atriði í fyrsta dálki merkir það að reglan í 3. dálki gildir aðeins um hluta þess vöruliðar eins og lýst er í 2. dálki.
- 2.2. Þegar nokkrum vöruliðum er safnað saman í 1. dálki, eða númer kafla er tilgreint og vörulýsingin í 2. dálki er því almennt orðuð, gilda viðkomandi reglur í 3. dálki um allar framleiðsluvörur sem í samræmdu tollskránni eru flokkaðar undir vöruliði kaflans eða einhverja þá vöruliði sem teknir eru saman í 1. dálki.
- 2.3. Þegar mismunandi reglur í skránni gilda um mismunandi framleiðsluvörur innan vöruliðar felur hver undirliður í sér lýsingu á þeim hluta vöruliðarins sem viðeigandi reglur í 3. dálki gilda um.

- 2.4. Þegar tvær valkvæðar reglur eru tilgreindar í 3. dálki, aðgreindar með „eða“, má útflytjandi velja hvora þeirra hann notar.

Skýring 3 – Dæmi um beitingu reglnanna

- 3.1. Ákvæði 5. gr. (Fullnægjandi aðvinnsla) I. viðauka (Upprunareglur) um framleiðsluvörur, sem hafa fengið upprunaréttindi og eru notaðar við framleiðslu annarra vara, gilda hvort sem slíkar vörur hafa fengið upprunaréttindin í verksmiðjunni þar sem þær eru notaðar eða í annarri verksmiðju hjá sammingsaðila.
- 3.2. Samkvæmt 7. gr. (Ófullnægjandi aðvinnsla) I. viðauka (Upprunareglur) verður aðvinnslan sem framkvæmd er að vera umfram skrána yfir aðgerðir sem getið er í þeirri grein. Geri hún það ekki skulu vörurnar ekki uppfylla skilyrði til að njóta ívilnandi tollmeðferðar, jafnvel þótt skilyrðin í neðangreindri skrá séu uppfyllt.

Samkvæmt ákvæðinu sem getið er í skýringu 3.1 fela reglurnar í skránni í sér lágmarksaðvinnslu sem krafist er og frekari aðvinnsla veitir einnig upprunaréttindi; á hinn bóginn getur minni aðvinnsla ekki veitt upprunaréttindi.

Ef regla kveður þannig á um að efni sem ekki telst upprunaefni megi nota á vissu framleiðslustigi er heimilt að nota slík efni á fyrra framleiðslustigi en notkun þeirra á síðari stigum er óheimil.

Ef regla kveður á um að efni sem ekki telst upprunaefni megi ekki nota á vissu framleiðslustigi er heimilt að nota efnin á fyrra framleiðslustigi en notkun þeirra á síðari stigum er óheimil.

Dæmi: Þegar reglan í skránni fyrir 19. kafla krefst þess að „efni sem ekki eru upprunaefni í nr. 11.01–11.08 megi ekki fara yfir 20% af þyngd“ er notkun (þ.e. innflutningur) á korni í 10. kafla (efni á fyrra framleiðslustigi) ekki takmörkuð.

- 3.3. Með fyrirvara um skýringu 3.2 er heimilt, þegar regla notar orðalagið „framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er“, að nota efni úr hvaða vörulið(um) sem er (jafnvel efni með sömu lýsingu og í sama vörulið og varan), þó með þeim sérstöku takmörkunum sem kunna að felast í reglunni.

Samt sem áður er með orðasambandinu „framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar á meðal öðrum efnum í nr. ...“ eða „framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar á meðal öðrum efnum í sama vörulið og framleiðsluvaran“, átt við að nota megi efni í hvaða vörulið(um) sem er, nema þau sem eru með sömu vörulýsingu og framleiðsluvaran sem tilgreind er í 2. dálki í skránni.

- 3.4. Þegar regla í skránni felur í sér að framleiða megi vöru úr fleiri en einu efni er átt við að nota megi eitt eða fleiri þessara efna. Ekki þarf að nota þau öll.

- 3.5. Þegar regla í skránni felur í sér að vara verði að vera framleidd úr sérstöku efni er skilyrðið því ekki til hindrunar að notuð séu önnur efni sem ekki geta eðlis síns vegna uppfyllt skilyrði reglunnar.
- 3.6. Þegar í reglu í skránni eru tilgreindar tvær hundraðshlutatölur fyrir hámarksverðmæti efna sem teljast ekki upprunaefni og heimilt er að nota má ekki leggja þessar hundraðshlutatölur saman. Hámarksverðmæti allra þeirra efna sem ekki teljast upprunaefni má með öðrum orðum aldrei fara yfir hæstu hundraðshlutatöluna sem er tilgreind. Ekki má heldur fara yfir einstakar hundraðshlutatölur fyrir þau tilteknu efni sem þær gilda um.

Skýring 4 – Almenn ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarafurðir

- 4.1. Litið skal á landbúnaðarafurðir, sem falla undir 6., 7., 8., 9., 10. og 12. kafla og nr. 24.01 og sem eru ræktaðar eða uppskornar hjá samningsaðila, sem upprunnar hjá þeim samningsaðila, jafnvel þótt þær séu ræktaðar af innfluttu fræi, blómlaukum, grunnstofnum, græðlingum, græðikvistum, sprotum, blómknöppum eða öðrum lifandi plöntuhlutum.
- 4.2. Í tilvikum þar sem innihald sykurs, sem ekki er upprunavara, í tiltekinni framleiðsluvöru er háð takmörkunum er, við útreikning á slíkum takmörkunum, tekið tillit til þyngdar sykurs í nr. 17.01 (súkrósi) og 17.02 (t.d. frúktósi, glúkósi, laktósi, maltósi, ísóglúkósi eða einsykrur) sem notaður er til framleiðslu á fullunnu vörunni og til framleiðslu á vörum sem ekki eru upprunavörur sem er bætt við í fullunnu vöruna.

Skýring 5 – Hugtakanotkun varðandi tilteknar spunavörur

- 5.1. Orðin „náttúrlegar trefjar“ eru notuð í skránni til að vísa til trefja annarra en gerviþráða eða syntetískra þráða. Þau eiga einungis við á þeim stigum framleiðslunnar sem koma á undan spuna, að meðtöldum úrgangi og, nema annað sé tekið fram, að meðtöldum trefjum sem hafa verið kembdar, greiddar eða unnar á annan hátt, þó ekki spunnar.
- 5.2. Orðin „náttúrlegar trefjar“ eiga einnig við um hrosshár í nr. 05.11, silki í nr. 50.02 og 50.03, og auk þess ullartrefjar og fín- eða grófgert dýrahár í nr. 51.01–51.05, baðmullartrefjar í nr. 52.01–52.03, og aðrar jurtatrefjar í nr. 53.01–53.05.
- 5.3. Orðin „textílmassi“, „kemísk efni“ og „efni til pappírsgerðar“ eru notuð í skránni til þess að lýsa efnunum sem flokkast ekki í 50.–63. kafla og nota má til framleiðslu á gervitrefjum, syntetískum trefjum eða pappirstrefjum eða gervigarni, syntetísku garni eða pappírgarni.
- 5.4. Orðin „tilbúnar stuttrefjar“ eru notuð í skránni til að vísa til syntetískra þátta eða gervivöndulþátta, stuttrefja eða úrgangs í nr. 55.01–55.07.
- 5.5. Þrykking (ásamt vefnaði, prjóni/hekli, límbindingu eða hnökurvinnslu (flocking)) er skilgreind sem tækni sem notuð er til að færa hlutlægt metinn

þátt, eins og lit, mynstur eða tæknilega frammistöðu, yfir á spunaundirlag með varanlegum hætti með sáldþrykkítækni, rúllutækni, stafrænni tækni eða yfirfærslutækni.

- 5.6. Þrykking (sem sjálfstæð aðgerð) er skilgreind sem tækni sem notuð er til að færa hlutlægt metinn þátt, eins og lit, mynstur eða tæknilega frammistöðu, yfir á spunaundirlag með varanlegum hætti með sáldþrykkítækni, rúllutækni, stafrænni tækni eða yfirfærslutækni, ásamt a.m.k. tveimur aðgerðum til undirbúnings eða fullvinnslu (s.s. hreinsun, bleiking, mersivinnsla, hitun, ýfing, pressun, afhleyping, straufríjun, sléttun með gufumeðferð (decatizing), gegndreyping, viðgerð, hnökrahreinsun), enda sé verðmæti allra efna sem notuð eru ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar.

Skýring 6 – Vikmörk sem gilda um framleiðsluvörur úr blönduðum spunaefnum

- 6.1. Þegar vísað er í þessa skýringu vegna ákveðinnar framleiðsluvöru í skránni skulu skilyrðin í 3. dálki ekki gilda um grunntextílefni sem notuð eru við framleiðslu hennar og í heild eru 15% eða minna af heildarþyngd allra þeirra grunntextílefna sem notuð eru. (Sjá einnig skýringar 6.3 og 6.4.)
- 6.2. Mörkin sem um getur í skýringu 6.1 eiga hins vegar einungis við um blandaðar framleiðsluvörur gerðar úr tveimur eða fleiri grunntextílefnum.

Eftirfarandi telst grunntextílefni:

- silki,
- ull,
- grófgert dýrahár,
- fingert dýrahár,
- hrosshár,
- baðmull,
- efni til pappírsgerðar og pappír,
- hör,
- hampur,
- júta og aðrar basttextíltrefjar,
- sísal- og aðrar textíltrefjar af agava-ætt,
- kókostrefjar, abaca, ramí og aðrar textíltrefjar úr jurtaríkinu,
- tilbúnir, syntetískir heilþræðir úr pólyprópyleni,
- tilbúnir, syntetískir heilþræðir úr pólyester,
- tilbúnir, syntetískir heilþræðir úr pólyamíði,
- tilbúnir, syntetískir heilþræðir úr pólyakrylonítríli,

- tilbúnir, syntetískir heilþræðir úr pólyímíði,
 - tilbúnir, syntetískir heilþræðir úr pólytetraflúoretyleni,
 - tilbúnir, syntetískir heilþræðir úr póly (fenylen súlfíði),
 - tilbúnir, syntetískir heilþræðir úr póly (vínýl klóríði),
 - aðrir tilbúnir, syntetískir heilþræðir,
 - tilbúnir gerviheilþræðir úr viskósa,
 - aðrir tilbúnir gerviheilþræðir,
 - straumleiðandi þræðir,
 - tilbúnar, syntetískar stuttrefjar úr pólyprópyleni,
 - tilbúnar, syntetískar stuttrefjar úr pólyester,
 - tilbúnar, syntetískar stuttrefjar úr pólyamíði,
 - tilbúnar, syntetískar stuttrefjar úr pólyakrylonítríli,
 - tilbúnar, syntetískar stuttrefjar úr pólyímíði,
 - tilbúnar, syntetískar stuttrefjar úr pólytetraflúoretyleni,
 - tilbúnar, syntetískar stuttrefjar úr póly (fenylen súlfíði),
 - tilbúnar, syntetískar stuttrefjar úr póly (vínýl klóríði),
 - aðrar tilbúnar, syntetískar stuttrefjar,
 - tilbúnar gervistuttrefjar úr viskósa,
 - aðrar tilbúnar gervistuttrefjar,
 - garn úr pólyúretani með sveigjanlegum pólyeterþáttum, einnig yfirspunnum,
 - vörur í nr. 56.05 (málmgarn) sem innihalda ræmu með kjarna úr álþynnum eða kjarna úr plastfilmu, einnig húðuð með áldufti, ekki yfir 5 mm að breidd, lögð með gagnsæju eða lituðu lími milli tveggja plastfilma,
 - aðrar vörur í nr. 56.05,
 - glertrefjar,
 - málmrefjar,
 - steinefnatrefjar.
- 6.3. Ef framleiðsluvörur innihalda „garn úr pólyúretani með sveigjanlegum pólyeterþáttum, einnig yfirspunnum“, er leyfilegt frávik 20% fyrir þetta garn.
- 6.4. Ef framleiðsluvörur innihalda „ræmu með kjarna úr álþynnum eða kjarna úr plastfilmu, einnig húðuð með áldufti, ekki yfir 5 mm að breidd, lögð með gagnsæju eða lituðu lími milli tveggja plastfilma“, er leyfilegt frávik 30% að því er varðar þessa ræmu.

Skýring 7 – Önnur vikmörk sem gilda um tiltekna textílvörur

- 7.1. Þar sem vísað er til þessarar skýringar í skránni, má nota textílefni, þó ekki fôður og millifôður, sem uppfylla ekki skilyrði reglunnar í 3. dálki skrárinnar fyrir hina tilbúnu vöru, að því tilskildu að þau séu flokkuð í annan vörulið en framleiðsluvaran og að verðmæti þeirra fari ekki yfir 15% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar.
- 7.2. Með fyrirvara um skýringu 7.3 er notkun efna sem eru ekki flokkuð undir 50.–63. kafla engum takmörkunum háð við framleiðslu á textílvörum, hvort sem þau innihalda textílefni eða ekki.
- 7.3. Þegar hundraðshlutaregla gildir skal telja með verðmæti efna sem ekki eru upprunaefni og flokkast ekki undir 50.–63. kafla þegar reiknað er út verðmæti efna sem eru ekki upprunavörur en eru notuð til framleiðslunnar.

Skýring 8 – Skilgreining á sérstakri vinnslu og einföldum aðgerðum sem framkvæmdar eru varðandi tiltekna vörur í 27. kafla

- 8.1 Að því er varðar úr nr. 27.07 og 27.13 telst eftirfarandi vera „sérstök vinnsla“:
 - (a) eiming við lágþrýsting,
 - (b) endureiming með mjög ítarlegu þáttunarferli,
 - (c) sundrun,
 - (d) umbreyting,
 - (e) útdráttur með sérhæfðum leysiefnum,
 - (f) vinnsla sem felur í sér allar eftirtaldar aðgerðir: vinnsla með óblandaðri brennisteinssýru, rjúkandi brennisteinssýru (óleum) eða brennisteinsanhýdríði; hlutleysing með alkaliefnum; aflitun og hreinsun með náttúrliga virkum jarðefnum, ávirkum jarðefnum, ávirkum viðarkolum eða baxíti,
 - (g) fjölliðun,
 - (h) alkylun og
 - (i) hverfing (ísómering).
- 8.2 Að því er varðar nr. 27.10, 27.11 og 27.12 telst eftirfarandi vera „sérstök vinnsla“:
 - (a) eiming við lágþrýsting,
 - (b) endureiming með mjög ítarlegu þáttunarferli,
 - (c) sundrun,
 - (d) umbreyting,

- (e) útdráttur með sérhæfðum leysiefnum,
- (f) vinnsla sem felur í sér allar eftirtaldar aðgerðir: vinnsla með óblandaðri brennisteinssýru, rjúkandi brennisteinssýru (óleum) eða brennisteinsanhýdríði; hlutleysing með alkaliefnum; aflitun og hreinsun með náttúrulega virkum jarðefnum, ávirkum jarðefnum, ávirkum viðarkolum eða bákítí,
- (g) fjölliðun,
- (h) alkylun,
- (i) hverfing (ísómering),
- (j) að því er varðar þykkar olíur sem falla einungis undir úr nr. 27.10, hreinsun brennisteins með vatnsefnum er leiðir til að minnsta kosti 85% minnkunar á brennisteinsinnihaldi framleiðsluvara sem eru unnar með þessum hætti (með ASTM D 1266-59 T-aðferðinni),
- (k) að því er varðar framleiðsluvörur sem falla einungis undir nr. 27.10, hreinsun paraffíns með annarri vinnsluaðferð en síun,
- (l) að því er varðar þykkar olíur sem falla einungis undir úr nr. 27.10, meðferð með vatnsefnum við meira en 20 bara þrýsting og hærra hitastig en 250 °C með notkun hvata, til annars en að hreinsa brennistein, þegar vatnsefni er virkur þáttur í kemísku efnahvarfi. Þó telst frekari meðferð smurolíu með vatnsefnum í úr nr. 27.10 (s.s. lokavinnsla með vatnsefnum eða aflitun), einkum til að bæta lit eða stöðugleika, ekki vera sérstök vinnsla,
- (m) að því er varðar brennsluolíur sem falla einungis undir úr nr. 27.10, eiming við venjulegan loftþrýsting með því skilyrði að minna en 30% af þessum framleiðsluvörum, miðað við rúmmál og að meðtöldu tapi, eimist við 300 °C með ASTM D 86-aðferðinni,
- (n) að því er varðar þykkar olíur, aðrar en gasolíur og brennsluolíur sem falla einungis undir úr nr. 27.10, meðferð með hátíðniafhleðslu og
- (o) að því er varðar hrávörur (aðrar en vaselín; ósókerít, brúnkolavax eða móvax, paraffín sem innihalda minna en 0,75% af olíu miðað við þyngd) aðeins í úr nr. 27.12, fjarlæging olíu með stigkristöllum.

8.3 Að því er varðar úr nr. 27.07 og 27.13 veita einfaldar aðgerðir, s.s. hreinsun, afhelling, fjarlæging salts, sundurgreining vatns, síun, litun, merking, þar sem brennisteinsinnihald fæst með blöndun framleiðsluvara með misjafnlega miklu brennisteinsinnihaldi, hvers konar samsetning þessara aðgerða eða álíka aðgerðir, ekki upprunaréttindi.

Skýring 9 – Skilgreining á sérstakri vinnslu og einföldum aðgerðum sem framkvæmdar eru varðandi tilteknar vörur

- 9.1. Framleiðsluvörur sem heyra undir 30. kafla, sem fengnar eru hjá samningsaðila með frumurækt, skulu taldar upprunnar hjá þeim samningsaðila. „Frumurækt“ er skilgreind sem ræktun á frumum úr mönnum, dýrum og plöntum við stýrð skilyrði (s.s. skilgreint hitastig, vaxtaræti, blanda af lofttegundum, sýrustig) utan lífveru.
- 9.2. Framleiðsluvörur sem heyra undir 29. kafla (þó ekki: nr. 2905.43–2905.44), 30., 32. og 33. kafla (þó ekki: nr. 33.01, 3302.10), 34. og 35. kafla (þó ekki: nr. 35.01, 3502.11–3502.19, 3502.20, 35.05), 36., 37. og 38. kafla (þó ekki: nr. 3809.10, 38.23, 3824.60, 38.26) og 39. kafla (þó ekki: 39.16–39.26), sem fengnar eru hjá samningsaðila með gerjun, skulu taldar upprunnar hjá þeim samningsaðila.
- **Gerjun:** „Gerjun“ er líftækni ferli þar sem frumur úr mönnum, dýrum og plöntum, bakteríur, ger, sveppir eða ensím eru notuð til að framleiða vörur sem heyra undir 29.–39. kafla.
- 9.3. Eftirfarandi vinnsluáðgerðir teljast fullnægjandi í samræmi við 1. mgr. 5. gr. (Fullnægjandi aðvinnsla), að því er varðar vörur sem falla undir 28. og 29. kafla (þó ekki: nr. 2905.43–2905.44), 30., 32. og 33. kafla (þó ekki: nr. 3302.10, 33.01), 34. og 35. kafla (þó ekki: nr. 35.01, 3502.11–3502.19, 3502.20, 35.05), 36., 37. og 38. kafla (þó ekki: nr. 3809.10, 38.23, 3824.60, 38.26) og 39. kafla (þó ekki: nr. 39.16.-39.26):
- **Efnahvörf:** „Efnahvörf“ eru ferli (einnig lífefnafræðilegt ferli) sem leiðir til þess að til verður sameind með nýrri byggingu með því að rofið er tengi innan sameindar og ný innri tengi mynduð eða með því að breyta rúmfræðilegri stöðu frumeinda í sameind. Efnahvörf má tjá með breytingu á „CAS-númeri“.
- Eftirfarandi ferli ættu ekki að teljast veita upprunaréttindi: a) uppleysing í vatni eða öðrum leysum, b) fjarlæging leysa, þ.m.t. vatns sem leyst er upp í, eða c) viðbót eða fjarlæging kristalsvatns.
- Efnahvörf, eins og þau eru skilgreind hér að framan, teljast veita upprunaréttindi.
- **Blöndur:** Vísitandi blöndun efna í stýrðum hlutföllum (þ.m.t. dreifing), önnur en að bæta við þynningarefnum, í samræmi við fyrirframákveðnar forskriftir, sem leiðir til framleiðslu vöru sem hefur eðlis- og efnafræðilega eiginleika sem skipta máli að því er varðar tilgang eða notkun vörunnar og eru ólíkir eiginleikum ílagsefnanna, telst veita upprunaréttindi.
 - **Hreinsun:** Hreinsun telst veita upprunaréttindi að því tilskildu að hreinsun sem á sér stað hjá öðrum eða báðum samningsaðilum leiði til þess að ein af eftirtöldum viðmiðunum sé uppfyllt:

- (a) hreinsun vöru leiðir til þess að fjarlægð eru a.m.k. 80% af magni fyrirliggjandi óhreininda eða
 - (b) minnkun eða fjarlæging óhreininda leiðir af sér vöru sem hentar til einna eða fleiri eftirfarandi nota:
 - (i) sem efni af gæðum sem henta í lyf, til lækninga, í snyrtivörur, til dýralækninga eða í matvæli,
 - (ii) sem kemískar vörur og prófefni til greininga, sjúkdómsgreininga eða fyrir rannsóknarstofur,
 - (iii) sem efni og íhlutir til nota í örrásatækni,
 - (iv) til sérhæfðra optískra nota,
 - (v) til líftækninota (t.d. í frumurækt, erfðatækni eða sem hvati),
 - (vi) sem burðarefni notuð við skiljun eða
 - (vii) til nota sem krefjast gæða sem krafist er í kjarnorkuvinnslu.
 - **Breyting á agnastærð:** Vísitandi og stýrð breyting á agnastærð vöru, önnur en eingöngu með því að mylja eða pressa, sem leiðir af sér vöru með skilgreinda agnastærð, skilgreinda stærðardreifingu eða yfirborðsflöt agna sem skiptir máli að því er varðar tilgang vörunnar sem af þessu leiðir og sem hefur ólíka eðlis- og efnafræðilega eiginleika frá ílagsefnunum, telst veita upprunaréttindi.
 - **Stöðluð efni:** Stöðluð efni (þ.m.t. staðallausnir) eru efnablöndur sem henta til greiningar, kvörðunar eða viðmiðunar með nákvæmt hreinleikastig eða hlutföll sem vottuð eru af framleiðanda. Framleiðsla staðlaðra efna telst veita upprunaréttindi.
 - **Aðgreining myndbrigða:** Einangrun eða aðgreining myndbrigða úr blöndu myndbrigða telst veita upprunaréttindi.
-

2. VIÐBÆTIR

VIÐ I. VIÐAUKA (UPPRUNAREGLUR)

SKRÁ YFIR TILSKILDA AÐVINNSLU EFNA, SEM EKKI TELJAST UPPRUNAEFNI, SEM ÞARF TIL AÐ FRAMLEIÐSLUVARAN ÖDLIST UPPRUNARÉTTINDI

ST 2017	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3)
1. kafli	Lifandi dýr	Öll dýr í 1. kafla verða að vera heimafengin að öllu leyti
2. kafli	Kjöt og ætir hlutar af dýrum	Framleiðsla þar sem allt kjöt og ætir hlutar af dýrum í framleiðsluvörnum í þessum kafla eru heimafengin að öllu leyti
3. kafli	Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatna-og sjávarhryggleysingjar	Framleiðsla þar sem öll efni í 3. kafla, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
4. kafli	Mjólkurafurðir; fuglaegg; náttúrulegt hunang; ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a.	Framleiðsla þar sem öll efni í 4. kafla, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
úr 5. kafla	Vörur úr dýraríkinu, ót.a.; þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er

ST 2017	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi
úr 0511.91	Óæt fiskaegg og hrogn	Öll eggin og hrognin eru heimafengin að öllu leyti
6. kafli	Lifandi tré og aðrar plöntur; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og lauf til skrauts	Framleiðsla þar sem öll efni í 6. kafla, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
7. kafli	Matjurtir og tilteknar rætur og hnýði	Framleiðsla þar sem öll efni í 7. kafla, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
8. kafli	Ætir ávextir og hnetur; hýði af sítrusávöxtum eða melónum	Framleiðsla þar sem allir ávextir, hnetur og hýði af sítrusávöxtum eða melónum í 8. kafla, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
9. kafli	Kaffi, te, maté og krydd	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er
10. kafli	Korn	Framleiðsla þar sem öll efni í 10. kafla, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
11. kafli	Malaðar vörur; malt; sterkja; inúlín; hveitiglúten	Framleiðsla þar sem öll efni í 8., 10. og 11. kafla, nr. 07.01, 07.14, 23.02 og 23.03 og undirlið 0710.10, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
12. kafli	Olíufræ og olíurík aldin; ýmiss konar sáðkorn, fræ og aldin; plöntur til notkunar í iðnaði og til lyfja; hálmur og fóður	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar
úr 13. kafla	Kvoðulakk, gúmkvoða og resín og aðrir jurtafar og jurtafjarnar; þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er

ST 2017	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi
úr 13.02	Pektínefni, pektínöt og pektöt	Framleiðsla úr efnnum í hvaða vörulið sem er og þar sem þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar
14. kafli	Fléttiefni úr jurtaríkinu; vörur úr jurtaríkinu, ót.a.	Framleiðsla úr efnnum í hvaða vörulið sem er
úr 15. kafla	Feiti og olíur úr dýra- og jurtaríkinu og klofningsefni þeirra; unnin matarfeiti; vax úr dýra- eða jurtaríkinu; þó ekki:	Framleiðsla úr efnnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar
15.04 til 15.06	Feiti og olíur og þættir þeirra, úr fiski eða sjávarspendýrum; ullarfeiti og feítiefni unnin úr henni (þar með talið lanólín); önnur dýrafeiti og -olíur og þættir þeirra, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt	Framleiðsla úr efnnum í hvaða vörulið sem er
15.08	Jarðhnetuolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt	Framleiðsla úr efnnum í hvaða undirlið sem er, þó ekki í undirlið framleiðsluvörunnar
15.09 og 15.10	Ólífuolía og þættir hennar	Framleiðsla þar sem öll jurtaefni, sem notuð eru, eru heimaefngin að öllu leyti
15.11	Pálmaolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt	Framleiðsla úr efnnum í hvaða undirlið sem er, þó ekki í undirlið framleiðsluvörunnar

ST 2017	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi
úr 15.12	Olía úr fræi sólblóma og þættir hennar – til tæknilegrar notkunar eða iðnaðarnotkunar annarrar en til framleiðslu á matvælum til manneðis – annað	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar Framleiðsla þar sem öll jurtaefni, sem notuð eru, eru heimaefngin að öllu leyti
15.15	Önnur órokgjörn jurtafeiti og -olía (þar með talin jójóbaolía) og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt	Framleiðsla úr efnum í hvaða undirlið sem er, þó ekki í undirlið framleiðsluvörunnar
úr 15.16	Feiti og olíur og þættir þeirra, úr fiski	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er
15.20	Glýseról (glýserín), hrátt; glýserólvatn og glýserollútur	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er
16. kafli	Framleiðsla úr kjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum	Framleiðsla þar sem öll efni í 2., 3. og 16. kafla, sem notuð eru, eru heimaefngin að öllu leyti
úr 17. kafla	Sykur og sætindi, þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar

ST 2017	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi
17.02	<p>Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi, í föstu formi; sykursíróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrlegu hunangi; karamel:</p> <p>– Kemískt hreinn maltsykur (maltósi) og frúktósi</p> <p>– Annað</p>	<p>Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þ.á m. öðrum efnum í nr. 17.02</p> <p>Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd efnanna í nr. 11.01–11.08, 17.01 og 17.03, sem notuð eru, fer ekki yfir 30% af þyngd fullunnu vörunnar</p>
17.04	Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakaóinnihalds	<p>Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem:</p> <p>– þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar</p> <p>eða</p> <p>– verðmæti sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar</p>
úr 18. kafla	Kakaó og framleiðsla úr kakaói, þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar

ST 2017	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi
úr 18.06	Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakaó, þó ekki:	<p>Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem:</p> <ul style="list-style-type: none"> – þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar <p>eða</p> <ul style="list-style-type: none"> – verðmæti sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
1806.10	Kakaóduft sem inniheldur viðbættan sykur eða annað sætuefni	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar

ST 2017	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi
19.01	<p>Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, klíðislausu korni, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakaó eða inniheldur minna en 40% miðað við þyngd af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 04.01–04.04 sem ekki innihalda kakaó eða innihalda minna en 5%, miðað við þyngd, af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.:</p> <ul style="list-style-type: none"> – Maltkjarni – Annað 	<p>Framleiðsla úr korni í 10. kafla</p> <p>Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd sykurs annars vegar og efnanna í 4. kafla hins vegar, sem notuð eru, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar</p>
19.02	<p>Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, raviólí, kannellóní; couscous, einnig unnið</p>	<p>Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem:</p> <ul style="list-style-type: none"> – þyngd efnanna í nr. 10.06 og 11.01–11.08, sem notuð eru, fer ekki yfir 20% af þyngd fullunnu vörunnar og – þyngd efnanna í 2., 3. og 16. kafla, sem notuð eru, fer ekki yfir 20% af þyngd fullunnu vörunnar

ST 2017	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi
19.03	Tapíókamjöl og tapíókalíki úr sterkju, sem flögur, grjón, perlur, sáldur eða í áþekkri mynd	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki kartöflusterkju í nr. 11.08
19.04	Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn (annað en maís), sem grjón eða sem flögur eða önnur unnin grjón (þó ekki mjöl, fín- eða grófmalað og klíðislaust korn), forsoðið eða unnið á annan hátt, ót.a.	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem: – þyngd efnanna í nr. 10.06 og 11.01–11.08, sem notuð eru, fer ekki yfir 20% af þyngd fullunnu vörunnar og – þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar
19.05	Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, ríspynnur og áþekkar vörur	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd efnanna í nr. 10.06 og 11.01–11.08, sem notuð eru, fer ekki yfir 20% af þyngd fullunnu vörunnar
úr 20. kafla	Framleiðsla úr matjurtum, ávöxtum, hnetum eða öðrum plöntuhlutum, þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar
20.02 og 20.03	Tómatar, sveppir og jarðsveppir, unnið eða varið skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem öll efnin í 7. kafla, sem notuð eru, eru heimaþingin að öllu leyti
20.06	Matjurtir, ávextir, hnetur, ávaxtahýði og aðrir plöntuhlutar, varið skemmdum með sykri (gegndreypt, gljásýkrað eða kristallað)	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar

ST 2017	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi
20.07	Sulta, ávaxtahlaup, mauk, ávaxta- eða hnetudeig, fengið með suðu, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnar vörunnar
úr 20.08	Framleiðsluvörur aðrar en: – hnetur sem innihalda ekki viðbættan sykur eða áfengi – hnetusmjör; kornblöndur; pálmakjarni; máis (korn) – ávextir og hnetur sem matreidd eru á annan hátt en með gufusuðu eða suðu í vatni, án viðbætts sykurs, frosin	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnar vörunnar
20.09	Ávaxtasafi (þar með talið þrúguþykkni) og matjurtasafi, ógerjaður og án viðbætts áfengis, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnar vörunnar
úr 21. kafla	Ýmis matvælaframleiðsla, þó ekki:	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar
21.03	– Sósar og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni – Mustarðsmjöl, fin- eða grófmalað, og unninn mustarður (sinnep)	Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar. Þó má nota mustarðsmjöl, fin- eða grófmalað, eða unninn mustarð Framleiðsla úr efnunum í hvaða vörulið sem er

ST 2017	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi
21.05	Rjómaís og annar ís til manneidis, einnig með kakaóinnihaldi	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem: – þyngd sykurs annars vegar og efnanna í 4. kafla hins vegar, sem notuð eru, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar og – samanlögð heildarþyngd sykurs og efnanna í 4. kafla, sem notuð eru, fer ekki yfir 60% af þyngd fullunnu vörunnar
21.06	Matvæli, ót.a.	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem þyngd sykurs, sem notaður er, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar
úr 22. kafla	Drykkjarvörur, áfengir vökvar og edik, þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem öll efnin í undirliðum 0806.10, 2009.61 og 2009.69, sem notuð eru, eru heimaefngin að öllu leyti
22.02	Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 20.09	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar
22.07 og 22.08	Ómengið etylalkóhól að alkóhólstyrkleika 80% eða meira eða 80% eða minna miðað við rúmmál; áfengir vökvar, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í nr. 22.07 eða 22.08, þar sem öll efnin í undirliðum 0806.10, 2009.61 og 2009.69, sem notuð eru, eru heimaefngin að öllu leyti

ST 2017	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi
úr 23. kafla	Leifar og úrgangur frá matvælaframleiðslu; unnið skepnufóður, þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar
23.09	Framleiðsla til dýraeldis	<p>Framleiðsla þar sem:</p> <ul style="list-style-type: none"> – öll efni í 2. og 3. kafla, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti, – þyngd efnanna í 10. og 11. kafla og í nr. 23.02 og 23.03, sem notuð eru, fer ekki yfir 20% af þyngd fullunnu vörunnar, – þyngd sykurs annars vegar og efnanna í 4. kafla hins vegar, sem notuð eru, fer ekki yfir 40% af þyngd fullunnu vörunnar og – samanlögð heildarþyngd sykurs og efnanna í 4. kafla, sem notuð eru, fer ekki yfir 50% af þyngd fullunnu vörunnar
úr 24. kafla	Tóbak og framleitt tóbakslíki, þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er þar sem þyngd efnanna í nr. 24,01 fer ekki yfir 30% af heildarþyngd efnanna í 24. kafla sem notuð eru
24.01	Óunnið tóbak, tóbaksúrgangur	Framleiðsla þar sem öll efni í nr. 24.01, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti
úr 24.02	Vindlingar, úr tóbaki eða tóbakslíki	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar og reyktóbaki í undirlið 2403.19, þar sem a.m.k. 10% miðað við þyngd allra efnanna í nr. 24.01, sem notuð eru, eru heimafengin að öllu leyti

ST 2017	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi
úr 24.03	Framleiðsluvörur ætlaðar til innöndunar með hitun eða öðrum aðferðum, án bruna	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar, þar sem a.m.k. 10% miðað við þyngd allra efnanna í nr. 24.01, sem notuð eru, eru heimaefngin að öllu leyti
úr 25. kafla	Salt; brennisteinn; mold og steintegundir; gipsefni, kalk og sement, þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar eða Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, fer ekki yfir 70% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 25.19	Mulið náttúrulegt magnesíumkarbónat (magnesít), í loftþéttum umbúðum, og magnesíumoxíð, einnig hreint, þó ekki brædd magnesía eða glædd magnesía	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar. Þó má nota náttúrulegt magnesíumkarbónat (magnesít)
26. kafla	Málmgrýti, gjall og aska	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar
úr 27. kafla	Eldsneyti úr steinaríkinu, jarðolíur og efni eimdr úr þeim; jarðbiksefni; jarðvax, þó ekki:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í vörulið framleiðsluvörunnar eða Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna, sem notuð eru, fer ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

ST 2017	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi
úr 27.07	Olíur sem í er meiri þungi arómatískra efnispátta en óarómatískra efnispátta og eru áþekkar jarðolíum sem framleiddar eru með eimingu úr háhitadri koltjöru sem eimast meira en 65% miðað við rúmmál við 250 °C (þ.m.t. blöndur af bensíni og bensóli), ætlaðar til notkunar sem orku- eða hitagjafi	Hreinsun og/eða ein eða fleiri tegundir annarrar sérstakrar vinnslu ¹ eða Önnur vinnsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vöruliði enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
27.10	Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla sem í er miðað við þyngd 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, ót.a. enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar; úrgangsolíur	Hreinsun og/eða ein eða fleiri tegundir annarrar sérstakrar vinnslu ² eða Önnur vinnsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vöruliði enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

¹ Sjá skýringar nr. 8.1 og 8.3 í inngangskaflanum um sérstakar reglur um „sérstaka vinnslu“.

² Sjá skýringar nr. 8.2 í inngangskaflanum um sérstakar reglur um „sérstaka vinnslu“.

ST 2017	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi
27.11	Jarðolíugas og annað loftkennt kolvatnsefni	Hreinsun og/eða ein eða fleiri tegundir annarrar sérstakrar vinnslu ³ eða Önnur vinnsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vöruliði enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
27.12	Vaselín; paraffín, örkristallað jarðolíuvax, kolavax, ósókerít, brúnkolavax, móvax, annað jarðefnavax og áþekkar vörur fengnar með efnasmíð eða öðrum aðferðum, einnig litað	Hreinsun og/eða ein eða fleiri tegundir annarrar sérstakrar vinnslu ⁴ eða Önnur vinnsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vöruliði enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

³ Sjá skýringar nr. 8.2 í inngangskaflanum um sérstakar reglur um „sérstaka vinnslu“.

⁴ Sjá skýringar nr. 8.2 í inngangskaflanum um sérstakar reglur um „sérstaka vinnslu“.

ST 2017	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi
27.13	Jarðolíukox, jarðolíubítumen og aðrar leifar úr jarðolíum eða olíum úr bikkenndum steinefnum	Hreinsun og/eða ein eða fleiri tegundir annarrar sérstakrar vinnslu ⁵ eða Önnur vinnsla þar sem öll efni, sem notuð eru, flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé heildarverðmæti þeirra ekki yfir 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
2309.10.11	Hunda- eða kattafóður í smásöluumbúðum, sem inniheldur glúkósa, glúkósasíróp, maltódestrín eða maltódestrínsíróp en enga sterkju eða engar mjólkurafurðir eða inniheldur ekki meira en 10% af sterkju og minna en 10% miðað við þyngd af mjólkurafurðum	0%	-
2309.10.13	Hunda- eða kattafóður í smásöluumbúðum, sem inniheldur glúkósa, glúkósasíróp, maltódestrín eða maltódestrínsíróp en enga sterkju eða inniheldur ekki meira en 10% af sterkju og 10% eða meira en minna en 50% miðað við þyngd af mjólkurafurðum	X	-
2309.10.15	Hunda- eða kattafóður í smásöluumbúðum, sem inniheldur glúkósa, glúkósasíróp, maltódestrín eða maltódestrínsíróp en enga sterkju eða inniheldur ekki meira en 10% af sterkju og 50% eða meira en minna en 75% miðað við þyngd af mjólkurafurðum	X	-
2309.10.19	Hunda- eða kattafóður í smásöluumbúðum, sem inniheldur glúkósa, glúkósasíróp, maltódestrín eða maltódestrínsíróp en enga sterkju eða inniheldur ekki meira en 10% af sterkju og 75% eða meira miðað við þyngd af mjólkurafurðum	X	-
2309.10.31	Hunda- eða kattafóður í smásöluumbúðum, sem inniheldur glúkósa, glúkósasíróp, maltódestrín eða maltódestrínsíróp og inniheldur meira en 10% en ekki meira en 30% af sterkju og engar mjólkurafurðir eða minna en 10% miðað við þyngd af mjólkurafurðum	0%	-
2309.10.33	Hunda- eða kattafóður í smásöluumbúðum, sem inniheldur glúkósa, glúkósasíróp, maltódestrín eða maltódestrínsíróp og inniheldur meira en 10% en ekki meira en 30% af sterkju og 10% eða meira en minna en 50% miðað við þyngd af mjólkurafurðum	X	-

SN-númer 2020	Leiðbeinandi sjálfstæðar SN-lýsingar	Ívilnandi tollmeðferð	Tollkvóti
2309.10.39	Hunda- eða kattafóður í smásöluumbúðum, sem inniheldur glúkósa, glúkósasíróp, maltódestrín eða maltódestrínsíróp og inniheldur meira en 10% en ekki meira en 30% af sterkju og 50% eða meira miðað við þyngd af mjólkurafurðum	X	-
2309.10.51	Hunda- eða kattafóður í smásöluumbúðum, sem inniheldur glúkósa, glúkósasíróp, maltódestrín eða maltódestrínsíróp og inniheldur meira en 30% af sterkju og engar mjólkurafurðir eða minna en 10% miðað við þyngd af mjólkurafurðum	X	-
2309.10.53	Hunda- eða kattafóður í smásöluumbúðum, sem inniheldur glúkósa, glúkósasíróp, maltódestrín eða maltódestrínsíróp og inniheldur meira en 30% af sterkju og 10% eða meira en minna en 50% miðað við þyngd af mjólkurafurðum	X	-
2309.10.59	Hunda- eða kattafóður í smásöluumbúðum, sem inniheldur glúkósa, glúkósasíróp, maltódestrín eða maltódestrínsíróp og inniheldur meira en 30% af sterkju og 50% eða meira miðað við þyngd af mjólkurafurðum	X	-
2309.10.70	Hunda- eða kattafóður í smásöluumbúðum, sem inniheldur enga sterkju, glúkósa, maltódestrín eða maltódestrínsíróp en sem inniheldur mjólkurafurðir	X	-
2309.10.90	Hunda- eða kattafóður í smásöluumbúðum, sem inniheldur enga sterkju, glúkósa, maltódestrín eða maltódestrínsíróp og engar mjólkurafurðir	X	-
2309.90	Framleiðsla til dýraeldis (þó ekki hunda- eða kattafóður í smásöluumbúðum)	X	-
24	Tóbak og framleitt tóbakslíki	0%	-
3502.11.90	Eggjaalbúmín, þurrkað „t.d. í þynnum, flögum, dufti“, hæft til manneldis	X	-
3502.19.90	Eggjaalbúmín, hæft til manneldis (þó ekki þurrkað [t.d. í þynnum, flögum, kristöllum, dufti])	X	-
3502.20.91	Mjólkuralbúmín „lactalbumin“, þar með talið kirmi tveggja eða fleiri mysupróteína, sem inniheldur miðað við þyngd þurrefnis meira en 80% af mysupróteínum, hæft til manneldis, þurrkað „t.d. í þynnum, flögum, dufti“	X	-
3502.20.99	Mjólkuralbúmín „lactalbumin“, þar með talið kirmi tveggja eða fleiri mysupróteína, sem inniheldur miðað við þyngd þurrefnis meira en 80% af mysupróteínum, hæft til manneldis (þó ekki þurrkað [t.d. í þynnum, flögum, kristöllum, dufti])	X	-
3823.11.00.10	Til dýraeldis	X	-
3823.12.00.10	Til dýraeldis	X	-
3823.13.00.10	Til dýraeldis	X	-
3823.19.10.10	Til dýraeldis	X	-
3823.19.10.20	12-hýdroxýoktanóatsýra (CAS RN 106-14-9) til notkunar við framleiðslu á pólyglýserín-póly-12-hýdroxýoktanóatsýruesterum	X	-
3823.19.30.30	framleiðsla til dýraeldis í nr. 2309	X	-
3823.19.30.80	Til dýraeldis	X	-
3823.19.90.30	framleiðsla til dýraeldis í nr. 2309	X	-
3823.19.90.80	Til dýraeldis	X	-
3823.70.00.10	Til dýraeldis	X	-

B-hluti:

Ívilnandi tollkvótar Bretlands sem eru í boði fyrir Ísland

Tollkvóti 1 – Laxaflök

- a) Upprunavörur Íslands sem merktar eru með tákuninni „Tollkvóti 1“, sem sett er fram í 1. lið, skulu vera tollfrjálsar, 33 tonn á hverju ári.
- b) Þessi málsgrein á við um upprunavörur sem eru flokkaðar undir eftirfarandi tollskrárlíði:
0302.13, 0302.14, 0302.99.00.30, 0302.99.00.40, 0304.41, 0304.81

Tollkvóti 2 – Ferskur eða kældur fiskur, fryst fiskflök og fiskhold

- a) Upprunavörur Íslands sem merktar eru með tákuninni „Tollkvóti 2“, sem sett er fram í 1. lið, skulu vera tollfrjálsar, 64 tonn á hverju ári.
- b) Þessi málsgrein á við um upprunavörur sem eru flokkaðar undir eftirfarandi tollskrárlíði:
0302.23, 0302.24, 0302.29, 0302.56.00.10, 0302.99.00.71, 0302.99.00.79, 0303.32, 0303.55.30, 0303.55.90.90, 0303.56, 0303.59.90, 0303.69.90, 0303.82, 0303.83, 0303.84.90, 0303.89.55, 0303.89.90, 0304.31, 0304.32, 0304.33, 0304.39, 0304.42.50, 0304.43.00.10, 0304.43.00.90, 0304.44.30, 0304.44.90.10, 0304.44.90.90, 0304.45, 0304.46, 0304.47, 0304.48, 0304.49.10, 0304.49.50, 0304.49.90.30, 0304.49.90.40, 0304.49.90.50, 0304.49.90.60, 0304.49.90.70, 0304.49.90.90, 0304.53.00.11, 0304.53.00.19, 0304.53.00.20, 0304.53.00.31, 0304.53.00.39, 0304.53.00.90, 0304.54, 0304.55, 0304.56, 0304.57, 0304.59.90.10, 0304.59.90.15, 0304.59.90.20, 0304.59.90.30, 0304.59.90.35, 0304.59.90.40, 0304.59.90.45, 0304.59.90.50, 0304.59.90.55, 0304.59.90.65, 0304.59.90.90, 0304.61, 0304.62, 0304.63, 0304.69, 0304.82.50, 0304.89.10, 0304.95.21, 0304.95.25, 0304.95.29, 0304.95.40, 0304.95.50, 0304.95.60, 0304.95.90.11, 0304.95.90.13, 0304.95.90.17, 0304.95.90.19, 0304.95.90.90, 0304.96, 0304.97, 0304.99.99.20, 0304.99.99.25, 0304.99.99.40, 0304.99.99.50, 0304.99.99.65, 0304.99.99.69, 0304.99.99.70, 0304.99.99.90.

Tollkvóti 3 – Leturhumar, frystur

- a) Upprunavörur Íslands sem merktar eru með tákuninni „Tollkvóti 3“, sem sett er fram í 1. lið, skulu vera tollfrjálsar, 4 tonn á hverju ári.
- b) Þessi málsgrein á við um upprunavörur sem eru flokkaðar undir eftirfarandi tollskrárlíði:
0306.15

Tollkvóti 4 – Kindakjöt

a) Upprunavörur Íslands sem merktar eru með tákuninni „Tollkvóti 4“, sem sett er fram í 1. lið, skulu vera tollfrjálsar, 692 tonn á hverju ári.

b) Þessi málsgrein á við um upprunavörur sem eru flokkaðar undir eftirfarandi tollskrárliði:

0204, 0210.99.21, 0210.99.29, 0210.99.85.10

Tollkvóti 5 – Skyr

a) Upprunavörur Íslands sem merktar eru með tákuninni „Tollkvóti 5“, sem sett er fram í 1. lið, skulu vera tollfrjálsar, 329 tonn á hverju ári, þar af 165 tonn á tímabilinu 1. janúar til 30. júní og 164 tonn á tímabilinu 1. júlí til 31. desember.

b) Þessi málsgrein á við um upprunavörur sem eru flokkaðar undir eftirfarandi tollskrárliði:

0406.10.50.10

V. VIÐAUKI

SKULDBINDINGASKRÁ VARÐANDI TOLLA Á VÖRUR

SKULDBINDINGAR BRETLANDS VARÐANDI VÖRUR SEM ERU UPPRUNNAR Í
NOREGI

VI. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 6. MGR. Í GR. 2.20 (VIÐAUKAR) Í ÞÆTTI 2.1
(ALMENN ÁKVÆÐI UM VÖRUVIÐSKIPTI) Í 2. KAFLA
(VÖRUVIÐSKIPTI)

VI. VIÐAUKI

ÚTREIKNINGUR Á MAGNI KVÓTA EFTIR GILDISTÖKU

SEM UM GETUR Í 6. MGR. Í GR. 2.20 (VIÐAUKAR) Í ÞÆTTI 2.1 (ALMENN ÁKVÆÐI UM VÖRUVIÐSKIPTI) Í 2. KAFLA (VÖRUVIÐSKIPTI)

Ef þessi samningur öðlast gildi, eða er beitt til bráðabirgða, eftir að kvótatímabil í þessum samningi hefst og áður eða þegar því tímabili lýkur skal kvótinn, sem gilda skal til loka þess kvótatímabils, notaður með eftirfarandi aðlögun:

1. Reikna skal magn kvóta sem hér segir:
 - (a) Ef enginn samsvarandi tollkvóti er í samningnum um vöruviðskipti á milli Íslands, Konungsríkisins Noregs og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands („bráðabirgðasamningnum“) skal kvótinn lækkaður í hlutfalli við þann dagafjölda sem eftir stendur af kvótatímabilinu.
 - (b) Ef samsvarandi tollkvóti er í bráðabirgðasamningnum skal reikna magn kvóta (með fyrirvara um frádrátt eins og hann er settur fram í 2. mgr.) sem:
 - (i) allt magn kvóta samkvæmt bráðabirgðasamningnum, að viðbættum:
 - (ii) mismuninum milli magns kvóta samkvæmt bráðabirgðasamningnum og magns kvóta samkvæmt þessum samningi, lækkað í hlutfalli við þann dagafjölda sem eftir stendur af kvótatímabili tollkvótans samkvæmt þessum samningi.
2. Ef samsvarandi tollkvóti er í bráðabirgðasamningnum skal magn sem dregið er með réttum hætti frá samsvarandi kvóta samkvæmt bráðabirgðasamningnum einnig teljast sem frádráttur frá magni kvóta samkvæmt þessum samningi.
3. Uppboð og leyfisveiting fyrir fyrsta kvótatímabilið samkvæmt þessum samningi skal, eftir því sem frekast er unnt fara fram 6 vikum fyrir, og eigi síðar en 14 dögum fyrir, gildistöku eða fyrri bráðabirgðabeitingu þessa samnings. Til að taka af vafa þá getur úthlutun á kvótarétti til rekstraradila, sem farið hefur rétt fram samkvæmt bráðabirgðasamningnum (hvort sem er með uppboði, leyfisveitingu eða öðrum aðferðum), haldið gildi sínu að því er þennan samning varðar.
4. Að því er varðar 1. og 2. lið hér að framan telst, að því er varðar tollkvóta samkvæmt þessum samningi („nýr tollkvóti“), vera til samsvarandi tollkvóti samkvæmt bráðabirgðasamningnum („gamall tollkvóti“) ef þessir tollkvótar gilda um sömu tollskrársvið og enginn annar tollkvóti gildir um þessi tollskrársvið samkvæmt hvorugum samningnum að því er varðar innflutning til innflutningssamningsaðilans frá útflutningssamningsaðilanum á einhverjum degi sem er hluti af kvótatímabilinu fyrir nýja tollkvótann eða gamla tollkvótann. Til að taka af vafa er þessum lið beitt á grundvelli tollskrársviðanna sem nýi tollkvótinn og gamli tollkvótinn myndu taka til á almanaksári gildistökkunnar.

VII. VIÐAUKI

TVÍHLIÐA VIÐAUKI MILLI NOREGS OG BRETLANDS VARÐANDI UMFLUTNING
FISKS OG SJÁVARAFURÐA

VIII. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 3. MGR. Í GR. 2.22 (GILDISSVIÐ) Í ÞÆTTI 2.2
(TÆKNILEGAR VIÐSKIPTAHINDRANIR) Í 2. KAFLA
(VÖRUVIÐSKIPTI)

VIII. VIÐAUKI

VÉLKNÚIN ÖKUTÆKI OG BÚNAÐUR OG HLUTAR TIL ÞEIRRA

SEM UM GETUR Í 3. MGR. Í GR. 2.22 (GILDISSVIÐ) Í ÞÆTTI 2.2 (TÆKNILEGAR VIÐSKIPTAHINDRANIR) Í 2. KAFLA (VÖRUVIÐSKIPTI)

1. GR.

Skilgreiningar.

1. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - (a) „WP.29“: Alþjóðaráðið um samhæfingu reglugerða um ökutæki innan ramma efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE),
 - (b) „samningurinn frá 1958“: samningurinn um samþykkt samræmdra tæknireglugerða Sameinuðu þjóðanna fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluta, sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og skilyrðin um gagnkvæma viðurkenningu á viðurkenningum sem eru veittar á grundvelli þessara reglugerða Sameinuðu þjóðanna, sem gerður var í Genf 20. mars 1958 og stjórnað er af WP.29, og allar síðari breytingar og endurskoðanir á honum,
 - (c) „samningurinn frá 1998“: samningurinn um setningu hnattrænna tæknireglugerða fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluta, sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum, sem gerður var í Genf 25. júní 1998 og stjórnað er af WP.29, og allar síðari breytingar og endurskoðanir á honum,
 - (d) „reglugerðir SB“: reglugerðir sem samþykktar eru í samræmi við samninginn frá 1958,
 - (e) „hnattræn tæknireglugerð“: hnattræn tæknireglugerð sem er sett og færð inn í hnattrænu skrána í samræmi við samninginn frá 1998,
 - (f) „samræmda tollskráin frá 2017“: útgáfa samræmdu tollskrárinnar, sem Alþjóðatollstofnunin gefur út, frá 2017,
 - (g) „gerðarviðurkenning“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar uppfylli viðkomandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur og
 - (h) „gerðarviðurkenningarvottorð“: skjalið þar sem viðurkenningaryfirvald vottar opinberlega að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar hafi verið gerðarviðurkennd.

2. Hugtök sem um getur í þessum viðauka skulu hafa sömu merkingu og þau hafa í samningnum frá 1958 eða í 1. viðauka við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir.

2. GR.

Gildissvið með tilliti til vara.

Þessi viðauki gildir um viðskipti milli samningsaðilanna með alla flokka vélknúinna ökutækja, búnaðar og hluta til þeirra, eins og skilgreint er í lið 1.1. (Skilgreiningar ökutækja) samsteyptrar ályktunar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um smíði ökutækja (R.E.3)¹, sem falla m.a. undir 40., 84., 85., 87. og 94. kafla samræmdu tollskrárinnar frá 2017 (hér á eftir nefndar „vörur sem falla hér undir“).

3. GR.

Markmið.

Markmið þessa viðauka varðandi vörur sem falla hér undir eru að:

- (a) fella niður og koma í veg fyrir ónauðsynlegar tæknilegar hindranir á tvíhliða viðskiptum,
- (b) stuðla að samrýmanleika og samleitni reglugerða á grundvelli alþjóðlegra staðla,
- (c) stuðla að viðurkenningu viðurkenninga, sem byggjast á viðurkenningarkerfum sem beitt er samkvæmt samningunum sem stjórnað er af WP.29,
- (d) efla samkeppnishæfar markaðsaðstæður á grundvelli meginreglna um vísýni, bann við mismunun og gagnsæi,
- (e) stuðla að öflugri heilsuvernd manna, vernd öryggis og umhverfisvernd og
- (f) viðhalda samstarfi í málum þar sem um gagnkvæma hagsmuni er að ræða til að hlúa að áframhaldandi þróun viðskipta í beggja þágu.

¹ ECE/TRANS/WP.29/78/endursk. 6 frá 11. júlí 2017.

4. GR.

Alþjóðlegir staðlar sem við eiga.

Samningsaðilarnir viðurkenna að WP.29 er sú alþjóðlega staðlastofnun sem við á og að reglugerðir SP og hnattrænar tæknireglugerðir samkvæmt samningnum frá 1958 og samningnum frá 1998 eru viðeigandi alþjóðlegir staðlar fyrir þær vörur sem falla undir þennan viðauka.

5. GR.

Samleitni reglusetningar á grundvelli viðeigandi alþjóðlegra staðla.

1. Enginn samningsaðili skal taka upp eða viðhalda nokkurri innlendra tæknireglugerð, merkingu eða samræmismatsaðferð sem vísar frá reglugerðum SP eða hnattrænu tæknireglugerðunum á sviðum sem falla undir slíkar reglugerðir eða hnattrænar tæknireglugerðir, þ.m.t. þar sem viðeigandi reglugerðir SP eða hnattrænar tæknireglugerðir er ekki fullgerðar en eru í þann veginn að verða tilbúnar, nema rökstuddar ástæður liggi fyrir um hvers vegna tiltekin reglugerð SP eða hnattræn tæknireglugerð sé ófullnægjandi eða óviðeigandi tæki til að ná þeim lögmætu markmiðum sem stefnt er að, t.d. á sviði umferðaröryggis, umhverfisverndar eða heilsuverndar manna.
2. Samningsaðili sem tekur upp frábrugðna innlenda tæknireglugerð, merkingu eða samræmismatsaðferð eins og um getur í 1. mgr. skal, að beiðni annars samningsaðila, tilgreina þá hluta innlendu tæknireglugerðarinnar, merkingarinnar eða samræmismatsaðferðarinnar sem víkja efnislega frá viðeigandi reglugerðum SP eða hnattrænum tæknireglugerðum og færa rök fyrir frávikinunni.
3. Sérhver samningsaðili skal kerfisbundið íhuga að beita reglugerðum SP sem samþykktar eru eftir að samningur þessi öðlast gildi og skulu samningsaðilarnir upplýsa hver annan um hvers konar breytingar á framkvæmd þessara reglugerða SP innan innlendra réttarkerfa sinna og fylgja við það samskiptareglunum sem komið var á fót samkvæmt samningnum frá 1958² og í samræmi við 8. gr. (Samvinna).
4. Að því leyti sem samningsaðili hefur tekið upp eða viðheldur innlendum tæknireglugerðum, merkingum eða samræmismatsaðferðum sem víkja frá reglugerðum SP eða hnattrænum tæknireglugerðum, eins og heimilað er með 1. mgr., skal hann endurskoða þær innlendu tæknireglugerðir, merkingar eða samræmismatsaðferðir með reglulegu millibili, og helst ekki sjaldnar en á fimm ára fresti, með það fyrir augum að auka samleitni þeirra við viðeigandi reglugerðir SP eða hnattrænar tæknireglugerðir. Þegar innlendar tæknireglugerðir, merkingar eða samræmismatsaðferðir eru endurskoðaðar

² Íslandi skal ekki skylt að fara að samskiptareglunum sem voru settar samkvæmt samningnum frá 1958 þegar það upplýsir Bretland samkvæmt þessari málsgrein um hvers konar breytingar á framkvæmd þessara reglugerða SP sem varða landsbundið réttarkerfi á Íslandi.

skal sérhver samningsaðili meta hvort enn séu rök fyrir frávikinu. Hinum samningsaðilunum skal tilkynnt um niðurstöður þessara endurskoðana, þ.m.t. um vísinda- og tækniupplýsingar sem notaðar eru, óski þeir þess.

5. Sérhver samningsaðili skal láta vera að taka upp eða viðhalda innlendum tæknireglugerðum, merkingum eða samræmismatsaðferðum sem hafa þau áhrif að banna að vörur, sem gerðarviðurkenndar eru samkvæmt reglugerðum SP á sviðum sem falla undir þessar reglugerðir SP, séu fluttar inn eða teknar í notkun á innanlandsmarkaði, takmarka það eða auka álag vegna þess, nema kveðið sé sérstaklega á um slíkar innlendar tæknireglugerðir, merkingar eða samræmismatsaðferðir í þeim reglugerðum SP.

6. GR.

Gerðarviðurkenning og markaðseftirlit.

1. Sérhver samningsaðili skal samþykkja á sinn markað vörur sem falla undir gilt SP-gerðarviðurkenningarvottorð sem vörur sem samræmast innlendum tæknireglugerðum, merkingum og samræmismatsaðferðum hans, án þess að krefjast frekari prófana eða merkinga til að sannreyna eða staðfesta að hvers konar krafa, sem fellur undir viðkomandi SP-gerðarviðurkenningarvottorð, sé uppfyllt. Þegar um er að ræða viðurkenningar ökutækja skal almenna alþjóðlega gerðarviðurkenning SP fyrir fullbúin ökutæki (UN Universal International Whole Vehicle Type Approval - U-IWVTA) talin gild að því er varðar þær kröfur sem falla undir hana. SP-gerðarviðurkenningarvottorð sem samningsaðili gefur út geta aðeins talist gild ef sá samningsaðili hefur gerst aðili að viðeigandi reglugerðum SP.
2. Sérhverjum samningsaðila skal aðeins vera skylt að samþykkja gild SP-gerðarviðurkenningarvottorð sem gefin eru út samkvæmt nýjustu útgáfu reglugerða SP sem hann hefur gerst aðili að.
3. Að því er varðar 1. mgr. skal eftirfarandi teljast fullnægjandi sönnun fyrir því að gild SP-gerðarviðurkenning sé fyrir hendi:
 - (a) fyrir fullbúin ökutæki, gild SP-samræmisyfirlýsing sem vottar samræmi við almenna alþjóðlega gerðarviðurkenningu SP fyrir fullbúin ökutæki (U-IWVTA),
 - (b) fyrir búnað og hluta, gilt SP-gerðarviðurkenningarmerki sem fest er á vöruna eða
 - (c) fyrir búnað og hluta sem ekki er hægt að festa SP-gerðarviðurkenningarmerki á, gilt SP-gerðarviðurkenningarvottorð.
4. Í þeim tilgangi að framkvæma markaðseftirlit geta lögbær yfirvöld samningsaðila sannprófað að vörur sem falla hér undir séu, eins og við á, í samræmi við:

- (a) allar innlendar tæknireglugerðir þess samningsaðila eða
- (b) reglugerðir SP sem staðfest hefur verið samræmi við, í samræmi við þessa grein, með gildri SP-samræmisýfirlýsingu sem vottar samræmi við almenna alþjóðlega SP-gerðarviðurkenningu fyrir fullbúið ökutæki (U-IWVTA), í tilviki fullbúinna ökutækja, eða með gildu SP-gerðarviðurkenningarmerki sem fest er á vöruna eða gildu SP-gerðarviðurkenningarvottorði, í tilviki búnaðar og hluta.

Slíkar sannprófanir skulu framkvæmdar með slembiúrtökum á markaði og í samræmi við tæknireglugerðirnar sem um getur í a- eða b-lið, eftir því sem við á.

5. Samningsaðilarnir skulu leitast við að vinna saman á sviði markaðseftirlits til að styðja við greiningu á ósamræmi ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga og viðbrögð við því.
6. Samningsaðila er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir að því er varðar ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem stofna heilbrigði eða öryggi manna í alvarlega hættu eða aðra þætti sem varða vernd almannahagsmuna eða sem á annan hátt uppfylla ekki gildandi kröfur. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér:
 - (a) bann við eða takmörkun á því að bjóða fram á markaði og
 - (b) að skrá eða að taka í notkun viðkomandi ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar, eða afturköllun eða innköllun þeirra af markaði.

Samningsaðili sem samþykkir eða viðheldur slíkum ráðstöfunum skal tafarlaust upplýsa hina samningsaðilana um þær og, að beiðni annars samningsaðila, veita upplýsingar um ástæður þess að hann samþykkir ráðstafanirnar.

7. GR.

Vörur sem fela í sér nýja tækni eða nýja eiginleika.

1. Enginn samningsaðili skal synja vöru, sem fellur undir þennan viðauka og sem viðurkennd hefur verið af samningsaðilanum sem flytur vöruna út, um aðgang að markaði sínum eða takmarka aðgang hennar að markaði sínum á grundvelli þess að varan feli í sér nýja tækni eða nýjan eiginleika sem samningsaðilinn, sem flytur vöruna inn, hefur ekki enn sett reglur um, nema hann geti sýnt fram á að hann hafi gildar ástæður til að trúa að nýja tæknin eða nýi eiginleikinn hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna, öryggi eða umhverfið.
2. Ef samningsaðili ákveður að synja vöru um aðgang að markaði sínum eða krefst þess að vara frá öðrum samningsaðila sem fellur undir þennan viðauka

sé innkölluð á grundvelli þess að hún feli í sér nýja tækni eða nýjan eiginleika sem hefur í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna, öryggi eða umhverfið, skal hann tafarlaust tilkynna hinum samningsaðilunum og viðkomandi rekstraraðila eða rekstraraðilum um þá ákvörðun sína. Þessi tilkynning skal innihalda allar viðeigandi vísindalegar eða tæknilegar upplýsingar sem tekið var tillit til við ákvörðunina.

8. GR.

Samvinna.

1. Til að greiða frekar fyrir viðskiptum með vélknúin ökutæki, hluta til þeirra og búnað og til að koma í veg fyrir vandamál varðandi markaðsaðgang, jafnframt því að tryggja heilbrigði manna, öryggi og umhverfisvernd, skulu samningsaðilarnir leitast við að vinna saman og skiptast á upplýsingum, eins og við á.
2. Samvinna samkvæmt þessari grein getur einkum farið fram á eftirfarandi sviðum:
 - (a) þróun og setning tæknireglugerða eða tengdra staðla,
 - (b) skipti, að því marki sem mögulegt er, á rannsóknum, upplýsingum og niðurstöðum sem tengjast þróun nýrra reglugerða um öryggi ökutækja eða tengdra staðla, háþrúðum losunarskerðingum og nýtilkominni tækni í ökutækjum,
 - (c) skipti á fyrirliggjandi upplýsingum um greiningu á öryggistengdum eða útblásturstengdum göllum og um að ekki sé farið að tæknireglugerðum og
 - (d) efling frekari alþjóðlegrar samræmingar tæknilegra krafna á marghliða vettvangi, s.s. með samningnum frá 1958 og samningnum frá 1998, þ.m.t. með samvinnu við að skipuleggja framtaksverkefni til stuðnings slíkri samræmingu.

IX. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 3. MGR. Í GR. 2.22 (GILDISSVIÐ) Í ÞÆTTI 2.2
(TÆKNILEGAR VIÐSKIPTAHINDRANIR) Í 2. KAFLA
(VÖRUVIÐSKIPTI)

IX. VIÐAUKI

LYF

SEM UM GETUR Í 3. MGR. Í GR. 2.22 (GILDISSVIÐ) Í ÞÆTTI 2.2 (TÆKNILEGAR VIÐSKIPTAHINDRANIR) Í 2. KAFLA (VÖRUVIÐSKIPTI)

1. GR.

Skilgreiningar

1. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - (a) „yfirvald“: yfirvald samningsaðila eins og tilgreint er í 1. viðbæti,
 - (b) „góðir framleiðsluhættir (GMP)“: sá þáttur gæðatryggingar sem tryggir að framleiðsla og eftirlit með vörum sé stöðugt og í samræmi við þá gæðastaðla sem gilda um fyrirætlaða notkun þeirra og í samræmi við kröfur gildandi markaðsleyfis eða forskrifta vörunnar, eins og tilgreint er í 2. viðbæti,
 - (c) „eftirlitsúttekt“: úttekt á framleiðsluaðstöðu til að ákvarða hvort starfsemi slíkrar framleiðsluaðstöðu uppfylli kröfurnar um góða framleiðsluhætti og/eða skuldbindingar sem voru hluti af samþykki fyrir markaðssetningu vöru, og sem gerð er í samræmi við lög og stjórnsýslufyrirmæli hlutaðeigandi samningsaðila og tekur til eftirlitsúttekta fyrir og eftir markaðssetningu og
 - (d) „opinbert skjal varðandi góða framleiðsluhætti“: skjal sem gefið er út af yfirvaldi samningsaðila í kjölfar eftirlitsúttektar á framleiðsluaðstöðu, þ.m.t. til dæmis skýrslur um eftirlitsúttekt, vottorð um að framleiðsluaðstaða uppfylli kröfur um góða framleiðsluhætti eða yfirlýsingar um ekki sé farið að kröfum um góða framleiðsluhætti.

2. GR.

Gildissvið

Ákvæði þessa viðauka gilda um lyf eins og tilgreint er í 3. viðbæti.

3. GR.

Markmið

1. Markmið þessa viðauka, að því er varðar vörunar sem falla undir hann, eins og þær eru útlistaðar í 2. gr., eru:
 - (a) að auðvelda aðgengi að lyfjum innan hvers samningsaðila,

- (b) að setja fram skilyrði fyrir viðurkenningu eftirlitsúttekta og fyrir skiptum á og samþykki opinberra skjala varðandi góða framleiðsluhætti milli samningsaðilana og
- (c) að stuðla að lýðheilsu með því að standa vörð um öryggi sjúklinga og heilbrigði og velferð dýra ásamt því að standa vörð um mjög hátt stig neytendaverndar og umhverfisverndar, ef við á, með því að stuðla að reglusetningarnálgun er samræmist viðeigandi alþjóðlegum stöðlum.

4. GR.

Alþjóðlegir staðlar

Viðeigandi staðlar fyrir vörurnar sem falla undir þennan viðauka skulu tryggja hátt verndarstig lýðheilsu í samræmi við staðla, venjur og leiðbeiningar sem þróaðar hafa verið af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), alþjóðaráðstefnunni um samhæfingu tæknilegra krafna varðandi skráningu mannalyfja (ICH) og alþjóðlegri samvinnu um samhæfingu tæknilegra krafna varðandi skráningu dýralyfja (VICH).

5. GR.

Viðurkenning eftirlitsúttekta og samþykki opinberra skjala varðandi góða framleiðsluhætti

1. Samningsaðili skal viðurkenna eftirlitsúttektir sem annar samningsaðili framkvæmir og samþykkja opinber skjöl varðandi góða framleiðsluhætti sem annar samningsaðili gefur út í samræmi við lögin, reglurnar og tæknilegu viðmiðunarreglurnar sem talin eru upp í 2. viðbæti.
2. Við sérstakar aðstæður getur yfirvald samningsaðila kosið að samþykkja ekki opinbert skjal varðandi góða framleiðsluhætti sem yfirvald annars samningsaðila gefur út vegna framleiðsluáðstöðu sem staðsett er innan samningsaðila útgáfuyfirvaldsins. Dæmi um slíkar aðstæður eru m.a. þegar fyrir hendi eru vísbendingar um efnislegt ósamræmi í eða annmarka á eftirlitsúttektarskýrslu, gallar sem finnast við eftirlit eftir markaðssetningu eða önnur sönnunargögn sem gefa tilefni til alvarlegra efasemda í tengslum við gæði vöru eða öryggi sjúklinga. Sérhver samningsaðili skal tryggja að þegar yfirvald samningsaðila kýs að samþykkja ekki opinbert skjal varðandi góða framleiðsluhætti sem yfirvald annars samningsaðila gefur út, tilkynni það yfirvald viðeigandi yfirvaldi samningsaðilans sem málið varðar um ástæður þess að samþykkja ekki skjalið og getur óskað eftir skýringum frá yfirvaldi viðkomandi samningsaðila. Viðkomandi samningsaðili skal tryggja að yfirvald þess leitist við að svara beiðni um skýringar tímanlega.
3. Samningsaðila er heimilt að samþykkja opinber skjöl varðandi góða framleiðsluhætti sem yfirvald annars samningsaðila gefur út fyrir framleiðsluáðstöðu sem staðsett er utan samningsaðila útgáfuyfirvaldsins.

4. Sérhver samningsaðili getur ákveðið með hvaða skilmálum og skilyrðum hann samþykkir opinber skjöl varðandi góða framleiðsluhætti sem gefin eru út skv. 3. málsgrein.

6. GR.

Skipti á opinberum skjölum varðandi góða framleiðsluhætti

1. Sérhver samningsaðili skal tryggja að fari yfirvald samningsaðila fram á opinbert skjal varðandi góða framleiðsluhætti frá yfirvaldi annars samningsaðila, skuli yfirvald viðkomandi samningsaðila leitast við að senda skjalið innan 30 almanaksdaga frá því að beiðnin er lögð fram.
2. Sérhver samningsaðili skal gæta trúnaðar um upplýsingar í skjali sem fengið er skv. 1. mgr. Þetta skal ekki koma í veg fyrir birtingu slíkra upplýsinga sem kann að vera krafist samkvæmt landslögum.

7. GR.

Verndarráðstafanir

1. Sérhver samningsaðili á rétt á að framkvæma eigin eftirlitsúttekt á framleiðsluáðstöðu sem hefur fengið vottun frá öðrum samningsaðila um að hún uppfylli kröfur.
2. Sérhver samningsaðili skal tryggja að áður en eftirlitsúttekt skv. 1. mgr. er framkvæmd tilkynni yfirvald samningsaðilans, sem hyggst framkvæma eftirlitsúttektina, viðeigandi yfirvaldi samningsaðilans, sem málið varðar, skriflega um það, þar sem hann færir rök fyrir því að framkvæma eigin eftirlitsúttekt. Yfirvald samningsaðilans sem hyggst framkvæma eftirlitsúttektina skal leitast við að tilkynna yfirvaldi samningsaðilans, sem málið varðar, skriflega um fyrirhugaða eftirlitsúttekt með a.m.k. 30 daga fyrirvara, en er heimilt að veita skemmri fyrirvara þegar þörf er aðkallandi. Yfirvaldi samningsaðilans sem málið varðar er heimilt að taka þátt í eftirlitsúttektinni.

8. GR.

Breytingar á gildandi lögum og reglum

1. Sérhver samningsaðili skal tilkynna hinum samningsaðilunum um allar nýjar ráðstafanir eða breytingar í tengslum við góða framleiðsluhætti sem varða viðeigandi lög, reglur og tæknilegar viðmiðunarreglur, sem talin eru upp í 2. viðauka, a.m.k. 60 dögum fyrir samþykkt þeirra.
2. Samningsaðilarnir skulu skiptast á öllum nauðsynlegum upplýsingum, þ.m.t. um breytingar á lögum sínum, reglum, tæknilegum viðmiðunarreglum eða verklagsreglum við eftirlitsúttektir sem varða góða framleiðsluhætti, svo að sérhver samningsaðili geti íhugað hvort skilyrði fyrir viðurkenningu eftirlitsúttekta og

samþykki opinberra skjala varðandi góða framleiðsluhætti skv. 1. mgr. 5. gr. (Viðurkenning eftirlitsúttekta og samþykki opinberra skjala varðandi góða framleiðsluhætti) séu áfram fyrir hendi.

3. Verði einhver af nýju ráðstöfunum eða breytingunum sem um getur í 1. mgr. til þess að samningsaðili telji sig ekki lengur geta viðurkennt eftirlitsúttektir eða samþykkt opinber skjöl varðandi góða framleiðsluhætti sem annar samningsaðili gefur út, skal hann tilkynna viðkomandi samningsaðila um þá fyrirætlun sína að beita 9. gr. (Tímabundin stöðvun) og samningsaðilarnir skulu hefja samráð fyrir milligöngu undirnefndarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir.
4. Allar tilkynningar samkvæmt þessari grein skulu fara í gegnum tilnefndan tengilið.

9. GR.

Tímabundin stöðvun

1. Með fyrirvara um 2. mgr. 5. gr. (Viðurkenning eftirlitsúttekta og samþykki opinberra skjala varðandi góða framleiðsluhætti) hefur sérhver samningsaðili rétt til að stöðva tímabundið, að fullu eða að hluta til, viðurkenningar eftirlitsúttekta og samþykki opinberra skjala varðandi góða framleiðsluhætti frá öðrum samningsaðila, skv. 1. mgr. 5. gr., fyrir allar eða sumar af þeim vörum sem tilgreindar eru í 3. viðauka. Nýta skal þann rétt með hlutlægum og rökstuddum hætti. Samningsaðilinn sem nýtir slíkan rétt skal tilkynna viðkomandi samningsaðila um það og framvísa skriflegum rökstuðningi. Samningsaðili skal áfram samþykkja opinber skjöl varðandi góða framleiðsluhætti frá viðkomandi samningsaðila sem gefin eru út fyrir tímabundnu stöðvunina, nema hann ákveði annað á grundvelli heilbrigðis- eða öryggissjónarmiða.
2. Stöðvi samningsaðili, að loknu samráðinu sem um getur í 3. mgr. 8. gr. (Breytingar á gildandi lögum og reglum), samt sem áður tímabundið viðurkenningu eftirlitsúttekta og samþykki opinberra skjala varðandi góða framleiðsluhætti skv. 1. mgr. 5 gr. (Viðurkenning eftirlitsúttekta og samþykki opinberra skjala varðandi góða framleiðsluhætti) getur hann gert það á grundvelli 1. mgr. í fyrsta lagi a.m.k. 60 dögum eftir að samráð hefst. Á þessu 60 daga tímabili skulu samningsaðilar áfram viðurkenna eftirlitsúttektir og samþykkja opinber skjöl varðandi góða framleiðsluhætti sem yfirvald viðkomandi samningsaðila gefur út.
3. Þegar viðurkenningar eftirlitsúttekta og samþykki opinberra skjala varðandi góða framleiðsluhætti skv. 1. mgr. 5 gr. (Viðurkenning eftirlitsúttekta og samþykki opinberra skjala varðandi góða framleiðsluhætti) eru stöðvuð tímabundið að beiðni samningsaðila, skulu samningsaðilarnir ræða málið fyrir milligöngu undirnefndarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að finna mögulegar ráðstafanir sem myndu gera það kleift að taka aftur upp viðurkenningu eftirlitsúttekta og samþykki opinberra skjala varðandi góða framleiðsluhætti.

10. GR.

Samstarf um regluasetningu

1. Samningsaðilar skulu leitast við að hafa samráð sín á milli, eins og landslög þeirra heimila, um tillögur um að innleiða verulegar breytingar á tæknireglum eða verklagsreglum við eftirlitsúttektir, þ.m.t. þær sem hafa áhrif á það hvernig skjöl frá öðrum samningsaðila eru viðurkennd í samræmi við 5. gr. (Viðurkenning eftirlitsúttekta og samþykki opinberra skjala varðandi góða framleiðsluhætti) og, eftir því sem við á, veita tækifæri til að gera athugasemdir við slíkar tillögur, sbr. þó 8. gr. (Breytingar á gildandi lögum og reglum).
2. Samningsaðilar skulu leitast við að vinna saman í því skyni að styrkja, þróa og stuðla að samþykkt og beitingu alþjóðlega samþykkttra vísindalegra eða tæknilegra viðmiðunarreglna, þ.m.t., ef það er gerlegt, með því að leggja fram sameiginleg framtaksverkefni, tillögur og aðferðir hjá viðkomandi alþjóðastofnunum og -aðilum sem um getur í 4. gr. (Alþjóðlegir staðlar).

11. GR.

Breytingar á viðbættum

Sameiginlega nefndin skal hafa vald til að breyta 1. viðbæti til að uppfæra skrána yfir yfirvöld, 2. viðbæti til að uppfæra skrána yfir gildandi lög og reglur og tæknilegar viðmiðunarreglur og 3. viðbæti til að uppfæra skrána yfir vörur sem falla hér undir.

12. GR.

Málsmeðferð um lausn deilumála ekki beitt.

Ákvæði 16. kafla (Lausn deilumála) í þessum samningi eiga ekki við um deilur sem varða túlkun og beitingu þessa viðauka.

1. VIÐBÆTIR

YFIRVÖLD SAMNINGSADILA

ÍSLAND OG NOREGUR

Land	Að því er varðar mannalyf:	Að því er varðar dýralyf:
Noregur	Norska lyfjastofnunin Statens legemiddelverk	Norska lyfjastofnunin Statens legemiddelverk
Ísland	Lyfjastofnun Íslands Lyfjastofnun	Lyfjastofnun Íslands Lyfjastofnun

BRETLAND

Medicines and Healthcare Products Regulatory Agency (Lyfjastofnun Bretlands)

Veterinary Medicines Directorate (Dýralyfjastofnun Bretlands)

2. VIÐBÆTIR

SKRÁ YFIR GILDANDI LÖG, REGLUR OG TÆKNILEGAR VIÐMIÐUNARREGLUR SEM VARÐA GÓÐA FRAMLEIÐSLUHÆTTI

FYRIR ÍSLAND OG NOREG:

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum,¹

tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf,²

tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/20/EB frá 4. apríl 2001 um samræmingu á lögum og stjórnáslufyrirmælum aðildarríkjanna um góðar klínískar starfsvenjur við framkvæmd klínískra prófana á lyfjum sem ætluð eru mönnum,³

reglugerð (ESB) nr. 536/2014 frá 16. apríl 2014 um klínískar prófanir á mannalyfjum og niðurfellingu á tilskipun 2001/20/EB,⁴

reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu,⁵

reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1394/2007 frá 13. nóvember 2007 um hátæknimeðferðarlyf og breytingu á tilskipun 2001/83/EB og reglugerð (EB) nr. 726/2004,⁶

tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/94/EB frá 8. október 2003 þar sem mælt er fyrir um meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti að því er varðar lyf og prófunarlyf sem ætluð eru mönnum,⁷

tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/412/EBE frá 23. júlí 1991 þar sem mælt er

¹ Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

² Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.

³ Stjtið. EB L 121, 1.5.2001, bls. 34.

⁴ Stjtið. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 1.

⁵ Stjtið. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1.

⁶ Stjtið. ESB L 324, 10.12.2007, bls. 121.

⁷ Stjtið. ESB L 262, 14.10.2003, bls. 22.

fyrir um meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti í dýrallyfjagerð,⁸

tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1572 frá 15. september 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB að því er varðar meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti við gerð mannalyfja,⁹

framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1252/2014 frá 28. maí 2014 [um viðbætur við tilskipun] Evrópuþingsins og ráðsins [2001/83/EB] að því er varðar meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti við gerð virkra efna í mannalyf,¹⁰

framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1569 frá 23. maí 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 536/2014 með því að tilgreina meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti við gerð rannsóknarlyfja sem ætluð eru mönnum og fyrirkomulag við eftirlitsúttektir,¹¹

núgildandi útgáfa leiðbeininga um góða framleiðsluhætti sem sett er fram í IV. bindi regnanna um lyf í Evrópusambandinu og samantekt af málsmeðferðum Bandalagsins um eftirlitsúttektir og upplýsingaskipti og

að því er varðar Noreg eru allar réttargerðir framkvæmdar með lögum nr. 192 um lyf frá 4. desember 1992 og reglugerð nr. 1441 um framleiðslu og innflutning lyfja frá 2. nóvember 2004.

⁸ Stjtíð. EB L 228, 17.8.1991, bls. 70.

⁹ Stjtíð. ESB L 238, 16.9.2017, bls. 44.

¹⁰ Stjtíð. ESB L 337, 25.11.2014, bls. 1.

¹¹ Stjtíð. ESB L 238, 16.9.2017, bls. 12.

FYRIR BRETLAND:

Reglugerðirnar um mannalyf frá 2012 (SI 2012/1916),

reglugerðirnar um mannalyf (klínískar prófanir) frá 2004 (SI 2004/1031),

reglugerðirnar um dýrallyf frá 2013 (SI 2013/2033),

reglugerðir um góða framleiðsluhætti, sem settar eru samkvæmt reglugerð B17, og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti, sem birtar eru samkvæmt reglugerð C17, í reglugerðunum um mannalyf frá 2012 og

meginreglurnar og viðmiðunarreglurnar um góða framleiðsluhætti sem gilda að því er varðar fylgiskjal 2 við reglugerðirnar um dýrallyf frá 2013.

3. VIÐBÆTIR

VÖRUR SEM FALLA HÉR UNDIR

MANNALYF OG DÝRALYF

- markaðssett manna- og dýralyf, þ.m.t. markaðssett líffræðileg lyf og ónæmislyf til notkunar fyrir menn og dýr,
 - hátæknimeðferðarlyf,
 - virk lyfjaefni fyrir menn og dýr og
 - rannsóknarlyf.
-

X. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 3. MGR. Í GR. 2.22 (GILDISSVIÐ) Í ÞÆTTI 2.2
(TÆKNILEGAR VIÐSKIPTAHINDRANIR) Í 2. KAFLA
(VÖRUVIÐSKIPTI)

X. VIÐAUKI

EFNI

SEM UM GETUR Í 3. MGR. Í GR. 2.22 (GILDISSVIÐ) Í ÞÆTTI 2.2 (TÆKNILEGAR VIÐSKIPTAHINDRANIR) Í 2. KAFLA (VÖRUVIÐSKIPTI)

1. GR.

Skilgreining

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- (a) „ábyrg yfirvöld“:
 - (i) á Íslandi og í Noregi: ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Noregs og
 - (ii) í Bretlandi: ríkisstjórn Bretlands.
- (b) „HSK SP“: hnattsamræmt kerfi Sameinuðu þjóðanna til flokkunar og merkingar á efnunum.

2. GR.

Gildissvið

Þessi viðauki gildir um verslun með, reglusetningu um og inn- og útflutning á efnun milli Íslands, Noregs og Bretlands að því er varðar skráningu þeirra, mat, leyfisveitingu, takmarkanir, samþykki, flokkun, merkingu og umbúðir.

3. GR.

Markmið

1. Markmiðin með þessum viðauka eru:
 - (a) að greiða fyrir verslun með efni og skyldar vörur milli samningsaðila,
 - (b) að tryggja hátt verndarstig fyrir umhverfið og heilbrigði manna og dýra og
 - (c) að kveða á um samstarf milli ábyrgra yfirvalda á Íslandi, Noregi og Bretlandi.
2. Samningsaðilar viðurkenna að skuldbindingar sem gengist er undir samkvæmt þessum viðauka koma ekki í veg fyrir að samningsaðili ákvarði sín eigin forgangsatíði varðandi reglusetningu um efni, þ.m.t. ákvarði eigið verndarstig að því er varðar umhverfið og heilbrigði manna og dýra.

4. GR.

Viðeigandi alþjóðastofnanir og -aðilar

Samningsaðilar viðurkenna að alþjóðastofnanir og -aðilar, einkum Efnahags- og framfarastofnunin og undirnefnd sérfræðinga efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna um hnattsamræmt kerfi til flokkunar og merkingar á efnum skipta máli fyrir þróun á vísindalegum og tæknilegum viðmiðunarreglum að því er varðar efni.

5. GR.

Þátttaka í viðeigandi alþjóðastofnunum og -aðilum og þróun á sviði reglusetningar

1. Samningsaðilar skulu með virkum hætti leggja sitt af mörkum til þróunar vísindalegu eða tæknilegu viðmiðunarreglnanna sem um getur í 4. gr. (Viðeigandi alþjóðastofnanir og -aðilar) að því er varðar hættumat og áhættumat efna og snið til að skjalfesta niðurstöður slíks mats.
2. Hver samningsaðili skal beita öllum viðmiðunarreglum sem viðeigandi alþjóðastofnanir og -aðilar, sem um getur í 4. gr., gefa út (Viðeigandi alþjóðastofnanir og -aðilar) nema þessar viðmiðunarreglur myndu ekki reynast skilvirkar eða viðeigandi til að ná fram lögmætum markmiðum samningsaðilans.

6. GR.

Flokkun og merkingar efna

1. Hver samningsaðili skal beita HSK SP eins ítarlega og hann telur gerlegt innan kerfis síns, þ.m.t. vegna efna sem falla ekki undir gildissvið þessa viðauka, nema sérstakar ástæður séu fyrir því að nota annað merkingarkerfi fyrir tiltekna efnavörur í endanlegri mynd sem ætlaðar eru fyrir endanlega notendur. Sérhver samningsaðili skal reglulega uppfæra beitingu sína á grundvelli reglulega birtra endurskoðana á HSK SP.
2. Ef ábyrgt yfirvald samningsaðila hyggst flokka einstök efni í samræmi við viðkomandi reglur og málsmeðferðarreglur sínar, skal það gefa ábyrgu yfirvaldi annars samningsaðila möguleika á að tjá álit sitt í samræmi við þessar reglur og málsmeðferðarreglur innan viðeigandi tímamarka.
3. Sérhver samningsaðili skal gera upplýsingar um málsmeðferðarreglur sínar tengdar flokkun efna aðgengilegar öllum í samræmi við viðkomandi reglur og málsmeðferðarreglur sínar. Sérhver samningsaðili skal leitast við að svara athugasemdum sem berast frá öðrum samningsaðila skv. 2. lið.
4. Ekkert í þessari grein skal skylda samningsaðila til að ná einhverri tiltekinni niðurstöðu að því er varðar beitingu hans á HSK SP eða að því er varðar flokkun tiltekins efnis, eða til að flýta, fresta eða seinka málsmeðferðarreglum og ákvarðanatökufærlum sínum.

7. GR.

Samstarf

1. Samningsaðilar viðurkenna að valfrjálst samstarf um reglusetningu um efni geti liðkað fyrir viðskiptum með þeim hætti að til hagsbóta sé fyrir neytendur, fyrirtæki og umhverfið og stuðli að aukinni heilsuvernd manna og dýra.
2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að auðvelda skipti á upplýsingum, sem ekki eru bundnar trúnaði, milli ábyrgra yfirvalda sinna, þ.m.t. með samstarfi um rafræn snið og verkfæri til að geyma gögn.
3. Samningsaðilar skulu starfa saman eftir því sem við á í því skyni að styrkja, þróa og stuðla að samþykkt og beitingu alþjóðlega samþykktra vísindalegra eða tæknilegra viðmiðunarreglna, þ.m.t., ef það er gerlegt, með því að leggja fram sameiginleg framtaksverkefni, tillögur og aðferðir hjá viðeigandi alþjóðastofnunum og -aðilum, einkum þeim sem um getur í 4. gr. (Viðeigandi alþjóðastofnanir og -aðilar).
4. Samningsaðilar skulu starfa saman, telji þeir það til hagsbóta, að dreifingu gagna sem tengjast efnaöryggi og gera slíkar upplýsingar aðgengilegar almenningi með það að markmiði að tryggja mismunandi markhópum auðveldan aðgang að upplýsingunum og að þær séu þeim skiljanlegar. Fari samningsaðili þess á leit skal samningsaðilinn sem tekur við beiðninni veita samningsaðilanum sem leggur beiðnina fram tiltækar upplýsingar um efnaöryggi sem ekki eru bundnar trúnaði.
5. Fari samningsaðili fram á það og annar samningsaðili samþykkir það skulu samningaðilarnir sem komast að slíku samkomulagi hefja viðræður um vísindalegar upplýsingar og gögn í tengslum við ný og nýtilkomin málefni er varða hættur eða áhættu sem stafar af efnum fyrir heilbrigði manna eða umhverfið í því skyni að skapa sameiginlegan þekkingarbrunn og, ef það er gerlegt og að því marki sem það er mögulegt, stuðla að sameiginlegum skilningi á vísindum tengdum slíkum málefnum.

8. GR.

Upplýsingaskipti

Samningsaðilar skulu starfa saman og skiptast á upplýsingum varðandi öll málefni sem máli skipta fyrir framkvæmd þessa viðauka innan undirnefndarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir.

XI. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 3. MGR. Í GR. 2.22 (GILDISSVIÐ) Í ÞÆTTI 2.2
(TÆKNILEGAR VIÐSKIPTAHINDRANIR) Í 2. KAFLA
(VÖRUVIÐSKIPTI)

XI. VIÐAUKI

LÍFRÆNT RÆKTAÐAR VÖRUR

SEM UM GETUR Í 3. MGR. Í GR. 2.22 (GILDISSVIÐ) Í ÞÆTTI 2.2 (TÆKNILEGAR VIÐSKIPTAHINDRANIR) Í 2. KAFLA (VÖRUVIÐSKIPTI)

1. GR.

Markmið og gildissvið

1. Markmið þessa viðauka er að setja fram ákvæði og aðferðir til að efla verslun með lífrænt ræktaðar vörur í samræmi við meginreglurnar um bann við mismunun og um gagnkvæmni, með viðurkenningu samningsaðila á jafngildi laga og reglugerða hvers annars.
2. Þessi viðauki gildir um lífrænt ræktaðar vörur sem skráðar eru í 1. og 2. viðbæti og uppfylla ákvæði laga og reglugerða sem skráð eru í 3. eða 4. viðauka¹. Sameiginlega nefndin skal hafa umboð til að breyta 1. til 4. viðbæti.

2. GR.

Skilgreiningar

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- (a) „lögbært yfirvald“: opinber stofnun sem hefur lögsögu yfir þeim lögum og reglugerðum sem skráð eru í 3. eða 4. viðbæti og ber ábyrgð á framkvæmd þessa viðauka,
- (b) „eftirlitsyfirvald“: yfirvald sem lögbæra yfirvaldið hefur falið, að hluta eða í heild, valdheimildir sínar til skoðana og vottunar á sviði lífrænnar framleiðslu í samræmi við lögin og reglugerðirnar sem skráðar eru í 3. eða 4. viðbæti,
- (c) „eftirlitsaðili“: aðili sem lögbæra yfirvaldið hefur viðurkennt til að framkvæma skoðanir og vottun á sviði lífrænnar framleiðslu í samræmi við lögin og reglugerðirnar sem skráðar eru í 3. eða 4. viðbæti og
- (d) „jafngildi“: geta mismunandi laga, reglugerða og krafna, sem og skoðunar- og vottunarkerfa, til að uppfylla sömu markmið.

¹ Ákvæði þessa viðauka skulu gilda um Ísland, að undanskildum ákvæðum varðandi lifandi dýr, önnur en fiska og lagareldisdýr, og dýraafurðir eins og eggfrumur, fósturvísa og sæði.

3. GR.

Viðurkenning á jafngildi

1. Að því er varðar vörurnar sem skráðar eru í 1. viðbæti skulu Ísland og Noregur viðurkenna lög og reglugerðir Bretlands, sem skráð eru í 3. viðauka, sem jafngild lögum og reglugerðum Íslands og Noregs sem skráð eru í 4. viðbæti.
 2. Að því er varðar vörurnar sem skráðar eru í 2. viðbæti skal Bretland viðurkenna lög og reglugerðir Íslands og Noregs, sem skráð eru í 4. viðauka, sem jafngild lögum og reglugerðum Bretlands sem skráð eru í 3. viðbæti.
 3. Í ljósi þess að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 („reglugerð ráðsins“) kemur til framkvæmda 1. janúar 2022 skal sérhver samningsaðili endurmeta viðurkenninguna á jafngildi, sem um getur í 1. og 2. mgr., eftir að bæði:
 - (a) ákvörðun um endurmat hefur verið tekin skv. 3. gr. (Viðurkenning á jafngildi) í viðauka TBT-4 (Lífrænt ræktaðar vörur) við viðskipta- og samstarfssamninginn milli Evrópusambandsins og Bretlands og
 - (b) ákvörðun hefur verið tekin um beitingu reglugerðar ráðsins gagnvart EFTA-ríkjunum innan EES samkvæmt EES-samningnum.
- Staðfesti samningsaðili ekki jafngildi eftir endurmatið samkvæmt þessari málsgrein skal stöðva viðurkenningu á jafngildi tímabundið.
4. Með fyrirvara um ákvæði 3. mgr., ef lögnum og reglugerðunum sem skráð eru í 3. eða 4. viðbæti þessa XI. viðauka (Lífrænt ræktaðar vörur) er breytt, þau felld niður eða þeim skipt út, skulu nýju reglurnar teljast jafngildar reglum annars samningsaðila nema samningsaðili andmæli í samræmi við það verklag sem sett er fram í 5. og 6. mgr.
 5. Áliti samningsaðili, eftir móttöku frekari upplýsinga sem hann hefur óskað eftir frá öðrum samningsaðila, að lög, reglugerðir eða stjórnarsýslumeðferð eða -venja annars samningsaðila uppfylli ekki lengur kröfur fyrir jafngildi skal sá samningsaðili leggja rökstudda beiðni fyrir viðkomandi samningsaðila um að breyta viðkomandi lögum, reglugerðum eða stjórnarsýslumeðferð eða -venju, og gefa viðkomandi samningsaðila hæfilegan frest, sem skal ekki vera styttri en þrjú mánuðir, til að tryggja jafngildi.
 6. Ef viðkomandi samningsaðili álitur enn, eftir að fresturinn í 5. mgr. rennur út, að kröfur um jafngildi séu ekki uppfylltar, getur hann tekið einhliða ákvörðun um að stöðva tímabundið viðurkenningu á jafngildi viðkomandi laga og reglugerða sem skráð eru í 3. eða 4. viðauka að því er varðar viðkomandi lífrænt ræktaðar vörur sem skráðar eru í 1. eða 2. viðbæti.
 7. Einnig má taka einhliða ákvörðun um að stöðva tímabundið viðurkenningu á jafngildi laga og reglugerða sem skráðar eru í 3. eða 4. viðbæti að því er varðar viðkomandi lífrænt ræktaðar vörur sem skráðar eru í 1. eða 2. viðbæti, eftir að liðinn er þriggja mánaða tímafrestur ef samningsaðili hefur ekki veitt tilskildar upplýsingar

skv. 6. gr. (Upplýsingaskipti) eða samþykkir ekki jafningjarýni skv. 7. gr. (Jafningjarýni).

8. Þegar viðurkenning á jafngildi er stöðvuð tímabundið í samræmi við þessa 3. gr. (Viðurkenning á jafngildi) að beiðni samningsaðila, skulu samningsaðilarnir ræða málið innan undirnefndarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að finna mögulegar ráðstafanir sem myndu gera það kleift að taka aftur upp viðurkenningu á jafngildi.
9. Að því er varðar vörur sem ekki eru skráðar í 1. eða 2. viðbæti skal ræða jafngildi í undirnefndinni um tæknilegar viðskiptahindranir að beiðni samningsaðila.

4. GR.

Innflutningur og setning á markað

1. Ísland og Noregur skulu samþykkja innflutning til Íslands og Noregs á vörunum sem skráðar eru í 1. viðbæti og setningu þeirra vara á markað sem lífrænt ræktaðar vörur, að því tilskildu að þessar vörur uppfylli lög og reglugerðir Bretlands, sem skráð eru í 3. viðauka, og þeim fylgi skoðunarvottorð sem gefið er út af eftirlitsaðila sem er viðurkenndur af Bretlandi og tilkynntur Íslandi og Noregi eins og um getur í 3. mgr.
2. Bretland skal samþykkja innflutning til Bretlands á vörunum sem skráðar eru í 2. viðbæti og setningu þeirra vara á markað sem lífrænt ræktaðar vörur, að því tilskildu að þessar vörur uppfylli lög og reglugerðir Íslands og Noregs, sem skráð eru í 4. viðauka, og þeim fylgi skoðunarvottorð sem gefið er út af eftirlitsaðila sem er viðurkenndur af Íslandi og Noregi og tilkynntur Bretlandi eins og um getur í 3. mgr.
3. Sérhver samningsaðili viðurkennir eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðila sem annar samningsaðili hefur tilgreint að beri ábyrgð á framkvæmd viðkomandi eftirlits, að því er varðar lífrænt ræktaðar vörur sem falla undir viðurkenningu á jafngildi eins og um getur í 3. gr. (Viðurkenning á jafngildi), og á útgáfu skoðunarvottorðsins, sem um getur í 1. og 2. gr., með það í huga að flytja þær inn og setja á markað í öðrum samningsaðila.
4. Innflutningssamningsaðili skal, í samvinnu við viðkomandi samningsaðila, úthluta sérhverju eftirlitsyfirvaldi og sérhverjum eftirlitsaðila sem viðkomandi samningsaðili hefur tilgreint kenninúmeri.

5. GR.

Merkingar

1. Vörur sem fluttar eru inn til samningsaðila í samræmi við þennan viðauka skulu uppfylla kröfur um merkingar sem settar eru fram í lögum og reglugerðum innflutningssamningsaðilans sem skráð eru í 3. og 4. viðbæti. Vörurnar mega bera kennimerki frá Íslandi eða Noregi fyrir lífræna framleiðslu og hvaða kennimerki Bretlands sem er fyrir lífræna framleiðslu eða sambland af þessum kennimerkjum,

eins og fram kemur í viðkomandi lögum og reglugerðum, að því tilskildu að vörurnar uppfylli kröfur um merkingar fyrir kennimerkið eða -merkin sem um ræðir.

2. Samningsaðilar skuldbinda sig til að forðast alla misnotkun á hugtökum sem vísa til lífrænnar framleiðslu í tengslum við lífrænt ræktaðar vörur sem falla undir viðurkenningu á jafngildi samkvæmt þessum viðauka.
3. Samningsaðilar skuldbinda sig til að vernda kennimerki frá Íslandi og Noregi fyrir lífræna framleiðslu og sérhvert kennimerki Bretlands fyrir lífræna framleiðslu sem sett eru fram í viðkomandi lögum og reglugerðum gegn hvers konar misnotkun eða að líkt sé eftir þeim. Samningsaðilar skulu tryggja að kennimerki frá Íslandi og Noregi fyrir lífræna framleiðslu og sérhvert kennimerki Bretlands fyrir lífræna framleiðslu séu aðeins notuð til merkinga, auglýsinga eða á viðskiptaskjölum fyrir lífrænt ræktaðar vörur sem uppfylla lög og reglugerðir sem skráð eru í 3. eða 4. viðauka.

6. GR.

Upplýsingaskipti

1. Samningsaðilar skulu skiptast á öllum viðkomandi upplýsingum að því er varðar framkvæmd og beitingu þessa viðauka. Einkum skal sérhver samningsaðili, eigi síðar en 31. mars á öðru ári eftir gildistöku þessa samnings, og eigi síðar en 31. mars á hverju ári eftir það, senda hinum:
 - (a) skýrslu sem inniheldur upplýsingar varðandi tegundir og magn lífrænt ræktaðra vara sem fluttar eru út samkvæmt þessum viðauka, og nær yfir tímabilið frá janúar til desember á næstliðnu ári,
 - (b) skýrslu um vöktunar- og eftirlitsstarfsemi sem lögbær yfirvöld hans inna af hendi, niðurstöður sem fást og ráðstafanir sem gerðar voru til úrbóta, sem nær yfir tímabilið frá janúar til desember á næstliðnu ári, og
 - (c) upplýsingar um frávík og brot á lögnum og reglugerðunum, sem skráð eru í 3. eða 4. viðbæti eins og við á, sem í ljós koma.
2. Sérhver samningsaðili skal upplýsa hina samningsaðilana án tafar um eftirfarandi:
 - (a) sérhverja uppfærslu á skránni yfir lögbær yfirvöld sín, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila, þ.m.t. viðeigandi samskiptaupplýsingar (einkum heimilisfang og veffang),
 - (b) allar áformaðar breytingar eða niðurfellingar að því er varðar lög eða reglugerðir sem skráðar eru í 3. eða 4. viðbæti, allar tillögur um ný lög eða reglugerðir eða allar viðeigandi fyrirhugaðar breytingar á stjórnsýslumeðferð og -venju að því er varðar lífrænt ræktaðar vörur sem falla undir þennan viðauka og
 - (c) allar breytingar eða niðurfellingar sem hann hefur samþykkt að því er varðar lög eða reglugerðir sem skráðar eru í 3. eða 4. viðbæti, alla nýja löggjöf eða

viðeigandi breytingar á stjórnsýslumeðferð og -venju að því er varðar lífrænt ræktaðar vörur sem falla undir þennan viðauka.

7. GR.

Jafningjarýni

1. Að fengnum a.m.k. sex mánaða fyrirvara skal sérhver samningsaðili heimila embættismönnum eða sérfræðingum, sem tilnefndir eru af öðrum samningsaðila, að framkvæma jafningjarýni hjá fyrrnefndum samningsaðila til að sannprófa að viðeigandi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar sinni tilskildu eftirliti til framkvæmdar á þessum viðauka.
2. Sérhver samningsaðili skal starfa með og aðstoða hina samningsaðilana, að því marki sem heimilt er samkvæmt gildandi lögum, við framkvæmd jafningjarýnnar sem um getur í 1. mgr., sem getur falið í sér heimsóknir á skrifstofur viðkomandi eftirlitsyfirvalda og eftirlitsaðila, vinnslustöðvar og til vottaðra rekstraraðila.

1. VIÐBÆTIR

LÍFRÆNT RÆKTAÐAR VÖRUR FRÁ BRETLANDI SEM ÍSLAND OG NOREGUR VIÐURKENNA SEM JAFNGILDAR

Lýsing	Athugasemdir
Óunnar plöntuafurðir	
Lifandi dýr eða óunnar dýraafurðir	Þar með talið hunang
Lagareldisafurðir og þang og þari	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem fóður	
Fræ og fjölgunarefni	

Þær lífrænt ræktuðu vörur sem skráðar eru í þessum viðbæti skulu vera óunnar landbúnaðarafurðir eða lagareldisafurðir sem framleiddar eru í Bretlandi eða unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli eða fóður sem unnar hafa verið í Bretlandi úr innihaldsefnum sem hafa verið ræktuð í Bretlandi eða flutt inn til Bretlands í samræmi við lög og reglugerðir Bretlands.

2. VIÐBÆTIR

LÍFRÆNT RÆKTAÐAR VÖRUR FRÁ ÍSLANDI OG NOREGI SEM BRETLAND VIÐURKENNIR SEM JAFNGILDAR

Lýsing	Athugasemdir
Óunnar plöntuafurðir	
Lífandi dýr eða óunnar dýraafurðir ²	Þar með talið hunang
Lagareldisafurðir og þang og þari	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem fóður	
Fræ og fjölgunarefni	

Þær lífrænt ræktuðu vörur sem skráðar eru í þessum viðbæti skulu vera óunnar landbúnaðarafurðir eða lagareldisafurðir sem framleiddar eru á Íslandi eða í Noregi eða unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli eða fóður sem unnar hafa verið á Íslandi eða í Noregi úr innihaldsefnum sem hafa verið ræktuð á Íslandi eða í Noregi eða flutt inn til Íslands eða Noregs í samræmi við lög og reglugerðir Íslands eða Noregs.

² Sjá neðanmálgrein í 2. mgr. 1. gr. (Markmið og gildissvið) þessa viðauka.

3. VIÐBÆTIR

LÖG OG REGLUGERÐIR UM LÍFRÆNT RÆKTAÐAR VÖRUR SEM GILDA Í BRETLANDI³

Eftirtalin lög og reglugerðir sem gilda í Bretlandi:

- (a) REGLUGERÐ (EB) nr. 834/2007 sem heldur gildi sínu,
 - (b) REGLUGERÐ (EB) nr. 889/2008 sem heldur gildi sínu,
 - (c) REGLUGERÐ (EB) nr. 1235/2008 sem heldur gildi sínu og
 - (d) reglugerðirnar um lífrænt ræktaðar vörur frá 2009.
-

³ Tilvísanir í þessari skrá til Sambandslaga sem halda gildi sínu skoðast sem tilvísanir í slíka löggjöf, eins og henni var breytt af Bretlandi til að gilda um Bretland.

4. VIÐBÆTIR

LÖG OG REGLUGERÐIR UM LÍFRÆNT RÆKTAÐAR VÖRUR SEM GILDA Á ÍSLANDI OG Í NOREGI

Eftirtalin lög og reglugerðir sem gilda í Íslandi og á Noregi:

- (a) reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91⁴,
- (b) reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit⁵ og
- (c) reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum⁶.

⁴ Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

⁵ Stjtið. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

⁶ Stjtið. ESB L 334, 12.12. 2008, bls. 25.

XII. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 3. MGR. Í GR. 2.22 (GILDISSVIÐ) Í ÞÆTTI 2.2
(TÆKNILEGAR VIÐSKIPTAHINDRANIR) Í 2. KAFLA
(VÖRUVIÐSKIPTI)

XII. VIÐAUKI

VIÐSKIPTI MEÐ VÍN

SEM UM GETUR Í 3. MGR. Í GR. 2.22 (GILDISSVIÐ) Í ÞÆTTI 2.2 (TÆKNILEGAR VIÐSKIPTAHINDRANIR) Í 2. KAFLA (VÖRUVIÐSKIPTI)

1. GR.

Gildissvið og skilgreiningar

1. Þessi viðauki gildir um vín sem fellur undir lið 22.04 í samræmdu tollskránni.
2. Að því er varðar þennan viðauka merkir „vín framleitt í“ ferskar þrúgur, þrúgumust og þrúgumust í gerjun sem hefur verið breytt í vín eða bætt við vín hjá útflutningssamningsaðilanum.

2. GR.

Skilgreiningar á afurðum, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnsla

1. Vínfræðilegar vinnsluaðferðir fyrir vín sem Alþjóðavínstofnunin mælir með og birtir skulu teljast viðeigandi alþjóðlegir staðlar að því er þennan viðauka varðar.
2. Sérhver samningsaðili skal heimila innflutning og sölu til neyslu á víni sem framleitt er hjá öðrum samningsaðila ef vínið hefur verið framleitt í samræmi við:
 - (a) skilgreiningar á afurðum sem heimilar eru hjá hverjum samningsaðila samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem um getur í 1. viðbæti,
 - (b) vínfræðilegar vinnsluaðferðir sem komið er á fót hjá hverjum samningsaðila samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem um getur í 1. viðbæti og sem eru í samræmi við viðkomandi staðla Alþjóðavínstofnunarinnar og
 - (c) vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir, sem skráðar eru í 2. viðbæti, sem komið er á fót hjá hverjum samningsaðila en eru ekki í samræmi við viðkomandi staðla Alþjóðavínstofnunarinnar.
3. Sameiginlega nefndin skal hafa vald til að breyta viðbætunum sem um getur í 2. mgr.

3. GR.

Kröfur um vottun vegna innflutnings til viðkomandi samningsaðila

1. Skjöl og vottorð, sem samningsaðili má krefjast vegna víns sem framleitt er hjá samningsaðila og sett á markað hjá öðrum samningsaðila, skulu takmarkast við vottorð, eins og sett er fram í 3. viðbæti, sem staðfest er í samræmi við lög og reglugerðir útflutningssamningsaðilans.
2. Vottorð sem krafist er skv. 1. lið getur verið rafrænt skjal. Sérhver samningsaðili skal veita aðgengi að rafræna skjalinu, eða að nauðsynlegum gögnum til að búa það til, að fenginni beiðni frá lögbærum yfirvöldum annars samningsaðila þar sem setja á vörurnar í frjálst flæði. Ef aðgengi að viðeigandi rafrænum kerfum er ekki til staðar er einnig heimilt að leggja beiðni um nauðsynleg gögn fram á pappírsskjali.
3. Sameiginlega nefndin skal hafa vald til að breyta 3. viðbæti.
4. Þær greiningaraðferðir, sem viðurkenndar eru sem tilvísunaraðferðir af Alþjóðavínstofnuninni og birtar af henni, skulu vera tilvísunaraðferðir til að ákvarða greiningarsamsetningu vínsins í tengslum við eftirlitsaðgerðir.

4. GR.

Matvælaupplýsingar og lotunúmer

1. Nema annað sé tekið fram í þessari grein skulu merkingar á víni, sem flutt er inn og markaðssett samkvæmt þessum samningi, vera í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hjá innflutningssamningsaðilanum.
2. Samningsaðilar skulu ekki krefjast þess að eftirtaldar dagsetningar eða jafngildi þeirra komi fram á íláti, merkimiða eða umbúðum víns:
 - (a) pökkunardagsetning,
 - (b) átöppunardagsetning,
 - (c) framleiðsludagsetning,
 - (d) dagur þegar vínið rennur út, síðasti notkunardagur, dagur sem vínið notist eða neytist fyrir, dagur sem vínið rennur út fyrir,
 - (e) dagsetning lágmarksgeymsluþols, dagsetningin „best fyrir“, dagsetningin „mest gæði fyrir“ eða
 - (f) síðasti söludagur.

Þrátt fyrir e-lið fyrsta undirliðar getur samningsaðili krafist þess að dagsetning lágmarksgeymsluþols sé birt á vörum sem gætu haft styttra

lágmarksgeymslupól en neytandi myndi vanalega búast við vegna þess að í þær hefur verið bætt innihaldsefnum sem eru viðkvæm fyrir skemmdum.

3. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að á merkimiða pakkaðra afurða sé númer sem auðkennir lotuna sem afurðin tilheyrir í samræmi við löggjöf samningsaðilans sem flytur út pökkuðu afurðina. Lotunúmerið skal sjást greinilega, vera auðlæsilegt og óafmáanlegt. Samningsaðili skal ekki heimila markaðssetningu pakkaðra afurða sem ekki uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessum lið.
4. Sérhver samningsaðili skal heimila birtingu skyldubundinna upplýsinga á viðbótarmerkimiða sem festur er á vínlát, þ.m.t. þýðingar eða upplýsingar um fjölda staðlaðra drykkja eða áfengiseininga þegar þess er krafist. Festa má viðbótarmerkimiða á vínlát eftir innflutning en án áður en afurðin er sett á markað hjá samningsaðilanum, að því tilskildu að skyldubundnar upplýsingar séu birtar að fullu og af nákvæmni.
5. Innflutnings-samningsaðili skal ekki krefjast þess að á merkimiða séu tilgreindir ofnæmisvaldar sem notaðir voru við framleiðslu vínsins en sem eru ekki til staðar í fullunninni vöru.

5. GR.

Umbreytingarráðstafanir

Vín sem á gildistökudegi þessa samnings hefur verið framleitt, því lýst og það merkt í samræmi við lög og reglugerðir samningsaðila, en með hætti sem ekki samræmist þessum viðauka, má áfram merkja og setja á markað sem hér segir:

- (a) af hálfu heildsala eða framleiðenda í tvö ár frá gildistöku þessa samnings og
- (b) af hálfu smásala á meðan birgðir endast.

6. GR.

Upplýsingaskipti

Samningsaðilar skulu starfa saman og skiptast á upplýsingum um öll málefni sem máli skipta fyrir framkvæmd þessa viðauka innan undirnefndarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir.

7. GR.

Endurskoðun

Eigi síðar en þremur árum eftir að þessi samningur öðlast gildi skulu samningsaðilar íhuga frekari ráðstafanir til þess að liðka fyrir viðskiptum með vín á milli samningsaðilanna.

1. VIÐBÆTIR

LÖG OG REGLUGERÐIR SAMNINGSADILA LÖG OG REGLUGERÐIR BRETLANDS¹

Lög og reglugerðir sem um getur í 2. mgr. 2. gr. (skilgreiningar á afurðum, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnsla) að því er varðar:

- (a) skilgreiningar á afurðum:
 - (i) reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 sem heldur gildi sínu, einkum framleiðslureglur í víngeiranum, í samræmi við 75., 81. og 91. gr., IV. hluta II. viðauka og II. hluta VII. viðauka við þá reglugerð og framkvæmdarreglur hennar, þ.m.t. síðari breytingar,
 - (ii) framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/33 sem heldur gildi sínu, einkum 47. gr., 52.–54. gr. og III., V. og VI. viðauki við þá reglugerð, þ.m.t. síðari breytingar,
 - (iii) reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 sem heldur gildi sínu, þ.m.t. síðari breytingar,
- (b) vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir:
 - (i) reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 sem heldur gildi sínu, einkum vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir í samræmi við 80. og 83. gr. og VIII. viðauka við þá reglugerð og framkvæmdarreglur hennar, þ.m.t. síðari breytingar,
 - (ii) framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 sem heldur gildi sínu, þ.m.t. síðari breytingar.

¹ Tilvísanir í þessari skrá til Sambandslaga sem halda gildi sínu skoðast sem tilvísanir í slíka löggjöf, eins og henni var breytt af Bretlandi til að gilda um Bretland.

LÖG OG REGLUGERÐIR ÍSLANDS OG NOREGS

Lög og reglugerðir sem um getur í 2. mgr. 2. gr. (skilgreiningar á afurðum, vínfræðilegar vinnsluáðferðir og vinnsla) að því er varðar:

- (a) skilgreiningar á afurðum:
 - (i) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013², einkum framleiðslureglur í víngeiranum, í samræmi við 75. gr. (f-, g-, h-, k- og m-lið 3. mgr. og 4. mgr.) og 81. gr., IV. hluta II. viðauka og II. hluta VII. viðauka við þá reglugerð og framkvæmdarreglur hennar, þ.m.t. síðari breytingar,
 - (ii) framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/33³ þegar hún er samþykkt, einkum 47. gr., 52.–54. gr. og III., V. og VI. viðauki við þá reglugerð, þ.m.t. síðari breytingar,
 - (iii) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011⁴, með síðari breytingum.

² Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

³ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/33 frá 17. október 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar umsóknir um vernd fyrir upprunatáknanir, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti í víngeiranum, andmælameðferð, takmarkanir á notkun, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun verndar og merkingu og kynningu (Stjtið. ESB L 9, 11.1.2019, bls. 2).

⁴ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

- (b) vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir:
- (i) reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, einkum vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir í samræmi við 80. gr. og 83. gr. (2. og 3. mgr.) og VIII. viðauka við þá reglugerð og framkvæmdarreglur hennar, þ.m.t. síðari breytingar,
 - (ii) framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934⁵ þegar hún er samþykkt,⁶ þ.m.t. síðari breytingar.
-

⁵ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/33 frá 17. október 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar umsóknir um vernd fyrir upprunatáknanir, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti í víngeiranum, andmælameðferð, takmarkanir á notkun, breytingar á forskriftum fyrir afurðir, afturköllun verndar og merkingu og kynningu (Stjtið. ESB L 9, 11.1.2019, bls. 2).

⁶ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 frá 12. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vinnsluaðferðir þar sem auka má alkóhólstyrkleikann, leyfilegar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vinnsluaðferða, lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum og förgun þeirra og birtingu skráa Alþjóðavínstofnunarinnar (Stjtið. ESB L 149, 7.6.2019, bls. 1).

2. VIÐBÆTIR

VÍNFRÆÐILEGAR VINNSLUAÐFERÐIR OG TAKMARKANIR SEM SAMNINGSADILAR SAMÞYKKJA SAMEIGINLEGA TIL VIÐBÓTAR

1. Nota má þrúgumustsþykkni, hreinsað þrúgumustsþykkni og súkrósa til auðgunar og sætunar að uppfylltum sértækum og takmörkuðum skilyrðum sem sett eru fram í I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 og í I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 sem heldur gildi sínu, með fyrirvara um útilokun á notkun þessara vara í endurgerðu formi í vínunum sem falla undir þennan samning.
2. Íblöndun vatns í vínframleiðslu er óheimil nema hún sé nauðsynleg af sérstökum tæknilegum ástæðum.
3. Nota má ferskar vindreggjjar að uppfylltum sértækum og takmörkuðum skilyrðum sem sett eru fram í sérlínu 11.2 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka við framseldar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 og í sérlínu 11.2 í töflu 2 í A-hluta I. viðauka framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 sem heldur gildi sínu.

3. VIÐBÆTIR

SNIDMÁT EIGINVOTTORÐS FYRIR VÍN SEM FLUTT ER INN FRÁ [ÍSLANDI EÐA NOREGI / BRETLANDI] TIL [BRETLANDS/ ÍSLANDS EÐA NOREGS] (1)

1. Útflytjandi (nafn og heimilisfang)	2. Raðnúmer (2)
3. Innflytjandi (nafn og heimilisfang)	4. Lögbært yfirvald á sendingarstað [á Íslandi / í Noregi / í Bretlandi] (3)
5. Stimpill tollýfirvalda (eingöngu til opinberra nota [Íslands / Noregs / Bretlands])	
6. Flutningatæki og upplýsingar um flutning (4)	7. Affermingarstaður (ef annar en í reit 3)
8. Lýsing á innfluttu afurðinni (5)	9. Magn í l/hl/kg
	10. Fjöldi íláta (6)
11. Vottorð Afurðin sem lýst er hér á undan er ætluð til beinnar neyslu og er í samræmi við skilgreiningar og vínfræðilegar vinnsluáferðir sem eru heimilar skv. XII. viðauka (Viðskipti með vín) við samninginn á milli [Íslands og Noregs], annars vegar, og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, hins vegar. Hún er framleidd af framleiðanda sem fellur undir skoðanir og eftirlit af hálfu eftirfarandi lögbærs yfirvalds (7): Sendandi sem vottar upplýsingarnar hér fyrir ofan (8) Auðkenning sendanda (9) Staður, dagsetning og undirskrift sendanda	

1. Í samræmi við 1. mgr. 3. gr. (Kröfur um vottun vegna innflutnings til viðkomandi samningsaðila) í XII. viðauka (Viðskipti með vín) við samninginn á milli [Íslands og Noregs], annars vegar, og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, hins vegar.
2. Tilgreina skal rekjanleikanúmer sendingarinnar, þ.e. raðnúmer sem auðkennir sendinguna í skráum útflytjandans.
3. Tilgreina skal fullt nafn, heimilisfang og samskiptaupplýsingar lögbærs yfirvalds [á Íslandi eða í Noregi] eða í Bretlandi þaðan sem sendingin er flutt út, sem ber ábyrgð á því að sannprófa upplýsingarnar á þessu vottorði.
4. Tilgreina skal hvaða flutningsmáti er notaður til komustaðar [á Íslandi eða í Noregi] eða í Bretlandi; tilgreina skal flutningsmáta (skip, flugvél, o.s.frv.), gefa skal upp heiti flutningatækisins (heiti skips, flugnúmer, o.s.frv.)
5. Tilgreina skal eftirfarandi atriði:
 - (a) vörumerkingu eins og hún birtist á merkimiða,
 - (b) nafn framleiðanda,
 - (c) vínræktarhérað,
 - (d) nafn framleiðslulands (Ísland, Noregur eða Bretland),
 - (e) heiti landfræðilegrar merkingar, ef við á,
 - (f) heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál,
 - (g) lit afurðarinnar (skrifið aðeins „rautt“, „rósa“ eða „hvítt“).
6. Númer í sameinuðu nafnaskránni (SN-númer).
7. Ílát merkir ílát fyrir vín sem er minna en 60 lítrar. Fjöldi íláta getur verið fjöldi flaskna.
8. Tilgreina skal fullt nafn, heimilisfang og samskiptaupplýsingar viðeigandi lögbærs yfirvalds á Íslandi eða í Noregi eða í Bretlandi.
9. Tilgreina skal fullt nafn, heimilisfang og samskiptaupplýsingar sendanda.
10. Tilgreina skal:
 - (a) fyrir [Ísland og Noreg]: Vörugjaldsnúmer (SEED) eða VSK-númer ef sendandi er ekki með vörugjaldsnúmer, eða tilvísun í númerið á skránni

eða listanum sem kveðið er á um í 3. mgr. 8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273⁷,

- (b) fyrir Bretland: Vörugjaldsnúmer (SEED) eða VSK-númer ef sendandi er ekki með vörugjaldsnúmer eða tilvísun í WSB-númer.

⁷ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/273 frá 11. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar fyrirkomulag við veitingu leyfa til plöntunar á vínvið, skrána yfir vénekrur, fylgiskjöl og vottun, innfærslu- og útfærsluskrána, lögboðnar yfirlýsingar, tilkynningar og birtingu tilkynntra upplýsinga og um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlit og viðurlög, um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008, (EB) nr. 606/2009 og (EB) nr. 607/2009 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 436/2009 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/560 (Stjtið. ESB L 58, 28.2.2018, bls. 1).

XIII. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í GR. 2.39 (SÉRSTÖK ÁKVÆÐI OG
FYRIRKOMULAG VARÐANDI HOLLUSTUHÆTTI OG
HEILBRIGÐI DÝRA OG PLANTNA) Í ÞÆTTI 2.3 (RÁÐSTAFANIR
Á SVIÐI HOLLUSTUHÁTTA OG HEILBRIGÐIS DÝRA OG
PLANTNA) Í 2. KAFLA (VÖRUVIÐSKIPTI)

XIII. VIÐAUKI

ÁKVÆÐI OG FYRIRKOMULAG VARÐANDI HOLLUSTUHÆTTI OG HEILBRIGÐI DÝRA OG PLANTNA

SEM UM GETUR Í GR. 2.39 (SÉRSTÖK ÁKVÆÐI OG FYRIRKOMULAG VARÐANDI HOLLUSTUHÆTTI OG HEILBRIGÐI DÝRA OG PLANTNA) Í ÞÆTTI 2.3 (RÁÐSTAFANIR Á SVIÐI HOLLUSTUHÁTTA OG HEILBRIGÐIS DÝRA OG PLANTNA) Í 2. KAFLA (VÖRUVIÐSKIPTI)

INNGANGUR

Þegar ákvæði þessa viðauka vísa til ráðstafana á sviði hollustuhátta sem á Íslandi og í Noregi falla undir EES-samninginn er það skilningur samningsaðila að ESB geri slíkar ráðstafanir og að Ísland og Noregur framkvæmi, um leið og aðildarríki Evrópusambandsins, samsvarandi ráðstafanir á grundvelli viðeigandi ESB-gerða og í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum.

1. HLUTI

Opinber vottun

1. Þegar innflutningssamningsaðili fer fram á opinber vottorð skulu fyrirmyndirnar að vottorðunum settar fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum stöðlum Alþjóðamatvæslaskráráðsins, alþjóðasamningsins um plöntuvernd og Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar.
2. Samningsaðilar skulu stuðla að framkvæmd rafrænnar vottunar og annarrar tækni til að liðka fyrir viðskiptum.

2. HLUTI

Innflutningsskilyrði og -málsmeðferð

1. Útflutningssamningsaðili skal tryggja að vörur sem fluttar eru út til annarra samningsaðila, eins og dýr og dýraafurðir, plöntur og plöntuafurðir eða aðrir skyldir hlutir, uppfylli kröfur innflutningssamningsaðilans varðandi hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.
2. Innflutningssamningsaðili getur krafist þess að innflutningur á ákveðnum vörum sé háður leyfi. Slíkt leyfi skal veitt þegar viðkomandi lögbært yfirvald útflutningssamningsaðilans leggur fram beiðni sem sýnir fram á það með hlutlægum hætti, og þannig að innflutningssamningsaðili telji það fullnægjandi, að leyfiskröfur innflutningssamningsaðila séu uppfylltar.

3. Innflutningssamningsaðili skal ekki taka upp leyfiskröfur til viðbótar þeim sem voru í gildi 31. desember 2020 nema beiting slíkra krafna að því er varðar fleiri vörur sé réttlætanleg til að milda umtalsverða áhættu gegn heilbrigði manna, dýra eða plantna.
4. Innflutningssamningsaðili skal setja innflutningsskilyrði fyrir allar vörur og tilkynna hinum samningsaðilunum um þau. Innflutningssamningsaðili skal tryggja að innflutningsskilyrðum sé beitt með hóflegum hætti og án mismununar.
5. Sérhver samningsaðili skal tryggja að öll málsmeðferð við eftirlit, skoðun og samþykki vegna hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna sé hafin og að lokið sé við hana án ótilhlýðilegrar tafar. Upplýsingakröfur skal takmarka við það sem nauðsynlegt er til að í samþykkisferlinu megi taka tillit til upplýsinga sem þegar eru tiltækar hjá innflutningssamningsaðilanum, s.s. um lagaramma og úttektarskýrslur útflutningssamningsaðilans.
6. Sérhver samningsaðili skal kveða á um aðlögunartímabil frá birtingu hvers konar breytinga á málsmeðferðinni við samþykki og þar til þeim er beitt, til að gera hinum samningsaðilunum kleift að kynna sér og laga sig að slíkum breytingum, nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum sem varða verndarstig þeirra. Samningsaðilar skulu ekki draga óþarflega á langinn samþykkisferli umsókna sem lagðar voru fram áður en breytingarnar voru birtar.
7. Í tengslum við málsmeðferðina sem sett er fram í 2.–5. mgr., skal grípa til eftirfarandi aðgerða:
 - (a) um leið og innflutningssamningsaðili hefur lokið mati sínu með jákvæðri niðurstöðu, skal hann þegar í stað gera allar nauðsynlegar löggjafar- og stjórnáráðstafanir til að viðskipti geti farið fram án ástæðulausrar tafar,
 - (b) útflutningssamningsaðili skal:
 - (i) veita allar viðeigandi upplýsingar sem innflutningssamningsaðili fer fram á og
 - (ii) veita innflutningssamningsaðila sanngjarnan aðgang til úttektar og annarrar viðeigandi málsmeðferðar.
8. Innflutningssamningsaðili skal taka við vörusendingum án þess að krefjast þess að sannreynt sé að vörusendingarnar uppfylli tilskilin ákvæði áður en þær fara frá útflutningssamningsaðila.
9. Samningsaðila er heimilt að innheimta gjöld vegna kostnaðar sem hlýst af því að framkvæma sérstakt landamæraeftirlit vegna hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna, sem ættu þó ekki að vera hærrí en sem nemur kostnaði.
10. Innflutningssamningsaðili skal hafa rétt til að láta fara fram innflutningseftirlit með vörum sem fluttar eru inn frá

útflutningssamningsaðila til að tryggja að farið sé að innflutningskröfum varðandi hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

11. Innflutningseftirlitið sem fram fer á vörum sem fluttar eru inn frá útflutningssamningsaðila skal byggt á áhættu tengdri hollustuháttum og heilbrigði dýra og plantna í tengslum við slíkan innflutning. Innflutningseftirlit skal framkvæmt einungis eftir því sem þurfa þykir til að vernda líf eða heilbrigði manna, dýra eða plantna, án ástæðulausrar tafar og með lágmarksáhrifum á viðskipti á milli samningsaðila.
12. Að beiðni útflutningssamningsaðila skal innflutningssamningsaðili gera tiltækar upplýsingar um það hversu hátt hlutfall vara frá útflutningssamningsaðilanum er skoðað við innflutning.
13. Leiði innflutningseftirlit í ljós að ekki sé farið að viðeigandi innflutningsskilyrðum skal byggja aðgerðir innflutningssamningsaðila á mati á áhættunni sem um ræðir og skulu þær ekki vera meira takmarkandi fyrir viðskipti en nauðsynlegt er til að ná viðeigandi verndarstigi þess samningsaðila varðandi hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

3. HLUTI

Skrár yfir samþykktar starfsstöðvar

1. Þegar það er réttlætanlegt getur innflutningssamningsaðili haldið skrá yfir samþykktar starfsstöðvar sem uppfylla innflutningskröfur hans til að flytja megi inn dýraafurðir frá þeim.
2. Aðeins skal fara fram á skrár yfir samþykktar starfsstöðvar fyrir þær vörur sem þeirra var krafist fyrir 31. desember 2020, nema það sé réttlætanlegt til að milda umtalsverða áhættu gegn heilbrigði manna eða dýra.
3. Útflutningssamningsaðilinn skal upplýsa innflutningssamningsaðila um skrá sína yfir starfsstöðvar sem uppfylla skilyrði innflutningssamningsaðilans, sem skal byggð á ábyrgðum sem útflutningssamningsaðili veitir.
4. Að beiðni útflutningssamningsaðila skal innflutningssamningsaðili samþykkja starfsstöðvar útflutningssamningsaðila, á grundvelli ábyrgða sem útflutningssamningsaðili veitir, án undangenginnar skoðunar á einstökum starfsstöðvum.
5. Innflutningssamningsaðilinn skal gera nauðsynlegar löggjafar- og stjórnáráðstafanir í samræmi við gildandi lagareglur til að heimila innflutning frá þessum starfsstöðvum án ótilhlýðilegrar tafar, nema innflutningssamningsaðili óski eftir viðbótarupplýsingum og með fyrirvara um ábyrgðir frá útflutningssamningsaðila.
6. Innflutningssamningsaðili skal gera skrána yfir samþykktar starfsstöðvar aðgengilega öllum.

7. Ákveði innflutningssamningsaðili að hafna beiðni útflutningssamningsaðila um að samþykkja að færa starfsstöð á skrá yfir samþykktar starfsstöðvar skal hann tilkynna útflutningssamningsaðila um það án tafar og leggja fram svar sem inniheldur upplýsingar um ósamræmið sem leiddi til höfnunar á samþykki starfsstöðvarinnar.

4. HLUTI

Viðurkenning á stöðu dýrasjúkdóma og svæðisbundnum skilyrðum

1. Samningsaðilar skulu viðurkenna hugtakið svæðaskipting, þ.m.t. sjúkdómalaus svæði og svæði þar sem er lítið um sjúkdóma, og beita því í viðskiptum sín á milli, í samræmi við samninginn um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, þ.m.t. viðmiðunarreglurnar til að koma enn frekar til hagnýtrar framkvæmdar 6. gr. samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (ákvörðun nefndar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna G/SPS/48) og viðeigandi tilmæli, staðla og viðmiðunarreglur Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar. Undirnefndinni um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna er heimilt að skilgreina frekari atriði þessarar málsmeðferðar, að teknu tilliti til allra viðeigandi staðla, leiðbeininga eða tilmæla samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna og Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar.
2. Samningsaðilar geta einnig samþykkt að starfa saman að hugtakinu um hólfaskiptingu eins og um getur í köflum 4.4 og 4.5 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr og köflum 4.1 og 4.2 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um lagardýr.
3. Þegar svæðunum sem um getur í 1. mgr. er komið á fót eða þeim viðhaldið, skulu samningsaðilar huga að þáttum eins og landfræðilegri staðsetningu, vistkerfum, faraldursfræðilegu eftirliti og skilvirkni heilbrigðiseftirlits.
4. Að því er varðar dýr og dýraafurðir skal innflutningssamningsaðili, þegar innflutningsskilyrði eru sett eða þeim viðhaldið að beiðni útflutningssamningsaðila, viðurkenna sjúkdómalaus svæðin sem komið er á fót af útflutningssamningsaðila sem grundvöll athugana fyrir ákvörðun um að heimila eða viðhalda innflutningi, sbr. þó ákvæði 6. og 7. mgr.
5. Útflutningssamningsaðili skal tilgreina svæðin sem um getur í 4. mgr. og, ef farið er fram á það, láta í té ítarlegar skýringar og viðbótargögn, byggð á stöðlum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar eða sett fram með öðrum hætti af undirnefndinni um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna, á grundvelli þekkingar sem dregin er af reynslu viðkomandi yfirvalda útflutningssamningsaðila.

6. Samningsaðilar skulu viðurkenna sjúkdómalaus svæði sem eru til staðar 31. desember 2020.
7. Ákvæði 6. mgr. skulu einnig gilda um síðari breytingar á sjúkdómalausum svæðum, nema þegar um er að ræða umtalsverðar breytingar á sjúkdómastöðu.
8. Samningsaðilum er heimilt að gera úttektir og sannprófanir skv. 5. hluta (Úttektir og sannprófanir) til framkvæmdar 4.–7. mgr.
9. Samningsaðilar skulu koma á nánú samstarfi með það að markmiði að viðhalda tiltrú á málsmeðferðarreglunum varðandi stofnun sjúkdómalausra svæða og svæða þar sem lítið er um sjúkdóma í því skyni að lágmarka röskun á viðskiptum.
10. Innflutningssamningsaðilinn skal byggja sína eigin ákvörðun á heilbrigðisástandi dýra hjá útflutningssamningsaðila, eða hlutum hans, á upplýsingum sem útflutningssamningsaðili veitir í samræmi við samninginn um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna og staðla Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar og taka tillit til hvers kyns ákvörðunar útflutningssamningsaðilans.
11. Samþykki innflutningssamningsaðili ekki ákvörðunina sem útflutningssamningsaðili tekur eins og um getur í 10. mgr., skal hann færa hlutlæg rök fyrir því og útskýra ástæður höfnunarinnar fyrir útflutningssamningsaðilanum og, ef þess er farið á leit, efna til samráðs í samræmi við 2. mgr. gr. 2.44 (Tilkynningar og samráð) í þætti 2.3 (Ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna) í 2. kafla (Vöruviðskipti).
12. Sérhver samningsaðili skal tryggja að staðið sé við skuldbindingarnar sem settar eru fram í 4.–7. mgr., 10. og 11. mgr. án ástæðulausrar tafar. Innflutningssamningsaðili skal flýta fyrir viðurkenningu á sjúkdómastöðu þegar staðan hefur verið endurheimt eftir uppkomu sjúkdóms.
13. Telji samningsaðili að tilgreint hérað hafi sérstaka stöðu að því er varðar tiltekinn sjúkdóm og sem uppfyllir viðmiðunina sem mælt er fyrir um í kafla 1.2 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr eða í kafla 1.2 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um lagardýr getur hann farið fram á viðurkenningu á þeirri stöðu. Innflutningssamningsaðili getur farið fram á viðbótarábyrgðir vegna innflutnings á lifandi dýrum og dýraafurðum sem hæfa samþykktri stöðu.

5. HLUTI

Úttektir og sannprófanir

1. Innflutningssamningsaðili getur gert úttektir og sannprófanir á eftirtöldu:

- (a) skoðunar- og vottunarkerfi yfirvalda útflutningssamningsaðila, að hluta eða í heild, og
 - (b) niðurstöðum þess eftirlits sem fram fer samkvæmt skoðunar- og vottunarkerfi útflutningssamningsaðila.
2. Samningsaðilar skulu gera þessar úttektir og sannprófanir í samræmi við ákvæði samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, að teknu tilliti til viðkomandi alþjóðlegra staðla, leiðbeininga og tilmæla Alþjóðamatvæskráráðsins, Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar eða alþjóðasamningsins um plöntuvernd.
 3. Í þeim tilgangi að gera slíkar úttektir og sannprófanir getur innflutningssamningsaðili framkvæmt þær með því að fara fram á upplýsingar frá útflutningssamningsaðila eða með úttektar- og sannprófunarheimsóknnum til útflutningssamningsaðila sem geta falið í sér:
 - (a) mat á heildareftirlitsáætlun ábyrgra yfirvalda, að hluta eða í heild, þ.m.t. eftir því sem við á, rýni á reglufesta úttektar- og skoðunarstarfsemi,
 - (b) vettvangseftirlit og
 - (c) söfnun upplýsinga og gagna til að meta orsakir endurtekinna eða nýtilkominna vandamála í tengslum við útflutning á vörum.
 4. Innflutningssamningsaðili skal deila niðurstöðum og ályktunum úttekta og sannprófana, sem gerðar eru skv. 1. mgr., með útflutningssamningsaðilanum. Innflutningssamningsaðila er heimilt að gera þessari niðurstöður aðgengilegar öllum.
 5. Áður en úttekt eða sannprófun hefst skulu viðkomandi samningsaðilar ræða markmið og umfang úttektar eða sannprófunar, þær viðmiðanir eða kröfur sem útflutningssamningsaðili verður metinn eftir og ferðaáætlun og málsmeðferðarreglur fyrir framkvæmd úttektar eða sannprófunar, sem mælt skal fyrir um í úttektar- eða sannprófunaráætlun. Innflutningssamningsaðili skal láta útflutningssamningsaðila í té úttektar- eða sannprófunaráætlun minnst 30 dögum áður en úttekt eða sannprófun hefst, nema viðkomandi samningsaðilar komist að samkomulagi um annað.
 6. Innflutningssamningsaðili skal gefa útflutningssamningsaðilanum færi á að gera athugasemdir við drögin að úttektar- eða sannprófunarskýrslunni. Innflutningssamningsaðili skal afhenda útflutningssamningsaðila skriflega lokaskýrslu, yfirléitt innan tveggja mánaða frá viðtökudegi athugasemdanna.
 7. Sérhver samningsaðili skal bera eigin kostnað í tengslum við slíka úttekt eða sannprófun.

6. HLUTI

Neyðarráðstafanir

1. Telji innflutningssamningsaðili að alvarleg hættu steðji að lífi eða heilbrigði manna, dýra eða plantna er honum heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til verndar lífi eða heilbrigði manna, dýra eða plantna án fyrirframtilkynningar. Þegar um er að ræða vörusendingar sem eru í gegnumflutningi milli innflutningssamningsaðilans og útflutningssamningsaðilans skal innflutningssamningsaðilinn íhuga hentugustu og hóflegustu lausnina til að forðast óþarfa röskun á viðskiptum.
2. Samningsaðilinn sem gerir ráðstafanirnar skal tilkynna hinum samningsaðilunum um neyðarráðstöfun á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna eins fljótt og unnt er eftir að hann hefur ákveðið að framkvæma ráðstöfunina og eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að ákvörðunin hefur verið tekin. Ef samningsaðili fer fram á tæknilegt samráð til að fjalla um neyðarráðstöfun á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna, skal halda tæknilega samráðið innan 10 daga frá því að tilkynnt er um neyðarráðstöfun á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna. Viðkomandi samningsaðilar skulu íhuga allar upplýsingar sem veittar eru innan tæknilegs samráðs. Samráðið skal fara fram í því skyni að komast hjá óþarfa röskun á viðskiptum. Viðkomandi samningsaðilum er heimilt að íhuga valkosti til að auðvelda framkvæmd ráðstafananna eða skipta þeim út.
3. Innflutningssamningsaðili skal íhuga tímanlega upplýsingar sem útflutningssamningsaðili veitir þegar hann tekur ákvörðun varðandi vörusendingar, sem verið er að flytja á milli viðkomandi samningsaðila þegar neyðarráðstöfun á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna er samþykkt, til að forðast óþarfa röskun á viðskiptum.
4. Innflutningssamningsaðili skal tryggja að neyðarráðstöfun, sem gripið er til á þeim grundvelli sem um getur í 1. mgr., sé ekki viðhaldið án vísindalegra sönnunargagna eða, ef vísindaleg sönnunargögn eru ófullnægjandi, að hún sé samþykkt í samræmi við 7. mgr. 5. gr. samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

XIV. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í GR. 2.41 (SAMSTARF UM MÁLEFNI Á SVIÐI
HOLLUSTUHÁTTA) Í ÞÆTTI 2.3 (RÁÐSTAFANIR Á SVIÐI
HOLLUSTUHÁTTA OG HEILBRIGÐIS DÝRA OG PLANTNA) Í 2.
KAFLA (VÖRUVIÐSKIPTI)

XIV. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í GR. 2.41 (SAMSTARF UM MÁLEFNI Á SVIÐI HOLLUSTUHÁTTA)
Í ÞÆTTI 2.3 (RÁÐSTAFANIR Á SVIÐI HOLLUSTUHÁTTA OG HEILBRIGÐIS DÝRA
OG PLANTNA) Í 2. KAFLA (VÖRUVIÐSKIPTI)

Þessi blaðsíða er skilin eftir auð af ásetningi

XV. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í GR. 2.62 (SAMSTARF TOLLYFIRVALDA OG
GAGNKVÆM STJÓRNSÝSLUAÐSTOÐ) Í ÞÆTTI 2.4
(TOLLAMÁL OG VIÐSKIPTALIPRUN) Í 2. KAFLA
(VÖRUVIÐSKIPTI)

XV. VIÐAUKI

GAGNKVÆM STJÓRNSÝSLUAÐSTOÐ Í TOLLAMÁLUM

SEM UM GETUR Í GR. 2.62 (SAMSTARF TOLLYFIRVALDA OG GAGNKVÆM STJÓRNSÝSLUAÐSTOÐ) Í ÞÆTTI 2.4 (TOLLAMÁL OG VIÐSKIPTALIPRUN) Í 2. KAFLA (VÖRUVIÐSKIPTI)

1. GR.

Skilgreiningar

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- (a) „tollalög“: hvers konar laga- og stjórnsýsluákvæði sem eru í gildi eða sem hvor tollyfirvöld um sig geta framfylgt í tengslum við innflutning, útflutning, umskipun, umflutning, geymslu og flutninga á vörum, þ.m.t. laga- og stjórnsýsluákvæði er varða bönn, höft og eftirlit, og í tengslum við baráttuna gegn peningþvætti,
- (b) „upplýsingar“: hvers konar gögn, einnig unnin eða greind, og skjöl, skýrslur og önnur samskipti á hvaða formi sem er, þ.m.t. rafrænu, eða staðfest eða vottuð afrit af þeim,
- (c) „aðili“ eða „aðilar“: bæði einstaklingar og lögaðilar, nema annað leiði af samhengi,
- (d) „persónuupplýsingar“: hvers konar gögn um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling,
- (e) „stjórnsýslustofnun sem beiðni er beint til“: tollyfirvaldið sem beiðið er um aðstoð,
- (f) „stjórnsýslustofnun sem leggur fram beiðni“: tollyfirvaldið sem biður um aðstoð,
- (g) „samningsaðili sem beiðni er beint til“: samningsaðilinn sem tollyfirvaldið, sem beiðið er um aðstoð, heyrir undir og
- (h) „samningsaðili sem leggur fram beiðni“: samningsaðilinn sem tollyfirvaldið, sem biður um aðstoð, heyrir undir.

2. GR.

Gildissvið aðstoðar

1. Samningsaðilum ber að veita hvor öðrum gagnkvæma aðstoð, á þann hátt og með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, við að tryggja að tollalögum sé beitt með réttum hætti, einkum með því að koma í veg fyrir, koma upp um, rannsaka og berjast gegn aðgerðum sem brjóta í bága við þau lög.
2. Aðstoð í tollamálum, eins og kveðið er á um í þessum viðauka, gildir um hvert það stjórnvald samningsaðila sem hefur vald til að beita ákvæðum þessa viðauka. Sú aðstoð skal hvorki hafa áhrif á ákvæði sem gilda um gagnkvæma aðstoð í sakamálum né skal hún taka til upplýsinga sem fengnar eru í krafti heimilda sem eru nýttar að beiðni dómsmálayfirvalds, nema það yfirvald hafi heimilað miðlun slíkra upplýsinga.
3. Aðstoð við innheimtu á tollum, sköttum eða sektum fellur ekki undir þennan viðauka.

3. GR.

Aðstoð samkvæmt beiðni

1. Að beiðni stjórnarsýslustofnunar sem leggur fram beiðni skal stjórnarsýslustofnunin sem beiðninni er beint til veita henni allar viðeigandi upplýsingar sem gera henni kleift að tryggja að tollalögum sé beitt með réttum hætti, þ.m.t. upplýsingar um starfsemi sem tekið hefur verið eftir eða skipulögð hefur verið og felur eða gæti falið í sér aðgerðir sem brjóta í bága við tollalög.
2. Að beiðni stjórnarsýslustofnunar sem leggur fram beiðni skal stjórnarsýslustofnunin sem beiðninni er beint til upplýsa hana um:
 - (a) hvort vörur, sem fluttar hafa verið inn hjá samningsaðila, hafi verið fluttar út frá öðrum samningsaðila á réttan hátt og tilgreina, eftir því sem við á, eftir hvaða tollareglum vörunar voru meðhöndlaðar og
 - (b) hvort vörur, sem fluttar hafa verið út frá samningsaðila, hafi verið fluttar inn hjá öðrum samningsaðila á réttan hátt og tilgreina, eftir því sem við á, eftir hvaða tollareglum vörunar voru meðhöndlaðar.
3. Að beiðni stjórnarsýslustofnunar sem leggur fram beiðni skal stjórnarsýslustofnunin sem beiðninni er beint til, innan ramma laga sem gilda um þá síðarnefndu, gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að sérstakt eftirlit sé haft með:
 - (a) aðilum ef réttmæt ástæða er til að ætla að þeir taki eða hafi tekið þátt í aðgerðum sem brjóta í bága við tollalög,

- (b) stöðum þar sem vörubirgðir hafa verið eða kunnu að verða geymdar eða þær settar saman á þann hátt að réttmæt ástæða er til að ætla að fyrirhugað sé að nota þær vörur í aðgerðum sem brjóta í bága við tollalög,
- (c) vörum sem eru eða kunna að verða fluttar þannig að réttmæt ástæða er til að ætla að fyrirhugað sé að nota þær í aðgerðum sem brjóta í bága við tollalög,
- (d) flutningatækjum sem eru eða kunna að verða notuð þannig að réttmæt ástæða er til að ætla að fyrirhugað sé að nota þau í aðgerðum sem brjóta í bága við tollalög og
- (e) athafnasvæði ef stjórnslustofnunin sem leggur fram beiðnina hefur grun um að það sé notað til að brjóta í bága við tollalög.

4. GR.

Aðstoð að eigin frumkvæði

Samningsaðilarnir skulu veita hvor öðrum, að eigin frumkvæði og í samræmi við lög hvers samningsaðila, aðstoð ef þeir telja hana nauðsynlega fyrir rétta beitingu tollalaga, einkum með því að veita upplýsingar sem þeir hafa fengið varðandi:

- (a) starfsemi sem í felast, eða virðast felast, aðgerðir sem brjóta í bága við tollalög og sem gætu verið gagnlegar öðrum samningsaðila,
- (b) ný úrræði eða aðferðir sem beitt er við að framkvæma aðgerðir sem brjóta í bága við tollalög,
- (c) vörur sem vitað er að tengjast aðgerðum sem brjóta í bága við tollalög,
- (d) aðila ef réttmæt ástæða er til að ætla að þeir taki eða hafi tekið þátt í aðgerðum sem brjóta í bága við tollalög og
- (e) flutningatæki ef réttmæt ástæða er til að ætla að þau hafi verið notuð, séu notuð eða kunni að verða notuð í aðgerðum sem brjóta í bága við tollalög.

5. GR.

Afhending og tilkynningar

Að beiðni stjórnslustofnunar sem leggur fram beiðni skal stjórnslustofnunin sem beiðninni er beint til, gripa til allra nauðsynlegra ráðstafana í samræmi við þau lög sem gilda um þá síðarnefndu til að:

- (a) afhenda öll skjöl eða

- (b) tilkynna um allar ákvarðanir,

sem koma frá stjórnslustofnuninni sem leggur fram beiðni og falla innan gildissviðs þessa viðauka, til viðtakanda sem er búsettur eða hefur staðfestu innan lögsögu sammingsaðilans sem beiðni er beint til.

6. GR.

Form og efni aðstoðarbeiðna

1. Beiðnir sem eru lagðar fram samkvæmt þessum viðauka skulu vera skriflegar og heimilt er að gera það rafrænt. Þeim skulu fylgja nauðsynleg gögn sem gera kleift að verða við beiðninni. Í brýnum tilvikum er leyfilegt að samþykka munnlega beiðni en hún skal tafarlaust staðfest skriflega.
2. Beiðnir, sem lagðar eru fram skv. 1. mgr., skulu fela í sér upplýsingar um eftirfarandi:
 - (a) stjórnslustofnunina sem leggur fram beiðni,
 - (b) hvaða ráðstöfun farið er fram á,
 - (c) tilgang beiðni og ástæður hennar,
 - (d) viðeigandi lög,
 - (e) upplýsingar, sem eru eins nákvæmar og tæmandi og hægt er, um vörurnar eða aðilana sem rannsókn beinist að og
 - (f) samantekt um staðreyndir sem máli skipta úr þeim rannsóknnum sem þegar hafa farið fram.
3. Beiðnir skulu lagðar fram á ensku. Þessi krafa skal ekki eiga við um gögn sem fylgja beiðninni skv. 1. mgr.
4. Ef beiðni fullnægir ekki kröfu um form, sem sett er fram hér á undan, er hægt að fara fram á að hún verði leiðrétt eða að lokið verði við hana; gera má varúðarráðstafanir á meðan.

7. GR.

Beiðnum framfylgt

1. Til þess að framfylgja beiðni um aðstoð skal stjórnslustofnunin sem beiðni er beint til, eins og hún væri að bregðast við að eigin frumkvæði eða að beiðni annarra yfirvalda þess sama sammingsaðila, tafarlaust veita upplýsingar sem hún nú þegar hefur, framkvæma viðeigandi rannsóknir eða sjá til þess að þær verði framkvæmdar. Þessi málsgrein skal einnig gilda um hvert það yfirvald

annað sem stjórnslustofnunin, sem beiðni er beint til í samræmi við þennan viðauka, beinir beiðninni til þegar hún er ekki sjálf í aðstöðu til að bregðast við.

2. Beiðnum um aðstoð skal framfylgt í samræmi við lög samningsaðilans sem beiðni er beint til.
3. Embættismenn með fullt umboð samningsaðila geta, með fyrirvara um samninginn og með skilyrðum sem samningsaðilinn sem beiðni er beint til setur, verið viðstaddir á skrifstofum stjórnslustofnunarinnar sem beiðni er beint til, eða annars hlutaðeigandi yfirvalds í samræmi við 1. mgr., til að fá upplýsingar um starfsemi sem í felast, eða geta falist, aðgerðir sem brjóta í bága við tollalög, sem stjórnslustofnunin, sem leggur fram beiðnina, þarf á að halda vegna þessa viðauka.
4. Embættismenn með fullt umboð samningsaðila geta, með samþykki samningsaðilans sem beiðni er beint til og með þeim skilyrðum, sem síðarnefndi aðilinn setur, verið viðstaddir rannsóknir sem framkvæmdar eru hjá samningsaðilanum sem beiðni er beint til.
5. Hlutverk embættismanna samningsaðila, sem eru viðstaddir rannsóknir sem framkvæmdar eru hjá samningsaðilanum sem beiðni er beint til, skal eingöngu vera ráðgefandi og á þeim tíma skulu þessir viðurkenndu embættismenn:
 - (a) ávallt geta lagt fram sönnun á að þeir séu opinberir embættismenn,
 - (b) ekki vera einkennisklæddir eða bera vopn og
 - (c) njóta sömu verndar og embættismenn samningsaðilans sem beiðni er beint til, í samræmi við þau laga- og stjórnsluákvæði sem þar eru í gildi.
6. Ef ekki er hægt að uppfylla beiðnina skal tafarlaust tilkynna það stjórnslustofnuninni sem lagði beiðnina fram, ásamt yfirlýsingu um ástæður þess. Yfirlýsingunni geta fylgt upplýsingar sem stjórnslustofnunin, sem beiðninni var beint til, álitur að geti verið hjálplegar fyrir stjórnslustofnunina sem lagði beiðnina fram.

8. GR.

Hvernig upplýsingum er komið á framfæri

1. Stjórnslustofnunin sem beiðni er beint til skal senda skriflega, og heimilt er að gera það rafrænt, niðurstöður rannsókna, sem framkvæmdar eru samkvæmt beiðni sem lögð er fram samkvæmt þessum viðauka, til stjórnslustofnunarinnar sem leggur beiðnina fram, ásamt viðeigandi skjölum, staðfestum afritum skjala eða öðrum atriðum.

2. Þær upplýsingar sem sendar eru samkvæmt 1. mgr. geta verið á tölvutæku formi.
3. Einungis skal senda upprunalegar skrár og skjöl þegar eftir því er leitað, í þeim tilvikum þar sem staðfest afrit væru ekki fullnægjandi. Skila skal þessum frumritum til stjórnslustofnunarinnar sem beiðni var beint til við fyrsta tækifæri. Samningsaðili getur synjað beiðni um að senda slíkar skrár og skjöl og skal upplýsa samningsaðilann sem leggur fram beiðnina um ástæður þess.
4. Samkvæmt ákvæðunum sem um getur í 3. mgr. skal stjórnslustofnunin sem beiðni er beint til afhenda stjórnslustofnuninni sem leggur fram beiðnina allar upplýsingar sem tengjast áreiðanleika fylgiskjala með vöruyfirlýsingu (e. goods declaration), sem gefin eru út eða staðfest af opinberum stofnunum þess samningsaðila.

9. GR.

Undantekningar frá þeirri skyldu að veita aðstoð

1. Neita má um hvers konar aðstoð sem fellur undir gildissvið þessa viðauka eða setja tiltekin skilyrði fyrir henni eða kröfur varðandi hana ef samningsaðilinn sem beiðninni er beint til telur að framkvæmd hennar myndi:
 - (a) vera líkleg til að hafa áhrif á á fullveldi, öryggi, allsherjarreglu eða aðra mikilvæga hagsmuni samningsaðilans sem beiðninni er beint til eða
 - (b) verða til þess að ljósra upp um viðskiptaleyndarmál eða skaða lögmæta viðskiptahagsmuni.
2. Þegar stjórnslustofnun sem leggur fram beiðni óskar eftir aðstoð sem hún væri sjálf ekki fær um að veita ef um væri beðið, skal hún vekja athygli á því í beiðninni. Það er undir stjórnslustofnuninni, sem beiðninni er beint til, komið hvernig hún bregst við slíkri beiðni.
3. Stjórnslustofnunin sem beiðninni er beint til getur frestað aðstoðinni á þeirri forsendu að hún myndi trufla rannsókn, greiningarferli, saksókn eða málarekstur sem stendur yfir. Í slíku tilviki skal stjórnslustofnunin sem beiðni er beint til hafa samráð við stjórnslustofnunina sem leggur fram beiðnina til að ákvarða hvort unnt sé að veita aðstoð með þeim skilmálum eða skilyrðum sem stjórnslustofnunin, sem beiðninni er beint til, kann að fara fram á.
4. Í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. skal ákvörðun stjórnslustofnunarinnar, sem beiðni er beint til, ásamt ástæðunum fyrir henni, send án tafar til stjórnslustofnunarinnar sem lagði beiðnina fram.

Notkun, leynd og vernd upplýsinga

1. Líta skal á allar upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessum viðauka, í hvaða formi sem það er gert, sem trúnaðarmál, háð lögum hvers samningsaðila og skulu þær njóta þeirrar verndar sem svipaðar upplýsingar njóta samkvæmt viðeigandi lögum samningsaðilans sem lagði beiðnina fram og fékk þær og samsvarandi ákvæðum sem gilda um tollyfirvaldið sem beiðninni er beint til, nema samningsaðilinn sem beiðninni er beint til og veitti upplýsingarnar gefi fyrirfram samþykki fyrir birtingu slíkra upplýsinga.
2. Þegar persónuupplýsingum er miðlað samkvæmt þessum viðauka skal slík miðlun fara fram í samræmi við reglur samningsaðilans sem miðlar þeim um alþjóðlega miðlun persónuupplýsinga. Þegar þörf er á mun hver samningsaðili leggja sig fram um að koma á fót þeim verndarráðstöfunum sem eru nauðsynlegar vegna miðlunar á persónuupplýsingum og virða um leið eigin reglur um alþjóðlega miðlun persónuupplýsinga.
3. Upplýsingar sem fást skal eingöngu nota í tengslum við þennan viðauka. Fari samningsaðili fram á að nota slíkar upplýsingar í öðrum tilgangi skal hann leita fyrir fram eftir skriflegu samþykki þess tollyfirvalds sem veitti þær. Slík notkun skal vera háð þeim takmörkunum sem það yfirvald setur.
4. Ákvæði 3. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að upplýsingar, sem fengnar eru í samræmi við þennan viðauka, séu notaðar sem sönnunargögn í málarekstri fyrir dómstólum sem síðar er stofnað til að því er varðar tollalög. Því geta samningsaðilar, í skráðum sönnunargögnum sínum, skýrslum og vitnisburði og í málarekstri fyrir dómstólum, notað sem sönnunargögn upplýsingar sem fengist hafa í samræmi við ákvæði þessa viðauka. Tilkynna skal tollyfirvaldinu sem veitti upplýsingarnar um slíka notkun.
5. Þrátt fyrir 3. mgr. þessarar greinar getur stjórnarsýslustofnunin sem leggur fram beiðnina og fær upplýsingarnar veitt viðeigandi löggæslustofnunum eigin samningsaðila upplýsingarnar samkvæmt þessum viðauka, nema stjórnarsýslustofnunin sem beiðninni er beint til og sem veitir upplýsingarnar hafi tilkynnt um annað. Þessar stofnanir geta einungis notað upplýsingarnar til rétttrar beitingar tollalaga og skulu falla undir þau skilyrði sem sett eru fram í þessari grein.
6. Samningsaðilinn sem leggur fram beiðnina skal, eftir því sem við á, nota allar tiltækar ráðstafanir samkvæmt gildandi lögum sínum til að viðhalda upplýsingaleynd og vernda persónuupplýsingar að því er varðar umsóknir þriðja aðila eða annarra yfirvalda um birtingu viðkomandi upplýsinga, nema samningsaðilinn sem beiðninni er beint til og veitti upplýsingarnar samþykki annað.

11. GR.

Sérfræðingar og vitni

Veita má embættismanni stjórnslustofnunar, sem beiðni er beint til, heimild til þess að koma fyrir yfirvald hjá hinum samningsaðilanum, innan þeirra takmarkana sem í heimildinni felast, sem sérfræðingur eða vitni í málum sem þessi viðauki tekur til og að leggja fram hluti, skjöl eða trúnaðareintök eða staðfest afrit af þeim, eftir því sem nauðsynlegt er í þessum tilgangi. Í beiðni um mætingu skal tilgreina sérstaklega fyrir hvaða yfirvald embættismaðurinn þarf að mæta og í hvaða máli og á grundvelli hvaða stöðu eða hæfni hann verður yfirheyrður.

12. GR.

Kostnaður vegna aðstoðar

1. Samningsaðilinn sem beiðni er beint til skal falla frá öllum kröfum um endurgreiðslu á kostnaði sem stofnað er til við framkvæmd þessa viðauka, að undanskildum kostnaði og greiðslum til sérfræðinga og vitna og til þýðenda og túlka, annarra en opinberra starfsmanna, sem falla skulu á samningsaðilann sem leggur fram beiðnina.
2. Ef verulegur eða óvenjulegur kostnaður fylgir því að framfylgja beiðninni skulu hlutaðeigandi samningsaðilar hafa samráð til að ákvarða skilmála og skilyrði fyrir því að beiðninni verði framfylgt sem og hvernig skuli bera kostnaðinn.

13. GR.

Framkvæmd

1. Framkvæma skal þennan viðauka í samræmi við lög hvers samningsaðila, þ.m.t. á sviði persónuverndar, og innan marka tiltækra úrræða tollyfirvalda þeirra.
2. Tollyfirvöld samningsaðilanna skulu taka ákvarðanir um allar hagnýtar ráðstafanir og fyrirkomulag sem nauðsynlegt er fyrir framkvæmd þessa viðauka.

14. GR.

Tengsl við aðra alþjóðlega gerninga

1. Ákvæði þessa viðauka skulu ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt öðrum alþjóðsamningum sem þeir eru aðilar að.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu ákvæði þessa viðauka ganga framur ákvæðum allra tvíhliða samninga eða samkomulags um gagnkvæma stjórnsýsluástoð sem hafa verið eða kunna að verða gerðir á milli annað hvort Noregs eða Íslands og Bretlands, að því leyti sem ákvæði slíkra tvíhliða samninga eða samkomulags samrýmast ekki ákvæðum þessa viðauka.

XVI. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í GR. 3.12 (RÁÐSTAFANIR SEM ERU EKKI Í SAMRÆMI VIÐ SKILYRÐI) Í ÞÆTTI 3.2 (AUKIÐ FRELSI Í FJÁRFESTINGUM), GR. 3.18 (RÁÐSTAFANIR SEM ERU EKKI Í SAMRÆMI VIÐ SKILYRÐI) Í ÞÆTTI 3.3 (ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI YFIR LANDAMÆRI), GR. 3.28 (RÁÐSTAFANIR SEM ERU EKKI Í SAMRÆMI VIÐ SKILYRÐI) Í ÞÆTTI 3.4 (KOMA OG TÍMABUNDIN DVÖL EINSTAKLINGA), GR. 3.49 (FRAMKVÆMDASTJÓRN OG STJÓRN) Í UNDIRÞÆTTI 3.5.3 (FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA) OG GR. 3.77 (RÁÐSTAFANIR SEM ERU EKKI Í SAMRÆMI VIÐ SKILYRÐI) Í UNDIRÞÆTTI 3.5.6 (LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA)

XVI. VIÐAUKI

GILDANDI RÁÐSTAFANIR

SEM UM GETUR Í GR. 3.12 (RÁÐSTAFANIR SEM ERU EKKI Í SAMRÆMI VIÐ SKILYRÐI) Í ÞÆTTI 3.2. (AUKIÐ FRELSI Í FJÁRFESTINGUM), GR. 3.18 (RÁÐSTAFANIR SEM ERU EKKI Í SAMRÆMI VIÐ SKILYRÐI) Í ÞÆTTI 3.3 (ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI YFIR LANDAMÆRI), GR. 3.28 (RÁÐSTAFANIR SEM ERU EKKI Í SAMRÆMI VIÐ SKILYRÐI) Í ÞÆTTI 3.4 (KOMA OG TÍMABUNDIN DVÖL EINSTAKLINGA), GR. 3.49 (FRAMKVÆMDASTJÓRN OG STJÓRN) Í UNDIRÞÆTTI 3.5.3 (FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA) OG GR. 3.77 (RÁÐSTAFANIR SEM ERU EKKI Í SAMRÆMI VIÐ SKILYRÐI) Í UNDIRÞÆTTI 3.5.6 (LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA)

Útdráttur

1. Í skrá samningsaðila við þennan viðauka eru settir fram, skv. gr. 3.12 (Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum), gr. 3.18 (Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri), gr. 3.49 (Framkvæmdastjórn og stjórn) í undirþætti 3.5.3 (Fjármálaþjónusta) og gr. 3.77 (Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði) í undirþætti 3.5.6 (Lögfræðiþjónusta), þeir fyrirvarar sem sá samningsaðili gerir varðandi gildandi ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skuldbindingar sem er beitt samkvæmt:
 - (a) gr. 3.6 (Markaðsaðgangur) í þætti 3.2. (Aukið frelsi í fjárfestingum) eða gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri),
 - (b) gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri),
 - (c) gr. 3.7 (Innlend meðferð) í þætti 3.2. (Aukið frelsi í fjárfestingum) eða gr. 3.16 (Innlend meðferð) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri),
 - (d) gr. 3.8 (Bestukjaramedferð) í þætti 3.2. (Aukið frelsi í fjárfestingum) eða gr. 3.17 (Bestukjaramedferð) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri),
 - (e) gr. 3.9 (Framkvæmdastjórn og stjórn) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum),
 - (f) gr. 3.10 (Frammistöðukröfur) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum),
 - (g) gr. 3.49 (Framkvæmdastjórn og stjórn) í undirþætti 3.5.3 (Fjármálaþjónusta) eða

- (h) gr. 3.76 (Skuldbindingar) í undirþætti 3.5.6 (Lögfræðiþjónusta).
2. Fyrirvararnir hafa ekki áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt hinum almenna samningi um þjónustuviðskipti (GATS).
3. Í sérhverjum fyrirvara eru settir fram eftirfarandi þættir:
- (a) „geiri“ vísar til þess almenna geira þar sem fyrirvarinn er gerður,
 - (b) „undirgeiri“ vísar eftir atvikum til þess tiltekna geira þar sem fyrirvarinn er gerður,
 - (c) „atvinnugreinaflokkun“ vísar eftir atvikum til starfsemi sem fellur undir fyrirvarann samkvæmt bráðabirgðaútgáfu aðalvörflokkunar Sameinuðu þjóðanna (CPC), atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna (ISIC), endursk. 3.1, eða eins og sérstaklega er lýst í þeim fyrirvara,
 - (d) „tegund fyrirvara“ tilgreinir þá skuldbindingu sem um getur í 1. mgr. hér að framan sem fyrirvari er gerður við,
 - (e) „ráðstafanir“ tilgreinir lög eða aðrar ráðstafanir eins og þær eru skilgreindar, þar sem slíkt er tilgreint, í þættinum „lýsingar“ sem fyrirvarinn er gerður við. „Ráðstöfun“ sem getið er í þættinum „ráðstafanir“:
 - (i) ráðstöfunin, eins og henni hefur verið breytt, fram haldið eða hún endurnýjuð frá og með gildistökudegi þessa samnings,
 - (ii) felur í sér hvers konar undirskipaða ráðstöfun sem er samþykkt eða viðhaldið samkvæmt og í samræmi við ráðstöfunina og
 - (f) „lýsing“ setur fram þætti í gildandi ráðstöfun, sem fyrirvarinn er gerður við, sem uppfylla ekki skilyrði.

Samningsaðila er einnig heimilt að láta þáttinn „stjórnsýslustig“ í fyrirvara tilgreina stjórnsýslustigið sem viðheldur ráðstöfuninni sem fyrirvarinn er gerður við.

4. Til að taka af vafa skal ný ráðstöfun, ef samningsaðili samþykkir slíka nýja ráðstöfun á stjórnsýslustigi sem er annað en það sem fyrirvarinn var upprunalega gerður við og þessi nýja ráðstöfun kemur, hjá þeim samningsaðila sem hún á við um, í reynd í stað þess þáttar upprunalegu ráðstöfunarinnar sem uppfyllir ekki skilyrði, sem getið er í þættinum „ráðstafanir“, teljast vera „breyting“ á upprunalegri ráðstöfuninni í skilningi gr. 3.12 (Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum), gr. 3.18 (Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri), gr. 3.28 (Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði) í þætti 3.4 (Koma og tímabundin dvöl

einstaklinga) og gr. 3.77 (Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði) í undirþætti 3.5.6 (Lögfræðiþjónusta).

5. Við túlkun fyrirvara skal líta til allra þátta fyrirvarans. Túlka skal fyrirvara með hliðsjón af þeim skuldbindingum sem fyrirvarinn er gerður við. Þátturinn „ráðstafanir“ skal ganga framur öllum öðrum þáttum.
6. Að því er varðar skrá hvers samningsaðila merkir:
 - (a) „ISIC endursk. 3.1“: atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna, eins og hún er sett fram af Statistical Office of the United Nations, Statistical Papers, Series M, No.4, ISIC Rev. 3.1, 2002, og
 - (b) „CPC“: bráðabirgðaútgáfa aðalvörflokkunar (Statistical Papers Series M No. 77, Department of International Economic and Social Affairs, Statistical Office of the United Nations, New York, 1991).
7. Að því er varðar skrá hvers samningsaðila er fyrirvari um kröfu um að hafa staðbundna nærveru hjá samningsaðila settur fram að því er varðar gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) og ekki að því er varðar gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) eða 3.16 (Innlend meðferð) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri). Enn fremur er slík krafa ekki sett fram sem fyrirvari að því er varðar gr. 3.7 (Innlend meðferð) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum).
8. Listinn yfir fyrirvara hér á eftir felur ekki í sér ráðstafanir í tengslum við kröfur og málsmeðferð vegna hæfis, tæknistaðla og kröfur og málsmeðferð vegna leyfisveitinga þegar þær fela ekki í sér takmarkanir í skilningi gr. 3.6 (Markaðsaðgangur) eða gr. 3.7 (Innlend meðferð) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum), gr. 3.14 (Markaðsaðgangur), gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) eða gr. 3.16 (Innlend meðferð) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri) eða gr. 3.76 (Skuldbindingar) í undirþætti 3.5.6 (Lögfræðiþjónusta). Þessar ráðstafanir geta m.a. náð yfir kröfu um að afla sér leyfis, uppfylla alþjónustuskyldur, hafa viðurkennda menntun og hæfi í geirum sem reglur hafa verið settar um, standast sérstök próf, þ.m.t. tungumálapróf, uppfylla aðildarkröfur tiltekinnar starfsgreinar, s.s. aðild að fagfélagi, hafa staðbundinn umboðsaðila til þjónustu eða viðhalda staðbundnu heimilisfangi, eða kröfur um svæðaskiptingu og áætlanagerð eða hvers konar kröfur, sem fela ekki í sér mismunun, um að tiltekin starfsemi megi ekki fara fram á vernduðum svæðum eða sviðum. Slíkar ráðstafanir gilda áfram þótt þær séu ekki skráðar.
9. Til að taka af vafa þá fela ráðstafanir, sem eru án mismununar, ekki í sér takmarkanir á markaðsaðgangi í skilningi gr. 3.6 (Markaðsaðgangur) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum), gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri) eða gr. 3.76 (Skuldbindingar) í undirþætti 3.5.6 (Lögfræðiþjónusta) að því er varðar hvers konar ráðstöfun sem:

- (a) gerir kröfu um að eignarhald á innviðum sé aðskilið eignarhaldi á vörum eða þjónustu sem veitt er um þá innviði til að tryggja sanngjarna samkeppni, t.d. á sviðum orku, flutninga og fjarskipta,
 - (b) takmarkar samþjöppun eignarhalds til að tryggja sanngjarna samkeppni,
 - (c) leitast við að tryggja varðveislu og vernd náttúruauðlinda og umhverfisins, þ.m.t. að því er varðar loftslagsbreytingar, m.a. takmarkanir er varða framboð, fjölda og gildissvið þeirra leyfa sem veitt eru og tímabundnar stöðvanir eða bönn,
 - (d) takmarkar fjölda leyfa sem veitt eru vegna tæknilegra eða efnislegra takmarkana, t.d. fjarskiptaróf og -tíðnir, eða
 - (e) krefjast þess að tiltekið hlutfall hluthafa, eigenda, meðeigenda eða stjórnarmanna fyrirtækis hafi réttindi eða stundi ákveðna starfsgrein, s.s. lögfræðingar eða endurskoðendur.
10. Til að taka af vafa felur skuldbindingin um að veita innlenda meðferð ekki í sér kröfu, að því er varðar Ísland, Liechtenstein og Noreg, um að veita breskum einstaklingum eða fyrirtækjum þá meðferð sem veitt er einstaklingum eða fyrirtækjum samningsaðila að EES-samningnum eða nokkra þá ráðstöfun sem samþykkt er samkvæmt EES-samningnum. Slík meðferð er aðeins veitt fyrirtækjum sem eru stofnuð lögformlega eða skipulögð samkvæmt lögum samningsaðila að EES-samningnum og hafa skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð innan EES, þ.m.t. þau fyrirtæki sem stofnuð eru innan EES sem eru í eigu eða undir stjórn breskra einstaklinga eða fyrirtækja.
11. Að því er varðar fjármálaþjónustu:
- (a) Ólíkt erlendum dótturfélögum falla útibú, sem stofnuð eru beint hjá samningsaðila að EES-samningnum af fjármálastofnun utan EES, ekki, með tilteknum, takmörkuðum undantekningum, undir varfærnisreglur sem samræmdar eru á vettvangi EES sem gera slíkum dótturfélögum kleift að njóta ávinnings af bættum leiðum til að stofnsetja ný fyrirtæki og til að veita þjónustu yfir landamæri á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Slík útibú fá því leyfi til að starfa hjá samningsaðila að EES-samningnum samkvæmt skilyrðum sem jafngilda þeim sem gilda um innlendar fjármálastofnanir þess samningsaðila að EES-samningnum og sú krafa kann að vera gerð til þeirra að þau uppfylli ýmiss konar sértækar varfærniskröfur, s.s., ef um er að ræða bankaþjónustu og verðbréf, varðandi aðskilda fjármögnun og aðrar gjaldþolskröfur og upplýsingagjöf og birtingu reikningskrafna eða, ef um er að ræða tryggingar, varðandi tilteknar ábyrgðaryfirlýsingar og innistæðukröfur, aðskilda fjármögnun og að eignir, sem standa fyrir tryggingarsjóði, og a.m.k. þriðjungur gjaldþols sé hjá hlutaðeigandi samningsaðila að EES-samningnum.

- (b) Ísland, Liechtenstein og Noregur taka á sig skuldbindingar með fyrirvara um gildandi kerfi varðandi varfærnisefirlit samkvæmt EES-samningnum og viðeigandi landslögum sem af því leiðir, þ.m.t. eru ákvæði um þriðju lönd og ákvarðanir um jafngildi sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir og tekin eru upp í EES-samninginn. Ef krafa er gerð um sambærilegt eftirlit yfirvalda í Bretlandi samkvæmt gildandi lögum er sú krafa uppfyllt eftir að viðkomandi ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um jafngildi hefur verið tekin upp í EES-samninginn og á meðan sú ákvörðun gildir.

Skrá Bretlands

Listi yfir fyrirvara:

Fyrirvari nr. 1 – Heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta eða fræðslustarfsemi

Fyrirvari nr. 2 – Sérfræðiþjónusta (lögfræðiþjónusta, endurskoðunarþjónusta)

Fyrirvari nr. 3 – Sérfræðiþjónusta (dýralæknaþjónusta)

Fyrirvari nr. 4 – Þjónusta tengd rannsóknum og þróun

Fyrirvari nr. 5 – Viðskiptaþjónusta

Fyrirvari nr. 6 – Fjarskiptaþjónusta

Fyrirvari nr. 7 – Flutningaþjónusta og stoðþjónusta í tengslum við flutninga

Fyrirvari nr. 8 – Orkutengd starfsemi

Fyrirvari nr. 1 – Heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta eða fræðslustarfsemi

Geiri: Heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta eða fræðslustarfsemi

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Innlend meðferð
Framkvæmdastjórn og stjórn

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum

Stjórnsýslustig: Miðlægt og svæðisbundið (nema annað sé tilgreint)

Lýsing:

Bretlandi er heimilt, við sölu eða ráðstöfun á eiginfjárlutdeild sinni eða eignum í fyrirliggjandi ríkisfyrirtæki eða opinberri stofnun, sem veitir heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu eða annast fræðslustarfsemi (CPC 93, 92), að banna eða setja takmarkanir á eignarhald á slíkri eiginfjárlutdeild eða eignum og á getu eigenda slíkra eignarhluta og eigna til að stjórna því fyrirtæki sem af hlýst, af hálfu fjárfesta frá EFTA-ríkjunum innan EES eða fyrirtækja þeirra. Að því er varðar slíka sölu eða aðra ráðstöfun er Bretlandi heimilt að samþykkja eða viðhalda ráðstöfun sem varðar ríkisfang eða búsetu stjórnenda eða þeirra sem eiga sæti í stjórninni og hvers konar ráðstöfun sem takmarkar fjölda birgja.

Í þessum fyrirvara er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

(i) hver sú ráðstöfun sem samþykkt er eða viðhaldið eftir gildistöku þessa samnings sem bannar eða setur takmarkanir, við sölu eða aðra ráðstöfun, á eignarhald eiginfjárlutdeildar eða eigna eða setur skilyrði varðandi ríkisfang eða búsetu eða takmarkanir á fjölda birgja eins og lýst er í þessum fyrirvara skal teljast gildandi ráðstöfun og

(ii) „ríkisfyrirtæki“: fyrirtæki í eigu eða undir yfirráðum Bretlands með eiginfjárlutdeild og nær yfir fyrirtæki sem komið er á fót eftir að þessi samningur öðlast gildi í þeim eina tilgangi að selja eða ráðstafa eiginfjárlutdeild eða eignum í ríkisfyrirtæki eða opinberri stofnun.

Ráðstafanir:

Eins og þær eru settar fram í þættinum um lýsingar eins og tilgreint er hér að framan.

Fyrirvari nr. 2 – Sérfræðiþjónusta (lögfræðiþjónusta, endurskoðunarþjónusta)

Geiri - undirgeiri: Sérfræðiþjónusta – Lögfræðiþjónusta,
endurskoðunarþjónusta

Atvinnugreinaflokkun: Hluti af CPC 861, CPC 862

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Innlend meðferð
Staðbundin nærvera

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og Þjónustuviðskipti yfir
landamæri

Stjórnsýslustig: Miðlægt og svæðisbundið (nema annað sé tilgreint)

Lýsing:

(a) Lögfræðiþjónusta (hluti af CPC 861)

Til að veita tiltekna lögfræðiþjónustu kann að vera nauðsynlegt að fá heimild eða leyfi hjá lögbæru yfirvaldi eða uppfylla skráningarkröfur. Kröfur eru ekki skráðar að svo miklu leyti sem kröfur sem varða heimild eða leyfi eða skráningu eru án mismununar og samrýmast skuldbindingum sem er komið á með gr. 3.76 (Skuldbindingar) í undirþætti 3.5.6 (Lögfræðiþjónusta). Þær geta m.a. falið í sér kröfu um að hafa öðlast tiltekna menntun og hæfi, hafa lokið viðurkenndu námstímabili eða kröfur um að við aðild sé fyrir hendi skrifstofa eða pósthöfn innan lögsögu lögbæra yfirvaldsins.

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Staðbundin nærvera, Innlend meðferð:

Viðkomandi fagaðili eða eftirlitsaðili getur krafist búsetu (viðskiptanærveru) þegar veita á vissar tegundir innlendar lögfræðiþjónustu í Bretlandi. Lögákveðin rekstrarform sem eru án mismununar eiga við.

Viðkomandi fagaðili eða eftirlitsaðili getur krafist búsetu þegar veita á vissar tegundir innlendar lögfræðiþjónustu í Bretlandi í tengslum við innflutning fólks.

Ráðstafanir:

Að því er varðar England og Wales, lögin um lögmenn frá 1974 (Solicitors Act 1974), lögin um réttarvörslu frá 1985 (Administration of Justice Act 1985) og lögin um lögfræðisþjónustu frá 2007 (Legal Services Act 2007). Að því er varðar Skotland, skosku lögin um lögmenn frá 1980 (Solicitors (Scotland) Act 1980) og skosku lögin um lögfræðisþjónustu frá 2010 (Legal Services (Scotland) Act 2010). Að því er varðar Norður-Írland, norður-írska tilskipunin um lögmenn frá 1976 (Solicitors (Northern Ireland) Order 1976). Að því er varðar allar lögsögur, lögin um innflytjendur og hæli frá 1999 (Immigration and Asylum Act 1999). Þar að auki fela þær ráðstafanir sem gilda í hverri lögsögu um sig í sér hverjar þær kröfur aðrar sem fagaðilar og eftirlitsaðilar setja fram.

b) Endurskoðunarþjónusta (CPC 86211, 86212, önnur en reikningshalds- og bókhaldsþjónusta)

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Innlend meðferð og þjónustuviðskipti yfir landamæri – Innlend meðferð:

Lögbærum yfirvöldum í Bretlandi er heimilt að viðurkenna jafngildi menntunar og hæfis endurskoðanda sem er ríkisborgari samningsaðila að EES-samningnum eða þriðja lands til að samþykkja að hann geti starfað sem löggildur endurskoðandi í Bretlandi með fyrirvara um gagnkvæmni (CPC 8621).

Ráðstafanir:

Fyrirtækjalögin frá 2006 (Companies Act 2006).

Fyrirvari nr. 3 – Sérfræðiþjónusta (dýralæknaþjónusta)

Geiri - undirgeiri: Sérfræðiþjónusta – dýralæknaþjónusta

Atvinnugreinaflokkun: CPC 932

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Staðbundin nærvera

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og Þjónustuviðskipti yfir landamæri

Stjórnáslustig: Miðlægt og svæðisbundið (nema annað sé tilgreint)

Lýsing:

Einungis meðlimum í Breska fagráðinu um dýralækningar (Royal College of Veterinary Surgeons (RCVS)) er heimilt að veita dýralæknaþjónustu í Bretlandi. Þess kann að vera krafist í leiðbeiningum Breska fagráðsins um dýralækningar að viðkomandi hafi í reynd nærveri til að veita dýralæknaþjónustu.

Ráðstafanir:

Lög um dýralækningar frá 1966 (Veterinary Surgeons Act 1966).

Fyrirvari nr. 4 – Þjónusta tengd rannsóknum og þróun

Geiri: Þjónusta tengd rannsóknum og þróun

Atvinnugreinaflokkun: CPC 851, 853

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Innlend meðferð
Staðbundin nærvera

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og Þjónustuviðskipti yfir landamæri

Stjórnsýslustig: Miðlægt og svæðisbundið (nema annað sé tilgreint)

Lýsing:

Að því er varðar þjónustu sem tengist rannsóknum og þróun, sem hið opinbera fjármagnar og nýtur fjármögnunar frá Bretlandi, má eins veita breskum ríkisborgurum og lögaðilum í Bretlandi, sem eru með skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð sína í Bretlandi (CPC 851, CPC 853), einkarétt eða einkaleyfi.

Þessi fyrirvari hefur ekki áhrif á útilokun frá innkaupum af hálfu samningsaðila eða niðurgreiðslum eða styrkjum í 2. og 3. mgr. í gr. 3.1 (Gildissvið) í þætti 3.1 (Almenn ákvæði).

Ráðstafanir:

Allar fyrirbyggjandi og síðari áætlanir um rannsóknir og nýsköpun.

Fyrirvari nr. 5 – Viðskiptaþjónusta

Geiri - undirgeiri: Viðskiptaþjónusta – Leiga eða afnotaleiga án stjórnenda og önnur viðskiptaþjónusta

Atvinnugreinaflokkun: Hluti af CPC 831

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Staðbundin nærvera
Innlend meðferð
Bestukjaramedferð

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og Þjónustuviðskipti yfir landamæri

Stjórnsýslustig: Miðlægt og svæðisbundið (nema annað sé tilgreint)

Lýsing:

Leiga eða afnotaleiga án áhafnar (tómaleiga) á loftförum sem notuð eru af flugrekanda í Bretlandi er háð gildandi kröfum um skráningu loftfars. Samningur um tómaleigu sem flugrekandi í Bretlandi er aðili að skal háður flugöryggiskröfum í innlendum lögum, t.d. fyrirframsamþykki og öðrum skilyrðum sem gilda um notkun þriðju landa á skráðu loftfari. Til að fá skráningu kann sú krafa að vera gerð að loftfar skuli vera í eigu annaðhvort einstaklinga sem uppfylla tilteknar innlendar viðmiðanir eða í eigu fyrirtækja sem uppfylla sérstakar viðmiðanir varðandi eignarhald á fjármagni og yfirráð (CPC 83104).

Við þjónustu tölvufarskráningarkerfa, þegar veitendur þjónustu tölvufarskráningarkerfa, sem starfa utan Bretlands, veita breskum flugrekendum ekki meðferð sambærilega (í merkingunni án mismununar) þeirri sem veitt er í Bretlandi eða þegar flugrekendur aðrir en breskir veita breskum veitendum þjónustu tölvufarskráningarkerfa ekki meðferð sambærilega þeirri sem veitt er í Bretlandi má, eftir því sem við á, gera ráðstafanir til að veitendur þjónustu tölvufarskráningarkerfa sem starfa í Bretlandi veiti flugrekendum, öðrum en breskum, sambærilega meðferð mismununar eða til að breskir flugrekendur veiti veitendum þjónustu tölvufarskráningarkerfa öðrum en breskum sambærilega meðferð mismununar.

Ráðstafanir:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (endurútgefin), eins og henni er viðhaldið í breskum lögum með lögunum um útgöngu úr Evrópusambandinu frá 2018 og henni hefur verið breytt samkvæmt reglum um rekstur flugþjónustu (Breyting o.s.frv.) (útganga úr ESB) (S.I. 2018/1392).

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 80/2009 frá 14. janúar 2009 um háttæmisreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2299/89, eins og henni er viðhaldið í breskum lögum með lögunum um útgöngu úr Evrópusambandinu frá 2018 og henni hefur verið breytt samkvæmt reglum um tölvufarskráningarkerfi (Breyting) (útganga úr ESB) (S.I. 2018/1080).

Fyrirvari nr. 6 – Fjarskiptaþjónusta

Geiri - undirgeiri: Fjarskiptaþjónusta – póst- og hraðsendingarþjónusta

Atvinnugreinaflokkun: Hluti af CPC 71235, hluti af 73210, hluti af 751

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og Þjónustuviðskipti yfir landamæri

Stjórnsýslustig: Miðlægt og svæðisbundið (nema annað sé tilgreint)

Lýsing:

Skipulagning á staðsetningu póstkassa á almannafæri, útgáfa frímerkja og ábyrgðarpóstþjónusta sem notuð er við málsmeðferð í dómskerfinu og í stjórnsýslunni, kann að sæta takmörkunum. Til að taka af vafa kunna póstrekendur að falla undir tiltekna skuldbindingu um alþjónustu eða fjárframlag í jöfnunarsjóð.

Ráðstafanir:

Lög um pósthjónustu frá 2011 (Postal Service Act 2011) og Lög um pósthjónustu frá 2000 (Postal Service Act 2000).

Fyrirvari nr. 7 – Flutningaþjónusta og stoðþjónusta í tengslum við flutninga

Geiri - undirgeiri: Flutningaþjónusta – stoðþjónusta í tengslum við flutninga á sjó og vatnaleiðum, stoðþjónusta í tengslum við járnbrautarflutninga, flutningar á vegum og stoðþjónusta í tengslum við flutninga á vegum, stoðþjónusta í tengslum við flutningaþjónustu í lofti

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Innlend meðferð
Staðbundin nærvera
Framkvæmdastjórn og stjórn

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og Þjónustuviðskipti yfir landamæri

Stjórnsýslustig: Miðlægt og svæðisbundið (nema annað sé tilgreint)

Lýsing:

(a) Stoðþjónusta í tengslum við flutningaþjónustu í lofti

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur:

Aðgengi að flugafgreiðslu veltur á stærð flugvallarins. Takmarka má fjölda þjónustuveitenda á hverjum flugvelli. Á „stórum flugvöllum“ mega þessi mörk ekki vera færri en tveir þjónustuveitendur.

Ráðstafanir:

Reglugerðir um flugvelli (Flugafgreiðslu) frá 1997 (Airports (Ground handling) Regulations 1997) (S.I. 1997/2389)

(b) Stuðningsþjónusta fyrir alla flutningsmáta

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Innlend meðferð og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Staðbundin nærvera, Innlend meðferð:

Aðeins aðilar með staðfestu í Bretlandi mega veita tollþjónustu, þ.m.t. tollafgreiðsluþjónustu og þjónustu sem tengist notkun geymsluaðstöðu til

bráðabirgða eða tollvöruheymslu. Til að taka af vafa þá tekur þetta til þeirra sem eru búsettir í Bretlandi, aðila með fasta starfsstöð í Bretlandi eða skráða skrifstofu í Bretlandi.

Ráðstafanir:

Lög um skattlagningu á viðskipti yfir landamæri frá 2018 (Taxation (Cross-Border Trade Act) 2018), Lög um stjórn tolla- og vörugjalda frá 1979 (Customs and Excise Management Act 1979), tollareglugerðir (útflutningur) (útganga úr ESB) frá 2019 (Customs (Export) (EU Exit) Regulations 2019), tollareglugerðir (innflutningsgjöld) (útganga úr ESB) frá 2018 (Customs (Import Duty) (EU Exit) Regulations 2018), tollareglugerðir (sérstakar verklagsreglur og ytri aðvinnsla) (útganga úr ESB) frá 2018 (Customs Special Procedures and Outward Processing) (EU Exit) Regulations 2018), reglugerðir um tolla og vörugjöld (ýmis ákvæði og breytingar) (útganga úr ESB) 2019/1215 (Customs and Excise (Miscellaneous Provisions and Amendments) (EU Exit) Regulations 2019/1215).

(c) Stoðþjónusta í tengslum við flutninga á sjó og vatnaleiðum

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur og þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur:

Að því er varðar hafnarþjónustu er hafnarstjórn eða lögbæru yfirvaldi heimilt að takmarka fjölda veitenda hafnarþjónustu fyrir tiltekna hafnarþjónustu.

Ráðstafanir:

Reglugerð (ESB) 2017/352 frá 15. febrúar 2017 um að setja ramma um veitingu hafnarþjónustu og um sameiginlegar reglur um gagnsæi í fjármálum fyrir hafnir, 6. gr., eins og henni er viðhaldið í breskum lögum með lögnum um útgöngu úr Evrópusambandinu frá 2018 og henni hefur verið breytt samkvæmt reglugerðum um hafnsögu- og hafnarþjónustu (Breyting) (útganga úr ESB) (S.I. 2018/671)

Reglugerðir um hafnarþjónustu frá 2019.

(d) Flutningar á vegum og stoðþjónusta í tengslum við flutninga á vegum

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Framkvæmdastjórn og stjórn:

Hægt er að krefja flutningastjóra sem starfa við farmflutninga á vegum um búsetu í Bretlandi.

Ráðstafanir:

Lög um vörubifreiðar (Leyfisveitingar til stjórnenda) frá 1995 (Goods Vehicles (Licensing of Operators) Act 1995); reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB, eins og henni er viðhaldið í breskum lögum um útgöngu úr Evrópusambandinu frá 2018 og henni hefur verið breytt samkvæmt reglugerðum um leyfisveitingar til stjórnenda og farmflutninga á vegum milli landa (Breyting o.s.frv.) (útganga úr ESB) (S.I. 2019/708)

Fyrirvari nr. 8 – Orkutengd starfsemi

Geiri - undirgeiri: Orkutengd starfsemi – námugróftur og grjótnám

Atvinnugreinaflokkun: ISIC endursk. 3.1 11

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og Þjónustuviðskipti yfir landamæri

Stjórnarsýslustig: Miðlægt og svæðisbundið (nema annað sé tilgreint)

Lýsing:

Nauðsynlegt er að fá leyfi til að stunda rannsóknir og vinnslu, jafnt á landi og á hafi úti. Þó er hægt að veita þeim leyfishafa slíkt leyfi til þjónustu við námugróft og grjótnám án takmarkana.

Þessi fyrirvari gildir um vinnsluleyfi sem gefin eru út að því er tekur til bæði starfsemi á landi og á hafi úti. Til að hljóta leyfi skal félag vera með starfsstöð í Bretlandi. Það þýðir:

- (i) nærvera með starfsfólki í Bretlandi,
- (ii) skráning á bresku félagi hjá félagaskrá Bretlands (Companies House) eða
- (iii) skráning á útibúi erlends félags hjá félagaskrá Bretlands (Companies House).

Til að vera aðili að leyfi sem tekur til vinnslu skal félag annaðhvort a) vera skráð sem breskt félag hjá félagaskrá Bretlands (Companies House) eða b) reka starfsemi sína í gegnum fasta atvinnustöð í Bretlandi eins og skilgreint er í þætti 148 fjármálaganna (Financial Act) frá 2003 (sem krefst venjulega nærveru með starfsfólki).

Þessi fyrirvari tekur ekki til þjónustu við leyfishafa vegna námugraftar og grjótnáms. Heimilt er að veita slíka þjónustu án takmarkana að því tilskildu að leyfishafi vinnsluleyfisins uppfylli skilyrðin hér að framan.

Ráðstafanir:

Jarðölulögin frá 1998 (Petroleum Act 1998).

Skrá Íslands

Listi yfir fyrirvara

Fyrirvari nr. 1 – Viðskiptaþjónusta – Sérfræðiþjónusta

Fyrirvari nr. 2 – Önnur viðskiptaþjónusta

Fyrirvari nr. 3 – Innheimtustofnun (innheimtuþjónusta)

Fyrirvari nr. 4 – Fjármálaþjónusta

Fyrirvari nr. 5 – Ferðaþjónusta og tengd þjónusta

Fyrirvari nr. 6 – Flutningaþjónusta

1	
Geiri:	Viðskiptaþjónusta – Sérfræðiþjónusta
Undirgeiri:	Lögfræðiþjónusta og endurskoðunarþjónusta
Atvinnugreinaflokkun:	Hluti af CPC 861, CPC 862
Tegund fyrirvara:	gr. 3.6 (Markaðsaðgangur) gr. 3.7 (Innlend meðferð) gr. 3.9 (Framkvæmdastjórn og stjórn) gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) gr. 3.16 (Innlend meðferð)
Ráðstafanir:	Lög nr. 77/1998 um lögmenn Reglugerð nr. 243/2018 um veitingu málflytningarréttinda fyrir héraðsdómstólum til erlendra lögmanna. Lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.
Lýsing:	Lögfræðiþjónusta Málflytningarréttindi byggjast á gagnkvæmni. Hlutdeild í félagi sem starfrækir lögfræðistofu eða eignarhald á slíku félagi er óheimil öðrum en lögmönnum með starfsréttindi ¹ . Félagar í Lögmannafélagi Íslands hafa einir rétt til að gæta hagsmuna málsaðila fyrir dómstólum á Íslandi. Endurskoðunarþjónusta Að minnsta kosti einn af endurskoðendum íslensks félags með takmarkaða ábyrgð skal vera búsettur á Íslandi eða vera löggilt endurskoðendafyrirtæki með aðsetur þar.

¹ Hugtakið lögmaður á við um hvern þann sem hefur leyfi til að flytja mál fyrir Hæstarétti eða héraðsdómstólum á Íslandi.

2.	
Geiri:	Önnur viðskiptaþjónusta
Undirgeiri:	Fasteignaþjónusta og leiga/afnotaleiga án stjórnenda sem varðar skip, loftför, flutninga og vélbúnað
Atvinnugreinaflokkun:	CPC 821, CPC 83101-83104, CPC72130
Tegund fyrirvara:	gr. 3.6 (Markaðsaðgangur) gr. 3.7 (Innlend meðferð) gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) gr. 3.16 (Innlend meðferð)
Ráðstafanir:	Lög nr. 79/2015 sem varða sölu fasteigna Lög nr. 115/1985 sem varða skráningu skipa Lög nr. 60/1998 sem varða loftferðir Lög nr. 65/2015 sem varða starfsemi bílaleiga Lög nr. 139/2005 sem varða starfsmannaleigur
Lýsing:	Fasteignaþjónusta Viðkomandi skal búa á Íslandi til að hljóta leyfi til að veita þjónustu við sölu á íbúðarhúsnæði og lóðum, þ.m.t. skipum, og aðra tengda milliliðaðþjónustu við kaup og sölu fasteigna. Leiga/afnotaleiga án stjórnenda Skilyrði fyrir því að skip sé skráð í innlenda skipaskrá er að það verður að vera í eigu íslensks einstaklings eða íslensks lögaðila með búsetu á Íslandi. Skilyrði fyrir skráningu loftfars í skrá um loftför er að það sé í eigu íslensks einstaklings eða íslensks lögaðila með búsetu á Íslandi.

	<p>Gerð er krafa um búsetu til að mega reka bílaleigu.</p> <p>[Ráðningarþjónusta og útvegun starfsfólks] Starfsmannaleigur þurfa að vera með staðfestu á Íslandi.</p>
--	--

3.	
Geiri:	Innheimtustofnun (innheimtuþjónusta)
Undirgeiri:	Innheimtuþjónusta
Atvinnugreinaflokkun:	CPC 87902, CPC 87901
Tegund fyrirvara:	gr. 3.6 (Markaðsaðgangur) gr. 3.7 (Innlend meðferð) gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) gr. 3.16 (Innlend meðferð)
Ráðstafanir:	Lög nr. 95/2008 sem varða innheimtu
Lýsing:	Gerð er krafa um búsetu til að fá heimild til að veita innheimtuþjónustu á Íslandi.

4.	
Geiri:	Fjármálaþjónusta
Undirgeiri:	Vátryggingar og bankaþjónusta
Atvinnugreinaflokkun:	Á ekki við
Tegund fyrirvara:	gr. 3.6 (Markaðsaðgangur) gr. 3.7 (Innlend meðferð) gr. 3.8 (Bestukjarameðferð) gr. 3.9 (Framkvæmdastjórn og stjórn) gr. 3.10 (Frammistöðukröfur) gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) gr. 3.16 (Innlend meðferð) gr. 3.17 (Bestukjarameðferð)
Ráðstafanir:	Lög nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi Lög nr. 2/1995 um hlutafélög Lög nr. 62/2019 um dreifingu vátrygginga Lög nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki Lög nr. 2/1995 um hlutafélög Lög nr. 108/2007 sem varða verðbréfavíðskipti Lög nr. 128/2011 sem varða verðbréfasjóði og aðra fjárfestingarsjóði Lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða
Lýsing:	Vátryggingastarfsemi og tengd þjónusta Stofnandi vátryggingafélags skal vera einstaklingur eða lögaðili sem er búsettur hjá samningsaðila að EES-samningnum, samningsaðila að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu, eins og honum var breytt í Vaduz 21. júní 2001 (Stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu) eða í Færeyjum.

	<p>Stjórnendur skulu vera búsettir hjá samningsaðila að EES-samningnum.</p> <p>Stjórn útibússkrifstofa erlendra váttryggingafélaga skal vera í höndum fulltrúa sem hefur búsetu á Íslandi.</p> <p>Bankastarfsemi og önnur fjármálaþjónusta Stofnandi lánastofnunar skal vera einstaklingur eða lögaðili sem er búsettur hjá samningsaðila að EES-samningnum, hjá samningsaðila að Fríverslunarsamtökum Evrópu eða í Færeyjum.</p> <p>Stjórnendur skulu vera búsettir hjá samningsaðila að EES-samningnum.</p> <p>Öll fjármálaþjónusta Innlendar fjármálastofnanir skulu veita Seðlabanka Íslands upplýsingar um inneignir á reikningum þjónustuveitenda sem ekki eru búsettir á Íslandi.</p> <p>Þjónustuveitendur skulu tilkynna viðkomandi fagráðuneyti um fjárfestingar erlendra aðila í fyrirtækjum á Íslandi og Seðlabanka Íslands um fjárfestingar erlendra aðila í verðbréfum á Íslandi.</p>
--	--

5.	
Geiri:	Ferðaþjónusta og tengd þjónusta
Undirgeiri:	Hótel og veitingahús (þ.m.t. matsöluþjónusta) Starfsemi ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjanda Leiðsöguþjónusta fyrir ferðamenn
Atvinnugreinaflokkun:	CPC641-643, CPC74717472
Tegund fyrirvara:	gr. 3.7 (Innlend meðferð) gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) gr. 3.16 (Innlend meðferð)
Ráðstafanir:	Lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald Lög nr. 73/2005 um skipan ferðamála
Lýsing:	Gerð er krafa um búsetu til að fá leyfi til að starfrækja veitingastað, gististað eða vettvang til skemmtanahalds. Gerð er krafa um búsetu til að fá leyfi til að starfa sem ferðaskipuleggjandi, starfrækja ferðaskrifstofu eða starfa sem leiðsögumaður.

6.	
Geiri:	Flutningar
Undirgeiri:	Flutningaþjónusta á vegum og tengd þjónusta Vöru- og birgðageymsluþjónusta Vöruflutningar og vöruflutningamiðlun
Atvinnugreinaflokkun:	CPC 711, CPC 7122, CPC 7123, CPC 7124, CPC 744 CPC 741, CPC 742, CPC 7480, CPC 7490
Tegund fyrirvara:	gr. 3.6 (Markaðsaðgangur) gr. 3.7 (Innlend meðferð) gr. 3.9 (Framkvæmdastjórn og stjórn) gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) gr. 3.16 (Innlend meðferð)
Ráðstafanir:	Lög nr. 28/2017 um farþegaflutninga og farmflutninga á landi Reglugerð nr. 474/2017 er varðar farmflutninga á landi Tollalög nr. 88/2005
Lýsing:	Flutningaþjónusta á vegum og tengd þjónusta Leyfis er krafist til landflutninga í viðskiptaskyni. Heimilt er að mæla fyrir um tölulega kvóta og sérstök nytjaleyfi á tilteknum svæðum eða leiðum. Vöru- og birgðageymsluþjónusta og vöruflutningar og vöruflutningamiðlun Gerð er krafa um búsetu stjórnarmanna lögaðila sem sækir um leyfi til að starfrækja tollmiðlun.

XVII. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í GR. 3.12 (RÁÐSTAFANIR SEM ERU EKKI Í SAMRÆMI VIÐ SKILYRÐI) Í ÞÆTTI 3.2 (AUKIÐ FRELSI Í FJÁRFESTINGUM), GR. 3.18 (RÁÐSTAFANIR SEM ERU EKKI Í SAMRÆMI VIÐ SKILYRÐI) Í ÞÆTTI 3.3 (ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI YFIR LANDAMÆRI), GR. 3.28 (RÁÐSTAFANIR SEM ERU EKKI Í SAMRÆMI VIÐ SKILYRÐI) Í ÞÆTTI 3.4 (KOMA OG TÍMABUNDIN DVÖL EINSTAKLINGA), GR. 3.49 (FRAMKVÆMDASTJÓRN OG STJÓRN) Í UNDIRÞÆTTI 3.5.3 (FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA) OG GR. 3.77 (RÁÐSTAFANIR SEM ERU EKKI Í SAMRÆMI VIÐ SKILYRÐI) Í UNDIRÞÆTTI 3.5.6 (LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA)

XVII. VIÐAUKI

SÍÐARI RÁÐSTAFANIR

SEM UM GETUR Í GR. 3.12 (RÁÐSTAFANIR SEM ERU EKKI Í SAMRÆMI VIÐ SKILYRÐI) Í ÞÆTTI 3.2 (AUKIÐ FRELSI Í FJÁRFESTINGUM), GR. 3.18 (RÁÐSTAFANIR SEM ERU EKKI Í SAMRÆMI VIÐ SKILYRÐI) Í ÞÆTTI 3.3 (ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI YFIR LANDAMÆRI), GR. 3.28 (RÁÐSTAFANIR SEM ERU EKKI Í SAMRÆMI VIÐ SKILYRÐI) Í ÞÆTTI 3.4 (KOMA OG TÍMABUNDIN DVÖL EINSTAKLINGA), GR. 3.49 (FRAMKVÆMDASTJÓRN OG STJÓRN) Í UNDIRÞÆTTI 3.5.3 (FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA) OG GR. 3.77 (RÁÐSTAFANIR SEM ERU EKKI Í SAMRÆMI VIÐ SKILYRÐI) Í UNDIRÞÆTTI 3.5.6 (LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA)

Útdráttur

1. Í skrá samningsaðila við þennan viðauka eru settir fram, skv. gr. 3.12 (Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum), gr. 3.18 (Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri), gr. 3.49 (Framkvæmdastjórn og stjórn) í undirþætti 3.5.3 (Fjármálaþjónusta) og gr. 3.77 (Ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skilyrði) í undirþætti 3.5.6 (Lögfræðiþjónusta), þeir fyrirvarar sem sá samningsaðili gerir varðandi síðari ráðstafanir sem eru ekki í samræmi við skuldbindingar sem er beitt samkvæmt:
 - (a) gr. 3.6 (Markaðsaðgangur) í þætti 3.2. (Aukið frelsi í fjárfestingum) eða gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri),
 - (b) gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri),
 - (c) gr. 3.7 (Innlend meðferð) í þætti 3.2. (Aukið frelsi í fjárfestingum) eða gr. 3.16 (Innlend meðferð) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri),
 - (d) gr. 3.8 (Bestukjaramedferð) í þætti 3.2. (Aukið frelsi í fjárfestingum) eða gr. 3.17 (Bestukjaramedferð) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri),
 - (e) gr. 3.9 (Framkvæmdastjórn og stjórn) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum),
 - (f) gr. 3.10 (Frammistöðukröfur) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum),
 - (g) gr. 3.49 (Framkvæmdastjórn og stjórn) í undirþætti 3.5.3 (Fjármálaþjónusta) eða
 - (h) gr. 3.76 (Skuldbindingar) í undirþætti 3.5.6 (Lögfræðiþjónusta).

2. Fyrirvararnir hafa ekki áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt hinum almenna samningi um þjónustuviðskipti (GATS).
3. Í sérhverjum fyrirvara eru settir fram eftirfarandi þættir:
 - (a) „geiri“ vísar til þess almenna geira þar sem fyrirvarinn er gerður,
 - (b) „undirgeiri“ vísar eftir atvikum til þess tiltekna geira þar sem fyrirvarinn er gerður,
 - (c) „atvinnugreinaflokkun“ vísar eftir atvikum til starfsemi sem fellur undir fyrirvarann samkvæmt bráðabirgðaútgáfu aðalvörflokkunar Sameinuðu þjóðanna (CPC), atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna (ISIC), endursk. 3.1, eða eins og sérstaklega er lýst í þeim fyrirvara,
 - (d) „tegund fyrirvara“ tilgreinir þá skuldbindingu sem um getur í 1. mgr. hér að framan sem fyrirvari er gerður við,
 - (e) „lýsing“ setur fram gildissvið geirans, undirgeirans eða starfseminnar sem fellur undir fyrirvarann og
 - (f) „gildandi ráðstafanir“ tilgreinir, í þágu gagnsæis, þær fyrirliggjandi ráðstafanir sem gilda um geirann, undirgeirann eða starfsemina sem fellur undir fyrirvarann.
4. Við túlkun fyrirvara skal taka tillit til allra þátta fyrirvarans. Þátturinn „lýsing“ skal ganga framar öllum öðrum þáttum.
5. Að því er varðar skrá hvers samningsaðila merkir:
 - (a) „ISIC endursk. 3.1“: atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna eins og hún er sett fram í Statistical Office of the United Nations, Statistical Papers, Series M, No. 4, ISIC Rev. 3.1, 2002,
 - (b) „CPC“: bráðabirgðaútgáfa aðalvörflokkunar (Statistical Papers Series M No. 77, Department of International Economic and Social Affairs, Statistical Office of the United Nations, New York, 1991).
6. Að því er varðar skrá hvers samningsaðila er fyrirvari um kröfu um að hafa staðbundna nærveru hjá samningsaðila settur fram að því er varðar gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) og ekki að því er varðar gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) eða gr. 3.16 (Innlend meðferð) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri). Enn fremur er slík krafa ekki sett fram sem fyrirvari að því er varðar gr. 3.7 (Innlend meðferð) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum).
7. Listinn yfir fyrirvara hér á eftir nær ekki yfir ráðstafanir í tengslum við kröfur og málsmeðferð vegna hæfis, tæknistaðla og kröfur og málsmeðferð vegna leyfisveitinga þegar þær fela ekki í sér takmarkanir á markaðsaðgangi eða innlendri meðferð í skilningi gr. 3.6 (Markaðsaðgangur), gr. 3.7 (Innlend

meðferð) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum), gr. 3.14 (Markaðsaðgangur), gr. 3.15 (Staðbundin nærvera), gr. 3.16 (Innlend meðferð) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri) eða gr. 3.76 (Skuldbindingar) í undirþætti 3.5.6 (Lögfræðiþjónusta). Þessar ráðstafanir geta m.a. náð yfir kröfu um að afla sér leyfis, uppfylla alþjónustuskýldu, hafa viðurkennda menntun og hæfi í geirum sem reglur hafa verið settar um, standast sérstök próf, þ.m.t. tungumálapróf, uppfylla aðildarkröfur tiltekinnar starfsgreinar, s.s. aðild að fagfélagi, hafa staðbundinn umboðsaðila til þjónustu eða viðhalda staðbundnu heimilisfangi, eða kröfur um svæðaskiptingu og áætlanagerð eða hvers konar kröfur, sem fela ekki í sér mismunun, um að tiltekin starfsemi megi ekki fara fram á vernduðum svæðum eða sviðum. Slíkar ráðstafanir gilda áfram enda þótt þær séu ekki skráðar.

8. Til að taka af vafa þá fela ráðstafanir, sem eru án mismununar, ekki í sér takmarkanir á markaðsaðgangi í skilningi gr. 3.6 (Markaðsaðgangur) í þætti 3.2 (Aukið frelsi í fjárfestingum), gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) í þætti 3.3 (Þjónustuviðskipti yfir landamæri) eða gr. 3.76 (Skuldbindingar) í undirþætti 3.5.6 (Lögfræðiþjónusta) að því er varðar hvers konar ráðstöfun sem:
 - (a) gerir kröfu um að eignarhald á innviðum sé aðskilið eignarhaldi á vörum eða þjónustu sem veitt er um þá innviði til að tryggja sanngjarna samkeppni, t.d. á sviðum orku, flutninga og fjarskipta,
 - (b) takmarkar samþjöppun eignarhalds til að tryggja sanngjarna samkeppni,
 - (c) leitast við að tryggja varðveislu og vernd náttúruauðlinda og umhverfisins, þ.m.t. að því er varðar loftslagsbreytingar, m.a. takmarkanir er varða framboð, fjölda og gildissvið þeirra leyfa sem veitt eru og tímabundnar stöðvanir eða bönn,
 - (d) takmarkar fjölda leyfa sem veitt eru vegna tæknilegra eða efnislegra takmarkana, t.d. fjarskiptaróf og -tíðnir, eða
 - (e) krefjast þess að tiltekið hlutfall hluthafa, eigenda, meðeigenda eða stjórnarmanna fyrirtækis hafi réttindi eða stundi ákveðna starfsgrein, s.s. lögfræðingar eða endurskoðendur.
9. Til að taka af vafa felur skuldbindingin um að veita innlenda meðferð ekki í sér kröfu, að því er varðar Ísland, Liechtenstein og Noreg, um að veita breskum einstaklingum eða fyrirtækjum þá meðferð sem veitt er einstaklingum eða fyrirtækjum samningsaðila að EES-samningnum eða nokkra þá ráðstöfun sem samþykkt er samkvæmt EES-samningnum. Slík meðferð er aðeins veitt fyrirtækjum sem eru stofnuð lögformlega eða skipulögð samkvæmt lögum samningsaðila að EES-samningnum og hafa skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð innan EES, þ.m.t. þau fyrirtæki sem stofnuð eru innan EES sem eru í eigu eða undir stjórn breskra einstaklinga eða fyrirtækja.

10. Að því er varðar fjármálaþjónustu:

- (a) Ólíkt erlendum dótturfélögum falla útibú, sem stofnuð eru beint hjá samningsaðila að EES-samningnum af fjármálastofnun utan EES, ekki, með tilteknum, takmörkuðum undantekningum, undir varfærnisreglur sem samræmdar eru á vettvangi EES sem gera slíkum dótturfélögum kleift að njóta ávinnings af bættum leiðum til að stofnsetja ný fyrirtæki og til að veita þjónustu yfir landamæri á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Slík útibú fá því leyfi til að starfa hjá samningsaðila að EES-samningnum samkvæmt skilyrðum sem jafngilda þeim sem gilda um innlendar fjármálastofnanir þess samningsaðila að EES-samningnum og sú krafa kann að vera gerð til þeirra að þau uppfylli ýmiss konar sértækar varfærniskröfur, s.s., ef um er að ræða bankþjónustu og verðbréf, varðandi aðskilda fjármögnun og aðrar gjaldþolskröfur og upplýsingagjöf og birtingu reikningskrafna eða, ef um er að ræða tryggingar, varðandi tiltekna ábyrgðaryfirlýsingar og innistæðukröfur, aðskilda fjármögnun og að eignir, sem standa fyrir tryggingarsjóði, og a.m.k. þriðjungur gjaldþols sé hjá hlutaðeigandi samningsaðila að EES-samningnum.
- (b) Ísland, Liechtenstein og Noregur taka á sig skuldbindingar með fyrirvara um gildandi kerfi varðandi varfærniseftirlit samkvæmt EES-samningnum og viðeigandi landslögum sem af því leiðir, þ.m.t. eru ákvæði um þriðju lönd og ákvarðanir um jafngildi sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir og tekin eru upp í EES-samninginn. Ef krafa er gerð um sambærilegt eftirlit yfirvalda í Bretlandi samkvæmt gildandi lögum er sú krafa uppfyllt eftir að viðkomandi ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um jafngildi hefur verið tekin upp í EES-samninginn og á meðan sú ákvörðun gildir.

Skrá Bretlands

Listi yfir fyrirvara:

Fyrirvari nr. 1 – Allir geirar

Fyrirvari nr. 2 – Sérfræðiþjónusta (lögfræðiþjónusta, endurskoðunarþjónusta)

Fyrirvari nr. 3 – Sérfræðiþjónusta (heilsutengd þjónusta og smásala á lyfjum)

Fyrirvari nr. 4 – Viðskiptaþjónusta (innheimtuþjónusta og upplýsingaþjónusta um fjárhagsstöðu)

Fyrirvari nr. 5 – Viðskiptaþjónusta (ráðningarþjónusta)

Fyrirvari nr. 6 – Viðskiptaþjónusta (rannsóknarþjónusta)

Fyrirvari nr. 7 – Viðskiptaþjónusta (önnur viðskiptaþjónusta)

Fyrirvari nr. 8 – Fræðslustarfsemi

Fyrirvari nr. 9 – Fjármálaþjónusta

Fyrirvari nr. 10 – Heilbrigðis- og félagsþjónusta

Fyrirvari nr. 11 – Þjónusta tengd tólmundastarfi, menningariðju og íþróttastarfi

Fyrirvari nr. 12 – Flutningaþjónusta og stoðþjónusta í tengslum við flutninga

Fyrirvari nr. 13 – Fiskveiðar og vatn

Fyrirvari nr. 14 – Orkutengd starfsemi

Fyrirvari nr. 15 – Önnur þjónusta ót.a.

Fyrirvari nr. 1 – Allir geirar

Geiri: Allir geirar

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Staðbundin nærvera
Innlend meðferð
Bestukjarameðferð
Framkvæmdastjórn og stjórn
Frammistöðukröfur
Skuldbindingar varðandi lögfræðiþjónustu

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum, þjónustuviðskipti yfir landamæri og Reglurammi – Lögfræðiþjónusta

Lýsing:

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar eftirfarandi þætti, sem eru:

a) Viðskiptanærvera

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur:

Þjónusta sem litið er á sem almannþjónusta á lands- eða staðarvísu kann að falla undir opinbera einokun eða einkarétt sem veittur er einkareknum fyrirtækjum.

Almannþjónusta er fyrir hendi í þáttum eins og tengdri vísindalegri og tæknilegri ráðgjafarþjónustu, rannsóknnum og þróun á félagsvísindum og hugvísindum, tækniprófunum og greiningarþjónustu, þjónustu á sviði umhverfismála, heilbrigðisþjónustu, flutningaþjónustu og stoðþjónustu við alla flutningsmáta. Einkaréttur á slíkri þjónustu er oft veittur einkaaðilum, t.d. aðilum með sérleyfi frá opinberum yfirvöldum, með fyrirvara um sérstakar skuldbindingar um þjónustu. Í ljósi þess að almannþjónusta er einnig oft veitt á neðri stigum stjórnsýslunnar er nákvæm og ítarleg áætlunargerð tengd tilteknum geirum ekki hagkvæm. Þessi fyrirvari gildir ekki um fjarskipti og tölvur og tengda þjónustu.

b) Bestukjarameðferð

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Bestukjarameðferð, Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Bestukjarameðferð og lögfræðiþjónusta – Skuldbindingar:

Aðgreind meðferð er veitt samkvæmt alþjóðlegum sáttmála um fjárfestingar eða öðrum viðskiptasamningi sem er í gildi eða hefur verið undirritaður fyrir gildistökudag þessa samnings.

Aðgreind meðferð samkvæmt gildandi eða síðari tvíhliða eða marghliða samningi sem:

- i. skapar innri markað á sviði þjónustu og fjárfestinga,
- ii. veitir staðfesturétt eða
- iii. krefst samræmingar á löggjöf í einni eða fleiri atvinnugreinum.

Með innri markaði á sviði þjónustu og staðfestu er átt við svæði án innri landamæra þar sem frjáls þjónustustarfsemi, frjálsir fjármagnsflutningar og frjáls för fólks eru tryggð.

Með staðfesturétti er átt við skuldbindingu um að afnema efnislega allar hindranir í vegi staðfestu hjá aðilum að samningi um svæðisbundna efnahagssamvinnu eigi síðar en við gildistöku þess samnings. Staðfesturéttur skal fela í sér rétt ríkisborgara aðilanna að samningi um svæðisbundna efnahagssamvinnu til að koma á fót og reka fyrirtæki með sömu skilyrðum og eiga við um ríkisborgara samkvæmt lögum þess lands þar sem fyrirtækið öðlast staðfestu.

Með samræmingu löggjafar er átt við:

- i. samhæfingu löggjafar eins eða fleiri aðila að samningi um svæðisbundna efnahagssamvinnu og löggjafar hins aðilans, eða aðilanna, að þeim samningi eða
- ii. lögfestingu sameiginlegrar löggjafar aðila að samningi um svæðisbundna efnahagssamvinnu.

Slík samhæfing eða lögfesting skal fara fram og litið skal svo á að hún hafi farið fram því aðeins að hún hafi verið leidd í lög aðilans eða aðilanna að samningi um svæðisbundna efnahagssamvinnu.

Ríkisborgarar eða fyrirtæki fá aðgreinda meðferð í tengslum við staðfesturétt, á grundvelli gildandi eða síðari tvíhliða samninga milli Bretlands og einhvers eftirfarandi landa eða furstadæma: Andorra, Mónakó, San Marínó og Vatíkanborgríkisins.

c) Vopn, skotfæri og hergögn

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Bestukjaraméðferð, Framkvæmdastjórn og stjórn, Frammistöðukröfur og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Staðbundin nærvera, Innlend meðferð, Bestukjaraméðferð:

Framleiðsla, dreifing á eða viðskipti með vopn, skotfæri og hergögn. Hergögn takmarkast við vörur sem einungis eru ætlaðar til og gerðar fyrir hernaðarnot í tengslum við stríðsrekstur eða varnarmál.

d) Íbúðarhúsnæði

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Innlend meðferð, Frammistöðukröfur og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Innlend meðferð:

Sérhver skattlagningarráðstöfun er varðar sölu, kaup eða framsal á íbúðarhúsnæði (þ.m.t. vextir sem verða til vegna leigu, fjármögnunar og samninga um hagnaðarhlutdeild og kaup á eignarhlutum í fyrirtækjum sem eiga íbúðarhúsnæði).

Fyrirvari nr. 2 – Sérfræðiþjónusta (lögfræðiþjónusta, endurskoðunarþjónusta)

Geiri – undirgeiri: Sérfræðiþjónusta – Lögfræðiþjónusta,
endurskoðunarþjónusta

Atvinnugreinaflokkun: Hluti af CPC 861, hluti af 87902, hluti af 862

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Framkvæmdastjórn og stjórn
Staðbundin nærvera
Innlend meðferð
Skuldbindingar varðandi lögfræðiþjónustu

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum, Þjónustuviðskipti yfir
landamæri og Reglurammi – Lögfræðiþjónusta

Lýsing:

a) Lögfræðiþjónusta

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur, Bestukjaramedferð, Framkvæmdastjórn og stjórn, Innlend meðferð og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Staðbundin nærvera, Innlend meðferð og Lögfræðiþjónusta – Skuldbindingar:

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar veitingu lögfræðiráðgjafar og útvegum lagalegra heimilda, skjala og vottunarþjónustu sem lögfræðingar, sem falin hafa verið opinber störf, s.s. lögbókendur, veita eða útvega og að því er varðar þá þjónustu sem fógetafulltrúar veita (hluti af CPC 861, hluti af 87902).

b) Endurskoðunarþjónusta (CPC 86211, 86212, önnur en reikningshalds- og bókhaldsþjónusta)

Að því er varðar þættina Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Staðbundin nærvera, Innlend meðferð:

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar veitingu endurskoðunarþjónustu yfir landamæri.

Gildandi ráðstafanir:

Bresku hlutafélagalögin (e. Companies Act 2006)

Fyrirvari nr. 3 – Sérfræðiþjónusta (heilsutengd þjónusta og smásala á lyfjum)

Geiri: Heilsutengd sérfræðiþjónusta og smásala á lyfjum, lækninga- og hjúkrunarvörum, önnur þjónusta sem lyfjafræðingar veita

Atvinnugreinaflokkun: CPC 63211, 85201, 9312, 9319, 93121

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Staðbundin nærvera
Innlend meðferð

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og Þjónustuviðskipti yfir landamæri

Lýsing:

a) Læknis- og tannlæknaþjónusta; þjónusta ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara, sálfræðinga og heilbrigðisstarfsfólks, annars en lækna (CPC 63211, 85201, 9312 og 9319)

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur:

Staðfesta lækna í opinberu heilbrigðisþjónustunni er háð áætlanagerð um læknisfræðimenntaðan mannafla (CPC 93121, 93122).

Að því er varðar þættina Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Staðbundin nærvera, Innlend meðferð:

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar veitingu á allri heilsutengdri sérfræðiþjónustu, þ.m.t. þjónustu sérfræðinga eins og lækna, tannlækna, ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara, heilbrigðisstarfsfólks annars en lækna, og sálfræðinga (hluti af CPC 85201, CPC 9312, hluti af 93191).

b) Smásala á lyfjum, lækninga- og hjúkrunarvörum, önnur þjónusta sem lyfjafræðingar veita (CPC 63211)

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Staðbundin nærvera:

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar framboð á smásölu lyfja og lækninga- og hjúkrunarvara yfir landamæri og

aðra þjónustu sem lyfjafræðingar veita. Krafist er staðfestu í Bretlandi vegna smásölu lyfja og sértækra lækningavara til almennings í Bretlandi.

Fyrirvari nr. 4 – Viðskiptaþjónusta (innheimtuþjónusta og upplýsingaþjónusta um fjárhagsstöðu)

Geiri – undirgeiri: Viðskiptaþjónusta – innheimtuþjónusta, upplýsingaþjónusta um fjárhagsstöðu

Atvinnugreinaflokkun: CPC 87901 og 87902

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Staðbundin nærvera
Innlend meðferð

Þáttur: Þjónustuviðskipti yfir landamæri

Lýsing:

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar veitingu innheimtuþjónustu og upplýsingaþjónustu um fjárhagsstöðu yfir landamæri.

Fyrirvari nr. 5 – Viðskiptaþjónusta (ráðningarþjónusta)

Geiri – undirgeiri: Viðskiptaþjónusta – ráðningarþjónusta

Atvinnugreinaflokkun: CPC 87202, 87204, 87205, 87206, 87209

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Innlend meðferð
Framkvæmdastjórn og stjórn
Staðbundin nærvera

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og Þjónustuviðskipti yfir landamæri

Lýsing:

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar eftirfarandi þætti, sem eru:

Veiting ráðningarþjónustu með því að útvega starfsfólk við húshjálp, annað verslunar- eða iðnverkafólk, hjúkrunarfólk og annað starfsfólk (CPC 87204, 87205, 87206, 87209).

Kröfur varðandi staðfestu og bann við veitingu ráðningarþjónustu yfir landamæri með því að útvega skrifstofufólk og annað launafólk.

Fyrirvari nr. 6 – Viðskiptaþjónusta (rannsóknarþjónusta)

Geiri – undirgeiri: Viðskiptaþjónusta – rannsóknarþjónusta

Atvinnugreinaflokkun: CPC 87301

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Innlend meðferð
Framkvæmdastjórn og stjórn
Frammistöðukröfur
Staðbundin nærvera

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og Þjónustuviðskipti yfir landamæri

Lýsing:

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar veitingu rannsóknarþjónustu (CPC 87301).

Fyrirvari nr. 7 – Viðskiptaþjónusta (önnur viðskiptaþjónusta)

Geiri – undirgeiri: Viðskiptaþjónusta – önnur viðskiptaþjónusta

Atvinnugreinaflokkun: CPC 86764, 86769, 8868, hluti af 8790

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Innlend meðferð
Bestukjaraméðferð
Staðbundin nærvera

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og Þjónustuviðskipti yfir landamæri

Lýsing:

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar eftirfarandi þætti, sem eru:

a) Viðhald og viðgerðir á skipum, járnbrautarflutningatækjum og loftförum og hlutum til þeirra (hluti af CPC 86764, CPC 86769, CPC 8868)

Að því er varðar þættina Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Staðbundin nærvera, Innlend meðferð:

Kröfur um staðfestu eða viðveru í Bretlandi og bann við veitingu viðhalds- og viðgerðarþjónustu yfir landamæri fyrir járnbrautarflutningatæki frá svæðum utan Bretlands.

Kröfur um staðfestu eða viðveru í Bretlandi og bann við veitingu viðhalds- og viðgerðarþjónustu yfir landamæri fyrir flutningaskip sem fara um skipgengar vatnaleiðir frá svæðum utan Bretlands.

Kröfur um staðfestu eða viðveru í Bretlandi og bann við veitingu viðhalds- og viðgerðarþjónustu yfir landamæri fyrir hafskip frá svæðum utan Bretlands.

Kröfur um staðfestu eða viðveru í Bretlandi og bann við veitingu viðhalds- og viðgerðarþjónustu yfir landamæri fyrir loftför og hluta til þeirra frá svæðum utan Bretlands (hluti af CPC 86764, CPC 86769, CPC 8868).

Einungis viðurkenndar stofnanir sem Bretland hefur veitt heimild geta framkvæmt lögboðið eftirlit og annast vottun skipa fyrir hönd Bretlands. Staðfestu kann að vera krafist.

Gildandi ráðstafanir:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit, eins og henni er viðhaldið í breskum lögum með lögnum um útgöngu úr Evrópusambandinu frá 2018 og með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerðunum um kaupskipaflutninga (viðurkenndar stofnanir) (breyting) (útganga úr ESB) frá 2019.

b) Önnur viðskiptaþjónusta sem tengist flugi

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Bestukjarameðferð og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Bestukjarameðferð:

Þriðja landi er veitt aðgreind meðferð samkvæmt gildandi eða síðari tvíhliða samningum í tengslum við eftirfarandi þjónustu:

- i. viðgerðar- og viðhaldsþjónustu vegna loftfars eða hluta þess á meðan loftfarið eða viðkomandi hluti er tekinn úr umferð, að undanskildu svonefndu línuviðhaldi,
- ii. þjónustu við tölvufarskráningarkerfi,
- iii. sérhæfða flugþjónustu,
- iv. rekstur flugvalla og
- v. sölu og markaðssetningu á flutningaþjónustu í lofti,

Fyrirvari nr. 8 – Fræðslustarfsemi

Geiri: Fræðslustarfsemi

Atvinnugreinaflokkun: CPC 92

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Staðbundin nærvera
Innlend meðferð
Framkvæmdastjórn og stjórn
Frammistöðukröfur

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og Þjónustuviðskipti yfir landamæri

Lýsing:

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar eftirfarandi þætti, sem eru:

Öll fræðslustarfsemi sem nýtur opinberrar fjármögnunar eða ríkisstuðnings á einhvern hátt og því ekki litið svo á að sé fjármögnuð af einkaaðilum. Ef erlendum einkaaðila er heimilt að fjármagna og reka fræðslustarfsemi getur rekstur einkaaðila í menntakerfinu verið háður veitingu sérleyfis sem er úthlutað án mismununar.

Rekstur fræðslustarfsemi, sem einkaaðili fjármagnar, annarrar en þeirrar sem er flokkuð sem nám á grunnskólastigi, framhaldsskólastigi, æðri menntun og fullorðinsfræðsla (CPC 929).

Fyrirvari nr. 9 – Fjármálaþjónusta

Geiri: Fjármálaþjónusta

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Innlend meðferð
Bestukjaramedferð
Staðbundin nærvera

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og Þjónustuviðskipti yfir landamæri

Lýsing:

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar eftirfarandi þætti, sem eru:

a) Öll fjármálaþjónusta

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur:

Gerð er sú krafa að fjármálaþjónustuveitandi, annar en útibú, samþykki sérstakt lögákveðið rekstrarform án mismununar þegar hann öðlast staðfestu í Bretlandi.

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Bestukjaramedferð og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Bestukjaramedferð:

Veita fjárfesti eða fjármálaþjónustuveitanda aðgreinda meðferð samkvæmt tvíhliða eða marghliða sáttmála um alþjóðlegar fjárfestingar eða öðrum viðskiptasamningi.

b) Vátryggingar og þjónusta sem tengist vátryggingum

Að því er varðar þættina Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Staðbundin nærvera:

Sala vátrygginga og veiting þjónustu sem tengist vátryggingum yfir landamæri frá einum samningsaðila til annars nema þegar um er að ræða:

i. þjónustu á sviði frumtrygginga (þ.m.t. samtrygginga) og milligöngu um frumtryggingar að því er varðar tryggingar vegna áhættu í tengslum við:

– sjóflutninga og atvinnuflug og geimskot og -farm (þ.m.t. gervitungl) en slíkar tryggingar skulu ná yfir hvaðeina af eftirfarandi: vörurnar

sem verið er að flytja, farartækið sem þær eru fluttar í og þá bótaábyrgð sem af því leiðir og

– vörur í alþjóðlegum flutningi,

ii. endurtryggingu og

iii. stoðþjónustu við váttryggingar.

c) Bankaþjónusta og önnur fjármálaþjónusta

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Staðbundin nærvera:

Einungis fyrirtæki sem eru með skrifstofu sína skráða í Bretlandi geta verið vörsluaðilar eigna fjárfestingarsjóða. Nauðsynlegt er að stofna sérhæft rekstrarfélag, sem hefur aðalskrifstofu sína og skráða skrifstofu í Bretlandi, til að sinna verkefnum við stjórnun sameignarsjóða, þ.m.t fjárhaldssjóða, og, þar sem landslög heimila, fjárfestingarfélaga.

Að því er varðar þættina Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Staðbundin nærvera:

Veiting bankaþjónustu og annarrar fjármálaþjónustu frá einum sammingsaðila til annars nema þegar um er að ræða:

i. afhendingu og yfirfærslu fjárhagsupplýsinga og fjárhagslega gagnavinnslu og tengdan hugbúnað veitenda annarrar fjármálaþjónustu,

ii. ráðgjafarþjónustu og aðra stoðþjónustu á sviði fjármála í tengslum við bankaþjónustu og aðra fjármálaþjónustu, eins og lýst er í xvi. lið í skilgreiningunni „bankaþjónusta og önnur fjármálaþjónusta (önnur en váttryggingastarfsemi)“ í gr. 3.45 (Skilgreiningar) í undirþætti 3.5.3 (Fjármálaþjónusta), en ekki milligöngu eins og lýst er í xvi. lið í skilgreiningunni og

iii. þjónustu á sviði eignasafnsstýringar sem veitandi fjármálaþjónustu á Íslandi, í Liechtenstein eða Noregi veitir fjárfestingarfélagi um sameiginlega fjárfestingu sem staðsett er í Bretlandi, eða rekstrarfélagi slíks félags.

Í iii. lið er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) fjárfestingarfélag um sameiginlega fjárfestingu:

i. sjóður um sameiginlega fjárfestingu eins og skilgreint er í þætti 235 í lögnum um fjármálaþjónustu og -markaði frá árinu 2000 (e. Financial Services and Markets Act 2000) eða

ii. sérhæfður sjóður eins og skilgreint er í 3. reglugerð í reglugerðum rekstraraðila sérhæfðra sjóða frá 2013 (e. Alternative Investment Fund Managers Regulations 2013),

b) eignasafnsstýring: stýring eignasafns á grundvelli umboðs frá einstökum viðskiptavinum þegar slík eignasöfn innihalda einn eða fleiri fjármálagerninga og

c) þjónusta á sviði eignasafnsstýringar nær ekki yfir:

i. vörsluþjónustu,

ii. þjónustu vörsluaðila eða

iii. þjónustu við framkvæmd viðskipta.

Fyrirvari nr. 10 – Heilbrigðis- og félagsþjónusta

Geiri: Heilbrigðis- og félagsþjónusta

Atvinnugreinaflokkun: CPC 931 (annað en 9312, hluti af 93191), 933

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Staðbundin nærvera
Innlend meðferð
Framkvæmdastjórn og stjórn
Frammistöðukröfur

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og þjónustuviðskipti yfir landamæri

Lýsing:

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar eftirfarandi þætti, sem eru:

a) Heilbrigðisþjónusta – þ.m.t. sjúkrahús, sjúkrabifreiðar, heilbrigðisþjónusta í heimahúsi (CPC 931, annað en 9312, hluti af 93191)

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Frammistöðukröfur, Framkvæmdastjórn og stjórn:

Veiting allrar heilbrigðisþjónustu sem nýtur opinberrar fjármögnunar eða ríkisstuðnings á einhvern hátt og því ekki talin fjármögnuð af einkaaðilum.

Öll heilbrigðisþjónusta sem einkaaðilar fjármagna, önnur en sjúkrahúsþjónusta. Þátttaka einkaaðila í heilbrigðiskerfi sem einkaaðilar fjármagna getur verið með fyrirvara um sérleyfi án mismununar. Könnun á efnahagslegum þörfum getur átt við. Helstu viðmiðanir: fjöldi fyrirliggjandi stofnana og áhrif á þær, samgöngugrunnvirki, þéttleiki byggðar, landfræðileg dreifing og sköpun nýrra starfa.

b) Heilbrigðis- og félagsþjónusta, þ.m.t. lífeyristryggingar (CPC 931 annað en 9312, hluti af 93191)

Að því er varðar þættina Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Staðbundin nærvera, Innlend meðferð:

Veiting heilbrigðis- og félagsþjónustu yfir landamæri og starfsemi eða þjónusta sem er hluti af opinberu eftirlaunakerfi eða lögboðnu kerfi almannatrygginga.

Fyrirvarar a) og b) tengjast ekki veitingu neins konar heilsutengdrar sérfræðiþjónustu, þ.m.t. þjónusta sem fagaðilar, s.s. læknar, tannlæknar, ljósmæður, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfarar, bráðataeknar og sálfræðingar, veita sem fellur undir aðra fyrirvara.

c) Félagsþjónusta, þ.m.t lífeyristryggingar

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Framkvæmdastjórn og stjórn, Frammistöðukröfur:

Veiting allrar félagsþjónustu sem nýtur opinberrar fjármögnunar eða ríkisstuðnings á einhvern hátt og því ekki talin fjármögnuð af einkaaðilum og starfsemi eða þjónustu sem er hluti af opinberu eftirlaunakerfi eða lögboðnu kerfi almannatrygginga.

Veiting félagsþjónustu, sem einkaaðilar fjármagna, annarrar en þjónustu sem tengist hressingarhælum og hvíldarheimilum og elliheimilum.

Þátttaka einkaaðila í félagslegu kerfi sem einkaaðilar fjármagna getur verið með fyrirvara um sérleyfi án mismununar. Könnun á efnahagslegum þörfum getur átt við. Helstu viðmiðanir: fjöldi fyrirbyggjandi stofnana og áhrif á þær, samgöngugrunnvirki, þéttleiki byggðar, landfræðileg dreifing og sköpun nýrra starfa.

Fyrirvari nr. 11 – Þjónusta tengd tómskundastarfi, menningariðju og íþróttastarfi

Geiri: Þjónusta tengd tómskundastarfi, menningariðju og íþróttastarfi

Atvinnugreinaflokkun: CPC 963, 9619, 964

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Staðbundin nærvera
Innlend meðferð
Framkvæmdastjórn og stjórn
Frammistöðukröfur

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og Þjónustuviðskipti yfir landamæri

Lýsing:

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar eftirfarandi þætti, sem eru:

a) Bókasöfn, skjalasöfn, listasöfn og önnur þjónusta á sviði menningar (CPC 963)

Þjónusta bókasafna, skjalasafna, listasafna og annarrar menningarstarfsemi.

b) Þjónusta á sviði skemmtanaiðnaðar, leikhúsa, hljómsveita og fjölleikahúsa (CPC 9619, 964 annað en 96492)

Þjónusta á sviði skemmtanaiðnaðar, þ.m.t. leikhús, hljómsveitir, fjölleikahús og diskótek.

c) Þjónusta sem tengist fjárhættustarfsemi og veðmálastarfsemi (CPC 96492)

Framboð veðmálastarfsemi sem í felst að veðja fjármunum í áhættuspilum, þ.m.t. einkum happdrætti, skafmiðar, þjónusta tengdri fjárhættustarfsemi sem boðin er í spilavítum, spilasölum eða aðstöðu með vínveitingaleyfi, þjónusta tengd veðmálastarfsemi, bingó og þjónusta tengd fjárhættustarfsemi sem rekin er af góðgerðarfélögum og í þeirra þágu, eða stofnunum sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni.

Fyrirvari nr. 12 – Flutningaþjónusta og stoðþjónusta í tengslum við flutninga

Geiri: Flutningaþjónusta

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Staðbundin nærvera
Innlend meðferð
Bestukjarameðferð
Frammistöðukröfur
Framkvæmdastjórn og stjórn

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og þjónustuviðskipti yfir landamæri

Lýsing:

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar eftirfarandi þætti, sem eru:

a) Flutningar á sjó – hvers konar önnur viðskiptastarfsemi sem stunduð er frá skipi

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Framkvæmdastjórn og stjórn, Bestukjarameðferð, Frammistöðukröfur og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Staðbundin nærvera, Innlend meðferð, Bestukjarameðferð:

Veiting þjónustu við gestaflutninga á sjó.

Eftirfarandi fellur undir gestaflutninga á sjó:

- i. farþega- eða vöruflutningar milli hafnar eða staðar í Bretlandi og annarrar hafnar eða staðar í Bretlandi, þ.m.t. á landgrunni þess eins og kveðið er á um í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna, og
- ii. flutningar sem hefjast og enda í sömu höfn eða á sama stað í Bretlandi.

Til að taka af vafa gildir þessi fyrirvari um tengda umferð sem styður við starfsemi á hafi úti. Þessi fyrirvari gildir ekki um tengiflutninga eða um breytingar á staðsetningu á tómun eignar- eða leigugámum sem ekki er verið að flytja sem farm gegn greiðslu.

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Framkvæmdastjórn og stjórn, Frammistöðukröfur og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Staðbundin nærvera, Innlend meðferð:

Ríkisfang áhafnar á hafskipi eða skipi sem er ekki ætlað til hafsíglinga sem siglir:

- i. undir fána Bretlands eða
- ii. undir fána hvaða annars lands sem er, ef það skip stundar sjóflutningaþjónustu:
 - milli staða í Bretlandi eða milli Bretlands og fógetaumdæmisins Guernsey, fógetaumdæmisins Jersey eða Manar eða
 - á leið sem hefst og endar á sama stað í Bretlandi og skipið hefur hvergi viðkomu utan Bretlands á þeirri leið.

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Bestukjaraméðferð, Framkvæmdastjórn og stjórn:

Til þess að skrá skip og gera út flota undir fána Bretlands (öll viðskiptastarfsemi á hafi úti sem stunduð er frá hafskipi, þ.m.t. fiskveiðar, lagareldi og þjónusta tengd fiskveiðum, alþjóðlegir farþega- og vöruflutningar (CPC 721) og stoðþjónusta við sjóflutninga). Þessi fyrirvari gildir ekki um lögaðila sem stofnaðir eru í Bretlandi og hafa virk og varanleg tengsl við efnahag landsins.

b) Stoðþjónusta við sjóflutninga

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Framkvæmdastjórn og stjórn og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Staðbundin nærvera, Innlend meðferð

Veiting hafnsöguþjónustu og þjónustu við komu skips í höfn. Til að taka af vafa áskilur Bretland sér rétt til að krefjast þess að einungis skip sem skráð eru í landsbundna skrá Bretlands hafi heimild til að veita hafnsöguþjónustu og þjónustu við komu skips í höfn (CPC 7452), óháð þeim skilyrðum sem kunna að gilda um skráningu skipa í Bretlandi.

c) Flutningar á skipgengum vatnaleiðum og stoðþjónusta við flutninga á skipgengum vatnaleiðum

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Bestukjaraméðferð, Framkvæmdastjórn og stjórn, Frammistöðukröfur og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Staðbundin nærvera, Bestukjaraméðferð:

Farþega- og vöruflutningar á skipgengum vatnaleiðum (CPC 722) og stoðþjónusta við flutninga á skipgengum vatnaleiðum.

Til að taka af vafa gildir þessi fyrirvari einnig um veitingu flutningaþjónustu á skipgengum vatnaleiðum innan sama lands (CPC 722).

Til að taka af vafa gildir þessi fyrirvari ekki um þann hluta ferðar hafskips sem liggur um skipgengar vatnaleiðir þegar sú ferð er farin í þeim tilgangi að veita alþjóðlega sjóflutningaþjónustu.

d) Flutningar með járnbrautum og stoðþjónusta við flutninga með járnbrautum

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Staðbundin nærvera, Innlend meðferð:

Farþega- og vöruflutningar með járnbrautum (CPC 711).

e) Flutningar á vegum (farþegaflutningar, vöruflutningar, alþjóðleg flutningaþjónusta með vörubifreiðum) og stoðþjónusta við flutninga á vegum

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Framkvæmdastjórn og stjórn og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Staðbundin nærvera, Innlend meðferð

- i. krafa um staðfestu og takmörkun á veitingu flutningaþjónustu á vegum yfir landamæri (CPC 712),
- ii. könnun á efnahagslegum þörfum getur gilt um akstur leigubíla í Bretlandi sem setur takmarkanir á fjölda þjónustuveitenda. Helsta viðmiðun: Staðbundin eftirspurn eins og kveðið er á um í gildandi lögum (CPC 71221).

Gildandi ráðstafanir:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB, eins og henni er viðhaldið í breskum lögum með lögnum um útgöngu úr Evrópusambandinu frá 2018, og með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerðum um leyfisveitingar vegna flutningsaðila og farmflutninga á vegum milli landa (breytingar o.s.frv.) (útganga úr ESB) frá 2019,

reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa, eins og henni er viðhaldið í breskum lögum með lögnum um útgöngu úr Evrópusambandinu frá 2018, og með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerðum um leyfisveitingar vegna flutningsaðila og farmflutninga á vegum milli landa (breytingar o.s.frv.) (útganga úr ESB) frá 2019 og

reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópþjónu milli landa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 561/2006, eins og henni er viðhaldið í breskum lögum með lögnum um útgöngu úr Evrópusambandinu frá 2018, og með áorðnum breytingum samkvæmt sameiginlegu reglunum um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópþjónu milli landa (breytingar o.s.frv.) (útganga úr ESB) frá 2019.

f) Geimferðir og leiga á geimfari

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Frammistöðukröfur, Framkvæmdastjórn og stjórn og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Staðbundin nærvera, Innlend meðferð:

Flutningaþjónusta um geiminn og leiga á geimfari (CPC 733, hluti 734).

g) Bestukjarameðferð, undanþágur

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Bestukjarameðferð og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Bestukjarameðferð:

i. Flutningar á vegum og járnbrautarflutningar

Til að veita landi aðgreinda meðferð samkvæmt gildandi eða síðari tvíhliða samningum, sem varða farmflutninga á vegum milli landa (þ.m.t. samsettir flutningar á vegum eða með járnbrautum) og farþegaflutninga, sem gerðir hafa verið milli Bretlands og þriðja lands (CPC 7111,7112,7121, 7122, 7123). Í þeirri meðferð getur falist:

- frestun eða takmörkun á veitingu viðkomandi flutningaþjónustu milli samningsaðilanna eða um yferráðasvæði samningsaðilanna við farartæki sem skráð eru hjá hvorum samningsaðila fyrir sig eða
- ákvæði um skattaundanþágur fyrir slík farartæki.

ii. Flutningar í lofti – Stoðþjónusta við flutninga í lofti

Að veita þriðja landi aðgreinda meðferð samkvæmt gildandi eða síðari tvíhliða samningum sem varða flugafgreiðslu.

Fyrirvari nr. 13 – Fiskveiðar og vatn

Geiri: Fiskveiðar, lagareldi, þjónusta tengd fiskveiðum; söfnun, hreinsun og dreifing vatns

Atvinnugreinaflokkun: Atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna (ISIC), endurskoðun 3.1 0501, 0502, CPC 882, atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna (ISIC), endursk. 3.1 41.

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Staðbundin nærvera
Innlend meðferð
Bestukjaraméðferð
Frammistöðukröfur
Framkvæmdastjórn og stjórn

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og þjónustuviðskipti yfir landamæri

Lýsing:

a) Fiskveiðar, lagareldi og þjónusta sem tengist fiskveiðum (atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna (ISIC), endursk. 3.1 0501, 0502, CPC 882)

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Framkvæmdastjórn og stjórn, Frammistöðukröfur, Bestukjaraméðferð og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Staðbundin nærvera, Bestukjaraméðferð:

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun, einkum innan ramma fiskveiðistefnu Bretlands og fiskveiðisamninga við þriðja land, er varðar aðgang að og notkun á líffræðilegum auðlindum og fiskimiðum á hafsvæðum sem falla undir fullveldi eða lögsögu Bretlands.

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun: i. þess efnis að fiskveiðar fiskiskipa sem sigla undir fána þess verði að hafa efnahagsleg tengsl (að því marki og samkvæmt þeim skilmálum sem tilgreindir eru í ráðstöfuninni) við Bretland og ii. er varðar hæfi fiskiskips til að nýta veiðiheimildir Bretlands, með tilvísun til ríkisfangs eiganda eða eigenda skipa eða þess hvar fyrirtæki er stofnsett.

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun:

- (i) sem felst í því að setja reglur um löndun afla, sem veiddur er innan veiðiheimilda sem úthlutað er til skipa frá EFTA-ríki innan EES eða frá tilteknu þriðja landi, í höfnum í Bretlandi,
- (ii) sem felst í því að ákvarða lágmarksstærð fyrirtækis í því skyni að standa vörð um veiðar óvélvæddra skipa og strandveiðiskipa,
- (iii) sem felst í því að veita aðgreinda meðferð samkvæmt gildandi eða síðari alþjóðasamningum í tengslum við fiskveiðar,
- (iv) er varðar ríkisfang áhafnar á fiskiskipi sem siglir undir fána Bretlands,
- (v) er varðar það að koma á fót aðstöðu fyrir lagareldi á sjó eða í vatni.

b) Söfnun, hreinsun og dreifing á vatni

Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur, Innlend meðferð, Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur, Staðbundin nærvera, Innlend meðferð:

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar starfsemi sem felur m.a. í sér þjónustu í tengslum við söfnun, hreinsun og dreifingu vatns til heimila, iðnaðar, verslunar eða annarra notenda, þ.m.t. afhending og vatnsstjórnun.

Fyrirvari nr. 14 – Orkutengd starfsemi

- Geiri:** Framleiðsla orku og tengd þjónusta
- Atvinnugreinaflokkun:** Atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna (ISIC), endursk. 3.1 401, 402, CPC 7131, CPC 887 (annað en ráðgjafarþjónusta).
- Tegund fyrirvara:** Markaðsaðgangur
Staðbundin nærvera
Innlend meðferð
Frammistöðukröfur
Framkvæmdastjórn og stjórn
- Þáttur:** Aukið frelsi í fjárfestingum og Þjónustuviðskipti yfir landamæri

Lýsing:

Þegar Bretland heimilar erlent eignarhald á flutningskerfi fyrir gas eða raforku eða flutningskerfi fyrir olíu- og gasleiðslur áskilur það sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar þau fyrirtæki EFTA-ríkjanna innan EES sem eru undir stjórn einstaklinga eða fyrirtækja í þriðja landi sem flytur inn meira en 5% allrar olíu, gass eða raforku til Bretlands, í því skyni að tryggja öryggi orkuframboðs í Bretlandi. Þessi fyrirvari gildir ekki um ráðgjafarþjónustu sem veitt er sem þjónusta tengd orkudreifingu.

Fyrirvari nr. 15 – Önnur þjónusta ót.a.

Geiri: Önnur þjónusta ót.a.

Tegund fyrirvara: Markaðsaðgangur
Staðbundin nærvera
Innlend meðferð
Frammistöðukröfur
Framkvæmdastjórn og stjórn

Þáttur: Aukið frelsi í fjárfestingum og Þjónustuviðskipti yfir landamæri

Lýsing:

Bretland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar veitingu nýrrar þjónustu, annarrar en þjónustu sem flokkast í CPC.

Skrá Íslands

Listi yfir fyrirvara:

Fyrirvari nr. 1 – Allir geirar

Fyrirvari nr. 2 – Vatn

Fyrirvari nr. 3 – Viðskiptaþjónusta (Sérfræðiþjónusta)

Fyrirvari nr. 4 – Önnur viðskiptaþjónusta

Fyrirvari nr. 5 – Fjarskiptaþjónusta

Fyrirvari nr. 6 – Dreifingarþjónusta

Fyrirvari nr. 7 – Framleiðsla, vöktun, flutningur, viðskipti með og sala á raforku

Fyrirvari nr. 8 – Fræðslustarfsemi

Fyrirvari nr. 9 – Þjónusta á sviði umhverfismála

Fyrirvari nr. 10 – Fjármálaþjónusta

Fyrirvari nr. 11 – Heilsutengd þjónusta og félagsþjónusta

Fyrirvari nr. 12 – Þjónusta tengd tómstundastarfi, menningariðju og íþróttastarfi

Fyrirvari nr. 13 – Flutningaþjónusta (sjóflutningaþjónusta, vöru- og farþegaflutningar)

Fyrirvari nr. 14 – Flutningaþjónusta (flutningaþjónusta á skipgengum vatnaleiðum, þjónusta í geimnum, flutningaþjónusta á járnbrautum)

Fyrirvari nr. 15 – Ný þjónusta

1.	
Geiri:	Allir geirar
Tegund fyrirvara:	gr. 3.6 (Markaðsaðgangur) gr. 3.7 (Innlend meðferð) gr. 3.8 (Bestukjaraméðferð) gr. 3.10 (Frammistöðukröfur) gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) gr. 3.16 (Innlend meðferð) gr. 3.17 (Bestukjaraméðferð)
Lýsing:	<p>a) Almannaþjónusta</p> <p>Að því er varðar þættina Aukið frelsi í fjárfestingum – Markaðsaðgangur, Frammistöðukröfur og Þjónustuviðskipti yfir landamæri – Markaðsaðgangur áskilur Ísland sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun sem varðar almannaþjónustu og opinbera þjónustu að því marki sem þeim er komið á fót eða er viðhaldið í almannaþágu, s.s. félagsþjónustu, vísindi og rannsóknir, almenn menntun, dagvistun barna, félagslegt leiguhúsnæði og almenningssamgöngur.</p> <p>b) Bestukjaraméðferð fyrir viðskiptasamninga sem eru að miklu leyti samþættir</p> <p>Ísland áskilur sér rétt til að veita samningsaðilum að EES-samningnum, samningsaðilum að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum aðgreinda meðferð.</p>

Ísland áskilur sér rétt til að veita landi aðgreinda meðferð samkvæmt hvers konar gildandi eða síðari tvíhliða eða marghliða samningi sem:

- i. skapar innri markað á sviði þjónustu og fjárfestinga,
- ii. veitir staðfesturétt eða
- iii. krefst samræmingar á löggjöf í einni eða fleiri atvinnugreinum.

Með innri markaði á sviði þjónustu og fjárfestinga er átt við svæði án innri landamæra þar sem frjáls þjónustustarfsemi, frjálsir fjármagnsflutningar og frjáls för fólks eru tryggð.

Með staðfesturétti er átt við skuldbindingu um að afnema efnislega allar hindranir í vegi staðfestu hjá aðilum að samningi um svæðisbundna efnahagssamvinnu eigi síðar en við gildistöku þess samnings. Staðfesturéttur skal fela í sér rétt ríkisborgara aðilanna að samningi um svæðisbundna efnahagssamvinnu til að koma á fót og reka fyrirtæki með sömu skilyrðum og eiga við um ríkisborgara samkvæmt lögum þess lands þar sem fyrirtækið öðlast staðfestu.

Með samræmingu löggjafar er átt við:

- i. samhæfingu löggjafar eins eða fleiri aðila að samningi um svæðisbundna efnahagssamvinnu og löggjafar hins aðilans, eða aðilanna, að þeim samningi eða
- ii. lögfestingu sameiginlegrar löggjafar aðila að samningi um svæðisbundna efnahagssamvinnu.

Slík samhæfing eða lögfesting skal fara fram og litið skal svo á að hún hafi farið fram því aðeins að hún hafi verið leidd í lög aðilans eða aðilanna að samningi um svæðisbundna efnahagssamvinnu.

c) Bestukjaraméðferð fyrir norræna samvinnu

Íslandi er ekki skylt að láta veittar ívilnanir taka til aðildarríkja norrænu ráðherranefndarinnar.

Ísland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfunum sem eru hluti af norrænni

	<p> samvinnu og sem miða að því að efla þá samvinnu, eins og: <ul style="list-style-type: none"> – ábyrgðir og lán til fjárfestingarverkefna og útflutnings (Norræni fjárfestingarbankinn), – fjárstuðningur við verkefni á sviði rannsókna og þróunar (Norræni iðnaðarsjóðurinn) – fjármögnun hagkvæmniathugana fyrir verkefni á alþjóðavettvangi (Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn) og – fjárhagsaðstoð til fyrirtækja sem nota umhverfistækni (Norræna fjármögnunarfélagið á sviði umhverfisverndar) <p style="text-align: center;">d) Þjónusta á sviði menningar</p> <p> Ísland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun sem er sérstaklega til þess ætluð að standa vörð um og efla margbreytileika menningar og tungumála, menningarfjölmíðla (að undanskilinni fréttastofuþjónustu), sem og réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt alþjóðasamningum og innlendum lögum og ráðstöfunum í tengslum við höfundarrétt og skyld réttindi. </p> <p style="text-align: center;">e) Viðskiptanærvera og fjárfestingar</p> <p> Ísland áskilur sér rétt til að samþykkja, viðhalda eða breyta hvers konar ráðstöfun í þeim tilteknu geirum, undirgeirum eða starfsemi sem tengist stofnun lögaðila, annarra en opinbers hlutafélags, félags í einkaeigu með takmarkaðri ábyrgð og sjóðs. </p> <p> Ísland áskilur sér rétt til að veita ekki öðrum aðila ávinning af meðferð eða ívilnanir sem bjóðast með hvers konar samningi sem varðar fjárfestingar samkvæmt þessum gildandi samningi, eða sem hefur verið undirritaður fyrir gildistöku þessa samnings. </p> <p> Ísland áskilur sér rétt til að samþykkja, viðhalda eða breyta hvers konar ráðstöfun í tengslum við: <ul style="list-style-type: none"> - fiskveiðar eða fiskvinnslu, - orkunýtingarréttindi, þ.m.t. framleiðsla og dreifing, - fjárfestingar erlends ríkis eða fyrirtækja í eigu eða undir stjórn erlends ríkis og - kaup og langtímanotkun fasteigna. Einnig geta takmarkanir gilt ef óvenjuleg réttindi </p> </p>
--	---

	<p>tengjast henni, s.s. nýtingarréttur í tengslum við fossa og jarðvarmaorku.</p> <p>Erlendar fjárfestingar, þ.m.t. erlend þátttaka í íslenskum fyrirtækjum, geta verið háðar kröfu um fyrirframtilkynningu eða skoðun viðeigandi íslenskra yfirvalda.</p> <p>f) Félagsþjónusta</p> <p>Ísland áskilur sér rétt til að samþykkja, viðhalda eða breyta hvers konar ráðstöfun er varðar almannatryggingar, lífeyri, endurhæfingarbætur eða svipaðar bætur.</p> <p>g) Erfðabreyttar lífverur og geislavirk efni</p> <p>Ísland áskilur sér rétt til að samþykkja, viðhalda eða breyta hvers konar ráðstöfun í tengslum við starfsemi sem getur tekið til geislavirkra efna og starfsemi sem tekur til erfðabreyttra lífvera.</p>
--	---

2.	
Geiri:	Vatn
Undirgeiri:	
Atvinnugreinaflokkun:	Á ekki við
Tegund fyrirvara:	gr. 3.6 (Markaðsaðgangur) gr. 3.7 (Innlend meðferð) gr. 3.9 (Framkvæmdastjórn og stjórn) gr. 3.10 (Frammistöðukröfur) gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) gr. 3.16 (Innlend meðferð)
Lýsing:	<p>Ísland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar vatn, þ.m.t. skiptingu, söfnun, meðferð/hreinsun og dreifingu vatns til heimila, iðnaðar, verslunar eða annarra notenda, þ.m.t. neysluvatnsþjónusta og vatnsstjórnun.</p> <p>Íslandi, sveitarfélögum þess og fyrirtækjum sem eru alfarið í eigu þeirra er óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti eignarrétt á vatni sem hefur að geyma virkjanlegt afl umfram 10 MW.</p>

3.	
Geiri:	Viðskiptaþjónusta – Sérfræðiþjónusta
Undirgeiri:	Lögfræðiþjónusta
Atvinnugreinaflokkun:	CPC 861
Tegund fyrirvara:	gr. 3.6 (Markaðsaðgangur) gr. 3.7 (Innlend meðferð) gr. 3.9 (Framkvæmdastjórn og stjórn) gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) gr. 3.16 (Innlend meðferð)
Ráðstafanir:	
Lýsing:	Ísland áskilur sér rétt til að samþykkja, viðhalda eða breyta hvers konar ráðstöfun er varðar lögfræðiþjónustu í tengslum við innlend lög, aðra en ráðgjafarþjónustu.

4.	
Geiri:	Önnur viðskiptaþjónusta
Undirgeiri:	Fiskveiðar og lagareldi Þjónusta tengd fiskveiðum, námugreftri og orkudreifingu Ráðningarþjónusta og útvegum starfsfólks Rannsóknar- og öryggisþjónusta Útfararþjónusta, líkbrennsla og þjónusta útfararstjóra
Atvinnugreinaflokkun:	CPC 882, atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna (ISIC), endursk. 0501 og atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna (ISIC), endursk. 0502. CPC 872 CPC 873 CPC 973
Tegund fyrirvara:	gr. 3.6 (Markaðsaðgangur) gr. 3.7 (Innlend meðferð) gr. 3.8 (Bestukjaraméðferð) gr. 3.9 (Framkvæmdastjórn og stjórn) gr. 3.10 (Frammistöðukröfur) gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) gr. 3.16 (Innlend meðferð) gr. 3.17 (Bestukjaraméðferð)
Lýsing:	a) Fiskveiðar og lagareldi Ísland áskilur sér rétt til að samþykkja, viðhalda eða breyta hvers konar ráðstöfun í tengslum við

	<p>vinnslu, undirbúning, pökkun, umskipun, uppboð og beina sölu á fiski og sjávarafurðum.</p> <p>b) Þjónusta tengd fiskveiðum, námugreftri og orkudreifingu</p> <p>Ísland áskilur sér rétt til að samþykkja, viðhalda eða breyta hvers konar ráðstöfun í tengslum við þjónustu tengda fiskveiðum, námugreftri og orkudreifingu.</p> <p>c) Rannsóknar- og öryggisþjónusta</p> <p>Ísland áskilur sér rétt til að samþykkja, viðhalda eða breyta hvers konar ráðstöfun í tengslum við rannsóknar- og öryggisþjónustu.</p> <p>d) Útfararþjónusta, líkbrennsla og þjónusta útfararstjóra</p> <p>Ísland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun í tengslum við þjónustu sem félagasamtök veita og ráðstöfunum í tengslum við útfararþjónustu, líkbrennslu og þjónustu útfararstjóra.</p>
--	--

5.	
Geiri:	Fjarskiptaþjónusta
Undirgeiri:	Póstþjónusta
Atvinnugreinaflokkun:	CPC 7511
Tegund fyrirvara:	gr. 3.6 (Markaðsaðgangur) gr. 3.7 (Innlend meðferð) gr. 3.10 (Frammistöðukröfur) gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) gr. 3.16 (Innlend meðferð)
Lýsing:	Ísland áskilur sér rétt til að samþykkja, viðhalda eða breyta hvers konar ráðstöfun í tengslum við pósthjónustu.

6.	
Geiri:	Dreifingarþjónusta
Undirgeiri:	Þjónusta tengd vopnum og sprengiefnum, lyfjum, áfengi og tóbaksvörum
Atvinnugreinaflokkun:	CPC 621, CPC 622, CPC 631, CPC 632
Tegund fyrirvara:	gr. 3.6 (Markaðsaðgangur) gr. 3.7 (Innlend meðferð) gr. 3.8 (Bestukjarameðferð) gr. 3.10 (Frammistöðukröfur) gr. 3.14 (Markaðsaðgangur) gr. 3.15 (Staðbundin nærvera) gr. 3.16 (Innlend meðferð) gr. 3.17 (Bestukjarameðferð)
Lýsing:	<p>Ísland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun í tengslum við framleiðslu, innflutning, útflutning, eftirlit, umboðsaðila, dreifingu, markaðssetningu á heildsölu- og smásölupjónustu fyrir vopn og sprengiefni, tóbaks- og nikótínvörur og tilheyrandi búnað og áfenga drykki.</p> <p>Ísland áskilur sér rétt til að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun er varðar þjónustu umboðsaðila, markaðssetningu og smásöludreifingu lyfja.</p>

7.	
Geiri:	Framleiðsla, vöktun, flutningur, viðskipti með og sala á raforku
Undirgeiri:	
Atvinnugreinaflokkun:	Atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna (ISIC), endursk. 3.1 401
Þjónusta á sviði markaðsrannsóknna og skoðanakannana (CPC 864)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Engir.</p>
Þjónusta á sviði rekstrarráðgjafar (CPC 865)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Engir.</p>
Þjónusta tengd rekstrarráðgjöf (CPC 866)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Engir.</p>
Tæknilegar prófanir og greiningarþjónusta (CPC 8676)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Óbundið.</p>

Geiri eða undirgeiri	Lýsing á fyrirvörum
Tengd vísindaleg og tæknileg ráðgjafarþjónusta (CPC 8675)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Óbundið.</p>
Námugróftur (CPC 883, ráðgjafarþjónusta eingöngu)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Engir.</p>
Viðhald og viðgerðir skipa (hluti af CPC 8868)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Óbundið.</p>
Viðhald og viðgerðir á búnaði til járnbrautarflutninga (hluti af CPC 8868)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Óbundið.</p>

Geiri eða undirgeiri	Lýsing á fyrirvörum
Viðhald og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum, bifhjólum, vélsleðum og tækjum til flutninga á vegum (CPC 6112, 6122, hluti af 8867 og hluti af 8868)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Óbundið.</p>
Viðhald og viðgerðir loftfara og hluta þeirra (hluti af CPC 8868)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Óbundið.</p>
Viðhald og viðgerðir á málmvörum, vélbúnaði (ekki fyrir skrifstofur), tækjum (ekki til flutninga eða fyrir skrifstofur) og vörum til einka- og heimilisnota ⁶ (CPC 633, 7545, 8861, 8862, 8864, 8865 og 8866)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Óbundið.</p>
Þýðinga- og túlkajónusta (CPC 87905, að undanskilinni opinberri eða vottaðri starfsemi)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Engir.</p>

⁶ Viðhalds- og viðgerðarþjónusta á skrifstofuvélum og -búnaði, þ.m.t. tölvur (CPC 845) fellur undir tölvuþjónustu.

Geiri eða undirgeiri	Lýsing á fyrirvörum
Fjarskiptaþjónusta (CPC 7544, ráðgjafarþjónusta eingöngu)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Engir.</p>
Póst- og hraðsendingarþjónusta (CPC 751, ráðgjafarþjónusta eingöngu)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Engir.</p>
Rannsóknarvinna á byggingarsvæðum (CPC 5111)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Óbundið.</p>
Umhverfisþjónusta (CPC 9401, 9402, 9403, 9404, hluti af 94060, 9405, hluti af 9406 og 9409)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Óbundið.</p>

Geiri eða undirgeiri	Lýsing á fyrirvörum
Vátryggingar og þjónusta tengd vátryggingum (ráðgjafarþjónusta eingöngu)	Samningsbundnir þjónustuveitendur: Engir. Sjálfstætt starfandi fagaðilar: Engir.
Önnur fjármálaþjónusta (ráðgjafarþjónusta eingöngu)	Samningsbundnir þjónustuveitendur: Engir. Sjálfstætt starfandi fagaðilar: Engir.
Flutningar (CPC 71, 72, 73 og 74, ráðgjafarþjónusta eingöngu)	Samningsbundnir þjónustuveitendur: Engir. Sjálfstætt starfandi fagaðilar: Engir.
Þjónusta ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda (þ.m.t. fararstjóra ⁷) (CPC 7471)	Samningsbundnir þjónustuveitendur: Engir. Sjálfstætt starfandi fagaðilar: Óbundið.

⁷ Þjónustuveitendur sem hafa þann starfa að fylgja hópi ferðamanna, sem telur a.m.k. 10 einstaklinga, án þess að starfa sem leiðsögumenn á ákveðnum stöðum.

Geiri eða undirgeiri	Lýsing á fyrirvörum
Þjónusta leiðsögumanna (CPC 7472)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Óbundið.</p>
Framleiðsla (CPC 884 og 885, ráðgjafarþjónusta eingöngu)	<p>Samningsbundnir þjónustuveitendur:</p> <p>Engir.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fagaðilar:</p> <p>Engir.</p>

SKRÁ ÍSLANDS, LIECHTENSTEIN OG NOREGS

1. Ísland, Liechtenstein og Noregur skulu heimila samningsbundnum þjónustuveitendum eða sjálfstætt starfandi fagaðilum frá Bretlandi að veita þjónustu á yfirráðasvæðum þeirra með nærveru einstaklinga í samræmi við gr. 3.26 (Samningsbundnir þjónustuveitendur og sjálfstætt starfandi fagaðilar) í þætti 3.4 (Koma og tímabundin dvöl einstaklinga) í 3. kafla (Þjónusta og fjárfestingar) að því er varðar þá geira sem taldir eru upp í þessari skrá.
2. Til viðbótar við listann yfir fyrirvara í þessari skrá er Íslandi, Liechtenstein og Noregi heimilt að samþykkja eða viðhalda hvers konar ráðstöfun sem varðar kröfur um menntun og hæfi, málsmeðferðarreglur vegna menntunar og hæfis, tækniáðla, kröfur vegna leyfisveitinga eða málsmeðferðarreglur vegna leyfisveitinga sem ekki fela í sér takmörkun í skilningi gr. 3.26 (Samningsbundnir þjónustuveitendur og sjálfstætt starfandi fagaðilar) í þætti 3.4 (Koma og tímabundin dvöl einstaklinga) í 3. kafla (Þjónusta og fjárfestingar). Þessar ráðstafanir, sem fela í sér kröfur til aðila um að afla sér leyfis, að fá viðurkenningu á menntun og hæfi í lögvernduðum geirum eða að standast sérstök próf, s.s. tungumálapróf, gilda í öllum tilvikum um samningsbundna þjónustuveitendur eða sjálfstætt starfandi fagaðila frá Bretlandi, jafnvel þótt þær séu ekki taldar upp í þessari skrá.
3. Skuldbindingar vegna samningsbundinna þjónustuveitenda og sjálfstætt starfandi fagaðila gilda ekki í tilvikum þar sem markmið eða áhrif komu og tímabundinnar dvalar er að hafa afskipti af eða á annan hátt áhrif á niðurstöðu vinnudeilna eða kjaraviðræðna aðila vinnumarkaðarins eða á atvinnu einstaklings sem er aðili að slíkri deilu.
4. Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í listanum hér á eftir:

[Skammstöfunin á ekki við í íslensku útgáfunni] – Samningsbundnir þjónustuveitendur

[Skammstöfunin á ekki við í íslensku útgáfunni] – Sjálfstætt starfandi fagaðilar

Samningsbundnir þjónustuveitendur

5. Með fyrirvara um skilyrðin í 6. lið þessarar skrár skuldbinda Ísland, Liechtenstein og Noregur sig í samræmi við gr. 3.26 (Samningsbundnir þjónustuveitendur og sjálfstætt starfandi fagaðilar) í þætti 3.4 (Koma og tímabundin dvöl einstaklinga) í 3. kafla (Þjónusta og fjárfestingar) að því er varðar flokkinn samningsbundnir þjónustuveitendur í öllum þjónustugeirum.
6. Samningsbundnir þjónustuveitendur skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

(a) Að því er varðar Ísland:

Dvalar- og atvinnuleysis er krafist. Leyfð lengd dvalar er allt að sex mánuðir. Engrar könnunar á efnahagslegum þörfum er krafist.

Einstaklingurinn sem veitir þjónustuna fyrir hönd þjónustuveitandans verður að búa yfir sérhæfðri færni eða menntun og hæfi sem hefur beina þýðingu fyrir þá þjónustustarfsemi sem nauðsynleg er til að standa við samninginn.

Einstaklingurinn fær ekki aðra þóknun fyrir að veita þjónustuna á Íslandi en þá sem fyrirtækið, sem hefur einstaklinginn í vinnu, greiðir. Skuldbindingin varðar aðeins þá þjónustustarfsemi sem samningurinn tekur til. Hún veitir einstaklingnum ekki rétt til að stunda starfsgreinina sem slíka.

Allar aðrar kröfur varðandi komu, dvöl, laun, vinnuskilyrði og almannatryggingabætur skulu gilda áfram.

(b) Að því er varðar Liechtenstein:

Einstaklingurinn fær ekki aðra þóknun fyrir að veita þjónustuna í Liechtenstein en þá sem fyrirtækið, sem hefur einstaklinginn í vinnu, greiðir.

Lögbær yfirvöld í Liechtenstein geta viðurkennt nauðsynlegt jafngildi menntunar og hæfis og leyfis frá Bretlandi með fyrirvara um gagnkvæmni. Aðgangurinn sem veittur er varðar aðeins þá þjónustustarfsemi sem samningurinn tekur til og veitir ekki rétt til að nota liechtensteinska starfsheitið.

Veiting þjónustu yfir landamæri er háð tilkynningu. Leggja verður tilkynninguna fram hjá Fólksflutninga- og vegabréfaskrifstofunni eigi síðar en tveimur virkum dögum áður en þjónustan er veitt. Þessi krafa kemur til viðbótar þörfinni fyrir leyfi til að stunda atvinnustarfsemi í Liechtenstein sem lögbær yfirvöld veita. Til að tryggja að farið sé að öllum kröfum varðandi atvinnu- og almannatryggingaráðstafanir þarf vinnuveitandi samningsbundins þjónustuveitanda að tilkynna lögbæru yfirvaldi um veitingu þjónustu eigi síðar en níu virkum dögum áður en hún er veitt, í samræmi við lög um útsenda starfsmenn.

Atvinnu- og almannatryggingaráðstafanir, sem um getur í gr. 3.19 (Almenn ákvæði og gildissvið) í þætti 3.4 (Koma og tímabundin dvöl einstaklinga) í 3. kafla (Þjónusta og fjárfestingar), merkir ráðstafanir sem eru ríkjandi í þeim geira og á þeim stað þar sem starfsemin fer fram í Liechtenstein, sem kveðið er á um í lögum þess og kjarasamningum (að því er varðar launagreiðslur, vinnustundir o.s.frv.).

Leyfileg lengd dvalar samningsbundinna þjónustuveitenda er samanlagt í mesta lagi átta dagar innan hvers 90 daga tímabils, með mögulegum framlengingum um sem nemur sömu dvalarlengd eftir slík tímabil.

(c) Að því er varðar Noreg:

Einstaklingurinn fær ekki aðra þóknun fyrir að veita þjónustuna í Noregi en þá sem fyrirtækið, sem hefur einstaklinginn í vinnu, greiðir. Skuldbindingin varðar aðeins þá þjónustustarfsemi sem samningurinn tekur til. Hún veitir einstaklingnum ekki rétt til að stunda starfsgreinina sem slíka. Dvalarleyfis er krafist. Engin könnun á efnahagslegum þörfum.

Einstaklingur sem kemur til Noregs sem samningsbundinn þjónustuveitandi verður að teljast vera hæfur starfsmaður á hærra stigi eða búa yfir sérstakri menntun og hæfi sem yfirleitt er fengin með æðri menntun.

Hæfni einstaklingsins verður að teljast nauðsynleg fyrir þjónustuþegann. Komi í ljós að þörf fyrir slíka vinnu verði varanleg eða hafi verið gefið út leyfi á síðustu sex mánuðum vegna sams konar vinnu fyrir sama þjónustuþega skal ekki veita leyfi.

Leyfileg lengd dvalar samningsbundinna þjónustuveitenda er samanlagt í mesta lagi sex mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili eða gildistími samningsins, hvort sem er skemmra.

Sjálfstætt starfandi fagaðilar

7. Með fyrirvara um skilyrðin í 8. lið þessarar skrár skuldbinda Ísland, Liechtenstein og Noregur sig í samræmi við gr. 3.26 (Samningsbundnir þjónustuveitendur og sjálfstætt starfandi fagaðilar) í þætti 3.4 (Koma og tímabundin dvöl einstaklinga) í 3. kafla (Þjónusta og fjárfestingar) að því er varðar flokkinn sjálfstætt starfandi fagaðilar í öllum þjónustugeirum.
8. Sjálfstætt starfandi fagaðilar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

(a) Að því er varðar Ísland:

Dvalar- og atvinnuleyfis er krafist. Leyfð lengd dvalar er allt að sex mánuðir. Engrar könnunar á efnahagslegum þörfum er krafist.

Einstaklingurinn sem veitir þjónustuna verður að búa yfir sérhæfðri færni eða menntun og hæfi sem hefur beina þýðingu fyrir þá þjónustustarfsemi sem nauðsynleg er til að standa við samninginn.

Einstaklingurinn fær ekki aðra þóknun fyrir að veita þjónustuna á Íslandi en þá sem fyrirtækið, sem hefur einstaklinginn í vinnu, greiðir. Skuldbindingin varðar aðeins þá þjónustustarfsemi sem samningurinn tekur til. Hún veitir einstaklingnum ekki rétt til að stunda starfsgreinina sem slíka.

Allar aðrar kröfur varðandi komu, dvöl, laun, vinnuskilyrði og almannatryggingabætur skulu gilda áfram.

(b) Að því er varðar Liechtenstein:

Sjálfstætt starfandi fagaðili skal búa yfir faglegri menntun og hæfi til að stunda starfsemi innan gildissviðs leyfis frá Bretlandi þegar þess er krafist samkvæmt lögum eða öðrum lagaskilyrðum í Liechtenstein. Lögbær yfirvöld í Liechtenstein geta viðurkennt nauðsynlegt jafngildi menntunar og hæfis og bresks leyfis sjálfstætt starfandi fagaðila með fyrirvara um gagnkvæmni. Aðgangurinn sem veittur er varðar aðeins þá þjónustustarfsemi sem samningurinn tekur til og veitir ekki rétt til að nota liechtensteinska starfsheitið.

Veiting þjónustu yfir landamæri er háð tilkynningu. Leggja verður tilkynninguna fram hjá Fólksflutninga- og vegabréfaskrifstofunni eigi síðar en tveimur virkum dögum áður en þjónustan er veitt. Þessi krafa kemur til viðbótar þörfinni fyrir leyfi til að stunda atvinnustarfsemi í Liechtenstein sem lögbær yfirvöld veita.

Atvinnu- og almannatryggingaráðstafanir, sem um getur í gr. 3.19 (Almenn ákvæði og gildissvið) í þætti 3.4 (Koma og tímabundin dvöl einstaklinga) í 3. kafla (Þjónusta og fjárfestingar), merkir ráðstafanir sem eru ríkjandi í þeim geira og á þeim stað þar sem starfsemin fer fram í Liechtenstein, sem kveðið er á um í lögum þess og kjarasamningum (að því er varðar launagreiðslur, vinnustundir o.s.frv.).

Leyfileg lengd dvalar sjálfstætt starfandi fagaðila er samanlagt í mesta lagi átta dagar innan hvers 90 daga tímabils, með mögulegum framlengingum um sem nemur sömu dvalarlengd eftir slík tímabil.

(c) Að því er varðar Noreg:

Einstaklingurinn fær ekki aðra þóknun fyrir að veita þjónustuna í Noregi en þá sem fyrirtækið, sem hefur einstaklinginn í vinnu, greiðir. Skuldbindingin varðar aðeins þá þjónustustarfsemi sem samningurinn tekur til. Hún veitir einstaklingnum ekki rétt til að stunda starfsgreinina sem slíka. Dvalarleyfis er krafist.

Einstaklingurinn verður að teljast vera hæfur starfsmaður á hærra stigi eða búa yfir sérstakri menntun og hæfi sem yfirleitt er fengin með æðri menntun.

Hæfni einstaklingsins verður að teljast nauðsynleg fyrir þjónustuþegann. Komi í ljós að þörf fyrir slíka vinnu verði varanleg eða hafi verið gefið út leyfi á síðustu sex mánuðum vegna sams konar vinnu fyrir sama þjónustuþega skal ekki veita leyfi.

Leyfileg lengd dvalar sjálfstætt starfandi fagaðila er samanlagt í mesta lagi sex mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili eða gildistími samningsins, hvort sem er skemmra.

XX. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í GR. 3.69 (ALÞJÓÐLEG REIKIÞJÓNUSTA) Í
UNDIRÞÆTTI 3.5.4 (FJARSKIPTAÞJÓNUSTA) Í ÞÆTTI 3.5
(REGLURAMMI) Í 3. KAFLA (ÞJÓNUSTA OG FJÁRFESTINGAR)

XX. VIÐAUKI

GJÖLD FYRIR ALÞJÓÐLEGA REIKIÞJÓNUSTU

SEM UM GETUR Í GR. 3.69 (ALÞJÓÐLEG REIKIÞJÓNUSTA) Í UNDIRÞÆTTI
3.5.4 (FJARSKIPTAÞJÓNUSTA) Í ÞÆTTI 3.5 (REGLURAMMI) Í 3. KAFLA
(ÞJÓNUSTA OG FJÁRFESTINGAR)

Þessi blaðsíða er skilin eftir auð af ásetningi.

XXI. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í GR. 6.1 (GILDISSVIÐ OG UMFANG), GR. 6.4 (RAFRÆN
BIRTING AUGLÝSINGA UM OPINBER INNKAUP) OG GR. 6.10 (LITLUM
OG MEÐALSTÓRUM FYRIRTÆKJUM AUÐVELDUÐ ÞÁTTTAKA) Í 6.
KAFLA (OPINBER INNKAUP)

XXI. VIÐAUKI

OPINBER INNKAUP

SEM UM GETUR Í GR. 6.1 (GILDISSVIÐ OG UMFANG), GR. 6.4 (RAFRÆN BIRTING AUGLÝSINGA UM OPINBER INNKAUP) OG GR. 6.10 (LITLUM OG MEÐALSTÓRUM FYRIRTÆKJUM AUÐVELDUÐ ÞÁTTAKA) Í 6. KAFLA (OPINBER INNKAUP)

- APPENDIX 1: VIÐEIGANDI ÁKVÆÐI Í SAMNINGI
ALÞJÓÐAVIÐSKIPTASTOFNUNARINNAR UM
OPINBER INNKAUP
- APPENDIX 2: SKULDBINDINGAR VARÐANDI MARKAÐSAÐGANG
UMFRAM SAMNING
ALÞJÓÐAVIÐSKIPTASTOFNUNARINNAR UM
OPINBER INNKAUP
- APPENDIX 3: BIRTINGARAÐFERÐIR
- APPENDIX 4: TENGILIÐIR
- APPENDIX 5: VIÐMIÐUNARFJÁRHÆÐIR

1. VIÐBÆTIR

VIÐ XXI. VIÐAUKA (OPINBER INNKAUP)

VIÐEIGANDI ÁKVÆÐI Í SAMNINGI ALÞJÓÐAVIÐSKIPTASTOFNUNARINNAR UM OPINBER INNKAUP

Eftirfarandi ákvæði í endurskoðuðum samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup (2012) (samningnum um opinber innkaup) eru hér með felld inn í 6. kafla (Opinber innkaup) þessa samnings:

I.–III. gr., IV. gr. (a-liður 1. mgr. og 2.–7. mgr.), VI.–XV. gr., XVI. gr. (1.–3. mgr.), XVII. gr. og XVIII. gr. ásamt síðari bindandi breytingum á þeim.

2. VIÐBÆTIR

VIÐ XXI. VIÐAUKA (OPINBER INNKAUP)

SKULDBINDINGAR VARÐANDI MARKAÐSADGANG UMFRAM SAMNINGINN UM OPINBER INNKAUP

Að því er varðar þennan viðbæti merkir „CPC“ bráðabirgðautgáfu aðalvöruflokkunar (Statistical Papers Series M No. 77, Department of International Economic and Social Affairs, Statistical Office of the United Nations, New York, 1991).

A-HLUTI: BRETLAND

Í samræmi við gr. 6.1 (Gildissvið og umfang) í 6. kafla (Opinber innkaup) gildir sá kafli, auk innkaupanna sem falla undir II. gr. samningsins um opinber innkaup, um þau innkaup sem falla undir þennan viðbæti.

Athugasemdirnar í 1.–7. viðauka við I. viðbæti Bretlands við samninginn um opinber innkaup gilda einnig um þau innkaup sem falla undir þennan viðbæti, nema kveðið sé á um annað í þessum viðbæti.

Innkaup sem falla undir þennan viðbæti

1. Viðbótarkaupendur

Innkaup á vörum og þjónustu, eins og sett er fram í 4.–6. viðauka við I. viðbæti Bretlands við samninginn um opinber innkaup og í 2. lið (Viðbótarkaupendur) þessa A-hluta, af hálfu eftirfarandi kaupenda:

- (a) allra samningsstofnana sem stunda innkaup sem falla undir reglugerðirnar um veitusamninga 2016 og reglugerðirnar um veitusamninga (Skotland) 2016 og sem eru samningsyfirvöld (t.d. þau sem falla undir 1. og 2. viðauka við I. viðbæti við samninginn um opinber innkaup) eða opinber fyrirtæki (sjá athugasemdir við 1. lið (Viðbótarkaupendur)) og sem stunda meðal annars þá starfsemi
 - (i) að bjóða fram eða starfrækja föst veitukerfi, sem eiga að þjóna almenningi í tengslum við framleiðslu, flutning eða dreifingu á gasi eða hita, eða að afhenda gas eða hita til slíkra veitukerfa eða
 - (ii) hvers kyns samsetningu slíkrar starfsemi og þeirrar sem um getur í 3. viðauka við 1. viðbæti við samninginn um opinber innkaup,
- (b) kaupenda í einkaeigu sem hafa með höndum m.a. einhverja þá starfsemi sem um getur í a-lið þessa liðar, í 1. lið 3. viðauka við I. viðbæti við samninginn um opinber innkaup eða hvers kyns samsetningu þeirra og starfa á grundvelli sérstakra réttinda eða einkaréttar sem lögbært yfirvald í Bretlandi hefur veitt,

þegar um er að ræða innkaup sem nema a.m.k. eftirfarandi viðmiðunarfrjárhæðum:

- 400.000 SDR þegar um er að ræða kaup á vörum og þjónustu og
- 5.000.000 SDR þegar um er að ræða kaup á þjónustu á sviði byggingaframkvæmda (CPC 51).

Athugasemdir við 1. lið:

- (a) Samkvæmt reglugerðunum um veitusamninga 2016 er „opinbert fyrirtæki“ hvers kyns fyrirtæki þar sem samningsyfirvöld geta haft ráðandi áhrif, beint eða óbeint, vegna:
- (i) eignarhalds þeirra á viðkomandi fyrirtæki,
 - (ii) fjárhagslegrar þátttöku þeirra í viðkomandi fyrirtæki eða
 - (iii) reglna sem gilda um viðkomandi fyrirtæki.
- (b) Samkvæmt reglugerðunum um veitusamninga (Skotland) 2016 er „opinbert fyrirtæki“ hver sá aðili sem eitt eða fleiri samningsyfirvöld geta haft ráðandi áhrif á, beint eða óbeint, vegna eins eða fleiri eftirfarandi atriða:
- (i) eignarhalds þeirra á viðkomandi aðila,
 - (ii) fjárhagslegrar þátttöku þeirra í viðkomandi aðila eða
 - (iii) réttinda sem þeim eru veitt með reglunum sem gilda um þann aðila.
- (c) ef Samkvæmt bæði reglugerðunum um veitusamninga 2016 og reglugerðunum um veitusamninga (Skotland) 2016, teljast ráðandi áhrif samningsyfirvalda vera fyrir hendi í sérhverju eftirfarandi tilvika þar sem þau yfirvöld, beint eða óbeint:
- (i) eiga meirihluta skráðs hlutfjár í hlutaðeigandi fyrirtæki,
 - (ii) ráða yfir meirihluta atkvæða sem tengjast hlutfjáreign í fyrirtækinu eða
 - (iii) hafa rétt til að skipa meira en helming fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins.
- (d) „Sérstök réttindi eða einkaréttur“ eru eins og skilgreint er í 5. reglugerð í reglugerðunum um veitusamninga 2016 og 4. reglugerð í reglugerðunum um veitusamninga (Skotland) 2016.
- (e) Þegar kaupandi, sem er ekki samningsyfirvald, afhendir gas eða hita til veitukerfa sem þjóna almenningi telst það ekki starfsemi í skilningi þessa viðbætis ef:
- (i) gas- eða hitaframleiðsla viðkomandi samningsstofnunar er óhjákvæmileg afleiðing af starfsemi sem ekki er getið um í a-til e-lið í I. viðbæti Bretlands við samninginn um opinber innkaup og
 - (ii) afhending til almenningsveitukerfisins miðar einungis að því að hafa hagnað af slíkri framleiðslu og nemur ekki meira en

20% af veltu stofnunarinnar miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára, að yfirstandandi ári meðtöldu.

2. Viðbótarþjónusta

Innkaup á eftirfarandi þjónustu, til viðbótar við þá þjónustu sem skráð er í 5. viðauka við I. viðbæti Bretlands við samninginn um opinber innkaup, fyrir stofnanir sem falla undir 1.–3. viðauka við I. viðbæti Bretlands við samninginn um opinber innkaup eða undir 1. lið (Viðbótarkaupendur) þessa A-hluta:

- hótél- og önnur gistipjónusta (CPC 641),
- matsöluþjónusta (CPC 642),
- þjónusta, tengd veitingu drykkja (CPC 643),
- póst- og hraðsendingarþjónusta (CPC 751),
- þjónusta í tengslum við fjarskipti (CPC 754),
- fasteignapjónusta gegn þóknun eða samkvæmt samningi (CPC 8220),
- lögfræðipjónusta (CPC 861) (sjá b-lið) í athugasemdum við þennan lið),
- skattaráðgjöf (CPC 863),
- eftirgrennslan og öryggisþjónusta (CPC 873),
- ljósmyndapjónusta (CPC 875),
- önnur viðskiptaþjónusta (CPC 879),
- þjónusta tengd námugreftri (CPC 883),
- þjónusta tengd framleiðslu á málmvörum, vélbúnaði og tækjum (CPC 885),
- viðgerðarþjónusta tengd málmvörum, vélbúnaði og tækjum (CPC 886),
- þjónusta tengd orkudreifingu (CPC 887),
- stjórnsýsla ríkisins (CPC 9127, 91136),
- menntun (CPC 92) og
- Tómstunda-, menningar- og íþróttapjónusta (CPC 96 að undanskildum 9611, 9613).

Athugasemdir við 2. lið:

- (a) Samningar um hótél- og aðra gistiþjónustu (CPC 641), matsöluþjónustu (CPC 642), þjónustu tengda veitingu drykkja (CPC 643), póst- og hraðsendingarþjónustu (CPC 751), lögfræðiþjónustu (CPC 861), eftirgrennslan og öryggisþjónustu (CPC 873), stjórnsýslu ríkisins (CPC 9127, 91136), menntun (CPC 92) og tómsunda-, menningar- og íþróttarþjónustu (CPC 96311 til 96332 og 96411 til 96419) heyra undir það fyrirkomulag innlendarar meðferðar sem gildir um birgjana, þ.m.t. þjónustuveitendur, á Íslandi, í Liechtenstein og í Noregi, að því tilskildu að virði þeirra sé 663.540 GBP eða hærra, séu þeir gerðir af kaupendum sem falla undir 1. og 2. viðauka Bretlands við I. viðbæti við samninginn um opinber innkaup, og 884.720 GBP eða hærra, séu þeir gerðir af kaupendum sem falla undir 3. viðauka Bretlands við I. viðbæti við samninginn um opinber innkaup eða kaupendum sem falla undir 1. lið (Viðbótarkaupendur) þessa A-hluta.
- (b) Eftirfarandi lögfræðiþjónusta (CPC 861) fellur ekki undir þennan samning:
 - (i) lagalegt fyrirsvar lögfræðings fyrir hönd skjólstæðings:
 - (aa) fyrir gerðardómi eða við sáttameðferð sem fram fer í Bretlandi, í öðru landi eða fyrir alþjóðlegum gerðardómi eða sáttaaðila eða
 - (ab) við dómsmeðferð fyrir dómi eða opinberum yfirvöldum í Bretlandi, í öðru landi eða fyrir alþjóðlegum dómstólum eða stofnunum,
 - (ii) lögfræðiráðgjöf sem veitt er
 - (aa) við undirbúning hvernar þeirrar málsmeðferðar sem um getur í a-lið eða
 - (ab) þar sem áþreifanleg vísbinding er um, og miklar líkur eru á, að það málefni sem lögfræðiráðgjöfin varðar verði til umfjöllunar í slíkri málsmeðferð,

að því tilskildu að ráðgjöfin sé veitt af lögfræðingi,

 - (iii) vottun skjala og sannvottunarþjónusta sem lögbókendur verða að veita,
 - (iv) lögfræðiþjónusta sem fjárvörsluaðilar eða skipaðir forráðamenn veita eða önnur lögfræðiþjónusta þar sem veitendur eru skipaðir af dómstól í Bretlandi eða er falið að lögum að inna af hendi tiltekin verkefni undir eftirliti slíkra dómstóla eða

- (v) önnur lögfræðipjónusta sem tengist, þótt aðeins sé endrum og eins, beitingu opinbers valds í Bretlandi.
- (c) Innkaup þeirra kaupenda, sem samningur þessi tekur til, á hvers kyns þjónustu sem fellur undir þennan lið eru tilgreind innkaup að því er varðar þjónustuveitanda tiltekins samningsaðila eingöngu að því marki sem sá samningsaðili hefur fellt þá þjónustu undir þennan viðbæti (þ.m.t. sú þjónusta samningsaðilans sem fellur undir II. gr. samningsins um opinber innkaup).
- (d) Gr. 6.1 (Gildissvið og umfang) í 6. kafla (Opinber innkaup), sá kafli og þessi viðbætur taka ekki til innkaupa á eftirfarandi þjónustu:
 - (i) heilbrigðisþjónustu (CPC 931),
 - (ii) stjórnsýslu á sviði heilsugæslu (CPC 91122) og
 - (iii) útvegum hjúkrunarfólks og útvegum heilbrigðisstarfsfólks (CPC 87206 og CPC 87209).

3. Sérleyfissamningar

- (a) Sérleyfissamningar um þjónustu sem gerðir eru af stofnunum í 1. og 2. viðauka við I. viðbæti Bretlands við samninginn um opinber innkaup, um innkaup á þjónustu sem sett er fram í 5. viðauka við I. viðbæti Bretlands við samninginn um opinber innkaup og í 2. lið (Viðbótarþjónusta) þessa A-hluta, heyra undir það fyrirkomulag innlendrar meðferðar sem gildir um birgjana, þ.m.t. þjónustuveitendur, á Íslandi, í Liechtenstein og í Noregi að því tilskildu að virði þeirra sé 5.000.000 SDR eða hærra.
- (b) Til að taka af vafa heyra sérleyfissamningar um verk undir 6. viðauka við I. viðbæti Bretlands við samninginn um opinber innkaup á þeim grundvelli sem þar er settur fram.

Athugasemdir við 3. lið:

- (a) Ákvæði 3. liðar (Sérleyfissamningar) þessa A-hluta gildir að því marki sem innkaup er varða sérleyfissamninga um þjónustu, eins og lýst er í 3. lið (Sérleyfissamningar), falla undir reglugerðirnar um sérleyfissamninga 2016 og reglugerðirnar um sérleyfissamninga (Skotland) 2016.

B-HLUTI: EFTA-RÍKI INNAN EES

Í samræmi við gr. 6.1 (Gildissvið og umfang) í 6. kafla (Opinber innkaup) gildir sá kafli um þau innkaup sem falla undir þennan viðbæti, auk innkaupanna sem falla undir II. gr. sammingsins um opinber innkaup.

Athugasemdirnar í 1.–7. viðauka við I. viðbæti Íslands, Liechtenstein og Noregs við samninginn um opinber innkaup gilda einnig um þau innkaup sem falla undir þennan viðbæti, nema kveðið sé á um annað í þessum viðbæti.

A. ÍSLAND

Innkaup sem falla undir þennan viðbæti

1. Viðbótarkaupendur

Innkaup á vörum og þjónustu, eins og sett er fram í 4.–6. viðauka Íslands við I. viðbæti við samninginn um opinber innkaup og í 2. lið (Viðbótarþjónusta) þessa A-þáttar B-hluta, af hálfu eftirfarandi kaupenda:

- (a) allra sammingsstofnana sem stunda innkaup sem falla undir ESB-tilskipunina um veitur og sem eru sammingsyfirvöld (t.d. þau sem falla undir 1. og 2. viðauka við I. viðbæti við samninginn um opinber innkaup) eða opinber fyrirtæki og sem stunda meðal annars þá starfsemi:
 - (i) að bjóða fram eða starfrækja föst veitukerfi, sem eiga að þjóna almenningi í tengslum við framleiðslu, flutning eða dreifingu á gasi eða hita, eða að afhenda gas eða hita til slíkra veitukerfa eða
 - (ii) hvers kyns samsetningu slíkrar starfsemi og þeirrar sem um getur í 3. viðauka við I. viðbæti við samninginn um opinber innkaup og
- (b) kaupenda í einkaeigu sem hafa með höndum m.a. einhverja þá starfsemi sem um getur í a-lið þessa liðar, í 1. undirlið 3. viðauka við I. viðbæti við samninginn um opinber innkaup eða hvers kyns samsetningu þeirra, og starfa á grundvelli sérstakra réttinda eða einkaréttar sem lögbært yfirvald á Íslandi hefur veitt,

þegar um er að ræða innkaup sem nema a.m.k. eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðum:

- 400.000 SDR þegar um er að ræða kaup á vörum og þjónustu og
- 5.000.000 SDR þegar um er að ræða kaup á þjónustu á sviði byggingaframkvæmda (CPC 51).

Athugasemdir við 1. lið:

- (a) Samkvæmt EES-tilskipuninni um veitur er opinbert fyrirtæki hvers kyns fyrirtæki þar sem samningsyfirvöld geta haft ráðandi áhrif, beint eða óbeint, vegna eignarhalds, fjárhagslegrar þátttöku eða reglna sem gilda um það. Ráðandi áhrif samningsyfirvalda gagnvart fyrirtæki skulu teljast vera fyrir hendi þar sem þau yfirvöld, beint eða óbeint:
 - (i) eiga meirihluta skráðs hlutafjár í hlutaðeigandi fyrirtæki,
 - (ii) ráða yfir meirihluta atkvæða sem tengjast hlutafjäreign í fyrirtækinu eða
 - (iii) hafa rétt til að skipa meira en helming fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins.
- (b) „Sérstök réttindi eða einkaréttur“ eru eins og skilgreint er í 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB.
- (c) Þegar kaupandi, sem er ekki samningsyfirvald, afhendir gas eða hita til fastra veitukerfa sem þjóna almenningi skal sú starfsemi ekki teljast eiga við í skilningi þessa viðbætis ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
 - (i) gas- eða hitaframleiðsla viðkomandi samningsstofnunar er óhjákvæmileg afleiðing af starfsemi sem ekki er getið um í a-til e-lið í I. viðbæti Íslands við samninginn um opinber innkaup og
 - (ii) afhending til almenningsveitukerfisins miðar einungis að því að hafa hagnað af slíkri framleiðslu og nemur ekki meira en 20% af veltu stofnunarinnar miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára, að yfirstandandi ári meðtöldu.

2. Viðbótarþjónusta

Innkaup á eftirfarandi þjónustu, til viðbótar við þá þjónustu sem skráð er í 5. viðauka við I. viðbæti Íslands við samninginn um opinber innkaup, fyrir stofnanir sem falla undir 1.–3. viðauka við I. viðbæti Íslands við samninginn um opinber innkaup eða undir 1. lið (Viðbótarkaupendur) þessa A-þáttar B-hluta:

- hótél- og veitingaþjónusta (CPC 641),
- matsöluþjónusta (CPC 642),
- þjónusta, tengd veitingu drykkja (CPC 643),

- póst- og hraðsendingarþjónusta (CPC 751),
- þjónusta í tengslum við fjarskipti (CPC 754),
- fasteignaðþjónusta gegn þóknun eða samkvæmt samningi (CPC 8220),
- lögfræðiþjónusta (CPC 861),
- skattaráðgjöf (CPC 863),
- eftirgrennslan og öryggisþjónusta (CPC 873),
- ljósmyndarþjónusta (CPC 875),
- önnur viðskiptaþjónusta (CPC 879),
- þjónusta tengd námugreftri (CPC 883),
- þjónusta tengd framleiðslu á málmvörum, vélbúnaði og tækjum (CPC 885),
- viðgerðarþjónusta tengd málmvörum, vélbúnaði og tækjum (CPC 886),
- þjónusta tengd orkudreifingu (CPC 887),
- stjórnsýsla ríkisins (CPC 9127, 91136),
- menntun (CPC 92) og
- tómstunda-, menningar- og íþróttarþjónustu (CPC 96 (að undanskildum 9611, 9613)).

Athugasemdir við 2. lið:

- (a) Samningar um hótél- og veitingarþjónustu (CPC 641), matsöluþjónustu (CPC 642), þjónustu tengda veitingu drykkja (CPC 643), póst- og hraðsendingarþjónustu (CPC 751), lögfræðiþjónustu (CPC 861), eftirgrennslan og öryggisþjónustu (CPC 873), stjórnsýsla ríkisins (CPC 9127, 91136), menntun (CPC 92) og tómstunda-, menningar- og íþróttarþjónustu (CPC 96) heyra undir það fyrirkomulag innlendra meðferðar¹ sem gildir um birgjana, þ.m.t. þjónustuveitendur, í Bretlandi, að því tilskildu að virði þeirra sé 750.000 EUR eða hærra, séu þeir gerðir af kaupendum sem falla undir 1. og 2. viðauka við I. viðbæti Íslands við samninginn um opinber innkaup, og 1.000.000 EUR eða hærra, séu þeir gerðir af kaupendum sem falla undir 3.

¹ Til að taka af vafa skal, umfram meginregluna um bann við mismunun, innlend löggjöf Íslands gilda um innkaup á ofangreindri þjónustu.

viðauka við I. viðbæti Íslands við samninginn um opinber innkaup eða kaupendum sem falla undir 1. lið.²

- (b) Eftirfarandi lögfræðiþjónusta (CPC 861) fellur ekki undir þennan samning:
- (i) lagalegt fyrirvar lögfræðings fyrir hönd skjólstæðings:
 - (aa) fyrir gerðardómi eða við sáttameðferð sem fram fer á Íslandi, í öðru landi eða fyrir alþjóðlegum gerðardómi eða sáttaaðila eða
 - (ab) við dómsmeðferð fyrir dómi eða opinberum yfirvöldum á Íslandi, í öðru landi eða fyrir alþjóðlegum dómstólum eða stofnunum,
 - (ii) lögfræðiráðgjöf sem veitt er
 - (aa) við undirbúning hvernar þeirrar málsmeðferðar sem um getur í a-lið eða
 - (ab) þar sem áþreifanleg vísbending er um, og miklar líkur eru á, að það málefni sem lögfræðiráðgjöfin varðar, verði til umfjöllunar í slíkri málsmeðferð,
- að því tilskildu að ráðgjöfin sé veitt af lögfræðingi,
- (iii) vottun skjala og sannvottunarþjónusta sem lögbókendur verða að veita,
 - (iv) lögfræðiþjónusta sem fjárvörsluaðilar eða skipaðir forráðamenn veita eða önnur lögfræðiþjónusta þar sem veitendur eru skipaðir af dómstól á Íslandi, eða er falið að lögum að inna af hendi tiltekin verkefni undir eftirliti slíkra dómstóla eða
 - (v) önnur lögfræðiþjónusta sem tengist, þótt aðeins sé endrum og eins, beitingu opinbers valds á Íslandi.
- (c) Innkaup þeirra kaupenda, sem samningur þessi tekur til, á hvers kyns þjónustu sem fellur undir þennan viðbæti eru tilgreind innkaup að því er varðar þjónustuveitanda í Bretlandi eingöngu að því marki sem Bretland hefur fellt þá þjónustu undir þennan viðbæti (þ.m.t. sú þjónusta Bretlands sem fellur undir II. gr. samningsins um opinber innkaup).

² Til að taka af vafa heyrir öll þjónusta sem fellur undir 2. lið (Viðbótarþjónusta) og sem einnig fellur undir III. bálk (Sérstakt innkaupafyrirkomulag) tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB, undir fyrirkomulag innlendrar meðferðar á Íslandi.

3. Sérleyfissamningar

Sérleyfissamningar um verk fyrir stofnanir, sem falla undir 1. og 2. viðauka við 1. viðbæti Íslands við samninginn um opinber innkaup, heyra undir það fyrirkomulag innlendar meðferðar sem gildir um birgjana, þ.m.t. þjónustuveitendur, í Bretlandi að því tilskildu að virði þeirra sé hærra en 5.000.000 SDR. Sérleyfissamningar um þjónustu, fyrir þjónustu sem fellur undir 5. viðauka við 1. viðbæti Íslands við samninginn um opinber innkaup eða 2. lið (Viðbótarþjónusta) þessa A-þáttar B-hluta, fyrir stofnanir sem falla undir 1. og 2. viðauka við 1. viðbæti Íslands við samninginn um opinber innkaup, heyra undir það fyrirkomulag innlendar meðferðar sem gildir um birgjana, þ.m.t. þjónustuveitendur, í Bretlandi að því tilskildu að virði þeirra sé 5.000.000 SDR eða hærra.

Athugasemdir við 3. lið:

- (a) „Sérleyfissamningar um verk“ og „sérleyfissamningar um þjónustu“ eru eins og skilgreint er í 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga.
- (b) Til að taka af vafa skal, umfram meginregluna um bann við mismunun, innlend löggjöf Íslands gilda um gerð sérleyfissamninga um verk og þjónustu.

B. LIECHTENSTEIN

Innkaup sem falla undir þennan viðbæti

1. Viðbótarkaupendur

Innkaup á vörum og þjónustu, eins og sett er fram í 4.–6. viðauka við I. viðbæti Liechtensteins við samninginn um opinber innkaup og í 2. lið (Viðbótarkaupendur) þessa B-þáttar B-hluta, af hálfu eftirfarandi kaupenda:

- (a) allra samningsstofnana sem stunda innkaup sem falla undir EES-tilskipunina um veitur og sem eru samningsyfirvöld (t.d. þau sem falla undir 1. og 2. viðauka við I. viðbæti við samninginn um opinber innkaup) eða opinber fyrirtæki og sem stunda meðal annars þá starfsemi
 - (i) að bjóða fram eða starfrækja föst veitukerfi, sem eiga að þjóna almenningi í tengslum við framleiðslu, flutning eða dreifingu á gasi eða hita, eða að afhenda gas eða hita til slíkra veitukerfa eða
 - (ii) hvers kyns samsetningu slíkrar starfsemi og þeirrar sem um getur í 3. viðauka við I. viðbæti við samninginn um opinber innkaup og
- (b) kaupenda í einkaeigu sem hafa með höndum m.a. einhverja þá starfsemi sem um getur í a-lið þessa liðar, í 1. undirlið 3. viðauka við I. viðbæti við samninginn um opinber innkaup eða hvers kyns samsetningu þeirra og starfa á grundvelli sérstakra réttinda eða einkaréttar sem lögbært yfirvald í Liechtenstein hefur veitt,

þegar um er að ræða innkaup sem nema a.m.k. eftirfarandi viðmiðunarfrjárhæðum:

- 400.000 SDR þegar um er að ræða kaup á vörum og þjónustu og
- 5.000.000 SDR þegar um er að ræða kaup á þjónustu á sviði byggingaframkvæmda (CPC 51).

Athugasemdir við 1. lið:

- (a) Samkvæmt EES-tilskipuninni um veitur er opinbert fyrirtæki hvers kyns fyrirtæki þar sem samningsyfirvöld geta haft ráðandi áhrif, beint eða óbeint, vegna eignarhalds, fjárhagslegrar þátttöku eða reglna sem gilda um það. Ráðandi áhrif samningsyfirvalda gagnvart fyrirtæki skulu teljast vera fyrir hendi þar sem þau yfirvöld, beint eða óbeint:
 - (i) eiga meirihluta skráðs hlutafjár í hlutaðeigandi fyrirtæki,
 - (ii) ráða yfir meirihluta atkvæða sem tengjast hlutafjareign í fyrirtækinu eða
 - (iii) hafa rétt til að skipa meira en helming fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins.
- (b) „Sérstök réttindi eða einkaréttur“ eru eins og skilgreint er í 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB.
- (c) Þegar kaupandi, sem er ekki samningsyfirvald, afhendir gas eða hita til fastra veitukerfa sem þjóna almenningi skal sú starfsemi ekki teljast eiga við í skilningi þessa viðbætis ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
 - (i) gas- eða hitaframleiðsla viðkomandi samningsstofnunar er óhjákvæmileg afleiðing af starfsemi sem ekki er getið um í a-til e-lið í I. viðbæti Liechtensteins við samninginn um opinber innkaup og
 - (ii) afhending til almenningsveitukerfisins miðar einungis að því að hafa hagnað af slíkri framleiðslu og nemur ekki meira en 20% af veltu stofnunarinnar miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára, að yfirstandandi ári meðtöldu.

2. Viðbótarþjónusta

Innkaup á eftirfarandi þjónustu, til viðbótar við þá þjónustu sem skráð er í 5. viðauka við I. viðbæti Liechtensteins við samninginn um opinber innkaup, fyrir stofnanir sem falla undir 1.–3. viðauka við I. viðbæti Liechtensteins við samninginn um opinber innkaup eða undir 1. lið (Viðbótarkaupendur) þessa B-þáttar B-hluta:

- hótél- og veitingaþjónusta (CPC 641),
- matsöluþjónusta (CPC 642),
- þjónusta, tengd veitingu drykkja (CPC 643),

- póst- og hraðsendingarþjónusta (CPC 751),
- þjónusta í tengslum við fjarskipti (CPC 754),
- fasteignaþjónusta gegn þóknun eða samkvæmt samningi (CPC 8220),
- skattaráðgjöf (CPC 863),
- eftirgrennslan og öryggisþjónusta (CPC 873),
- ljósmyndarþjónusta (CPC 875),
- önnur viðskiptaþjónusta (CPC 87901, 87903, 87905–87907),
- þjónusta tengd námugreftri (CPC 883),
- þjónusta tengd framleiðslu á málmvörum, vélbúnaði og tækjum (CPC 885),
- viðgerðarþjónusta tengd málmvörum, vélbúnaði og tækjum (CPC 886),
- menntun (CPC 92) og
- tómsunda-, menningar- og íþróttarþjónusta (CPC 96 (að undanskildum 9611, 9613)).

Athugasemdir við 2. lið:

- (a) Samningar um hótél- og veitingaþjónustu (CPC 641), matsöluþjónustu (CPC 642), þjónustu tengd veitingu drykkja (CPC 643), póst- og hraðsendingarþjónustu (CPC 751), eftirgrennslan og öryggisþjónustu (CPC 873), menntun (CPC 92) og tómsunda-, menningar- og íþróttarþjónustu (CPC 96) heyra undir það fyrirkomulag innlendrar meðferðar³ sem gildir um birgjana, þ.m.t. þjónustuveitendur, í Bretlandi, að því tilskildu að virði þeirra sé 750.000 EUR eða hærra, séu þeir gerðir af kaupendum sem falla undir 1. og 2. viðauka við I. viðbæti Liechtensteins við samninginn um opinber innkaup, og 1.000.000 EUR eða hærra, séu þeir gerðir af kaupendum sem falla undir 3. viðauka við I. viðbæti Liechtensteins við samninginn um opinber innkaup eða kaupendum sem falla undir 1. lið (Viðbótarkaupendur) þessa B-þáttar B-hluta.⁴

³ Til að taka af vafa skal, umfram meginregluna um bann við mismunun, innlend löggjöf Liechtensteins gilda um innkaup ofangreindrar þjónustu.

⁴ Til að taka af vafa heyrir öll þjónusta sem fellur undir 2. lið (Viðbótarþjónusta) og sem einnig fellur undir III. bálk (Sérstakt innkaupafyrirkomulag) tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB, undir fyrirkomulag innlendrar meðferðar.

- (b) Innkaup þeirra kaupenda, sem samningur þessi tekur til, á hvers kyns þjónustu sem fellur undir þennan viðbæti eru tilgreind innkaup að því er varðar þjónustuveitanda í Bretlandi eingöngu að því marki sem Bretland hefur fellt þá þjónustu undir þennan viðbæti (þ.m.t. sú þjónusta Bretlands sem fellur undir II. gr. samningsins um opinber innkaup).

3. Sérleyfissamningar

Sérleyfissamningar um verk fyrir stofnanir, sem falla undir 1.–2. viðauka við 1. viðbæti Liechtensteins við samninginn um opinber innkaup, heyra undir það fyrirkomulag innlendra meðferðar sem gildir um birgjana, þ.m.t. þjónustuveitendur, í Bretlandi að því tilskildu að virði þeirra sé 5.000.000 SDR eða hærra. Sérleyfissamningar um þjónustu, fyrir þjónustu sem fellur undir 5. viðauka við 1. viðbæti Liechtensteins við samninginn um opinber innkaup eða 2. lið (Viðbótarþjónusta) þessa B-þáttar B-hluta, fyrir stofnanir sem falla undir 1. og 2. viðauka við 1. viðbæti Liechtensteins við samninginn um opinber innkaup, heyra undir það fyrirkomulag innlendra meðferðar sem gildir um birgjana, þ.m.t. þjónustuveitendur, í Bretlandi að því tilskildu að virði þeirra sé 5.000.000 SDR eða hærra.

Athugasemdir við 3. lið:

- (a) „Sérleyfissamningar um verk“ og „sérleyfissamningar um þjónustu“ eru eins og skilgreint er í 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga.
- (b) Til að taka af vafa skal, umfram meginregluna um bann við mismunun, innlend löggjöf Liechtensteins gilda um gerð sérleyfissamninga um verk og þjónustu.

C. NOREGUR

Innkaup sem falla undir þennan viðbæti

1. Viðbótarkaupendur

Innkaup á vörum og þjónustu, eins og sett er fram í 4.–6. viðauka við I. viðbæti Noregs við samninginn um opinber innkaup og í 2. lið (Viðbótarþjónusta) þessa C-þáttar B-hluta, af hálfu eftirfarandi kaupenda:

- (a) allra samningsstofnana sem stunda innkaup sem falla undir EES-tilskipunina um veitur og sem eru samningsyfirvöld (t.d. þau sem falla undir 1. og 2. viðauka við I. viðbæti við samninginn um opinber innkaup) eða opinber fyrirtæki og sem stunda meðal annars þá starfsemi

- (i) að bjóða fram eða starfrækja föst veitukerfi, sem eiga að þjóna almenningi í tengslum við framleiðslu, flutning eða dreifingu á gasi eða hita, eða að afhenda gas eða hita til slíkra veitukerfa eða
 - (ii) hvers kyns samsetningu slíkrar starfsemi og þeirrar sem um getur í 3. viðauka við I. viðbæti við samninginn um opinber innkaup og
- (b) kaupenda í einkaeigu sem hafa með höndum m.a. einhverja þá starfsemi sem um getur í a-lið þessa liðar, í 1. undirlið 3. viðauka við I. viðbæti við samninginn um opinber innkaup eða hvers kyns samsetningu þeirra og starfa á grundvelli sérstakra réttinda eða einkaréttar sem lögbært yfirvald í Noregi hefur veitt,

þegar um er að ræða innkaup sem nema a.m.k. eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðum:

- 400.000 SDR þegar um er að ræða kaup á vörum og þjónustu og
- 5.000.000 SDR þegar um er að ræða kaup á þjónustu á sviði byggingaframkvæmda (CPC 51).

Athugasemdir við 1. lið:

- (a) Samkvæmt EES-tilskipuninni um veitur er opinbert fyrirtæki hvers kyns fyrirtæki þar sem samningsyfirvöld geta haft ráðandi áhrif, beint eða óbeint, vegna eignarhalds, fjárhagslegrar þátttöku eða reglna sem gilda um það. Ráðandi áhrif samningsyfirvalda gagnvart fyrirtæki skulu teljast vera fyrir hendi þar sem þau yfirvöld, beint eða óbeint:
 - (i) eiga meirihluta skráðs hlutafjár í hlutaðeigandi fyrirtæki,
 - (ii) ráða yfir meirihluta atkvæða sem tengjast hlutafjareign í fyrirtækinu eða
 - (iii) hafa rétt til að skipa meira en helming fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins.
- (b) „Sérstök réttindi eða einkaréttur“ eru eins og skilgreint er í 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB.
- (c) Þegar kaupandi, sem er ekki samningsyfirvald, afhendir gas eða hita til fastra veitukerfa sem þjóna almenningi skal sú starfsemi ekki teljast eiga við í skilningi þessa viðbætis ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- (i) gas- eða hitaframleiðsla viðkomandi samningsstofnunar er óhjákvæmileg afleiðing af starfsemi sem ekki er getið um í a-til e-lið í I. viðbæti Noregs við samninginn um opinber innkaup og
- (ii) afhending til almenningsveitukerfisins miðar einungis að því að hafa hagnað af slíkri framleiðslu og nemur ekki meira en 20% af veltu stofnunarinnar miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára, að yfirstandandi ári meðtöldu.

2. Viðbótarþjónusta

Innkaup á þjónustu sem ekki er skráð í 5. viðauka við I. viðbæti Noregs við samninginn um opinber innkaup, fyrir stofnanir sem falla undir 1.–3. viðauka við I. viðbæti Noregs við samninginn um opinber innkaup eða undir 1. lið (Viðbótarkaupendur) þessa C-þáttar B-hluta.

- Hótel- og veitingaþjónusta (CPC 641),
- matsöluþjónusta (CPC 642),
- þjónusta, tengd veitingu drykkja (CPC 643),
- póst- og hraðsendingarþjónusta (CPC 751),
- þjónusta í tengslum við fjarskipti (CPC 754),
- fasteignaþjónusta gegn þóknun eða samkvæmt samningi (CPC 8220),
- lögfræðiþjónusta (CPC 861),
- skattaráðgjöf (CPC 863),
- eftirgrennslan og öryggisþjónusta (CPC 873),
- ljósmyndaþjónusta (CPC 875),
- önnur viðskiptaþjónusta (CPC 879),
- þjónusta tengd námugreftri (CPC 883),
- þjónusta tengd framleiðslu á málmvörum, vélbúnaði og tækjum (CPC 885),
- viðgerðarþjónusta tengd málmvörum, vélbúnaði og tækjum (CPC 886),
- þjónusta tengd orkudreifingu (CPC 887),
- stjórnsýsla ríkisins (CPC 9127, 91136),

- menntun (CPC 92) og
- tómsunda-, menningar- og íþróttþjónusta (CPC 96 (að undanskildum 9611, 9613)).

Athugasemdir við 2. lið:

- (a) Samningar um hótél- og veitingaþjónustu (CPC 641), matsöluþjónustu (CPC 642), þjónustu tengda veitingu drykkja (CPC 643), póst- og hraðsendingarþjónustu (CPC 751), lögfræðiþjónustu (CPC 861), eftirgrennslan og öryggisþjónustu (CPC 873), stjórnsýslu ríkisins (CPC 9127, 91136), menntun (CPC 92) og tómsunda-, menningar- og íþróttþjónustu (CPC 96) heyra undir það fyrirkomulag innlendrar meðferðar⁵ sem gildir um birgjana, þ.m.t. þjónustuveitendur, í Bretlandi að því tilskildu að virði þeirra sé 750.000 EUR eða hærra, séu þeir gerðir af kaupendum sem falla undir 1. og 2. viðauka við I. viðbæti Noregs við samninginn um opinber innkaup, og 1.000.000 EUR eða hærra, séu þeir gerðir af kaupendum sem falla undir 3. viðauka við I. viðbæti Noregs við samninginn um opinber innkaup eða kaupendum sem falla undir 1. lið (Viðbótarkaupendur) þessa C-þáttar B-hluta.⁶
- (b) Eftirfarandi lögfræðiþjónusta (CPC 861) fellur ekki undir þennan samning:
- (i) lagalegt fyrirvar lögfræðings fyrir hönd skjólstaðings:
 - (aa) fyrir gerðardómi eða við sáttameðferð sem fram fer í Noregi, í öðru landi eða fyrir alþjóðlegum gerðardómi eða sáttaaðila eða
 - (ab) við dómsmeðferð fyrir dómi eða opinberum yfirvöldum í Noregi, í öðru landi eða fyrir alþjóðlegum dómstólum eða stofnunum,
 - (ii) lögfræðiráðgjöf sem veitt er:
 - (aa) við undirbúning hverrar þeirrar málsmeðferðar sem um getur í a-lið eða
 - (ab) þar sem áþreifanleg vísbending er um, og miklar líkur eru á, að það málefni sem lögfræðiráðgjöfin varðar, verði til umfjöllunar í slíkri málsmeðferð,

⁵ Til að taka af vafa skal, umfram meginregluna um bann við mismunun, innlend löggjöf Noregs gilda um innkaup ofangreindrar þjónustu.

⁶ Til að taka af vafa heyrir öll þjónusta sem fellur undir 2. lið (Viðbótþjónusta) og sem einnig fellur undir III. bálk (Sérstakt innkaupafyrirkomulag) tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB, undir fyrirkomulag innlendrar meðferðar.

að því tilskildu að ráðgjöfin sé veitt af lögfræðingi,

- (iii) vottun skjala og sannvottunarþjónusta sem lögbókendur verða að veita,
 - (iv) lögfræðiþjónusta sem fjárvörsluaðilar eða skipaðir forráðamenn veita eða önnur lögfræðiþjónusta þar sem veitendur eru skipaðir af dómstól í Noregi, eða er falið að lögum að inna af hendi tiltekin verkefni undir eftirliti slíkra dómstóla eða
 - (v) önnur lögfræðiþjónusta sem tengist, þótt aðeins sé endrum og eins, beitingu opinbers valds í Noregi.
- (c) Innkaup þeirra kaupenda, sem samningur þessi tekur til, á hvers kyns þjónustu sem fellur undir þennan viðbæti eru tilgreind innkaup að því er varðar þjónustuveitanda í Bretlandi eingöngu að því marki sem Bretland hefur fellt þá þjónustu undir þennan viðbæti (þ.m.t. sú þjónusta Bretlands sem fellur undir II. gr. samningsins um opinber innkaup).

3. Sérleyfissamningar

Sérleyfissamningar um verk fyrir stofnanir, sem falla undir 1. og 2. viðauka við 1. viðbæti Noregs við samninginn um opinber innkaup, heyra undir það fyrirkomulag innlendarar meðferðar sem gildir um birgjana, þ.m.t. þjónustuveitendur, í Bretlandi að því tilskildu að virði þeirra sé 5.000.000 SDR eða hærra. Sérleyfissamningar um þjónustu, fyrir þjónustu sem fellur undir 5. viðauka við 1. viðbæti Noregs við samninginn um opinber innkaup eða 2. lið (Viðbótarþjónusta) þessa C-þáttar B-hluta, fyrir stofnanir sem falla undir 1. og 2. viðauka við 1. viðbæti Noregs við samninginn um opinber innkaup, heyra undir það fyrirkomulag innlendarar meðferðar sem gildir um birgjana, þ.m.t. þjónustuveitendur, í Bretlandi að því tilskildu að virði þeirra sé 5.000.000 SDR eða hærra.

Athugasemdir við 3. lið:

- (a) „Sérleyfissamningar um verk“ og „sérleyfissamningar um þjónustu“ eru eins og skilgreint er í 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga.
- (b) Til að taka af vafa skal, umfram meginregluna um bann við mismunun, innlend löggjöf Noregs gilda um gerð sérleyfissamninga um verk og þjónustu.

3. VIÐBÆTIR

VIÐ XXI. VIÐAUKA (OPINBER INNKAUP)

BIRTINGARAÐFERÐIR

A-HLUTI: BRETLAND

Löggjöf: www.legislation.gov.uk

Dómaframkvæmd: dómasafn, þ.m.t. það sem birt er á www.judiciary.gov.uk (fyrir England, Wales og Norður-Írland) og www.scotscourts.gov.uk (fyrir Skotland)

Auglýsingar um innkaup:

Breska útboðsþjónustan (Find a Tender service) sem er veflæg gátt, rekin af eða fyrir hönd forsætisráðuneytisins (Cabinet Office) á www.find-tender.service.gov.uk

B-HLUTI: EFTA-RÍKI INNAN EES

A. ÍSLAND

Löggjöf: Stjórnartíðindi (The Government Gazette)

Dómaframkvæmd: Hæstaréttardómar (Supreme Court Report)

Auglýsingar um innkaup:

Auglýsingar um öll opinber innkaup: <http://utbodsvefur.is/>

Allar íslenskar tilkynningar við opinber innkaup á grundvelli samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup og EES-samningsins eru birtar á ensku gegnum upplýsingakerfið um opinber innkaup (SIMAP) á útboðsvefnum TED: <http://ted.europa.eu>

B. LIECHTENSTEIN

Löggjöf: Landesgesetzblatt (Stjórnartíðindi Liechtenstein) www.gesetze.li

Dómaframkvæmd: Liechtensteinische Entscheidsammlung
www.gerichtsentscheidungen.li

Auglýsingar um innkaup:

Electronic Gazette: www.amtsblatt.li

Allar samningstilkynningar Liechtensteins á grundvelli samnings
Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup og EES-samningsins eru einnig
birtar á ensku á útboðsvefnum TED: <http://ted.europa.eu>

C. NOREGUR

Löggjöf og dómaframkvæmd: Norsk Lovtidend (Stjórnartíðindi Noregs)
www.lovddata.no

Auglýsingar um innkaup:

Doffin - Database for offentlige innkjøp (gagnagrunnur fyrir opinber innkaup):
www.doffin.no

Allar norskar samningstilkynningar á grundvelli samnings
Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup og EES-samningsins eru einnig
birtar á ensku á útboðsvefnum TED: <http://ted.europa.eu>

4. VIÐBÆTIR

VIÐ XXI. VIÐAUKA (OPINBER INNKAUP)

TENGILIÐIR

1. Tengiliðir fyrir upplýsingaskipti sem varða opinber innkaup eru eftirfarandi:

Bretland:

Ráðuneyti alþjóðaviðskipta (Department for International Trade)

Að því er EFTA-ríkin innan EES varðar:

Ísland: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Liechtenstein: Skrifstofa utanríkismála

Noregur: Ráðuneyti viðskipta, iðnaðar og sjávarútvegs

2. Samningsaðilar skulu skiptast á samskiptaupplýsingum tengiliða sinna reglulega.

5. VIÐBÆTIR

VIÐ XXI. VIÐAUKA (OPINBER INNKAUP)

VERÐGILDI VIÐMIÐUNARFJÁRHÆÐA

Viðmiðunarfjárhæðir

1. Þegar viðmiðunarfjárhæðir eru tilgreindar í sérstökum dráttarréttindum (SDR) skulu samningsaðilar annast útreikninga og breyta viðmiðunarfjárhæðunum í eigin gjaldmiðla og nota til þess umreikningsgengi ríkisbanka sinna. Umreikningsgengið verður meðaltal af gengi viðkomandi innlands gjaldmiðils með tilliti til SDR, á tveggja ára tímabili næst á undan 1. október eða 1. nóvember ársins áður en viðmiðunarfjárhæðirnar öðlast gildi. Umreikningsgengið gildir frá 1. janúar árið þar á eftir.
2. Þegar viðmiðunarfjárhæðir eru tilgreindar í evrum skulu samningsaðilar annast útreikninga og breyta viðmiðunarfjárhæðunum í eigin gjaldmiðla og nota til þess umreikningsgengi ríkisbanka sinna. Byggja skal umreikningsgengið á meðaldaggengi viðkomandi innlands gjaldmiðils í evrum á 24 mánaða tímabili sem lýkur 31. ágúst árið áður en viðmiðunarfjárhæðirnar öðlast gildi. Umreikningsgengið gildir frá 1. janúar árið þar á eftir.
3. Bretland og hvert og eitt EFTA-ríkjanna innan EES skulu gera aðgengileg gildi hinna nýútreiknuðu viðmiðunarfjárhæða, í gjaldmiðli hvers fyrir sig, áður en viðkomandi viðmiðunarfjárhæðir öðlast gildi.

XXII. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í GR. 7.34 (VIÐURKENNING Á TILTEKNUM
LANDFRÆÐILEGUM MERKINGUM) OG 7.41 (VINNSLA
TILTEKINNA LANDFRÆÐILEGRA MERKINGA) Í UNDIRÞÆTTI
7.2.4 (LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR OG HEFÐBUNDIN
HEITI) Í 7. KAFLA (HUGVERKARÉTTINDI)

XXII. VIÐAUKI

LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR ÍSLANDS

SEM UM GETUR Í GR. 7.34 (Viðurkenning á tilteknum landfræðilegum merkingum) OG
7.41 (Vinnsla tiltekinna landfræðilegra merkinga) Í UNDIRÞÆTTI 7.2.4
(LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR OG HEFÐBUNDIN HEITI) Í 7. KAFLA
(HUGVERKARÉTTINDI)

A-HLUTI: LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR

Sem um getur í gr. 7.34 (Viðurkenning á tilteknum landfræðilegum merkingum) í
undirþætti 7.2.4 (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti) í 7. kafla
(Hugverkaréttindi)

Þessi blaðsíða er skilin eftir auð af ásetningi.

B-HLUTI: LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR TIL VINNSLU

Sem um getur í gr. 7.41 (Vinnsla á tilteknum landfræðilegum merkingum) í undirþætti 7.2.4 (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti) í 7. kafla (Hugverkaréttindi)

Icelandic Lamb

XXIII. VIÐAUKI

LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR NOREGS

XXIV. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í GR. 7.34 (VIÐURKENNING Á TILTEKNUM
LANDFRÆÐILEGUM MERKINGUM), 7.35 (VERND
HEFÐBUNDINNA HEITA) OG 7.41 (VINNSLA TILTEKINNA
LANDFRÆÐILEGRA MERKINGA) Í UNDIRÞÆTTI 7.2.4
(LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR OG HEFÐBUNDIN HEITI) Í
7. KAFLA (HUGVERKARÉTTINDI)

XXIV. VIÐAUKI

LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR OG HEFÐBUNDIN HEITI BRETLANDS

SEM UM GETUR Í GR. 7.34 (Viðurkenning á tilteknum landfræðilegum merkingum),
7.35 (Vernd hefðbundinna heita) og 7.41 (Vinnsla tiltekinna landfræðilegra merkinga) Í
UNDIRÞÆTTI 7.2.4 (LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR OG HEFÐBUNDIN HEITI) Í
7. KAFLA (HUGVERKARÉTTINDI)

A-HLUTI: LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR FYRIR LANDBÚNAÐARAFURÐIR OG MATVÆLI

Sem um getur í gr. 7.34 (Viðurkenning á tilteknum landfræðilegum merkingum) í
undirþætti 7.2.4 (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti) í 7. kafla
(Hugverkaréttindi)

Anglesey Sea Salt / Halen Môn

West Country Lamb

West Country Beef

Yorkshire Wensleydale

Pembrokeshire Earlies / Pembrokeshire Early Potatoes

Orkney Scottish Island Cheddar

Fal Oyster

Fenland Celery

East Kent Goldings

Lakeland Herdwick

Stornoway Black Pudding

Scottish Wild Salmon

Newmarket Sausage

Isle of Man Queenies

Armagh Bramley Apples

New Season Comber Potatoes / Comber Earlies

Lough Neagh Eel

Native Shetland Wool

Cornish Pasty
Traditional Cumberland Sausage
Yorkshire Forced Rhubarb
Cornish Sardines
Traditional Grimsby Smoked Fish
Melton Mowbray Pork Pie
Isle of Man Manx Loaghtan Lamb
Staffordshire Cheese
Scottish Farmed Salmon
Arbroath Smokies
Welsh lamb
Welsh Beef
Exmoor Blue Cheese
Dorset Blue Cheese
Cornish Clotted Cream
Teviotdale Cheese
Whitstable oysters
Jersey Royal potatoes
Orkney beef
Orkney lamb
Scotch Beef
Scotch Lamb
Shetland Lamb
White Stilton cheese
Blue Stilton cheese
West Country farmhouse Cheddar cheese
Beacon Fell traditional Lancashire cheese
Single Gloucester
Swaledale cheese
Bonchester cheese
Buxton blue

Gloucestershire cider

Gloucestershire perry

Worcestershire cider

Worcestershire perry

Herefordshire cider

Herefordshire perry

Kentish ale

Kentish strong ale

Dovedale cheese

Rutland Bitter

Swaledale ewes' cheese

B-HLUTI: LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR FYRIR VÍN

Sem um getur í gr. 7.34 (Viðurkenning á tilteknum landfræðilegum merkingum) í undirþætti 7.2.4 (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti) í 7. kafla (Hugverkaréttindi)

Darnibol

English

English Regional

Welsh

Welsh Regional

C-HLUTI: HEFÐBUNDIN HEITI Á VÍNUM

Sem um getur í gr. 7.35 (Vernd hefðbundinna heita) í undirþætti 7.2.4 (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti) í 7. kafla (Hugverkaréttindi)

Regional (Sparkling) Wine

Quality (Sparkling) Wine

D-HLUTI: LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR FYRIR BRENNDRA DRYKKI

Sem um getur í gr. 7.34 (Viðurkenning á tilteknum landfræðilegum merkingum) í undirþætti 7.2.4 (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti) í 7. kafla (Hugverkaréttindi)

Scotch Whisky

Irish Whiskey/Uisce Beatha Eireannach/Irish Whisky¹

Irish Cream⁵

Irish Poteen/Irish Poitín⁵

Somerset Cider Brandy

¹ Landfræðilegu merkingarnar „Irish Whiskey/Uisce Beatha Eireannach/Irish Whisky“, „Irish Cream“ og „Irish Poteen/Irish Poitín“ taka til brenndra drykkja sem framleiddir eru á Norður-Írlandi og í Lýðveldinu Írlandi.

E-HLUTI: LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR TIL VINNSLU

Sem um getur í gr. 7.41 (Vinnsla tiltekinna landfræðilegra merkinga) í undirþætti 7.2.4 (Landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti) í 7. kafla (Hugverkaréttindi)

Ayrshire New Potatoes / Ayrshire Earlies

The Vale of Clwyd Denbigh Plum

Lough Neagh Pollan

Traditional Welsh Caerphilly / Traditional Welsh
Caerffili

Traditional Welsh Perry

Traditional Welsh Cider

Welsh Laverbread

London Cure Smoked Salmon

West Wales Coracle Caught Sewin

West Wales Coracle Caught Salmon

Vale of Evesham Asparagus

Carmarthen Ham

Conwy Mussels

Traditional Ayrshire Dunlop

XXV. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í GR. 11.2. (SKILGREININGAR) Í ÞÆTTI 11.1
(ALMENN ÁKVÆÐI) Í 11. KAFLA (GÓÐAR
REGLUSETNINGARVENJUR OG SAMSTARF UM
REGLUSETNINGU)

XXV. VIÐAUKI

VIÐBÓTARÁKVÆÐI VARÐANDI GILDISSVIÐ „REGLUSETNINGARRÁÐSTAFANA“

SEM UM GETUR Í GR. 11.2. (SKILGREININGAR) Í ÞÆTTI 11.1 (ALMENN ÁKVÆÐI) Í 11. KAFLA (GÓÐAR REGLUSETNINGARVENJUR OG SAMSTARF UM REGLUSETNINGU)

1. Löggjöfin sem um getur í b-lið gr. 11.2. (Skilgreiningar) í þætti 11.1 (Almenn ákvæði) í 11. kafla (Góðar reglusetningarvenjur og samstarf um reglusetningu) er löggjöf sem hefur almennt gildi í tengslum við atvinnustarfsemi, að undanskildum:
 - (a) ráðstöfunum sem leggja á, afnema eða breyta sköttum, tollum, álögum eða öðrum gjöldum (eða ráðstafanir í tengslum við slíkar ráðstafanir),
 - (b) ráðstöfunum í tengslum við innkaup,
 - (c) ráðstöfunum í tengslum við veitingu styrkja eða annarrar fjárhagsaðstoðar af hálfu eða fyrir hönd opinbers yfirvalds og
 - (d) ráðstöfunum sem eiga að gilda til skemmri tíma en 12 mánaða.
 2. Að því er Bretland varðar vísar löggjöfin, sem um getur í b-lið gr. 11.2. (Skilgreiningar) í þætti 11.1 (Almenn ákvæði) í 11. kafla (Góðar reglusetningarvenjur og samstarf um reglusetningu), til frumlöggjafar þess og afleiddrar löggjafar.
-

**SAMEIGINLEGAR YFIRLÝSINGAR SEM SAMÞYKKTAR VORU VIÐ
UNDIRRITUN FRÍVERSLUNARSAMNINGSINS MILLI ÍSLANDS,
FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS, KONUNGRÍKISINS NOREGS
OG SAMEINAÐA KONUNGRÍKISINS STÓRA-BRETLANDS OG
NORÐUR-ÍRLANDS**

Eftirtaldar sameiginlegar yfirlýsingar voru samþykktar af samningsaðilum við undirritun fríverslunarsamningsins milli Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins, Konungsríkisins Noregs og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands (fríverslunarsamningurinn):

- (a) Sameiginleg yfirlýsing um fjármálaþjónustu,
- (b) Sameiginleg yfirlýsing um menningu og skemmtanahald,
- (c) Sameiginleg yfirlýsing um útvíkkun ákvæða varðandi þjónustuviðskipti og fjárfestingar til fógetaumdæmanna Guernsey og Jersey og til Manar,
- (d) Sameiginleg yfirlýsing um útvíkkun ákvæða varðandi þjónustuviðskipti og fjárfestingar til Gíbraltars.

Gjört í London 8. júlí 2021 í einu frumriti á ensku sem skal afhent vörsluaðila fríverslunarsamningsins til vörslu sem sendir öllum samningsaðilunum staðfest endurrit.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands

Fyrir hönd ríkisstjórnar Sameinaða
konungsríkisins Stóra- Bretlands og
Norður-Írlands

.....

.....

Fyrir hönd ríkisstjórnar Furstadæmisins Liechtensteins

.....

Fyrir hönd ríkisstjórnar Konungsríkisins Noregs

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING

UM MENNINGU OG SKEMMTANAHALD

1. Samningsaðilarnir gera sér grein fyrir mikilvægi menningarlegs framlags farandlistamanna og -skemmtikrafta, þ.m.t. tónlistarmanna á tónleikaferðalögum, frá EFTA-ríkjunum innan EES og Bretlandi og ávinninginn af gagnsæi að því er varðar komuleiðir, sem gerir farandlistamönnum og -skemmtikröftum áfram kleift að koma fram hjá hverjum samningsaðila.
2. Í þessu skyni og með fyrirvara um rétt sérhvers samningsaðila til að setja reglur um komu einstaklinga inn á yfirráðasvæði sitt eða tímabundna dvöl þeirra þar, setja samningsaðilarnir fram, í viðauka við þessa yfirlýsingu, fyrirliggjandi komuleiðir fyrir farandlistamenn og -skemmtikrafta.

VIÐAUKI VIÐ SAMEIGINLEGU PÓLÍTÍSKU YFIRLÝSINGUNA UM menningu og skemmtanahald

ÚTLISTUN, SEM EKKI ER BINDANDI, Á KOMULEIÐUM FARANDLISTAMANNA OG -SKEMMTIKRAFTA TIL BRETLANDS

Hér eru settar fram í aðalatriðum núverandi komuleiðir fyrir farandlistamenn og -skemmtikrafta til Bretlands. Bretland áskilur sér rétt til að breyta innflytjendareglum sínum er varða farandlistamenn og -skemmtikrafta hvenær sem er og því ættu þeir sem vilja ferðast til Bretlands í þessum tilgangi að kynna sér nýjustu innflytjendareglur landsins áður en þeir sækjast eftir því að koma þangað. Innflytjendareglur Bretlands má finna [hér](#)¹.

Bretland gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að greiða fyrir tímabundinni för farandlistamanna og -skemmtikrafta. Í þessu skyni starfrækir Bretland tvær komuleiðir fyrir farandlistamenn og -skemmtikrafta innan innflytjendakerfis síns. Þessar leiðir mæta sveigjanlegum kröfum farandlistamanna og -skemmtikrafta og uppfylla ýmsar ólíkar þarfir.

Leiðirnar tvær eru:

- (a) gestaleiðin, sem heimilar tiltekinn listflutning og stoðstarfsemi í allt að sex mánuði, eða einn mánuð þegar um er að ræða heimila launaða ráðningu (e. Permitted Paid Engagement), án þess að krafist sé vegabréfsáritunar eða sérstaks atvinnuleysis fyrir norska, íslenska og liechtensteinska ríkisborgara og
- (b) T5-leiðin (fólk í tímabundnu starfi) fyrir starfsmenn innan skapandi greina eða íþróttageirans, sem heimilar ráðningu í allt að tólf mánuði (þ.m.t. sérstakan möguleika á komu til allt að þriggja mánaða án vegabréfsáritunar fyrir norska, íslenska og liechtensteinska ríkisborgara) og með möguleika á framlengingu í aðra tólf mánuði ef viðkomandi starfar enn fyrir sama ábyrgðaraðila.

Nánari upplýsingar:

Hefðbundnir gestir: Þessi leið heimilar gestum að dvelja í Bretlandi í allt að sex mánuði og stunda margvíslega starfsemi. Sú starfsemi er tilgreind nánar í [innflytjendareglum](#) Bretlands (Skapandi greinar). Heimil starfsemi fyrir farandlistamenn og -skemmtikrafta er sem hér segir:

Listamanni, skemmtikrafti eða tónlistarmanni er heimilt:

- (a) að koma fram sem einstaklingur eða sem hluti af hópi og
- (b) að taka þátt í samkeppnum eða áheyrnarprófum og
- (c) að koma fram í eigin persónu og taka þátt í kynningarstarfsemi og

¹ <https://www.gov.uk/guidance/immigration-rules>

- (d) að taka þátt í einum eða fleiri menningarviðburðum eða hátíðum sem eru á skránni yfir hátíðir, sem ekki þarf leyfi fyrir, í viðbætinum Gestir: Skrá yfir hátíðir sem ekki þarf leyfi fyrir.

Persónulegt eða tæknimenntað starfsfólk eða aðilar í framleiðsluteymi listamanns, skemmtikrafts eða tónlistarmanns geta stutt við starfsemina, sem skráð er hér að framan, eða þá sem skráð er hér á eftir undir heimil launuð ráðning, að því tilskildu að viðkomandi sæki sama viðburð og listamaðurinn, skemmtikrafturinn eða tónlistarmaðurinn og sé ráðinn til að starfa fyrir hann utan Bretlands.

Hefðbundnir gestir mega ekki fá greitt beint frá breskum aðila fyrir neina starfsemi sem stunduð er í Bretlandi en þeir geta hins vegar áfram fengið greitt frá vinnuveitanda sínum á meðan þeir eru í Bretlandi. Undantekning frá þessari reglu er ef farandlistamenn eða -skemmtikraftar taka þátt í einni af hátíðunum, sem ekki þarf leyfi fyrir, sem skráðar eru í [innflytjendareglum](#)² Bretlands. Á þessari skrá er að finna fleiri en 50 rótgrónar hátíðir og viðburði sem stuðla að menningarlegri fjölbreytni í Bretlandi. Þessar hátíðir mega bjóða alþjóðlegum skemmtikröftum og tónlistarfólki að taka þátt í viðburðum sínum og greiða alþjóðlegum hefðbundnum gestum fyrir þátttökuna. Aðrar undantekningar frá þessari reglu eru m.a.:

- (a) að fá sanngjarna greiðslu til að standa straum af ferðakostnaði og framfærslu,
- (b) að taka við verðlaunafé og
- (c) að rukka breskan viðskiptavin vegna tíma sem varið er í Bretlandi þar sem vinnuveitandi farandlistamannsins eða -listflytjandans handan hafsins hefur gert verktakasamning um að veita bresku fyrirtæki þjónustu og meirihluti starfseminnar sem samið var um fer fram handan hafsins. Greiðslan þarf að vera lægri en laun farandlistamannsins eða -listflytjandans.

Frekari upplýsingar um undantekningar er að finna í [innflytjendareglum](#)³ Bretlands (óheimil starfsemi og kröfur varðandi greiðslur til gesta).

Gestir með heimila launaða ráðningu: Til að skapa frekari sveigjanleika fyrir farandlistamenn og -skemmtikrafta geta gestir, við tiltekna aðstæður, ráðið sig í allt að einn mánuð og fengið greiðslu fyrir það frá því fyrirtæki, með aðsetur í Bretlandi, sem hefur boðið þeim. Frekari upplýsingar má finna í [innflytjendareglum](#)⁴ Bretlands (viðbótarhæfiskröfur fyrir gesti sem koma til Bretlands með heimila launaða ráðningu). Gestum með heimila launaða ráðningu er ekki heimilt að nota sjálfvirk rafræn vegabréfahlið. Fyrir farandlistamenn og -skemmtikrafta telst slík heimil ráðning vera:

... atvinnulistamaður, -skemmtikraftur eða -tónlistarmaður sem kemur til að inna starf af hendi sem tengist beint starfsgrein hans, sem hefur verið boðið af skipandi (lista- eða skemmtana-) fyrirtæki, umboðsaðila eða útvarpsrekanda með aðsetur í Bretlandi.

Hefðbundna gestaleiðin og leiðin fyrir gesti með heimila launaða ráðningu krefjast þess ekki að norskir, íslenskir og liechtensteinskir ríkisborgarar afli sér vegabréfsáritunar eða sérstaks

² <https://www.gov.uk/guidance/immigration-rules/-immigration-rules-appendix-visitor-permit-free-festival-list>

³ <https://www.gov.uk/guidance/immigration-rules/immigration-rules-appendix-v-visitor>

⁴ <https://www.gov.uk/guidance/immigration-rules/immigration-rules-appendix-v-visitor>

atvinnuleyfis áður en þeir koma til Bretlands. Gestir geta þó verið beðnir um að sýna fram á að þeir séu að koma til Bretlands í yfirlýstum tilgangi, að þeir hyggist yfirgefa Bretland í lok heimsóknarinnar og þeir hafi næga fjármuni til að standa straum af öllum eðlilegum kostnaði í tengslum við heimsóknina.

Þeir sem koma til Bretlands vegna heimilla launaðra ráðninga þurfa formlegt boðsbref frá fyrirtæki með aðsetur í Bretlandi til að sýna fram á að gengið hafi verið frá ráðningunni eða ráðningunum áður en einstaklingurinn ferðast til Bretlands, gesturinn þarf að vera 18 ára eða eldri og ráðningarnar verða að tengjast sérfræðisviði hans og starfi handan hafsins. Ef um fleiri en eina ráðningu er að ræða þarf gesturinn boð frá einu fyrirtæki með aðsetur í Bretlandi sem svarar fyrir hinar ólíku ráðningar. Nánari upplýsingar um þessar kröfur má finna í [innflytjendareglum](#)⁵ Bretlands (viðbótarhæfiskröfur fyrir gesti sem koma til Bretlands með heimila launaða ráðningu).

Fólk í tímabundnu starfi: Farandlistamenn og -skemmtikraftar og fylgdarlið þeirra, sem sækjast eftir að koma til Bretlands vegna lengri ráðningar eða raðar ráðninga, geta gert það samkvæmt T5-leiðinni (fólk í tímabundnu starfi) fyrir starfsmenn innan skapandi greina eða íþróttageirans. Frekari upplýsingar um þessa leið má finna í [innflytjendareglum](#)⁶ Bretlands.

Farandlistamaður eða -skemmtikraftur sem sækist eftir að koma til landsins samkvæmt þessari leið þarf að afla sér vegabréfsáritunar og vottorðs ábyrgðaraðila. Til að fá slíkt vottorð ábyrgðaraðila þarf breskur aðili, með leyfi frá viðeigandi bresku stjórnvaldi (Bresku vegabréfaáritana- og innflytjendamálastofnuninni) í þessu skyni, að ábyrgjast þá.

Vegabréfsáritanir gilda í allt að 12 mánuði, sem má framlengja um aðra 12 mánuði fyrir suma farandlistamenn eða -skemmtikrafta. Handhöfum er heimilt að fara frá Bretlandi og koma aftur til Bretlands án þess að endurnýja vegabréfsáritanir sínar í hvert sinn.

Norskum, íslenskum og liechtensteinskum ríkisborgurum er heimilt að koma til Bretlands eftir þessari leið án þess að sækja um vegabréfsáritun fyrir fram og dvelja í allt að þrjá mánuði, að því tilskildu að þeir hafi undir höndum gilt vottorð ábyrgðaraðila sem úthlutað hefur verið af ábyrgðaraðila með tilskilið leyfi. Farandlistamönnum eða -skemmtikröftum sem koma til Bretlands samkvæmt þessu sérleyfi er ekki heimilt að nota sjálfvirk rafræn vegabréfahlið og þeir verða að gefa sig fram við landamæravörð við komu.

Ábyrgðaraðili getur verið aðili sem starfar á sviði skapandi greina og hefur hlotið gilt leyfi frá Bresku vegabréfaáritana- og innflytjendamálastofnuninni. Hann getur t.d. verið skipuleggjandi viðburða, framleiðandi, vettvangur, umboðsaðili eða kynningarfyrirtæki. Með vottorði ábyrgðaraðila ábyrgjast ábyrgðaraðilar að farandlistamaðurinn eða -skemmtikrafturinn muni uppfylla skilyrði komuheimildar sinnar, leyfisins til að koma inn í landið eða leyfisins til að dvelja í landinu. Ábyrgðaraðilar þeirra, sem koma eftir þessari leið, verða að hlíta viðeigandi reglum um starfsvenjur í [innflytjendareglunum](#)⁷ þar sem þær eru til fyrir þá skapandi starfsgrein sem um ræðir. Ef engar slíkar reglur eru til staðar þarf ábyrgðaraðilinn að sýna fram á að verkið sé ekki hægt að vinna af starfsmanni með

⁵ <https://www.gov.uk/guidance/immigration-rules/immigration-rules-appendix-v-visitor>

⁶ <https://www.gov.uk/guidance/immigration-rules/immigration-rules-appendix-t5-temporary-worker-creative-or-sporting-worker>

⁷ <https://www.gov.uk/guidance/immigration-rules/immigration-rules-appendix-t5-creative-workers-codes-of-practice>

atvinnuréttindi í landinu (e. settled worker). Það mætti gera með því að auglýsa stöðuna eða í krafti þess að viðkomandi starfsmaður innan skapandi greina er sá sem hann er, t.d. tónlistarmaður með alþjóðlega stöðu eða meðlimur í formlegum listhópi (e. unit company).

Farandlistamenn og -skemmtikraftar sem koma eftir þessari leið geta fengið greitt beint frá aðila með aðsetur í Bretlandi. Engar viðmiðunarfjárhæðir fyrir laun eru til staðar en ætlast er til þess að ábyrgðaraðilar setji fram launafyrirkomulag í vottorði ábyrgðaraðila. Þess er vænst að farandlistamenn og -skemmtikraftar fái greitt í samræmi við lágmarkslaunataxta í Bretlandi, sem þeir eiga rétt á samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma, en við vissar aðstæður geta undantekningar á þessu átt við.

ÚTLISTUN, SEM EKKI ER BINDANDI, Á KOMULEIÐUM BRESKRA FARANDLISTAMANNA OG -SKEMMTIKRAFTA TIL ÍSLANDS

Hér eru settar fram í aðalatriðum núverandi komuleiðir breskra farandlistamanna og -skemmtikrafta til Íslands. Þessi útlvistun á komuleiðum er ekki bindandi og kann að taka breytingum í framtíðinni. Breskir ríkisborgarar ættu því að afla sér uppfærðra upplýsinga á www.vinnumalastofnun.is/en

Frá og með 1. janúar 2021 er samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES), sem heimilar fjálsa för launafólks, ekki lengur í gildi milli Íslands og Bretlands. Engu að síður er mikill áhugi fyrir því að viðhalda þessum mikilvægu menningartengslum eins og unnt er.

1. Dvöl án kröfu um dvalar- eða atvinnuleyfi

Samkvæmt ríkjandi lagareglum á Íslandi má heimila breskum farandlistamönnum og -skemmtikröftum og tækniliði þeirra, sem ráðast í listflutning, sýningar eða önnur verkefni sem tengjast beint listgrein þeirra á Íslandi, að starfa á Íslandi í allt að 90 daga á almanaksári og eru þeir, að undanskildum hljóðfæraleikurum sem ráða sig til starfa þar sem tilbúinn matur er seldur⁸, undanþegnir kröfum um atvinnuleyfi eða varðandi dvöl (sjá 23. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002⁹). Þeir þurfa hins vegar að [tilkynna](http://www.vinnumalastofnun.is/en) Vinnumalastofnun um störf sín á Íslandi áður en þeir hefja störf. Tilkynningin er án endurgjalds. Lengri dvöl er háð viðkomandi reglum og löggjöf um réttindi útlendinga til að dvelja og vinna á Íslandi. Frekari upplýsingar um atvinnuréttindi á Íslandi og undanþágur frá kröfum um atvinnuleyfi vegna skammtímaverkefna má finna á vefsetri Vinnumalastofnunar (www.vinnumalastofnun.is/en). Frekari upplýsingar um réttindi útlendinga til að koma til og dvelja á Íslandi má finna á vefsetri Útlendingastofnunar (www.utl.is/en).

2. Dvöl þar sem krafist er dvalar- og atvinnuleyfis

Breskir farandlistamenn og -skemmtikraftar sem vilja taka þátt í listflutningi, sýningum eða öðrum verkefnum, sem tengjast beint listgrein þeirra, lengur en í 90 daga á almanaksári, kunna að falla undir gildissvið 8. eða 15. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Ákvæði 8. gr. gilda um listamenn og skemmtikrafta sem eiga í beinu ráðningarsambandi við innlendan vinnuveitanda s.s. leikhús, tónlistarskóla eða listhóp o.s.frv. Listamaður sem sækir um samkvæmt þessari leið kann að vera krafinn um staðfestingu á listþjálfun sinni eða hæfni og ráðningarsamningurinn verður að samræmast íslenskri vinnulöggjöf.

Ákvæði 15 gr. gilda um listamenn og skemmtikrafta sem vilja dvelja áfram á Íslandi starfs síns vegna lengur en í 90 daga en munu áfram vera á launum hjá upphaflegum vinnuveitanda sínum og fá greidd laun samkvæmt því. Þetta er valkostur fyrir gestalistamenn s.s.

⁸ Hljóðfæraleikarar sem ráða sig til starfa þar sem tilbúinn matur er seldur þurfa að sækja um samkvæmt 2. þætti (dvöl þar sem krafist er dvalar- og atvinnuleyfis), háð eðli starfsins og lengd dvalar.

⁹ <https://www.government.is/library/04-Legislation/Foreign%20Nationals%20Right%20to%20Work%20Act%20as%20amended%202018.pdf>

tónlistarmenn, leikara og stjórnendur. Kvikmyndaleikarar og starfslið sem þeim fylgir, sem dvelja á Íslandi lengur en í 90 daga, eru dæmi um [þetta](#)¹⁰.

¹⁰ <https://www.vinnumalastofnun.is/en/employer/work-permits/temporary-work-permits>

ÚTLISTUN, SEM EKKI ER BINDANDI, Á KOMULEIÐUM FARANDLISTAMANNA OG -SKEMMTIKRAFTA TIL LIECHTENSTEIN

Í þessu skjali er sett fram í aðalatriðum núverandi komuleið farandlistamanna og -skemmtikrafta til Liechtenstein. Liechtenstein áskilur sér rétt til að breyta innflytjendareglum sínum er varða farandlistamenn og -skemmtikrafta hvenær sem er og því ættu þeir sem vilja ferðast til Liechtensteins í þessum tilgangi að kynna sér nýjustu innflytjendareglur landsins áður en þeir sækjast eftir að koma þangað.

Samkvæmt ríkjandi lagareglum í Liechtenstein gilda ákvæði um þjónustustarfsemi yfir landamæri (sjá 12. gr. laga um útlendinga, Stjórnartíðindum Liechtensteins nr. 311 frá 2008, eins og þeim var síðast breytt¹¹) um farandlistamenn og skemmtikrafta frá Bretlandi, sem og tæknilið þeirra, sem koma fram í Liechtenstein. Því má heimila þeim að starfa í Liechtenstein í allt að 8 daga innan 90 daga tímabils. Breskir ríkisborgarar sem óska eftir að koma til Liechtensteins til að stunda þjónustustarfsemi yfir landamæri þurfa ekki vegabréfsáritun. Liechtenstein áskilur sér hins vegar rétt til að krefja aðila sem ekki eru breskir ríkisborgarar um vegabréfsáritanir.

Þjónustustarfsemi yfir landamæri skal vera háð tilkynningaskyldu. Tilkynningin skal gerð á Fólksflutninga- og vegabréfaskrifstofunni eigi síðar en tveimur virkum dögum áður en veiting þjónustunnar fer fram. Tilkynningin skal lögð fram á eyðublaði og fyrir hana þarf að greiða gjald.

Ef breski listamaðurinn eða skemmtikrafturinn er ekki sjálfstætt starfandi og vinnuveitandi hans er í hlutverki fyrirtækis sem sendir starfsmenn út til starfa er krafist viðbótartilkynningar til að lögbær yfirvöld geti tryggt að farið sé að öllum kröfum að því er varðar atvinnu- og almannatryggingarástafanir. Tilkynningin skal lögð fram á eyðublaði eigi síðar en níu dögum áður en þjónustan er veitt í samræmi við lög um útsenda starfsmenn¹².

Auk þessara reglna er til undantekning frá tilkynningarskyldunni til Fólksflutninga- og vegabréfaskrifstofunnar en þó aðeins ef aðilinn veitir þjónustuna yfir landamæri í Liechtenstein í tiltölulega litlu umfangi og í mjög skamman tíma. Þessi undantekning varðar þátttöku í eða stjórnun menningarviðburða á sviði tónlistar, dans, leiklistar eða kabarett-sýninga og á sambærilegum sviðum, sem eru hluti af lengri ferð þar sem viðburðurinn í Liechtenstein er aðeins lítilvægur (einn viðkomustaður af mörgum) og að svo miklu leyti sem listamaðurinn eða skemmtikrafturinn þarf að koma fram á meirihluta ferðalagsins.

Frekari upplýsingar um þjónustustarfsemi yfir landamæri í Liechtenstein er að finna á vefsetri Fólksflutninga- og vegabréfaskrifstofunnar:

<https://www.llv.li/inhalt/117650/amtstellen/dienstleistungserbringung-gdl>

og á vefsetri skrifstofu efnahagsmála:

¹¹ <https://www.gesetze.li/konso/pdf/2008311000?version=16>

¹² <https://www.gesetze.li/konso/pdf/2000088000?version=6>

<https://www.llv.li/inhalt/118692/amtstellen/grenzuberschreitende-dienstleistungserbringung-gdl>

ÚTLISTUN, SEM EKKI ER BINDANDI, Á KOMULEIÐUM FARANDTÓNLISTARMANNA, -SKEMMTIKRAFTA OG -LISTAMANNA TIL NOREGS

Hér eru settar fram í aðalatriðum núverandi komuleiðir farandtónlistarmanna, -listflytjenda og -listamanna til Noregs og áskilur Noregur sér rétt til að breyta innflytjendareglum sínum er varða tónlistarmenn, listflytjendur og listamenn hvenær sem er og því ættu þeir sem vilja ferðast til Noregs í þessum tilgangi að kynna sér nýjustu innflytjendareglur landsins áður en þeir sækjast eftir því að koma þangað. Norsku innflytjendareglurnar, eins og þær voru þegar þessi yfirlýsing var gefin út, má finna [hér](#)¹³.

1. Dvöl án kröfu um dvalarleyfi

Alla jafna þurfa ríkisborgarar landa utan ESB-/EES-svæðisins að sækja um dvalarleyfi til að stunda vinnu í Noregi, sjá 2. þátt hér á eftir. Í sumum tilvikum þarf ekki dvalarleyfi til að starfa í Noregi.

Farandtónlistarmenn, -listflytjendur, -listamenn og aðstoðarfólk þeirra þurfa ekki dvalarleyfi til að halda tónleika eða koma fram í Noregi að hámarki 14 daga á almanaksári¹⁴.

Til þess að þessi regla gildi er skilyrði að aðaltilgangur dvalarinnar í Noregi sé miðlun menningar, t.d. með tónlist, dansi, leiklist eða sambærilegum hætti. Þeir dagar sem erlendi ríkisborgarinn ver við þjálfun, æfingar eða sambærilega iðju, og því ekki beint við miðlun menningar, eru ekki teknir með í reikninginn. Dvölin í Noregi getur því varað í allt að 90 daga á 180 daga tímabili, í samræmi við þær reglur sem settar eru fram í reglugerðunum um innflytjendamál varðandi vegabréfsáritanir. Vinsamlega athugið að fyrri dvöl á Schengen-svæðinu án dvalarleyfis getur haft áhrif á tímalengd dvalarinnar í Noregi.

Erlendur ríkisborgari sem kemur til Noregs verður að hafa undir höndum vegabréf eða önnur persónuskilríki sem eru viðurkennd sem ferðaskilríki.

Framangreindur hópur verður að tilkynna [lögreglunni](#)¹⁵ skriflega fyrirfram um komu sína til Noregs. Tilkynninguna má senda í tölvupósti til viðkomandi lögregluumdæmis. Vinnuveitandi, skipuleggjandi, leiðsögumaður eða annar ábyrgðaraðili getur einnig afhent slíka tilkynningu.

Ef fyrirhugað er að erlendi ríkisborgarinn dvelji í Noregi í nokkur stutt tímabil í sama tilgangi ætti að taka það fram í tilkynningunni sem lögð er fram í tengslum við fyrstu komuna. Ef hin tímabilin, sem viðkomandi aðili mun starfa í Noregi, eru tilgreind skal litið svo á að tilkynningaskyldan sé uppfyllt fyrir þessi seinni dvalartímabil.

Frekari upplýsingar um undantekningar er að finna í [innflytjendareglum](#)¹⁶ Noregs.

¹³ <https://www.udi.no>

¹⁴ Í ljósi hins nýja fríverslunarsamnings milli Bretlands og EFTA-ríkjanna innan EES [gerður hinn/undirritaður] [DAGSETNING] skal Noregur framlengja þessa hámarksdvöl í 90 daga á hverju 180 daga tímabili fyrir breska ríkisborgara, eigi síðar en 1 ári eftir gildistöku fyrirnefnds samnings.

¹⁵ <https://www.udi.no/en/contact-us/find-the-correct-embassy-or-police-district/police/police-districts-residence-permit-for-work-and-eueea-registration/>

¹⁶ <https://www.udi.no>

2. Dvöl þar sem krafist er dvalarleyfis

Farandtónlistarmenn, -listflytjendur, -listamenn og nauðsynlegt aðstoðarfólk sem fylgir þeim, sem ætla sér að starfa í Noregi lengur en í 14 daga á almanaksári, verða að sækja um dvalarleyfi.

- (a) Leið fyrir hæfa starfsmenn

Umsækjandi sem uppfyllir kröfur um dvalarleyfi sem hæfur starfsmaður getur [sótt um](#)¹⁷ leyfi fyrir hæfa starfsmenn. Það er skilyrði að umsækjandinn eigi í venjulegu ráðningarsambandi við norskan vinnuveitanda.

- (b) Leið fyrir farandtónlistarmenn, -listflytjendur, -listamenn eða nauðsynlegt aðstoðarfólk sem þeim fylgir

Flestir umsækjendur sem koma til Noregs eru ráðnir af einum eða fleiri verkbeiddendum í Noregi til að sinna verkefnum í takmarkaðan tíma. Dvalarleyfið gildir fyrir tímabundin ráðningarsambönd/verkefni.

Kröfur um gögn

[Hér](#)¹⁸ má finna upplýsingar um gögn sem krafist er:

Umsóknarstaður

Almennt þarf að leggja umsóknir um dvalarleyfi fram hjá *sendiráði eða ræðisskrifstofu Noregs* í upprunalandi umsækjandans eða hjá sendiráði eða ræðisskrifstofu Noregs í því landi þar sem umsækjandinn hefur haft dvalarleyfi undanfarna sex mánuði. Allajafna *verður að veita dvalarleyfi áður* en erlendi ríkisborgarinn kemur til Noregs. Því er ekki mögulegt að koma til Noregs og leggja fram umsókn þar. Umsækjanda er ekki heldur heimilt að leggja fram umsókn hjá sendiráði eða ræðisskrifstofu Noregs og koma svo til Noregs. Umsækjandi getur lagt fram umsókn í Noregi í undantekningartilvikum.

Ráðningarsamningur

Umsækjandinn þarf að framvísa ráðningarsamningi við einn eða fleiri vinnuveitendur eða verkbeiddendur fyrir tiltekið, samfellt tímabil. Samningurinn þarf að vera undirritaður af báðum aðilum. Í samningnum þarf einnig að setja reglur um réttindi og skyldur milli samningsaðilanna, þ.m.t. um vinnutíma, vinnustað og laun/launakjör og hvers konar hlunnindi, t.d. í formi ókeypis upphalds og gistingar.

Laun og vinnuskilyrði mega ekki vera lakari en þau sem mælt er fyrir um í gildandi kjarasamningi eða launatöflu viðkomandi atvinnugreinar.

Ef kjarasamningur eða launatafla er ekki fyrir hendi mega laun og vinnuskilyrði ekki vera lakari en eðlilegt þykir fyrir viðkomandi starf og á viðkomandi stað. Eðlileg laun merkja í þessu samhengi laun sem norskt launafólk eða verktakar fá. Almennt teljast aðeins peningagreiðslur til launa.

¹⁷ <https://www.udi.no/en/want-to-apply/work-immigration/skilled-workers/?c=ind#link-816>

¹⁸ <https://www.udi.no/en/checklists-container/work/checklist-for-artist-musician-or-performer/?c=gbr>

Fullt starf

Almennt verður atvinnan að teljast fullt starf. Vinnustundir tónlistarmanna og danshljómsveita þurfa að vera a.m.k. 21 klukkustund á viku til að starfið teljist fullt starf.

Um „eyður“ í röð samninga

Oft er raunin sú að tónlistarmenn eru með fjölda samninga um tónlistarflutning. Í sumum tilvikum eru „eyður“ í röð samninga, þ.e. tímabil milli starfa þar sem tónlistarmaðurinn flytur enga tónlist. Engu að síður er heimilt að veita dvalarleyfi fyrir allt tímabilið að því tilskildu að slíkar „eyður“ nemi ekki meira en 20 prósentum af heildartíma dvalarinnar.

Framfærsla og húsnæði

Það er skilyrði fyrir dvalarleyfi að framfærsla umsækjanda sé tryggð. Framfærsla er talin tryggð hafi erlendi ríkisborgarinn nægar tekjur af atvinnu. Tekjur af fullu starfi eru venjulega taldar fullnægjandi en þessar tekjur ættu að vera a.m.k. 2,5 sinnum grunnfjárhæð norska almannatryggingakerfisins (G¹⁹) ef enginn kjarasamningur eða launatafla er fyrir hendi fyrir starfið eða atvinnugreinina.

Einnig er skilyrði að húsnæði sé tryggt. Það þýðir að erlendi ríkisborgarinn hafi afnot af húsi, íbúð, stofuherbergi eða sambærilegu sem uppfyllir opinberar kröfur.

Efni og gildistími leyfisins

Veita má þessa tegund dvalarleyfis til allt að eins árs. Gildistími leyfisins er ekki lengri en það tímabil sem sótt er um eða gildistími samningsins eða samninganna. Leyfið er bundið starfinu og vinnustaðnum sem tilgreindur er í samningnum eða samningunum. Leyfið er ekki grundvöllur fyrir búsetuleyfi.

Tilkynning til lögreglu og framkvæmd leyfisins

Erlendi ríkisborgarinn verður að *tilkynna komu sína hjá lögreglunni* innan *sjö daga* frá því að hann kemur til Noregs. Lögreglan í því umdæmi þar sem erlendi ríkisborgarinn starfar fyrst gefur út leyfi fyrir allt tímabilið sem hann mun starfa í Noregi.

Breytingar eða yfirtaka á samningi

Dvalarleyfið er veitt á grundvelli samninga sem lagðir eru fram með umsókninni. Í sérstökum tilvikum getur norska útlendingastofnunin (UDI) samþykkt að erlendi ríkisborgarinn breyti samningum eða taki yfir samninga á gildistíma dvalarleyfisins til að fylla í eyður í röð samninga án þess að hann þurfi að leggja fram nýja umsókn.

Breytingar á ferðaáætlun

Heimila má farandtónlistarmönnum, -listflytjendum og -listamönnum og starfsmönnum fjölleikahúsa og markaðshátíða að gera breytingar á ferðaáætlun sinni ef gildar ástæður eru fyrir því. Beiðni um slíkt er lögð fram með sama hætti og vegna breytinga á samningi en hana verður að leggja fram eigi síðar en tveimur vikum áður en verkefnið, sem breytingin varðar, á að fara fram.

Endurnýjun leyfis

¹⁹ Þann 1. maí 2020 voru það 101.351 norskar krónur (NOK).

Dvalarleyfi sem veitt hefur verið má endurnýja innan eins árs.

Brottvísunartímabil eftir að dvalartímabili lýkur

Erlendur ríkisborgari sem veitt hefur verið dvalarleyfi verður að fara frá Noregi í þrjá mánuði áður en veita má nýtt leyfi samkvæmt sama ákvæði.

Innflutningur aðstandenda

Dvalarleyfi má veita nánustu aðstandendum erlends ríkisborgara sem veitt hefur verið slíkt dvalarleyfi.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU

1. Samningsaðilar staðfesta þá fyrirætlan sína að styðja við aðgang að markaði fyrir fjármálaþjónustu í samræmi við fyrirkomulag sem hver samningsaðili tekur ákvörðun um.¹
2. Samningsaðilar viðurkenna að EFTA-ríkin þrjú innan EES – Ísland, Liechtenstein og Noregur – taka fullan þátt í innri markaði Evrópusambandsins (ESB) í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn). Markmið EES-samningsins er að ná fram einsleitu Evrópsku efnahagssvæði með sameiginlegum reglum og jöfnum samkeppnisskilyrðum. Það felur í sér upptöku ESB-gerða sem varða EES í EES-samninginn og tveggja stöða kerfi sem nær yfir eftirlit og eftirlit dómstóla.
3. Samningsaðilar viðurkenna einnig að þessi innri markaður nær yfir fjármálaþjónustu og byggist á samræmingu reglna um fjármálaþjónustu milli samningsaðila EES-samningsins.

¹ Slíkt fyrirkomulag tekur meðal annars til, en einskorðast þó ekki við, jafngildisákvæðanir.

**SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM ÚTVÍKKUN ÁKVÆÐA
VARÐANDI ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI OG FJÁRFESTINGAR TIL
FÓGETAUMDÆMANNA GUERNSEY OG JERSEY OG TIL
MANAR**

1. Bretland og EFTA-ríkin innan EES hyggjast í sameiningu ræða útvíkkun ákvæða fríverslunarsamningsins varðandi þjónustuviðskipti og fjárfestingar þannig að þau nái til fógetaumdæmanna Guernsey og Jersey og til Manar.
 2. Bretland og EFTA-ríkin innan EES munu stefna að því að hefja viðræður um útvíkkunina sem um getur í 1. mgr. eins fljótt og unnt er, til þess að hver sú útvíkkun sem samþykkt verður geti tekið gildi eins fljótt og auðið er eftir gildistöku fríverslunarsamningsins.
-

**SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM ÚTVÍKKUN ÁKVÆÐA
VARÐANDI ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI OG FJÁRFESTINGAR TIL
GÍBRALTARS**

1. Bretland og EFTA-ríkin innan EES hyggjast í sameiningu ræða útvíkkun ákvæða fríverslunarsamningsins varðandi þjónustuviðskipti og fjárfestingar þannig að þau nái til Gíbraltars.
2. Bretland og EFTA-ríkin innan EES munu stefna að því að hefja viðræður um útvíkkunina sem um getur í 1. mgr. eins fljótt og unnt er, til þess að hver sú útvíkkun sem samþykkt verður geti tekið gildi eins fljótt og auðið er eftir gildistöku fríverslunarsamningsins.
